Alþingi 1935.

Þingsetning.

A.

Í sameinuðu þingi.

Árið 1935, föstudaginn 15. febr., var fertugasta og níunda löggefandi Alþingi sett í Reykjavík. Er það þrítugasta og áttunda aðalþing í röðinni, en sextugasta og fjórða samkoma frá því, er Alþingi var endurreist.

Þingmenn komu saman í Alþingishúsinu kl. 12.45 miðdegis og gengu þaðan til guðsþjónustu í dómkirkjunni kl. 1. Sira Friðrik Hallgrímsson dómkirkjuprestur steig í stólinn og lagði út af Matt. VII, 12.

Að lokinni guðsþjónustu gengu þingmenn aftur til alþingishússins, fundarsals neðri deildar.

Þessir þingmenn voru til þings komnir:

1. Bergur Jónsson, þm. Barð.
2. Bernharð Stefánsson, 1. þm. Eyf.
3. Bjarni Bjarnason, 2. þm. Árn.
4. Einar Árnason, 2. þm. Eyf.
5. Emil Jónsson, þm. Hafnf.
6. Eysteinn Jónsson, 1. þm. S.-M.
7. Finnur Jónsson, þm. Ísaf.
8. Garðar Þorsteinsson, 8. landsk. þm.
9. Gísli Guðmundsson, þm. N.-Þ.
10. Gísli Sveinsson, þm. V.-Sk.
11. Guðrún Lárusdóttir, 5. landsk. þm.
12. Haraldur Guðmundsson, þm. Seyðf.
13. Hermann Jónasson, þm. Str.
14. Héðinn Valdimarsson, 2. þm. Reykv.
15. Ingvar Pálmason, 2. þm. S.-M.
16. Jakob Möller, 3. þm. Reykv.
17. Jón Auðunn Jónsson, þm. N.-Ísf.
18. Jón Baldvinsson, 4. landsk. þm.
19. Jón Ólafsson, 1. þm. Rang.
20. Jón Pálmason, þm. A.-Húnv.
21. Jón Sigurðsson, 7. landsk. þm.
22. Jónas Guðmundsson, 6. landsk. þm.
23. Jónas Jónsson, þm. S.-Þ.
24. Jörundur Brynjólfsson, 1. þm. Árn.
25. Magnús Guðmundsson, 1. þm. Skagf.
26. Magnús Jónsson, 1. þm. Reykv.
27. Magnús Torfason, 2. landsk. þm.
28. Ólafur Thors, þm. G.-K.
29. Páll Hermannsson, 1. þm. N.-M.
30. Páll Zóphóníasson, 2. þm. N.-M.
31. Páll Þorbjörnsson, 3. landsk. þm.
32. Pétur Halldórsson, 5. þm. Reykv.
33. Pétur Magnússon, 2. þm. Rang.
34. Sigfús Jónsson, 2. þm. Skagf.
35. Sigurður Einarsson, 9. landsk. þm.
36. Sigurður Kristjánsson, 6. þm. Reykv.
37. Sigurjón Á. Ólafsson, 4. þm. Reykv.
38. Stefán Jóh. Stefánsson, 1. landsk. þm.
39. Thor Thors, þm. Snæf.
40. Þorbergur Þorleifsson, þm. A.-Sk.
41. Þorsteinn Briem, 10. landsk. þm.
42. Þorsteinn Þorsteinsson, þm. Dal.

Ókomnir voru til þings:

1. Ásgeir Ásgeirsson, þm. V.-Ísf.
2. Bjarni Ásgeirsson, þm. Mýr.
3. Guðbrandur Ísberg, þm. Ak.
4. Gunnar Thoroddsen, 11. landsk. þm.
5. Hannes Jónsson, þm. V.-Húnv.
6. Jóhann Jósefsson, þm. Vestm.
7. Pétur Ottesen, þm. Borgf.

Konungsboðskapur.

Þá er þingmenn höfðu skipað sér til sætis, stóð upp forsætisráðherra, **Hermann Jónasson**, og las upp opið bréf, er stefnir Alþingi saman til reglulegs fundar föstudaginn 15. febr. 1935, dags. 25. jan. (Sjá Stjtíð. 1935, A. bls. 91).

Að því búnu las forsætisráðherra upp konungsumboð sér til handa til þess að setja Alþingi, dags. s. d. Samkvæmt því umboði lýsti forsætisráðherra yfir því, að Alþingi væri sett, og mælti síðan:

„Minnumst ættjarðarinnar og konungsins!“

Tóku þingmenn undir þau orð með ferföldu húrrahrópi.

Forsætisráðherra kvaddi þessu næst elzta þingmanninn, Sigfús Jónsson, 2. þm. Skagf., til þess að stýra fundi, þar til kosinn væri forseti sam-

einaðs þings. Gekk aldursforseti til forsetastóls og tók við fundarstjórn.

Minning Lárusar H. Bjarnasonar.

Aldursforseti (SigfJ): Áður en tekið verður til starfa, vil ég með nokkrum orðum minnast eins fyrrverandi þingmanns, sem látizt hefir frá því er síðasta þingi sleit. Þessi maður er Lárus H. Bjarnason, fyrrum hæstaréttardómari.

Hann var fæddur í Flatey á Breiðafirði 27. marz 1866, sonur Hákonar kaupmanns Bjarnasonar og konu hans, Jóhönnu Þorleifsdóttur. Hann varð stúdent árið 1885, en kandidat í lögfræði frá Kaupmannahafnarháskóla 1891. Gegndi síðan málflutningsstörfum við landsyfirdóminn rúmlega eins árs skeið, en var þá settur sýslumaður í Ísafjarðarsýslu, og tveim árum síðar, 1894, skipaður sýslumaður í Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu. Því embætti gegndi hann í 14 ár, til 1908, er hann var skipaður forstöðumaður lagaskólans, sem þá var nýstofnaður, og við stofnun háskólans, 1911, varð hann þar prófessor í lögum. Því embætti gegndi hann þar til hann var skipaður dómari í hæstarétti, í árslok 1919. Frá dómaraembætti sínu fékk hann lausn 1931. — Hann andaðist 30. des. f. á.

Lárus H. Bjarnason var þingmaður Snæfellinga 1901—1908, konungkjörinn þingmaður 1909—1911, og 1. þm. Reykvíkinga 1912—13. — Hann átti sæti í kirkjumálanefndinni frá 1904, í millilandanefndinni 1907 og í sparnaðarnefndinni 1924, átti um hríð sæti í bæjarstjórn Reykjavíkur og gegndi auk þess fjölmörgum trúnaðarstörfum um æfina.

Eftir hann liggja ýmsar bækur og ritgerðir um lögfræðileg efni og stjórnmál, og einnig var honum falinn undirbúningur ýmsra merkra lagabálka fyrir stjórnina.

Með Lárusi H. Bjarnasyni er hniginn í valinn einn af mestu atkvæðamönnum þjóðarinnar. Í sýslumannsstörfum sínum þótti hann reglufastur og hið skörulegasta yfirvald. Á þingi var hann með áhrifamestu mönnum, prýðilega máli farinn, harðskeyttur og fylginn sér, og hins mikla og góða starfs hans í þarfir íslenzkrar lögvísi, fyrst sem brautryðjanda í lagakennslu og síðan sem dómara í æðsta dómstóli landsins, mun lengi minnzt verða.

Vil ég biðja hátt. þm. að votta virðingu sína minningu þessa merkismanns með því að rísa úr sætum sínum.

Allir þingmenn stóðu upp úr sætum sínum.

Kosning forseta.

Jónas Jónsson: Ég vil leyfa mér að fara þess á leit við hæstv. aldursforseta, að hann gefi stutt fundarhlé, til þess þm. gefist kostur á að athuga, hvort forsetakosningar geti farið fram nú þegar, því að ennþá eru nokkrir þingmenn ókomnir til þings. En forsetakosningar geta ekki farið fram, nema vissa sé fyrir því, að réttur neins þingflokks verði ekki fyrir borð borinn, sakir þess að þingið er ekki fullskipað nú.

Aldursforseti ákvað 15 mínútna fundarhlé, en að því loknu kvaddi hann sér til aðstoðar sem fundarskrifara þá Bjarna Bjarnason, 2. þm. Árn., og Jón Auðunn Jónsson, þm. N.-Ísf., og var síðan gengið til forsetakosningar. Kosningu hlaut

Jón Baldvinsson, 4. landsk. þm.,

með 24 atkv. — Magnús Guðmundsson fékk 16 atkv., en 2 seðlar voru auðir.

Hinn kjörni forseti tók nú við fundarstjórn og lét fyrst fara fram kosningu fyrri varaforseta. Kosningu hlaut

Bjarni Ásgeirsson, þm. Mýr.,

með 24 atkv. — Magnús Jónsson fékk 15 atkv., en 1 seðill var auður.

Þá var kosinn annar varaforseti

Emil Jónsson, þm. Hafnf.,

með 24 atkv., en 16 seðlar voru auðir.

Kosning skrifara.

Þessu næst voru kosnir skrifarar sameinaðs þings, að viðhafðri hlutfallskosningu. Forseta bárust 2 listar, A og B. Á A-lista var BB og á B-lista JAJ. Samkv. því lýsti forseti yfir, að kosnir væru án atkvgr.:

Bjarni Bjarnason, 2. þm. Árn., og
Jón Auðunn Jónsson, þm. N.-Ísf.

Kjörbréfanefnd.

Á 2. fundi í Sþ., 18. febr., var tekin til meðferðar kosning kjörbréfanefndar. Hlutfallskosning var viðhöfð, og bárust forseta 2 listar, A og B. Á A-lista voru BJ, StJSt, EÁrna, en á B-lista GSv, PM. — Þar sem ekki voru fleiri nöfn samtals á listunum en kjósa skyldi menn í nefndina, lýsti forseti yfir, að rétt væru kjörnir án atkvgr.:

Bergur Jónsson,
Gísli Sveinsson,
Stefán Jóh. Stefánsson,
Pétur Magnússon,
Einar Árnason.

Kosning fastanefnda.

Á sama fundi var tekin til meðferðar kosning í fastanefndir, að viðhafðri hlutfallskosningu.

1. Fjárveitinganefnd.

Við kosningu fjvn. bárust forseta 2 listar, A og B. Voru á A-lista JJ, JG, ÞorbÞ, SE, BB, en á B-lista PO, JS, ÞÞ, MG. — Þar sem á listunum voru jafnmörg nöfn og kjósa skyldi menn í nefndina, lýsti forseti yfir, að rétt væru kjörnir án atkvgr.:

Jónas Jónsson,
Pétur Ottesen,
Jónas Guðmundsson,
Jón Sigurðsson,
Þorbergur Þorleifsson,
Þorsteinn Þorsteinsson,
Sigurður Einarsson,
Magnús Guðmundsson,
Bjarni Bjarnason.

2. Utanríkismálanefnd.

Við kosningu utanríkismálanefndar komu einnig fram 2 listar, A og B. Á A-lista voru BÁ, HV, JJ, StJSt, en á B-lista ÓTh, MJ, PM.

Jónas Jónsson: Þar sem fjölgað var á síðasta þingi upp í 9 í þessari nefnd, sé ég ekki, að tilefni sé til að fækka í henni aftur nú. Óska ég

því, að hæstv. forseti athugi, hvort ekki megi bæta aftur við í n. þessum tveimur mönnum.

Forseti (JBald): Með því að búið er að leggja fram lista og lokið er kosningu, og engin osk um þetta hefir komið frá flokkunum, álít ég, að það verði ekki gert á þessum fundi. En alltaf má bæta við í n. síðar, ef óskir koma fram.

Kosningu í utanríkismálanefnd hafa hlotið:
Bjarni Ásgeirsson,
Ólafur Thors,
Héðinn Valdimarsson,
Magnús Jónsson,
Jónas Jónsson,
Pétur Magnússon,
Stefán Jóh. Stefánsson.

B.
Í efri deild.

Að loknum fyrsta fundi í sameinuðu þingi var fyrsti fundur efri deildar settur. Deildina skipuðu þessir menn, og voru þeir allir á fundi:

1. Bernharð Stefánsson, 1. þm. Eyf.
2. Einar Árnason, 2. þm. Eyf.
3. Guðrún Lárusdóttir, 5. landsk. þm.
4. Haraldur Guðmundsson, þm. Seyðf.
5. Hermann Jónasson, þm. Str.
6. Ingvar Pálmason, 2. þm. S.-M.
7. Jón Auðunn Jónsson, þm. N.-Ísf.
8. Jón Baldvinsson, 4. landsk. þm.
9. Jónas Jónsson, þm. S.-Þ.
10. Magnús Guðmundsson, 1. þm. Skagf.
11. Magnús Jónsson, 1. þm. Reykv.
12. Páll Hermannsson, 1. þm. N.-M.
13. Pétur Magnússon, 2. þm. Rang.
14. Sigurjón Á. Ólafsson, 4. þm. Reykv.
15. Þorsteinn Briem, 10. landsk. þm.
16. Þorsteinn Þorsteinsson, þm. Dal.

Elzti maður deildarinnar, Ingvar Pálmason, 2. þm. S.-M., tók forsæti til þess að gangast fyrir kosningu forseta deildarinnar. Kvaddi hann sér til aðstoðar sem skrifara þá Pál Hermannsson, 1. þm. S.-M., og Jón Auðunn Jónsson, þm. N.-Ísf.

Kosning forseta og skrifara.

Var svo gengið til forsetakosningar. Kosningu hlaut

Einar Árnason, 2. þm. Eyf.,

með 9 atkv. Pétur Magnússon fékk 6 atkv., en 1 seðill var auður.

Hinn kjörni forseti tók nú við fundarstjórn og lét fyrst fara fram kosningu fyrri varaforseta. Kosningu hlaut

Sigurjón Á. Ólafsson, 4. þm. Reykv.,

með 9 atkv. Guðrún Lárusdóttir fékk 5 atkv., en 2 seðlar voru auðir.

Þessu næst fór fram kosning annars varaforseta deildarinnar, og hlaut kosningu

Ingvar Pálmason, 2. þm. S.-M.,

með 9 atkv., en 7 seðlar voru auðir.

Þá voru kosnir skrifarar deildarinnar, að viðhafðri hlutfallskosningu. Forseta bárust 2 listar, A og B. Á A-lista var PHerm, en á B-lista JAJ. Samkv. því lýsti forseti yfir, að kosnir væru skrifarar deildarinnar án atkvgr.:

Páll Hermannsson, 1. þm. N.-M., og
Jón Auðunn Jónsson, þm. N.-Ísf.

Sætaskipun.

Að lokum skyldi hlutað um sæti deildarmanna samkv. þingsköpum, en fram kom tillaga um þau afbrigði, að deildarmenn mættu sjálfir koma sér saman um sætaskipunina. Voru afbrigðin leyfð og samþ. með 15 shlj. atkv.

Kosning fastanefnda.

Forseti (EÁrna): Samkv. þingsköpum ber að kjósa fastanefndir á 2. fundi d., en nú stendur svo á, að það er ekki hægt, því menn eru ekki tilbúnir. Það hefir verið ákveðið að halda fund aftur í dag um sérstakt mál, en til þess að fresta megi kosningu fastanefnda á næsta fundi, þarf afbrigði frá þingsköpum, og vildi ég leita þeirra vegna þess, að fyrir liggur frv., sem nauðsynlega þarf að ganga fram í dag.

ATKVGR.

Afbrigðin leyfð og samþ. með 15 shlj. atkv.

Á 5. fundi deildarinnar, 18. febr., fór fram kosning í fastanefndir samkv. 16. gr. þingskapa, að viðhafðri hlutfallskosningu. Bárust forseta við kosningu hverrar nefndar 2 listar, A og B, nema við kosningu allshn., er fram komu 3 listar, A, B og C. Á listunum voru við hverja kosningu jafnmörg nöfn og menn skyldi kjósa, og fóru því allar nefndarkosningar fram án atkvgr.

1. Fjárhagsnefnd.

Á A-lista voru JBald, BSt, en á B-lista MJ. Samkv. því lýsti forseti yfir, að kosnir væru:

Jón Baldvinsson,
Magnús Jónsson,
Bernharð Stefánsson.

2. Samgöngumálanefnd.

Á A-lista voru SÁÓ og PHerm. en á B-lista JAJ. Samkv. því voru kosnir:

Sigurjón Á. Ólafsson,
Jón Auðunn Jónsson,
Páll Hermannsson.

3. Landbúnaðarnefnd.

Þorsteinn Briem: Ég vil leyfa mér að beina þeim tilmælum til hinna flokkanna, að þeir fallist á, að um kosning landbn. fari á sama veg og á síðasta þingi, þannig að sá flokkurinn, sem ekki hefir atkvæðamagn til þess að kjósa mann í n., eigi kost á því að eiga eitt sæti í n., með því að n. verði skipuð fleiri mönnum en þingsköp mæla fyrir. Það má vera, að flokkarnir séu ekki við því búnir að svara þessum tilmælum mínum nú þegar, en ég vænti þess að fá svar síðar við þessum tilmælum.

Jónas Jónsson: Ég álít, að nú séu nokkuð aðrar ástæður fyrir hendi viðvíkjandi skipun landbn. en voru í haust. Þá lágu stórmál fyrir n., og var sú ástæða fyrir því, að fjölgað var þá í n., en nú er sú ástæða ekki fyrir hendi. Ég vil aftur á móti benda á, að það er önnur n., sem full þörf

er á, að væri mannfleiri en þingsköp mæla fyrir, en það er allshn. Það má gera ráð fyrir, að sú n. fái til meðferðar ýms stór mál, t. d. fátækramálin o. fl.

Viðvíkjandi landbn. svara ég tilmælum hv. 10. landsk. því, a. m. k. fyrir mitt leyti, að ég sé ekki ástæðu til þess, að fjölgað verði mönnum í þeirri n., nema það komi í ljós síðar, að slíkt verði óhjákvæmilegt.

Jón Baldvinsson: Í Alþfl. hefir ekkert verið talað um að fjölga mönnum í landbn., og get ég því ekki svarað hv. 10. landsk. fyrir hönd míns flokks fyrr en flokkurinn hefir rætt það mál.

Magnús Guðmundsson: Ég hefi svipað að segja um afstöðu Sjálfstfl. og hv. 4. landsk. fyrir sinn flokk, að Sjálfstfl. hefir ekki rætt um það, hvort fjölga skuli mönnum í landbn., en ég sé ekki ástæðu til að breyta skipun n. frá því, sem hún var á síðasta þingi, og tel ég því víst, að mér sé óhætt að fullyrða, að Sjálfstfl. muni fallast á till. hv. 10. landsk., þó um þetta hafi ekki verið rætt í flokknum. Mætti vænta, að Alþfl. gæti einnig gefið svar, ef hann fengi fundarhlé í nokkrar mínútur til þess að ræða málið.

Jón Baldvinsson: Það hefir stundum verið gert, þegar slíkar till. hafa komið fram sem þessi, að fyrst hefir verið kosin n. með þeirri tölu þm., sem lög mæla fyrir, en síðan hefir verið bætt mönnum í n., ef þörf hefir þótt til þess, og tel ég, að sú aðferð sé heppilegust einnig í þetta sinn. Þó gefið væri fundarhlé nú, mundi ég ekki geta svarað fyrir minn flokk, með því að Alþfl.menn, er sæti eiga í hv. Nd., sitja þar á fundi, enda alltaf hægt að taka till. hv. 10. landsk. til athugunar síðar.

Forseti (EÁrna): Mér skildist á hv. 10. landsk., að hann mundi ekki sækja það fast að fá svar við tilmælum sínum nú á þessum fundi. (**ÞBr:** Nei). Þar sem komið hefir fram á fundinum, að menn eru ekki á eitt sáttir um það, hvort fjölga skuli mönnum í n. eða ekki, en hægt að taka till. hv. 10. landsk. til athugunar síðar, þó n. sé kosin nú, þá tel ég ekki ástæðu til að fresta kosningu n. Mundi hv. 10. landsk. sætta sig við þá afgreiðslu málsins? (**ÞBr:** Já, ég mun hreyfa ósk minni síðar).

Á A-lista voru BSt, JBald, en á B-lista PM. Samkv. því hlutu kosningu:

Bernharð Stefánsson,
Pétur Magnússon,
Jón Baldvinsson.

4. Sjávarútvegsnefnd.

Á A-lista voru IngP, SÁÓ, en á B-lista JAJ. Kosnir voru samkv. því:

Ingvar Pálmason,
Jón Auðunn Jónsson,
Sigurjón Á. Ólafsson.

5. Iðnaðarnefnd.

Á A-lista voru IngP, PHerm, en á B-lista GL. Kosningu hlutu samkv. því:

Ingvar Pálmason,
Guðrún Lárusdóttir,
Páll Hermannsson.

6. Menntamálanefnd.

Á A-lista voru JJ, BSt, en á B-lista GL. Samkv. því hlutu kosningu:

Jónas Jónsson,
Guðrún Lárusdóttir,
Bernharð Stefánsson.

7. Allsherjarnefnd.

Jónas Jónsson: Af þeim ástæðum, er ég áðan tók fram í sambandi við kosningu hv. landbn., vil ég óska þess, að allshn. verði að þessu sinni skipuð 5 mönnum, m. ö. o. að fjölgað verði um tvo menn í n. Miðað við þau mál, sem n. mun fá til meðferðar, mun henni ekki veita af þeim auknu starfskröftum.

Pétur Magnússon: Ég vil mælast til þess, að till. hv. þm. S.-Þ. um fjölgun manna í allshn. sæti sömu meðferð og till. um landbn. Ef það kemur í ljós, að starf n. verður svo mikið, að þörf sé á að fjölga í n., er alltaf hægt að gera það síðar, ef ósk kemur um það frá n.

Jón Baldvinsson: Mér sýnist nokkur ástæða vera til þess að samþ. till. hv. þm. S.-Þ. Allshn. mun fá til meðferðar stór og umfangsmikil mál, og mun því ekki vera rétt að amast við því að stækka n. Þessi n. mun sennilega fá flest mál til meðferðar af öllum n. í þinginu, og jafnframt stærstu málin, kannske að hv. fjvn. undanskilinni.

Forseti (EÁrna): Það hefir komið fram till. um að kjósa allshn. að þessu sinni með venjulegri tölu þm. Getur hv. þm. S.-Þ. fallizt á það? (**JJ:** Nei).

Magnús Guðmundsson: Mér sýnist það mætti bíða að fjölga mönnum í allshn., en ef það er ætlunin að drífa það fram, þá verður Sjálfstfl. að biðja um fundarhlé. Annars skil ég ekki, hvers vegna ekki má hið sama ganga yfir báðar n., hv. landbn. og allshn. (**JJ:** Hér eru aðrar ástæður fyrir hendi, sem eru efnisástæður). Það getur vel verið, að fylgismenn hæstv. stj. þurfi ekki að bíða reynslunnar um það, hvort þörf sé á að fjölga í n. Þeir vita nú þegar, hver mál koma eiga fyrir n., en við sjálfstæðismenn vitum það ekki. (**PM:** Við óskum eftir fundarhléi í 3—5 mínútur).

Forseti ákvað fundarhlé í 5 mínútur, en að því loknu var samþ. með 12 shlj. atkv. till. þm. S.-Þ. um að fjölga mönnum í allshn. um tvo.

Á A-lista voru SÁÓ, IngP, PHerm, á B-lista MG, og á C-lista ÞBr. Samkv. því lýsti forseti yfir, að kosnir væru:

Sigurjón Á. Ólafsson,
Magnús Guðmundsson,
Ingvar Pálmason,
Páll Hermannsson,
Þorsteinn Briem.

C.
Í neðri deild.

Fyrsti fundur neðri deildar var settur þá er sameinað Alþingi hafði lokið störfum sínum á 1. fundi og þeir þingmenn voru gengnir til efri deildar, er þar áttu sæti.

Þessir þingmenn sátu neðri deild:

1. Ásgeir Ásgeirsson, þm. V.-Ísf.
2. Bergur Jónsson, þm. Barð.
3. Bjarni Ásgeirsson, þm. Mýr.
4. Bjarni Bjarnason, 2. þm. Árn.
5. Emil Jónsson, þm. Hafn.
6. Eysteinn Jónsson, 1. þm. S.-M.
7. Finnur Jónsson, þm. Ísaf.
8. Garðar Þorsteinsson, 8. landsk. þm.
9. Gísli Guðmundsson, þm. N.-Þ.
10. Gísli Sveinsson, þm. V.-Sk.
11. Guðbrandur Ísberg, þm. Ak.
12. Gunnar Thoroddsen, 11. landsk. þm.
13. Hannes Jónsson, þm. V.-Húnv.
14. Héðinn Valdimarsson, 2. þm. Reykv.
15. Jakob Möller, 3. þm. Reykv.
16. Jóhann Jósefsson, þm. Vestm.
17. Jón Ólafsson, 1. þm. Rang.
18. Jón Pálmason, þm. A.-Húnv.
19. Jón Sigurðsson, 7. landsk. þm.
20. Jónas Guðmundsson, 6. landsk. þm.
21. Jörundur Brynjólfsson, 1. þm. Árn.
22. Magnús Torfason, 2. landsk. þm.
23. Ólafur Thors, þm. G.-K.
24. Páll Zóphóníasson, 2. þm. N.-M.
25. Páll Þorbjörnsson, 3. landsk. þm.
26. Pétur Halldórsson, 5. þm. Reykv.
27. Pétur Ottesen, þm. Borgf.
28. Sigfús Jónsson, 2. þm. Skagf.
29. Sigurður Einarsson, 9. landsk. þm.
30. Sigurður Kristjánsson, 6. þm. Reykv.
31. Stefán Jóh. Stefánsson, 1. landsk. þm.
32. Thor Thors, þm. Snæf.
33. Þorbergur Þorleifsson, þm. A.-Sk.

Allir deildarmenn voru á fundi, nema þm. V.-Ísf. (ÁÁ), þm. Mýr. (BÁ), þm. Ak. (GÍ), 11. landsk. þm. (GTh), þm. V.-Húnv. (HannJ), þm. Vestm. (JJós) og þm. Borgf. (PO), er ókomnir voru til þings.

Elzti maður deildarinnar, Sigfús Jónsson, 2. þm. Skagf., tók forsæti til þess að gangast fyrir kosningu forseta deildarinnar. Kvaddi hann sér til aðstoðar sem skrifara þá Jónas Guðmundsson, 6. landsk. þm., og Sigurð Kristjánsson, 6. þm. Reykv.

Kosning forseta og skrifara.

Var síðan gengið til forsetakosningar. Kosningu hlaut

Jörundur Brynjólfsson, 1. þm. Árn., með 15 atkv. — Gísli Sveinsson fékk 8 atkv., en 2 seðlar voru auðir.

Hinn kjörni forseti tók nú við fundarstjórn og lét fyrst fram fara kosningu fyrri varaforseta. Kosinn var

Stefán Jóh. Stefánsson, 1. landsk. þm., með 14 atkv. — Pétur Ottesen fékk 7 atkv., Jón Sigurðsson 1 atkv., Jónas Guðmundsson 1 atkv., en 1 seðill var auður.

Þessu næst fór fram kosning 2. varaforseta deildarinnar, og hlaut kosningu

Páll Zóphóníasson, 2. þm. N.-M., með 14. atkv. — Jón Pálmason fékk 7 atkv., Magnús Torfason 1 atkv., en 2 seðlar voru auðir og einn ógildur.

Loks voru kosnir skrifarar deildarinnar, að viðhafðri hlutfallskosningu. Fram komu tveir listar, A og B. Á A-lista var JG, en á B-lista GÍ. Lýsti forseti yfir samkv. því, að kosnir væru skrifarar deildarinnar:

Jónas Guðmundsson, 6. landsk. þm., og **Guðbrandur Ísberg**, þm. Ak.

Á 5. fundi deildarinnar, 18. febr., mælti

forseti (JörB): Hv. þm. Ak. var ekki viðstaddur, þegar kosning skrifara fór fram. Hann var kosinn skrifari. Vil ég hér með tilkynna honum það.

Guðbrandur Ísberg: Eins og hæstv. forseti gat um, var ég fjarverandi þegar kosning fór fram. Ég hefi óskað að vera laus við skrifarastörf í d., og varð samkomulag um það, að einn flokksmaður minn, hv. 11. landsk., tæki við þessu starfi. Vil ég gera þá fyrirspurn til hæstv. forseta, hvort formaður Sjálfstfl. hefir ekki tilkynnt honum þessa breyt.

Forseti (JörB): Þar sem samkomulag hefir orðið um það innan flokksins, sé ég ekkert þessu til fyrirstöðu. Hv. 11. landsk. tekur þá skrifarasæti.

Sætaskipun.

Forseti (JörB): Samkv. 7. gr. þingskapa skal á 1. fundi hluta um sæti þingmanna; en þar sem vantar allmarga þingmenn, vil ég gera það að till. minni, að afbrigði verði leyfð um það á því, unz þeir eru komnir til þings.

Héðinn Valdimarsson: Ég vil spyrja hæstv. **forseta**, hvort ekki verði jafnvel um hálfsmánaðar **bið** að ræða eftir einum þm.

Forseti (JörB): Það má vera, en þessu má ljúka, þegar hinir allir eru komnir.

Bergur Jónsson: Má þá ekki skilja það svo, að þm. leyfist til bráðabirgða að halda þeim sætum, sem þeir höfðu á síðasta þingi? **(Forseti:** Gengið er út frá því, þar til hlutað er um sæti).

ATKVGR.
Afbrigði leyfð og samþ. með 20 shlj. atkv.

Á 8. fundi, 18. febr., var hlutað um sæti deildarmanna, og urðu úrslitin þessi:

6. sæti hlaut Ásgeir Ásgeirsson,
7. — — *Pétur Ottesen,*
8. — — Stefán Jóh. Stefánsson,
9. — — Magnús Torfason,
10. — — Sigfús Jónsson,
11. — — Guðbrandur Ísberg,
12. — — Páll Zóphóníasson,
13. — — Ólafur Thors,
14. — — Bergur Jónsson,
15. — — Thor Thors,
16. — — Gísli Guðmundsson,
17. — — Páll Þorbjörnsson,
18. — — Jóhann Jósefsson,
19. — — Bjarni Bjarnason,
20. — — Hannes Jónsson,
21. — — Jón Sigurðsson,
22. — — Sigurður Kristjánsson,
23. — — Jón Pálmason,
24. — — Héðinn Valdimarsson,
25. — — Finnur Jónsson,
26. — — Þorbergur Þorleifsson,
27. — — Sigurður Einarsson,
28. — — Garðar Þorsteinsson,
29. — — Emil Jónsson,
30. — — Jón Ólafsson,
31. — — Bjarni Ásgeirsson,
32. — — Pétur Halldórsson,
33. — — Gísli Sveinsson.

Kosning fastanefnda.

Á 1. fundi deildarinnar mælti

forseti (JörB): Sakir þess að flýta þarf afgreiðslu máls, er nauðsynlegt að halda fund kl. 5. En þar sem þingsköp áskilja, að kosning nefnda fari fram á 2. fundi deildarinnar, þarf afbrigði til, að henni megi fresta. Með því að nokkra þm. vantar og aðrir eru nýkomnir til bæjarins, hefir flokkum ekki gefizt tækifæri til að tala saman um, hvernig eigi að skipa í n. Legg ég því til, að einnig um þetta atriði verði leyfð afbrigði frá þingsköpum.

ATKVGR.
Afbrigði leyfð og samþ. með 21 shlj. atkv. og kosningu frestað.

Á 5. fundi deildarinnar, 18. febr., fór fram kosning í fastanefndir, að viðhafðri hlutfallskosningu. Við kosningu í allar nefndir komu fram tveir listar, sem forseti merkti A og B, með samtals jafnmörgum nöfnum og kjósa skyldi menn í hverja nefnd. Kosningar fóru því fram án atkvgr., og urðu nefndirnar þannig skipaðar:

1. Fjárhagsnefnd.
Af A-lista: Sigfús Jónsson,
Stefán Jóh. Stefánsson,
Ásgeir Ásgeirsson.
— B-lista: Ólafur Thors,
Jakob Möller.

2. Samgöngumálanefnd:
Af A-lista: Gísli Guðmundsson,
Finnur Jónsson,
Þorbergur Þorleifsson.
— B-lista: Gísli Sveinsson,
Jón Ólafsson.

3. Landbúnaðarnefnd:
Af A-lista: Páll Zóphóníasson,
Emil Jónsson,
Bjarni Ásgeirsson.
— B-lista: Jón Pálmason,
Guðbrandur Ísberg.

4. Sjávarútvegsnefnd:
Af A-lista: Finnur Jónsson,
Gísli Guðmundsson,
Páll Þorbjörnsson.
— B-lista: Jóhann Jósefsson,
Sigurður Kristjánsson.

5. Iðnaðarnefnd:
Af A-lista: Bjarni Ásgeirsson,
Emil Jónsson,
Páll Zóphóníasson.
— B-lista: Guðbrandur Ísberg,
Jakob Möller.

6. Menntamálanefnd:
Af A-lista: Ásgeir Ásgeirsson,
Sigurður Einarsson,
Bjarni Bjarnason.
— B-lista: Pétur Halldórsson,
Gunnar Thoroddsen.

7. Allsherjarnefnd.
Af A-lista: Héðinn Valdimarsson,
Bergur Jónsson,
Stefán Jóh. Stefánsson.
— B-lista: Thor Thors,
Garðar Þorsteinsson.

Lagafrumvörp samþykkt.

1. Fjárlög 1936.

Á 2. fundi í Sþ., 18. febr., var útbýtt:
Frv. til fjárlaga fyrir árið 1936 (stjfrv., A. 1).

Á 3. fundi í Sþ., 26. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Fjmrh. (Eysteinn Jónsson): Áður en ég vík að frv. því til fjárlaga fyrir árið 1936, sem hér liggur fyrir til 1. umr., vil ég, svo sem venja hefir verið til, gefa yfirlit um afkomuna á árinu 1934. Er mér jafnskylt að gefa þetta yfirlit, þótt núv. ríkisstj. hafi tiltölulega lítil áhrif getað á það haft, hvernig afkoman varð á því ári. Eins og kunnugt er, er afkoma ríkissjóðs að verulegu leyti ráðin fyrirfram með samningu fjárlaga, en það, sem á vantar að hún sé ráðin með fjárlögum, er afráðið þegar verklegar framkvæmdir eru ákveðnar, en slíkt gerist alltaf framan af ári.

Vil ég þá byrja með því að gefa yfirlit yfir rekstrarafkomu ríkissjóðs. En yfirlit þetta hlýtur þó að verða með þeim fyrirvara, að tölur geta breytzt nokkuð við endanlegan frágang reikninganna, þótt ekki ættu þær breytingar að vera stórvægilegar eða hafa mikil áhrif á heildarniðurstöðuna.

Tekjur hafa reynzt og verið áætlaðar sem hér segir. [Sjá rekstraryfirlit á bls. 23—26]:

Þá vil ég gefa yfirlit um aðrar greiðslur heldur en þær, sem teknar eru í rekstraryfirliti og ég nefni sjóðsyfirlit. [Sjá sjóðsyfirlit á bls. 27—30]:

Eins og rekstraryfirlit og sjóðsyfirlit bera með sér, hafa útgjöld ríkissjóðs farið mjög verulega fram úr áætlun á árinu 1934. Veldur þar miklu um, að margir stórvægilegir útgjaldaliðir, sem ákveðnir hafa verið með sérstökum lögum, voru ekki teknir upp í fjárlögin, og kem ég að því síðar.

Samkv. yfirlitinu hafa öll útgjöld ríkissjóðs, þar með taldar afborganir af föstum lánum ríkissjóðs, en að frátöldum fyrningum, orðið rúmlega 17 millj. kr. 1934; en í fjárlögum voru útgjöldin áætluð kr. 11.6 millj. Eru því umframgreiðslur og greiðslur samkv. sérstökum lögum, lagaheimildum og þingsályktunum um kr. 5.4 millj. Rekstrarhallinn 1934 hefir orðið 1.188 millj. kr., en greiðsluhallinn 2.456 millj. kr. En í fjárl. var greiðsluhallinn áætlaður kr. 477 þús.

Tekjur ríkissjóðs hafa farið 3,4 millj. kr. fram úr áætlun. Útkoman sýnir það mjög glöggt, að fjárlög ársins 1934 hafa í raun og veru ekki gefið neitt nærri því rétta mynd af þeim greiðslum, sem fyrirhugaðar voru á því ári. Sýnir þetta enn sem fyrr, að ekki er nægilegt að afgr. lág fjárlög, ef upphæðir eru of lágt áætlaðar og fjöldi greiðslna ákveðinn utan fjárlaga. Hitt er aðalatriðið, að fjárl. á hverjum tíma sýni sem réttasta mynd af þeim ákvörðunum, sem teknar hafa verið um greiðslur, og að endanleg útkoma landsreikninganna verði sem næst því, er fjárlögin gera ráð fyrir. Er það vel viðeigandi að minnast á það í þessu sambandi, að núv. ríkisstj. hefir sætt mjög miklu aðkasti fyrir það, að hafa afgr. fjárl. frá Alþingi, sem gera ráð fyrir um 14 millj. kr. útgjöldum árið 1935, og að þessu aðkasti á ríkisstj. að mæta frá þeim sömu mönnum, „sjálfstæðismönnum", sem bera ábyrgð á afkomu ríkissjóðs á árinu 1934, og þá því, að útgjöldin hafa reynzt 3 millj. kr. hærri en fjárlög núv. stj. gera ráð fyrir.

Það skiptir vitanlega nokkru máli, að sem gleggst greinargerð fáist fyrir því, að hve miklu leyti núv. ríkisstj. hefir haft áhrif á niðurstöður ársins 1934, og að hve miklu leyti menn eiga aðgang að henni með gagnrýni á afkomu ríkissjóðs á árinu, sem aðrir bera þó vitanlega höfuðábyrgð á. Ég hefi gert nokkra athugun á því, hve miklu þau útgjöld nema, sem núv. stj. og stjórnarflokkar hafa innt af höndum árið 1934, án þess að þeim væri það skylt eftir ákvörðunum, sem áður höfðu verið teknar. Að vísu getur þetta yfirlit ekki orðið nákvæmt, en það mun verða svo nærri lagi, að engu verulegu getur skeikað. Hefi ég komizt að þeirri niðurstöðu, að greiðslurnar séu sem hér segir:

1. Kauphækkun í vegavinnu ..	um	100	þús. kr.
2. Kjötuppbót	—	88	— —
3. Kostnaður við kjötverðlagsnefnd skv. lögum	—	20	— —
4. Síldaruppbót skv. lögum ..	—	128	— —
5. Aukastyrkur til mjólkurbúa (áætlað)	—	150	— —
6. Viðbótarstyrkur til jarðskjálftahjálpar	—	25	— —
7. Umframgreiðsla á atvinnubótafé	—	33	— —
8. Kostnaður við skipulagsnefnd	—	10	— —
9. Kostnaður við Stokkseyrarbryggju	—	7	— —
	Samtals	561	þús. kr.

Hér á móti vil ég svo telja það, að núverandi stjórn og þingmeirihluti hefir aflað ríkissjóði tekna á árinu 1934 með 40% viðbótarskatti, og áætla ég, að sú tekjuöflun nemi á árinu um 300 þús. kr.

Eftir því, sem ég kemst þá næst, hefir núv. ríkisstj. og þingmeirihluti tekið ákvarðanir, sem aukið hafa greiðsluhalla ríkissjóðs 1934 um ca. 261 þús. kr. af þeim 2456 millj., sem greiðsluhallinn alls nemur.

Ég geri ráð fyrir því, að aths. kunni að verða gerð um það í þessu sambandi, að fyrrv. stj. hefði einnig aflað ríkissjóði tekna með 40% viðbótarskatti, ef hún hefði setið áfram, og mun það rétt vera. En í því sambandi vil ég benda á það, að fyrrv. landbúnaðarráðherra, Þorsteinn Briem, hefir hvað eftir annað talað um það opinberlega, að fyrrv. stj. myndi hafa greitt sumar þeirra upphæða, sem ég taldi áðan, að núv. stj. og þingmeirihl. hefði tekið ákvarðanir um og bæri ábyrgð á, og hefir hann þá átt við 2. og 5. greiðsluna, sem ég nefndi. Ber þetta því að sama brunni. Núv. ríkisstj. og þingmeirihl. bera ábyrgð á rúml. 260 þús. kr. af greiðsluhalla ársins 1934. Ennfremur mun það láta nærri, að af þeim 5,4 millj., sem greiddar hafa verið á árinu 1934 umfram fjárlög, hafi núv. ríkisstj. og þingmeirihl. ákveðið greiðslu á rúml. 300 þús. kr., sem ætla má, að ekki hefðu verið greiddar, ef fyrrv. stj. hefði starfað áfram.

Nema þær því nærri eins hárri upphæð og 40% skattaukinn, sem núv. stj. beitti sér fyrir, að samþ. yrði, og fyrrv. stj. myndi sennilega einnig hafa fengið samþykktan.

Það kann að vera, að mér hafi láðst að geta um nokkrar smáupphæðir, sem núv. stj. hefir tekið ákvarðanir um utan fjárlaga, en ekki munu þær vera svo margar né stórvægilegar, að nokkru muni, er heitið geti, í þessu sambandi.

Þá vil ég geta þess, að ég hefi ekki í yfirlitinu reiknað með þeim sparnaði, sem ríkisstj. hefir viðkomið með því að leggja niður varalögregluna, er hún tók við völdum.

Mun ég þá gera grein fyrir þeim mismun, sem fram kom í reikningsyfirlitinu á áætluðum tekjum og gjöldum eins og þau hafa reynzt. Mun ég fyrst minnast á nokkra þá tekjuliði, er mest hafa farið fram úr áætlun.

Tekjuskattur hefir farið fram úr áætlun um 497 þús. kr. Aðallega er þetta vegna þess, að í fjárl. 1934 var ekki reiknað með 40% skattaukanum, sem samþ. var á síðasta þingi og hefir valdið töluverðri hækkun á skattinum, eins og áður hefir verið drepið á.

Kaffi- og sykurtollur hefir farið fram úr áætlun um 323 þús. kr., aðallega vegna þess, að í fjárl. 1934 er ekki reiknað með 25% gengisviðauka á þessum tolli, sem þó var samþ. á vetrarþinginu 1933.

Vörutollur hefir farið fram úr áætlun um 500 þús. kr., og verðtollur um 686 þús. kr. Veldur hér langsamlega mestu um, að vöruinnflutningur 1934 varð meiri en menn gátu búizt við, eins og ég mun koma að síðar. Þá veldur hér einnig nokkru um hækkun verðtollsins, að á vetrarþinginu 1933 var verðtollur af ýmsum vörum töluvert hækkaður, en ekki reiknað með þeirri hækkun við áætlun tollsins.

Gjald af innlendum tollvörutegundum hefir farið 152 þús. kr. fram úr áætlun og reynzt tvöfalt á við það, sem gert var ráð fyrir. Veldur því bæði hækkun á sumum af þeim tollum, er falla undir þennan lið, samkv. ákvörðun vetrarþingsins 1933, og þó vafalaust eins miklu aukning sú, sem orðið hefir á innlendum iðnaði síðan fjárlög fyrir árið 1934 voru samin.

Veitingaskattur hefir reynzt 100 þús. kr., en hann var ekki áætlaður í fjárl. fyrir 1934.

Ágóði viðtækjaverzlunarinnar, að frádregnum rekstrarhalla útvarpsins, nam um 117 þús., en í fjárl. var gert ráð fyrir 11 þús. króna rekstrarhalla hjá þessum stofnunum báðum saman.

Ágóði landssímans hefir orðið um 175 þús. kr. hærri en gert var ráð fyrir og tóbakseinkasölunnar 273 þús. kr. hærri. Hinsvegar hefir ágóði áfengisverzlunarinnar orðið 105 þús. kr. lægri en gert var ráð fyrir.

Þá mun ég víkja að þeim gjaldliðum, sem mest hafa farið fram úr áætlun, og ennfremur helztu greiðslum samkv. sérstökum lögum.

Útgjöldin samkv. 11. gr. (dómgæzla og lögreglustjórn) hafa farið um 555 þús. kr. fram úr áætlun. Þar af er umframgreiðsla til landhelgisgæzlunnar 219 þús. kr., til toll- og löggæzlu um 70 þús. kr. og sakamálakostnaður 70 þús. kr. Þar í eru eftirstöðvar af kostnaði við varalögreglu og kostnaður við löggæzlu á Siglufirði, 24 þús. kr., en sú lögregla var lögð niður þegar núv. stj. tók við völdum.

Í 12. gr. (heilbrigðismál) eru umframgreiðslur 158 þús. kr., sem stafar af því, að rekstrarkostnaður allra spítalanna hefir farið fram úr áætlun. Mest á Nýja-Kleppi, 50 þús. kr., og þar næst á landspítalanum, 40 þús. kr.

Í 13. gr. A. (vegamál) hafa umframgreiðslur orðið 687 þús. kr., og eru þar með taldar flestar þær vega- og brúagerðir, sem unnar hafa verið fyrir lánsfé. Stærstu umframgreiðslur til vega- og brúamála eru þessar (þá eru teknar með upphæðir greiddar af lánsfé, sem ekki eru færðar á 13. gr. A. í yfirlitinu:

Til nýrra vega 332 þús. kr., þar af 251 þús. kr. af lánsfé. Til viðhalds og umbóta á þjóðvegum 298 þús. kr., enda var sá liður ekki áætlaður í fjárl. nema 400 þús. kr., en hefir reynzt 698 þús. kr.

Til brúagerða hafa umframgreiðslur orðið 277 þús. kr., þar af 245 þús. kr. af lánsfé. — Mér þykir hlýða að taka það fram í þessu sambandi, að sú stefna, að taka lán til vega- og brúargerða, hefir haft það í för með sér, að í fjárlagafrv. fyrir árið 1936, sem nú er lagt fyrir, eru vextir og afborganir af þessum lánum orðnar 142 þús. kr., og nema fast að helmingi þeirrar upphæðar, sem í fjárl. er ætlað til vega- og brúagerða.

Í 13. gr. B. (samgöngur á sjó) hafa umframgreiðslur orðið 242 þús. kr., og er hér einungis um að ræða umframgreiðslur vegna strandferðakostnaðar ríkissjóðs. Mun láta nærri, að um 150 þús. kr. af þeirri upphæð eigi rót sína að rekja til þeirrar ketilbilunar, sem varð á Esju síðastl. ár. Eru þá bæði reiknuð bein útgjöld

Yfirlit um rekstrarafkomu

	Tekjur:		Fjárlög	Innkomið	
2. gr.	Skattar og tollar:				
	Fasteignaskattur		370000.00	368000.00	
	Tekjuskattur		1000000.00	1497814.00	
	Lestagjald		45000.00	56872.00	
	Aukatekjur		550000.00	566847.00	
	Erfðafjárskattur		55000.00	75506.00	
	Vitagjald		425000.00	456758.00	
	Leyfisbréfagjöld		15000.00	31161.00	
	Stimpilgjald		400000.00	430141.00	
	Bifreiðaskattur		280000.00	871534.00	
	Útflutningsgjald		800000.00	845684.00	
	Áfengistollur		450000.00	637270.00	
	Tóbakstollur		1150000.00	1326000.00	
	Kaffi- og sykurtollur		975000.00	1298293.00	
	Annað aðflutningsgjald		100000.00	100789.00	
	Vörutollur		1200000.00	1701029.00	
	Verðtollur		1000000.00	1686657.00	
	Gjald af innlendum tollvörum		150000.00	302873.00	
	Skemmtanaskattur		100000.00	134923.00	
	Skólagjald		15000.00		
	Veitingaskattur		.....	100827.00	
		Samtals	9080000.00	11988978.00	
	÷ Endurgreiddar tekjur	186000.00			
3. gr. A.	Innheimtulaun	20000.00	.....	206000.00	11782978.00
	Ríkisstofnanir:				
	Póstmál		.....	110000.00	
	Landssiminn		215000.00	390000.00	
	Áfengisverzlun		700000.00	595000.00	
	Tóbakseinkasala		350000.00	623000.00	
	Ríkisprentsmiðjan		40000.00	50000.00	
	Ríkisvélsmiðjan		25000.00	28000.00	
	Búin		7000.00		
	Viðtækjaverzlun		.....	145000.00	
		Samtals	1337000.00	1941000.00	
	÷ Ríkisútvarpið		28265.00	57000.00	1884000.00
			1308735.00		
3. gr. B.	Tekjur af fasteignum		20100.00	.....	20000.00
4. gr.	Vaxtatekjur		522625.00	.....	533000.00
5. gr.	Óvissar tekjur		60000.00	.....	25000.00
		Samtals	10991460.00		14244978.00
				Rekstrarhalli	1880000.00
					16124978.00

vegna tjónsins og aukinn halli á rekstri skipsins vegna stöðvunarinnar, sem bilunin orsakaði.

Í 14. gr. B. (kennslumál) nema umframgreiðslur um 206 þús. kr. Laun barnakennara hafa farið 56 þús. kr. fram úr áætlun, og til barnaskólabygginga hefir verið veittur 50 þús. kr. meiri styrkur en fjárl. gerðu ráð fyrir. Þá hefir rekstrarstyrkur til héraðsskóla reynzt of lágt áætlaður um 20 þús. kr. Aðrir liðir, sem fram úr áætlun hafa farið í þessari grein, eru svo lágir, að ég hirði ekki að nefna þá hér.

Í 16. gr. (til verklegra fyrirtækja) hafa gjöldin farið 321 þús. kr. fram úr áætlun. Eru þessar greiðslur helztar:

Jarðræktarstyrkurinn hefir farið 160 þús. kr. fram úr áætlun, og tillag til byggingarsjóða verkamanna samkv. lögum hefir reynzt um 50 þús. kr. of lágt áætlað. — Atvinnubætur hafa farið 33 þús. kr. fram úr áætlun. Veldur því sérstakt tillag til atvinnubóta í Reykjavíkurbæ, sem ríkisstj. veitti í haust eftir eindregnum tilmælum bæjarstj. Rvíkur.

Umframgreiðslur í 17. gr. (styrktarstarfsemi)

íkissjóðs 1934.

	Gjöld:	Fjárveiting	Greitt
7. gr.	Vextir	1456770.00	1605700.00
8. gr.	Greiðsla til konungs	60000.00	60000.00
9. gr.	Alþingiskostnaður	231170.00	231170.00
10. gr. I.	Stjórnarráðið o. fl.	252646.00	308116.00
10. gr. II.	Hagstofan	55300.00	55659.00
11. gr. III.	Utanríkismál	82500.00	85082.00
11. gr. A.	Dómgæzla og löggæzla	947260.00	1420000.00
11. gr. B.	Sameiginlegur kostnaður	207000.00	290000.00
12. gr.	Heilbrigðismál	655006.00	842827.00
13. gr. A.	Vegamál	1037262.00	1725000.00
13. gr. B.	Samgöngur á sjó	681800.00	924706.00
13. gr. C.	Vitamál	428451.00	472990.00
14. gr. A.	Kirkjumál	367320.00	403576.00
14. gr. B.	Kennslumál	1304392.00	1510760.00
15. gr.	Til *visinda, bókmennta og lista*	173360.00	173478.00
16. gr.	Til verklegra fyrirtækja	1719110.00	2040549.00
17. gr.	Styrktarstarfsemi	918000.00	1328635.00
18. gr.	Eftirlaun og styrktarfé	233275.00	237642.00
19. gr.	Óviss útgjöld	150000.00	499000.00
22. gr.	Sérstakar heimildir	.....	131266.00
	Þingsályktanir	.....	171222.00
	Væntanleg fjáraukalög	.....	207600.00
	Sérstök lög	.....	1400000.00
	Rekstrarafgangur	30838.00	
	Samtals	10991460.00	16124978.00

hafa numið 410 þús. kr. Hefir berklavarnakostnaður farið 282 þús. kr. fram úr áætlun, enda ekki áætlaður nema 700 þús. kr. — Framlög til þeirra hreppa, er hafa fátækraframfæri fram yfir meðallag, hafa farið 85 þús. kr. fram úr áætlun, og tillag til ellistyrktarsjóða 35 þús. kr. fram úr áætlun, sem stafar af lagabreytingu frá *árinu* 1933, sem ekki hefir verið reiknað með í fjárlögum.

Útgjöldin í 19. gr. (óviss útgjöld) hafa reynzt 349 þús. kr. hærri en gert var ráð fyrir. Veldur hér mjög miklu kostnaður við breytingu enska lánsins frá 1921, sem fram fór á árinu og nam 243 þús. kr. Þessi kostnaður er áskilin 3% aukagreiðsla til allra skuldabréfaeigenda um leið og bréfin voru greidd, og umboðslaun til þess firma, sem sá um breytingu lánsins. — Þá er ennfremur færður á þessa gr. ferðakostnaður sendiherrans í Khöfn við samningaumleitanir, 22 þús. kr., kostnaður við Spánarsamningana, 18 þús. kr., og kostnaður við Þýzkalandssamninginn, 14 þús. kr. Ennfremur kostnaður við *skipulagsnefnd atvinnumála*, 10 þús. kr.

Greiðslur samkv. sérstökum heimildum í

Sjóðs

Inn:	Áætlun	Reikningur	
Tekjur samkvæmt rekstraryfirliti	10991460	14244978	
1. Fyrningar	403803	303800	
2. Útdregin bankavaxtabréf	24000	36400	
3. Endurgreidd fyrirframgr.	10000	20450	
4. Endurgreidd lán etc.	100000	334095	
	11529263	14939723	
Greiðsluhalli	477486	2456762	
	12006749	17396485	
Greiðsluhalli ársins hefir verið jafnaður sem hér segir:			
Ný lán	.....	.....	700036
Hækkun á lausaskuldum	.....	.....	943700
Lán hjá Hambros Bank v síldarbræðslu	.....	.....	996750
			2640486

Samkvæmt framansögðu var *greiðsluhalli* kr. 2456762. Þar á móti

fjárl. nema 131 þús. kr. Er það uppbót á útflutt saltkjöt af framleiðslu ársins 1933, er nemur 88 þús. kr., og styrkur til mjólkurbúa, sem nemur 43 þús. kr.

Greiðslur samkv. þingsályktunum nema 171 þús. kr., og eru þessar helztar:

1) Brúargerð á Múlakvísl kr. 57,6 þús.
2) Vegna dýpkunarskipskaupa í Vestm.eyjum kr. 22 þús.
3) Kostn. við sjávarútvegsnefnd kr. 39,5 þús.
4) Kostnaður við launamálanefnd kr. 28,6 þús.
6) Kostn. við atvinnumálanefnd kr. 19 þús.

Greiðslur, sem færðar hafa verið á væntanleg fjáraukalög, nema 207 þús. kr., og er þar langstærsti liðurinn framlag til landskjálftahjálpar, 145 þús. krónur.

Greiðslur samkv. sérstökum lögum nema um 1,4 millj. kr., og skulu taldar nokkrar þær helztu:

1) Kostnaður við gjaldeyris- og gengisnefnd kr. 37 þús.
2) Hafnargerð á Skagaströnd kr. 32 þús.
3) Kostnaður við Sogsveginn kr. 80 þús.
4) Greidd síldaruppbót kr. 128 þús.
5) Kreppuráðstafanir landbúnaðarins:
   a) Vaxtatillag kr. 100,7 þús.
   b) Tillag til Kreppulánasjóðs kr. 258,6 þús.
   c) Yfirtekin lán vegna frystihúsa og mjólkurbúa (áætlað kr. 500 þús.) (Samtals kr. 859,3 þús.).
6) Kostnaður við kjötverðlagsnefnd kr. 20 þús.

Mun ég þá enda yfirlitið um afkomu ríkissjóðs á árinu 1934 með því að gefa yfirlit yfir breytingar á skuldum ríkissjóðs á árinu:

Skuldir samkv. LR. 1933		39958181	
Lán til byggingar síldarverksm.		996750	
			40954931
Yfirtekin lán vegna frystihúsa og mjólkurbúa	270000		
Vega- & brúagerðalán	380000		
		650000	
Lán hjá Hambrosbank		878700	
Ógreiddir vextir innanl.		65000	
		1593700	
Afborganir fastra lána	912087		
Greitt af lausaskuldum	314500		
		1226587	
			367113
			Kr. 41322044
Ennfremur áfallin ábyrgð af síldareinkasölu, sem ríkissjóður skuldar Landmandsbanken			250000
			Skuldir í árslok 1934 kr. 41572044

firlit.

Út:	Áætlun	Reikningur	
Gjöld samkvæmt rekstraryfirliti	10960622	16124978	
1. Afborgun fastra lána	834127	912087	
2. Ný símakerfi	142000	231000	
3. Nýjar vitabyggingar	60000	97000	
4. Lögboðin fyrirframgreiðsla	10000	31420	
	12006749	17396485	
	12006749	17396485	
Lækkun á lausaskuldum	.....	208000	
Hækkun á innstæðu hjá ríkisstofnunum	.....	106500	
			314500
Lán til ýmsra	.....	.....	41400
Lagt í byggingu síldarverksmiðju	.....	.....	652750
			1008650
Mismunur	.....	.....	1631836
			2640486

f lánsfé kr. 1631836. — Kr. 824926 er því sjóðslækkun á árinu 1934.

Eins og yfirlit þetta ber með sér, hafa skuldir ríkissjóðs hækkað á árinu 1934 um rúml. 1½ millj. kr. Af þessari aukningu er nálega 1 millj. kr. vegna byggingar síldarbræðsluverksmiðju á Siglufirði, og stendur verksmiðjan undir því láni sjálf. Ennfremur eru um 250 þús. kr. af þessari aukningu vegna áfallinnar ábyrgðar frá síldareinkasölunni. Er því skuldaaukningin á árinu 1934 vegna sjálfs ríkisrekstrarins 310 þús. kr., að viðbættum rúmlega 200 þús. kr., sem standa hjá ríkissjóði um áramót af láni síldarbræðslunnar, eða raunverulega alls um ½ millj. kr.

Af því að það skiptir töluverðu máli út af fyrir sig, hvernig lán ríkissjóðs skiptast í innlend og erlend lán, og hverjar breytingar verða á heildarupphæð erlendra og innlendra lána, vil ég geta þess, að ný erlend lán ríkissjóðs sjálfs hafa á árinu numið um 878.7 þús. kr., en afborganir fastra erlendra lána hafa numið um 700 þús. kr. Hafa því skuldir ríkissjóðs erlendis lækkað um 178 þús. kr. Er þá ekki talið með lánið vegna síldarbræðslunnar, sem hún á sjálf að standa straum af.

Eftir að hafa gert þannig grein fyrir afkomu ríkissjóðs á árinu 1934, mun ég gefa stutt yfirlit um afkomu þjóðarinnar út á við, eftir þeim bráðabirgðagögnum, sem fyrir liggja nú.

Helztu skýrslur, sem til er að vísa í því efni, er yfirlit um inn- og útflutning vara samkv. bráðabirgðayfirliti hagstofunnar fyrir árið 1934. Hefir vöruútflutningur frá Íslandi árið 1934 numið 44 millj. og 800 þús. kr. Til samanburðar vil ég geta þess, að í fyrra nam útflutningurinn samkv. sömu bráðabirgðaskýrslum 47 millj. kr. Útflutningurinn á árinu er því um 2 millj. og 200 þús. kr. lægri að verðmæti en í fyrra. Liggur sá munur nær eingöngu í því, að miklu minna hefir selzt af fiski en árið 1933. Vöruinnflutningur hefir aftur á móti orðið, samkv. sömu heimildum, 48 millj. og 500 þús. kr., en árið 1933 nam vöruinnflutn. 44 millj. og 800 þús. kr., eða um 4 millj. kr. minna en árið 1934. Samkv. þessu er verzlunarjöfnuður ársins 1934 óhagstæður um 3 millj. og 700 þús. kr. Eins og oft hefir áður komið fram opinberlega, liggja ekki fyrir fullkomnar skýrslur um önnur viðskipti vor við útlönd en vörukaup og vörusölu, og má gera ráð fyrir, að greiðslur okkar til útlanda, aðrar en fyrir vörur, séu um 7—8 millj. kr. meiri en innborganir frá útlöndum, aðrar en andvirði vara. Af þessu verður því ljóst, að hagur þjóðarinnar út á við hefir versnað mjög mikið á árinu 1934, sennilega um 10—11 millj. kr., og er því ástandið í þessum efnum mjög alvarlegt.

Ástæðurnar til þess, að verzlunarjöfnuðurinn, og þá um leið greiðslujöfnuðurinn, hefir orðið svo óhagstæður árið 1934, eru að mínum dómi nokkuð margar. Mun ég geta þeirra helztu hér.

Fyrst ber þess að minnast, að í ársbyrjun 1934 voru menn alveg óvenjulega bjartsýnir. Fjölda margir trúðu því, að úr kreppunni væri að rætast og að árið 1934 myndi verða hagstæðara viðskiptaár en árin 1932 og 1933. Af þessu leiddi vitanlega það, að þeir, sem áttu að skammta innflutning landsmanna, voru bjartsýnni um úthlutun innflutningsleyfa en ella myndi, og verzlunarrekendur djarfari í vöruinnkaupum en undanfarin ár. Þessi bjartsýni í byrjun ársins átti rót sína að rekja til þeirrar verðhækkunar á aðalframleiðsluvörum landsmanna, sem varð á árinu 1933.

Þá er og rétt að geta þess, að vegna ófull-

nægjandi fyrirmæla í gildandi lögum varð ekki fyllilega ráðið við innflutninginn á árinu 1934, og hefir oft áður verið á það drepið opinberlega. Er enginn vafi á því, að af þessum orsökum hefir verið meira flutt inn af ýmiskonar varningi en góðu hófi gegndi, án þess að við það yrði ráðið.

Þá hafa viðskiptin við Suðurlönd haft nokkur áhrif í þá átt að gera verzlunarjöfnuðinn óhagstæðan, þar sem nokkuð af vörum, en þó raunar ekki mjög mikið, hefir verið flutt inn þaðan, sem hægt hefði verið að spara innflutning á, ef verzlunaraðstaðan við þessi lönd hefði leyft slíkt.

Ennfremur má geta þess, að útflutningur ársins 1934 hefir orðið minni en búizt var við í ársbyrjun, og er orsökina að finna í takmörkun innflutnings á fiski til Spánar, sem svo oft hefir verið gerð að umræðuefni, og tel ég því ekki ástæðu til að fara nánar út í það hér. En það er vitanlegt, að þessar takmarkanir hafa valdið mjög miklu um hinn óhagstæða verzlunarjöfnuð, eins og kom fram áðan, þegar skýrt var frá því, að útflutningurinn hefði orðið 2 millj. og 200 þús. kr. lægri 1934 en 1933. Ljóst varð þegar kom fram á árið 1934, að í óefni stefndi um verzlunarjöfnuð ársins, enda gerði núv. ríkisstj. ráðstafanir til þess, að dregið yrði úr úthlutun innflutningsleyfanna síðara hluta ársins, en mestur hluti innflutningsins var þá þegar ráðinn, er ráðstafanir núv. stj. gátu komið til framkvæmda. Þó var innflutningur á vefnaðarvöru hafður helmingi minni seinni hluta ársins en hinn fyrri, en þessar ráðstafanir hrukku ekki til að gera verzlunarjöfnuðinn hagstæðan, eins og rakið hefir verið hér að framan.

Nú er það öllum ljóst, að við svo búið má ekki standa, og að á ári því, sem í hönd fer, verður að draga stórkostlega úr innflutningi frá því, sem var í fyrra. Eftir öllum horfum nú, og þó einkum hinum síðustu tíðindum frá Ítalíu, er ómögulegt að áætla með fullum líkum, hverju útflutn. íslenzkra afurða muni nema á næsta ári, en hann getur farið að verðmæti niður fyrir 40 milljónir. Fari svo, þyrfti innflutningur að komast niður í ca. 32 millj., til þess að öruggt sé, að aðstaða þjóðarinnar út á við versni ekki á árinu. Þurfi að færa innflutninginn niður í 32 millj., mundi hann lækka um nál. 20 millj. frá því, sem hann væntanlega reynist 1934, eða um tæp 40%. Slíkum niðurskurði mundi óumflýjanlega fylgja gerbreyting í landinu. Vonandi verður afurðasala landsmanna ekki svo óhagstæð, að til þessa dragi, en eftir útlitinu, sem nú er, getur svo farið, og verða menn að vera við slíku búnir.

Til þess að fyrirbyggja allan misskilning, skal ég taka það fram, að ríkisstj. hefir ekki hugsað sér, að hægt sé að minnka innflutninginn svo mikið, að innflutningur véla til Sogsvirkjunarinnar geti orðið innfalinn í þeirri tölu, sem ég áðan nefndi sem hugsanlegan innflutning 1935, enda hefir verið samið um lán til Sogsvirkjunarinnar, sem endurgreiðist á 30 árum, og er því engin ástæða til þess að reikna með því, að andvirði vélanna verði tekið af eins árs framleiðslu landsmanna.

Mér þykir rétt að benda á það í þessu sambandi, þótt ég hafi raunar gert grein fyrir því áður, að minnkandi vöruinnflutningur hlýtur að hafa í för með sér mjög alvarlega skerðingu á tolltekjum ríkissjóðs, og vil ég í því sambandi benda á það, að tolla- og skattahækkanir síðasta þings voru einmitt gerðar með það fyrir augum, að vega upp á móti þeirri tekjurýrnun á árinu 1935, og eftir því, sem útlitið er nú, munu þær hækkanir alls ekki gera meira en að vega upp á móti þeirri rýrnun, og sennilega ekki vega hana upp, ef ekki rætist úr innflutningshorfum til Ítalíu frá því, sem nú er.

Þá vil ég minnast þess hér, að í sambandi við þá stefnu stj., að vinna að því að bæta greiðslujöfnuðinn við útlönd, hefir því mjög verið haldið fram af andstæðingunum, að sú stefna gæti ekki samrýmzt í framkvæmdinni þeim fjárlögum, sem stj. fékk afgr. frá síðasta þingi, og þá vitanlega ekki heldur þeim fjárl., sem nú eru lögð fyrir og í höfuðdráttum eru samin á sama grundvelli og seinustu fjárlög.

Stjórnarandstæðingar hafa haldið því fram, að með því að vinna að auknum verklegum framkvæmdum með framlögum úr ríkissjóði, og með því að auka framlög úr ríkissjóði til atvinnuveganna og auka þannig atvinnu í landinu og dreifa kaupgetunni, þá stofni stj. til svo mikillar eftirspurnar eftir erlendum varningi, að greiðslujöfnuðinum við útlönd verði ekki haldið hagstæðum. Stj. hefir hinsvegar haldið því fram, að með því að hafa örugg tök á innflutningnum ætti að vera kleift, nema útflutningserfiðleikarnir vaxi þjóðinni yfir höfuð, að koma því til vegar, að ekki verði meira til landsins flutt en hægt er að greiða af ársframleiðslu landsmanna, og að með því móti beinist kaupgetan frekar að innlendum varningi en verða myndi, ef innflutningurinn væri gefinn frjáls. Ríkisstj. heldur því þess vegna fram, að með því að dreifa kaupgetunni innanlands og halda jafnframt uppi öruggu eftirliti með vöruinnflutningi til landsins vinnist tvennt:

1) Að atvinnan í landinu aukist og atvinnuleysið þverri að sama skapi, og
2) Að meiri og betri markaður verði fyrir innlendar afurðir en ella myndi.

Auk þessa má svo benda á það, að þótt atvinnan í landinu og tekjur almennings séu auknar með framlögum úr ríkissjóði, þá myndast ekki með því í sjálfu sér nein ný kaupgeta, heldur dreifist sú kaupgeta, sem fyrir er. Það er með öllu ósannað mál, að með slíkri dreifingu kaupgetunnar aukist eftirspurn eftir erlendum varningi. Margt bendir til þess, að með því að miðla þannig þeirri kaupgetu milli margra, sem áður var hjá fáum, verði fullt svo mikið aukin eftirspurn eftir innlendum vörum. T. d. má benda á, að ef teknar eru 2—300 kr. í skatt af manni með 10 þús. kr. árslaun, og þessar krónur renna svo sem vinnulaun til fjölskyldu, sem átt hefir við þröng kjör að búa, eru mikil líkindi til, að fjölskyldan, sem þannig verður þessa fjár aðnjótandi, verji því fremur til kaupa á matvælum á innlendum markaði en maðurinn með 10 þús. kr. árslaunin, sem jafnt eftir sem áður getur veitt sér þau

innlend matvæli, sem hann girnist, en hefði haft ástæður til að eyða þessum krónum til kaupa á miður þörfum varningi frá útlöndum. Einnig finnst mér vel geta til mála komið bein afskipti í þá átt, að keyptar séu innlendar vörur fyrir hluta af því, sem fram er lagt til styrktar og atvinnuaukningar.

Því hefir verið haldið fram af stjórnarandstæðingum, að ekki myndi mögulegt að halda greiðslujöfnuðinum við útlönd í sæmilegu lagi á meðan nokkur innflutningur lánsfjár til landsins ætti sér stað. Virðist það þó liggja í augum uppi, hve fjarstæðar slíkar kenningar eru. Vitanlega stendur það yfirleitt í valdi þjóðarinnar sjálfrar, hvort hún notar ný lán, sem tekin eru, til þess að kaupa fyrir eða til þess að létta á eldri skuldum. Séu lánin notuð til þess að létta á eldri skuldum, auka þau vitanlega ekkert kaupgetuna í landinu né eftirspurnina eftir erlendum varningi. Lántökur ársins 1935 munu áreiðanlega ekki valda neinum vandkvæðum að þessu leyti, því að skuldirnar við útlönd eftir árið 1934 eru svo tilfinnanlegar hjá bönkum og öðrum, að fyllilega mun vera not fyrir lánsupphæðirnar eða tilsvarandi upphæðir til þess að létta á þeim skuldum. — Sogslánið, það er að segja sá hluti þess, sem fer til kaupa á erlendum vélum til virkjunarinnar, hefir að þessu leyti alveg sérstöðu, og hefir verið drepið á hana áður. Þrátt fyrir það, að stjórnarandstæðingar hafa þannig í öðru orðinu alltaf haldið því fram, að við innflutninginn yrði ekki ráðið til neinnar hlítar, hefir það þó alltaf komið fram í hinu orðinu, að þeir búast við því, að við hann geti að öllu leyti orðið ráðið, en þá hefir það fylgt um leið, að ef vöruinnflutningurinn væri takmarkaður svo, að framboð erlendra vara væri ekki í réttu hlutfalli við eftirspurnina í landinu, þá yrði óbærileg verðhækkun.

Ég skal ekki bera á móti því, að ef eftirspurnin verður meiri innanlands en hægt er að fullnægja með erlendum vörum, þá kunni vöruseljendur að falla fyrir freistingunni og hækka verð á vörunum, en í þessu sambandi finnst mér þó rétt að taka það fram, að víðast hvar á landinu starfa kaupfélög, sem vafalaust telja það hlutverk sitt að halda verðlagi hæfilegu.

Um leið og stjórnarandstæðingar gagnrýna á þennan hátt, sem ég nú hefi rakið, fjármálastefnu stjórnarinnar, halda þeir því fram, að einungis eitt óbrigðult ráð sé til til þess að halda greiðslujöfnuðinum við útlönd hagstæðum. Ráð þetta sé að takmarka kaupgetuna í landinu með því að skera niður verklegar framkvæmdir. Það þarf ekki að lýsa því með mörgum orðum, hverjar afleiðingar af slíkri fjármálastefnu myndu verða: Atvinnuleysi myndi aukast, kaupgeta almennings minnka, markaður fyrir allar vörur, og þar með taldar og ekki síst innlendar framleiðsluvörur, myndi stórlega versna, og yrðu það þá ekki einungis verkamenn, sem sypu seyðið af þessari stefnu, heldur einnig bændur, iðnaðarmenn og allir þeir, sem eiga afkomu sína undir því, að vörusalan innanlands gangi greiðlega. Hygg ég, að engum geti blandazt hugur um, að það er skynsamlegri stefna í þessum málum að takmarka innflutninginn með sérstökum opinberum ráðstöfunum, án þess að draga nokkuð úr kaupgetunni hjá almenningi, og fá þannig um leið aukinn og bættan markað fyrir innlendar framleiðsluvörur, heldur en að halda greiðslujöfnuðinum við útlönd hagstæðum með því að þrengja kosti almennings svo mjög, að hann eigi ekki kost vörukaupa, og stórskemma þá um leið markað fyrir innlenda framleiðslu og rýra afkomumöguleika allra þeirra, sem lifa af framleiðslu fyrir innlendan markað. Hitt er annað mál, að svo getur að ríkissjóði sorfið í sambandi við almenna fjárhagsörðugleika, að lækka þurfi framlög til framkvæmda af þeim orsökum.

Ég vænti, að það hafi nú komið greinilega fram hjá mér, að stefna stj. í þessum málum er sú, að koma jöfnuði á viðskipti okkar við útlönd. Er þetta í beinu framhaldi af því, sem ég lýsti yfir á síðasta Alþingi. Í fjárlagaræðunni á síðasta Alþingi komst ég m. a. svo að orði, þegar ég lýsti athugunum stjórnarinnar á þessum málum:

„Varð þá fyrst að slá því föstu, að innflutningur vara hlýtur að miðast við það, sem þjóðin getur borgað með andvirði þess hluta ársframleiðslu sinnar, sem seldur er til útlanda og ekki rennur til greiðslu af lánum og annara óumflýjanlegra útgjalda. Til lengdar er ekki hægt að halda áfram að stofna til skulda erlendis vegna of mikilla vörukaupa".

Hinu ber alls ekki að leyna, að til þess að stöðva skuldasöfnunina við útlönd þarf þjóðin að gera mikið átak. Það er og ljóst, að sú truflun, sem stórfelld takmörkun innflutningsins hefir á öll viðskipti, verður miklu stórfelldari vegna þess, hvernig um þessi mál hefir farið undanfarin ár. Athugið það, að 1933 seljum við vörur til útlanda fyrir 51 millj. og 800 þús. kr., og þó versnar hagur okkar um a. m. k. 3 millj., og 1934 — síðasta ár — höfum við selt vörur til útlanda fyrir um 49 millj. króna (endanlegur útflutn. reynist yfirleitt 10% hærri en samkvæmt bráðabskýrslu), og samt hefir hagur þjóðarinnar út á við versnað stórkostlega, sennilega um 10 millj. króna. Á þessu ári getum við hinsvegar jafnvel búizt við, að útflutn. okkar fari niður í 40 millj., en því fremur verður að stöðva skuldasöfnunina. Meðalútflutningur síðustu 2 ára hefir numið rúml. 50 millj. Sú upphæð hefir þó alls ekki verið látin nægja til vörukaupa og annara greiðslna. Skuldir hafa safnazt. Þær víðtæku ráðstafanir, sem gera þarf nú til þess að stórum lækkaður útflutningur verði látinn nægja til greiðslu vara og annara greiðslna til útlanda, verða vitanlega ekki sársaukalausar, en þær verða að framkvæmast. Þess er líka skylt að minnast, að þær hefðu valdið minni sársauka og ekki þurft að vera eins víðtækar, ef andvirði útflutningsvaranna undanfarið, þegar betur áraði, hefði verið látið hrökkva fyrir greiðslum þjóðarinnar.

Yfirlit það, sem ég nú hefi gefið um afkomu

ríkissjóðs á árinu 1934, og afkomu þjóðarinnar út á við á því ári, sýnir að mestu það ástand, sem ríkir í þessum málum, þegar núv. stj. tekur við. Verður það ástand að teljast alvarlegt, þar sem greiðsluhalli ríkissjóðs hefir orðið mjög verulegur, útgjöldin reynzt um 17 millj., verzlunarjöfnuðurinn við útlönd verið okkur mjög óhagstæður, þrátt fyrir meiri útflutning en búast má við á þessu ári, og afkoma okkar út á við sennilega versnað um 10—11 millj. kr. á árinu 1934.

Það fyrsta, sem ríkisstjórnin taldi, að hún yrði að snúa sér að í fjármálunum, var að gera ráðstafanir til þess að stöðva skuldasöfnun þjóðarinnar við útlönd. Hefi ég nokkuð drepið á það hér að framan. Verður slíkt vitanlega ekki létt verk, þar sem innflutningurinn þarf að færast jafnstórkostlega niður og raun er á. Þessi mikli niðurskurður á innflutningnum eykur vitanlega þá erfiðleika, sem fyrir eru á því að halda jöfnuði á tekjum og gjöldum ríkissjóðs. Á síðasta þingi tók ríkisstj. þá stefnu, að vega upp á móti væntanlegri tekjurýrnun af minnkuðum innflutningi með því að gera nokkra hækkun á sköttum og tollum og reyna að tryggja ríkissjóði svipaðar tekjur og hann hefir haft undanfarin ár, eða um 14 millj. kr. Jafnframt voru í fjárl. fyrir árið 1935 gerðar ráðstafanir til þess að halda uppi verklegum framkvæmdum.

Fjárlagafrv. það, sem hér liggur fyrir, er samið á sama grundvelli og fjárlagafrv., sem stj. lagði fyrir síðasta þing. Verklegar framkvæmdir eru svo að segja hinar sömu. Hinsvegar eru útgjöld þessa fjárlagafrv. rúml. 300 þús. kr. hærri en útgjöld frv., sem stj. lagði fyrir síðasta þing, en því nær jöfn útgjöldum gildandi fjárlaga fyrir árið 1935. — Ástæðurnar til þess, að stj. hefir orðið að hafa þetta frv. rúml. 300 þús. kr. hærra en frv. fyrir 1935, eru þær, sem nú skal greina.

Afborganir lána á árinu 1936 verða nál. 200 þús. kr. hærri en þær voru áætlaðar í fjárlagafrv. fyrir 1935. Kemur þessi hækkun þannig fram, að 1936 kemur í fyrsta skipti til greiðslu á afborgun af enska láninu frá 1930, sem nemur um 117 þús. kr. Ennfremur verður að hækka afborganir af vega- og brúargerðalánum um 40 þús. kr., og reikna verður með afborgun af láni vegna ábyrgðar fyrir síldareinkasöluna, sem nemur 50 þús. kr. Þá verður að telja afborgun af láni, sem tekið var af landssímanum til þess að reisa stuttbylgjustöð, og nemur hún um 76 þús. kr. Ennfremur eru nokkrar hækkanir á afborgunum af öðrum lánum, sem ég sé ekki ástæðu til að telja hér upp. Hinsvegar þarf ekki að reikna með afborgun af láni útvarpsstöðvarinnar hjá Marconi-félaginu, þar sem greiðslu þess láns verður lokið árið 1935, og nemur sú upphæð 124 þús. kr. Þannig nema hækkanir afborgana að frádr. lækkunum nálega 200 þús. kr., eins og áður er sagt.

Þá hefir stj. og orðið að hækka ýmsa áætlunarliði í fjárl. með tilliti til þeirrar reynslu, sem fengizt hefir á árinu 1934, en ekki lá greinilega fyrir, þegar fjárlagafrv. fyrir 1935 var samið. Þær áætlunarupphæðir eru þessar helztar: Barnakennaralaun um 40 þús. kr., tollgæzlukostnaður um 20 þús. kr., rekstrarstyrkur héraðsskóla um 20 þús. kr., lögboðið tillag til byggingarsjóða verkamanna um 20 þús. kr. og sakamálakostnaður um 20 þús. kr. Samtals um 120 þús. kr.

Þannig stendur þá á hækkun útgjaldanna frá frv. stj. í fyrra: nál. 200 þús. kr. vegna afborgana af lánum, og rúml. 100 þús. kr. vegna hækkunar áætlunarliða.

Tekjur ríkissjóðs eru í frv. áætlaðar svo að segja þær sömu og í fjárlögum fyrir yfirstandandi ár. Lá ekkert fyrir, þegar frv. var samið, sem gaf ástæðu til verulegra breytinga á þeim áætlunum. Hinsvegar hafa síðan komið mjög alvarlegar fregnir um takmarkanir fiskinnflutnings til Ítalíu. Á tímabilinu frá 19. febr. til 31. marz mun niðurfærslan nema um 80%. Ef ekki rætist úr þessu, má búast við, að ekki standist tekjuáætlanir fjárl.frv. né heldur áætlun gildandi fjárlaga, vegna minnkandi innflutnings. Er það og karlmannlegra, að taka því, þótt tolltekjurnar bregðist, heldur en að halda uppi óeðlilega háum vöruinnflutningi til þess að skapa ríkissjóði tekjur.

Stjórnarandstæðingar tala mikið um eyðslu stj. og þau háu fjárl., sem borin séu fram. Þessar ásakanir þykir stj. næsta einkennilegar, þegar þær koma frá mönnum, sem hafa borið ábyrgð á þing- og stjórnarráðstöfunum undanfarinna ára. Sjálfstfl. átti mikinn þátt í og bar vitanlega fulla ábyrgð á frágangi fjárl. fyrir árin 1933 og 1934. Það er að vísu rétt, að útgjaldahlið þessara fjárlaga var lægri en útgjaldahlið þeirra fjárlaga, sem núv. stj. leggur fyrir, en útgjaldahlið landsreikninganna fyrir þessi ár sýnir allt aðra niðurstöðu. Hún sýnir 15 millj. kr. útgjöld 1933 og 17 millj. kr. útgjöld 1934. Sjálfstæðismenn eru einnig sýnilega í hinum mestu vandræðum með afstöðu sína, og ber málflutningur þeirra þess ljósan vott. T. d. vil ég taka hér upp ummæli úr grein, sem fyrir nokkrum dögum kom í Mbl., og væntanlega kemur í Ísafold. Greinin er um fjárlögin og fjármálastefnu stjórnarinnar. Í greininni er talað um þá hækkun á útgjöldum, sem sé í þessu fjárlagafrv., sem hér liggur fyrir, miðað við frv., stj. frá í fyrra. Er á þennan hátt gerð grein fyrir útgjaldahækkunum. Blaðið spyr fyrst:

„En hvernig stendur þá á þessum gífurlegu útgjöldum á fjárlagafrumvarpinu? munu ýmsir spyrja. Svar við þeirri spurningu liggur opið fyrir. Það er uppskeran af fjármálastefnu stjórnarinnar og síðasta þings, sem er nú að koma í ljós. Það eru hin mörgu og alóþörfu lögbundnu útgjöld, sem síðasta þing samþykkti, sem nú hækka stórlega heildargjöldin á fjárlagafrumvarpinu. Það eru hin mörgu embætti, bitlingar og bein, sem falin eru í ýmsum lögum, sem nú verða að ganga fyrir framlögum til verklegra framkvæmda. Þessi alóþörfu útgjöld nema vafalaust hundruðum þúsunda króna".

Ég gerði áðan grein fyrir hinum raunverulegu orsökum hækkunarinnar. Blaðið minnist ekki á þær. Það slær því föstu, að hækkunin

sé vegna stórfelldra lögboðinna útgjalda, sem síðasta þing hafi gengið frá. Sannleikurinn er sá, að í þessu fjárlagafrv. er ekki ein einasta upphæð til hækkunar, sem nokkru máli skiptir, sem í frv. er sett samkv. fyrirmælum laga frá síðasta þingi. Ummæli blaðsins um þetta atriði eru því ósannindi, og vitanlega sett fram í þeim eina tilgangi að villa þá, sem lesa blöð Sjálfstfl. ein og trúa blint því, sem í þeim stendur. Þá er ekki síður ástæða til að minnast á skraf annara blaða. Í Framsókn er t. d. sagt þannig frá hækkun lánsheimildar handa ríkisstj., sem samþ. var af öllum flokkum nú í þingbyrjun:

„Áður en gengið var til forsetakosninga í þinginu í gær, var útbýtt frumvarpi frá fjármálaráðherra um að veita stjórninni heimild til að taka lán handa ríkissjóði allt að 11¾ millj. króna. Bærilega byrjar það".

Öll klausan er með breyttu letri. Með þessu á að gefa það í skyn, að nú ætli stj. að auka skuldir ríkissjóðs um þessa upphæð. Þó veit sá, sem klausuna ritar, jafnvel og allir þeir, sem með þessu hafa fylgzt, að lánið á að ganga til greiðslu eldri lausaskulda, undanskilið rúml. 800 þús., sem ganga væntanlega til þess að létta erfiðleikana við fisksöluna, skv. lögum um fiskimálanefnd o. fl.

Klausuritarinn veit það líka jafnvel og aðrir, að núv. ríkisstj. hefir ekki myndað þær lausaskuldir, sem greiða á með þessu láni. Hann veit og mjög vel, að Þ. Briem, 10. landsk., sem stendur að blaðinu, hefir átt drjúgan þátt í að mynda þessar skuldir. En þó að klausuritarinn viti þetta allt mjög vel, þá grunar hann, að til séu þeir meðal lesenda, sem ekki viti þetta, og því sé ómaksins vert að prófa, hvort ekki sé hægt að læða því inn hjá einhverjum, að stj. sé nú að auka ríkisskuldirnar með 11¾ millj. nýrri lántöku.

Það væri óneitanlega æskilegt, að umræður um fjármál, sem alltaf hljóta að verða nokkuð flóknar, gætu farið þannig fram, að allir byggðu á þeim tölulegu staðreyndum, sem fyrir liggja, blekkingalaust. Hitt er svo annað mál, að ágreiningur getur verið um sjálfa fjármálastefnuna.

Ef fjármálastefna stj. væri jafnfráleit og andstæðingarnir halda fram, ætti þeim einmitt að vera umhugað um að flytja hana fólkinu eins og hún raunverulega er.

Það er augljóst, að lækkun ríkisútgjaldanna frá því, sem nú er, er mjög erfitt verk, og verður ekki framkvæmt svo að nokkru verulegu nemi, nema niður verði skorin framlög til verklegra framkvæmda og til atvinnuveganna. Þau framlög ber þó vitanlega ekki að lækka nema brýn þörf sé fyrir hendi og ókleift reynist að afla fjárins handa ríkissjóði.

Annars er það mjög eftirtektarvert, hve lögbundin útgjöld ríkissjóðs eru orðin há. Ég er ekki í nokkrum vafa um það, að þetta stafar að verulegu leyti af því, að ýmsir lagabálkar hafa verið samþ., án þess að Alþingi hafi gert sér fulla grein fyrir þeim útgjöldum, sem af þeim leiddi. Reynsla undanfarinna ára í þessum efnum gefur að mínu áliti fullt tilefni til þess, að upp verði tekin sú regla, að ekkert lagafrv. verði afgr. frá Alþingi, sem útgjöld hefir í för með sér, án þess að útgjöldin séu takmörkuð við einhverja hámarksupphæð. Á síðasta þingi drap ég á, að reglu þessa yrði að taka upp. En sú uppástunga fékk ekki verulegar undirtektir. Að þessu verður þó að hverfa, til þess að ekki reki á reiðanum um afkomu ríkissjóðs.

Áður en ég lýk máli mínu um fjárlagafrv. fyrir 1936 og fjármálastefnu stj., mun ég minnast nokkrum orðum á ríkisábyrgðirnar. Stj. tók þá afstöðu á síðasta Alþingi að standa yfirleitt á móti ríkisábyrgðum. Á þessu þingi mun stj. halda fast við þá stefnu. Hefir hún ekki tekið upp í fjárlagafrv. neina nýja ábyrgðarheimild, aðeins gert ráð fyrir framlengingu tveggja ábyrgða, sem eru í gildandi fjárl. Stj. var það þegar í upphafi ljóst, að í fullt óefni var komið ábyrgðarveitingum ríkissjóðs. Við athugun á málinu nú á milli þinganna kom það í ljós, að ríkisábyrgðir voru 74 talsins og námu samtals um 27 millj. króna. Þar af eru erlend lán rúml. 25 millj. Á síðasta landsreikningi eru hinsvegar taldar 27 ábyrgðir. Hefir því vantað allmikið á, að allar væru taldar. Hinsvegar voru það þó yfirleitt hinar smáu ábyrgðir, sem á reikninginn vantaði.

Sennilega eru fá ríki svipað stödd að þessu leyti og við. Veldur því ýmislegt, en þó ekki sízt smæð þjóðarinnar og þörf fyrir erlent veltufé. Verður ekki hjá því komizt að taka upp nýjar leiðir í þessum efnum.

Þá þykir mér hlýða að skýra frá því, að á laugardaginn var gengið frá hinu fyrirhugaða ríkisláni til greiðslu á eldri skuldum, og var jafnframt notaður hluti af lánsheimild í lögum um fiskimálanefnd o. fl. Lánið er 530 þús. sterlingspund að upphæð. Vextir eru 4%, útboðsgengi 96%, kostnaður erlendis, þar á meðal stimpilgjald, 3%, og verður því útborgun til lántaka 93%. Lánið er til 35 ára og afborgunarlaust fyrstu 2 árin.

Lánið nemur um 11740 þús. ísl. kr. Að frádregnum afföllum og kostnaði um 10900 þús. Af þeirri upphæð fara um 6,7 millj. til greiðslu á lausaskuldum ríkissjóðs, sem myndazt hafa árin 1930 (1,5 millj.) og 1932—34, um 3315 þús. ganga til greiðslu á lausaskuld Útvegsbankans frá 1930—31, sem ríkissjóður var í ábyrgð fyrir. Afgangurinn, um 850 þús. kr., er því tekinn að láni samkv. lögum um fiskimálanefnd o. fl. En samkv. þeim lögum er heimilt að verja allt að einni millj. kr. til þess að styrkja nýjar verkunaraðferðir á fiski og annað, sem verða mætti til bjargar fiskframleiðslu landsmanna.

Raunverulegir vextir af láni þessu eru 4,58%. Til samanburðar má geta þess, að vextir af Sogsláninu voru um 5,35% og vextir af ríkisláninu 1930 um 6,12%. Erfiðara er að fá fullan samanburð við „konverteringarlánið", sem tekið var í fyrra. Nafnvextir á því voru 5%.

Ávinningurinn fyrir ríkissjóð við þessa lántöku er í fyrsta lagi fólginn í ca. 24 þús. kr. vaxtasparnaði á ári, miðað við vaxtagreiðslu af þeim lánum, sem fyrir voru. Í öðru lagi því, að lán til 35 ára er nú komið í stað lausra

lána, sem hægt var að segja upp svo að segja hvenær sem var.

Ég hefi nú ef til vill verið langorðari en góðu hófi gegnir og komið víðar við en sumum finnst ástæða til. En venjulega hefi ég ekki tíma til að taka þátt í hinum stöðugu blaðaumræðum um fjármál né koma á opinberan vettvang öllum þeim leiðréttingum, sem þörf væri á, og verð ég því að nota þetta tækifæri til þess að koma fram með þær skýringar og þau rök, sem mér þykir mestu máli skipta.

Áður en ég læt staðar numið vil ég taka það fram, að síðan fjárlagafrv. fyrir 1936 var samið, nú fyrir mánuði síðan, hefir viðhorfið breytzt töluvert. Síðan hafa komið fregnir um stórfelldar innflutningstakmarkanir á Ítalíu. Veit enginn, hversu fer um þann innflutnig á þessu ári. Ef ekki rætist úr frá því, sem nú horfir, rýrist fiskútflutningur okkar enn stórlega frá því, sem var í fyrra. Gæti svo farið, ef ekki fengist frekari vitneskja um fisksöluna á þessu ári, áður en til endanlegrar afgreiðslu fjárl. kæmi, að réttara þætti að draga hana þangað til síðar á árinu.

Magnús Jónsson óyfirl. : Herra forseti! Þegar hæstv. fjmrh. leggur fyrir Alþingi fjárlagafrv. fyrir yfirstandandi ár, vil ég nota tækifærið, sem gefst, til nokkurra aths. Þetta tækifæri er, frá útvarpsins hálfu, góðra gjalda vert, þótt mér hefði fundizt heppilegra að geta fengið tíma til andsvara næsta dag, því enginn möguleiki er á því að ná fullu valdi á öllum þeim tölum, sem lesnar eru upp í svo fljótu bragði, og því síður að draga af þeim fullkomnar ályktanir. Ég mun því láta ræðu hæstv. fjmrh. að mestu afskiptalausa, nema það, sem ég kem að henni ósjálfrátt, með því að lýsa fjármálaástandinu og fjármálastefnunni.

Ég undraðist það stórlega, hve ræða hæstv. fjmrh. var full af illkvittni og aðdróttunum í garð andstæðinganna, og að hann skyldi leyfa sér að skapa þann tón, að nota sinn ótakmarkaða ræðutíma til að rifja upp blaðadeilur og svara blaðagreinum, þegar öðrum er skammtaður tími til andsvara. Hygg ég, að útvarpið ætti að taka til yfirvegunar, hvort ekki ætti að breyta útvarpsreglunum svo umr. gætu orðið hlutlausari.

Ég get verið fáorður um kattarþvott hæstv. ráðh. um það, hverjum sé um að kenna, hvernig útkoma fjárhagsins er, því ég tel það sjálfsagt, að einhver af ráðherrum fyrrv. stjórnar fái leyfi til andsvara, þegar deilt hefir verið svo ódrengilega á fyrrv. fjmrh.

Það er nú óvenjustutt síðan síðasta fjárlagafrv. var lagt fram, og mætti því ætla, að fátt hefði breytzt á þeim tíma. Og eitt virðist a. m. k. óbreytt með öllu, og það er stefna hæstv. fjmrh. Hann leyfði sér þá, með þá voðalegu útsýn framundan, sem ég þá lýsti, að bera fram útgjaldahæsta fjárlagafrv., sem nokkru sinni hafði verið lagt fyrir Alþingi, leyfði sér að bera það fram og keyra það í gegnum Alþingi með talsverðum hækkunum, og lét með harðri hendi fella þær till. til lækkunar, sem sjálfstæðismenn í fjvn. báru fram. Og nú kemur ráðh. hér og leggur á borð þingsins enn hærra fjárlagafrv.

Ég vil nú spyrja: Hefir ástandið breytzt til hins betra? Eru horfurnar bjartari? Eru líkur fyrir meira gjaldþoli þegnanna og atvinnuveganna nú en í haust? Eru markaðshorfur betri? Er gjaldeyrisástandið betra? Er lánstraust landsins sterkara?

Allur landslýður veit, að engri af þessum spurningum er hægt að svara játandi. Fjmrh. getur ekki heldur gefið þessu játandi svar, enda væri það lítils virði þótt hann gerði það, þvert ofan í alla skynsemd.

Mér finnst breytingin frá því í haust öll vera á hinn bóginn, öll á öfuga veginn, öll niður á við. Og ég er ekkert hissa á því. Ef haldið er áfram á rangri braut, þá miðar alveg eðlilega í ranga átt. Ég vil nefna um þetta aðeins örlítil dæmi.

Í haust, þegar hæstv. fjmrh. hélt sína fyrstu fjárlagaræðu, gerðu margir sér góðar vonir um árangurinn af skipulagningu afurðasölunnar, sem þá var byrjað á. Það var ekki heldur haft hljótt um þá glæsilegu möguleika, sem þar væru opnaðir. Var hafinn um það heljarmikill básúnuhljómur og skrölt eins og venja er í þeim herbúðum. Löggjöf þessi var líka sett með samvinnu allra flokka, þótt trúin á hana væri nokkuð mismunandi, en útfærsla og framkvæmd öll í höndum stj., og eftir því hefir árangurinn orðið. Lögin voru verkfæri, sem lögð voru í hendur stj., en það er alkunna, að verkfæri eru misjafnlega vel notuð. Það slá ekki allir jafnmikið eða jafnvel, þótt með sama ljánum sé, og róa ekki allir jafnmikið, þótt þeir hafi sömu árina. Og ég held, að óhætt sé að segja, að á útfærslu þessara laga hafi orðið allveruleg mistök. Að vísu er ekki full reynsla fengin enn, en vonir manna eru mun lægri nú en í haust. Kjötsölulögin hafa í sumum sveitum landsins gert stórtjón, í öðrum sveitum hvorki til né frá, og jafnvel þar, sem bezt hefir gengið, mun ávinningurinn vera vafasamur.

En svo fylgdi böggull skammrifinu, og það var kauphækkun í opinberri vinnu. Sú kauphækkun nam þúsund krónum á dag og var greidd strax og affallalaust.

Um framkvæmd mjólkursölulaganna hefir verið rætt hér í útvarpið, og er því minni þörf á að tala um það hér, en svo óskaplega hefir verið með það mál farið, að nú er dunið á mjólkurverkfall hér í Rvík. Mjólkursölunefndin lætur pólitískt hatur sitja í fyrirrúmi þess að vinna skylduverk sín og situr um að rétta löðrunga að þeim, sem hún á að þjóna. Stj. hefir þannig dregið upp merkilega mynd af sér síðan í haust. — Af vonum manna um bætta afkomu við skipulagningu afurðasölunnar eru nú eftir þessar álitlegu rústir.

En hefir þá birt yfir um þá afurðasöluna, sem mestu skiptir fyrir gjaldþol landsmanna? Þar er nóg að minnast á síðustu hörmungasögurnar — lokun Ítalíumarkaðarins. Svo geigvænleg er þessi fregn ofan á annað, að enginn sér afleiðingar hennar í fljótu bragði. Ofan á takmörkun Spánarmarkaðarins, ofan á rýrnun Portúgalsmarkaðarins kemur þessi síðasta fregn eins og dauðadómur.

Það má nú náttúrlega segja, að ríkisstj. íslenzka geti ekki að þessu gert og að hún eigi engan þátt í þeim ráðstöfunum, sem gerðar eru í Suðurlöndum. En á þá að láta eins og það sé ekki til, sem ekki er hægt að gera við? Vitanlega ekki. Þeim viðburðum, sem ekki er hægt að ráða við, verður að mæta með gagnráðstöfunum. Bóndinn getur ekki að því gert, að vetur kemur eftir sumar. En það afsakar hann ekki, ef hann vanrækir að gera sínar ráðstafanir. Stj. getur ekki gert við því, þótt Miðjarðarhafslöndin takmarki innflutning sinn, en hún á ekki að svara vaxandi verzlunarörðugleikum með æ hærri og hærri álögum á þegnana og með síhækkandi útgjöldum í fjárlögum.

En er þá stj. alveg saklaus í fisksölumálunum síðan í haust? Ekki finnst öllum það. Með lögum, sem hún keyrði gegnum síðasta þing, lagði hún að velli langarðmesta fyrirtæki, sem landsmenn hafa eignazt; fyrirtæki, sem á undanförnum árum hefir veitt millj. eftir millj. króna inn í landið. En ég á þar við fisksölusamlagið. Af því að einhverjir geðillir menn í Sambandi ísl. samvinnufélaga og öðrum herbúðum stjórnarflokkanna höfðu nú fengið þá hugmynd, að samlagið væri ekki eins og þeirra geðillu kollum líkaði, þá varð að rifa það til grunna. Nú er að vísu verið að reyna að klambra við það með bráðabirgðalögum, en þetta verk verður nú ekki aftur tekið. Erfiðleikunum í markaðslöndunum er mætt með fullum glundroða í fisksölumálinu hér heima fyrir. Og fjmrh. mætir erfiðleikunum með því að bera fram hin útgjaldahæstu fjárlög.

Fjmrh. skýrði frá því, að sendimaður stj. væri nú í Englandi og hefði tekið þar lán, nærri tólf millj. króna að upphæð. Öllu þessu fé á að verja til þess að borga áfallnar skuldir innanlands og utan.

Það má vera, að stjórnarliðinu detti í hug að kenna öðrum þessa voðalegu skuldasöfnun. En ég verð að segja það, að mér er ómögulegt að skilja annað en hún hljóti að vera þeim að kenna, sem hafa farið með stjórn fjármálanna. Á árunum 1924—1927 voru sjálfstæðismenn við völd, og á þeim árum gerðist þetta ekki. Þá voru skuldir ríkisins lækkaðar um meira en þriðjung, þetta hlýtur því að hafa gerzt síðan. Og þessi ár öll hafa núv. stjórnarflokkar farið með þessi mál. En fjmrh. hampar sínu útgjaldahæsta fjárlagafrv. framan í staðreynd þessa.

Ég ætla nú ekki að orðlengja þetta, en ég ætla bara án allra æsinga að segja þetta:

Með þessu áframhaldi verðum við komnir undir fjármálaeftirlit útlendinga innan skamms tíma, kannske innan enn skemmri tíma en nokkurn varir. Og þá fáum við ekki fleiri svona há fjárlög. Þá byggjum við ekki lengur vegi eða brýr, hafnir, síma og skóla. Þá fáum við ekki lengur að sækja peninga til annara þjóða, heldur verðum að fara að borga þá.

Ég get ekki gert við því, að ég er þannig skapi farinn, að ég vildi, að við hefðum heldur sjálfir, af okkar eigin ákvörðun, tekið í taumana. Um þetta báðum við sjálfstæðismenn þjóðina fyrir síðustu kosningar. Meiri hluta kjósenda þóknaðist þá ekki að verða við þessum tilmælum okkar, enda verður nú þjóðin mest að gjalda þess sjálf, m. a. með þessum útgjaldahæstu fjárlögum ár frá ári. Þennan beiska bikar verður þjóðin nú að súpa í botn.

Út af orðrómi, sem gengið hefir hér í bænum undanfarna daga og ýmsir helztu framsóknarmenn eru bornir fyrir, um það, að núv. ríkisstj. hafi orðið að gefa einhver auðmýkjandi ókjaraloforð til þess að fá þetta lán í Englandi, vil ég taka þetta fram: Að ef svo er, að fleiri skilyrði séu gefin eða yfirlýsingar í sambandi við lántöku þessa en opinbert hefir verið, þá er slíkt gert án samþykkis Sjálfstfl.

Þá vil ég leyfa mér með nokkrum orðum að víkja að því, hve mikil áhrif kaupgetan hefir á greiðslujöfnuðinn. Þegar kaupgetan er meiri en afrakstur þjóðarbúsins, þá hallast á um greiðslujöfnuð og skuldir aukast. En sé kaupgetan minni en afraksturinn, þá verður jöfnuðurinn hagstæður og þá safnar þjóðin peningum, og þannig er það í ýmsum löndum, og það eru þau lönd, sem nú hafa peninga til þess að lána þeim, sem hafa lifað um efni fram, t. d. okkur, sem árum saman höfum haft óhagstæðan greiðslujöfnuð og tekið lán á lán ofan til þess að jafna hallann og með því haldið við því ólagi, að kaupgetan væri hærri en þjóðarbúið bæti borið.

Það er ekki á valdi stj. að halda kaupgetunni sífellt uppi. Breyting kaupgetunnar hlýtur óhjákvæmilega að koma og verður samkv. afrakstri þjóðarbúsins. Það er ekkert annað en rógur, illkvittni og fals — já, ég get naumast valið því nógu ill orð —að halda því fram, að einstakir menn séu að rýra kaupgetuna. Þetta vita líka allir, sem nokkurt vit hafa á almennum peningamálum.

Ég vil í þessu sambandi minnast á þrjár leiðir, sem liggja að því að færa niður kaupgetuna.

Sú fyrsta er, að mynt landsins fellur, en eftirspurn um erlendan gjaldeyri vex og hann hækkar að sama skapi, og ég er sannfærður um það nú, ef kaupgeta okkar væri færð niður í það, sem þjóðarbúið raunverulega getur borið, og allar óeðlilegar hömlur teknar af, að mynt okkar hríðfélli. Mundi enska pundið þá fljótlega komast upp í 30—40 krónur.

Önnur aðferðin er sú, að draga úr útgjöldunum, og ég álít, að þá leið verði að einhverju leyti að fara. Hver einasti fjmrh., sem með nokkurri aðgæzlu og fyrirhyggju athugar ástandið, dregur af fremsta mætti úr útgjöldum á fjárhagsáætlun, reynir að stemma stigu fyrir útgjöldum og leggur skattana aðallega á eyðslu manna, en ekki á tekjur, og styrkir á þann hátt þjóðarbúskapinn.

Þá er þriðja leiðin, og virðist helzt vaka fyrir hæstv. fjmrh. að velja þá leiðina, en hún er sú, að rígbinda allan gjaldeyri í nafnverði. Þetta orsakar ákafa ásókn á banka og aðrar stofnanir, sem láta peninga af hendi og sjá um yfirfærslur, unz þessar stofnanir eru komnar í greiðsluþrot. Er þá reynt að stofna til nýrra lána og ná á þann hátt í erlendan gjaldeyri, og má í því sambandi minna á nýja

lánið enska. En þetta er rétt eins og þegar sjúklingi er gefinn hitaskammtur til þess að kæla hann um stundarsakir. Veikin sjálf batnar ekki hót við það.

Hæstv. fjmrh. talaði um að bæta úr þessu með því að loka kaupgetuna inni í landinu, og muni þá renna upp sælutímar fyrir innlenda framleiðslu og ófyrirséðir möguleikar opnast um nýjar iðngreinar. En þetta er allt saman helber ósannindi og blekkingar. Við getum ekki lokað kaupgetuna inni, og við megum ekki loka hana inni. Við höfuð gert verzlunarsamning við eina þjóð og verðum að gera verzlunarsamninga við fleiri þjóðir. Við verðum að leyfa innflutning frá Spáni á öllu því, sem þaðan er hægt að kaupa og þaðan er óskað að kaupa. Og svo kemur Ítalía og leggur sinn hnefa á borðið, og við verðum að svara þeim á sama hátt — verðum að halda kaupgetunni opinni upp á gátt. En til gamans má geta þess, að þótt hægt væri að loka kaupgetuna inni, mundi stefna að því sama. Vörur mundu hækka í verði, og hækkað vöruverð er ekkert annað en grímuklædd gengislækkun. Og þó að laun hækkuðu líka, þá væri lítið gagn að því, ef allt, sem þarf að kaupa fyrir launin, hefði margfaldazt í verði, svo launahækkunin ætist upp eða meira en það. Allt þetta skraf er þannig eintóm blekking og öllum fjármálamönnum kemur saman um það, að innilokun kaupgetunnar sé raunveruleg gengislækkun.

Ég get ekki stillt mig um að koma inn á eitt aukaatriði, og það er dreifing kaupgetunnar — þannig að taka frá þeim, sem meira hefir, og færa yfir á hinn, sem minna hefir. Dreifing kaupgetunnar er fjarskalega fint orð og lætur vel í eyrum, en er hrein vitleysa, þegar reyna skal, og eingöngu til þess að herða á fjötrunum, og verkar aðeins þannig, að fjármagnið er flutt úr þeim stað, sem það dregur úr greiðsluvandræðunum, og flutt þangað, sem það herðir á þeim.

Hæstv. fjmrh. hefir nú rétt til andsvara og mun sjálfsagt nota hann líkt og í fyrra til þess að setja fram ýmsar fullyrðingar, sem mér er meinað að svara, vegna þess að útvarpið gefur mér ekki rétt til þess.

Í fyrra krafðist hann þess m. a., að ég benti á leiðir til niðurskurðar á fjárlögum. Á þessar leiðir var svo bent af sjálfstæðismönnum í fjvn. Þeir báru þá fram nokkrar lækkunartillögur, rétt eins og prófstein á vilja meirihlutaflokkanna og stjórnarinnar í þessu máli. En móttökurnar voru þær, að ekki var til neins að halda áfram.

Nú býst ég við, að hæstv. fjmrh. eigi erfiðara með að krefjast þess sama af okkur stjórnarandstæðingum. En um leið og ég minni á þetta, að ég eða minn flokkur á ekki kost á að halda uppi frekari svörum í málinu, vil ég ljúka þessum orðum mínum með ósk um, að þjóðin megi bera gæfu til að komast klaklaust út úr þessum miklu hættum, er hún nú horfist í augu við.

Héðinn Valdimarsson: Alþfl. er í öllum aðalatriðum samþykkur fjárlfrv. því, sem fyrir liggur, og öllum þeim atriðum frv., sem ráðh. flokksins hefir undirbúið. Þó vil ég taka það fram, að svo snemma á árinu er mjög erfitt að ganga frá fjárlfrv. á tímum eins og nú, þegar markaður sjávarútvegsins í Suðurlöndum er í voða. Ætti því að athuga, hvort ekki væri rétt að fresta að ganga endanlega frá fjárl. unz betra yfirlit fæst um framtíðarhorfur.

Alþfl. telur ástæðulaust við þessa umr. að fara inn á eldhúsumr. á andstöðuflokkana, eins og hv. 1. þm. Reykv., en mun við framhald þessarar umr. sýna fram á, hvernig hefir verið haldið á fjármálum og landsmálum á þeim tímum, er núv. stjórnarandstæðingar réðu ríkisstjórn, og hvaða umskipti hafa orðið á stjórnarháttum við það, að Alþfl. og Framsfl. tóku í sameiningu við ríkisstj. og gerðu samkomulag um lausn aðkallandi landsmála.

Ásgeir Ásgeirsson: Það eru nokkur atriði í ummælum hæstv. fjmrh., sem gefa mér tilefni til að leita á náðir hæstv. forseta um að fá að segja nokkur orð við þessa útvarpsumræðu. Hæstv. fjmrh. benti á ýmsar greinar fjárl., sem hafa farið fram úr áætlun, og auknar greiðslur, sem höfðu ekki verið áætlaðar í fjárl. fyrir 1934. Þetta er mjög venjulegt um fjárlagagreiðslur á öllum tímum. Og á síðasta ári hafa greiðslur yfirleitt ekki farið meira fram úr áætlun en undanfarin ár, og jafnvel miklu minna en árin fyrir 1932.

Það hefir ekki verið venja fyrr en í fyrra að taka tekjuaukalög eða útgjalda upp í fjárlög á sama þingi og þau hafa verið samþ., og það var ekki gert á þingi 1933. Ennfremur vil ég benda á það, að ýms útgjaldalög eru samþ. á þingi 1933, sem ekki voru heldur tekin upp í fjárl. þá á sama þingi eftir gamalli reglu.

En það var ekki aðallega þetta, sem gaf mér tilefni að kveðja mér hljóðs, heldur hitt, sem hæstv. fjmrh. sagði um það, hverjir bæru ábyrgðina á síðasta ári. Ég stóð 1932 í líkum sporum og hæstv. fjmrh. stendur nú; ég tók við fjmrh.embættinu á miðju sumri 1931 og átti í þingbyrjun 1932 að gefa skýrslu um afkomu fyrra árs. Greiðsluhallinn var þá um 3 millj. kr., þó um 2,5 millj. af því væri talið eignaaukning, og ekki nema um 600 þús. tekjuhalli. Þegar ég gaf þessa skýrslu, hafði ég ekki hvöt til þess né heldur möguleika að draga sundur í dilka það, sem væri á ábyrgð þeirra, sem stjórnuðu fyrra hluta árs, og okkar, sem stjórnuðum síðari hluta ársins.

Mörgum umframgreiðslum er ókleift að skipta á þann hátt. Ég vil t. d. benda á upphæðir eins og til strandferða, sem hefir farið um 240 þús. fram úr áætlun, eða landhelgisgæzlu, sem fór um 210 þús. kr. fram úr áætlun. Hvernig á að deila ábyrgðinni á þessari starfsemi, sem rekin er allt árið? Önnur stjórnin situr 5/12, en hin 7/12 hluta ársins. Hvílir ekki þessi rekstur á báðum stjórnunum? Ef skella á skuldinni á aðra stjórnina, þá verður að sýna, að útgjöldin til þessa hafi lækkað síðari hluta árs, en það var engin tilraun gerð til að sýna fram á. Á þennan hátt mætti ganga í gegnum öll fjárlögin

og tina til margar og stórar umframgreiðslur, sem samkv. hlutarins eðli eru á ábyrgð beggja stjórnanna.

Það er að vísu rétt, að ýms eldri lög voru bindandi um greiðslur utan fjárl., og lendir það á báðum stjórnum jafnt. Ég vil benda á, að þær samþykktir og lög voru gerð af þingmeirihluta síðasta árs án verulegs ágreinings, og er erfitt fyrir aðra en þá máske jafnaðarmenn að hreinsa sig af atkvgr. um þau mál. Þá vil ég taka það fram, að ekki var séð fyrir nægilegum tekjuauka i tæka tíð handa ríkissjóði.

Það var reynt 1933 og 1934. Í fyrra skiptið reyndist ekki mögulegt að fá tekjuauka, sem nægði. Út af fyrir sig var það ógæfa, að síðasta *þing skyldi háð svo seint*, að samþykkt tekjuaukalaga náði aðeins til síðara hluta ársins.

Til viðbótar þessu vil ég nefna það, að ekki er fátítt, að þau ár, sem kosningar fara fram og stjórnarskipti verða, aukist heldur umframgreiðslur.

Þá vil ég og benda á, að skv. því, sem hæstv. fjmrh. hefir gefið upp, nema umframgreiðslur til vega 650 þús. kr., og er þá ekki fjarri lagi að skýra frá því um leið, eins og hæstv. ráðh. benti á, að talsvert af þessum umframgreiðslum eru lán, sem tekin voru til vega- og brúagerða á síðastl. ári, og er mér nær að halda, að það gefi ekki rétta hugmynd að telja þessar lántökur allar til útgjaldaaukningar á árinu. Það var ætlun Alþingis, er þessar lántökuheimildir voru samþ., að lánin skiptust á mörg ár, eða allt að 8 árum, til greiðslu. Þessi heimild var samþ. á Alþingi með öllum greiddum atkv., og vitanlega eru það aðeins afborganir og vextir, sem talizt geta raunveruleg útgjöld á síðasta ári.

Þegar þessi upphæð er dregin frá útgjöldum til vegamála, er ekki annað eftir af umframgreiðslunni en 100 þús. kr. vegna kauphækkunar *nýju stjórnarinnar*, og e. t. v. annað eins vegna skemmda á vegum og brúm, er urðu af völdum vatnsflóða, eins og kunnugt er, síðastliðinn vetur. Auk þessa má nefna kreppuhjálparlögin, sem kostuðu um 900 þús. kr. útgjöld, en ekki var hægt að áætla i fjárl. af þeirri ástæðu, sem ég gat um áðan, að ekki hefir verið venja að setja útgjöld vegna sérstakra laga inn i fjárl. á sama þingi og þau voru samþ. Hér er um að ræða gjöld, sem að vísu koma til útgjalda á árinu 1934, en voru notuð til að bæta hag bænda eða afkomu þeirra. Kreppulánasjóðurinn á að vera til að bæta framtíðina, hvort sem það lánast eða ekki. Það kemur náttúrlega illa út, að bæði mjólkurbúa- og frystihúsastyrkurinn kemur allur til útborgunar á einu ári, en þetta eru hlutir, sem allir voru sammála um að reyna til að bæta hag fólksins. Þá má nefna kostnað við að breyta enska láninu frá 1931. Reyndist hann vera um ¼ millj. kr. Er í þeirri upphæð innifalið 3% af gömlum skuldabréfum og 1½% kostnaðar af breytingu lánsins, en þess ber að gæta, að þessi upphæð kemur aftur á þann hátt, að á 19 árum sparast 2 millj. Þó kemur öll greiðslan vegna lánsbreytingarinnar á árið 1934, en þægindin koma i framtíðinni og gera meira en að borga allan tekjuhalla síðasta árs.

Þá eru nokkrir útgjaldaliðir, sem áætlaðir hafa verið of lágt, t. d. jarðræktarstyrkurinn, sem var áætlaður 600 þús. kr., af því gert var ráð fyrir, að jarðabótavinna mundi minnka á árinu sökum kreppunnar. En þessi umframgreiðsla hvílir jafnt á herðum beggja stjórnanna. Sama má segja um berklavarnastyrkinn, sem hefir farið 280 þús. fram úr áætlun. Það er ómögulegt að segja, að sú hækkun stafi öll frá þeirri stj., sem sat að völdum i 7 mán., en hin, sem setið hefir 5 mán. ársins, sé saklaus.

Þá má benda á ýms óhöpp á árinu, sem óhjákvæmilegt var fyrir stjórnirnar, hvort sem er þá fyrri eða síðari, að standa straum af. *Þar hefi ég nefnt vegaskemmdir*, sem kostuðu á 2. hundr. þús. kr., og auk þess má nefna jarðskjálftana, sem ríkið hefir veitt til 145 þús. kr., og af því er 25 þús. fjárveiting frá núv. stj. Ég fyrir mitt leyti tel þá viðbót sjálfsagða, bæði þar sem samskotin jukust og gleggri skýrslur bárust um tjón það, sem af þeim hafði hlotizt. En það bendir til þess, að núv. stj. hafi ekki fundizt 120 þús. kr. of mikið, og ef fyrrv. stj. hefði ekki verið búin að lofa þeirri upphæð, hefði öll upphæðin lent á núv. stj. eftir reglum ráðherrans! Það er erfitt að sundurgreina svo, að hver fái sínar syndir í sinn poka.

Eins og sést af þessari upptalningu um greiðslur utan fjárl. vegna sérstakra heimilda frá þinginu eða ófyrirsjáanlegra óhappa, er niðurstaða ársins yfirleitt á ábyrgð beggja stjórnanna. Ég hefi talið hér fjárupphæðir, sem samtals nema greiðsluhallanum. Yfirleitt hefir öll umframgreiðsla stafað af öðrum ástæðum en stjórnarráðstöfunum i heimildar- *eða nauðsynjaleysi. Það er ekki hægt í fjárl.* að mæta t. d. ófyrirsjáanlegum hlutum eins og ketilbilun í e/s Esju, sem kostaði um 150 þús. kr. En öll útgjöld, sem nokkru nema, eru samkv. heimildum frá Alþingi utan fjárl. annaðhvort með sérstökum lögum eða þál.

Ég skal ekki fara lengra út í þessa sálma. Ég hefði ekki kvartað, þó stj. hefði komið og sagt, að við bærum sameiginlega ábyrgð á þessum umframgreiðslum, eða hefði komið með sundurliðaða skýrslu um, hvað hefði verið greitt af hvorri stjórn, en sundurliðun fjmrh. getur ekki staðizt. Útkoma síðastl. árs hefir verið slæm; því ber ekki að neita. En ég vil þó bæta því við, að ef við tökum öll árin síðan kreppan hófst, eða frá 1931, sem eru verstu kreppuár, sem yfir heiminn hafa komið, þá getum við borið okkur saman við næstum hvaða þjóð, sem vera skal í álfunni, sérstaklega þegar þess er gætt, að fyrstu árin vorum við án alls tekjuauka i ríkissjóð. Það var fyrst á næstsíðasta þingi, að *nokkur tekjuauki fékkst*, sem þó var hvergi nærri nægilegur. Ég vil óska þess, að núv. stj. takist að komast hjá greiðsluhalla á þessu ári, en það tekst aðeins fyrir hjálp okkar, sem fylgjum nauðsynlegum tekjuaukum.

Ég skal viðurkenna, að við vorum bjartsýnir fyrri hluta ársins sem leið, en þegar fram á árið kom, tók að sortna í lofti, og síðan hefir alltaf dimmt meir og meir. Það er venjulegt, að

ný stj. vilji enga fortíð hafa, og ungir menn hafa litla fortíð. Ég hygg þó, að enginn flokkur geti skafið af sér alla fortíð sína.

Við byrjuðum síðasta ár með góðum vonum, en vonirnar brugðust að mörgu leyti. Nú byrjum við árið með daufari vonum, en vel má vera, að betur rætist úr.

Þegar framtíðarútlitið er svart, er meira um vert að vera samtaka um ráðstafanir til að forða hættunum en að þexa um fortíðina. Ég hefi svo ekki orð mín fleiri, enda erfitt að gera sér fulla grein fyrir ársyfirlitinu af því að hlýða á eina ræðu.

Þorsteinn Briem [óyfirl.]: Hv. þm. V.-Ísf. fyrrv. fjmrh., hefir þegar sagt margt af því, sem ég vildi segja, og skal ég að minnstu leyti bæta við það. Ég skal ekki nota þennan tíma til að deila á núv. hæstv. stjórn; það mun gefast tækifæri til þess síðar. En ég gat ekki annað en undrazt þá ofurviðkvæmni hjá hæstv. fjmrh., þegar hann eyddi nokkrum tíma úr fjármálaræðu sinni — þeirri hátíðlegu fjármálaræðu — til þess að tala um nokkrar línur, sem stóðu í blaðinu Framsókn. Ég undraðist þetta því meir, þar sem rétt var skýrt frá um lánsfjárhæðina, sem átti að taka, 11¾ milljón. Ég veit ekki betur en að heimildin hafi hljóðað um 11¾ millj. og að það sé búið að taka 11¾ millj. að láni.

Það var mjög gott að fá frá hæstv. fjmrh. viðurkenningu fyrir því í ræðu hans, að ég hefði ætlað að greiða verðuppbót á kjötið af framleiðslu 1933; en viðurkenning þessi stakk nokkuð í stúf við orð sumra annara manna í stjórnarflokkunum, sérstaklega hans eigin flokki.

Ég get ekki borið neinn kinnroða fyrir það, þótt ég hafi greitt jarðræktarstyrkinn hærri en hann var áætlaður í fjárl. síðastl. árs. Ég get ekki gert við því, að bændur hafa séð sér fært að ráðast í meiri jarðabætur en það svartsýna þing 1933 gerði sér vonir um.

Ég get ekki heldur borið neinn kinnroða fyrir það, að útgjöld til kreppuráðstafana hafa numið allmikilli upphæð. Það voru útgjöld, sem allt Alþingi nær einróma samþ. og leit svo á, að óhjákvæmilegt væri að greiða. Ég nefni ekki einstakar undantekningar í Alþfl., því að þeirra gætti ekki mjög mikið. Þau útgjöld komu að vísu mjög tilfinnanlega við útkomu síðstl. árs, en í raun og veru mætti, eins og hæstv. fjármálaráðherra sagði, skipta þeim útgjöldum á fleiri ár.

Sá liður, sem sérstaklega tekur til þeirrar deildar, sem ég hafði yfirstjórn á, er vegamálin, þar sem helzt hefir farið fram úr áætlun. En þá er á það að líta, að vegirnir eru lífæð atvinnuveganna í sveitinni. Þeir eru skilyrði fyrir því, að bændur geti komið afurðum á markað og geti breytt búskaparlaginu frá hinum aldagamla rányrkjubúskap í nýtízku ræktunarbúskap; því að meðan vantar samgöngur, er ekki hægt að nota aðstöðuna til nýs markaðar, sem ræktunin óhjákvæmilega þarfnast. Og þó að tími fyrrv. stj. hafi verið svört kreppuár, er þó þá sögu að segja, að vegakerfi landsins hefir aukizt ekki lítið á þeim árum. Þegar fyrrv. stj. tók við, var búið að gera bílfært frá Reykjavík til Húsavíkur, og þótti mjög mikið stórvirki. En um það bil sem fyrrv. stjórn fór frá völdum, var að verða bílfært alla leið austur á Seyðisfjörð og Reyðarfjörð. Auk þess voru gerðar afskaplega miklar og kostnaðarsamar vegaframkvæmdir á Suðurlandsundirlendinu, sérstaklega á vatnasvæði Markarfljóts og Þverár. Og ég hygg, eftir fyrri ræðum og skrifum framsóknarmanna ýmissa, að þeir harmi ekki þær framkvæmdir, þó að kostað hafi þær mikið fé; því að þeir hafa mjög hælt sér fyrir að hafa komið þeim á, þó að það væri reyndar Bændaflokksmaður, sem framkvæmdi verkið.

Þessar miklu vegaframkvæmdir hafa að vísu verið gerðar fyrir lántökur, og það var meiningin að skipta þeim kostnaði niður á fleiri ár. Er þess vegna dálítið villandi, þegar hæstv. fjmrh. tekur þetta allt á eitt ár. Um lántökur til þessara sérstöku vegaframkvæmda var þingið yfirleitt nokkurn veginn sammála og gekk þar að nokkru leyti lengra en ég fór fram á, þegar ég bar fram frv. um lánsheimild til brúargerða. Ætlaðist ég þá til, að stj. fengi heimild til þess að leggja um 60 þús. kr. á ári til nýrra brúargerða, með það sérstaklega fyrir augum að geta, þar sem svo stæði á, að í fjárl. væri veitt til að brúa eina á, brúað aðra á í nánd, til þess að spara flutninga og ferðir og geta tvínotað uppslátt og þess háttar á sömu slóðum. Þetta fyrirkomulag lækkar að sjálfsögðu heildarkostnaðinn við verkið.

En þingið breytti þessu og hækkaði lánsheimildina allmikið. Vildi Alþingi láta gera mikla viðbót fyrir lánsfé, og jafna útgjöldum til nauðsynlegra viðbóta niður á fleiri ár. Á s. l. ári hefir verið talið greitt til nýbygginga þjóðvega um 340 þús. kr., en með lánsfé 201 þús. kr. Ég skal geta þess, að fyrir lá loforð um lánsfé um 50 þús. kr. í viðbót, og mun ekki talið í yfirliti hæstv. fjmrh. Hefi ég ástæðu til að ætla, að það loforð muni verða efnt, þótt síðar verði. Fjárveitingin til nýbygginga var í fjárl. fyrir 1934 210 þús. kr. Og þegar lánsféð er dregið frá, einnig það fé, sem lofað var og væntanlega kemur, þá er munurinn ekki næsta mikill. Umframgreiðsluliðirnir koma nær eingöngu á þá vegi, þar sem sérstaklega stóð á, t. d. að þyrfti að tengja saman vegarkafla eða skapa hentugri aðstöðu til markaðar, sérstaklega til þess að geta notað mjólkurbú. Skal ég nefna Dalvíkurveginn, sem gerður var til þess, að sú ágæta sveit gæti haft not af mjólkurbúi á Akureyri, enda var um mikið framlag að ræða frá sýslunni.

Ég get nefnt annan veg, sem hæstv. núv. stj. ætti ekki að kvarta yfir, að eytt hafi verið umframgreiðslu til, en það er Fjarðarheiðarvegur. Vona ég a. m. k., að einn hæstv. ráðherra fyrirgefi fyrirrennurum sínum þá eyðslu.

Þá var umframeyðsla í Skagafirði, en með sérstöku tilliti til þess, að verið er að reisa mjólkurbú. Það var mjög aðkallandi að skapa sem flestum aðstöðu til að njóta þeirrar góðu framkvæmdar, með því að leggja þar vegarvið-

bót. Kemur þetta til góða einkum Blönduhlíðinni, sem er sérstaklega mikil kúasveit.

Um viðhald og umbætur þjóðvega vil ég einnig bæta nokkrum orðum við það, sem fyrrv. fjmrh. (ÁÁ) sagði. Þessar framkvæmdir hlutu óhjákvæmilega að verða alldýrar þetta síðastl. ár, og skal ég geta um nokkrar ástæður fyrir því.

Það er í fyrsta lagi, að á árinu 1932 var sparað svo sem unnt var, vegna hins þrönga fjárhags ríkissjóðs, til viðhalds þjóðvega, og varð afgangur nokkuð verulegur af þeirri upphæð, sem til viðhaldsins var ætlað. En það hefir í för með sér óhjákvæmilega, að síðar varð að bæta úr því, sem þá vantaði á.

Ennfremur vil ég minna á það, að með vegal. frá 1933 var bætt við vegakerfi landsins um 900 km., eða vegakerfið aukið um nær þriðjung. Þessir vegir hafa margir verið af vanefnum gerðir — eða aðeins ruddir — og þeim hefir ekki verið nægilega vel haldið við undanfarin ár. Þess vegna varð þegar í stað að kosta miklu til viðhalds þeirra.

Þá get ég í þriðja lagi nefnt þá ástæðu, að skemmdir af vatnavöxtum urðu sérstaklega miklar á þjóðvegakerfinu austur 1933 og í janúar og febrúar 1934. Þetta nam geysilegri upphæð, og er lágt áætlað, að það hafa verið á annað hundr. þús. Ég skal t. d. nefna Hvítárbrú efri í Árnessýslu, sem fór að nokkru leyti í flóðunum veturinn 1934. Endurbót þar kostaði milli 20 og 30 þús. kr. Þannig var sama sagan í Borgarfirði, Norðurárdal, og svo má lengi telja.

Af þessum ástæðum öllum hlaut framlag til viðhalds þjóðvega að fara allverulega fram úr áætlun. Eftir lauslega áætlun um umframeyðslu af þessum sérstöku ástæðum virðist mér, að ef þær hefðu ekki verið fyrir hendi, hefði viðhald þjóðvega ekki farið fram úr þeirri upphæð, sem áætluð var í fjárl. 1934, sem var þó miklu lægri en oft áður og nokkuð á annað hundr. þús. kr. lægri en í núv. fjárl.

Til brúagerða hefir að vísu verið varið allmiklu meira en fjárveiting var fyrir; en þar var notuð lánsheimild, sem Alþingi hafði einróma gefið fyrrv. stj. Og að það hafi verið nauðsyn á þeim brúarframkvæmdum, má glögglega sjá af þeim mikla áhuga, sem sýndi sig frá viðkomandi héruðum, bæði um að afla lánsfjár og jafnvel leggja sýslusjóðsframlag á móti, til að reisa þessar bráðnauðsynlegu brýr. Auk þess var ekki nægilega gert ráð fyrir því, að sumar elztu brýrnar, trébrýr gerðar fyrir tugum ára, voru þegar svo úr sér gengnar, að ekki varð komizt hjá endurbyggingu. Og ég get minnt á það, að jafnvel núv. stj. komst ekki hjá að taka ákvörðun um að byggja eina brú, brúna á Álftá. Því að það getur engin stj. varið að láta þær brýr hanga uppi, sem fullkomin mannhætta er að nota.

Þá skal ég geta þess, að það brást a. m. k. eitt loforð um lán til brúargerða. Hefði samsvarandi upphæð ekki verið notuð, ef ekki hefði legið fyrir loforð. Það var frá manni, sem bauð sig fram fyrir núv. stjórnarflokk; en þegar hann komst ekki að, varð minna úr því að standa við loforðið, en það kom niður á ríkissjóði.

Hinsvegar get ég getið þess, að til sýsluvega hefir ekki verið um umframgreiðslu að ræða. Einnig get ég minnt á það, að ég gat ekki betur skilið ræðu hæstv. fjmrh. en að hann telji með greiðslu til vega þær 50—60 þús., sem eiga að ganga til malbikunar á þjóðvegarköflum. En ég veit ekki til, að farið sé að nota þær, og er líklega nokkuð óvíst, hvort nokkurn tíma verða notaðar. (**Fjmrh.**: Það á að leggja það í sjóð). Það á að leggja það í sjóð, en ég hygg það sé nokkur vafi á, að haldið verði áfram að leggja í hann. (**Fjmrh.**: Var lagt í hann þegar þm. var ráðherra?). Sjóðurinn mun reikningslega vera til. (**Fjmrh.**: Reikningslega!). Ég hygg, að hæstv. núv. stj. þurfi ekki að kasta skósum til fyrrv. stj. um meðferð sjóða. Ég hygg, að næstu stjórnir á undan þeirri, sem ég átti sæti í, hafi einstöku sinnum tekið lán úr sjóðum. Mun Framsfl. a. m. k. ekki græða á, að farið sé út í þær sakir.

Ég skal gera grein fyrir, hvers vegna ég taldi nokkra sérstaka ástæðu til að nota þá lánsheimild, sem Alþingi hafði einróma veitt til þess að auka vega- og brúargerðir í landinu.

Fyrst og fremst var nauðsyn héraðanna mjög knýjandi. Og sú nauðsyn kom mjög glögglega fram í áhuga héraðanna sjálfra. Í annan stað mátti eiga von á verulegum atvinnubótum í Sogsvirkjuninni, eins og nú er full vissa fyrir. Þess vegna myndi ekki á þessu ári verða eins knýjandi nauðsyn til þess að nota lánsheimild í atvinnubótaskyni eins og var s. l. ár.

Þar að auki sé ég ekki ástæðu til að harma, að lánsheimildin var notuð, ef litið er til þess, hve miklu ódýrari þessar framkvæmdir hafa orðið fyrir ríkissjóð í höndum fyrrv. stj. heldur en þær hefðu orðið í höndum núv. stj., þar eð hún hefir hækkað kaupið í vegavinnunni allverulega. Hæstv. fjmrh. kvað kauphækkun þessa af völdum fyrrv. stj. nema um 100 þús. kr., og mun það sízt vera of hátt áætlað. Og það eitt er nokkurn veginn skýr sönnun þess, að núv. stj. hefir ekki blöskrað útgjöld til vega, þar sem hún lét það verða eitt af sínum fyrstu verkum að bæta þessum útgjöldum ofan á.

Þriðja ástæðan fyrir því, að mér finnst ekki eftirsjón eftir því, að þessi lánsheimild var notuð, er sú, að í tíð fyrrv. stj. var ekki farið að æfa þá list, sem núv. stj. hefir æft í ríkum mæli, sem sé að beita slíkri hlutdrægni í úthlutun vegafjárins til einstakra héraða eins og nú er komið á daginn, bæði í afgreiðslu fjárl. fyrir þetta ár og í fjárlfrv. því, sem liggur fyrir þessu þingi.

Ég get aðeins minnzt á það, svona rétt sem dæmi, að til eins héraðs, þar sem stjórnarandstæðingur átti í hlut, var í fjárlagafrv. stj. ekki veittur nema 1/7 hluti af því, sem vegamálastjóri hafði lagt til. En í annari sýslu, sem einn ráðh. var þm. fyrir, var sjöföldud upphæðin, sem vegamálastjóri hafði lagt til að veita þar til vega. Svo að hér ber allmikið á milli. Og að endingu má nefna, að til einnar sýslu, Dalasýslu, hafði vegamálastjóri lagt til að veita 35

þúsundir til vega, þegar samið var fjárlfrv. það, sem nú liggur fyrir; en stj. hefir gert sér hægt um hönd og strikað þá upphæð út með öllu, svo að engum eyri verði varið til vegabóta í þeirri sýslu. Þegar þessi útkoma er borin saman við aðrar sýslur, þar sem skjólstæðingar hæstv. stj. eiga í hlut, þá kemur í ljós svo bersýnileg hlutdrægni, að flestum mun blöskra. Og munu þá margir taka undir það, að ekki sé að harma, að lánsheimild hafi verið notuð á undanförnum árum, meðan reynt var að deila réttlátlega milli héraða. Þar hafa t. d. Eyjafjarðarsýsla, Þingeyjarsýslur og Múlasýslur fengið sinn fulla skerf. Og í þessum héruðum var vegabótanna hin fyllsta þörf.

Ég hefi ekki ætlað mér að fara út í önnur mál, sem ekki snerta mig sérstaklega; en það mun gefast til þess tækifæri síðar.

Fjmrh. (Eysteinn Jónsson): Ég hefi nú ekki nema fjórðung stundar til svars öllum þeim mörgu ræðum, sem hér hafa verið fluttar, þar af tvær a. m. k. sem eldhúsumræður á núv. stj. Ég byrja á að víkja nokkrum orðum að því, sem fyrrv. fjmrh., hv. þm. V.-Ísf., sagði. Hann kvað sig enga hvöt hafa haft til þess, þegar hann var fjmrh., að reyna að draga sundur uppgerð ársins 1931 til að finna út, hvað væri sér að kenna og hvað öðrum af því, sem gert hafði verið. Þetta getur nú ef til vill verið rétt; en það skiptir allt öðru máli þá eða nú. Nú stendur svo á, að stj. tók við af samsteypustjórn, sem var studd af höfuðandstæðingum núv. stj. Og þegar núv. stj. sætir stöðugt aðkasti frá þessum sömu andstæðingum og er sökuð um að fara verr með fé en sú fyrrv., þá er ekkert einkennilegt, þó að núv. stj. sé það áhugamál að draga upp rétta mynd af því fyrir landsmönnum, hvernig hvor stj. um sig hagaði sér.

Það er rétt hjá fyrrv. fjmrh., að það er erfitt í einstökum atriðum að gera þessu skil; en þó er hægt að gera það svo greinilega í heild, að ekki skakki verulega.

Í sambandi við það, sem ég sagði um kostnað við landhelgisgæzlu og strandgæzlu, sem fór fram úr áætlun þann hlutann, sem núv. stj. starfaði, vil ég benda á það, að þeir, sem gengu frá fjárl. á sínum tíma og skipulögðu framkvæmdirnar í byrjun árins, t. d. áætlun strandferðaskipanna, þeir bera höfuðábyrgðina á því, hvernig reynsla ársins kemur heim við áætlun fjárl. Ég segi ekki, að fyrrv. stj. hafi komizt hjá sumum greiðslum, sem fóru fram úr áætlun. En ég bendi á, að þessar greiðslur eru hærri en gert var ráð fyrir í afgreiðslu fjárl. á sínum tíma, og þær áætlanir hefir núv. stj. ekki gert.

Ég hefi tekið út úr sérstaklega þær greiðslur, sem núv. stj. ber ábyrgð á og fram hafa farið síðan hún tók við völdum, til þess að fá það út, hvernig allt hefði litið út, ef þessi stj. hefði ekki tekið við, og þá er markinu náð.

Ég gerði grein fyrir öllum umframgreiðslum eins samvizkusamlega og ég gat, og þess vegna kom mér það undarlega fyrir sjónir, að fyrrv. ráðh. skyldi fara að gera nánar grein fyrir þeim, eins og ég hefði alls ekkert á þetta minnzt.

Mig furðaði á ræðu hv. 10. landsk. Hann talaði eins og ég hefði ráðizt sérstaklega freklega á hann fyrir hverja þá greiðslu, sem hann hefði látið fram fara, meðan hann var í stj. En hafi nokkur verið hér að álasa honum, þá er það hans eigin samvizka, hans vonda samvizka. Ég var ekkert að ásaka hann, ég las aðeins upp tölur. Ég var ekki að ámæla honum fyrir framlag hans til vegabóta, heldur fyrir það, að hann skyldi ekki hafa séð fyrir tekjum til að standast það framlag. (**ÞBr:** Á atvmrh. að skaffa tekjurnar?). Hann átti að fylgjast með í stj., að ekki væri eytt meiru en tekjur voru til fyrir. Það verða allir atvmrh. að gera. Það er ekki heldur skipt svo störfum milli ráðh., að einn eigi ekkert að vita um, hvað annar gerir. Ég vil benda á, að þessi ráðh. hefir ekki tekið þetta framlag til vegabóta af tekjum ríkisins, heldur tók hann lán. Þessar framkvæmdir voru því gerðar á kostnað þeirra möguleika, sem nú eru fyrir hendi til verklegra framkvæmda. Það eru 140000 kr., sem verður nú að draga úr verklegum framkvæmdum ríkisins vegna þess, að ríkið lét gera þetta fyrir lánsfé. Það lítur vel út og getur hljómað vel í eyrum sumra, að þetta og þetta hérað sjái ekki eftir, að þessi lánsheimild var notuð, en allir hljóta að sjá, að þetta kemur á kostnað verklegra framkvæmda nú, af því hvernig þessu máli var háttað í stjórnartíð þessa fyrrv. ráðh.

Hann var að tala um, að það væri einkennilegt, að öll þessi upphæð væri færð á landsreikning. Hann hefir undarlegar hugmyndir um bókfærslu. Hann ætti að vita, að ef lán er tekið, þá verður það að færast á næsta rekstrarreikning; annars sýnir reikningurinn ekki rétta útkomu. Það skiptir engu máli, hvort tekið er lán til einhverra framkvæmda eða það er tekið af rekstrartekjum ársins, ef um rekstrarútgjöld er að ræða, þá verður það að færast á sinn stað.

Þá vil ég minnast á ræðu hv. 1. þm. Reykv., en það verður að vera miklu lauslegar en ég hefði óskað, sökum tímaskorts. Hann sagði, að ég hefði misnotað ræðutíma minn með því að minnast á Morgunblaðið. Ég vil ekki viðurkenna, að ég hafi á neinn hátt misnotað ræðutíma minn, en ég tel hann hafi misnotað sinn ræðutíma með því að tala um allt annað efni en fjárlfrv., sem hér liggur nú fyrir. Hann fór að tala um afurðasölumálin, svo sem kjöt- og mjólkurmálið. Væri sannarlega gott, ef maður hefði tíma til að tala um það við hann, þó að ekki væri til annars en að segja frá því, hvernig Sjálfstfl. er nú að reyna að koma af stað mjólkurverkfalli í bænum og notar blöð sín til þess eftir mætti, þó að líti út fyrir, að það ætli ekki að takast, því að menn láta ekki hlaupa með sig í gönur.

Það, sem mest vakti eftirtekt mína í ræðu hv. þm., var það, þegar hann fór enn á ný að tala um þessi gífurlegu fjárlfrv., sem stj. beri fram. En hvað er það í sambandi við upphæðirnar á landsreikningnum, 15 millj. 1933 og 17 millj. 1934? Þá var ekki hugsað um að draga úr þessu. Þá voru þm., sem stóðu að þessum

frv., að tala um, að æskilegt væri, ef kaupgetan gæti aukizt með því að hafa útgjöldin svona há.

Það kemur dálítið einkennilega fyrir, þegar þessi hv. þm. er að tala um þær lækkanir, sem hans flokkur hefði komið með í fyrra. Það vita hvort sem er allir, að ef till. stjórnarandstæðinga hefðu verið samþ., þá hefði fjárlfrv. verið afgr. með 4800 þús. kr. tekjuhalla. Þeir beittu sér á móti svo að segja öllum skatta- og tollahækkunum og báru þar að auki fram till. um stórfelld framlög til einstakra héraða og til Skuldaskilasjóðs, svo að útkoman hefði orðið þessi, ef þessar till. þeirra hefðu allar verið samþ.

Þá vil ég benda á eitt enn, en það er afstaða flokks hans til fjármála Reykjavíkurbæjar, sem hefir vitanlega mikil áhrif á fjármál ríkisins alls. Sjálfstfl., sem hefir hér meiri hluta, gerir nú ráð fyrir, að útsvör í bænum hækki um 33%. Ef við ættum að fylgja hér sömu pólitík og þar sem þeir ráða, þá ætti að hækka ríkistekjurnar upp í rúmlega 18 millj. kr. Þannig er sparnaðurinn þar, sem þessi flokkur ræður. Ef hann meinar nokkuð með því, að kaupgetan ætti að bæta greiðslujöfnuðinn, þá mundi flokkurinn beita sér fyrir því að lækka t. d. laun hjá starfsmönnum bæjarins, sem hafa sumir um eða yfir 20000 kr., til þess að þar kæmi ekki fram óeðlileg eftirspurn eftir erlendum vörum, en ekki hefir bólað á neinum slíkum till. hér í bænum, þar sem sjálfstæðismenn ráða lögum og lofum. Hér er borguð 40% dýrtíðaruppbót á öll laun, en ríkið hefir tekið upp það ráð, undir stjórn þessara ógurlegu manna að hans dómi, að lækka dýrtíðaruppbótina verulega og fella hana alveg niður af hæstu launum. Þannig er samanburðurinn á því raunverulega í stefnu flokksins og þess, sem þeir vilja vera láta á mannfundum og í útvarpi.

Hann sagðist vilja leiða hjá sér að tala um þá uppgerð fyrir árið 1934, sem hér liggur fyrir, og get ég vel skilið það. En það verður hann að vita, sá góði maður, þó að hann óski að leiða það hjá sér, að hans flokkur hefir staðið að fjárl. þessa árs og verið með þeim frv., sem hafa haft í för með sér þau útgjöld, sem koma á landsreikninginn 1934. Kemur það ekki vel heim við þær ásakanir hans og hans flokksmanna, að núv. stj. vilji afgr. 14 millj. kr. fjárl. Það er því ekki heil brú í þessum ásökunum þeirra, því að þeir eru samábyrgir fyrir þessum útgjöldum frá því, þegar þeir fóru með völd.

Þá minntist hv. þm. á það, að nú gengju miklar sögur um það í bænum, að stj. hefði orðið að gefa niðurlægjandi yfirlýsingar í sambandi við þá lántöku, sem nú fór fram. Mér skildist, að hann vildi ímynda sér, að þessi orðrómur hefði við rök að styðjast. Ég veit, að sá orðrómur gengur í bænum, að því hefði verið lýst yfir af stj., að fleiri lán yrðu ekki tekin nema með samþykki Englendinga. Þetta er vitanlega tilhæfulaust. Hitt er annað mál, og það get ég sagt, fyrst farið er að ræða hér um þetta atriði, að þeir, sem með þessi mál fara úti í Englandi, þeir, sem veita leyfi til þess, að þar megi bjóða út lán, hafa haft áhuga fyrir að kynna sér, hvort það væri ekki ætlun þeirra, sem nú færu með völdin, að bæta úr því ófremdarástandi, sem nú er á gjaldeyrismálunum. Þeir hafa haft áhuga á að kynna sér, hvort ætti að halda áfram á þeirri braut, sem undanfarið hefir verið gengin, að flytja árlega miklu meira til landsins en hægt er að borga, og stofna þannig til stórfelldra skuldbindinga á hverju einasta ári, og í sambandi við þær athuganir að kynna sér, hvort það væri meiningin að halda áfram þessari skuldasöfnunarstefnu, fengu þeir að vita það, að það væri fullkomlega ætlun allra þeirra, sem standa að núv. stjórnarmeirihl. hér, að reyna að bæta úr þessu ófremdarástandi, eins og oft hefir verið lýst yfir í ræðum, sem um þetta hafa verið haldnar.

Ég veit ekki, hvort hv. 1. þm. Reykv. þykir nokkuð niðrandi í því, þó að það komi fram í sambandi við lánsumleitanir, að það sé fyrirhugað að ætla að hætta að safna eyðsluskuldum við útlönd, eins og gert hefir verið m. a. fyrir samþ. Sjálfstfl. Það sýnir ekki annað en að menn hafi opin augun fyrir þeim voða, sem þjóðinni er búinn af skuldasöfnun og þeim takmörkunum, sem gerðar hafa verið og er verið að gera í aðalmarkaðslöndum okkar. Það er vitanlega af þeim takmörkunum, eins og oft hefir verið komið inn á í sambandi við þessi mál, að þjóðin þarf að sýna miklu meiri sjálfsafneitun en verið hefir, og verður að taka þessi mál öðrum tökum en gert hefir verið undanfarið, þegar stjórnarandstæðingar, sem þessi hv. þm. talar fyrir, hafa haft sína aðstöðu til þess að hafa áhrif á þessi mál. (ÓTh: Hefir Framsfl. ekki farið með völd 8 undanfarin ár?). Það er rétt, Framsfl. bar líka ábyrgð á stjórnarstörfum þessi ár. En ástæðan til þess, að ég legg svo mikla áherzlu á, að stjórnarandstæðingar hafi líka borið ábyrgð á þessu, er sú, að þeir vilja skella allri ábyrgðinni á núv. stj. fyrir afleiðingar þess, sem gert var, þegar þeir voru meðábyrgir um stjórn landsins.

ATKVGR.

Frv. visað til fjvn. með 26 shlj. atkv. og umr. frestað.

Á 24. fundi í Sþ., 3. des., var fram haldið 1. umr. um frv. (A. 1, n. 671).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 27 shlj. atkv.

Frsm. 1. kafla (Jónas Guðmundsson): Ég vil aðeins óska þess f. h. fjvn., að frv. verði að lokinni þessari framhaldsumræðu vísað til 2. umr.

Forseti (JBald): Umr. verður frestað til kl. 8 í kvöld, en þá hefjast útvarpsumræður.

Þorsteinn Briem: Þetta þing, sem nú stendur yfir, var sett 15. febr. (nú er 3. des., það eru því 10 mánuðir síðan það hófst). Það var um 50 daga að verki í fyrra vetur.

Í haust hóf fjvn. störf 25. sept., síðan eru 70 dagar. Fjvn. hefir því haft frv. til fjárl. til meðferðar í allt að 17 vikum, og þingið í heild hefir setið í allt að 110 dögum.

Fram að þessu kjörtímabili hefir það vart komið fyrir, að aðalfjárveitinganefnd þingsins hafi setið lengur en 6 vikur á rökstólum, og meðalþingtími hefir verið talinn um 90 dagar.

Nú eru þingmenn fleiri en nokkru sinn fyrr.

Það er því vitað, að þetta þing, sem setið hefir svo lengi með svo marga menn og lék sér að því að senda sjálft sig heim og baka þjóðinni tvöfaldan þingfararkostnað, verður dýrasta þing, sem háð hefir verið hér.

En þingið setur met í fleiru en langri setu og kostnaðarsömu þinghaldi.

Það ætlar að afgr. fjárl. með miklu hærri gjöldum en áður hefir þekkzt, yfir 15 millj., og það leggur meiri drápsklyfjar, skatta og tolla á þjóðina en áður hefir nokkru sinni átt sér stað.

Allt er þetta gert þegar atvinnuvegirnir eru hvað mest að þrengdir.

Nú loks eftir 17 vikur skilar fjvn. áliti sínu og stjórnarliðið slöngvar samdægurs á eldhúsumræðum, svo það er enginn vegur fyrir okkur Bændafl.menn að kynna okkur það til gagnrýni frammi fyrir þjóðinni.

Eitt sést þó undir eins: Gjöld fjárl. eftir till. n. eru rúmar 14,7 millj., og við það á að bæta a. m. k. 300 þús., því að annars yrðu vegabætur stórum minni en áður.

Þrátt fyrir þessi geysiháu fjárlög er enginn eyrir ætlaður til kjötverðjöfnunarsjóðs, en gjöldin til verklegra framkvæmda skv. 16. gr. lækkuð um 300 þús., þar á meðal til Bf. Ísl., verkfærakaupasjóðs, búfjárræktar o. s. frv.

Ótalin með gjöldum eru þó stór fjárútlát, sem stjórnarliðið ætlar að samþ. á þessu þingi. — Atvinnubótastyrkurinn er ½ millj.

Fjvn. ráðgerir milljónarfjórðungs aukningu á tollum, þ. e. hækkun benzínskattsins úr 4 aurum í 8 aura.

Svo kemur stjórnarliðið og bætir enn við álögurnar sem nemur allt að milljón. Um 1 millj. og 200 þús. kr. á því að hækka álögurnar.

Það er venja, að þegar fjárl. koma úr nefnd, þá eigi stjórnarandstæðingar kost á að tala um þau mál eða framkvæmdir, er þeir vilja gagnrýna hjá ríkjandi stjórn.

Þetta er nú orðið nær eini rétturinn, sem andstæðingar núv. stjórnar hafa enn.

Því að hjá núv. stj. gildir yfirleitt sú regla, að hve gott mál eða hve þarfa tillögu, sem stjórnarandstæðingur flytur, þá er hún annaðhvort drepin eða stungið undir stól, án þess að nokkur rök komist að.

Minnir þetta hátterni meira á háttalag Fascista og Nazista og Kommunista og annara ofbeldisflokka en þinghald í lýðræðislöndum.

Utan þings er það hið harðasta, að menn í opinberri þjónustu a. m. k. megi áhættulaust tala eða koma fram í andstöðuflokki núverandi stjórnar.

Þingmenn hafa þó enn rétt til að tala og gagnrýna gerðir stjórnarinnar. Munum við Bændafl.menn nota réttinn eftir því sem tíminn leyfir. Og þá er af mörgu að taka og fleiru en tími vinnst til að drepa á í stundarræðu.

Það væri ástæða til að tala nánar um einræðisbrölt stjórnarflokksins. Hvernig allt er pínt fram, sem þeim sjálfum kemur vel, hversu sterk rök sem færð eru gegn því. Og hvernig varla nokkur till. er tekin til greina, ef hún er borin fram af andstæðing. Svo að menn hafa jafnvel orðið að fara þá leið, til að koma fram góðu máli, að fá einhvern úr stjórnarflokknum til að flytja það, og gefa honum af því heiðurinn, til þess að því væri ekki vísað á bug.

Það væri ástæða til að tala langt mál um hlutdrægni stjórnarinnar. Hvernig menn hafa verið þrautvaldir úr stjórnarinnar eigin flokkum í stöður og æti og að nýjum og nýjum jötuplássum hjá ríkissjóðnum og annarsstaðar, þar sem stj. hefir haft aðstöðu til. Hvernig hlaðið hefir verið bitling ofan á bitling, nefnd á nefnd ofan. Og hvernig starfsmannafjöldanum hefir verið hlaðið undir nefndirnar til þess að gera störfin fyrir þær, því auðvitað mega þessir nefndarmenn sjálfir ekki reyna of mikið á sig.

Það væri ástæða til þess að tala um, hvernig kostnaðinum af sumum þessum nefndum hefir verið laumað yfir á sjálfa atvinnuvegina, svo að kostnaðurinn kemur ekki á sínum tíma fram í landsreikningum. Svo að þessi þrautpínda og sligaða framleiðsla landsmanna verður ofan á allt annað að borga þetta, og það jafnvel þótt sumar þessar nefndir eða hinn ráðandi meiri hluti í þeim hafi ekki unnið framleiðslunni gagn, heldur jafnvel ógagn.

Það væri sannarlega ástæða til að tala um þetta, sem núv. hæstv. ríkisstj. hefir sýnt mestan dugnað í. En það er að koma sem mestum mannfjölda af sínum flokksmönnum og fylgifiskum að jötunni.

Það væri líka ástæða til að tala um, hvernig stjórnin hefir aflað fjárins í þessa bitlingahít.

Ég tala ekki um skattana og tollana, þessa 1½—2 millj., sem stj. fékk til viðbótar við það, sem var áður. Sú skatta- og tollaaukning, sem þá var samþ., þótt þung væri, var gefandi góðri ríkisstj., sem hefði borið framleiðsluna og atvinnuvegi landsmanna fyrir brjósti og stutt þá á allan hátt.

Ég á við það, hvernig ein heimsins mesta ólyfjan, brennivínið og annað áfengi, hefir verið látið flæða í stríðum straumum út yfir landið til þess að fá fé í ríkissjóð. Það væri ástæða til að tala um það, hvernig áfengissalan í höndum ríkisstj. hefir verið látin allt að því ferfaldast sumstaðar á landinu, eða þar, sem menn hafa fengizt til að kaupa, á sama tíma, sem gjaldeyrisvandræðin hafa verið svo hörmuleg, að ekki hefir verið hjá því komizt að neita mörgum um innflutning brýnna nauðsynja, svo sem byggingarefnis. Og á sama tíma sem innflutningsnefnd hefir látið menn á þessu sumri bíða með mannaða síldarbátana hér við Faxaflóa, einmitt þegar flóinn var fullur af síld. — Bíða aðgerðarlausa í atvinnuleysinu, ekki í nokkra daga, heldur í mánuð eftir innflutningsleyfum á nokkrum netaslöngum, sem þeir

áttu þegar komnar hér í pakkhúsin, en fengu ekki leyfi til að taka, til þess að ausa með þeim upp síldinni, sem þá stóð í nærri 50 kr. tunnan.

Ég veit, að hæstv. ríkisstj. mun taka í ríkissjóð á þessu ári um 1½ millj. kr. í ágóða fyrir brennivín og annað áfengi.

En það væri þá ástæða til að tala um, hvers vegna eiturlyf, eins og brennivín og tóbak, eru rétthærri í augum hæstv. ríkisstj. en þakjárnið yfir hlöðu bóndans, eða netin sjómannsins.

Það væri vissulega ástæða til að tala um þetta og margt fleira í fari hæstv. ríkisstj.

En ég má ekki dvelja við það, af því að annað skiptir þó enn meiru fyrir heildina.

Og það er lífsspursmálið sjálft. Það er afkoma atvinnuveganna, sem allt annað hlýtur að grundvallast á.

Það er næst heilsunni fyrir hvern mann í þessu landi, að hann hafi atvinnu. Og enginn getur fengið atvinnu eða lífsbjargræði til lengdar, já jafnvel ekki hálaunuðustu bitlingagoggarnir, nema atvinnuvegirnir geti borið sig.

Því að bjargræði allra landsmanna verður að koma og getur ekki annarsstaðar frá komið en frá atvinnuvegunum.

Atvinnuvegirnir og afkoma þeirra er því lífsspursmál allra. Lífsspursmálið, sem allt veltur á.

Að sjómaðurinn geti komizt á fleytu til að afla og aðrir að vinna að afla hans. Og að bóndinn geti haft bjargræði og arð af búi sínu. Það er þungamiðjan í öllu, því að þaðan fá allir aðrir líka sitt bjargræði, þegar rakið er til rótar. Verkamenn, iðnaðarmenn, launamenn og hæstv. ríkisstj. sjálf og allt hennar heimili.

Ég mun þess vegna ekki gagnrýna allt hið ámælisverða í fari stj. í öðrum greinum, heldur tala um aðalatvinnuvegina og framkomu stj. gagnvart þeim.

Bændafl. vill stuðla að viðgangi allra atvinnuvega í landinu. Hann vill vernda og efla iðnaðinn, enda getur hann með margvíslegu móti stutt hina atvinnuvegina. Hann vill styðja að því, að sjávarútvegurinn fái borið sig. Og hann vill bera fyrir brjósti hag sjávarútvegsbænda, eins og landbænda, svo að hvað geti stutt annað.

Um framkomu stj. gagnvart sjávarútveginum skal ég taka fram, að útvegsmálaráðh. H. G., hefir í einu verulegu atriði tekið kröfur framleiðenda til greina, og með bráðabirgðalögum hætt úr því glapræði, sem hann og stjórnarflokkurinn gerði gagnvart sölusamtökum ísl. fiskframleiðenda.

En landbúnaðarráðh. hefir ekki fylgt því dæmi útvegsmálaráðherrans, að líta á óskir framleiðendanna og bæta ráð sitt. Þess vegna mun ég aðallega tala um landbúnaðinn og framkomu stj. gagnvart honum.

Fyrrv. stj. hafði þar undirbúið mikið verk í hendur núv. stj. Hún hafði gert ráðstafanir, sem höfðu það í för með sér, að eldri lausaskuldir bænda léttust um nær 7 millj. og vextir bænda af lausaskuldum lækkuðu um þriðjung til helming.

Hún hafði lækkað almenna vexti í landinu verulega. Og hún hafði með vaxtatillagi lækkað vexti bænda af fasteignalánum niður í 4½%. En þessa vexti hækkaði núv. stj. aftur upp í 5%.

Fyrrv. stj. hafði sýnt vilja sinn á að lækka framleiðslukostaðinn, m. a. með nær ½ millj. kr. styrk til frystihúsa fyrir kjöt. Og hún hafði látið undirbúa löggjöf til umbóta á afurðasölunni innanlands, til að reyna að tryggja það, að bændur fengju framleiðsluverð fyrir afurðir sínar.

Þessi frv. um afurðasöluna voru tilbúin við stjórnarskiptin. Frv. um kjötsöluna var alveg tilbúið. En mjólkurfrv. átti aðeins eftir lítilfjörlega lögfræðilega athugun.

Þessi frv. fyrrv. stj. tók landbúnaðarráðh. og gaf út sem bráðabirgðalög.

En hann þurfti áður að spilla þeim.

Mjólkursölufrv. breytti hann á margvíslega lund, og stórum til hins verra.

En í kjötsölufrv. fyrrv. stjórnar breytti hann aðeins 2 orðum, þ. e. tók einn fulltrúa bændanna úr kjötverðlagsnefnd, en setti fulltrúa frá kaupstaðabúum í staðinn.

Þar með var höfuðtilgangi laganna stórum spillt. Því að þar með voru fulltrúar bændanna sjálfra komnir í minni hluta í kjötverðlagsnefnd, og ábrif þeirra um verðlag og annað brotin á bak aftur.

Vitanlega hafa þessi spjöll á frv. verið knúð fram af sósíalistum. En þessi undirlægjuháttur ráðh. var með öllu óþarfur, því að afurðasölufrumvörpin bæði höfðu meirihlutafylgi á þingi, þó að sósíalistar hefðu snúizt allir á móti málinu.

Og hann var því aumlegri sem ráðh. vissi, að norskir bændur hafa eintóma bændafulltrúa í sinni kjötverðlagsnefnd. En ráðh. þóttist geta boðið ísl. bændum réttleysi í stað fulls réttar hjá norskum bændum.

En þrátt fyrir þessi spjöll á frv. hafa þó kjötsölulögin gert gagn, a. m. k. fyrsta árið. Og var það m. a. því að þakka, að fyrsta árið gat ráðh. þó valið hæfan formann.

Þó var innanlandsverðið viðast lítið eða ekkert hærra en sem kauphækkun nam, svo bændur voru litlu nær fyrir því að fá framleiðsluverð til þess að búin gætu borið sig.

En svo var, hér á fyrsta verðlagssvæði, verðið dregið niður strax eftir sláturtíð, með því að neitað var um næga verðhækkun fyrir geymslu- og frystingarkostnaði og vaxtatapi, frá því að bændum var borgað kjötið út.

En sá kostnaður nemur, skv. margra ára reynslu Sf. Sl. hér í Rvík, 20 aur. á kgr., miðað við verð á I. fl. kjöti. Fyrir þessum kostnaði fékkst engin verðhækkun fram til 15. nóv. Þá fékkst loks 7 aura hækkun upp í þennan 20 aura kostnað. Og var því 13 aura tap á sölu hvers kgr., sem selt var frá 15. nóv. til 15. jan.

Þá fékkst loks 8 aura viðbótarhækkun fyrir þessum kostnaði, svo að eftir það, frá miðjum jan. og langt fram á sumar, varð að selja kjötið með 5 aura tapi á kgr.

Í þetta tap hvarf svo t. d. hjá Sf. Sl. öll gæruuppbótin, um 24 aura á kíló, eða um 30 þúsundir, og auk þess fast að sömu upphæð af

ágóða félagsins, eftir því sem einn stjórnarnefndarmaður í Sf. Sl. upplýsti hér á þingi fyrir fáum vikum.

Svo að allmikið kemur nú til frádráttar þeim gróða, sem stjórnarflokkurinn var að guma af hér austur í sýslunum í fyrra haust.

Í vor samþykkti fulltrúafundur eins samvinnufélags, sem nær yfir 5 sýslur hér í námunda, harða ályktun um þessa og aðrą framkvæmd kjötsölulaganna.

Brá þeim og heldur en ekki í brún, er þeir sáu, að ágóði félagsins, sem varið er til uppbótar á afurðirnar, hafði lækkað um 66 þúsundir frá því árið áður fyrir þessar aðferðir.

En auk þess skaðast þetta samvinnufélag stórlega á 26000 kgr. af kjötbirgðum frá f. á. nú í haust.

Stj. má því ögn draga úr guminu af gróða austanbændanna í fyrra. Því að hér var lævíslega tekið aftur mikið af þeim gróða, sem þessir bændur gátu annars haft af kjötsölulögunum.

Um framkvæmd kjötsölulaganna á þessu ári er vitað, að útborgað verð til bænda, sem nota aðalmarkaðinn innanlands, hefir lækkað. Og gremst þeim það eðlilega, að nær samtímis því, sem útflutt freðkjöt hækkar að sögn um 25%, þá lækkar verðið á innanlandsmarkaðinum.

Því að tilgangur kjötlaganna var að hækka verðið innanlands, til þess að bæta upp útflutta kjötið.

Það lítur því út fyrir, að munurinn til hins verra á framkvæmd laganna nú í ár frá í fyrra, ætli að verða í réttu hlutfalli við mannamuninn, sem nú er orðinn í formannssætinu í kjötverðlagsnefnd.

En þessi mistök, sem því miður hafa orðið í framkvæmd kjötlaganna, svo og ýmiskonar stirðbusaskapur við bændur, sem hafa erfiða aðstöðu, er vitanlega fyrst og fremst því að kenna, að fulltrúar bænda hafa ekki yfirráðin í kjötverðlagsnefnd, eins og B.fl. ætlaðist til.

Þetta var reynt að lagfæra á þingi, og þess hefir verið krafizt þrásinnis síðan, bæði um kjötlögin og mjólkurlögin. En landbúnaðarráðh. hefir þverskallazt við.

Landbúnaðarráðh. ætti því að fara að dæmi sósialistans í stj., þegar hann beygði sig fyrir kröfum fiskframleiðendanna, og beygja nú líka odd af oflæti og verða við kröfum bænda um full yfirráð yfir framkvæmd afurðasölulaganna.

Þá væri hann maður að meiri og gæti unnið landbúnaðinum stórgagn með því einu að vera ekki sjálfur, gegnum fulltrúa sinn, að vasast í framkvæmd þessara þörfu laga, sem bændur vita betur, hvernig á að framkvæma, en hann.

Þá kem ég að mjólkurlögunum. Höfuðtilgangur mjólkurlaganna — þ. e. a. s. það, sem fyrir bændum vakti með því að óska þeirrar lagasetningar, — var einkum talinn í þessum 3 atriðum:

1. Að hindra verðfall mjólkurinnar vegna óeðlilegrar samkeppni á mjólkurmarkaðinum og koma á sanngjörnum verðjöfnuði milli sölumjólkur og vinnslumjólkur.

2. Að lækka sölu- og dreifingarkostnaðinn, svo framleiðendur gætu fengið hærra nettóverð.

3. Að koma á betri verkaskiptingu mjólkurvinnslunnar, þannig að mjólkurbúin skiptu með sér verkum um framleiðslu mjólkurvörutegunda til sparnaðar á vinnu, vélum og húsum, og til meiri tryggingar um vörugæðin.

Að þessu þrennu áttu mjólkurlögin einkum að miða, samkv. óskum bænda. Er það lofsverður tilgangur og kemur þessi tilgangur fram í lögunum.

En lögin sjálf eru vitanlega eins og skinn, sem má toga á tvo vegu. Lögin setja höfuðreglurnar. En allt er undir því komið, hvernig þeim reglum er fylgt í framkvæmd. Þess vegna er framkvæmd laganna það, sem allt veltur á. — Og þar sem ríkisstj. hefir vald á meiri hluta beggja þeirra nefnda, sem um framkvæmd laganna fjalla, og hefir þar oft gripið fram í, þá ber stj. ábyrgð á framkvæmd laganna og árangri þeirra.

Fyrsta atriðið, að hindra verðfall vegna óeðlilegrar samkeppni, er tvíþætt.

Enginn mjólkurframleiðandi getur nú komið á verðfalli með því að bjóða mjólkina niður.

En það, sem bændum var réttilega bannað, það gerði stj. sjálf. Hennar fyrsta ganga í framkvæmd mjólkurlaganna var að koma á verðfallinu, sem hindra átti, lækka mjólkina niður um 2 aura á lítra í mjólkurbúð. Þessi lækkun var þvinguð á bændur áður en lögin komu til framkvæmda að öðru leyti og áður en þeir gátu að nokkru leyti notið þeirra hagsmuna, sem lögin áttu að veita þeim.

Þessi lækkun var því algerlega pólitísk, til þess gerð að þóknast sósialistaforingjunum, sem vildu geta flaggað með þessa lækkun. Ég segi flagga, því að annar gat varla talizt vinningurinn frá þeirra sjónarmiði.

Meðalheimili hér í bæ mun kaupa 2—3 lítra daglega. — Hver 2 aura lækkun nemur þá 4—6 aurum hjá meðalfjölskyldu á dag. Og er það a. m. k. algerlega hverfandi móti nýja stjórnartollinum.

Þeim, sem nú eru að hækka tolla á nauðsynjum almennings, getur því ekki vaxið sú upphæð í augum fyrir neytandans hönd.

En framleiðendur eru svo margfalt færri en neytendur, að fyrir framleiðandann horfir þetta öðruvísi við.

Hér í nærsveitum er það ekki talinn stór mjólkurframleiðandi, sem selur 50 lítra á dag.

Hver 2 aura lækkun munar bóndann þá 1 kr. á dag, 365 kr. á ári, eða ársvöxtum af 9100 kr. skuld til Kreppulánasjóðs. Þessari upphæð, sem gerði mörgum skuldugum bónda mögulegt að standa í skilum, var hann sviptur að tilhlutun hæstv. ríkisstj.

Bændur á sölusvæðinu mega því minnast þessarar fyrstu göngu landbúnaðarráðh., að koma verðfallinu á framleiðslu þeirra.

Ég ætla ekki að svo stöddu að fara út í það, sem sum mjólkurbúin deila á mjólkursölunefnd fyrir, að dreginn hafi verið fram hlutur eins bús á kostnað annara í meðferð verðjöfnunarsjóðs, eða ráðstöfun nokkurs hluta verðjöfnunargjaldsins. Mér eða öðrum gefst ef til vill tækifæri til þess síðar.

Ég skal víkja að öðrum þætti málsins.

Annar höfuðtilgangur mjólkurlaganna var að draga úr sölu- og dreifingarkostnaðinum.

Það skal strax tekið fram, að gerilsneyðingarkostnaðurinn hefir lækkað. Við það að sölumjólkin er gerilsneydd á einum stað hefir gerilsneyðingin orðið ódýrari og lækkað um 2 aura, úr 5 niður í 3 aura á lítra.

En þennan kostnað hefði mátt lækka meira, ef mjólkursölunefnd hefði haft hyggindi til að taka tilboði M. R. um að gerilsneyða mjólkina fyrir kostnaðarverð, undir fullu eftirliti, svo sem nú er komið á daginn.

Mjólkursölunefnd hafa því verið mjög mislagðar hendur um að taka ekki þessu tilboði. Og er það því óskiljanlegra, þar sem hún hafði svo sterka stoð í 7. gr. mjólkurlaganna, einmitt um þennan kostnaðarlið, þar sem ráðh. getur sett hámarksverð á gerilsneyðinguna.

En hvað er þá um sölu- og dreifingarkostnaðinn? Hefir hann ekki lækkað stórlega í höndum samsölunnar eins og til var ætlazt?

Eftir því, sem enn er fram komið, hefir þessi kostnaður ekki lækkað, heldur hækkað um $^2/_3$ eyris á hvern lítra í höndum samsölunnar!

Við árslok 1934, eða nokkru áður en samsalan hófst, var sölu- og dreifingarkostnaður M. R. þessi:

Sölugjald í búðum 4 aura, akstur 1 eyrir, skrifstofukostnaður (sbr. framkomið tilboð M. R.) $^1/_3$ eyris, eða samtals $5^1/_3$ eyris á lítra.

En hvað er þessi sölu- og dreifingarkostnaður nú í höndum samsölunnar?

Fyrir þessum kostnaði tekur samsalan 6 aura af hverjum lítra, eða $^2/_3$ eyris hærra en þessi kostnaður nam, þegar hún tók til starfa. Er þetta því óskiljanlegra, þar sem salan er nú nál. öll á einni hendi og ætti því að vera allmiklu ódýrari en á meðan hún var á margra höndum áður.

Hvort samsalan skilar nokkru af þessu sölugjaldi aftur til bænda, er óvíst. Spurzt var fyrir um þetta á fulltrúafundi nýlega, en engu svarað og engin von gefin. Og ekki er það líklegt eftir þeim reikningi, sem samsalan sendi frá sér í vor, þar sem hún varð þá að grípa til óvenjulegrar reikningsfærslu, til þess að sölukostnaðarútkoman yrði ekki enn hörmulegri.

Það má því segja, að þessi annar höfuðtilgangur mjólkursölulaganna hafi hrapallega mistekizt fyrir óheppilega framkvæmd.

Þetta er því óafsakanlegra, þar sem þess mun hafa verið kostur að fá einn kostnaðarliðinn lækkaðan þegar í upphafi um helming: Það var hægt þegar í upphafi að fá margar eða flestar brauðsölur hér í bænum til þess að taka að sér mjólkursöluna fyrir 2 aura á lítra í stað 4 aura áður. Þessum kjörum var að vísu tekið hjá nokkrum einstökum brauðbúðum, en næstum eingöngu brauðbúðum Alþýðubrauðgerðarinnar. En á móti átti mjólkursamsalan sjálf að braska með mjólkurbúðir og taka þar til sölu brauð Alþýðubrauðgerðarinnar.

Á þessum sölubúðum samsölunnar sjálfrar hlýtur tapið að vera, og svo á hinum óhemju háa skrifstofukostnaði. Annars gæti sölu- og dreifingarkostnaður ekki orðið hærri en hann var þegar samsalan byrjaði.

Vegna þessara eigin búða samsölunnar hefir því þessi kostnaður orðið 2 aurum hærri en ella á hvern lítra. En það munar á allri sölunni á annað hundrað þúsund kr. á ári.

Það er óskiljanlegt, hvers vegna þessum sparnaði var hafnað.

Hafði ekki bóndinn, sem selur frá búi sínu 50 lítra á dag, neina þörf fyrir þann hátt á 4. hundrað króna ársgróða, sem með því hefði unnizt?

Hafði hann minni þörfina á að fá þarna nægilegt fé í vexti af 9100 kr. Kreppulánasjóðsláni, — fyrir það, að ríkisstjórnin var áður búin að svipta hann sömu upphæð með því að lækka mjólkina?

Ríkisstj. leit a. m. k. svo á, að annar aðili hefði þessa fjár meiri þörf.

Hvaða aðili var það?

Það voru sósialistar! Þeir sáu sér tvo leiki á borði að auka brauðsöluna. Fyrst að draga fólk að búðum sínum með því að fá nær einir allra brauðbúða mjólkursöluna. Og þar næst með því að láta mjólkursamsöluna setja upp aðrar búðir og taka þangað brauð Alþýðubrauðgerðarinnar.

Þannig voru bændur sviptir arði í þágu þessa flokksfyrirtækis, sem orð leikur á að mjólki drjúgum í flokkssjóð.

Vegna flokkshagsmuna sósialista var því meðalmjólkurbóndi sviptur hátt á 4. hundrað kr. árstekjum með mjólkurlækkuninni. Og síðan var hann á þennan hátt einnig sviptur aftur sömu tekjuupphæð, eða samtals á 8. hundrað króna árstekjum, — aðeins með þessum tveim hrapallegu mistökum í framkvæmd laganna.

Nú liggur fyrir tilboð frá bökurum um að taka að sér mjólkursöluna fyrir 2 aura á lítra og frá Mjólkurfél. Rvíkur um að taka að sér akstur og skrifstofukostnað fyrir $1^1/_3$ eyris á lítra, eða allan sölu- og dreifingarkostnaðinn með skrifstofuhaldi fyrir $3^1/_3$ eyris á lítra samtals.

En fyrir þetta heldur samsalan eftir 6 aurum af hverjum mjólkurlítra bóndans.

Hér er þá um $2^2/_3$ eyris sparnað að ræða á hverjum lítra, eða um 150 þús. kr. samtals, frá því sem nú er.

Allir fulltrúar mjólkurframleiðenda, milli 20 og 30, hafa samþ. að nota þessa sparnaðarmöguleika, nema 3 menn, og eru 2 þeirra á launum mjólkursamsölunnar.

Maður skyldi ætla, að ríkisstj. styddi nú fast að slíkum sparnaði, sem hefði í för með sér nær 500 króna gróða frá því, sem nú er, fyrir hvern meðalbónda.

Maður skyldi ætla, að ríkisstj. fagnaði þeim 150 þús. kr. gróða, sem þetta nemur fyrir hlutaðeigandi byggðarlög.

En hvað skeður?

Eitt stjórnarblaðið svarar með svívirðingum um þá menn, sem að þessum tilboðum standa. Og stöðugt hittir maður bændur hér úr nálægum byggðarlögum og Borgarfjarðar- og Mýrasýslum, sem eru með öndina í hálsinum yfir því, hvort ríkisstj. ætli að meina þeim að fá þessar þúsundir eða ekki.

Þeir spyrja:

Er ekki nóg, að búið sé á þessum eina lið að svipta okkur á annað hundrað þúsund kr. frá því samsalan byrjaði og til þessa dags? Ætlar

stj. aðeins á þessum eina lið að svipta okkur árlega 150 þús. áfram?

Og þeir gera meira en að tæpa á því, að dýr muni þessi ríkisstj. bændastéttinni allri, ef bændur í fáum byggðarlögum verða aðeins á þessum eina lið að bíða slíkt fjárhagstjón.

Þeir tala ekki allfáir á líka lund og Framsóknarflokksbóndi einn hér skammt undan mælti fyrir nokkru:

„Svo er að okkur búið um meðferð afurðasölunnar, að jafnvel þolinmæði okkar bændanna er þrotin".

Ég hefi nú drepið á, hve hörmulega hefir tekizt að ná 1. og 2. höfuðtilgangi mjólkurlaganna, að hindra verðfallið og að lækka sölu- og dreifingarkostnaðinn.

Ég kem þá að hinum 3. höfuðtilgangi mjólkurlaganna: að koma á verkaskiptingu milli mjólkurbúanna um framleiðslu hverrar mjólkurvörutegundar. Geta slíku skipulagi fylgt margir kostir, og ættu þeir að vera öllum mönnum auðsæir.

Vísir til þessa skipulags var að nokkru leyti kominn á af sjálfu sér áður en mjólkurlögin voru sett. Þannig hafði eitt búið, Mjólkurbú Borgfirðinga, algerlega tekið að sér mjólkurniðursuðuna. Einnig hafði það komið sér upp húsrúmi og nægum og ágætum tækjum til þess að gera skyr og smjör úr allri sinni afgangsmjólk frá niðursuðunni, sem verður að vera takmörkuð vegna sölunnar.

Hinsvegar hafði M. B. ekki þurft að kosta neinu til húsa eða véla til ostagerðar, með því að eftirspurn var mjög mikil eftir skyrinu frá því búi, og hin búin höfðu bæði hús og fullkomin tæki til ostagerðar úr sinni mjólk.

Þetta var hagkvæm verkaskipting fyrir alla aðila. Og sjálfsagt að reyna að koma enn fullkomnara skipulagi á þetta. Það sparaði að nokkru leyti húsrúm og bæði dýrar vélar og vinnu, og jafnvel að nokkru fagmannahald, að hvert bú ynni þannig 1 eða 2 vörutegundir úr mjólkinni, eftir skipulagðri verkaskiptingu, í stað þess að öll búin á sölusvæðinu væru að hvotla með tilbúning allra þessara vörutegunda, sem úr mjólkinni eru unnar. Því að það er augljóst, að með því þarf hvert bú meira húsrúm, fleiri vélar og meira starfsfólk og kunnáttumenn.

Stórframleiðsla á fám stöðum verður í öllum verksmiðjuiðnaði ódýrari en smáframleiðsla á mörgum stöðum. Þess vegna var mjólkursölunefnd gefið víðtækt vald til eftirlits með því, að gætt væri fyllstu hagsýni í rekstri búanna, og lögð við há viðurlög sbr. 9. gr. laganna.

Hvernig hefir svo stj. eða meiri hluti mjólkursölunefndar í hennar umboði gætt þessa skipulagsatriðis?

Hún hefir gætt þessa skipulagsatriðis þannig, að hún hefir farið nákvæmlega þveröfugt að við það, sem lögin ætlast til.

Í stað þess að styðja og halda áfram þeirri verkaskiptingu, sem þegar hafði komizt á af sjálfu sér í þessu efni, þá hefir hún keyrt þetta skipulag aftur á bak. Og það með yfirgangi og ofbeldi!

Þannig er M. B., sem hafði öll fyllstu tæki til skyrgerðar úr sinni mjólk og þótti framleiða ágæta og mjög eftirsótta vöru, þröngvað til að koma sér upp dýrri húsviðbót til ostagerðar.

En annað mjólkurbú, sem hafði öll fullkomnustu tæki til ostagerðar fyrir alla sína mjólk, lagði aftur í mikinn kostnað við útbúnað til skyrgerðar.

Afleiðingin er, að borga þarf fernskonar útbúnað í stað tvennskonar, eða heildarkostnaður verður þarna tvöfaldur og starfskostnaður meiri í hlutfalli við afkast en ella.

En afleiðingin er ekki öll sögð:

Á fyrra búinu, því, sem er þröngvað til að búa til ostana, hafði náðst mikil leikni í skyrgerð, svo varan var eftirsótt. En síðara búinu, því sem bætti við sig skyrgerðinni, stýrði útlendingur, sem skorti leikni í íslenzkri skyrgerð. Enda hefir eftirspurnin verið eftir því. Svo að þó bannað sé að selja sumt af Borgfirðingaskyrinu fyrri en það er orðið súrt, þá hafa menn viljað súra skyrið heldur. Með því að þröngva Borgfirðingum og Mýramönnum til að auka hús sín og banna þeim að selja sumt af skyri sínu fyrr en það er orðið súrt, hefir mjólkursölunefndin unnið það eitt, að spilla skyrmarkaði hér í bænum. En fyrir mjólkurframleiðendur skiptir skyrsalan ákaflega miklu máli, þar sem hún eykur mjólkursöluna um leið.

Hér í Rvík, Hafnarfirði og öllum hinum mörgu kauptúnum við Faxaflóa var einmitt nú alveg sérstaklega gott og einstætt tækifæri til þess að auka og margfalda skyrmarkaðinn vegna innflutningshaftanna. Þegar sumpart er bannaður og sumpart takmarkaður innflutningur á efni í ýmiskonar ávaxtasúpur og grauta, sem svo mjög hafa tíðkazt í kaupstöðum, þá er alveg einstætt tækifæri til að auka markaðinn fyrir þessa hollu og ágætu innlendu vöru og þar með sjálfa mjólkina, ef rétt hefði verið að farið.

En með því að þverbrjóta tilgang laganna í þessum skipulagsatriðum, og með því að beita einn æfðasta framleiðandanna ofbeldi, hefir meiri hluta mjólkursölunefndar, með aðstoð ráðh., tekizt að minnka markaðinn, í stað þess að hægt var að auka hann stórlega.

Þannig hafa öll þrjú höfuðatriðin í tilgangi mjólkurlaganna mistekizt hörmulega í framkvæmd, enn sem komið er.

Þessi hörmulegu mistök eiga rót sína í því, að bændur sjálfir, eða þeirra fulltrúar, hafa ekki getað haft næg áhrif á framkvæmd laganna. Á þetta benti Bændafl., bæði í blaði sínu og á þingi, áður en lögin voru samþ. Þess vegna flutti og Bændafl. brtt. við mjólkurlagafrv. á þingi, í þá átt að tryggja fulltrúum bænda völdin í mjólkursölunefndinni. En við það var ekki komandi hjá stjórnarflokknum.

Af því að núv. stj. vildi ekki gefa fulltrúum bænda yfirráðin í mjólkursölunefnd, heldur hafa úrslitavaldið í höndum sinna pólitísku fulltrúa, þá hefir framkvæmd laganna ekki verið hagað með hagsmuni bændanna fyrir augum, heldur með hina þröngsýnustu hagsmuni stj. sjálfrar fyrir augum.

Af pólitískum ástæðum var mjólkurverðið lækkað og bændur þar með sviptir a. m. k. 100 þús. kr. á ársgrundvelli hér í bænum.

Af pólitískum ástæðum var sölu- og dreif-

ingarkostnaðurinn hér hækkaður, í stað þess að hægt var og hægt er að lækka hann stórlega.

Af pólitískum ástæðum voru teknir viðvaningar á hálaunum til að stjórna samsölunni hér.

Af pólitískum ástæðum var hæst launaða viðvaningnum þar borguð rifleg ráðherralaun, þótt hann væri svo mikill viðvaningur, að bráðlega þyrfti að setja annan mann, líka á ríflegum ráðherralaunum, honum til leiðbeiningar, þar til hinn gafst upp á starfinu.

Af pólitískum ástæðum hefir skrifstofukostn. einn komizt upp um 50 þús., eða 1 eyri á hvern lítra, þótt tilboð liggi fyrir um að taka hann að sér fyrir tæpar 17 þús., eða ⅓ eyris á lítrann.

Af pólitískum ástæðum hafa bændur hingað til verið sviptir 150 þús. kr. ársgróða á lækkun sölu- og dreifingar- og skrifstofukostnaðinum.

Af pólitískum ástæðum hefir verið gefið tilefni til óánægju milli búanna innbyrðis út af meðferð og skiptingu verðjöfnunargjaldsins.

Af pólitískum ástæðum hefir skipulagning á verkaskiptingu mjólkurbúanna verið keyrð aftur á bak, en ekki áfram, svo að gott skyrgerðarmjólkurbú er pínt til að auka hús sín og selja sumt af skyrinu súrt, en skyrmarkaðurinn þverr að sama skapi, þegar tækifærið var einstætt til að auka hann.

Og af allri þessari pólitísku stjórn á mjólkurmálunum og af öllu einræðisbrölti ríkisstj. í því að bola fulltrúum bændanna sjálfra frá úrslitavaldi í mjólkursölunefnd og stjórn samsölunnar hefir auðvitað leitt illt eitt.

Vér gerðum oss allir góðar vonir um árangur mjólkurlaganna. Og þar væri áreiðanlega mikill árangur fyrir löngu í ljós kominn með viturlegri framkvæmd.

En vegna þess, hve stj. hafa verið algerlega mislagðar hendur um framkvæmd laganna, hefir árangurinn brugðizt svo hörmulega sem raun er á orðin. Bændur hafa þvert á móti verið sviptir þeim kvartmillj. arði, sem augljóslega mátti þegar á fyrsta árinu hafa upp úr mjólkurlögunum.

Enginn hefir enn haft neinn hagnað af lögunum nema þeir, sem laun taka samkv. þeim. En það eitt var vissulega ekki tilgangurinn.

Borgfirðingar og austanmenn hafa enn ekki hagnazt á lögunum, jafnvel þótt þeir fái allt verðjöfnunargjaldið greitt. Og þeir, sem hér fá að selja mjólk sína, hafa allir tapað, en ekki grætt á lögunum, þegar dregið er frá það, sem tapast á vinnslumjólk.

Sumir hafa tapað litlu að vísu, eða ekki nema broti úr eyri. En allra næstu framleiðendurnir, svo sem bændurnir á bæjarlandinu, hafa líka tapað 11 aurum á lítra, og sumir jafnvel enn meiru.

Og það er lítill ávinningur, að sumir tapi, ef enginn annar fær unnið neitt við það, nema þá bitlingahirðirnar, sem margar hafa grætt og græða mikið á ýmsum lagaframkvæmdum núv. stjórnar.

Höfuðkrafan fyrir hönd bænda verður að vera sú, að bændur fái a. m. k. framleiðsluverð fyrir afurðir sínar. Þessi sjálfsagða krafa bænda hefir mætt hinu mesta skopi frá stjórnarflokkunum. Formaður Tímaflokksins sagði á þingi í fyrra, að hvergi í heiminum væri talað um framleiðsluverð. Hafði hann þó, á meðan hann var ungur í anda, skrifað um það tímaritsgrein, að framleiðsluverðið væri það eina rétta verðlag.

En nú virðist sem loks sé einhver ljósskíma að renna upp fyrir sumum stjórnarmönnum í þessu efni. Því að í einu frv.[1] sem nú liggur fyrir þinginu, um grænmetisverzlun ríkisins, stendur þó, að tryggja eigi framleiðendum framleiðsluverð.

Þetta hefir Bændafl. þá unnið á, að stjórnarliðar, sem að þessu skopuðust í fyrra, eru nú loks að ranka við sér og loksins að skilja það, sumir þeirra a. m. k., að það er ómögulegt að framleiða neitt til lengdar með tapi, og framleiðslan verður því að geta borið sig. Bændafl. vildi reyna að tryggja betta með afurðasölulögunum, en stj. drap það allt saman.

Bændafl. vildi jafnframt vinna að því, að framleiðslukostnaðurinn gæti lækkað.

Hann vildi vinna að því að auka ræktunina í landinu með því að styðja hana betur, svo sem með þriðjungi hærri styrk til framræslu og garðræktar.

Hann vildi hjálpa bændum til að spara áburðarkaup, með því að styðja þá með þriðjungi hærra framlagi til betri áburðarhirðingar.

Hann vildi tryggja betur nýting og efnavarðveizlu heyjanna, með fjórföldum styrk til votheysgerðar og tvöföldum styrk til hlöðubygginga.

Hann vildi styðja kornyrkju, vélakaup o. s. frv. Þessu frv. tók stj. með hinum mesta fjandskap.

En samhliða töluðu sósialistar um að lækka jarðræktarstyrkinn, bæði í efri deild í fyrra og nú í fjvn.

En nú fyrir skömmu, þegar stj. veit, hve miklu fylgi jarðræktarlagafrv. Bændafl. hefir náð með þjóðinni, þá þorir hún þó ekki að drepa frv. formlega og er því vísað til stjórnarinnar.

Bændafl. hefir borið fram mörg fleiri frv. til hagsbóta fyrir bændur, og hafa þau öll beint og óbeint miðað að því að lækka framleiðslukostnaðinn.

En þrátt fyrir stórhækkaða skatta og tolla, sem nema hátt á aðra millj., og þrátt fyrir 1½ millj. kr. gróða á áfenginu, þá er svarið alltaf: „Engir peningar til í svoleiðis".

Nú á enn að hækka tolla og skatta um milljón, og næstu daga mun von á enn nýju skattafrv. upp á 250—300 þús.

Samt er enn sama svarið: Engir peningar til í svoleiðis.

Jú, ofurlítið hefir stj. látið sér segjast. Hún hefir í öðru formi gengið inn á að styrkja kartöflurækt. Og hafi hún þökk fyrir hvert spor, sem hún gengur í þá átt, sem Bændafl. hefir gengið á undan!

Er þetta eitt dæmi þess, eins og kjötuppbótin í fyrra, að Bændafl. getur hrint áhugamálum sínum í áttina, þó að hann hafi enn fáa þingmenn.

Eitt stærsta atriðið til þess að bændur fái framleiðsluverð fyrir afurðir sínar, er rétt skráning krónunnar.

Menn vita, að krónan er nú þegar fallin, en henni er haldið uppi með þvingunarráðstöfunum. Þar af leiðandi fær framleiðandinn lægra

verð fyrir afurðir sínar en hann á rétt á. Framleiðandinn er skattlagður um þá upphæð, sem krónar er yfir réttu verðlagi. Og þetta er ef til vill hærri skattur á framleiðslunni en nokkur annar skattur.

Framleiðslan í Englandi fór strax að rétta við, þegar gengið var lækkað.

Framleiðslan í Danmörku sömuleiðis.

Það eru til skýrslur, sem sýna, að afrakstur búanna hefir þar alveg farið eftir gengisskráningunni síðustu 15 árin. — Arðurinn hefir lækkað, þegar krónan var rétt skráð, en horfið aftur, þegar krónan var komin hæst upp fyrir rétt verðlag.

Og hinar dönsku skýrslur sýna og annað. Þær sýna, að atvinnuleysið hefir aukizt þegar krónan var há, en minnkað þegar hún lækkaði.

Þess vegna gat sósialistaforinginn danski gengið inn á gengislækkunina, og það þó hann væri áður búinn að halda hinu gagnstæða fram.

En hér stendur stj. á móti réttri skráningu krónunnar.

Og hér hafa Tímamenn, eins og í fleiru, beinlínis brugðið loforð sín fyrir kosningarnar.

Þá lofuðu þeir að láta rannsaka gengismálið. En sú rannsókn hefir ekki farið fram enn.

Það væri þó það minnsta, að þeir héldu loforð sín í þessu atriði, sem skiptir svo mjög afkomu framleiðslunnar í landinu. Því að þjóðinni er þvi aðeins borgið, að framleiðslan fái borið sig, svo að þeir, sem hana stunda, fái fætt sjálfa sig, fætt ríkissjóðinn og alla þjóðina.

Ekkert skiptir eins miklu fyrir þjóðina eins og það, að framleiðslan fái borið sig. Ég hefi því talað um það fyrst og fremst, hversu stj. hefir brugðizt í því að styðja framleiðsluna, af því að þar reið mest á. Og henni hefði máit fyrirgefa margt, ef hún hefði haldið vel á þeim málum.

Eldhúsumræðum hefir verið hraðað, með afbrigðum frá þingsköpum, til þess að við ættum ekki kost á að kynna okkur nægilega tillögur fjárveitinganefndar og hinar fróðlegu skýrslur um launagreiðslur úr ríkissjóði.

Ég hefi hjá mér skýrslur um nær 30 nefndir, sem stj. hefir haft á fóðrunum, ásamt þeim starfsmannagrúa, sem þær hafa safnað í kringum sig.

Ég verð að sleppa þeim svartalista alveg. Hann hefði gefið efni í heila ræðu fyrir sig.

En þetta er enn stærra mál, hvernig stj. hefir brugðizt landbúnaðinum og framleiðslunni.

Hún hefir sýnt ofbeldi.

Hún hefir sýnt einræðisbrölt.

Hún hefir verið hlutdræg, bæði við einstaka menn og heil héruð, t. d. í úthlutun vegafjár.

Hún hefir eytt stórfé í nefndir og bitlinga og sýnt þar mesta dugnað.

Hún hefir veitt inn áfengi, og metið það meira en þörf sjómannsins og bóndans.

Hún hefir krafið inn hærri skatta og tolla en áður hafa þekkzt. Og hún ætlar enn að heimta inn nýja viðbótarskatta og tolla, er nema á 2. millj.

En hún vildi ekki verja einum til tveim hundruðustu hlutum af þessum tekjuauka:

Til að endurbæta jarðræktarlögin.

Til að auka og bæta ræktunina.

Til að tryggja heyaflann og spara áburðarkaup.

Til að styðja bændur betur til vélakaupa og styrkja kornyrkju.

Hún vildi engu af því fé verja til að lækka vexti af fasteignalánum bænda niður í það, sem var í tíð fyrrv. stj.

Hún hefir spillt afurðasölulögunum.

Hún hefir stórum skert árangur þeirra, með margendurteknum mistökum og óheppilegri framkvæmd.

Hún hefir staðið á móti því, að yfirstjórn afurðasölunnar kæmist í hendur framleiðenda sjálfra, til þess að þeir gætu kippt mistökunum í lag.

Þetta er því hörmulegra sem framleiðslan hefir sjaldan verið voðalegar á vegi stödd. Og það svo, að þar hefir margur hruni spáð.

En ég vil vera bjartsýnn og vona, að til þess komi aldrei, að atvinnuvegirnir hrynji.

Hitt er ekki ástæða til að harma, þótt stj. hrynji sjálf.

Ólafur Thors: Það er nú liðið rúmt ár frá því að eldhúsdagsumræður voru síðast háðar hér á Alþingi. Við þær umræður gerðum við sjálfstæðismenn grein fyrir ástandinu og horfum í þjóðmálunum, og þá eðlilega fyrst og fremst á sviði atvinnu- og fjármálalífsins. Við sýndum fram á, að Sjálfstfl. hafði forystu í nær öllum nytjamálum þingsins og sönnuðum jafnframt með mjög mörgum og ljósum dæmum, út á hve varhugaverða braut stjórnmálin voru komin undir forystu núv. valdhafa.

Sjálfstfl. mun enn á ný nota það tækifæri, sem honum býðst nú við 1. umr. fjárl., til þess að gagnrýna gerðir valdhafanna og reyna að opna almenningi í landinu útsýni yfir viðhorfið í stjórnmálunum.

Ég þarf hvorki né vil fara mörgum orðum um störf þessa þings. Það verður lengsta þing, sem hér hefir verið háð, og hefir til þessa verið lítilvirkt, og einna helzt vakið athygli fyrir það, að hér í þingsölunum hefir auk þingmanna og starfsmanna þingsins verið að flækjast gamall maður austan af Eyrarbakka, sem eitt sinn var uppbótarþingm. fyrir Bændafl., en sagði sig úr þeim flokki án þess að gera sér grein fyrir, að með því lét hann af þingmennsku. Þetta er sami maðurinn, sem form. Framsfl. lýsti fyrir síðustu kosningar með þeim orðum, að hann væri ellihnigið gamalmenni, og ráðlagði honum að hætta stjórnmálum og leggja sig eftir krossum. Það kom þess vegna öllum á óvart, að allir þingmenn beggja stjórnarflokkanna skyldu leggjast á eitt og vinna til að brjóta stjórnarskrá landsins til þess að halda þessu ellihruma gamalmenni, sem kosið var á þing sem stjórnarandstæðingur, kyrru á þingi.

Til þessa hafa menn átt erfitt með að átta sig á því, hvað fyrir stjórnarliðinu vakti, eða hverju verði gamalmennið hafði keypt fylgi andstæðinga sinna, því þing, sem ekkert gerir, þarf heldur ekkert til að gera, og virtist gamalmennið því vera meinlaust og gagnslaust.

En nú fyrir fáum dögum hefir sá sáttmáli verið opinber gerður. Stj. ætlar nefnilega að

leggja nýja skatta á þjóðina, sem nema nokkuð á aðra millj. króna, og þeir skattar eiga að samþykkjast með atkv. þessa ellihruma gamalmennis, sem situr á Alþingi þvert ofan í anda og bókstaf stjórnarskrárinnar, samkv. úrskurði þeirra manna, sem honum var falin þingseta til að berjast gegn.

Fyrir þinginu liggja ýms þörf mál frá Sjálfstfl., sem flest munu verða felld með sameiginlegum atkv. stjórnarflokkanna, en um málaflutning stjórnarflokkanna er það að segja, að margt er þar til ills, flest til lítils gagns, og það, sem til nytja mætti verða, óframkvæmanlegt eins og sakir standa, vegna fjárhags ríkissjóðs.

Slíkt þinghald sem þetta kann ekki góðri lukku að stýra. Ríkisstj. verður að gæta þess, að árlega fer virðing þjóðarinnar fyrir Alþingi þverrandi, og þó oft sé á það ráðizt langt umfram það, sem málefni standa til, þá er farsælast að játa það hreinskilnislega, að þing eins og það, sem nú er háð, er biturt og hættulegt vopn gegn þingræðinu í höndum einræðismanna.

Þegar hv. ríkisstj. tók við völdum í landinu fyrir rúmu hálfu öðru ári síðan, gaf hún þjóðinni mörg og fögur fyrirheit, og enda þótt við stjórnarandstæðingar gerðum okkur aldrei neinar tyllivonir um efndir þeirra loforða, þá verður að gera ráð fyrir, að sá minni hluti þjóðarinnar, sem vegna ranglátrar kjördæmaskipunar megnaði að lyfta valdhöfunum í hefðarsessinn, hafi byggt á þessum loforðum og beðið þess, að stj. leiddi þjóðina inn í fyrirheitna landið.

Ekki mun ég freista þess að rekja gerðir og misgerðir stj. til neinnar hlítar.

En ég ætla að víkja að því þrennu, sem ríkisstj. sjálf lagði mesta áherzlu á og mestar vonir voru tengdar við, vegna þess, að þar átti þjóðin mest undir, að vel tækist, en það er eins og flestir munu vita afurðasalan, útrýming atvinnuleysisins og fjármálin.

Ég get leitt hjá mér sölu sjávarafurðanna á erlendum markaði, en um þau mál urðu miklar deilur á þinginu í fyrra, og ekki sízt á eldhúsdeginum. Síðan hefir saltfisksölunni verið skipað sem næst því, sem við sjálfstæðismenn vildum, og þó að við að sjálfsögðu fögnum því, dettur mér ekki í hug að hælast um yfir unnum sigri, enda varðar það jafnan meiru að færa gott mál fram til sigurs en að leita eftir höggstað á andstæðingunum.

Við sjálfstæðismenn berum þó fram frv. um, að þeim 10 mönnum, sem stjórna saltfisksölunni, verði falið hlutverk fiskimálanefndar, enda bera útvegsmenn fullt traust til þeirra og krefjast, að af verði létt óþörfum kostnaði við fiskimálanefnd, sem nemur mörgum tugum þúsunda.

Um framkvæmd kjöt- og mjólkursölulaganna gegnir öðru máli, því þar hefir allt farið í hinum mesta ólestri.

Hvaðanæfa af landinu berast kvartanir út af framkvæmd kjötlaganna. Þeir, sem verðjöfnunargjaldið greiða, eru sáróánægðir og telja sig með réttu svikna í þeim viðskiptum, þar eð þeir fá ekki að njóta þess markaðs í friði, sem skatturinn átti að vera endurgjald fyrir. Og hinir, sem verðjöfnunargjaldið fá, virðast a. m. k. margir vera óánægðir út af margvíslegum ónauðsynlegum kvöðum og bönnum, og út af ýmiskonar meinbægni af hendi þeirra, er með framkvæmdirnar fara.

Það er því ekki ofmælt, að þær vonir, sem tengdar voru við þessa löggjöf, hafa herfilega brugðizt, og sýnist mér, að gerbreyta verði framkvæmd laganna, ef við á að verða unandi.

En enda þótt framkvæmd kjötlaganna hafi sætt gagnrýni, og það ekki að ástæðulausu, þá hefir þó framkvæmd mjólkursölulaganna farið miklu verr úr hendi, og sannast sagna með þeim endemum, að engu er líkara en um beinan ásetning sé að ræða.

Hefir sem kunnugt er ríkt hin mesta misklíð innan mjólkursölunefndar, og þer meiri hluti nefndarinnar, en hann skipa þeir Sveinbjörn Högnason, Egill í Sigtúnum, Hannes Jónsson dýralæknir og Guðm. R. Oddsson, einn ábyrgð á öllum afbrotum.

Þessir menn, sem settir voru til þess að gæta hagsmuna bænda, hófu starf sitt með því að lækka mjólkurverðið um 2 aura lítrann, — lækkun, sem bændurna munaði talsvert um, en neytendur mátu að engu.

Var verðlækkun sú, eins og menn rekur minni til, eingöngu gerð í því skyni að stilla til friðar milli Framsóknar og sósíalista, en einn þingmaður sósíalista hafði haft í heitingum við stj., ef mjólkurverðið yrði ekki lækkað ofan í 35 au., og er þessi verðlækkun fyrsta fórnin, sem bændur voru látnir færa á altari málskrafsmanna innan sósíalistaflokksins.

Næsta afrekið, eða öllu heldur afbrotið, var svo það, að selja sérréttindi til brauðasölu í hendur Alþýðubrauðgerðinni, — ákvörðun, sem var tekin með atkv. Guðmundar R. Oddssonar, sem sjálfur er forstjóri Alþýðubrauðgerðarinnar, en af þessu og raunar fleiru spannst löng og harðvítug deila milli Samsölunnar og neytenda, á kostnað bænda.

Samtímis voru svo gerðar ýmsar ráðstafanir, sem beinlínis miðuðu að því að rýra vörugæðin, og gegndi auk þess líks ofsa í allri málsmeðferð meiri hl. mjólkursölunefndar í garð neytenda, að fremur líktist negrum í návígi en víti bornum mönnum, sem tekið höfðu að sér að selja þessum sömu neytendum framleiðsluvöru bænda.

Sjálfstæðismenn gerðu á vorþinginu tilraunir til þess að kippa þessu í lag, með því að fá framleiðendunum sjálfum **og einum** í hendur yfirráð mjólkursölunnar, en fyrir harðvítuga andstöðu stjórnarliðsins náðu þær tilraunir eigi fram að ganga, og lágu þó fyrir óyggjandi upplýsingar um það, að vandkvæðalaust væri að jafna alla misklíð, ef framleiðendur og neytendur mættu einir eigast við um málið.

Eftir að þingi hafði verið frestað, tókst þó að ná samkomulagi milli framleiðenda og landbúnaðarráðh. um að gera tilraunir til að kippa þessu máli í lag með því að fela þeim Eyjólfi Jóhannssyni og Agli Thorarensen stjórn samsölunnar, og samtímis hefir verið reynt að sefa óánægju framleiðenda og neytenda, þar til séð væri um árangur þeirrar starfsemi.

Segir nú ekkert af þeim málum fyrr en nú nýverið, að heyrum var gert kunnugt, að Eyjólfi Jóhannssyni hefði tekizt með sínum alkunna dugnaði að útvega tilboð um það, að inna af hendi sölu, dreifingarkostnað og reikningshald mjólkurinnar fyrir 3½ aura lítrann, en fyrir þau sömu störf hefir mjólkursamsalan allt frá stofnun reiknað bændum 6 aur. lítrann, eða nær helmingi hærra, og aldrei gefið bændum neinar vonir um, að komizt yrði af með minni kostnað.

Það er nú augljóst mál, að ef mjólkursölunefndin í raun og veru bar fyrst og fremst hagsmuni bænda fyrir brjósti, hlaut hún að fagna þessum tíðindum.

Engum átti að vera betur kunnugt um langvarandi þrengingar bænda en einmitt þeim mönnum, sem settir voru til þess að gæta hagsmuna þeirra.

Engir vissu betur en einmitt þeir, að á mjólkurlögunum byggðu bændur miklar vonir um bætta afkomu, og enginn vissi betur en þeir, að eina leiðin til þess að uppfylla þær vonir var einmitt að draga úr dreifingarkostnaðinum.

Í 10 mánuði höfðu bændur mænt vonaraugum til samsölunnar, og með hverjum mánuði hafa kröfurnar um lækkun dreifingarkostnaðarins orðið háværari, án þess þó að samsalan af eigin dáð gæti leyst vandann.

En þegar svo Eyjólfur Jóhannsson finnur leiðina, þá fer þó svo fjarri að meiri hl. mjólkursölunefndar, ríkisstj. og blöð hennar unni honum sannmælis, hvað þá heldur gjaldi honum þakkir, að mjólkursölunefndin vill hvorki heyra tilboðið né sjá, en blöð ríkisstj. ráðast á Eyjólf Jóhannsson hvort í kapp við annað með allskonar vömmum og skömmum.

Ég veit ekki, hvað lengi má reyna á þolinmæði bændanna, en mér þykir ólíklegt, að þeim sé nú ekki nóg boðið, og þó raunar ofboðið, og hitt veit ég, að á gjaldþol þeirra hefir að undanförnu verið lagt svo mikið, að það má ekki við því, að hendi sé bandað á móti þeirri nær 3 aura verðlækkun á lítrann, sem nú er í boði.

Og það vil ég segja bændum, að við sjálfstæðismenn munum þreytast á því að beita okkur fyrir þeirri löggjöf, sem leggur margvíslegar kvaðir á athafna- og verzlunarfrelsi einstaklinganna, ef bændur láta stjórnmálaandstæðingum sínum og okkar haldast uppi að misnota slíka löggjöf í pólitískum tilgangi, og svipta bændur öllum þeim arði, sem við með löggjöfinni ætluðum að færa þeim.

Það var vonin um þennan arð bændum til handa, sem yfirvann eðlilega mótstöðu sjálfstæðismanna gegn þeim ógeðfelldu þvingunum, sem lögin leggja á framleiðendur og neytendur, og séu bændur rændir þeim arði, og sé ránsfengurinn á eftir notaður í pólitísku hagsmunaskyni fyrir andstæðinga okkar, neyðast sjálfstæðismenn til að breyta um stefnu í þessum málum.

Fari svo, að meiri hluti mjólkursölunefndar hafi kjark til þess að þverskallast gegn þessu stórvægilega hagsmunamáli bænda, tel ég rétt, að bændur geri annað tveggja, að krefjast þess, að lögin séu með öllu afnumin, eða taki framkvæmdina í sínar hendur, hvað sem tautar, og fari sínu fram um mjólkursöluna, til þess þannig að verða aðnjótandi hinna beztu kjara, sem í boði eru.

Það er ekki aðeins nauðsyn, heldur og lífsnauðsyn fyrir bændur.

Af kosningaloforðum ríkisstj. mun heitið um að útrýma atvinnuleysinu hafa aflað stjórnarflokkunum mests kjörfylgis. Margir, sem voru atvinnulausir, og margir, sem óttuðust, að hið sama mundi henda þá sjálfa, létu ginnast til trúnaðar á fagurgalann og fyrirheitin, og léðu stj. fylgi sitt.

Hér á landi eru opinberar skýrslur um atvinnuleysi mjög ófullkomnar, og gefa því allsendis ófullnægjandi mynd af ástandinu. Það langt, sem þær ná, sýna þær þó mikla aukningu atvinnuleysisins frá því að stj. tók við völdum, en auk þess er það á allra vitund, að atvinnuleysið hefir aukizt miklu meira en skýrslur benda til.

Það er nú auðskilið mál, að atvinna manna getur vaxið eða minnkað án þess að þar gæti áhrifa stjórnarvaldanna, til góðs eða ills. Aflabrögð, grasspretta, varðlag á erlendum markaði og margt fleira ræður þar að sjálfsögðu miklu, og aukning atvinnuleysisins þarf því út af fyrir sig ekki að vera ákæra á hendur sitjandi ríkisstj., en sú stj., sem lofar að útrýma atvinnuleysinu, gerir sig auðvitað seka um ákaflega óskynsamlega óvarfærni.

Þegar til lengdar lætur fellur þó og stendur atvinnulíf sérhverrar þjóðar með afskiptum löggjafanna og framkvæmdavaldsins af því. Þeir aðilar sníða því atvinnulífinu stakk, því nær því hver einasta lagasetning grípur að meira eða minna leyti inn í atvinnulífið, þróun þess og afkomu.

Hér á landi var nokkurt atvinnuleysi þegar stj. tók við völdum. Það hefir vaxið síðan mjög mikið, og mun þó enn fara hraðvaxandi.

Ég skal ekki fara dult með það, að ég geri hiklaust stjórnarflokkana ábyrga, ekki eingöngu fyrir þeim vexti, sem orðinn er og verða mun, heldur einnig fyrir því atvinnuleysi, sem fyrir var, vegna þess, að allt rekur þetta atvinnuleysi að langsamlega mestu leyti rætur sínar til þess aðbúnaðar, sem einstaklingsframtakið í landinu hefir átt að sæta á undanförnum árum af hendi stjórnarflokkanna.

Nýverið sagði forsætisráðh. Svía, jafnaðarmaðurinn Per Albin Hansson, frá því í blaðaviðtali, að jafnaðarmannaflokkurinn í Svíþjóð teldi það varða mestu að haga svo til allri löggjöf, að þess yrði vandlega gætt, að brjóta ekki niður einstaklingsframtakið, því öll afkoma þjóðarinnar ylti á því, að það efldist sem allra bezt.

Hér á landi myndi slík ummæli af vörum jafnaðarmannaforingja eða framsóknarmanns teljast hreinasta goðgá, enda hefir þessi viturlega meginregla jafnaðarmanna í nágrannalöndunum eigi aðeins verið virt að vettugi hér, heldur er ekkert annað sýnna en að allt hafi verið gert til þess að brjóta hana niður, og er það þó undarlegt, þegar þess er minnzt, sem allir vita, að það er einstaklingsframtakið, sem á fáum árum reif þjóðina upp úr vesaldóm og fá-

tækt og lyfti henni upp til bjargálna og menningar.

Hér á landi hefir einstaklingsframtakið átt örðuga viðureign við óbliða náttúru, en örðugri þó við íslenzka valdhafa. — Skattaálögurnar eru þyngri en dæmi eru til annarsstaðar. Fyrst tekur ríkið sinn blóðþening af öllum notaþörfum, en síðan eru lagðir háir skattar á framleiðsluvöruna, og eru sliks engin dæmi meðal annara þjóða. Græðist eitthvað í góðærum, eru tekju- og eignarskatturinn og útsvörin svo há, að í mörgum tilfellum er allur gróðinn tekinn, og jafnvel meira en það, en þeir framleiðendur fram kveinstafi sína um það, að þeir séu að kikna undan skattþunganum og hinu lága afurðaverði, þá hafa þær raddir þegar í stað verið kæfðar með hrópyrðum háværra lýðskrumara, sem hatast við allt einstaklingsframtak og vilja drepa það niður af því þeir sjá alltaf ofsjónum og öfundast af öllu, sem þeir óttast, að náunginn eigi eða geti eignazt.

Ofan á þetta allt er svo bætt öfund, úlfúð og heiptugum árásum. Sá, sem glímir við örðugleikana með sæmilegum árangri, er blóðsuga, en ef örðugleikarnir buga hann, er hann hæddur, spottaður og svívirtur á alla lund. Svo langt hefir heiftin gengið, að menn, sem vilja láta kalla sig leiðtoga í stjórnmálum, hafa látið sér sæma að viðhafa þau orð, að íslenzkir útvegsmenn hafi verið þjóðinni til meiri bölvunar en „eldgos, hallæri og drepsóttir til samans".

Þessu verra er þó hitt, að hver sá, sem í dag hefst handa, verður að vera við því búinn, að hið opinbera grípi fram fyrir hendur hans á morgun, með hverskonar bönnum og höftum, sem ýmist gera atvinnurekstur hans óarðbæran eða banna hann með öllu, og leggst slíkt öryggisleysi með lamandi þunga á sjálfsbjargarhvöt einstaklingsins og dregur úr allri viðleitni til að hefjast handa á sviði atvinnulífsins.

Af því að stærri stjórnarflokkurinn til þessa hefir þótzt vera flokkur bændanna, skal ég aðeins minnast fáum orðum á, hvernig hann býr að einkaframtakinu á sviði landbúnaðarins.

Ég hefi þegar sýnt fram á, að framkvæmd kjöt- og mjólkursölulaganna fer svo illa úr hendi, að bændur bíða stórhnekki við, en það dregur að sjálfsögðu úr hug manna til að stunda búskap.

Við þetta bætir svo stj. því, að hún stórhækkar kaupið í opinberri vinnu, en afleiðing þess er annarsvegar sú, að bændur geta enga aðkeypta vinnukrafta notað við búskapinn, af því að afurðaverðið leyfir ekki svo hátt kaupgjald, en hinsvegar dregur þetta háa kaupgjald hugi æskumanna í sveitunum frá búskapnum, blátt áfram af því, að þeir sjá, að það er miklu arðvænlegra að vinna hjá ríkinu en að yrkja jörðina.

Þessu næst leggur svo ríkið fram hálfa millj. á ári til atvinnubótavinnunnar, og dregur það að sjálfsögðu enn frá landbúnaðinum, og loks er svo nýjasta bjargráðið, að Framsfl. lætur sósíalista kúga sig til að koma hér á stofn fyrir ríkisreikning atvinnuleysistryggingum, sem bændur eiga að borga með hækkuðum sköttum á notaþarfir sínar.

Stjórnin hefir þannig á alla lund stofnað til samkeppni við landbúnaðinn.

Og stundin er vel valin. — Hinar óvenjulegu þrengingar bænda draga að sjálfsögðu kjarkinn úr mörgum manninum, og það er því ekki nema eðlilegt, að hann standist illa freistingar ríkisvaldsins, sem fyrst býður honum hærra kaup í sumarvinnunni, opnar honum síðan leið til þess að flytja sig í kaupstaðinn og fá þar atvinnubótavinnu, og hefir nú loks bætt því síðasta ofan á, að bjóða mönnum, sem til kaupstaðanna vilja flytjast, upp á, að þar skuli þeir fá borgun fyrir að gera ekki neitt, borgun, sem kölluð er atvinnuleysisstyrkur.

En skilaboðin til hinna, sem enn verða eftir í sveitunum, eru þau, að kostnaðinn af þessu eigi þeir að greiða með nýjum tollum á þarfir sínar.

Við þetta hefi ég engu að bæta öðru en því, að með þessu er beinlínis verið að reyna að leggja landbúnaðinn í auðn, og þegar það er gert fyrir tilverknað þess flokks, sem látizt hefir vera umboðsmaður bænda, geta bændur ekki svarað með öðru en því, að leggja þann flokk í auðn, — strika út Framsfl. og skila sósíalistum þessum leiguliðum til fullrar eignar og umráða.

Sjávarútvegurinn hefir í rauninni alveg sömu sögu að segja, og þó verri, en fyrir því kann að vera síður ástæða til að kvarta, að hann hefir aldrei vænt sér neins góðs af þessum flokkum, því að þeir hafa alltaf verið honum andvígir.

En af öllu þessu er það auðsætt, að margir, sem þó finna hjá sér framtakshvöt, hika við að leggja til atlögu við örðugleikana, þegar þeir sjá hlutskipti annara, sem það hafa reynt, og úr því líka ríkið býður þeim upp á önnur lífsskilyrði, enda er það sannast sagna, að sú skoðun ryður sér æ meira til rúms, að ekkert vit sé í að hætta fé sínu í atvinnurekstur hér á landi.

Það eru stjórnarflokkarnir, sem skapað hafa þetta ranvæna vonleysi, og það er þetta vonleysi, sem leitt hefir og leiða mun til hins vaxandi atvinnuleysis.

Framkoma stjórnarflokkanna er því ekki aðeins árás á atvinnurekendurna, heldur einnig bein og þjóðhættuleg árás á verkalýð landsins, og lömun atvinnulífsins og vöxtur atvinnuleysisins mun halda áfram, meðan hugarfar valdhafanna er óbreytt.

Það er einskis afturbata von, fyrr en þjóðin þykist þess fullviss, að þeir menn fari og muni lengi fara með völd í landinu, sem í öllum afskiptum valdhafans af atvinnulífinu leggi það höfuðsjónarmið til grundvallar, að gæta þess vandlega, að draga hvorki úr né drepa niður einkaframtakið.

Þá og þá fyrst mun atvinnuleysið þverra, ekki fyrir atvinnubótavinnu ríkissjóðs, heldur fyrir vaknandi vorhug einkaframtaksins í landinu.

Ég vil ljúka þessum hugleiðingum með því að minna landslýðinn á það, að hann á sjálfur nokkurn þátt í þessum vandræðum. Þess er krafizt af hverri stjórn, að hún sé sem röggsömust, og það þykir röggsemi að hlaða niður sem allra flestum lagafyrirmælum, sem leggja margvíslegar kvaðir, höft og bönn á einkaframtakið.

Hver ný röggsemi leiðir oft af sér ný vandræði, og sú röggsemi, sem á að bæta úr þeim vandræðum, leiðir oft til enn meiri örðugleika. Og þessi hringrás endar oft á því, að röggsemin hefir skapað sér óviðráðanleg viðfangsefni.

Þjóðin verður að gera sér ljóst, að afkoman veltur á einkaframtakinu.

Það er þjóðin sjálf, en ekki stjórnin í landinu, sem á að eiga frumkvæðið að framförunum og standa undir atvinnulífinu. Og vitur stjórn verður að minnast þess, að oft og einatt er það það allra bezta, sem hún getur gert fyrir atvinnulífið, að gæta þess að gera því ekkert til bölvunar, — þ. e. a. s. að fullnægja nauðsyn þjóðarinnar til margvíslegra lagafyrirmæla, án þess að ramminn verði svo þröngur, að einkaframtakið hafi ekki olnbogarúm.

Þjóðin verður að gera sér ljóst, að rætur atvinnuleysisins liggja í hugarfari núverandi valdhafa til einkaframtaksins, og hver sá, sem vill uppræta atvinnuleysið, verður að byrja á því að uppræta valdhafana og það hugarfar, sem hjá þeim ríkir í garð einkaframtaksins.

Hinsvegar sjá svo jafnvel þessir blindu menn fram á, að ýmsir tekjustofnar ríkisins muni hrynja vegna margvíslegra þrenginga atvinnulífsins, sem fram undan eru, og til þess að ráða bót á því meini hafa þeir fundið upp það snjallræði að leggja 1200 þúsund króna nýja skatta á þá, sem eru að sligast af því, að áhvílandi skattar eru of þungir.

Og allir eiga þessir skattar að leggjast á neyzluvöru almennings. Að því er snertir 800 þús. krónur af þeim, gefur fjmrh. beina játningu um, að svo sé, því sá skattur á að takast sem nýr verðtollur á almennar neyzluvörur, þ. á m. kaffi, sykur og matvöru, og nemur hækkunin frá 2 og upp í 25% af andvirði vörunnar, en að því er snertir 400 þús., sem taka á með nýjum tekju- og eignarskatti, eru gerðar tilraunir til þess að villa almenningi sýn og telja honum trú um, að sá skattur lendi bara á þeim tekjuháu.

En svo heppilega vill nú til, að fyrir þinginu liggur frumvarp frá sósialistum, um það að heimila bæjarfélögum að leggja vörugjald á notaþarfir almennings, og rökin sem færð eru fyrir þeirri nauðsyn eru, að tekju- og eignarskatturinn séu nú, þ. e. a. s. áður en þessi nýja hækkun kemur til, orðnir svo háir, að bæjarfélögin geti ekki náð nauðsynlegu fé til að standast útgjöld sín með útsvörunum — eins og áður hefir verið — og neyðist því til þess að leggja vörugjald á neyzluvöru almennings.

Af þessu er augljóst, að sérhver ný hækkun á tekjuskattinum leiðir af sér nýja þörf fyrir slíkt vörugjald, eða m. ö. o., stjórnin er með þessum nýja tekjuskatti beinlínis að leggja jafnháa upphæð á neyzluvöru fólksins, enda þótt hana skorti þrek til þess að viðurkenna það, og hefir kosið þann kostinn að læðast aftan að almenningi.

Allir eru þessir skattar svik, bein svik við almenning, því eins og allir muna, lofuðu sósialistar fyrir kosningarnar, í 15. gr. 4 ára áætlunarinnar, að létta tollum af nauðsynjum, og að því er snertir þá aðferð, sem beitt er viðvíkjandi tekjuskattinum, þá eru svikin margföld.

Það eru svik við fólkið að leyna það þeim sannleika, að þessi skattabyrði yfirfærist á allan almenning í vörugjaldi bæjarfélaganna, það eru svik við hlutaðeigandi skattþegn að koma til hans síðasta dag á árinu, þegar hann er búinn að eyða tekjum sínum, hvort heldur er til lífsins þarfa, afborgana af skuldum eða stofnun nýrra fyrirtækja, og tilkynna honum, að nú krefjist ríkið þess, að hann greiði annað og margfalt hærra gjald til ríkisins af þessum tekjum, sem hann er búinn að eyða, heldur en lög ákváðu meðan hann var að eyða því, — og það eru svik við ríkissjóð, sem þessir menn þykjast vera að vernda, að beita svo háum tekjuskatti, vegna þess að af því leiðir, að tekju- og eignarskatturinn hrynur sem tekjustofn fyrir ríkið eftir að slík lög hafa verið framkvæmd í eitt ár, og þetta vita valdhafarnir.

Þetta eru nú efndirnar á sparnaðarloforðunum, sem hampað var framan í fólkið. Útgjöldin eiga að hækka um eina milljón, og þrátt fyrir það að brennivínið gefur milljón fram yfir áætlun, á að leggja 1200 þús. króna nýja skatta á útpíndan almenning í viðbót við yfir 2 millj. nýja skatta, sem lagðir voru á á haustþinginu í fyrra. Og ofan á þetta bætist svo, að valdhafarnir reyna á alla lund að blekkja almenning og villa honum sýn.

Ég þarf ekki að dauðadæma svona atferli með orðum, enda brestur mig sannast sagna fullnægjandi lýsingarorð.

Þann dóm kveða skattþegnarnir upp í verkinu, enda þótt síðar verði, og er það fremur víssa en spá, að sósialistar munu fljótlega sanna það, að þeir fá engar þakkir sinna kjósenda, þegar vöruverðið fer að hækka, og munu þó bændur verr una hag sínum, enda er hann þeim mun verri sem Framsóknarfl. er valdaminni en sósialistar og sýnist alltaf vera reiðubúinn að selja hag bænda fyrir stundardvöl í valdasessi, og munu bændur seinþreyttir til vandræða, ef þeir þola framsóknarþingmönnum að leggja nýja skatta á nauðsynjar þeirra, m. a. í því skyni, að menn í kaupstöðum landsins geti fengið atvinnuleysisstyrk úr ríkissjóði, þ. e. a. s. borgun úr vasa bænda fyrir að gera ekki neitt.

Að sjálfsögðu mun Sjálfstfl. beita sér gegn þessum nýju sköttum, en halda fast á þeirri kröfu, að útgjöld ríkissjóðs verði skorin niður og miðuð við gildandi skattstofna, eða aðra, er betur þættu leggjast á gjaldþolið, þó þannig, að hægt verði að létta að einhverju því, er allra þyngst hvílir á framleiðslunni.

Ég viðurkenni, að fyrir ríkisstj. er örðugt að aðhyllast þessa stefnu, því í fyrsta lagi er það bæði erfitt og afar óvinsælt verk að skera niður útgjaldahlið fjárlaganna svo einhverju verulegu nemi. Margt af því, sem talið hefir verið til framfara á undanförnum árum, hefir lagt nýjar og nýjar útgjaldakvaðir á ríkissjóðinn, sem stöðugt vaxa og hlaða utan á sig. En hér við bætist svo, að þó að það sé rétt, að allir flokkar þingsins séu að ýmsu leyti samábyrgir þeirra verka, þá er hitt jafn satt, að það eru fyrst og fremst núv. stjórnarflokkar, sem hafa kennt landslýðnum að gera stöðugt vaxandi kröfur á hendur ríkissjóðs, án allrar íhugunar á því, hvort ríkis-

sjóður sé bær að standa undir þeim. Það verður því að játa, að það er að mörgu leyti eðlilegt, að einmitt þeim reynist örðugt að framkvæma niðurskurðinn.

Stjórnarliðum er þannig mikill vandi á höndum.

Annarsvegar stendur fortíðin og hin gullnu loforð, sem þeir hafa gefið þjóðinni um margvísleg fríðindi, sem aðrir áttu að standast kostnaðinn af, og fólkið, sem fyrir trúna á þessi loforð hefir veitt þeim völdin og haldið þeim við völdin, stendur og bíður eftir efndunum.

Hinsvegar standa svo hinar köldu staðreyndir. Á sjö síðustu árum hafa skuldir landsmanna við útlönd hækkað úr 43 millj. og upp í a. m. k. 100 millj., en stoðirnar, sem standa eiga undir greiðslu þeirra skulda, þ. e. a. s. andvirði útflutningsvörunnar, hafa rénað úr 82 millj. og niður í 45 millj. Við þessar skuldir er því ekki hægt að bæta, m. a. af þeim einfalda sannleika, að lánstraustið er þrotið.

Af því leiðir, eins og ég síðar mun sanna, að óhjákvæmilegt verður, að skera þarf innflutninginn niður um a. m. k. milljónatug frá því, sem verið hefir síðustu árin, en tekjur ríkissjóðs, sem eins og kunnugt er eru mjög háðar innflutningnum, hljóta að rýrna að sama skapi.

Í baksýn er svo annarsvegar ríkissjóðurinn svo skuldugur og nauðulega staddur, að fjmrh. hefir neyðzt til að undirrita skuldbindingu gegn erlendum lánardrottni um að reyna ekki einu sinni að fá frekari lán í bráð, — en hinsvegar lamaðir og lémagna atvinnurekendur, bændur, sem nýverið hafa fengið milljónatug til kreppulána, en sjá þó í rauninni ekki hilla undir nokkra möguleika til sæmilegrar afkomu, og útvegsmennirnir, sem sannað er, að eiga ekki eignir á móti skuldum, og horfa þó fram á enn verri afkomu vegna brestandi markaða fyrir aðalframleiðsluvöruna.

Af þessu er það bert, að án nýrra skatta hljóta tekjur ríkissjóðs að minnka, að því fer svo fjarri, að hægt sé að leggja nýja skatta á þjóðina, að heita má, að það sé óhjákvæmileg nauðsyn að létta a. m. k. einhverjum sköttum af framleiðslunni, til þess þannig að freista þess að færa í hana nýtt líf, að ríkissjóður á sér enga fjársjóði og hefir því ekkert bolmagn til að bera tekjuhalla, og að ekki verður tekjuhalli lengur jafnaður með nýjum lántökum.

Eftir sýnast þá vera einar og eingöngu einar útgöngudyr, nefnilega að skera niður útgjaldahlið fjárl. með góðu eða illu, því að öðrum kosti er alveg fyrirsjáanlegt, að ríkissjóður hlýtur að lenda í gjaldþröng.

Framhjá þessum augljósu staðreyndum komast valdhafarnir ekki, og fyrir þá var því í rauninni aðeins um tvennt að velja, annaðhvort að láta af völdum eða hafa manndóm til að taka á sig óvinsældirnar af vonbrigðum fólksins, þegar tyllivonirnar bresta og hillingarnar hverfa.

Ég hefði talið síðari kostinn heppilegri, m. a. og fyrst og fremst af því, að núv. stjórnarandstæðingar eru reiðubúnir til þess að taka á sig sinn eðlilega þátt þessara örðugleika, en það verður að efa að óreyndu, að núv. stjórnarflokkar myndu gera það, ef þeir væru í stjórnarandstöðu.

Þannig höfum við sjálfstæðismenn hvað eftir annað, þ. á m. fyrir munn fulltrúa flokksins í fjvn. Alþingis, boðizt til að vera þátttakendur í sparnaði, sem næmi milljónum króna, og við þau loforð erum við reiðubúnir að standa.

Til hins er auðvitað ekki hægt að ætlast, að við tökum algerlega á okkur hlutverk fjmrh. og stuðningsmanna hans, og eigum frumkvæðið að tillögum um, hvar sparnaðurinn eigi að lenda.

Slík skylda hvílir samkv. eðli málsins alltaf og óhjákvæmilega á valdhöfunum, m. a. af því, að þeir hafa bolmagn til þess að lögfesta sparnaðinn einir, ef þeim sýnist, en stjórnarandstæðingar geta hinsvegar átt á hættu að þurfa að taka á sig eina allar óvinsældir þeirra, sem sparnaðurinn gengur út yfir, án þess að hafa nokkra tryggingu fyrir því, að sparnaðurinn nái fram að ganga.

En stjórnin hefir nú birt boðskap sinn, og hefir hvorugan kostinn valið.

Hana brast kjark til þess að skera útgjöldin niður, en hún vill sitja meðan sætt er, og hefir því valið þá leiðina, sem fyrirsjáanlega leiðir til glötunar, þ. e. að leggja nýja skatta á þjóðina, enda þótt allir viti, að hún fær ekki undir þeim sköttum risið, sem fyrir eru.

Ábyrgðin í þessu efni hvílir fyrst og fremst á fjmrh. Honum stóð til boða að stöðva á ógæfubrautinni, en hann kaus sér að halda áfram feigðargöngunni, — berast með straumnum eins og hingað til, og það mun hann halda áfram að gera, þar til sú ógæfa, sem hann stofnar til með þessu atferli, flæðir yfir þjóðina og sópar honum sjálfum burt úr valdasessi með stríðum straumi óánægju, vantrausts og andúðar.

En svo gersamlega sem ráðherrann hefir skort manndóm til þess að standa undir þessari skyldu embættis síns, hefir honum þó enn verr tekizt að halda trúnað við það hlutverk, sem ráðh. sérstaklega vann hollustueið og lagði ráðherradóm sinn að veði fyrir, þ. e. a. s. loforðið um að skapa greiðslujöfnuð í viðskiptunum við útlönd.

Þegar ráðh. flutti fjárlagaræðu sína á haustþinginu 1934, var upplýst, að 3—4 millj. skorti á, að andvirði útfluttrar vöru 1933 nægði til greiðslu á erlendri notaþörf þjóðarinnar á því ári.

Ráðh. slær því nú föstu, að þjóðin verði að geta borgað allan sinn innflutning „með andvirði þess hluta ársframleiðslu sinnar, sem seldur er til útlanda og ekki rennur til greiðslna á lánum og annara óumflýjanlegra útgjalda (ósýnilegra greiðslna)", eins og hann kemst að orði.

Sérhver þjóð, sem það boðorð bryti, sé dauðadæmd, því, heldur hann áfram, „til lengdar er ekki hægt að halda áfram að stofna til skulda erlendis vegna of mikilla vörukaupa".

Þess vegna sé greiðslujöfnuðurinn við útlönd lífsnauðsyn, og þá lífsnauðsyn heitstrengir ráðherrann að tryggja þjóðinni.

Til þess nú að geta framkvæmt áform sín, gerir ráðherra tvær kröfur til Alþingis:

1. að ný löggjöf verði sett um gjaldeyrinn og allan innflutning til landsins.

2. að Alþingi samþykki nýjar skattaálögur, að upphæð 2 millj. króna árlega, til að bæta upp

tekjumissi ríkissjóðs, vegna minnkandi innflutnings, og skapa þannig jöfnuð í fjárl.

Það liggur nú í augum uppi, að sjálfstæðismenn voru ekki ginnkeyptir fyrir því að fá ráðh. í hendur þetta vald yfir gjaldeyri og öllum innflutningi til landsins. Þeir þekktu gallana á innflutningshöftunum, og vantraust þeirra á þeim út af fyrir sig var óbreytt. Hinsvegar stóðu svo skuldbindingar Íslendinga um ákveðin vöruskaup frá hinum einstöku markaðslöndum íslenzkrar framleiðsluvöru, og þeim skuldbindingum var ekki hægt að fullnægja án nýrrar löggjafar, svo að jafnframt fengist sæmileg trygging um greiðslujöfnuð, en um það voru allir á einu máli, að til glötunar horfði, ef hallinn á viðskiptunum við útlönd yrði ekki tafarlaust stöðvaður.

Fyrir þeirri lífsnauðsyn beygði Sjálfstfl. sig, og ráðherra fekk allar óskir sínar uppfylltar.

Hann fekk einróma samþykkta löggjöf, sem gaf honum sjálfum ásamt nefnd, er hann skipaði í 3 menn af 5, alræðisvald bæði yfir öllum innflutningi til landsins og öllum erlendum gjaldeyri landsmanna, og hann fekk fyrir atbeina stjórnarliða samþ. nýjar álögur.

Vildu sjálfstæðismenn skapa jöfnuð í fjárl. með því að skera niður útgjaldahliðina, enda færðu þeir ljós rök fyrir því, að það væri mjög erfitt og jafnvel alls ekki hægt að samræma há fjárlög og greiðslujöfnuð, með þeim markaðshorfum, er fram undan væru, en þeim bendingum tók ráðh. með hinni þjóðfrægu, fáránlegu fullyrðingu um, að óhætt væri að auka kaupgetuna, hana mætti alltaf inniloka, o. s. frv., og þykir mér sannast sagna svo mikil hneisa að slíkri fádæma fávísi fjmrh. Íslands, að ég fer ekki frekar út í þá sálma, þar eð líka reynslan hefir nú fullkomlega dauðadæmt þá kenningu.

Snemma á þessu ári hafa línurnar skýrzt.

Nú stendur ekki aðeins 3—4 millj. skuldaaukning ársins 1933 undir heitstrengingu ráðh.

Nú hafa bætzt við ný og raunaleg tíðindi, því nú upplýstist, að á árinu 1934 sé svo fjarri því, að greiðslujöfnuður sé sæmilegur, að það skorti hvorki meira né minna en 11—12 millj. á, að svo sé.

Við þessar geigvænlegu upplýsingar vex auðvitað og margfaldast ásetningur ráðh. um að taka fast í taumana og hafa nú nauðsynlegan hemil á innflutningnum, enda var honum sannast sagna manna kunnugast um, að ekki mátti svo fram vinda, að árlega hlæðust á okkur erlendar skuldir, því einmitt um svipað leyti undirritaði hann skuldbindingu gegn erlendum lánardrottni um að leita ekki frekari lána erlendis í bráð.

Og ráðh. fór ekkert dult með þennan ásetning. — Hann strengdi þess heit að viðlögðum ráðherradómi sínum, að greiðslujöfnuð skyldi hann skapa, hvað sem það kostaði, og það alveg jafnt þótt útflutningurinn færi ofan í 40 millj. og innflutningurinn þannig yrði að skerast niður í 32 millj., svo 8 millj. yrðu handbærar í ósýnilegu greiðslurnar.

En þegar hér er komið sögu, er engu líkara en einhver grimm örlaganorn hvolfi myrkri yfir skýrleik ráðh., dragi úr honum allan þrótt og geri hann að máttvana aukvisa í höndum þeirra örðugleika, sem hann hafði heitstrengt að vinna bug á.

Útflutningurinn hefir verið ráðh. einstaklega hagstæður.

Afurðaverðið hefir verið hærra en á horfðist, og sú hættan, sem mest var kviðið, sölutregða á saltfiski, hefir enn reynzt minni en óttazt var. Lýsi og kjöt verið í háu verði, síldin í geipiverði og jafnvel síldarlýsi, og mjölið skilað framt að viðlíka og í fyrra, svo líkur benda til, að andvirði útfluttrar vöru verði allt að 46 millj.

Af þessu leiðir, að innflutningurinn þurfti ekki að skerast niður í 32 millj. eins og ráðh. hafði óttazt. Ráðh. gat staðið við eiða sína, enda þótt innflutningurinn hækkaði um 6 millj., eða upp í 38 millj.

En nú syrtir að.

Hinn 1. nóv. er raunverulegur innflutningur kominn upp fyrir 40 millj. króna, og sé gert ráð fyrir svipuðum innflutningi og í fyrra tvo síðustu mánuði ársins, verður heildarinnflutningurinn ekki 32 millj., eins og ráðh. taldi sig reiðubúinn til að tryggja, ef með þyrfti, og ekki 38 millj., eins og þurft hefði til að standa við heitstrenginguna, heldur 49 millj., eða nær 11 millj. hærri, og getur þó orðið enn hærri, miðað við þau innflutningsleyfi, sem búið er að úthluta.

Ég þykist vita, að fylgismenn ráðh. standi alveg höggdofa við þessa fregn, og geti sér enga grein fyrir því gert, að úr því að ráðh. fekk 6 millj. króna meira handa á milli fyrir útflutningsvöruna en hann hafði gert ráð fyrir, skuli samt sem áður skorta 11 millj. upp á greiðslujöfnuð, jafnfyrirvaralaust og ótvírætt og ráðh. hafði unnið heit sitt.

En skýringarnar eru fyrir hendi:

Í fyrsta lagi hafði lífið enn ekki kennt þessum unga ráðh., að það er oft ólíkt hægara að glíma við hin margbreytilegu lögmál og fyrirbrigði viðskiptalífsins á pappírnum en í reyndinni. Ráðh. veit nú, að það er enginn leikur að ætla sér að skera niður innflutninginn til landsins svo verulegu nemi.

Í öðru lagi hefir hin fáránlega trú hans á „innilokun kaupgetunnar“ haft sín áhrif til ills.

En loks og einkum veldur þó það, að þegar á hólminn kom, skildi ráðh., að ef úr innflutningunum dró, rýrnuðu tekjur ríkissjóðs. Það varð þannig hlutskipti ráðh. að velja á milli hollustunnar við eið sinn og peninganna, og hann valdi peningana.

Það var þjóðarnauðsyn að skapa greiðslujöfnuð. Það var flokksnauðsyn, að ríkissjóður hefði nægilegt fé, svo ekki þyrfti að rýra bein og bitlinga.

Flokksnauðsynin sat í fyrirrúmi, og þjóðin hefir á ný sokkið 11 millj. dýpra í hið erlenda skuldafen.

Í fyrra hækkuðu erlendar skuldir um 11 millj. Sá halli var að miklu leyti jafnaður með lántöku. Í ár hækka skuldirnar á ný um aðrar 11 millj. með þeim hætti, að verzlunarstéttin er látin útvega bráðabirgðalán í skjóli þess trausts, sem hún með margra ára skilvísi hefir unnið upp.

Nú eru þær skuldir að falla í gjalddaga og kaupsýslumenn fá engan gjaldeyri til greiðslu á þeim. Bankarnir geta eigi yfirfært nema lítið af því, sem þörf krefur og erlendir bankar dreifa fregnum til viðskiptavina sinna um, að hér séu öll viðskipti ótrygg. Þar með er þá líka því lánstrausti lokið, til óbærilegs álitshnekkis og tjóns fyrir þjóðina. En þessi leikur verður ekki endurtekinn í bráð, því sá lifir ekki á lánum, sem ekkert lánstraust hefir, en út yfir endimörk afleiðinganna sér enn enginn til fulls.

Ég slæ því nú föstu, að ráðh., sem tekur á sínar herðar lausn svo þýðingarmikils máls, — máls, sem hann sjálfur kallar „fyrsta hlutverk stjórnarinnar", — máls, sem hann telur, að þjóðin eigi lífið undir að farsællega leysist, sá ráðh. sem sjálfur leggur á sínar herðar þann vanda, og leggst síðan jafnmarflatur fyrir örðugleikunum og hæstv. fjmrh. hefir gert, hann hefir eigi aðeins glatað lánstrausti þjóðar sinnar út á við, heldur og öllu því *trausti*, sem hann sjálfur kann að hafa notið hjá þjóðinni.

Hjá öllum þingræðisþjóðum væri slíkur ráðh. búinn að beiðast lausnar, og tel ég víst, að þessi hv. ráðh. neyðist til að gera það bráðlega.

Á leiði hans leggur þjóðin endurminninguna um nýja 22 millj. króna skuldaaukningu og allar þær þrengingar, basl og bölvun, sem af því stafar. Þeim þunga veltir varla sá af sér, sem kiknað hefir jafnaumlega og hv. ráðh. undan þeirri byrði, sem hann sjálfur lagði sér á herðar.

Ég þarf tæplega að taka það fram, af því öllum, sem eitthvað til þekkja, er orðið það ljóst, að afleiðingin af óhófseyðslu ríkisfjár og tekjuhalla atvinnurekstrar landsmanna nokkur síðustu árin, og svo greiðsluhallanum við útlönd 2 síðustu árin, er sú, að íslenzka krónan er í raun inni fallin í verði.

Í gagnrýni minni á fjármálastjórninni hefi ég leitt hjá mér öll hin minni mistök, og ekki heldur vikið að margvíslegri rangsleitni og ýmislegu siðlausu athæfi, sem átt hefir sér stað. Ég hefi lagt höfuðáherzlu á það tvennt, að sýna fram á, að fjármálastjórnin hafi hliðrað sér hjá að taka nauðsynlegum og rökréttum afleiðingum af þrengingum þjóðarinnar, versnandi fjárhag og vaxandi skuldum ríkis og einstaklinga, og algerlega svikizt undan þeirri skyldu að framkvæma nauðsynlegan niðurskurð á útgjöldum ríkisins, en í þess stað lagt stöðugt nýja skatta á þjóðina, og jafnframt hefi ég sannað hitt, að fjmrh. hafi ekki reynzt bær um að standa við það loforð, sem hann þó gaf og játaði trú sína og hollustu. — *loforðið um að skapa greiðslujöfnuðinn út á við.*

Ég hefi látið tölurnar og staðreyndirnar tala, en þær segja söguna um alveg eðlilegar slysfarir barnungs manns, sem reyndi að klífa hamarinn upp á hála hátinda, gat ekki fótað sig og hrapaði.

Af öllum sínum skyldum hefir ráðh. staðið undir þeirri einni, að tryggja ríkissjóði nægar tekjur. Er það að vísu mikils virði, en þó eigi aðeins gagnslaust, heldur beinlínis skaðlegt, þegar það er gert með þeim hætti, sem gert hefir verið, að sliga alla framleiðslu landsmanna og brjóta niður gjaldþol skattþegnanna.

En þessari skyldu sinni hefir ráðh. verið minnugri en annara, vegna þess að honum er ljóst, að völd Framsfl. hafa alltaf byggzt á því, að kaupa flokknum fylgi fyrir ríkisfé. Ég hefi þá líka orðið þess var, að það er eins og birti yfir mörgum framsóknarmanninum, þegar hann fréttir, að enn hafi ríkissjóður handbært fé, og sjálfur gengur fjmrh. um með sigurbros á vör. Þessi fögnuður og þetta sigurbros vekja oft í huga mínum endurminninguna um hina frægu setningu, sem núverandi forsætisráðherra Breta, Stanley Baldwin, sagði í bréfi til stjórnmálaritstjóra enska blaðsins Times, þegar hann árið 1919 færði ríkissjóði Breta að gjöf ⅓ hluta eigna sinna og lagði til, að aðrir gerðu hið sama, í því skyni að létta á skuldum ríkisins.

Baldwin ræddi í þessu bréfi um hinar þungu skuldir, er hvíldu á enska ríkinu eftir hörmungar ófriðarins mikla, gagnrýndi eyðslu og skuldasöfnun fjármálastjórnarinnar, og sýndi fram á þann voða, sem þjóðinni stafaði af gálausri meðferð ríkisfjár og vaxandi skuldum.

Léttúðina í fjármálunum dæmdi Baldwin með þessum orðum:

„Himnaríki heimskingjans er aðeins fordyri helvítis".

Hvað mættum við Íslendingar hugsa?

Á 8 árum hefir fjármálastjórnin eytt yfir 140 millj. króna. Þetta væri að vísu ánægjulegt, ef eðlileg geta stæði á bak við.

En þegar þess er gætt, að á þessum árum er búið að eyða öllu því, sem sparsemi almennings og gætin fjármálastjórn hefir dregið saman, þegar þess er gætt, að í viðbót við það er líka búið að eyða öllu því lánstrausti, sem þessi sparsemi og þessi varfærni skóp, þegar þess er gætt, að ríkissjóður er nú skuldum vafinn og þjóðin sokkin í botnlaust skuldafen við erlendar þjóðir, þegar þess er gætt, að öll framleiðsla landsmanna hefir á undanförnum árum verið rekin með tapi, og enn sést ekki hilla undir neina breytingu til batnaðar, þegar þess er gætt, að allar horfur eru nú á, að þjóðina skorti gjaldeyri til kaupa á nauðsynlegustu þörfunum, þegar þess er gætt, að atvinnuleysi og jafnvel eymd og sultur steðja að, án þess að séð verði, að ríkið eða einstaklingar hafi fjárhagslegt bolmagn til að veita nauðsynlegt viðnám, þegar þess er gætt, að það er ríkissjóður einn, sem eitthvert fé hefir enn handa á milli, en að atvinnurekendur landsins eru að þrotum komnir, — þá er hætt við, að sigurbrosið fölni og menn skilji, að fögnuður stjórnarliða stafi af því einu, að þegar heimskinginn er í fordyri helvítis, heldur hann sig vera í himnaríki — að fögnuðurinn er ekkert annað en sorgleg vitneskja um það, að svo mikið er gáleysi og andvaraleysi þessara stjórnmálamanna, að þeir reyna ekki einu sinni að gera sér grein fyrir afkomuhorfum þjóðarinnar, en hugsa um það eitt, að kreista og pína út peninga, til þess að enginn réttrúaður þurfi neins í áð missa, og segja svo eins og Lúðvík XV. Frakkakonungur: Syndaflóðið kemur ekki fyrr en eftir minn dag.

Stjórnarliðar hafa leitt þjóðina inn í það fordyri helvítis, sem Baldwin talaði um.

Fram undan eru þrengingar og hrun, og vonir þjóðarinnar verða að byggjast á því einu, að

Sjálfstfl. takist að leiða hana út úr fordyrinu og burt úr þeirri eyðimörk óhófs og spillingar, sem stjórnin hefir teymt hana inn í, og yfir í það land nýrra afkomumöguleika, sem þjóðin áður var búin að helga sér með ráðdeild, dugnaði og sparsemi.

Ég vil ljúka þessum fjármálahugleiðingum á því að vekja athygli á því, að að minni hyggju stafa þrengingar ríkissjóðs ekki af því, að þjóðin sé að glíma við einhverja óvenjulega kreppu, heldur fyrst og fremst af hinu, að við höfum reist okkur hurðarás um öxl, — þjóðin er of fátæk til þess að geta veitt sér þau þægindi, sem ríkissjóður hefir verið látinn standast kostnað af. Við höfum að vísu búið við lágt verðlag framleiðsluvörunnar á undanförnum árum, en framleiðslan hefir verið mikil, og það, sem mestu varðar, ennþá höfum við getað selt hana alla.

Aðkeypta notaþörfin hefir einnig stórlækkað í verði, og það er þess vegna fyrst og fremst skattþunginn til opinberra þarfa og kaupgjaldið, sem sökkt hefir framleiðslunni í botnlausar skuldir.

Kreppan, sem leiða kann af hruni saltfiskmarkaðanna, er enn ekki komin fram nema að óverulegu leyti, og þrengingarnar, sem við nú tölum mest um, stafa því í rauninni ekki aðallega frá neinum nýjum örðugleikum í atvinnulífinu, því þar hefir ekkert nýtt skeð, en það, sem skeð hefir, er þetta:

Á undanförnum árum hefir ríkisfé verið eytt og sóað í fullkomnu óhófi og gegndarleysi, og valdhafarnir hafa hispurslaust, og stundum jafnvel með fögnuði, lagt nýja og nýja skatta og kvaðir á framleiðslu landsmanna. En það hefir ekki verið látið nægja að eyða öllu, sem aflaðist, heldur hefir árlega verið etið af því, sem þjóðin var búin að eignast.

Meðan verið var að éta upp eignirnar og lánstraustið, hefir tekizt að glepja þjóðinni sýn, bæði um gjaldgetu skattþegnanna og bolmagn ríkissjóðs.

En nú er búið að eta upp eignirnar. Nú er lánstraustið þrotið. Nú er því ekki lengur hægt að leyna þjóðina sannleikanum, því nú verður íslenzka þjóðin eins og hver annar fátæklingur að láta afrakstur líðandi stundar nægja fyrir þörfunum, og þá kemur það í ljós, að þegar búið er að reyta flest af öllum og allt af flestum, er með öllu ómögulegt að afla ríkissjóði tekna til þess að standa undir þeim útgjöldum, sem á hann hafa verið lögð, blátt áfram af því, að framleiðsla landsmanna er þess alls ekki megnug að rísa undir slíkum skattþunga.

Það er þetta, sem stjórnarliðið er nú að leitast við að telja þjóðinni trú um, að sé ný kreppa, en í rauninni er ekkert annað en gamall sannleikur, sem er að koma í ljós.

Það er þessi sannleikur, sem allt of margir ganga duldir.

Það er þessi sannleikur, sem við sjálfstæðismenn á undanförnum árum höfum barizt fyrir að opna augu þjóðarinnar fyrir.

Það er þessi sannleikur, sem valdhafarnir svöruðu í fyrra með nýjum 2 millj. sköttum, og í ár með enn nýjum 1200 þús. króna sköttum, enda þótt hver einasti vitiborinn maður hljóti að sjá, að af nýjum sköttum ofan á sligaða atvinnurekendur leiðir ný auðn og þar af leiðandi minnkandi en ekki vaxandi tekjur ríkissjóði til handa, en hraðvaxandi örbirgð þjóðarinnar.

Það eru þessar staðreyndir, sem þjóðin verður að svara með því að reka valdhafana af höndum sér, ef hún ætlar að eiga sér nokkra von um að komast hjá því að verða ánauðugur þræll erlendra lánardrottna.

Forsrh. (Hermann Jónasson) óyfirl.: Herra forseti! Góðir hlustendur! Við ráðherrarnir höfum hingað til hagað svörum okkar þannig, að hver einstakur okkar svarar fyrir það, sem að hans verkahring lýtur.

Eins og hv. þm. og aðrir hlustendur hafa heyrt, hefir einkum verið deilt á mig fyrir tvö mál, og það eru mjólkursölumálið og kjötsölumálið. En áður en ég vík að þeim málum vil ég minnast á, að bæði hv. 10. landsk. og hv. þm. G.-K. voru að hafa orð á því, hve það þing, sem nú stendur yfir, væri orðið langt. Það er satt. Þetta þing er orðið of langt, en þess verður að gæta, að nú er við meiri erfiðleika að etja en áður hefir verið með lækkun á einstökum útgjaldaliðum á fjárlögum. Ennfremur ber þess að gæta, að fyrir þessu þingi hafa legið mörg mikilvæg mál, og má þar t. d. nefna framfærslulöggjöfina, sem bæði er mikilvæg og réttmæt; sama má segja um tryggingarlöggjöfina. Þá má líka nefna lög um nýbýli, lög um óðalsrétt og mörg önnur merkileg mál. Líka má benda á það jafnframt þessu, að þingið 1934 er það styzta þing, sem verið hefir, eða aðeins 85 daga. Þingið í vetur stóð í 49 daga, og sé gert ráð fyrir, að þessi hluti þingsins standi 71 dag, þá hafa þessi tvö þing — þingið 1934 og 1935 — setið samtals 205 daga, eða að meðaltali $102\frac{1}{2}$ dag hvert, en það er styttri tími en áður var. 1932 var þingtíminn 110 dagar og 1933 var hann 113 dagar. Það er því ein af blekkingum þeim, sem andstöðuflokkar stj. bera fram, að þingstörfin hafi verið lítil og tekið lengri tíma en áður undir yfirráðum þeirra flokka, sem styðja núv. stjórn.

Um ádeilurnar er það að segja, að þær eru með mjög svipuðum hætti og þær voru á eldhúsdegi í fyrra. Eitt af því, sem hv. 10. landsk. minntist á, var það, að ekki væri ætlað fyrir kjötuppbótinni. En að deila á okkur fyrir þá sök var óþarft, því það var bent á við eldhúsumræðu í fyrra, og hefir oft verið bent á það síðan, að við höfum tekið upp þá aðferð að leggja það ekki fram fyrr en séð væri fyrir endann á kjötsölunni, en það er ekki fyrr en eftir áramót, því mikið af því kjöti, sem selt er til Englands, er ekki selt fyrr en um það leyti, en fyrr en sú sala hefir farið fram er ekki unnt að ákveða um verðuppbótina.

Í þessu sambandi er fróðlegt að rifja það upp hvernig tekið var undir þá fyrstu tillögu, sem kom fram um það að hækka bændum upp verð á kjötinu. Það var í Ed. á þinginu 1933, sem þessi till. kom fram, og þá var verð á freðkjöti komið niður fyrir 50 aura og verð á saltkjöti komið niður í 40 aura. Það er nú fróðlegt að athuga, hvernig þeir menn, sem hv. 10. landsk. ætlar sér að vinna með, þ. e. sjálfstæðismenn, tóku þessari tillögu. Aðeins einn þeirra greiddi atkv.

með henni. Með þessum mönnum ætlar hv. 10. landsk. að vinna að því að bæta hag bænda og koma afurðasölumálum þeirra í gott horf.

Ég skal minna hv. 10 landsk. og hv. þm. G.-K. á það, að þegar deilt er á framkvæmd kjötsölulaganna í fyrra og nú, þá er ekki hægt annað en geta þess, að í fyrra var slátrað 400 þús. fjár, en í ár ekki nema 360 þús., eða 40 þús. færra. Um þetta leyti í fyrra var mikið óselt af freðkjöti og verðið lækkandi. Saltkjötið var þá að mestu leyti óselt og verðið lágt. Á innlendum markaði var til 3—4 hundr. tonnum meira af kjöti en búizt var við, að hægt yrði að selja. Þetta varð til þess, að kjötsölunefnd sá sér ekki fært 1. nóv. í fyrra að leyfa meiri hækkun fyrir geymslu og frystingarkostnað á kjöti en um 7 aura á kg. af 1. fl. kjöti og um 17 aura á kg. af 2. fl. kjöti, og síðan eftir áramót aftur um 8 aura á kg. Þetta taldi Sf. Sl. of lítið til þess að mæta frysti- og geymslukostnaðinum, og það hefir verið bent á, að það hafi orðið að taka af gæruverðinu til þess að bæta upp kjötverðið. Þetta er rétt. Það hefir af þessum ástæðum orðið að taka 3 aura af gæruverðinu, til þess að bæta upp kjötverðið.

Ég vil nú spyrja hv. þm. og aðra þá, sem á mál mitt hlýða, hvort þeir telji, að skynsamlegt hefði verið að fara hærra með kjötverðið í fyrra haust, þegar svo miklar birgðir voru til á innanlandsmarkaði, að tvísýnt þótti um sölu þeirra, og óselt freðkjöt í Englandi og verðið fallandi. Var það skynsamlegt að fara þá hærra með verðið? Reynslan hefir sýnt, að það mátti ekki fara hærra. Birgðirnar í vor voru svo miklar, að þær máttu ekki vera meiri. Þegar kjötsölunefndin ákvað hækkunina, vakti ekkert annað fyrir henni en það, að sjá hagsmunum bænda sem bezt borgið, og það tókst. Hefði verðið verið sett hærra, hefði það gengið út yfir kjötsöluna og eyðilagt möguleikana fyrir að koma kjötinu út.

Nú er ástandið þannig, sem betur fer, að allt það freðkjöt, sem sent hefir verið til Englands, er selt, og nú er verðið hækkandi, í stað þess, að í fyrra var það lækkandi. Nú er saltkjöt líka í hærra verði en það var í fyrra, og nær því allt selt. Á innlendum markaði er nú 200 tonnum minna af freðkjöti en á sama tíma í fyrra, og jafnframt um 300 tonnum minna af saltkjöti. Kjötsölunefndin sá sér því fært nú 15. nóv., þegar hún ákvað hækkunina á kjötverðinu, að hækka verð á 1. fl. kjöti um 15 aura á kg. og á 2. fl. kjöti um 25 aura á kg., í stað hækkunarinnar í fyrra, sem var aðeins 7 og 17 aur. á kg. Þetta var nú talið fyllilega óhætt vegna hækkandi verðs á erlendum markaði. Þó Sf. Sl. hafi ákveðið að borga út lægra verð fyrir kjötið nú en í fyrra, þá stafar það aðeins af því, að félagið hefir nú farið inn á samvinnugrundvöll og tekið þá afstöðu að ákveða ekki verðið til fulls fyrr en séð væri endanlega, hvernig salan yrði bæði erlendis og í Reykjavík. Ég held, að eftir að sýnt hefir verið eins greinilega eins og hv. 2. þm. N.-M. hefir gert, hvernig fór um framkvæmd kjötsölulaganna í fyrra og þann hagnað, sem bændur höfðu af þeim, þá verði ekki hagnaður af því fyrir andstæðingana að ráðast á stjórnina fyrir aðgerðir hennar á því sviði.

Vegna þess hve tími minn er takmarkaður get ég ekki farið nákvæmar út í þessi mál, en læt mér nægja að benda á það að lokum, að þrátt fyrir það, þótt verð á freðkjöti lækkaði í fyrra um 6½ eyri á erlendum markaði og verð á saltkjöti lækkaði um 4 aura, þá fengu bændur samt 83¼ eyrir fyrir kg., í staðinn fyrir 75 aura árið áður, og það þótt fyrirsjáanlegt væri, vegna tregðu á erlendum markaði, að verðið myndi stórkostlega lækka á innlendum markaði frá því sem áður var, ef ekki væri að gert.

Sá beini gróði, sem bændur höfðu af verðaukningunni frá undanförnu ári, er 600 þús. kr. á þessu eina ári. En ef framkvæmd kjötsölulaganna hefði ekki komið til hjálpar, hefði óumflýjanlega orðið tap á kjötsölunni í fyrra, miðað við árið áður, vegna þeirrar verðlækkunar á kjöti, sem þá hefði hlotið að leiða af hinu mikla framboði, sem var á innanlandsmarkaðinum.

Það er heldur engin furða, þótt vel hafi tekizt með framkvæmd kjötsölulaganna, og kem ég þá að því, sem andstæðingarnir gera að mestu árásarefni á mig, sem er það, að ég hafi ekki valið vel í nefndina. Í meiri hl. n. sitja þeir menn, sem lengst hafa haft umboð fyrir íslenzka bændur til að fara með þessi mál, og það eru þeir Helgi Bergs forstjóri Sf. Sl., Jón Árnason framkvæmdarstjóri S. Í. S. og hv. 2. þm. N.-M., Páll Zóphóníasson. Þetta er sá meiri hl., sem hv. 10. landsk. ætlar að telja bændum trú um, að sé fjandsamlegur hagsmunamálum þeirra. Það eru sömu mennirnir, sem bændur sjálfir hafa valið til þess að fara með mál sín, og það á svo að skipta máli, að ég tilnefndi einn manninn, hv. 2. þm. N.-M., í nefndina. Það er alveg óþarft fyrir andstæðinga stj. að ætla sér að slá keilu á kjötsölumálinu.

Sannast að segja ber það vott um mikla fátækt af ádeiluefnum, að eitt aðalmálið, sem haft er til árásar á mig, skuli vera það, að ég hefi sett kjötsölulögin og látið framkvæma þau með aðstoð beztu manna, sem völ er á. En þetta á að vera eitt aðaláadeiluefnið. Það er von, að menn brosi.

Annað atriði, sem notað var til ádeilu á mig, var framkvæmd mjólkursölulaganna. En þar koma einkum þrjú atriði til greina, og þau eru að spyrna á móti verðlækkun, að minnka sölukostnaðinn og koma hreinsuninni í gott horf.

Hv. 10. landsk. minntist á, að rekstrarhalli hefði verið hjá samsölunni, þegar reikningar voru gerðir. En ég get bent á það, að tekjuafgangur samsölunnar nemur nú mikið á tólfta þús. kr. Jafnframt þessu má benda á það, að mikið hefir verið unnið að því að koma betra skipulagi á starfsemi mjólkurbúanna en áður hefir verið. Er það eitt af þeim atriðum, sem mjólkursölunefndin hefir sérstaklega beitt sér fyrir, og fyrir hennar atbeina hefir Jónas Kristjánsson frá Akureyri, sem er allra manna bezt að sér um þessi mál og færastur í þeim, unnið að því að koma á skipulegri verkaskiptingu á milli mjólkurbúanna. Hann hefir nú unnið að þessu í þrjá mánuði, og er svo til ætlazt, að hann haldi því starfi áfram. Frá minni hálfu hefir verið gert allt það, sem bezt er hægt að gera í þessu máli,

með því að fá færasta manninn, sem völ var á, til þess að koma því í lag.

Þá skal ég minnast á það, sem er ákaflega títt að halda fram, þegar verið er að finna að starfsemi samsölunnar, og það er, að skyr hafi farið mjög versnandi síðan hún hófst. Út af þessu hélt hv. 10. landsk. ákaflega langa og hjartnæma ræðu. En skyrgerð hefir einmitt farið mjög mikið batnandi síðan mjólkursamsalan fór að starfa, og er það af þeirri ástæðu, að bæði Jónas Kristjánsson og Sigurður Pétursson gerlafræðingur hafa unnið mikið að því að bæta skyrgerðina, bæði með hreinræktun gerla og öðrum nýjum aðferðum, og því máli er nú svo komið, að á markaðnum hér er nú aðeins mjög vandað skyr. Ég vil í þessu sambandi geta þess, að nú nýlega komu nokkrir menn úr sveit heim til mín og borðuðu þetta skyr, og þeir viðurkenndu, að það væri bezta skyr, sem þeir hefðu smakkað.

Það er nú komið svo gott lag á skyrgerðina, að komið hefir til mála að bjóða bæjarbúum upp á að borða skyr á einu helzta hótelinu hér í bænum. Telja þeir báðir, Jónas Kristjánsson og Sigurður Pétursson, að það sé fullkomlega réttmætt að auglýsa þessa vöru á þann hátt.

Hv. 10. landsk. vildi halda því fram, að lítið hefði selzt af skyri síðan mjólkursamsalan tók til starfa, en á þeim 10 mánuðum, sem liðnir eru síðan, hefir hún þó selt 167600 kg. af skyri, og það er engin efi á því, að fyrir atbeina þeirra manna, sem með þetta mál hafa farið, er það að komast í mjög gott horf.

Þá var minnzt á það eins og við síðustu eldhúsdagsumræður, að verð á mjólk hefði verið lækkað um 1—2 aura á lítra, og var þetta sérstaklega talið stj. til syndar. En ég vil benda á það, sem er vitað mál, að áður en mjólkursölunefndin kom skipulaginu á söluna, þá var verðið nafnið eitt, en hið raunverulega verð var mjög misjafnt og af handahófi. Það vita allir, sem nokkuð eru kunnugir hér í bæ, að mjólk var oft seld langt fyrir neðan það verð, sem kallað var ákveðið útsöluverð í búðum. Vegna mikillar samkeppni gátu einstakir menn, sem höfðu góða aðstöðu, annaðhvort af fjárhagslegum ástæðum eða öðrum, oft tryggt sér kaup á mjólk fyrir mun lægra verð. Svo þegar verðið var ákveðið af mjólkursölunefndinni, var ekki um að ræða lækkun á heildsöluverði mjólkurinnar, heldur var tekin af nokkrum einstökum neytendum sú aðstaða, sem þeir höfðu áður til þess að fá mjólkina fyrir lækkað verð.

Í sambandi við það, þegar verið er að finna að skipulagningu á mjólkursölunni, er gott að geta þess, að sá maður, sem tók þátt í samsölustarfinu og hefir átt sæti í samsölustjórninni síðan í vor, þ. e. Eyjólfur Jóhannsson, hefir aldrei komið með eina einustu tillögu um lækkun á dreifingarkostnaði mjólkurinnar eða lagfæringu á skipulaginu, fyrr en hann kom með þetta dæmalausa tilboð bakaranna (Rödd frá áheyrendum: Þetta eru ósannindi). Þetta er satt. Fyrsta tillagan, sem frá E. J. kom, um breyt. á dreifingarkostnaði mjólkur, og fyrsta tillagan um skipulagningu á sölunni er tilboð bakaranna, og skal ég síðar koma að því, hvers virði það tilboð er; en áður en ég vík að því, vil ég láta nokkrar tölur tala máli sínu og lýsa því, hvernig ástatt var um dreifingarkostnað mjólkurinnar á þeim tíma, sem Eyjólfur Jóhannsson veitti þeim málum forstöðu og áður en mjólkursamsalan tók við.

Í Mbl. 1933 er greinileg skýrsla um það, lið fyrir lið, hver kostnaður var við dreifingu mjólkurinnar áður en samsalan hóf starfsemi sína, og er þá kostnaður á hvern lítra þessi: Gerilsneyðing 4 aurar, flöskukostnaður 3 aurar, sölugjald í búð 8 aurar og skattur 1 eyrir. Það er m. ö. o. 16 aurar, sem kostar að selja hvern lítra af mjólk í Rvík í árslok 1933, og þó er hér ekki reiknað neitt af þeim skrifstofukostnaði, sem fallið hefir á mjólkina.

Nú er kostnaðurinn á hvern lítra þessi: Gerilsneyðing 3 aurar, flöskukostnaður 2 aurar, og þann kostnað borga neytendur, og sölukostnaður o. fl. $5\frac{1}{3}$ eyris, eða samtals $8\frac{1}{3}$ eyris. Á þessu stutta tímabili, sem samsalan hefir starfað, hefir henni þannig tekizt að lækka dreifingarkostnaðinn um nærri því 8 aura á lítra, eða því sem næst um helming. Nú er hvorttveggja, að alltaf er að komast betra og betra lag á dreifingu mjólkurinnar og eins hitt, að vitað er nú, að Mjólkurfélag Rvíkur hefir tekið hærra gjald fyrir gerilsneyðinguna heldur en það átti að taka, og eru af þessum ástæðum miklar líkur til, að enn megi lækka dreifingarkostnaðinn, og það svo, að hann komist niður í 6 aura á lítra, í stað þess að hann var 16 aurar í árslok 1933. Þetta er árangurinn af starfi samsölunnar, eftir því sem gögn liggja fyrir nú í dag.

Þá kem ég að tilboði bakaranna, og úr því farið er að minnast á það mál hér, er bezt að segja sögu þess og aðdraganda, svo öllum sé ljóst, hvernig það er til komið. Eins og bæjarbúum hér er kunnugt, selja bakarameistarar brauðin hærra verði heldur en Alþýðubrauðgerðin. Þegar mjólkursamsalan leitaði tilboða um verð á brauðum til sölu í búðum sínum, var það tilboð, sem Alþýðubrauðgerðin gerði, lægra heldur en tilboð bakarameistaranna, og vegna þess versnaði aðstaða meistaranna. Nú hafa þeir nýlega hækkað brauðverðið, og eins og kunnugt er hefir þessi hækkun mælzt illa fyrir. Það hefir verið deilt á hana og sýnt fram á, að hún er ástæðulaus. En hvað skeður? Þegar bakarameistarar eru búnir að skapa sér þessa slæmu aðstöðu hér í bænum, þá uppgötvast á sama tíma, að Mjólkurfélag Reykjavíkur tekur hærra gjald fyrir gerilsneyðingu mjólkurinnar heldur en það átti að taka. — Það er rétt að benda á það, sem hv. 10. landsk. sagði, að M. R. hefði boðizt til að taka að sér gerilsneyðinguna fyrir kostnaðarverð. Það er einmitt um kostnaðarverð, sem er deilt, og M. R. reiknar kostnaðinn of hátt, sem nemur 1—2 aurum á lítra, og þetta uppgötvast sömu dagana sem bakararnir voru að afla sér óvinsælda með hækkun brauðaverðsins, og þá fyrst er það, sem Eyjólfi Jóhannssyni dettur í hug skipulagsbreyting á dreifingu mjólkurinnar, og þá er það, sem þetta fræga tilboð kemur frá bakarameisturum, að taka að sér sölu mjólkurinnar fyrir 2 aura á lítra og að flytja hana út til neytenda fyrir 1 eyri á lítra. Hagsmunir bakaranna mæta því, að Eyjólfur Jóhannsson tekur of hátt gjald fyrir gerilsneyð-

ingu mjólkurinnar og kemur með reikninga, sem sýna, að hann reiknar stöðina og vélar hennar hærra en svo, að vit sé í.

En hvers vegna er ekki þessu tilboði tekið fegins hendi? Hverskonar menn eru það, sem standa á bak við þetta tilboð? Hvernig hafa þeir reynzt í mjólkursölumálum bænda? Það eru sömu mennirnir, sem 1933 tóku 8 aura fyrir að selja hvern lítra, en nú þurftu þeir ekki að fá nema 2 aura fyrir sama verkið.

Er nú ekki full ástæða til að taka slíku tilboði með tortryggni og gæta þess, að ekki fari hér eins og í Englandi? Þar voru menn, sem seldu mjólkina í umboðssölu fyrir visst verð, en í haust gerðu þessir menn verkfall og vildu fá hækkuð umboðslaun sín. Verkfall þetta var nærri búið að eyðileggja samsöluna í Englandi og leiddi til þess, að framleiðendur urðu að taka söluna í sínar hendur og með svipuðu fyrirkomulagi og hér er viðhaft. Nei, við látum ekki leiða okkur í svoleiðis gildru, að láta þetta í hendur manna, sem aðeins munu keppast um að plokka íslenzka bændur, ef þeir fá vald yfir mjólkursölunni. Það, sem sérstaklega er stefnt að nú, er að lækka gerilsneyðingargjaldið og *koma sölukostnaðinum sem lægst*. Ef hægt verður að komast að samvinnu við bakara um að taka að sér söluna um áramót og búa svo um að mjólkursamsalan sé trygg, þá verður það athugað. En að kasta sölunni í hendur bakaranna án athugunar væri blátt áfram svik við íslenzka bændur.

Það er enginn vafi á því, að mjólkurskipulaginu hefir miðað vel áfram síðustu vikurnar. Einkum fara vörurnar stöðugt batnandi, enda hefir sérfróður maður unnið að því að rannsaka gerilsneyðinguna og meðferð mjólkurinnar. Þá eru einnig góðar horfur á, að lækka megi til mikilla muna gerilsneyðingar- og dreifingarkostnað.

Allt er þetta í áttina. Það eru því áreiðanlega síðustu forvöð að koma mjólkursamsölunni á kné, ef það á að takast. Ég sé, að það er kominn hér miði á borðið um að tíminn sé að verða búinn.

Að lokum vildi ég segja aðeins örfá orð við hv. 10. landsk. Hann heldur því fram, að þrátt fyrir hækkaða skatta og þarafleiðandi meiri tekjur — sem er að mestu leyti blekking, því tekjurnar rýrna á öðrum sviðum — þá geri stjórnarflokkarnir ekkert fyrir landbúnaðinn. Ég vildi aðeins benda hv. þm. á, að nú er áætlað:

Til fóðurtrygginga	25	þús. kr.
— nýbýla	200	— —
— *kartöfluverðlauna*	30	— —
— mjólkurbúanna	55	— —
— vaxtagr. af fasteignal. bænda	75	— —

Þetta kalla ég að fara ekki nema í meðallagi ráðvandlega með sannleikann, og vildi því enda ræðu mína með því að benda á þessi atriði.

Atvmrh. (Haraldur Guðmundsson) óyfirl. : Í þeim umr., sem þegar hafa farið fram, hefir fremur lítið verið sveigt að mér eða því ráðuneyti, sem ég veiti forstöðu. Ég býst því ekki við að þurfa að nota minn tíma að fullu til þess að svara því, sem að mér hefir verið beint. Mun ég nota tímann til þess að upplýsa hlustendur utan veggja um ástand og horfur atvinnulífsins yfirleitt. Er það nauðsynlegt, svo að menn geti lagt réttan dóm á störf þeirra, sem vinna að stjórn landsins og lagasetningu.

Ég mun ekki svara þeim stóryrðum og fúkyrðum, sem hv. þm. G.-K. lét falla í garð hv. 2. landsk. Þau sýna aðeins, að geðsmunir mannsins eru ekki í svo góðu lagi sem æskilegt væri. En ég get skilið, að það hafi valdið hv. þm. vonbrigðum, að hv. 2. landsk. skuli ljá stj.flokkunum lið til þess að koma fram góðum málum. Ég hefði talið sanngjarnt, að hæstv. forseti leyfði þessum hv. þm. að bera af sér sakir.

Því er ekki að leyna, að fjárlagafrv. og þær brtt., sem við það hafa verið gerðar, bera svip af því erfiða ástandi, sem við eigum við að búa. Sama er að segja um aðra löggjöf, sem liggur fyrir og stendur í sambandi við fjárl. og afgreiðslu þeirra.

Menn munu sjálfsagt spyrja, við hvaða erfiðleika sé sérstaklega að eiga, ekki sízt þeir, sem hafa fest í minni orð hv. þm. G.-K., sem fullyrti, að ekki hefði verið um neina nýja söluerfiðleika að ræða í ár. Það væri því ekki ástæða *af ræðu hans að kenna utanaðkomandi áhrifum* um fjárhagsörðugleikana. Í stuttu máli eru erfiðleikarnir því að kenna, fyrst og fremst — ef ekki eingöngu —, að við erum bundnir við ákveðið sölumagn afurðanna og þá einkum á fiskinum.

Því er ekki að neita, að á þessu ári hefir komið í ljós sú óheillastefna, sem viðskiptaþjóðir okkar hafa tekið upp, sem getur orðið okkur hættuleg.

Ég skal nú reyna í stuttum dráttum að gefa yfirlit yfir, hvernig viðskiptin við útlönd standa og hvers við megum vænta í framtíðinni.

Það er tvennt, sem óhjákvæmilegt er fyrir hverja ríkisstj. að vinna að. Annað er að ná jöfnuði á viðskiptin við aðrar þjóðir, og hitt er að skila fjárhag þjóðarinnar í sæmilegu lagi.

Síðustu ár hefir hallazt mjög á Íslendinga, og síðasta ár vantaði 11 millj. til þess að við greiddum að fullu viðskipti okkar við aðrar þjóðir. Þetta vantar til þess, að afurðirnar hrökkvi fyrir því, sem við þurfum til nauðsynlegrar greiðslu. Það liggur því í augum uppi, að ekki er hægt að halda þannig áfram, að safna skuldum til óarðbærra fyrirtækja eða til eyðslu. Lán er því ekki hægt að taka nema til arðvænlegra fyrirtækja, sem annaðhvort skila fénu aftur til útlendra lánardrottna í auknum gjaldeyri, eða beinlínis spara innkaup.

Á *þessu ári hefir nokkuð* færzt í rétt horf, en ekki nóg. Í lok októbermánaðar lét nærri, að inn- og útflutningur stæðist á. Af þeim innflutningi var um 700 þús. kr. til Sogsins, sem voru fengnar með sérstakri lántöku erlendis, enda á það fyrirtæki að skapa aukna atvinnumöguleika og spara gjaldeyri.

Síðan hefir hlutfallið lítið breytzt. Má gera ráð fyrir, að innfl. sé orðinn um 40 millj. Sennilega hefir ekki versnað, því jafnaðarlega er nóv. heldur skárri mánuður.

En þó maður leyfði sér þá bjartsýni að gera ráð fyrir, að útflutningur hrykki fyrir innflutn-

ingi, vantar þó um 7 millj. til þess að greiðslujöfnuður náist. Þetta þýðir, að með óbreyttum útflutningi er sýnilegt, að skera verður niður innflutninginn. En af því leiðir óhjákvæmilega, að innflutningsgjöld hækka að sama skapi.

Þá skal ég fara nokkrum orðum um sölu íslenzku afurðanna. Það sýnir sig, að verðlag hefir fremur hækkað og sala gengið greiðlega með þær allar, nema fiskinn. En fiskurinn, og þá aðallega saltfiskurinn, hefir verið og er okkar meginútflutningsvara, og sem fært hefir okkur langmestan gjaldeyri, og má því segja að afkoma okkar sé undir sölu á honum komin. En þar hafa erfiðleikarnir steðjað að. Stafar það að miklu leyti af því, að önnur lönd standa betur að vigi um að bjóða jafnvirðiskaup í vörum. Þau geta boðið fiskinn til sölu á Ítalíu, Spáni og Portúgal gegn því að kaupa vörur fyrir hvern eyri af andvirði fiskjarins. Það liggur því í augum uppi, að það er ómögulegt að halda óskertum innflutningi til þessara landa, því við getum ekki með nokkru móti keypt svipað því, er nemur andvirði fyrir fiskinn, jafnvel þó beint sé kaupum til þessara landa meira en gott þykir. Þó búið sé að kaupa frá þessum löndum fyrir á 5. millj. á þessu ári, til þess að tryggja sölumöguleika á fiskinum, þá er það ekki nema lítill hluti af fiskverðinu.

Til þess að sýna, hverju fiskútflutningurinn hefir numið á undanförnum árum, skal ég t. d. nefna Spán. Þangað var selt:

1933	33	þús. tn.
1934	21	— —
1935	14	— —

fram að þessum tíma. Er það 20 þús. tn. minna en 1933 og 7 þús. tn. minna en í fyrra.

Það er því nokkuð stórt mælt, að ekki hafi verið neinir nýir erfiðleikar á um sölu, þar sem þetta er stærsta landið, sem kaupir af okkur fisk. Þetta eru því meiri vonbrigði, að við gerðum okkur von um svipaða sölu þar og í fyrra, en það ætlar því miður ekki að rætast.

Á Ítalíu var salan:

1933	16	þús. tn.
1934	20	— —
1935	10	— —

ekki fullkomlega þó, eftir þeirri skýrslu, sem fyrir liggur.

Til Portúgal hefir salan heldur aukizt, og er útlit fyrir, að hún komist upp í 20 þús. tn. í ár. Hefir þá orðið aukning, er nemur 1—2 þús. tn. frá í fyrra. En því miður eru það staðreyndir, að við höfum mætt á þessu ári meiri örðugleikum, einkum í viðskiptum við Spán, en menn gerðu sér í hugarlund. En því er ekki heldur að neita, að það hafa opnazt ýmsir nýir möguleikar um greiðari sölu en áður, sem vega þar dálitið upp á móti.

Landbúnaðarafurðir hafa yfirleitt hækkað í verði, eins og ég hefi áður minnzt á.

Þá vil ég ennfremur benda á nýbreytni í verkun á harðfiski, sem búið er að selja fyrir á 2. hundrað þús. kr.

Af þeim tilraunum, sem gerðar hafa verið, virðist auðveldara að selja harðfiskinn en saltfiskinn, og verðið ekki verra. Hefir hann verið seldur til 12 landa, og ættu að vera vaxandi möguleikar fyrir sölu á honum á næsta ári. Einnig hefir á þessu ári verið sent til Suður-Ameríku gagngert til þess að selja freðfisk. Er þegar búið að selja þangað 20 þús. kassa. Alls mun vera selt í Argentínu og Brasilíu um 12 þús. tn. Þá hefir einnig verið leitað markaða á Kúba og í Bandaríkjunum, en ekki er hægt ennþá að segja um, hvað af því sprettur. Þá hefir sala á fiski aukizt nokkuð í Englandi og Danmörku. Þessa hefir mér þótt rétt að geta, svo menn viti, hvernig ástandið er.

En hvað fram undan er, er spurning, sem ekki verður svarað nú. Þó verður ekki annað sagt en horfurnar í þeim löndum, sem við skiptum við, séu óglæsilegar. Við getum ekki keypt fyrir nema lítinn hluta af fiskinum þar, sem við þurfum að selja hann, en jafnvirðisviðskipti er krafa þjóðanna.

Í öðru lagi er yfirleitt stefnt að því, að þjóðirnar búi sem mest að sínu, og stutt að því með ýmsum ráðum, sem sízt eru veigaminni, m. a. styrkja þær úthald fiskiskipa með tollfrelsi o. fl. til þess að auka fiskframleiðsluna og þurfa sem minnst að kaupa af öðrum. Yfirleitt er stefnan þessi: að gera kröfu til jafnvirðisviðskipta og styðja aukna fiskframleiðslu í löndunum sjálfum. Þetta er sú hætta, sem að okkur steðjar. Verður því að telja það hreinasta gáleysi að loka augunum fyrir því. Að svo sæmilega hefir úr rætzt sem raun hefir á orðið, er því að þakka, að sala á fiski hefir aukizt til Portúgals og allmikið vestur um haf, og sala annara afurða gengið greiðlega.

Þau löndin, sem mest munar um, Portúgal og Ameríka, hafa keypt fyrir um 10 millj. kr. meira en við höfum keypt af þeim.

Þá hafa einnig færzt í nokkuð réttara horf viðskiptin við Bretland og Danmörku. Nú kaupa þeir af okkur fyrir nálega helming af því, sem við kaupum af þeim. Þó kaupum við enn af þeim fyrir um 8½ millj. kr. meira en þeir af okkur. Þó hefir af knýjandi nauðsyn orðið að beina viðskiptunum til Suðurlanda og Þýzkalands, jafnvel meira en hagfellt hefir verið. Er búið að kaupa þaðan vörur fyrir 5,2 millj. kr., að verulegu leyti fyrir aðgerðir ríkisstj. og gjaldeyrisnefndar.

Hefir ríkisstj. þannig tekizt að skapa sölumöguleika í Þýzkalandi fyrir mikið af íslenzkum afurðum, sem væru torseljanlegar eða óseljanlegar annarsstaðar.

Að öllu þessu athuguðu hefir ríkisstj. orðið nokkurnveginn sammála um, að ekki sé varlegt að gera ráð fyrir meiri innflutningi á næsta ári en 38 millj. Það er varla ráð fyrir gerandi, að útflutningurinn hrökkvi meira en til þess að borga það auk annara greiðslna. En af þessu leiðir óhjákvæmilega, að tekjustofnar ríkissjóðs dragast saman og tekjurnar minnka.

Annað atriði, sem ríkisstj. þarf að hafa hugfast, er að reyna að jafna svo fjárlögin, að tekjur og gjöld standist á. Þó skildist mér á hv. þm. G.-K., að hann teldi slíkt skaðræðisstefnu, en það mun hafa verið ofmælt og í flýti, því engin rök fylgja.

Er það vitanlega ófær leið að safna skuldum á hverju ári, nema eins og ég sagði áðan til

fyrirtækja, sem standa undir lánunum sjálf, spara gjaldeyri eða skapa atvinnu í landinu.

Í þessu sambandi þykir mér rétt að taka fram, að stj.flokkarnir bera og eiga að bera ábyrgð á afgreiðslu fjárl. Þar sem þeir hafa meirihlutaráð á þingi, eiga þeir að sjálfsögðu að standa eða falla á sínum verkum. Án þess því að bera andstæðingana sökum, verð ég að segja, að ég teldi það barnalegt oftraust að búast við, að þeir styðji flokk, sem þeir vantreysta og vilja fella. Það er að ætlast til meiri hollustu af stj.andstæðingum en mér þykir ástæða til.

Ennig verður að gera stj. flokkana og ríkisstj. ábyrga fyrir þeim lagasetningum, sem ganga fram undir þeirra stjórn.

Ég sagði áðan, að þau frv., sem nú liggja fyrir þinginu, bæru á sér svip þeirra erfiðleika, sem við eigum nú við að búa.

Hver er þá þungamiðja þess, sem um er deilt, í sambandi við fjárlögin? Það viðurkenna allir, að tímarnir eru erfiðir. Sjálfstæðismenn í fjvn. viðurkenna þetta hispurslaust, en þeir telja leiðina út úr erfiðleikunum að spara, létta af sköttum og skera niður útgjöld. En af skiljanlegum ástæðum þykir það ekki heppilegt orðaval fyrir eldhúshlustendur. Hitt lætur betur í eyrum fólksins og þykja góðar borgaralegar dyggðir, að spara og minnka útgjöldin. En þegar komið er að því að skera niður, þykir þeim sömu hv. þm. ógerlegt að tæpa á, hvar það eigi að vera. Þá er farið að tefla vinsældum hlustendanna í meiri tvísýnu en ráðlegt þykir.

Hv. þm. G.-K. lét þau orð falla, að stj. skorti manndóm til þess að skera niður og taka á sig þær óvinsældir, sem því fylgja. En flokkur hv. þm. hefir átakanlega sýnt, að hann skortir manndóm til þess að skera niður þar, sem helzt skyldi. Þeir vilja ekki segja neitt um þetta nú. Þeir vilja spara, en fráleitt neitt, sem er nauðsynlegt og gott að spara; þess vegna draga þeir í lengstu lög að segja, hvað þeir vilja spara. En það er ekkert leyndarmál, hvað þeir vilja spara. Þeir vilja spara framkvæmdir. Þeir vilja spara ólögbundin gjöld. Þeir vilja spara framlög til atvinnubóta, framlög til verkamannabústaða, uppbætur til verkamanna, framlög til verklegra framkvæmda, framlög til samvinnubyggða og framlög til alþýðutrygginga.

Þungamiðjan í deilunni er eins og ég sagði áðan: Hvernig á að mæta kreppunni, hvernig á að yfirstíga örðugleikana? Á að mæta örðugleikunum eins og sjálfstæðismenn vilja, með því að skera niður verklegar framkvæmdir? Á að bæta atvinnuleysið í landinu með því að draga úr atvinnu? Á að bæta úr vandræðum fólksins, sem er efnalaust og sjúkt, með því að skera niður alla styrki, sem veittir eru til þess að létta undir með því? Á að bjarga landinu út úr vandræðunum með því að spara fjárframlög til skuldaskilasjóðs, svo að vélbátaeigendur fái ekki uppgerð á skuldum sínum? Hv. sjálfstæðismenn telja þetta líklegustu leiðina til bjargar. Ég tel ekki rétt að orða það eins og hv. sjálfstæðismenn orða það, að vegna kreppunnar þurfi að draga úr framkvæmdum. Ég vil orða það þannig, að einmitt vegna kreppunnar sé alveg óhjákvæmilegt og brýn nauðsyn að auka til hins ýtrasta framlög til slíkra hluta. Einmitt vegna kreppunnar, vegna fjárhagsörðugleikanna, vegna óvissunnar um sölu afurðanna, vegna atvinnuleysisins og vegna vandræðanna, sem landsmenn hafa við að búa, er það óhjákvæmileg skylda að nota til ýtrasta þær leiðir, sem ríkisvaldið hefir yfir að ráða til þess að auka atvinnu í landinu, hjálpa þeim, sem eru fjárhagslega aðþrengdir, sjúkum og lasburða, tryggja þessu fólki sæmilega afkomu þrátt fyrir örðugleikana. Hvenær ber þjóðfélaginu skylda til að létta hlut þeirra, sem lakast eru settir, ef ekki þegar mest mæðir á? Þetta er þungamiðjan í deilunni: Á að mæta örðugleikunum með því að draga úr styrkjum, sem hið opinbera veitir, og þar með að auka erfiðleikana, eða á að bæta úr örðugleikunum með því að létta lífskjör þeirra, sem lakast eru settir í lífsbaráttunni? Um þetta greinir flokkana í raun og veru á. Um þetta eru átökin.

Í þessu sambandi þykir mér rétt að vikja að ummælum hv. þm. G.-K. um það, að ríkisstj. og hennar flokkar hafi herfilega svikið sín loforð síðan hún tók við völdum. Hv. þm. sagði, að þeir hefðu lofað að útrýma atvinnuleysinu í landinu, en nú sýndu óyggjandi skýrslur, að atvinnuleysið hefði aukizt. Þetta sagði hv. þm., að væru hrein og bein svik, svo þeir væru svikarar á sín loforð. Þetta útmálaði hv. þm. með óvægum orðum.

Út af þessu vildi ég segja það, að það er uppspuni einn, að stj. hafi lofað að útrýma atvinnuleysinu í landinu. En hinu lofuðu þeir flokkar, sem að henni standa, að haga sínum aðgerðum í stjórnarframkvæmdum og lagasetningum með það markmið fyrir augum að útrýma atvinnuleysinu. Ég vil fullyrða, að það hefir mikið verið unnið að þessu af núv. stj., og einmitt fjárlögin og sú lagasetning, sem er í sambandi við þau, bera þess vott, að stj. gerir það, sem í hennar valdi stendur, til þess að efna þetta loforð. Hv. þm. sagði, að atvinnuleysið hefði aukizt í landinu, sumpart fyrir aðgerðir ríkisstj., en ekki nema sumpart þó, og það vegna þess, að atvinnurekendunum hefði verið íþyngt svo mikið, að þeir væru ekki þess megnugir að halda uppi atvinnurekstri. Ég vil nú segja, að það sé ofmælt, að atvinnuleysið hafi aukizt í landinu, þó að því fari fjarri, að það hafi áunnizt svo mikið til útrýmingar atvinnuleysinu eins og ég hefði óskað. Það er að vísu rétt, að á sumum tímum ársins, en ekki nema sumum, hafa tölurnar sýnt nokkru meiri fjölda atvinnuleysingja, en það stafar að nokkru leyti af því, að nú fást gleggri skýrslur en áður, og sumpart vegna þess, að betra skipulag er á þessum málum vegna vinnumiðlunarskrifstofunnar og annara opinberra aðgerða. Sumpart er það vegna aukinnar atvinnubótavinnu. Láta menn því heldur skrá sig heldur en þegar það þýddi ekki neitt að láta skrá sig, af því að svo lítið fé var veitt til atvinnubóta. Ég skal einnig geta þess, að fyrir utan hækkunina til verklegra framkvæmda og atvinnubóta, sem á síðasta þingi nam um 750 þús. kr. umfram það, sem var á næsta ári á undan, hafa

margvíslegar till. verið gerðar til þess að auka atvinnuna. Má t. d. nefna síldarbræðslustöð, karfaveiðar og ufsaherðingu, sem allt er gert að tilhlutun ríkisstj. og stofnana, sem hún hefir ítök í. Það er enginn vafi á því, að þetta hefir aukið að verulegu leyti, frá því sem ella hefði orðið, atvinnu í landinu, og þar með virðist einnig opnir möguleikar til frambúðaratvinnu. Ég vil bæta því við, að fyrir ábyrgð ríkissjóðs og tilstilli var Sogslánið fengið og byrjað á virkjuninni, sem veitt hefir hundruðum manna atvinnu mikinn hluta sumars, og veitir ennþá.

Ég veit, að þegar hv. þm. G.-K. var ráðh., þó skamma stund væri, sýndi hann glöggt og greinilega, hvernig hann taldi, að ætti að bæta úr atvinnuleysinu, hvernig ætti að mæta vandræðum þeirra, sem byggju við atvinnuleysi og skort. Það var í fyrsta lagi á þann hátt að lækka um $^1/_3$ kaupgjald þeirra, sem unnu í atvinnubótavinnunni. Að vísu var það ekki með ráðherra úrskurði þessa hv. þm., heldur með samþ. meiri hl. bæjarstj. í Reykjavík, sem fylgir sama flokki og þessi hv. þm. Það átti ennfremur að bæta atvinnuleysið með því að gera mjög svo myndarlega tilraun til þess að stofna ríkislögreglu, búna vopnum og öðrum nauðsynlegum tækjum, til þess að halda í skefjum þeim mönnum, sem báðu um atvinnubótavinnu, en fengu ekki. Til þessarar atvinnubótavinnu taldi þessi hv. þm. rétt að verja 400 þús. kr.

Fyrsta verk núv. ríkisstj. var að létta af þessari atvinnubótavinnu og verja þessu fé, sem eytt var í ríkislögregluna, til þess að auka atvinnuna í landinu. Þetta hefir borið þann árangur, góðu heilli, að síðan hefir enginn maður ymprað á því, að þörf væri að stofna ríkislögreglu á ný.

Þetta sýnir mjög glöggt, á hvern veg flokkar hyggjast að mæta atvinnuleysinu. Ég sé engin skynsamleg ráð gegn því önnur en þau, að leggja fram til hins ýtrasta, eftir því sem geta þjóðarinnar leyfir, fé til þess að styrkja atvinnuvegina, styrkja nýjar atvinnugreinar, efla skuldaskilasjóð, hjálpa bændum, styrkja nýbýlastofnun, styrkja samvinnubyggðir, sem nú eru ætlaðar til 200 þús. kr., og auk þess að grípa til atvinnubótavinnu til þess að bæta úr brýnustu nauðsyn þeirra manna, sem ekki komast að þessum fyrirtækjum.

Sjálfstæðismenn líta rammskakkt á þetta. Þeir segja, að nú eigi einmitt að spara, ráðið sé að stofna ríkislögreglu með nauðsynlegum bareflum og áhöldum til þess að halda fólkinu í skefjum.

Þetta er það, sem um er deilt. Hvernig á að mæta örðugleikunum? Á að mæta þeim með allri orku, einbeittri að því að bæta kjör fólksins, eða á að mæta þeim með bareflum? Á að mæta þeim með því að sitja í trássi við vilja fólksins eða með því að bæta kjör þess? Það er hér, sem skilur.

Ég vildi spyrja hv. þm. og aðra áheyrendur. Dettur þeim í hug, ef sjálfstæðismenn hefðu farið með völdin, að þá hefði frekar verið unnið gegn atvinnuleysinu en nú? Mér dettur ekki í hug að halda það. Þeir hefðu fellt niður allar opinberar framkvæmdir, lækkað ríkisstyrkinn, en hækkað framlag til ríkislögreglu.

Hv. þm. vék að því áðan, að aðbúnaðurinn við aðra en verkamenn, og þá sérstaklega atvinnurekendurna við sjóinn, væri þannig, að enginn maður þyrði að hætta fé sínu í nokkurt nýtt fyrirtæki. Þetta er gaspur eitt í sambandi við frv. það, er hér liggur fyrir þinginu um tekjuöflun til ríkissjóðs. Sú skattahækkun, sem gert er ráð fyrir, að verði, snertir á engan hátt útgerðina. Eins og kunnugt er, hafa útgerðarfélög yfirleitt ekki borgað tekjuskatt á síðari árum, og eru engar líkur til — því miður —, að það breytist svo á næstu árum, að um verulegan skatt verði að ræða. Af því leiðir, að þessi tekjuskattsauki lendir alls ekki á þessum atvinnuvegi, að undanteknum fáeinum forstjórum og kannske nokkrum skipstjórum, sem eru vel launaðir. Sama er að segja um aðflutningsgjaldið, að það er ekki á neinum framleiðsluvörum til lands og sjávar eða brýnustu lífsnauðsynjum. Auk þess er það ofmælt hjá þessum hv. þm., að enginn þori að ráðast í að stofna ný fyrirtæki, hvort sem það er af ótta við ríkisstj. eða af öðrum ástæðum. Ég veit að vísu, að það er fullyrt hér í bænum, og ég hygg að það sé rétt, að félag það, sem hv. þm. veitir forstöðu, hafi sagt upp sínum föstu starfsmönnum, og bendir það óneitanlega til þess, að þeim litist þunglega á, og skal ég út af fyrir sig ekki ámæla neinum fyrir það. En sem betur fer, eru ekki allir sama sinnis í því efni og hv. þm. og hans félag. Mér er kunnugt um, að einmitt í dag er verið að veita innflutningsleyfi fyrir einum nýjum togara hingað til landsins, stærsta togaranum, sem hingað hefir verið keyptur, um 700 smálestir. Í honum eru nýtízku tæki til að vinna mjöl úr úrgangsfiski og ennfremur til þess að vinna úr lifrinni. Mér er kunnugt, að það eru engir óráðsangurgapar eða flón, sem standa að þessum kaupum, heldur eru það einhverjir duglegustu mennirnir, sem við þessar veiðar hafa fengizt. Mér er sönn ánægja að segja frá þessu í sambandi við yfirlýsingu hv. þm., því að ég veit, að hún hefir ekki við rök að styðjast. Það er að vísu óglæsilegt framundan með sölu á fiski, en það er ekki af þeim rökum ástæða til að leggja hendur í skaut og fljóta sofandi að feigðarósi. Við verðum að berjast til þrautar og gefast ekki upp. Þetta dæmi sýnir, að ekki svo fáir menn hafa hug á að berjast til þrautar, og ekki vonlaust um sæmilegan árangur.

Í þeim samningum, sem gerðir voru, þegar núv. stj. tók við völdum, milli þeirra flokka, sem að henni standa, var samið um lausn ákveðinna mála á ákveðnum grundvelli. Það er tvímælalaust rétt, að þessi stjórn, eins og hver önnur, verður að sjálfsögðu dæmd eftir gerðum sínum — verður að standa með þeim eða falla. Hún verður dæmd eftir því, hvort hún hefir efnt sín loforð, sem hún gaf þjóðinni, og hverja viðleitni hún hefir sýnt til þess að efna þau, hafi þau verið óframkvæmanleg.

Mér þykir rétt, eftir þennan 1½ árs búskap, að gera nokkura grein fyrir því, hversu efnd-

unum er komið í þeim málum, sem um var samið.

Fyrsta atriðið var það, að skipuð skyldi nefnd til þess að rannsaka ástand atvinnu og fjármála í landinu, með það fyrir augum að koma með heilsteyptar till. til umbóta í þeim efnum. Það varð og, að þessi n. var skipuð og hefir starfað síðan. Gengur hún almennt undir nafninu „Ruðka“, sem ég get mjög vel unað handa henni. Ég vil geta þess, að á næsta vetri geri ég ráð fyrir, að gengið verði frá till. frá þessari n. um heildaraðgerðir til þess að koma betra skipulagi á okkar fjárhag og atvinnulíf. Þetta hefir verið hennar meginverkefni og kostað mikla rannsókn og tíma, en ég vona sem sagt, að á næsta vetri komi heildarskýrslur og till. frá n. um þessi efni, auk hinna einstöku mála, sem komið hafa frá henni og verið lögð fyrir þingið.

Í þessu sambandi vil ég geta þess, að ég vona, að samvinna geti tekizt milli þeirra flokka, sem standa að ríkisstj., um lausn þeirra mála, sem þar verður hreyft við, á þeim grundvelli, sem flokkarnir geta báðir sætt sig við.

Annar liður samkomulagsins var sá, að afla ríkissjóði sérstakra tekna með því að leggja skatta á þá, sem breiðust hefðu bökin, ef svo mætti segja. Þetta er að fullu efnt. Á þinginu síðasta var tekju- og eignarskatturinn hækkaður sem nam milli 60 og 70%, auk þess, sem hann er innheimtur með 10% viðauka. Á þinginu, sem nú situr, er frv. um að bæta við tekjuskattinn eins og fært þykir, og láta helming þeirrar aukningar renna til hlutaðeigandi bæjar- eða sveitarfélags. Auk þess er gert ráð fyrir að taka af þessu sama til myndunar lífeyrissjóðs fyrir almenning í landinu. Hefir því stj. gert það, sem hún hefir álitið fært, í því að leita tekna á þessum stöðum. Ennfremur var um það samið, að til viðbótar skyldi tekna aflað með því, að stj. tæki í sinar hendur arðbær verzlunarfyrirtæki. Þetta var að nokkru gert á síðasta þingi, en nú hefir ekki náðst samkomulag milli Alþfl. og Framsfl. um að ganga lengra í þessu efni. Var þá sú leið farin, að leggja viðskiptagjald á nokkrar vörutegundir, til þess að fá fé til nauðsynlegra framkvæmda. Þriðja atriðið var að stofna sérstaka verzlunarskrifstofu til þess að hafa yfirstjórn utanríkisverzlunarinnar. Af þessu hefir enn þá ekkert orðið.

Þá var samið um löggjöf um sölu á kjöti og mjólk, eins og kunnugt er. Var þessi löggjöf samin, og verður sjálfsagt nokkuð rætt um árangur hennar meira en orðið er á þessum eldhúsdegi.

Þá var samið um, að verkamenn í opinberri vinnu skyldu fá rétt til þess að semja við ríkisstj. á sama hátt og verkalýðsfélögin semja við atvinnurekendur, og kaup vegavinnumanna skyldi hækkað og samræmt. Þetta var gert, sem kunnugt er.

Þá var samið um, að útflutningsgjald af síld skyldi fært niður. Þá var ennfremur samið um að afnema ríkislögregluna, sem var eitthvert fyrsta verk stj., og varð af því hinn stærsti sparnaður, sem hún hefir framkvæmt. Þá var samið um, að alþýðutryggingarnar gengju fram fyrir árið 1936, og það verður væntanlega efnt með því frv., sem hér liggur fyrir þinginu.

Þá var samið um löggjöf um samvinnubyggðir og nýbýli. Um það liggur frv. fyrir þessu þingi, sem ég geri ráð fyrir, að verði samþ. og að fjárframlag fáist til.

Þá var samið um að hætta sölu þjóðjarða, en í því hafa framsóknarmenn brugðizt með samþykkt löggjafarinnar um óðalsrétt.

Ennfremur var samið um endurskoðun réttarfarslöggjafarinnar, og liggur fyrsti árangurinn af því starfi fyrir þessu þingi.

Ég hefi nú vikið að þeim þrettán atriðum, sem samið var um, og sýnt fram á, að þau hafa öll verið efnd nema tvö, þjóðjarðasalan og skrifstofa til að hafa yfirstjórn utanríkisverzlunarinnar.

Það liggur í hlutarins eðli, þegar tveir flokkar standa saman að stjórn, sem hafa á ýmsan veg mjög ólíkar stefnuskrár og greinir á í ýmsum höfuðatriðum, að þá er óhugsandi annað en að sigla verði nokkuð bil beggja. Hvorugur flokkurinn getur búizt við því að fá fram allt, sem hann vill, heldur verður hvor að taka tillit til annars. Hjá því verður ekki heldur komizt, að allmikil átök geti orðið milli þeirra flokka um, hvernig leysa eigi hin einstöku mál, þó að í þeim málum, sem næst liggja, geti að lokum fengizt samkomulag. Það er ekki heldur því að leyna, að í sambandi við afgreiðslu fjárl. og þeirra mála, sem í sambandi við þau standa, hefir talsvert reynt á í flokkunum áður en fullt samkomulag náðist. Ég skal ekki fara langt út í það, en þykir þó rétt að gera nokkra grein fyrir því og kostnaðinum, sem af þeim málum leiðir.

Í höfuðatriðum hefir verið samið um, að þau mál nái fram að ganga, sem ég nú tel upp:

Alþýðutryggingar, sem gera ráð fyrir 300—330 þús. kr. framlagi til viðbótar því, sem áður hefir verið varið til þessara hluta.

Framlag til skuldaskilasjóðs, 100 þús. kr. samkv. lögum frá síðasta þingi.

Samvinnubyggðir og nýbýli, 200 þús. kr.

Til kartöfluræktar og verðlauna 30 þús. kr.

Styrkur til að greiða vaxtahluta fyrir bændur, 75 þús. kr.

Til frystihúsa og mjólkurbúa 65—70 þús. kr.

Þetta eru höfuðmálin. Um leið og samkomulag er orðið hjá þessum flokkum um að hrinda þessum málum í framkvæmd, verða þeir líka að taka á sig að afla fjár til þess, að þessi lög verði meira en pappírsgagn.

Það er engum manni að liði, að sett séu lög, ef ekki er tryggt, að þau friðindi, sem hið opinbera veitir samkv. lögunum, verði veitt og fé verði fyrir hendi til þess.

Þessi nýmæli, sem ég hér hefi getið um, er gert ráð fyrir, að kosti nýja útgjöld umfram það, sem er í fjárl., fast að 1 millj. króna. Það er því óhjákvæmilegt fyrir þá flokka, sem setja þessi lög, að sjá fyrir tekjum til þess að mæta þessum útgjöldum, því að stjórnarflokkunum og ríkisstj. er það vel ljóst, að það verður að beita ýtrustu orku til þess, að ekki verði tekjuhalli á fjárl. Um að leggja á tekjuskatt í því

formi, og svo langt sem gengið er í því, eins og í frv. segir, var mjög gott samkomulag milli beggja stjórnarflokkanna. Um það, hvernig afla ætti hinna teknanna, varð ágreiningur ekki alls óverulegur. Við litum svo á, Alþýðuflokksmenn, að ýmislegt af þeim vörum, sem féllu undir þessi nýju gjöld, væri ekki rétt að leggja skatt á. Við töldum eðlilegri leið í þessu efni, að ríkið tæki í sínar hendur meira af utanríkisverzluninni, jafnvel mikinn hluta hennar, og aflaði sér þar með tekna. Þó var þetta ekki eingöngu miðað við þá nauðsyn að afla ríkissjóði tekna, heldur og jafnframt hitt, að fá vald á innkaupunum og skapa ríkisstjórninni, að okkar hyggju, möguleika til þess að bæta meira en nú er hægt söluskilyrði fyrir okkar eigin vörur. Að vísu getur innflutnings- og gjaldeyrisefndin — og gerir að nokkru leyti — gert ráðstafanir til þess að beina innkaupunum í ákveðna átt, en það er miklu örðugra og áhrifaminna í framkvæmdinni heldur en ef innkaupin væru í höndum einnar stofnunar. Við teljum, að með því ynnist tvennt í einu, eða þó þrennt: Í fyrsta lagi betri innkaup, þegar um svo stórfelld viðskipti væri að ræða. Í öðru lagi sköpuðust möguleikar til þess að afla tekna án þess að vörurnar þurfi af þeim sökum að hækka, og í þriðja lagi sköpuðust möguleikar fyrir því, að með kaupum á ákveðnum vörum frá ákveðnum löndum mætti bæta sölumöguleika fyrir okkar afurðir á þeim stöðum umfram það, sem gert er og reynt verður með ráðstöfunum innflutnings- og gjaldeyrisnefndar. Um þetta varð ekkert samkomulag. Var sú leið farin, til þess að stöðva ekki framgang þessara mála, að fallast á innflutningsgjaldið. En af því að mér er kunnugt, að mjög er gert mikið úr því, hvernig þetta gjald kemur niður, þykir mér rétt að drepa á það nokkrum orðum.

Af áætluðum innflutningi til landsins, sem er 38 millj., er gert ráð fyrir, að 17300 þús. séu skattfrjálsar með öllu, en það eru allar framleiðsluvörur til lands og sjávar og brýnustu nauðsynjar. Þá kemur annar vöruflokkur upp á 13,6 millj. kr. Í honum er mikið af vörum, sem ómögulegt er að vera án, og á þennan flokk er lagt 2% gjald, og er það reiknað af innkaupsverði, en ekki af vörunum komnum á höfn. Ég játa það, að mér var þetta ekki geðfellt, en það, sem vannst við þetta aftur á móti, er mikils virði.

Þá eru 7 millj. kr., sem eru í hærri tollflokkum. 3,7 millj. eru í 5% tolli, hitt er í 10—25% tolli. Í 5% tollinum er kaffi og sykur, sem við Alþýðuflokksmenn höfum ekki viljað tolla hærra. Hefir mjög verið látið af því, að með þessu sé Alþfl. að svíkja sín loforð, og ég játa, að þetta er á móti því, sem við hingað til höfum barizt fyrir í þessu efni. En ástæðan fyrir þessu er sú, sem ég hefi áður tekið fram, að tryggja framgang mála eins og alþýðutrygginga, nýbýla og skuldaskilasjóðs. En ég vil gera mönnum grein fyrir því, að þetta er ekki sá voðaskattur, sem mikið munar um. Innkaupsverð á sykri mun vera innan við 20 aurar á kg.; 5% gjald af því er þá tæplega 1 eyrir. Það er því tæplega einn eyrir, sem hvert kg. af sykri þarf að hækka af þessari ástæðu. Innkaupsverð á kaffi er um 80 aurar kg. Það, sem kaffi hækkaði þá fyrir þetta gjald, væri 4 aurar kg. Ég vænti, að ýmsir, sem vex þessi hækkun í augum og ráða yfir álagningunni á þessar vörur, en það eru þeir, sem verzla með þær, sýni þá það eðallyndi, að bæta ekki tolli ofan á þetta. Þá þarf sykurinn ekki að hækka um meira en 1 eyri og kaffið um 4 aura kg.

Ég vil ennfremur benda á það, að gera má ráð fyrir, að næsta ár verði heildarinnflutningsgjald minna en undanfarin ár vegna minnkandi innflutnings. Það er 300—400 þús. kr., sem gera má ráð fyrir, að þetta lækki. Vörutollur og verðtollur voru árið 1934 3400 þús. kr. Nú er aftur á móti ekki gert ráð fyrir, að vörut., verðt. og þetta nýja viðskiptagjald verði meiri en 3050 þús. kr., og ástæðan er sú, að gert er ráð fyrir því, að innflutningurinn minnki. En að það er mögulegt að minnka innflutninginn niður í 38 millj., byggist á því, að fyrir aðgerðir hins opinbera, og mest fyrir aðgerðir þess í sambandi við innflutning til landsins, hefir skapazt í landinu nú á síðustu árum, mér liggur við að segja ótrúlega mikill iðnaður, og einmitt þessi iðnaður, sem nýtur verndar innflutningshaftanna, hefir orðið drýgstur til þess að bæta úr því atvinnuleysi, sem ella hefði verið óhjákvæmilegt. Hann hefir ekki aðeins tekið við allri þeirri aukningu, sem stafar af fólksfjölgun í landinu, heldur einnig bætt það upp að verulegu leyti, sem atvinnurekstur einstakra fyrirtækja hefir dregizt saman. En í skjóli innflutningshaftanna hefir iðnaðurinn komizt upp, og þar með auknir möguleikar til að bjarga sér, og skapað möguleika á ný til að draga úr innflutningnum, og er þar með komizt nær fullum jöfnuði.

Tími minn er úti, og vil ég ljúka máli mínu með því að segja, að loforð þeirra flokka, sem nú fara með völdin, voru til almennings í landinu, að beina orku og getu þjóðar og ríkis til að jafna kjör manna, auka atvinnumöguleika í landinu, taka af þeim, sem betur eru megnugir í kreppuvandræðunum og minnst mæðir á, til þess að tryggja þá, sem lakast eru settir. Og ég tel, að þrátt fyrir allt, þá hafi þessi viðleitni nú þegar borið mikinn árangur. Og afgreiðsla fjárl. og annara helztu mála, sem nú liggja fyrir, sýnir, að þessari viðleitni er haldið einbeittlega áfram.

Fjmrh. (Eysteinn Jónsson) óyfirl.: Herra forseti og aðrir hlustendur!

Á þeim stutta tíma, sem ég hefi, mun ég aðallega snúa mér að höfuðatriðunum, en minna skipta mér af smærri atriðunum, en geyma til morguns að minnast á þau. Ég geri það með vilja, til þess að ekki slitni of mikið í sundur sú grg., sem nauðsynlegt er, að komi af minni hálfu um fjármálin í þessari ræðu. Vil ég biðja hæstv. forseta að draga frá mínum tíma á morgun, ef ég nota í kvöld meiri tíma en mér er ætlaður. Vil ég að mér sé það leyfilegt, til þess að slíta málið ekki of mikið í sundur.

Það, sem ég hefi kosið að svara fyrst, er sú á-

deila, sem hér hefir verið hafin á stj. fyrir það, hvernig stj. hafi framkvæmt innflutningshöftin og hvernig hafi tekizt að leiðrétta viðskiptin við útlönd á þessu ári.

Til þess að mönnum verði þetta mál ljóst, verða þeir þegar í upphafi að gera sér grein fyrir því, að árið 1934 var 11 millj. kr. greiðslu-halli við útlönd. Þessi halli stafaði m. a. af því, að árið 1934 missti sú stj., sem þá sat, tökin á þessu máli, og ég segi það — og ætlast til þess, að sjálfstæðisfl. ræði um það síðar, ef hann vill — að þá hafði Sjálfstfl. aðstöðu til þess að ráða þessum málum. Fyrrv. fjmrh. skýrði frá því, að hann vildi fá að stemma stigu fyrir hinum mikla innflutningi, en því var neitað af sjálfstfl. Ég verð því að álíta, að það sé Sjálfstfl., sem fyrst og fremst ber ábyrgð á þeim stóra halla, sem var á viðskiptunum við útlönd árið 1934, og það er hann, sem raunverulega ber ábyrgðina á því, hversu erfitt er að fást við þessi mál nú á því erfiðasta útflutningsári, sem komið hefir nú um langan tíma. Það er rétt, að stj. hefir haldið því fram, að eitt aðalatriðið væri að kippa þessu í lag, og þetta er eitt af því helzta, sem hún hefir beitt sér fyrir. Hitt er rangt, að komið hafi fram um þetta ein eða önnur fullyrðing, að þessu skyldi komið í framkvæmd á einhverjum vissum tíma. Um þetta hefir ekkert verið full-yrt og engar líkur verið færðar að því, enda er það ómögulegt, eins og hverjum má vera ljóst, því að það veit enginn fyrirfram, hvernig þess-um málum reiðir af.

Það er búið að framkvæma þetta í 10 mánuði samkv. l., sem voru sett 1934, og eftir þessa 10 mánuði er hv. þm. G.-K. tilbúinn að fella þann dóm, að framkvæmdin hafi farið í svo miklu ólagi, að ég ætti fyrir það að víkja úr ráðherra-sæti. Þetta leyfir hann sér að segja 10 mán-uðum eftir að þetta hefir komizt í framkvæmd, og þrátt fyrir það, að þetta ár er það versta, sem komið hefir langan tíma, og þrátt fyrir það, að orðið hefir að leyfa óvenjumikinn innflutning á útgerðarvörum, af því að á þessu ári hefir stærri floti verið gerður út til síldveiða en áður, og þrátt fyrir sívaxandi kaup á vörum frá útlönd-um, sem vel væri hægt að vera án, ef viðskipta-ástæður okkar gerðu okkur ekki skylduga til að kaupa þær, og þrátt fyrir það, að á þessum 10 mánuðum hefir orðið að fullnægja fjölda inn-flutningsleyfa frá fyrra ári, þegar núv. l. um þetta efni voru ekki komin, og útkoman hafi fyrir það orðið miklu óhagstæðari. En hver er þá útkoman á þessum 10 mánuðum? Hún er sú, að á þessum 10 mánuðum er þegar fyrsta áfanganum í þessu máli náð, sem sé, að eftir þeim skýrsl-um, sem nú liggja fyrir, hefir nú náðst verzl-unarjöfnuður, en lokaáfanganum, greiðslujöfn-uðinum, er ekki náð enn, en fyrsta áfangan-um, verzlunarjöfnuðinum, er náð, þrátt fyrir það, þó útflutningurinn sé 2 millj. kr. lægri en á sama tíma í fyrra. Á þessum 10 mánuðum hef-ir tekizt að lækka innflutninginn um 2½ millj., þó aðallega á síðustu mánuðunum, af því að nauðsynjavöruinnflutningur var meiri fyrstu mánuðina, og þá gætti meira gömlu innflutnings-leyfanna frá fyrra ári.

Fyrsta áfanganum í þessu máli hefir verið náð, en við það verður ekki numið staðar. Það verður haldið áfram, þangað til lokatakmarkinu er náð, sem sé greiðslujöfnuðinum.

Hv. þm. talaði um það áðan, að yfirfærslur væru stöðvaðar og ástandið væri þar verra en nokkru sinni áður. Það er rétt hjá honum, að bankarnir hafa orðið að láta það vera að afgr. ýmsar innheimtur, sem til þeirra hafa borizt, en þetta er ekki fyrst og fremst, þótt það sé að nokkru leyti, vegna þess, að ekki er kominn full-kominn greiðslujöfnuður, sem enginn vitiborinn maður gat látið sér detta í hug, að hægt væri eftir 10 mánuði, heldur hafa ýms af okkar við-skiptalöndum við samskonar örðugleika að stríða, og hafa yfirfærslur frá þeim dregizt meira en nokkru sinni áður. Hv. þm. blés sig mikið út með það, og kvað á með miklum stóryrðum um það, að ef nokkur mannræna væri í mér, þá ætti ég að segja af mér störfum. Ég get sagt honum það, að meðan viðskiptajöfnuðurinn við útlönd fer batnandi með hverjum mánuði, sem líður, eins og hefir gerzt á undanförnum mánuðum, þá sé ég ekki ástæðu til að hnika mér úr sæti af þessari ástæðu.

Annars er fróðlegt fyrir menn, þegar menn hlusta á blástur hv. þm. G.-K., að hugleiða, hvernig þessum málum mundi hafa verið komið, ef núv. stj. hefði ekki farið með völd, heldur þeir, sem nú eru í stjórnar-andstöðu. Þykir mönnum það líklegt eftir þeirri framkomu, sem ég lýsti áðan, að Sjálfstfl. hefði sýnt Ásgeiri Ásgeirssyni 1934, sem þá var fjmrh., þykir mönnum það líklegt, þegar þeir hugsa um þá pressu, sem liggur á þeim flokki af hálfu kaupmanna, að hann hefði á þessu erfiðleikaári séð þessum málum borg-ið, eins og núv. stj. hefir nú séð þeim borgið? Ég held, að engum óvitlausum manni detti það í hug, heldur eru fyllstu líkur til þess, að þessi flokkur væri búinn að sigla þessum málum í algert strand. Leiði ég það af fyrri framkomu þeirra í þessu máli. Þeir hafa ekki flokkslega aðstöðu til þess að skipa þessum málum eins og þarf.

Annars verð ég að segja það, að mér finnst hv. þm. G.-K. koma heldur illa upp um sig í þessari ræðu sinni. Það kom nefnil. greinilega fram hjá honum, hver ástæðan er til þessarar bræði, sem hefir nú gripið hann venju fremur, þó að hann sé maður mjög óstilltur. Það var eitt atriði, sem gægðist í gegn, og það var, að fjár-hagur ríkissjóðs væri ekki kominn í vandræði. Það væru of miklir peningar í ríkissjóði. Hann sagði, að ríkissjóður væri sá eini aðili, sem hefði nokkur peningaráð. Af hálfu formanns andstöðuflokks þykir mér þetta mikið hrós á eldhúsdegi, að það skuli koma upp úr dúrnum, að ríkissjóður sé eini aðilinn, sem hefir nokkur peningaráð. Það er því miður ekki svo, að hag-ur ríkissjóðs sé eins góður og vera þyrfti, en ég veit, að mikill hluti af heift hv. þm. stafar af því, að hagur ríkissjóðs er þó betri en hann hafði gert sér von um, að hann væri. Það er sönnu næst, að hagur ríkissjóðs er ekki eins góður og hann þyrfti að vera, en ég vona, ef áfram miðar í framtíðinni smátt og smátt í sömu átt og hefir miðað þetta ár um afkomu

ríkissjóðs, þá geti menn orðið ánægðir eftir næsta ár. Ég skal ekki segja, hvernig þetta fer, en ef miðar áfram næsta ár eins og miðað hefir áfram þetta ár, miðað við árið 1934, þá sé ekki ástæða til þess að verða óánægður. Það kann að vera, að síðar komi fram ákaflega sterk gagnrýni á afkomu ríkissjóðs, og þá er gott að minnast þess, sem hv. þm. sagði nú. Þá mun því verða haldið fram, að ekki sé nóg, að hagur ríkissjóðs batni, heldur verði hann að vera eins góður og bezt verði á kosið, ekki nóg, að greiðsluhallinn minnki, hann megi enginn vera, og eru þar gerðar meiri kröfur til mín en nokkurs annars manns. Get ég verið ánægður með það, því að það sýnir, að andstæðingarnir vilja þó, að eitthvað miði í áttina til hins betra.

Ég ætla þá ekki að eyða meiri tíma í að ræða um viðskiptin við útlönd og orð hv. þm. G.-K. í því sambandi. Ég hefi svarað með rökum þeim stóryrðum, sem þar komu fram.

Þá vil ég minnast á afgreiðslu fjárl., þó að ég hafi til þess minni tíma en ég hefði kosið. Annað aðalatriðið í ræðu hv. þm. var að deila á stjórnarflokkana fyrir afgreiðslu fjárl. eins og hún lítur út fyrir að verða. Ég verð um leið og ég svara hv. þm. að gefa heildarupplýsingar um málið, til þess það lendi ekki á dreif, og felst þá um leið í því svar mitt til hv. þm.

Í fjárlfrv. því, er nú liggur fyrir, er gert ráð fyrir um 14 millj. kr. útgjöldum. Er það hærri upphæð en hingað til hefir verið í fjárlfrv. Ég hefi áður skýrt frá því og rökstutt það, að þessi hækkun er mest vegna þess, að áætlunarupphæðir hafa verið hækkaðar frá því, sem áður hefir verið, og þetta er rétt. Þessi breyt., sem gerð hefir verið á frv., var miðuð við þá stefnu, að það ætti að komast í það horf, að greiðslur á fjárl. og áætlanir væru í sem beztu samræmi við landsreikningana, þegar þeir kæmu út. Þessi fyrsta tilraun mun takast þannig, að mismunurinn minnkar allmikið frá því, sem áður hefir verið, þó að hann hverfi ekki að fullu, því að það er aldrei hægt að láta hann hverfa til fullnustu. Það kemur í ljós, ef miðað er við greiðslurnar eins og þær verða líklega þetta ár, og gert ráð fyrir í fjárlfrv. nálægt því sömu útgjöldum og 1935, þá verða útgjöldin sem næst 15 millj. kr., í staðinn fyrir 14 millj. kr., sem er í frv. nú.

Nú liggur einnig fyrir, eins og hefir komið hér fram áður, að ef haldið verður áfram að færa innflutninginn saman, þá er ekki hægt að reikna með því, að tekjur af núv. tekjustofnum fari svo nokkru nemi fram úr 14 millj. kr. á næsta ári, ef varlega á að fara. Þetta þýðir það, ef fjárl. eru færð til samræmis við reynsluna, þá er hér einnar millj. kr. mismunur. Framsfl. hélt því fram og fékk því framgengt, að þessum mismun ætti að mæta með niðurfærslu á útgjöldum fjárl. Þetta verður gert. Útgjöld fjárl. verða færð niður um sem næst einni millj. kr. Auðvitað er það, að þegar um svo verulega niðurfærslu er að ræða, þá verður að nema burt eða lækka ýmsa liði, sem stjórnarflokkarnir hefðu viljað, að hefðu staðið óbreyttir, en í það er ekki hægt að horfa vegna þess, hvernig fjárhagsástæðurnar eru. En auðvitað eigum við eftir að fá ýmsar svívirðingar frá andstæðingum okkar fyrir það, að hafa fært niður þá liði, sem við höfum gert, þótt þeir vilji láta í það skína, að niðurfærslan sé of lítil og meira eigi að spara, — en þannig er þeirra málfærsla.

Þá er og það, að á fyrri hluta þessa þings voru borin fram mál, sem höfðu í för með sér útgjöld úr ríkissjóði. Voru það ýms mál, sem stjórnarflokkarnir komu sér saman um að framkvæma, þegar þeir hófu samvinnu sína. Það lá fyrir, að þessi mál mundu hafa í för með sér nálega einnar millj. kr. útgjöld á næsta ári. Það var því ekki nóg, þó að þessum einnar millj. kr. mismun væri mætt með sparnaðinum. Það varð líka að mæta þessum einnar millj. kr. útgjöldum, sem hér varð að taka á ríkissjóð vegna þessara nauðsynlegu framkvæmda. Og þegar farið var að athuga fjárl. enn á ný, til þess að sjá, hvort enn væri hægt að færa niður á þeim, þá kom í ljós, að ef átti að færa þar niður um þessa einu millj., þá varð að ganga svo að segja eingöngu á þau fjárframlög, sem ganga áttu til verklegra framkvæmda eða atvinnuveganna, einkum landbúnaðarins. Stj.fl. þótti því ekki fært að ganga lengra á niðurskurðarbrautinni en þeir höfðu gert. Þá var ákveðið að afla tekna til þess að standast greiðslurnar vegna þessara nýju umbótamála.

Afgreiðsla fjárl. verður því í stórum dráttum þannig, að gömlu tekjustofnarnir verða látnir mæta gömlu útgjöldunum, þó niðurfærðum um eina millj. Nýju tekjustofnarnir eiga að mæta greiðslum þeim, er hinar nýju framkvæmdir hafa í för með sér.

Það eru þess vegna svo fjarri sanni öll þau stóryrði, sem hv. þm. G.-K. lét hér falla um það, að stjórnarliðið og ríkisstj., og þó einkum Framsfl., sæi enga leið nema að hækka skatta og önnur gjöld. Það er svo fjarri sanni, að þvert á móti hefir verið farinn meðalvegur, sem liggur í því, að þegar þarf að mæta 2 millj. kr. mismun á greiðslum fjárl. og nýjum fjárframlögum annarsvegar og tekjuvonum hinsvegar, þá er önnur milljónin tekin með nýjum sköttum, en hinni milljóninni er mætt með sparnaði.

Þá vil ég víkja nokkuð að þeim nýju tekjustofnum, sem hefir verið horfið að í sambandi við afgreiðslu fjárl. Annarsvegar er þar um að ræða hátekjuskatt, sem kemur á þær skattskyldar tekjur, sem nema 6000 kr. eða þar yfir, en það svarar til þess, að þeir hlutaðeigendur, sem verða fyrir þessari skattaálagningu, verða að hafa milli 7000 og 8000 kr. hreinar atvinnutekjur, ef um einhleypan er að ræða. Skatturinn er því sannnefndur hátekjuskattur, og hann kemur ekkert við allan almenning í landinu. Framsfl. hafði þá sérstöðu um þennan skatt, að hann vildi láta hann allan renna í ríkissjóð, en það vildi Alþfl. ekki ganga inn á, heldur vildi hann láta helming þessa skatts renna til hlutaðeigandi bæjar- og sveitarfélaga, sem þýddi ekkert nema bæjarfélögin, því að þessi skattur nær ekki til nokkurs manns í sveit. Inn á þetta gekk þó Framsfl. til samkomulags, en það þýddi það, að þá varð að fara þeim mun meira aðrar tekjuöflunarleiðir, og það var gert með því að leggja gjald á innfluttar vörur. Hinsvegar stakk Alþfl. upp á því, eins og hæstv. atvmrh. gat um, að

tekin væri í hendur ríkisins verzlun á ýmsum vörum, sem ríkið verzlar ekki með nú, en inn á það gat Framsfl. ekki gengið. Þannig varð þessi tollaálagning nokkurs konar millileið milli þess, sem flokkarnir lögðu til hvor um sig.

Þegar hátekjuskattinum sleppir og það sýndi sig, að ekki var hægt að afla með honum, ef helmingurinn fór til sveitar- og bæjarfélaga, meiri tekna en 200 þús. kr. samtals, þá var svipazt um eftir öðrum leiðum. Og þar sem Framsfl. gat ekki gengið inn á frekari einkasölur en áður, og þar sem Alþfl. gat ekki gengið inn á, að hátekjuskatturinn rynni allur til ríkissjóðs, þá var hallazt að þeirri leið, að leggja gjald á innfluttar vörur, eins og áður hefir verið lýst.

Þá kom til álita önnur leið, sem farin hefir verið erlendis af stjórnmálaflokkum, sem eru hliðstæðir þeim flokkum, sem fara með völdin hér að þessu sinni, en það er að leggja gjald á *alla vörusölu verzlana. Þessi leið hefir t. d. verið* farin í Noregi, en þar er sem kunnugt er vinstrimanna stjórn, sem vildi og vill halda uppi verklegum framkvæmdum og framlagi til smáframleiðenda, en þar er þegar búið að fara svo langt í álagningu beinna skatta, að ekki mun hafa þótt tækilegt að fara lengra á þeirri braut. Þessa leið þótti ekki fært að fara hér, m. a. af þeirri ástæðu, að þá hlaut gjald þetta að koma niður á allar vörur, sem seldar voru í búðum, ef framkvæmdin hefði ekki átt að verða allt of flókin, og þá vitanlega jafnt á allar vörur, hvort sem þær voru útlendar eða innlendar, nauðsynlegar eða ónauðsynlegar. Ennfremur tóku flokkarnir ekki þessa leið af því, að þeir töldu ekki rétt t. d. að leggja gjald þetta á vörur, sem framleiðslan þarf til sinna nota, en það er vitanlega stefna flokkanna að hlífa henni sem mest við útgjöldum. Var því sú leið farin að taka gjaldið aðeins af innfluttum vörum, og hafa það jafnframt misjafnt á vörunum, eftir því hve nauðsynlegar þær eru. Þannig er það minnst á þeim vörum, sem telja verður almenningi nauðsynlegar, og er það yfirleitt ekki nema 2% á þeim vörum, ef þær eru þá ekki alveg undanþegnar.

Þá hafa komið fram fullyrðingar um það, að með álagningu þessara gjalda væri verið að íþyngja atvinnuvegunum, væri verið að slá allar stoðir undan framleiðslu landsmanna. Vegna *þess að þetta er þung ásökun, og jafnframt* er hér um að ræða aðalatriði þessa máls, þá mun ég fara um það nokkrum orðum og reyna að bregða ljósi yfir þessi atriði, sem sýnir það ljóslega, að gjöld þessi lenda síður en svo á framleiðslunni, heldur eru miklu frekar til þess að létta undir með henni.

Hvað snertir hátekjuskattinn, þá er það víst, að hann hittir alls ekki smáframleiðendur. Hitt kann að vera, að hann nái til einstaka stórframleiðenda, en þá ber þess að gæta, að fyrir atbeina minn komust inn í lögin, sem sett voru í fyrra, ákvæði um það, að framleiðendur megi draga töp sín á framleiðslunni síðastliðin tvö ár frá gróðanum. Þetta ákvæði núgildandi skattalaga kemur því alveg í veg fyrir, að skattur þessi lendi þungt á framleiðslunni.

Þá kem ég að viðskiptagjaldinu. Við álagningu þess gjalds er sérstaklega gætt hagsmuna framleiðendanna með því að láta gjaldið ekki ná til þeirra vara, sem notaðar eru við framleiðsluna. Nær gjald þetta þó sérstaklega ekki til bænda eða iðnaðarmanna. Þvert á móti gerir það aðstöðuna hvað innlendu vörurnar snertir mun betri; það eykur möguleikana fyrir notkun þeirra í landinu sjálfu. Af þessu er það sýnt, að við álagningu þessa skatts er sneitt framhjá því að gera afkomu framleiðslunnar verri eða erfiðari en hún er nú.

Með þessu er þó ekki nema hálfsögð sagan hvað snertir álagningu þessara nýju skatta. Meiri hluti þeirra, eða um 610 þús., á að renna beint til framleiðslunnar sjálfrar. Þannig eiga t. d. 200 þús. að ganga til nýbýlamyndunar, 160 þús. til skuldaskilasjóðs útvegsmanna. Ennfremur eiga stórar upphæðir að ganga til fóðurtrygginga, kartöfluverðlauna, greiðslu vaxta af fasteignalánum bænda, mjólkurbúa og frystihúsa. *Það, sem þá er eftir, eða um 300 þús. kr., á að* ganga til alþýðutrygginga, og má segja, að það gangi að nokkru leyti til smáframleiðenda líka. Með þessu hefi ég sýnt fram á, til hvers þetta fé á að renna, að það á að ganga til smáframleiðendanna og atvinnuveganna, sumpart til þess að gera ungum mönnum kleift að komast inn í framleiðslu landbúnaðarins, og ennfremur að létta undir með framleiðendum og auka atvinnu. Það er því langt frá, að verið sé að íþyngja atvinnuvegunum með þessum sköttum, eins og sjálfstæðismenn vilja vera láta, eða eins og sjálfstæðismenn segja, öllum til bölvunar.

Nú kann einhver að segja, að þetta sé gott og blessað, en sjálfstæðismenn hafi nú bent á aðra leið, sem sé þá, að færa niður útgjaldaliði fjárl. umfram það, sem fjvn. hefir gert. Þessu er því að svara, að ef fjárl. eru athuguð, þá liggur það skýrt fyrir, að næst því, sem stjórnarflokkarnir leggja til að fært sé niður, getur ekki verið um niðurfærslu á öðru að ræða en því, sem beint er veitt til atvinnuveganna sjálfra, og það eru einmitt þau útgjöld, sem sjálfstæðismenn vilja spara.

Þá má vel vera, að einhver kunni að benda á það, sem hv. þm. G.-K. var að tæpa á, að hinir nýju skattar eigi ekki að ganga allir til framleiðslunnar, heldur eigi nokkur hluti þeirra að ganga til alþýðutrygginga, en þá vil ég bara segja það, að það er engum ofgott að taka á sig ábyrgðina á því að telja slíkt eftir, og ég mun ekki gera það. Annars er það svo, að frá sjónarmiði Framsfl. er þetta talið sjálfsagt mál, og verður ekki talið eftir af honum. Hann verður að hafa samvinnu við jafnaðarmenn til þess að vinna að hagsbótum smáframleiðendanna, sem hann sérstaklega hefir umboð fyrir, og telur því ekki nema eðlilegt, að jafnaðarmenn geri eitthvað fyrir verkamennina, sem þeir eru umbjóðendur fyrir.

Að síðustu vil ég taka það fram, að þrátt fyrir allar fullyrðingar sjálfstæðismanna um það, að fjármálastefna stjórnarflokkanna sé eyðileggjandi fyrir þjóðina í heild, þá munu þeir samt verða að horfa upp á það, að smátt og smátt þokast í áttina til þess að bæta hag ríkissjóðsins frá því, sem hann var, og sömuleiðis fjárhags-

ástand þjóðarinnar út á við, þrátt fyrir erfitt árferði á mörgum sviðum.

Það má vel vera, að einhver vanstilltur stjórnarandstæðingur fyllist reiði og ofsa yfir því, en við því verður ekki gert. Það kann að vera mannlegt, en karlmannlegt er það ekki.

Umr. frestað.

Á 25. fundi í Sþ., 4. des., var fram haldið 1. umr. um frv.

Hannes Jónsson: Herra forseti: Í umr. í gærkvöldi gerði hæstv. atvmrh. nokkra grein fyrir því, hvernig hans flokki hefði tekizt að fullnægja loforðum þeim, sem hann hafði gefið fyrir síðustu kosningar, og þeim samkomulagsatriðum, sem náðst hefðu milli hans flokks og Framsfl. Þessi samkomulagsatriði voru á sínum tíma borin saman við 4 ára áætlun Alþfl. af sósíalistum, og sýnt fram á það, hve sterkt samband væri milli stefnuskrármála sósíalista og samkomulagsatriðanna um stjórnarmyndunina. En því hefir kannske ekki verið veitt eins mikil athygli og ástæða hefði verið til, hve mikið samband er þar á milli. Það er ljóst, að stefna sósíalista hefir náð tökum á öllum störfum Framsfl. í þýðingarmiklum atriðum, bæði á þingi og utan þings. Það er því ekkert undur, þó að sósíalistar geti borið höfuðið hátt, þegar talað er um það, hvernig tekizt hafi að fullnægja samkomulagsatriðum flokkanna við stjórnarmyndunina. Hitt er meira vafamál, hvernig Framsfl. hefir tekizt að fullnægja loforðum þeim, sem hann gaf kjósendum sínum fyrir síðustu kosningar, enda munu sósíalistar ekki láta sig það miklu skipta. Það er haft fyrir satt, að formaður Alþfl. hafi sagt, að flokkur hans ætlaði að byrja á því að drepa Sjálfstfl. með aðstoð Framsfl., og þegar hann væri búinn að því, þá ætlaði hann að snúa sér að Framsfl., og ætti hann að fá sömu útreið. En ég held, að hann hafi gert það nokkuð jafnhliða. Og aðferðin, sem hann hefir notað við Framsfl., er seigdrepandi áníðsla á stefnuskrármálum hans, a. m. k. eins og þau voru í gamla daga. Sósíalistar geta því borið höfuðið hátt og sagt meira heldur en formaður flokksins sagði, því þeim hefir tekizt að vinna á honum samhliða Sjálfstfl. En það er undravert, að Framsfl. skuli sætta sig við þessi æfilok. Lausnina er kannske að finna í orðum eins af merkustu framsóknarmönnum á Austurlandi, sem hann lét falla við mig í gær út af umr., sem þá fóru fram, en orðin voru þau, að sigraðir menn sættu sig við allt. Hann taldi Framsfl. sigraðan í þjóðmálunum, og að hann yrði að sætta sig við allt frá sósíalistum, vegna þess að hann hefði kastað frá sér möguleikanum um að geta unnið að framgangi sinna mála til beggja handa eftir aðstöðunni í þjóðfélaginu á hverjum tíma. En nú höfðu þeir gefið upp vonina um að vinna að framgangi sinna mála, nema með stuðningi sósíalista, svo að sósíalistar vissu vel, hvað þeir máttu bjóða Framsókn, því framsóknarrollurnar gátu ekki annað en dansað í tjóðurbandi sósíalista. Framsfl. lofaði mörgu fyrir síðustu kosningar til hagsbóta fyrir bændur landsins. Hann lofaði að hækka kaupgjaldið til bænda með því að hækka verðið á framleiðsluvöru þeirra. Það var bent á það í gær, hvernig tekizt hefði með afurðasölumálin. Þó hafði stj. mikilvæg vopn í sinni hendi, þar sem var undirbúningur afurðasölumálanna, til þess að vinna að þessu. Það er búið að benda á, hvernig stjórn mjólkursölunnar eyðilagði hina sterku aðstöðu, sem hægt var að hafa um framgang þessa máls, með því að taka stjórn mjólkursölunnar úr höndum framleiðandanna og fá hana í hendur andstæðingum framleiðendanna, sósíalistum. Það er búið að benda á, hve ósvífnir sósíalistar hafa verið í þessu efni. Þeim var það ekki nóg að heimta umráðaréttinn í meðferð þessa máls í sínar hendur, heldur var líka þeim mönnum, sem þeir sköffuðu úr sínum flokki til þess að hindra það, að bændur gætu notið hagnaðar af afurðasölulögunum, leyft að heimta það, að bændur borguðu þessum mönnum fyrir að standa í vegi fyrir því, að bændur gætu notið þess hagnaðar, sem ástæða var til að ætla, að yrði af afurðasölulögunum, eftir því hvernig þau voru samin. Það er búið að benda á, hvernig skipulagsleysi hefir ríkt hjá þessum mönnum um atriði, sem mestu máli skipta. Það skiptir ekki mestu máli, hvort búin keppa hvert við annað. Það skiptir ekki heldur mestu máli, hvort hrúgað er upp kostnaðarliðum, vegna þess að búin keppa hvert við annað. Það er búið að benda á hina óeðlilegu afstöðu mjólkursölunefndar, þar sem hún gefur sósíalistum aðstöðu til þess að auðgast af mjólkursölunni, þannig að nokkur hluti af hagnaðinum af mjólkursöluskipulaginu rennur í flokkssjóð sósíalista. Það var engin ástæða til þess að taka fjáraflaþörf sósíalista svo alvarlega, þó þeir séu að reisa stórhýsi, sem kostar um hálfa millj. kr. Það er engin ástæða til þess að skattleggja bændur landsins vegna þess að sósíalistar eru að byggja stórhýsi yfir sig.

Það er búið að benda á, hve hrapallega hafi tekizt í meðferð kjötsölulaganna, þó að hæstv. landbúnaðarráðh. héldi því fram í ræðu sinni í gær, að kjötsölulögin hefðu gefið 600 þús. kr. hagnað til framleiðendanna. En þó að árangurinn hafi verið þessi í fyrra, þá er ekki hyggilegt að telja, að það hafi verið fyrir þeirra aðgerðir. Ef talið er, að þessi hækkun sé að þakka kjötsölulögunum, þá yrði afleiðingin af þeirri fullyrðingu sú, að ef svo færi, að þeir framleiðendur, sem seldu á innlendum markaði, fengju minna verð en þeir, sem seldu á erlendum markaði, þá væri það líka að kenna kjötsölulögunum. En því fer fjarri, að þetta sé rétt, og skal ég færa þessum orðum mínum nokkurn stað. Það, sem hefir valdið miklu, ef ekki mestu um verðið, er sú algilda regla, sem áður var ríkjandi um verð á kjötinu á haustin. En sú regla var, að ákveða verðið í hvert skipti, ekki eftir því, sem ætlað var, að yrði á erlendum markaði, heldur eftir verðinu eins og það var á erlendum markaði næsta ár á undan. Þetta er eðlilegt, því þegar verðið er ákveðið í hvert skipti, þá er ekki vitað, hvaða verð verður á erlendum markaði, og er því lagt til grundvallar það verð, sem fékkst fyrir vöruna á markaðinum árið á undan. Fyrir þessar sakir var verðið í fyrra nokkru hærra en

reynslan sýndi, að fáanlegt var á erlendum markaði, vegna þess að verðhækkun var geysileg á kjöti frá árinu 1932 til ársins 1933. Það var háa verðið á erlendum markaði árið 1933, sem skapaði háa verðið á innlendum markaði haustið 1934. Nú er það séð, að verðið á kjöti því, sem selt hefir verið á innlendum markaði, hefir verið lægra en það verð, sem fengizt hefir fyrir frysta kjötið, sem selt hefir verið til Englands, ef byggja má á þeim upplýsingum, sem fengizt hafa frá þeim mönnum, sem helzt hafa með þau að gera. Því hefir verið slegið föstu, að kjötverðið í Englandi er nú 25 aurum hærra en síðastl. haust. Ef þessum 25 aurum er bætt við þá 70 aura, sem kjötið var selt fyrir árið 1934, þá verður verðið í haust 95 eða 96 aurar, en gefið verð á innlendum markaði hefir aldrei náð þeirri upphæð. Ég get ekki betur séð en hér hafi herfilega brugðizt þær vonir, sem menn gerðu sér um framkvæmd kjötsölulaganna, og að Framsfl. hafi brugðizt loforðum þeim, sem hann gaf um það, að láta framleiðendurna fá það verð fyrir framleiðsluna, sem svarar framleiðslukostnaði. En það var eitt loforðið, sem Framsfl. gaf fyrir síðustu kosningar, að vinna að kauphækkun hjá bændunum, sem samsvaraði kauphækkun verkalýðsins, en sú kauphækkun átti að koma í hækkuðu afurðaverði. Búnaðarfél. Íslands áleit þetta svo alvarlegt mál, að það skipaði nefnd til þess að athuga, hvað væri framleiðsluverð á aðalframleiðsluvörum bændanna. Þessi nefnd skilaði svo áliti sínu snemma í haust, og hefði verið ástæða til þess fyrir kjötverðlagsnefnd að taka það til athugunar. En það er svo langt frá, að það hafi verið gert, því hún hefir þvert á móti reynt að gera rannsókn nefndarinnar sem tortryggilegasta. Það hefir heldur ekki verið reynt að fullnægja hinum sjálfsögðustu kröfum, sem þar eru settar fram. Einmitt fyrir það, að kjötsölulög eru í gildi, þá ætti að vera hægt að sneiða hjá þeim annmörkum, sem áður voru á því, að ákveða verðið. Nú á það eingöngu að ráða verðlagi nefndarinnar, hvað bændur þurfa að fá til þess að nálgast framleiðslukostnaðinn. Það hefir verið bent á, hve hirðuleysislega kjötverðlagsnefnd svaraði jafnsjálfsagðri fyrirspurn og þeirri, sem kom frá Sláturfélagi Suðurlands um það, hvað kjötverðlagsn. ætlaði í geymslukostnað frá því að sláturtíð væri lokið og þangað til kjötið yrði selt út úr frystihúsunum. Kjötverðlagsnefnd neitaði að svara þessu. Það liggur því í augum uppi, að þeir, sem kaupa kjötið, verða að fá þann kostnað, sem samsvarar geymslukostnaðinum, greiddan í hækkuðu útsöluverði. Annars sér enginn sér fært að kaupa kjötið, og Sláturfélagið verður sjálft að ráðast í að frysta það og taka það til geymslu. Og þetta hefir orðið til þess, að Sláturfélagið þorði ekki að ákveða verðið eins hátt og ástæða hefði verið til, ef fullnægjandi svar hefði fengizt frá kjötverðlagsnefnd um þetta atriði.

Framsfl. lofaði því fyrir síðustu kosningar, að láta fara fram ýtarlega rannsókn um aðstöðu framleiðendanna til verðgildis krónunnar, og ákveða verðlagið í samræmi við þá niðurstöðu. En hvað hefir flokkurinn gert? Hann hefir ekkert gert. En það var þó eitt af því, sem nauðsynlegt var að rannsaka, ef tryggja átti það, að bændur fengju framleiðslukostnaðinn endurgreiddan. En stj. gaf út bráðabirgðalög um að taka umráðaréttinn yfir þessum málum í sínar hendur. Og hvernig hefir meðferð ríkisstj. á þessum málum tekizt? Í haust rétt fyrir réttirnar var búið að veita leyfi fyrir um 25% af ull til Þýzkalands, en þar var sá bezti markaður, sem bændur gátu fengið. En þangað var aðeins leyft að flytja 25%. Í umr., sem urðu um þetta í þinginu, gaf hæstv. atvmrh. þau svör, að nú væri búið að leyfa um 50% af ull til Þýzkalands. En það var nú ekki búið, þegar hæstv. ráðh. gaf þessar upplýsingar, því ég fékk þær fréttir daginn eftir, að þá hefðu starfsmenn stjórnarráðsins verið uppteknir við það að síma út um land, að það mætti senda þetta mikið af ull til Þýzkalands. Það var líka önnur merkileg yfirlýsing, sem hæstv. ráðh. gaf þá um leið, en hún var sú, að vörur þær, sem fluttar væru inn frá Þýzkalandi, væru dýrari en annarsstaðar, og því yrði að beina íslenzkum afurðum í aðra átt, þar sem vörurnar væru ódýrari fyrir neytendurna. Það er því unnið að því að hafa söluverðið á vörum bændanna lægra en ástæða er til, og það er byggt á því, að það verði að sjá um hag neytendanna. Það er því reynt að beina útflutningnum á þá staði, þar sem hagkvæmara er fyrir þá að kaupa sínar vörur. Þeim hefir ekki skilizt það, að möguleikinn fyrir því, að hægt sé að flytja inn vörur, byggist á því, að hægt sé að selja framleiðslu landsmanna fyrir sæmilegt verð, og neytendurnir verða að beygja sig fyrir því að kaupa vöruna þar, sem gjaldeyrir er til. En hér er verið, umfram það, sem gert er með gjaldeyriseinokun, að seilast inn á hagsmunasvið framleiðendanna til hagsbóta fyrir neytendurna.

Stj.flokkarnir lofuðu fyrir síðustu kosningar að draga úr öllum embættismanna- og sýslunarmannakostnaði. En hvað hefir verið gert í því efni? Það að bæta nefndum við þær, sem fyrir voru, svo tugum skiptir, og hver nefnd kostar svo tugum þúsunda skiptir. Líka hefir bitlingum verið bætt við einstaka menn, sem kosta fleiri þúsundir. Sumir gæðingar stj. hafa líka margföld laun. Ég skal nefna eitt dæmi. Það urðu skólastjóraskipti á Hólum 1. júlí síðastl. Ríkisféhirði var tilkynnt að láta falla niður greiðslu til fráfarandi skólastjóra, en láta hinn taka við henni. En í október skrifar fjmrh. ríkisféhirði, að samkv. skriflegri fyrirskipun landbrh. eigi fráfarandi skólastjóri að halda fullum launum til 1. okt. og eigi þannig að bæta við hann 3 mánaða launum, og til þess að fyrirbyggja misskilning, þá var það tekið fram, að launin ættu að vera tvöföld þessa 3 mánuði. Það sýnist ekki hafa verið nein þörf á þessu, því maðurinn er ekkert sérstaklega fátækur. Hann hefir þegar tekið á þessu ári um 2 þús. kr. í laun hjá Rauðku, og það má búast við, að það verði um 3 þús. kr. yfir árið. Hann fær það hálfa ár, sem hann hefir starfað hjá Búnaðarfélagi Íslands, 3 þús. kr., svo að það lítur út fyrir, að þessi seinni árshelmingur ætli að færa honum rúmar 5 þús. kr.

Hvernig var með það embætti, sem stofnað var við útsölu Áfengisverzlunarinnar, sem á að

borga fyrir 8000 kr. á ári? Það er nú svo með þann mann, sem á að fá það embætti, að hann getur ekki unnið að starfinu, af því að hann er í öðru feitu embætti. Hann hefir því tekið vinnumann og borgar honum rúmlega helming af því, sem hann fær fyrir starf, sem hann gegnir ekki, en hinu stingur hann í sinn vasa. — Hvernig var það með þessar 6000 kr., sem forstjóra Áfengisverzlunarinnar var borgað fyrir vinnu í máli, sem höfðað var vegna þess að hann hafði rækt starf sitt svo illa, að ríkið varð að eyða tugum þúsunda til þess að Áfengisverzlunin gæti haldið rétti sínum gagnvart neytendunum. Landið varð því að greiða honum 6 þús. kr. fyrir að rækja starf sitt svo illa, að það varð að kosta tugum þúsunda til þess að halda rétti sínum. — Hvernig er það með hv. 2. þm. N.-M., Pál Zóphóníasson? Ég hefi heyrt, að hann taki um 14 þús. kr. fyrir ýms bitlingastörf, sem hann hefir.

Svona mætti lengi telja. En klukkan er komin og tími minn útrunninn. Ég gæti haldið lengi áfram að telja ýmsa gæðinga stj., sem hafa á annan tug þús. í laun. Svona hefir nú Framsfl. haldið loforð sín í þessu efni. Það er alveg sama hvar maður ber niður. Það eru alstaðar svik, og ekkert annað en svik.

Gísli Sveinsson: Herra forseti! Það má gjarnan minnast þess við þetta tækifæri, að 1. desember er nýliðinn, — hinn þjóðhelgi fullveldisdagur, sem vera átti, og hefir hann nú í fyrsta skipti verið notaður af flokkum þeim, er standa nærri núv. stjórn, til svæsins áróðurs til hagsmuna niðurrifsstefnum kommúnista, eins og heyra mátti við hádegisútvarp stúdenta og víðar þann dag.

Var af æsingamanni þeim, er látinn var mæla af svölum alþingishússins, það talið eina sjálfsagða ráðið (ef nokkur meining hefir átt að vera í erindinu), að alþýðan réðist á peningastofnanir landsins, bankana, og gerði sér gott af fjármunum þeirra, þar sem þeir (bankarnir) væru nú höfuðfjandinn, sem yfirstiga bæri, áður en þeir kæmu fólkinu á kné.

Líklegt er nú að vísu, að þessi ræðumaður hafi ekki ætíð átt upp á pallborðið hjá þeim stofnunum — því að þannig verður að skilja þessa móðursjúku gusu —, en hverju væri almenningur nær, þótt hann fengi að moða úr bönkunum, bundnum og tómum þegar minnst vonum varir, nema þá hreinlega stæli fé þeirra, sem yrði skammgóður vermir?

Hvílík endileysa, sannarlega samboðin samfylkingu kommúnista og sósíalista. Eða hafa stjórnarblöðin mótmælt þessu? Öðru nær. —

En í þessari ræðu kom þó ein játning fram, og verður eftir atvikum að telja hana komna frá fyrstu hendi, sem sé sú, að hér væru í landinu erindrekar fyrir hagsmuni annara þjóða, sem ásælast vilja sjálfstæði vort, og mun þar m. a. átt við þá menn, sem smjaðra fyrir Dönum og vilja gera þeim allt til geðs, svo sem er og um suma forystumenn núv. stjórnarflokka, enda fellur eplið ekki langt frá eikinni, því að sósialistar og kommúnistar hafa orðið uppvísir að því að þiggja fé frá erlendum þjóðum til starfsemi sinnar hér á landi.

Það er einnig talið víst, að ráðherra Alþfl. hafi í umboði sinna samherja, og væntanlega með blessun formanns Framsfl., á laun fengið eða samþ. danskan mann, sem verið hefir skrælingjakönnuður í Grænlandi árum saman, Lauge Koch, til þess að bera einnig niður í þessu landi. — trúlegast af því að sósialistar treysta eigi vísindamönnum íslenzkum til þess að rannsaka sitt eigið land, — enda hefir danska blaðið „Politiken“ þ. 2. júní s. l. þau orð um þetta: „Dr. Lauge Koch hefir um lengri tíma verið sérstakur ráðunautur fyrir Ísland í jarðfræðiefnum“, og til þessa veit satt að segja enginn, fyrr en þessi stjórn kom til valda, eða hins, að vér værum svo djúpt sokknir.

Það kemur og heim, að þegar þessi maður er búinn að vera hér um stund í sumar, vitandi að fróðra manna dómi lítt um það, hvað hann skyldi hafast að, þá hefir sama blað eftir honum 21. sept. s. l. (orðrétt):

„Hann (L. K.) sagði frá þeim miklu verkefnum, sem íslenzka ríkisstjórnin hefði beðið hann um að leysa af hendi“ (og hrósar hann síðan stjórninni á hvert reipi).

En svo er það vitað, að engir náttúrufræðingar hér vilja lúta að samvinnu við hann. Þessi danski maður hefir verið ráðinn til þessa gegn vilja þeirra allra og að þeim fornspurðum. En hann hefir nú og fengið sinn áfellisdóm þessa dagana hjá dönskum vísindamönnum.

Nú er mér spurn: Hvað er hér að gerast? Og á hvers kostnað?

Er byrjaður hér skipulagsbundinn erindrekstur fyrir Dani í þessu landi — ef til vill með 1943 fyrir augum — undir stjórn hinna vinnandi stétta?

Skal nú vikið að öðru efni. —

Það, sem alltaf og alstaðar hefir auðkennt sósialistiskar stjórnir (reyndar hvort sem eru ríkisstjórnir eða bæjarstjórnir), er annarsvegar gálauslegar og stundum glæfralegar tilraunir (experiment) í þjóðmálaframkvæmdum, sem talið er, að miða eigi heildinni til hags, en verður einatt allmiklum hluta borgaranna til niðurdreps, og hinsvegar óhófleg eyðsla og fjársukk, sem ekki aðeins að nokkru leyti leiðir af hinu fyrra, heldur er beinlínis ætlað til þess að þjóna flokkshagsmunum undir því yfirskyni, að verið sé að efla farsællegar stjórnmálastefnur o. s. frv., en kemur iðulega fram sem meira og minna óþarfar greiðslur og bitlingar til flokksmanna.

Ekki er þetta þó jafnáberandi hjá öllum slíkum stjórnum. T. d. hefir víða erlendis, þar sem sósialistar hafa náð völdum, verið gætt nokkurrar hófsemi í þessum tiltektum, svo að hinir borgaralegu flokkar hafa ekki verið settir á kaldan klaka, og hefir áður verið á þetta minnzt, en þetta kemur til af því einfalda atriði, að þar hafa forystumennirnir séð að það var að steypa sér ofan í forað, bæði pólitískt og efnalega, að fara að koma á stórkostlegum umveltum á hinum örðugustu tímum, þegar allt var undir því komið að geta haldið sem mest og sem lengst í horfi, haldið atvinnuvegum í gangi með hagnaði, og á engan hátt auka öngþveitið með því að hrifsa framkvæmdirnar af

einstaklingum og félagsskap þeirra nema í hreinar nauðir ræki.

En hér á landi hefir hin gætna aðferð ekki verið viðhöfð. Hér hafa sósialistar (sem fram að þessu hafa allir hagað sér eins og kommúnistar annara landa) notað aðstöðu sína til umráða eða meðráða á þjóðarbúinu ósleitilega og fyrir allra augum til þess að gera umrót í þjóðmálunum, hvað sem það kostaði, og jafnframt til þess að skara eld að sinni köku með gífurlegum fjáraustri.

Forystumenn þeirra hafa heldur aldrei hirt um og aldrei reynt að kenna öðrum að spara, heldur eingöngu gengið upp í því að heimta, — heimta fé og fríðindi og talið að allt ætti að taka af öðrum, án þess að skeyta því nokkru, að þegar búið er að rýja inn að skyrtunni, þá verður sjálfri þeirri flík hætt, svo að við blasir aðeins nektin, skorturinn, auðnin.

Og á allra vitorði er það, enda fyrir allra sjónum bert, að hinir svokölluðu „öreigaforingjar" hér hjá oss, hinir hæstgalandi í hinum heimtandi hóp, — þeir eru mestu eyðslu- og óhófsmennirnir, nú margir tekjuhæstir allra landsmanna og í útsjón allri eftir því.

Þessir menn eru það og þeirra fylgis- og þjónustumenn, sem í raun réttri hafa farið með stjórn þessa lands undanfarin 8 ár, því að framsóknarstjórnin, er til valda kom 1927, studdist við sósialista, bæði af fylgisnauðsyn og eins að sumu leyti af innræti, enda var og er alkunnugt, að ýmsir af þeim róttækari „framsóknarmönnum" (er svo nefna sig) voru sízt minna „byltingasinnaðir" en hinir, er báru nafnið „jafnaðarmenn", sem þá orðið hafði ekki lengur sína upphaflegu ísl. merkingu, heldur varð að tákna þá, sem jafna vildu hina uppistandandi þjóðfélagsskipun við jörðu.

Öll þessi ár hafa beinlínis með fjármálastjórn landsins farið umboðsmenn Framsfl. með atbeina Alþfl., og yfirleitt með stjórnina í heild, þótt í fulltrúi frá Sjálfstfl. ætti sæti í henni 1932—'34, og varð þeim minni hluta eigi beitt til neinna höfuðbreytinga í stjórnarstefnunni, eins og gefur að skilja.

Það varð brátt kunnugt, að framsóknarmenn urðu, í hverju sem á reyndi, algerðar undirlægjur hjá sósialistum, urðu að sitja og standa eins og þeim þóknaðist, og kraumuðu ýmsir þeirra sárlega undan því, en ekki var það látið tjóa, því að þá gilti hjá þeim hið viturlega heróp: Allt er betra en íhaldið!!

Úr flokknum kvarnaðist þó að lokum hægri armur hans, en eftir urðu hinir nánustu samvinnumenn sósialista, sem nefndir voru þeir „bæjarradíkölu" af hinum. Þessir framsóknarmenn og sósialistarnir ráða nú lögum og lofum í landinu og hafa gert síðan í fyrra sumar (1934), er núv. stj. varð til.

En hún myndaðist, eins og bent hefir verið á í þessum umr. og orðið er nógsamlega kunnugt, enda ómótmælanlegt, á grundvelli hinnar svokölluðu „4 ára áætlunar Alþfl.", sem var ekkert annað en samandregin — og þó að nokkru sundurliðuð — stefnuskrá sósialista.

Samkvæmt henni hafa stjórnarframkvæmdirnar verið, sbr. ræðu atvmrh. í gærkvöldi, enda löggjöf þessara þinga, 1934 og nú 1935, horfið algert í þann farveg, ef um nokkur stefnumál hefir verið að ræða.

Er nauðsynlegt, til almennrar vitneskju um ástandið, að gera sér þessar staðreyndir ljósar.

Þetta sannast og af því, að þegar nú er farið að slettast nokkuð upp í vinskapinn hjá stjórnarflokkunum, sem er sjáanlegt öllum kunnugum, þá er aðallega haft í frammi því til skýringar og nokkurskonar rökstuðnings, að hinn aðilinn (í þessum tilfellum aðallega framsóknarmenn) hafi svikizt undan uppfyllingu hins eða þessa í stjórnarmyndunar — „málefnasamningnum", eða m. ö. o. ekki viljað fylgja út í æsar auglýstum og fyrirskipuðum stefnuskráratriðum sósialista.

Og dregur nú heldur sundur en saman með þessu fólki, eftir því sem hin örðuga sambúð stendur lengur, og þá ekki sízt vegna þess, að „ölið" er farið að minnka á „könnunni", tuggan orðin rýrari í stallinum, og fer þá oft að verða illa fritt með jötunautum, eins og menn kannast við.

Munu þá sósialistar fara að bíta frá sér, og leita sér betri tilgjafar; og uggir það mig, að þá muni framsóknarmenn sitja eftir með nokkuð sárt ennið.

En enginn má sköpum renna. —

Á þessum dögum hafa þessir samvinnandi stjórnarflokkar haft í hótunum í blöðum sínum, hvorir við aðra um samvinnuslit — og þykist hvorugur muni „tapa" við.

En þetta er vitanlega eins og selbiti í vasann.

Og nú hafa þeir orðið, reyndar með nokkrum harmkvælum, að koma sér saman um að þykjast vera að halda þjóðarskútunni á floti, með því að stofna til nýrrar skattaálagningar, hærri og hærri tekjuskatt og enn nýtt innflutningsgjald af vörum (ofan á vörutoll og háan verðtoll).

Á að nota þetta, segja þeir, til nýrra þjóðmálatilrauna, ef fé þetta þá næst, því að inn í kviku er nú komið á skattþegnum landsins.

En athugum nú nokkur dæmi um, hvernig staðið er að því að spara ríkisútgjöld — við sjálfan ríkisreksturinn — hversu mikilla hagsbóta sé annars af honum að vænta.

Enda þótt ríkisstj. hafi algert haft tökin á því — og margfaldar áskoranir hafi um það fram komið utan þings og innan — að lækka til muna hin geysiháu laun við ríkisstofnanirnar, sem ávallt hafa farið stórum fram úr launum hinna lögskipuðu embættismanna ríkisins, er undirbúið höfðu sig til starfa á mörgum árum með ærnum kostnaði, þá hefir hún þó síður en svo hirt um það, svo að mark sé á takandi, heldur jafnvel aukið að sumu við, því að t. d. nefndir á launum eru skipaðar í hvað eina eða mönnum bætt við liðið, sem fyrir var.

Það er alkunnugt, og hefir verið öllum hugsandi mönnum hneykslunarhella á undanförnum árum, að forstjórar þessara ríkisstofnana: Tóbakseinkasölunnar, Áfengisverzl., Landssmiðjunnar, Útvarpsins, Viðtækjaverzl., Skipaútgerðarinnar, hafa haft miklu hærri laun en hæstlaunuðu fastir embættismenn, — og enn hafa

þeir hærra kaup en ákvarðað er dómurum í hæstarétti, svo að teknir séu menn, sem talið er að skipi einna virðulegustu stöðurnar í þjóðfélaginu.

Laun hæstaréttardómara eru 8000 kr. á ári, en sumir hinna nefndu forstjóra hafa langt fram yfir það.

Og einfalt skrifstofu- og aðstoðarfólk í þessum stofnunum, flest af því óbreytt starfsfólk með litlum eða því sem næst engum menntunarundirbúningi sérstaklega, er miklu betur launað eða eins og þeir menn, er skipa hin stærri lögskipuðu embætti landsins, eins og biskup, prófessorar við Háskóla Íslands, skrifstofustjórar í stjórnarráði,sýslumenn, læknar og að ég ekki tali um presta þjóðkirkjunnar, sem eru í launakjörum miklu lægra settir en afgreiðslumaður í Tóbakseinkasölunni eða afgreiðslumaður í Áfengisverzluninni.

Það er ekki furða, að forráðamenn stjórnarflokkanna, sem hafa haft öll tök á þessum ríkisstofnunum og hafa frá upphafi ráðið launakjörum þar, babli um „sparnað á ríkisfé", „niðurfærslu launa" og fleira í þeim „dúr", sem menn nú að öðru leyti hafa tekið lítt hátíðlega, þar sem hér eiga í hlut landsins mestu eyðsluseggir á opinbert fé, svo sem vitað er af stjórnarferli þeirra fram að þessu, og sitja sjálfir með há laun og bitlinga, er fæstir munu koma tölu á, og hefir í umr. oft verið bent á það áður.

T. d. mun óhætt að segja, að þeir höfðingjar, sem mest belgja sig upp sem svokallaðir „forystumenn" alþýðunnar, hafa makað og maka svo vel krók sinn sumir hverjir, að árskaup þeirra skiptir tugum þúsunda króna.

Og þennan sinn hlut taka þeir á þurru landi og leggja ekki í neina áhættu.

Og hvað er svo um hið nýjasta einkasölubákn ríkisins að segja, Raftækjaeinkasöluna? Hefir verið reynt að gera starfsmannahaldið þar og allan tilkostnað að sínu leyti ódýrari en hinar, þar eð m. a. það gat ekki verið neinum áður gerðum samningum bundið, sem byrja átti? — Ónei. Auk alls annars (sem síðar skal vikið að) er þessi stofnun fordýr, og mun að vísu eigi hafa komið neinum á óvart, eins og nautarnir voru að henni. Starfsmannafjöldinn þar er sem sé þegar orðinn meiri en hann var í öllum starfandi heildsölum til samans í þessum varningi hér áður, eða 16 manns nú (hjá einkasölunni) í stað 11 (hjá öllum heildsölunum saman talið áður). Hafa aðalmennirnir (aðrir en sjálfur forstjórinn) þetta 500, 600 og allt upp í 900 kr. á mánuði í kaup, sem er sama sem 8000 til 10800 kr. árslaun. Og annað aðstoðarfólk, einfaldir afgreiðslumenn og skrifstofumenn, með þetta 350—400 kr. á mánuði, eða á milli 4000 og 5000 kr. á ári. M. ö. o.: Aðeins hið fasta kaup starfsfólksins á þessari einkasöluskrifstofu, sem einungis hefir með höndum heildsölu á raftækjum, er þegar orðið ekki minna en 70 þús. kr. á ári, og mun þó vafalaust blæða betur, ef ekki verður tekið í taumana, því að gera má ráð fyrir enn auknu aðstreymi úr herbúðum stjórnarliða (og annara, reyndar úr þessari starfsgrein), sem hætt er við, að vilji skríða undir faldinn til þess að afla sér friðinda og stöðu í hinni tryggu einokunarhöfn — meðan hafnarvirkin standa. Það er hið síðferðislega hlið og afleiðing slíkra aðgerða í atvinnulífi þjóða. Og alveg er nú ljóst orðið, og var að vísu frá öndverðu, að ekki er viðlit að láta slíka einkasölu bera sig fjárhagslega, og því um síður þykjast láta hana skila „ágóða" til ríkissjóðs, nema með gríðar-álagningu, og er þá komið að því, hvernig þessi viðskipti eru rekin.

Innflutningur rafmagnstækja og efnis til raflagninga hefir verið nokkuð misjafn á síðasta áratug, en þó aukizt svo, að telja mun mega, að hann hafi allra síðustu árin verið upp á 750—800 þús. kr. Óhætt er að áætla, sbr. það, sem fyrr var tekið fram, að skrifstofu- og afgreiðslukostnaður þessarar einkasölu verði brátt ekki minni en kr. 100000,00 á ári, og þýðir það út af fyrir sig feikna-álagningu á þær vörur fram yfir það, sem verið hefir, því að það mun nú á kunnugra vitorði, eða svo virðist a. m. k., að við innkaup sé einkasalan ekki skoðuð sem „umboð", heldur aðeins sem stórnotandi, og sætir því ekki sömu kjörum og heildsölu-umboðsmenn, sem gæti komið m. a. til af því, að heildsölu-umboðin haldist, sem voru, með sömu þóknun (og um önnur eða ný viðskiptafirmu í þessari grein er vart að tala), svo að einkasölukostnaðurinn kemur fram sem aukinn milliliðakostnaður.

Sérfróðir menn í þessum greinum hafa orðið þess varir, að ákveðin viðleitni lýsir sér í tiltektum Raftækjaeinkasölunnar til þess að hlaða undir eitt erlent firma, hið þýzka raftækjasölufirma A. E. G. (Allgemeine elektrische Gesellschaft), og hafa pantanir á vörum frá öðrum firmum verið látnar fara um hendur þess, einkum útibús A. E. G. í Kaupmannahöfn, — og svo ákveðin hefir þessi stefna verið í framkvæmdinni, að hin önnur firmu sum hafa jafnvel haldið, að það sé A. E. G., sem hafi einkasölu á Íslandi, en ekki, að hér sé einkasala rekin af ríkinu.

En A. E. G. er einmitt það firma, sem aðalforstjóri Raftækjaeinkasölunnar hafði umboð fyrir áður, þ. e. „Raftækjaverzlun Íslands", sem hann kallaði þá verzlun sína, og mun vera til ennþá a. m. k. að nafni til, — alveg á sama hátt og „Tóbaksverzlun Íslands" (stórt skal það vera) var til á vegum sama manns, þegar tóbakseinkasalan komst á, og er maðurinn eins og kunnugt er einnig forstjóri þar; er látið heita svo, að hann taki föst laun aðeins hjá annari einkasölunni — tóbakseinkasölunni — 11 til 12 þús. kr. á ári.

Hvort þriðja fyrirtækið hans, h/f Sogsvirkjun, er ennþá við lýði, veit ég ekki. — En þessi höfðingsmaður, sem mér er að öðru leyti alveg ókunnugur, er nú orðinn svo mjög í frammi hafður í þjóðmálatilbrifum, af sjálfs sín dáðum og annara, og ríkisstj. svo við hann bendluð, að eigi er kleift að komast hjá því að geta hans á þingi (þótt eigi sé hann beinlínis orðinn meðlimur þeirrar samkundu).

Þetta er sami maðurinn, sem einhver sagði í útvarpinu í haust, að hefði sýnt „þegnskap" sinn í að gefa landinu 8000 kr. til kaupa á

Geysi í Haukadal, — að mínum dómi skollaleikur, eða ef menn vilja heldur kalla það sölu„húmbug". Þar sem maður, sem óneitanlega er ekki í sama áliti hjá öllum, er látinn vera að gefa landinu svolitla peningaupphæð til þess að kaupa „landsgersemi", sem kallað er, og hann sjálfur telur sig hafa rétt á vegna útlendinga, og á þessu er sýnilega ætlazt til, að þessi herra „slái sér eitthvað upp", því að óspart er honum hrósað fyrir í hóp stjórnarsinna.

Ég er í sjálfu sér ekki að átelja manninn fyrir þetta, hvað sem hann annars meinar með slíku, en að stj. sé að láta hann gefa milljónaskuldugu landi nokkrar krónur (mann, sem fengið hefir af landinu í kaup o. s. frv. margfalda þessa upphæð — og á væntanlega að halda áfram að fá kaup fyrir athafnir sínar í málum þjóðarinnar), það er meira en broslegt, það stappar nærri ósvífni, — og sú ríkisstj., sem tekið hefir við þessu, undir þessum kringumstæðum, er að mínum dómi fyrir það ámælisverð, því að velsæmi í opinberum málum mótmælir því. —

En undir þessum aðalforstjóra raftækjaeinkasölunnar starfar við hana annar maður, útlendur og áður útsendur frá téðu firma, A. E. G., sem fulltrúi þess í „Raftækjaverzlun Íslands" — en einkasalan tók að sér allar hennar vörubirgðir m. m.

Frá upphafi höfðu væntanlegir viðskiptamenn ýmugust á þessu fyrirkomulagi, og telja þeir, að því miður hafi uggur þeirra rætzt. Er þetta ekki nein „pólitík", heldur ber mönnum úr öllum stjórnmálaflokkum saman um þetta.

Þegar í upphafi varð það bert, af lýsingum í blöðum sjálfstæðismanna, að rafvirkjar og aðrir hlutaðeigendur sameinuðust í andstöðuákúrum og kröfum út af tilætlaðri framkvæmd einkasölulaganna síðastl. vetur.

Og loks kom að því, að Alþýðublaðið, stjórnarblað sósíalista, tók hörkulega í sama streng og hafði í mestu hótunum til sinnar eigin stjórnar(!), nema öllum þeim ráðagerðum með forstjórann og fulltrúann í fararbroddi yrði riftað (*meðal krefjenda, rafvirkjanna, voru* sem sé ekki fáir, sem telja sig til þessa flokks og heimtuðu íhlutun blaðsins).

En með þessum gauragangi þóttist blað og flokkur hafa aðhafzt nóg, eins og oftar hefir verið í líkum ærslatilfellum gagnvart hinum stjórnarflokknum eða framarlega standandi mönnum hans.

Því að ekkert hefir verið gert, hvorki til riftunar né leiðréttingar, í þessum einkasöluframkvæmdum.

„Forstjórinn" og „fulltrúinn" hafa haldið einokuninni gangandi, flestum viðskiptamönnum í óþökk, eins og mörg dæmi sanna og ríkisstj. mun hafa orðið alvarlega áskynja um, af rökstuddum og áframhaldandi kröfum frá þeim, sem undir þessu hafa mátt búa, þótt skammt sé um liðið — og er þessi einkasala sérlega valið dæmi um þesskonar fyrirtæki rekin af ríki og stjórn!

Pantanir og afgreiðsla (og í heildsölu á það að vera færum mönnum mjög einfaldur hlutur) hafa gengið vægast talað með silahætti, móts við það, sem var hjá heildsölunum áður, og alls ekki staðið heima það, sem oft var lofað, — verzlun þessi fær yfirleitt það orð, að hafa ósjaldan verið óáreiðanleg, og er vitanlega forráðamönnum hennar um að kenna. Allan tímann hefir það endurtekið sig, að efni hefir vantað (og er barið ýmsu við, sem lítt hefir staðizt), og hefir það vitaskuld orðið til stórbaga fyrir alla, sem hafa þær framkvæmdir með höndum, og eigi *litils kostnaðarauka*.

Eins og vita má, höfðu heildsölur í þessum greinum áður fyrirliggjandi vörubirgðir, svo að *fullnægja mátti* venjulegri eftirspurn, eða ef eitthvað vantaði, gekk pöntun á því fljótt og greiðlega.

En nú virðist einkasalan hafa ætlað sér að „liggja" ekki með efnisbirgðir — sem er háskaleg villa —, en fróðir menn halda, að á þessu hljóti að standa svo, að aðalforstjórinn hafi í öndverðu talið fjármálaráðherra, sem var illa heima í þessum sökum, trú um, að eigi þyrfti hér að staðaldri vörubirgðir, heldur væri hægur nær að fá slumpa frá A. E. G.

En fullnægjandi birgðir mundu ekki kosta minna bundið ríkisfé en ½ milljón, miðað við þörf landsins alls.

Og kæmi þessi þungi baggi ofan á allt annað við þessa einokun, ólagið og hið stórlega hækkandi vöruverð, þá er sýnt, að fjárhagslega verður eigi undir staðið, nema með afarkostum, að því ógleymdu, að eins og verra efni en áður og einhæfara hefir eigi sjaldan verið haft á boðstólum, þannig myndu og fleiri óþægindi af því stafa inn á við og út á við, að binda sig einkanlega við eitt einasta firma, sem enginn telur, að standi framar öðrum, sem áður höfðu hér viðskipti.

Hið hækkandi verðlag hjá raftækjaeinkasölunni hefir verið svo áberandi, að finna má dæmi þess, að jafnvel efni, sem var fengið hjá heildsölum hér og þeir voru búnir að leggja fullt á, hefir einkasalan *selt út með 70% álagningu* þar ofan á.

Já, óskammfeilnin er mikil, en að öðrum kosti *getur báknið ekki borið sig*, má ætla, eins og allt er í pottinn búið, og ætti þá ekki að þurfa frekari vitna við.

Reglugerð um einkasölu á rafvélum, rafáhöldum o. fl. var gefin út 13. marz þ. á., byggð á lögunum um sama efni frá þinginu 1934 (þau eru nr. 30 9. jan. 1935); var með henni ákveðið, að einkasalan byrjaði 1. júní s. l. og (í 4. gr.) að einkasalan mætti leggja á í heildsölu 5—75%, mismunandi eftir ástæðum, en smásalar þar á ofan 10—50%.

En það er orðið vitað mál, að hækkanir heildsöluverðs ýmsra raftækja og efna, síðan einkasalan *tók til starfa* — frá því, sem verzlunum tókst að gera sín innkaup fyrir áður — nema miklu meira en lögin tiltaka, svo að á mörgum tegundum eða hlutum þessara vara er 100 til 200% og á sumum jafnvel yfir 200% og allt upp yfir 300%. Sem sé með algerlega óheyrðum hætti, hvort sem er okurálagning eða því er að nokkru um að kenna, að einkasalan gerir sín innkaup með þeim mun verri kjörum en verzl-

anir hér gerðu áður; en það eru þeir, sem kaupa, er að lokum verða að blæða. —

Og þótt bifreiðaeinkasalan, sem smellt var á með heimild sömu laga og raftækjaeinkasölunni, sé ekki undir sömu forstjórn, heldur hafi aðallega verið falin annari starfandi ríkisstofnun, hefir þó verðhækkun þar orðið tilfinnanleg a. m. k. á sumum tegundum, þar sem t. d. bifreiðar hafa, að því er virðist vegna einkasölunnar, hækkað í verði um 400—500 kr. stk., og jafnvel í sumum tilfellum miklu meira, hjólbarðar (dekk) um 50%, ljósakúlur (í bíla) um 100% eða meir (seldar hjá raftækjaeinkasölunni).

Er furða, þótt menn kraumi — spyrji, hvar slíkt verzlunarlag endar, sem byrjar með löggjafarofbeldi og er framkvæmt sem hrein áþján?

En þetta var svo sem ekki mót grun og jafnvel vissu, ekki aðeins stjórnarandstæðinga, er spyrntu gegn lagasetningunni, heldur einnig, eins og fyrr var getið, sjálfra stjórnarflokkanna og ráðherranna, eftir skrifum þeim að dæma, sem Alþýðublaðið flutti þ. 2. apríl þ. á., þar sem blaðið þá þegar stimplar framkvæmd raftækjaeinkasölunnar sem fullkomið hneyksli (þess eigin orð), — þetta taldi blaðið þá sannað með einróma dómi rafvirkjanna, er kröfðust endurskoðunar á reglugerðinni undir eins, og heimtuðu ennfremur, að forstjórinn (S. J.) hyrfi þegar úr stöðu sinni (ráðningu hans kenndi blaðið fjármálaráðherra).

Hvað er þá ekki nú sannað, þegar reynslan er fengin enn verri en nokkurn óraði fyrir?

En þeir flokkar, sem nú ráða, þykjast geta reynt enn á þolinmæði landslýðsins. En hve lengi?

Nú, en þótt ég hafi nú tekið hér til meðferðar aðallega þessa ríkiseinokun (á raftækjum og bifreiðum), sem kúguð var í lögum gegnum þingið, af stjórn, sem er í minni hluta meðal þjóðarinnar, og með 1 atkv. meiri hl. í Nd., aðfengins atkvæðis — þótt ég hafi nú lýst henni þannig, sem sannanlega er rétt, þ. e.: sem tilvöldu dæmi um verzlunar-ríkisrekstur, þá er svo sem margt annað, sem hin mesta þörf væri að gagnrýna og gera heyrinkunnugt í atferli núv. ríkisstj., en hinn afmarkaði tími vinnst ekki til þess, enda ýmislegt af því, sem mjög er mikilsvert, rætt og rakið af öðrum samflokksmönnum mínum og stjórnarandstæðingum.

Má þar ekki hvað síst nefna, auk fjármálaástandsins, hina afskaplegu útkomu á meðferð framleiðsluafurða vorra innanlands, sem er lífsbjörg fólksins. Það er kjötið og mjólkin.

Í framkvæmd kjötsölulaganna er þrennt sérstaklega athyglisvert:

1. Þegar á heildina er litið, hefir markaðurinn fyrir kjötið innanlands hvorki aukizt né verð hækkað, — en hvoru tveggja var lofað af núv. stjórnarflokkum.
2. Gagngert misrétti hefir verið innleitt hér sunnanlands, að því er virðist visvitandi undir forystu S. Í. S. — þar sem félögum Sf. Sl. hefir verið bolað sem mest burtu af sínu eigin sölusvæði, Reykjavíkurmarkaðinum, og sumir þeirra eru algert útilokaðir, eins og Skaftfellingar, sem ekki fá að vera með á verðlagssvæði Rvíkur, en í staðinn er dembt inn á þennan markað kjöti af allt öðrum verðlagssvæðum, svo gífurlega, að ekki linnti kjötflutningum hingað í haust, nætur og daga norðan úr landi.

   Hefir komið fram í umr. á þingi frá fulltrúa ríkisstj. í þessum málum, að helzt ætti að koma sölu sunnlenzku samvinnufélaganna, Sf. Sl. og Kf. Borgf., fyrir kattarnef, enda þótt það séu þau, en ekki S. Í. S., sem unnið hafa upp bezta markaðinn í landinu, — því að það er ekki farið dult með það, að S. Í. S. eigi einnig í þessu efni að vinda viðjar sínar um sveitabændur, og má þá af fengnni reynslu geta sér til um, hversu mjúkum höndum verði farið um þessa framleiðendur.
3. Hið arðvænlegasta sölutímabil á kjötinu hér um Suðurland allt, sumarið, hefir verið á þessu ári svo skemmt og rýrt, að framleiðendur hlutu af óbætanlegt tjón, þar sem eigi var leyfð slátrun sauðfjár fyrr en mánuði seinna en undanfarið, enda hlýtur slíkt athæfi, ef því verður fram haldið, að hafa það tvennt í för með sér — annarsvegar að afnema hér sumarmarkað nýja kjötsins og hinsvegar að fyrirmuna bændum að hagnast á dilkum sínum á bezta tímanum.

Bændum, eigi síður en öðrum, má nú fara að verða það augljóst, að meðan svo fávísir stjórnendur fara með mál þeirra sem nú á sér stað, geta þeir ekki átt viðreisnar von.

Og eigi hefir þetta síður en við kjötið komið fram við framkvæmd hinna afurðasölulaganna — mjólkursölulaganna, sem þegar í fyrravetur var orðin fræg að endemum, og hefir lítt úr því rætzt. Á stjórn og meðferð þeirra mála hefir enn engin leiðrétting fengizt, þótt heita ætti að loforð væri, reyndar bæði samkv. ákvæðum sjálfra laganna og eins með orðum ráðherra við umr. í þingi.

Sjálfir framleiðendur og félagsskapur þeirra hafa ekki getað fengið að hafa þar tögl og hagldir. Hinir opinberu andstæðingar „arðránsins“, sem svo nefna sig, **sósíalistarnir hér** í Reykjavík, hafa ekki getað staðizt þá freistingu að hafa nokkurn „arð“ af þessum afurðum bænda, í skjóli samstjórnar við Framsfl., og nú kviknar eldur og brennur bál, ef talað er um að hrófla nokkuð við slíku.

Í viðbót við það, að þegar í byrjun þ. á. var farið svo með ráðin, sem alkunnugt varð, að líka bezti mjólkurmarkaður landsins, höfuðstaðurinn, stórskemmdist og verður ekki um yfirsjáanlegan tíma bættur svo sem ella hefði mátt, og þar af leiddi, að þessar afurðir bændanna urðu að miklum hluta verðlausar, og hefir síðan fram að þessum tíma verið sent heim meira og minna af þeim sem ómeti til sjálfra framleiðenda, til borgunar upp í mjólk þeirra (nýmjólkina), er til mjólkurbúanna fer, — þá hafa nú þau ódæmi komið til, sem kunn munu orðin öllum landsmönnum, að forráðamennirnir, þjónar núv. stj., hafa (að því er virðist af flokkslegri ósvífni) hafnað tilboði um stórkostlega lækkun á útsölukostnaði mjólkurinnar hér í bænum, en sú lækkun hefði þýtt mikla hækk-

un á verði til bænda, framleiðendanna, sem allir þykjast þó vera að hrópa á!

Af því, sem nú hefir verið fram talið, sumpart í stórum dráttum og sumpart í einstökum atriðum — og er þó aðeins gripið niður þar, sem verulega er hnotið um í framkvæmdum og ráðslagi í atvinnumálum þjóðarinnar, — getur jafnt þeim öllum, sem byggja í bæ og í sveit, á grasinu og á mölinni, orðið það við sjálfs sýn óyggjandi, að þeir flokkar, sem nú fara með völd í landinu, eru í hverju einu, sem afkomu þjóðarinnar varðar, óalandi og óferjandi.

Forsrh. (Hermann Jónasson) óyfirl.: Herra forseti og góðir hlustendur! Ég verð að byrja ræðu mína með því að víkja nokkrum orðum að hv. þm. V.-Sk. Ég verð að segja, að það er í mesta máta óviðeigandi, að hv. þm. skuli standa hér upp með gleiðgosalegt níð og útdreifa því um þá, sem ekki geta borið hönd fyrir höfuð sér hér á hv. Alþingi. Það er vægast sagt mjög óviðeigandi að nota þinghelgina til slíkra verka. Þetta er svo lítilfjörlegt, að það nálgast jafnvel það, sem kom fram hjá hv. þm. G.-K. í umr. hér í gærkvöldi. Enda þótt hv. þm. V.-Sk. hafi getað sýnt þá lítilmennsku að ráðast hér á hv. 2. landsk., sem ekki gat borið vörn fyrir sig, þar sem honum var ekki ætlað að taka þátt í þessum útvarpsumr., þá ætla ég samt að vona, að þessi hv. þm. V.-Sk. hafi þó það mikinn drengskap til að bera, að hann hafi djörfung til þess að endurtaka þessi ummæli sín utan þings, svo að hann geti fengið makleg málagjöld.

Að öðru leyti en því, sem nú var nefnt, þarf ekki að eyða miklum tíma til þess að svara ræðu þessa hv. þm. Ræðan var almennar fullyrðingar út í bláinn, eins og hans ræður eru yfirleitt. M. a. minntist hann á það, að verðjöfnunarsvæðið væri fyllt hér af kjöti, og vitti hann Framsfl. og sérstaklega S. Í. S. fyrir þær aðgerðir. Slíkar röksemdaleiðslur sæma þessum sýslumanni. Í öðru orðinu er því haldið fram, að 10 aura verðjöfnunargjald fyrir að fá að selja kjöt á innlendum markaði sé allt of hátt, en í hinu orðinu er sagt, að Reykjavíkurmarkaðurinn sé yfirfullur af kjöti, þannig að þeir, sem vilja selja hingað, geti það ekki og verði að selja til útlanda. Þessi rök stangast alveg á sama hátt og þegar því er haldið fram, að það hafi verið Framsfl. að kenna, að sumarslátrun byrjaði ekki nógu snemma. Vegna hvers? Af því að of miklar birgðir voru á markaðinum. En hvernig hefði þetta orðið, ef farið hefði verið eftir ráði þeirra manna, sem halda því fram, að verðlagið ætti að vera hærra en það var sett? Þetta sýnir greinilega, að þeir menn, sem fóru með þessi mál, höfðu miklu betra vit á því heldur en hv. þm. V.-Sk. og hans skoðanabræður, að stilla verðlaginu í hóf, og mátti þó ekki lengra fara en gert var í ár, vegna tregðu á erlendum markaði. Af því stafaði það, að ekki var hægt að slátra nægilega snemma í sumar.

Hv. þm. minntist á tilboð bakaranna, en hann minntist ekki á það, hvers vegna við eigum að flýja á náðir bakaranna, sem undanfarið höfðu tekið 8 aura fyrir mjólkurlítrann, sem þeir seldu fyrir bændur í mjólkurbúðum sínum. Hann minntist ekki á það, að bak við þetta tilboð kynni að hafa legið það sama og stundum liggur á bak við tilboð í Ameríku, þegar eitt járnbrautarfélagið keppir við annað, til þess að koma því á kné, þ. e. að ná yfirráðum yfir mjólkursölunni, til þess að geta sett sömu kjör og áður. Við erum búnir að reyna það, að í Hafnarfirði ætluðu þeir að „stræka“ í haust, af því að þeir fengu ekki nógu hátt verð fyrir mjólkina í búðum sínum. Það var hægt að ráða við það, vegna þess að Hafnarfjörður er lítill kaupstaður, en það yrði erfitt hér í Reykjavík. Það er undarlegt, að hv. stjórnarandstæðingar hér á þingi skuli koma fram með það sem aðaláðeilu á mig og stj., að ég skyldi ekki ofurselja þeim mönnum mjólkursöluna, sem undanfarið hafa tekið þetta háa verð fyrir að selja mjólk fyrir íslenzka bændur.

Þá kem ég að því, sem hv. þm. V.-Húnv. sagði. Hann var eitthvað að tala um sigraða menn og sagðist hafa talað við einn bónda austan af landi um sigraða menn, og áttu það víst að vera framsóknarmenn. Ég held, að þessi bóndi hafi verið að gera gys að hv. þm. Hann hefir átt við annan flokk, því að ef hægt er að tala um sigraða menn, þá eru það áreiðanlega flokksmenn þessa hv. þm. hér á þingi, fyrst og fremst.

Þá var hv. þm. með einstaka spardatining. T. d. minntist hann á það, að Steingrímur Steinþórsson, núv. búnaðarmálastjóri, hefði tekið laun til 1. okt. í haust fyrir skólastjórastarf á Hólum, en skólastjórinn, sem nú er þar, hefði tekið laun frá 1. júlí. Sannleikurinn er sá, að skólaárinu hefir verið breytt. Það var frá 1. okt. til 1. okt. meðan Steingrímur Steinþórsson var skólastjóri, en svo hefir skólaárinu verið breytt, af því að það var hagkvæmara af þeim ástæðum, að það er búið við skólann, og þá var betra, að skólastjórinn tæki við 1. júlí.

Þá kem ég að meginádeilunni í ræðu hv. þm.; hún var sú, að mjólkurlækkunin hefði verið framkvæmd, eins og hv. þm. orðaði það, á þann hátt, að jafnaðarmenn hefðu skattlagt bændur í gegnum mjólkursöluna. Þessari fullyrðingu hefir verið svarað hvað eftir annað, og byggist hún á því, að jafnaðarmenn hafa meiri hlutann af búðunum; þeir selja brauð í meiri hluta mjólkursölubúðanna,sem mjólkursamsalan hefir. Þeir hafa rúman helming búðanna, og bakararnir hitt. En hvers vegna fengu þeir aðstöðu til þess að selja brauð í meiri hluta sölubúða samsölunnar? Það var sökum þess — ég vil biðja hv. þdm. að taka vel eftir —, að þeir fengu þessa aðstöðu með frjálsu útboði. Sósialistar buðu hæst fyrir að fá að selja brauð í mjólkurbúðunum, og þess vegna fengu þeir þetta með frjálsri samkeppni. Bökurunum var líka boðið að senda brauð til sölu, en þeir fengust ekki til að gera öðruvísi tilboð en þannig, að þeirra tilboð kom ekki fyrr en eftir að jafnaðarmenn voru búnir að gera lægst tilboð, og svo buðust þeir til þess að senda brauð til sölu í mjólkurbúðirnar fyrir það sama, sem áður

hafði tiðkazt. Þeir neituðu að bjóða í brauðsöluna á annan hátt en þennan. Í þessu efni hefir því ekkert verið gert annað viðvíkjandi mjólkursölunni en það, að tekið hefir verið bezta tilboðinu viðvíkjandi brauðsölunni. Forstöðumaður fyrir brauðgerð jafnaðarmanna var það hyggnari kaupmaður en bakararnir,að hann sá, að með þessu móti gafst honum betri aðstaða viðvíkjandi brauðsölunni en bakararnir höfðu. Bakararnir mega því sjálfum sér um kenna, að þeir urðu undir í frjálsri samkeppni, því að það hefir ekkert annað skeð í þessu efni en það, að bezta tilboðið var tekið. Þetta er skjallega sannanlegt og hefir oft verið sannað. Þá minntist hv. þm. á það, að þetta háa kjötverð á erlendum markaði 1933 hafi skapað verðlagið á markaðinum 1934, og þess vegna bæri í raun og veru alls ekki að þakka kjötlögunum fyrir þann mikla hagnað, sem bændur höfðu af kjötsölulögunum 1934, miðað við árið 1933. *Þetta er vitanlega alveg rangt, vegna þess að* þegar verður að selja sem mest af kjötinu á innlendum markaði, seint á haustin, þá vita menn, hvernig eftirspurnin er eftir kjötinu erlendis og hvernig verðlagið er þar, og þetta kemur greinilega í ljós í því, að einmitt 1934 treysti verðlagsnefnd sér ekki til þess að hækka kjötverðið nægilega fyrir frystikostnaðinum, vegna þess að verðið á erlenda markaðinum var svo lágt og sölutregðan var svo mikil. Það var einmitt vegna þess, að ekki fékkst sú hækkun, sem mest var deilt um, sú hækkun, sem sýnir sig á sölutregðunni allt fram á sumar hér innanlands, sem sýnir sig í því, að kjötverðlagsnefnd ratar meðalhófið, sem er bezt fyrir íslenzka bændur, enda var það engin furða, þar sem í n. voru menn, sem eru manna kunnugastir þessum málum. Annars er einkennilegt að heyra hv. 10. landsk. og hv. þm. V.- Húnv. deila á þetta fyrirkomulag kjötsölunnar á síðasta ári, þar sem þessir hv. þm. hafa viðurkennt, að formaðurinn, sem framkvæmdi þetta, Jón Ívarsson kaupfélagsstjóri, hafi verið sérstaklega vel valinn af landbrh. En svo er deilt á landbrh. fyrir það, hvernig þetta verk hafi verið framkvæmt. Slík röksemdaleiðsla er þessum tveim hv. þm. samboðin. Þá minntist hv. þm. V.-Húnv. á það sem ádeiluatriði, að ekki hafi verið hægt að fá gefið upp hjá kjötverðlagsnefnd í haust, hversu mikið hún ætlaði að hækka kjötið fyrir frystikostnaðinum í vetur, og þess vegna hafi orðið að ákveða verðlagið lægra en annars hefði verið gert af Sláturfél. Suðurlands. *Þetta er vitanlega í samræmi við* það, sem verður að gera í þessu máli, vegna þess að nefndin þurfti að sjá betur en hún gat séð fyrir í haust, hvernig eftirspurnin yrði erlendis, hvernig verðlagið yrði þar, hve miklar birgðir væru til innanlands, og þegar útlitið hefir sýnt sig að vera eins og það er nú, þá hefir hún treyst sér til þess að hækka verðið um 15 aura á fyrsta flokki, í staðinn fyrir 7 aura í fyrra, og 25 aura fyrir annan flokk, í stað 17 aura í fyrra. Það skiptir bændur á Suðurlandi litlu máli, hvort þeir fá útborgað í haust og uppbót seinna eða útborgað allt verðið í haust.

Þá minntist hv. þm. á það, að ekki hefði verið tekið tillit til þeirrar n., sem Bf. Ísl. skipaði til þess að rannsaka framleiðslukostnað á íslenzku kjöti, og þetta átti að vera ádeiluatriði. En sannleikurinn í þessu máli er nú sá, að þessi n. hafði aðeins yfir að ráða 10 búreikningum — takið eftir, áheyrendur góðir — og 19 skýrslum og ekki úr nærri öllum héruðum landsins. Framleiðslukostnaðurinn var ákaflega misjafn, svo misjafn, að það er hreint og beint broslegt að heyra þá útkomu, sem nefndin fékk út úr þessum fáu skýrslum. Í þessari n. var, eins og kunnugt er, hv. 7. landsk., Jón Sigurðsson frá Reynistað, og hann skrifaði grein, sem hann varð frægur fyrir og hefir síðan verið nefndur 40-aura-Jón af sumum, því að hann áleit 40 aura verð hæfilegt fyrir 1 kg. af kjöti. Þessi sami maður lætur skipa sig í n. í búnaðarfélaginu og telur, þegar núv. ríkistj. situr við völd, að það þurfi að borga bændum 1,27 kr. *fyrir kg. af kjöti. Þetta er nákvæmlega sami* leikurinn eins og hv. 10. landsk. leikur, þegar hann gerir kröfur nú, eftir að hann er orðinn að heita má valdalaus hér í þinginu, en aftur á móti gat hann og gerði litið sem ekkert í þessu efni, þegar hann var sjálfur í stj. og hafði aðstöðu til þess að láta eitthvað að sér kveða. Í sambandi við þessar skýrslur, sem voru vitanlega undir engum kringumstæðum nægilegar, enda aðallega ætlaðar sem „agitations"-efni handa þeim, sem voru á móti stj., ætla ég að upplýsa svolítið annað, sem er kannske öllu merkara en kenningar hv. 7. landsk. um kjötverð handa bændum. Ég ætla að leyfa mér að biðja hv. þdm. að taka vel eftir því, sem ég ætla að lesa upp, vegna þess að ekkert sýnir betur bardagaaðferð þeirra, sem nú eru á móti stj. í þessu máli, en það. Það kom fram í hv. Ed. 1933 útaf till. frá Páli Hermannssyni, sem fór fram á það, að notuð yrði heimild í fjárl. til þess að bæta upp verðlagið á útfluttu kjöti. Núv. hv. 10. landsk., en þáv. atvmrh., svaraði þessu þannig, með leyfi hæstv. forseta:

„Það mun mega telja víst, að bændur fái a. m. k. 72 aura fyrir kg. af kjöti; dreg ég það í efa, að þessi heimild í fjárlögum, sem samþ. var á þinginu í fyrra, hefði náð fram að ganga, a. m. k. að því er frysta kjötið snertir, ef menn hefðu vitað þessi tíðindi fyrir" — sem hann kallar á öðrum stað gleðitíðindi. M. ö. o. er því slegið föstu af ráðh., sem þá var, en er nú hv. 10. landsk., að hann segist ekki geta fengið það samþ. og ekki álíta rétt að bæta upp kjöt, *sem flutt er til útlanda og* 72 aurar fást fyrir. Hvernig lízt mönnum á slíkan málflutning og slíka rökfærslu? Það er alveg vitanlegt, að það hefði aldrei verið neitt gert af þessum mönnum, hv. 10. landsk. og hv. þm. V.-Húnv., í kjötsölumálinu. Það eina, sem gert var í því máli, var það, að hv. 10. landsk. skipaði hv. þm. V.-Húnv. í nefnd til þess að undirbúa þessi mál, og það eina, sem hann gerði, var það, að hann lá á þessu máli í hálft ár, þangað til ég tveim dögum eftir að ég tók við völdum sagði, að ef nál. viðvíkjandi kjöt- og mjólkursölumálinu yrði ekki skilað innan mánaðar, þá tæki ég málið af n. og setti aðra menn í það.

Hv. þm. V.-Húnv. gerði það að umtalsefni, að núv. ráðh. Framsfl. og Framsóknarfl. hefðu svikið sín loforð. Þetta er náttúrlega ekkert annað en venjulegur sónn, sem maður heyrir oft hér í þinginu; stundum er talað um það í Ed., að Jafnaðarmenn svíki allt, sem þeir hafa lofað — það er hlutverk sumra bæjarþm. til þess að reyna að ná fylgi úr bænum —, og svo er stundum talað um það hér í Nd., að við framsóknarmenn svíkjum okkar loforð, og verður þá oft að loka hurðinni á milli, svo að ekki slái saman. Þetta er nákvæmlega sama aðferðin og þegar það birtist sama dag í Vísi, að jafnaðarmenn séu búnir að svíkja öll sín loforð, og í Morgunblaðinu eða Ísafold, að framsóknarmenn svíki allt, sem þeir lofa. En við framsóknarmenn vitum það mætavel, og það er reynsla okkar, að kjósendurnir láta ekki blekkjast af slíku, heldur rannsaka þeir málin, sem um er að ræða. Ég ætla að minnast á nokkuð af því, sem lofað var, þegar núv. stj. tók við völdum, og hvernig það hefir verið efnt. Ég ætla að minna á kjötsölumálið, sem við tókum við í algerðu öngþveiti úr höndum þáv. atvmrh., en komum í fast horf með aðstoð beztu manna. Sama er að segja um mjólkurmálið. Því var líka komið á fastan grundvöll, þrátt fyrir ýmsa aðsteðjandi örðugleika, sem m. a. voru fólgnir í því, að báðir andstöðuflokkarnir voru á móti málinu og gerðu allt, sem í þeirra valdi stóð, til þess að koma í veg fyrir framgang þess, svo að það hefir orðið til stórtjóns fyrir þá, sem hér eiga hlut að máli. Við lofuðum að leysa nýbýlamálið, og það erum við að leysa núna um þessar mundir. Við lofuðum að leysa erfðafestumálið, og það er þegar búið að leysa. Framfærslulöggjafarmálið lofuðum við að leysa, og það er nú verið að gera það. Málið viðvíkjandi vöxtum landbúnaðarins, sem við lofuðum einnig að leysa, er nú þegar búið að leysa:

Þau mál, sem lofað var að leysa í samningum milli stj.flokkanna, er ýmist búið að leysa eða verið að leysa. Þrátt fyrir þessa örðugu tíma, sem þjóðin á nú við að búa, hefir stj. beitt sér fyrir því að hrinda af stað ýmsum merkilegum málum á þessu þingi, enda þótt ekki sé gert ráð fyrir því í samningi þeim, sem ég nefndi áðan. Má þar til nefna fóðurtryggingar; einnig er verið að ganga frá frv. um verðlaun fyrir kartöflframleiðslu og skipulagningu á framleiðslu og sölu á kartöflum í landinu, sem er afarþýðingarmikið mál í atvinnuleysinu, og auk þess gjaldeyrismál. Það er því þýðingarlaust fyrir hv. þm. V.-Húnv. að ætla að halda því að landslýðnum, að Framsfl. hafi ekki á þessum erfiðu tímum staðið í ístaðinu, eftir því sem föng og efni þjóðarinnar frekast hafa staðið til, svo að hægt væri að framkvæma þýðingarmikil mál fyrir þjóðina.

Í þessum útvarpsumr. hefir verið deilt harðlega á stj.fl. fyrir það, að fjárl. séu há. En það er aldrei nægilega greinilega tekið fram, að þessi fjárl., sem við erum nú að ganga frá á þessu þingi, eru meira en nokkurn tíma fyrr fjárl., sem gera ráð fyrir millifærslum milli atvinnuvega og stétta í landinu. Þess vegna hefir aldrei verið gert eins mikið og á þessu þingi að því að færa niður þá útgjaldaliði fjárl., sem fyrst og fremst fara til þess að annast rekstur þjóðarbúsins. En umfram allt verður að kappkosta að halda þeim útgjaldaliðum, sem fara til styrktar atvinnuvegunum í landinu, og þá ekki síður landbúnaðinum heldur en öðrum atvinnuvegum.

Það, sem mestu máli skiptir, þegar deilt er um þessi mál við hinn svokallaða Bændafl., er í raun og veru það, að þær tekjuöflunarleiðir, sem farnar eru á þessu þingi, væru gersamlega óframkvæmanlegar af sjálfstæðismönnum, sem Bændafl. ætlaði sér að vinna með. En tekjuöflunin hefir öll gengið, eins og tekið hefir verið fram í þá átt, að hún kæmi sem allra minnst niður á framleiðslu landsmanna, og útgjaldaliðirnir ganga, eins og ég hefi tekið fram, eingöngu í þá átt að styrkja framleiðslu landsmanna, þ. e. a. s. að því er snertir þá aukningu, sem gerð hefir verið á útgjaldaliðum fjárl. Í þessu sambandi er vert að benda á það, að það hefir verið borið fram á þessu þingi frv. um að breyta nokkuð jarðræktarlögunum frá því, sem verið hefir. Þetta er nákvæmlega sami skollaleikurinn eins og rekinn hefir verið og rekinn er af andstöðuflokkunum, sem nú eiga í höggi við ríkistj. Það veit vitanlega hver einasti maður, að Bændafl. gat undir engum kringumstæðum fengið tekjur til þess að annast útgjöld, sem af þessu leiddi. Það er sannast að segja dálítið einkennilegt, þegar maður á í höggi við Bændafl. svonefnda, að maður skuli næstum undantekningarlaust þurfa að slást við það sama aftur og aftur, og það eru þessar skrumauglýsingar um útgjöld til landbúnaðarins, án þess að nokkurn tíma sé bent á möguleika til þess að afla tekna fyrir því, að hægt sé að framkvæma það, sem verið er að auglýsa. Það er þetta svo að segja undantekningarlaust, sem stj.fl. eiga í höggi við viðvíkjandi Bændafl. Og það sýnir sig bezt, hve ríkt þetta er, að þegar við tökum við völdum, þá er búið að lofa með bréfum, sem send hafa verið hingað og þangað út um land, styrk til ýmsra manna fyrir kosningar, og nú er farið fram á, að greitt verði, enda þótt skilið hafi verið við ríkissjóðinn tóman, og án þess að horft sé fram á, að nokkur möguleiki sé til tekna, og þegar við svo öflum tekna til þess að standa við þessi bréflegu loforð Bændafl., þá er ráðizt á okkur fyrir það, að við séum að auka álögur á landsmönnum. Þetta er bardagaaðferðin, sem Bændafl. notar, og við þessa bardagaaðferð eigum við aðallega að stríða, þegar barizt er við þennan flokk, ef flokk skyldi kalla; það eru þessar skrumauglýsingar hans fyrst og fremst, sem við eigum í höggi við.

Sigurður Einarsson: Ég ætla fyrst að víkja nokkrum orðum að einu atriði, sem fram kom hjá Þorsteini Briem. Hann talaði þar um þá miklu herför, sem Alþfl. hefði hafið á hendur bændum með því að koma á 2 aura verðlækkun á mjólkinni í Reykjavík, og vildi hann gera mikið úr því tjóni, sem mjólkurframleiðendum hafi verið gert með þessum ráðstöfunum, þar sem

sá skaði mundi nema mörgum hundr. kr. á ári á meðalbónda.

Ég veit ekki, hversu mikið fagnaðarefni það er fyrir Þorstein að ræða þetta mál á þeim grundvelli, sem hann hefir gert, því að þessi verðlækkun á mjólkinni er eitt af því fáa góða og gleðilega, sem allir sanngjarnir og góðir menn eru sammála um, að gert hafi verið í þessu máli. Það er byggt á eintómum misskilningi, að bændur hafi beðið tjón af mjólkurlækkuninni, því að um leið og samsalan tók til starfa, komst á eitt verð á mjólkinni, í stað þess, að verðið hafði áður verið mismunandi. Og þegar samsalan hóf starf sitt, þá var sala mjólkurinnar og innheimta verðsins á henni skipulögð, svo að það er nú minna um töp á fé en áður var.

Það er mjög hart, að deilt skuli vera á Alþfl. fyrir afskipti hans af þessu máli, þar sem hans *stefna hefir alltaf verið sú*, að hér skuli vera seld góð vara, sem neytendum sé kleift að fá fyrir viðunandi verð, og hinsvegar, að bændum sé tryggð sæmileg borgun fyrir vöru sína.

Við Alþýðuflokksmenn erum ekkert hræddir við að leggja fram annarsvegar mjólkurlækkunina og drengilegan stuðning okkar við málefni bænda, og svo hinsvegar mjólkursvik Eyjólfs Jóhannssonar á sama tíma sem Sjálfstfl. og Bændafl. þökkuðu honum fyrir hans heillaráð. Við erum ekki hræddir við þann samanburð.

Hr. Þorsteinn Briem gerði sig mjúkan í máli og sagði, að þolinmæði bænda væri að þrotum komin yfir framkvæmdum núv. stj. í afurðasölumálunum.

Ég verð nú bara að segja, að ef þolinmæði bænda er á þrotum núna, þá veit ég ekki, hvar hún var á meðan Mjólkurfélag Reykjavíkur með Eyjólf Jóhannsson fremstan í flokki og Korpúlfsstaðabúið ginu yfir hlut allra mjólkurframleiðenda, því að þar var ekki hugsað um hagsmuni bænda, heldur hagsmuni þessarar fámennu klíku.

Ólafur Thors *tók í þennan sama streng*, og því ekki það? Hann er einn stærsti mjólkursalinn í nágrenni Reykjavíkur.

Ólafur Thors segir, að mjólkurlækkunin hafi orsakazt af því, að einn þm. og stjórnarliði hafi haft í hótunum við stj., ef mjólkurlækkunin gengi ekki fram.

Hann má kalla þetta hvað sem hann vill. En mjólkin er lækkuð, og það er komið eitt mjólkurverð, og það hvorttveggja skiptir mestu máli í þessu efni, og bændur hafa engu tapað á þessu. Þvert á móti hagnazt á því, eins og vera bar.

Ólafur Thors talaði um, að stjórnarflokkarnir hefðu svikizt aftan að bændum í trúnaði, hvað afurðamálin snerti. Ja svei! Ég varð alveg hissa þegar ég heyrði þetta. Hann sagði að stjfl. hefðu svikizt aftan að bændum í þessu efni, sínum pólitísku hagsmunum til framdráttar. Er þm. svo fávís að halda það, að það sé til framdráttar nokkrum flokki, að svíkjast aftan að kjósendum sínum í trúnaði? Er það líklegt, að menn efli flokk sinn með slíku? Er þetta sjónarmið samboðið stjórnmálamanni? Er þetta ekki frekar *sjónarmið braskarans, sem álítur allt góða* „forretningu", ef hann fær stundarhagnað af henni? Ég verð að vísa þessum svigurmælum algerlega á bug fyrir hönd Alþfl. Með þessum *ummælum sínum hefir* þm. komið upp um það sjónarmið, sem hann telur vænlegast að taka til þess að afla málum fylgis og hann og flokkur hans hefir trúlega fylgt eftir að Kveldúlfsáþjánin byrjaði fyrir alvöru í Sjálfstfl.

Svo segir þessi maður með þvílíkum belgingi og rosta, að það var engu líkara en að hann væri að tilkynna dómsdag: „Við munum hætta að berjast fyrir hagsmunum bænda, ef þeir virða baráttu okkar svo lítils." Ja, guð hjálpi mér! Að hugsa sér Sjálfstfl. berjast fyrir hagsmunum bænda! Hann ætlaði einu sinni að raflýsa landið. Sú fyrirætlun var öll svo fáránleg, að flokkurinn varð sér til athlægis. Hann ætlaði núna að leggja eina millj. kr. á bændur og skattþegna í verðjöfnunarsjóð, í stað þess að láta verzlunarvöru sína, fiskinn, bera þann kostnað. Hann hefir látið ofsækja verzlunarfélög bænda. Er það barátta fyrir hagsmunum bænda, er stórburgeisarnir sölsa undir sig óhemju jarðagóss og hrekja bændur út í samkeppni við slíkt einstaklingsframtak. Og svo hefir þessum manni þóknazt að líta á alla pólitíska andstöðu gegn flokki *sínum, íhaldsflokknum, sem öfund gegn sér persónulega*. En það er engin öfund; það er krafa fólksins um réttlæti í staðinn fyrir fyrirhyggjulaus fantatök uppblásinna sérgæðinga.

Ólafur Thors *reynir* að verja 21 þús. kr. laun fiskisöluforstjóranna í grein, sem hann hefir skrifað í Morgunblaðið nýlega. Þar er sagt, að alþýða þessa lands öfundi ekki dugnaðarmennina, þótt þeir beri sæmileg laun úr býtum fyrir strit sitt, áhyggjur og erfiði. Þetta er vandlega undirstrikað í Morgunblaðinu. En þegar þessi hv. þm. mætir andstöðu á þingi frá flokki, sem lítur á málin frá öðru sjónarmiði, sem er sjónarmið vinnandi fólks til sjávar og sveita, þá á sú andstaða að vera öfund í garð hans og hans skoðanabræðra. Nei; það, sem hér um ræðir, er blátt áfram það, að þjóðin vill borga hóflega fyrir sæmilega unnin störf og fá að lifa á árangri vinnu sinnar, en ekki sjá hann hverfa í vasa þeirra eyðsluseggja, sem þykjast þurfa 21 þús. kr. fyrir sitt strit. Nú vil ég biðja kjósendur þessa lands um að athuga, hvort Ólafur Thors er alveg öfundarlaus í garð verkamannanna og bændanna, sem *lítið* bera úr býtum. Nei; það er síður en svo. Hann segir í ræðu sinni, að kaupgjaldið og skattarnir hafi lagt þjóðina í rústir. Að kaupgjaldið í opinberri vinnu hafi eyðilagt sveitirnar og kaupið við sjóinn hafi eyðilagt útgerðina.

Ekkert af þessu er satt. Alþfl. getur játað það, að hann hefir átt stærstan þáttinn í því, að menn, sem yfirleitt vinna fyrir kaupi við erfiðisvinnu í landinu fengju nokkurn veginn viðunandi kaup.

Alþfl. vill reyna að standa á verði til þess að sporna við því, að litið sé á verkamenn þessa lands eins og úrhrak eða þræla. En erfiðismannastétt, sem til langframa er vanborgað, verður úrkynjuð, dáðlaus og menningarlaus. Það er þetta, sem Ólafur Thors vill.

Hvað er hæft í því, að kaupið í opinberri vinnu hafi eyðilagt sveitirnar?

Í opinberri vinnu vinna tveir hópar manna.

Annarsvegar eru menn, sem hafa opinbera vinnu fyrir aðalatvinnu. Þeirra afkoma er ekki glæsilegri en það, að þeir geta með naumindum dregið fram lífið á því starfi, þó með því skilyrði, að þeir beiti ýtrustu sparsemi. Í hinum flokknum eru menn, sem milli starfa í sveitinni grípa í opinbera vinnu, þegar tími er til, til þess að afla sér peninga fyrir lífsnauðsynjum og opinberum gjöldum. Stórkostlegur hluti af vegavinnufénu hefir runnið til sveitamanna, sem hafa orðið að slá slöku við heimilisstörfin á meðan á vinnunni stóð eða leggja þau á aðra.

Það er líka algerlega rangt, að kaupgjaldið við sjóinn hafi valdið því, að útgerðin sé komin í rústir. Kaupgjaldið við sjóinn er árangur þeirrar kaupbaráttu og þeirrar stéttarbaráttu, sem Alþfl. hefir skapað, og þessi stéttasamtök hafa valdið því, að unnt hefir verið að stemma stigu við því, að verkafólkið við sjávarsíðuna yrði að úrkynjuðum ræflum og úttauguðum vesalingum.

Það er því að snúa snörunni um sinn eiginn háls, að halda því fram, að það sé kaupgjaldið við sjóinn, sem hafi komið útveginum á vonarvöl. Það er dugnaður og samvizkusemi sjómanna og verkamanna, en ekki framsýni forstjóranna, sem hefir haldið honum við. En það er hinsvegar vitað, að kaupgjaldið hefir einmitt átt drýgstan þátt í því, að verkalýður kaupstaðanna á þó ekki við verri kjör að búa en raun ber vitni um.

Svo langt gekk Ólafur Thors í rangmælum sínum, að hann talaði um atvinnuleysistryggingarnar sem árás á verkalýðinn.

Þannig getur enginn annar talað en sá, sem horfir á málin frá sjónarhól yfirstéttarinnar. Það er bezt, að verkalýðurinn dæmi sjálfur um þetta.

Alþýðutryggingarnar hafa verið reyndar annarsstaðar, og það dettur engum í hug að afnema þær. Verkalýðurinn vill ekki afnema árásina. Hann vill heldur svona árás en umhyggju íhaldsins og Kveldúlfs.

Þá talaði Ólafur Thors mikið um einkaframtakið sem grundvöll atvinnulífsins. Þetta einkaframtak, sem er átrúnaðargoð og æðsta lífsspeki Sjálfstæðisflokksins, hefir átt sitt blómaskeið á Íslandi. Hver er árangurinn? Hvar eru sigrar þess?

Á þeim árum, sem pólitísk samtök verkalýðsins voru ekki eins þroskuð og þau eru nú, þá vildi svo til, að einstaklingsframtakið gleymdi að útvega þjóðinni sem viðtækasta markaði. Þetta var á tímabili viðskiptalegrar útþenslu, og þá safnaði þetta einkaframtak 30 millj. króna skuld, sem olli því, að Íslandsbanki fór á höfuðið. Nú hefir nýlega verið sendur maður til Suður-Ameríku til þess að afla nýrra fiskmarkaða, og það er talið, að það hafi borið nokkurn árangur. En einu sinni seldi Kveldúlfur fisk á markaði í Suður-Ameríku. En það var hætt við það. Stundargróðinn ginnti. Hann gleymdi því, að þar sem hann var með opinbert fé undir höndum, þá bar honum að vinna fyrir fólkið í landinu og framtíðina, tryggja markaðina, þó gróðinn yrði minni. Það var bara ekki gert.

Annars verð ég að segja — og ég býst við, að fleirum hafi fundizt það en mér —, að það var nokkuð erfitt að fá nokkurt heildarvit úr ræðu Ólafs Thors. Hún var mest orðagjálfur og mótsagnir.

Ólafur Thors vill láta spara, hann vill skera mikið niður, og hann vill láta gera sem minnst í landinu. En hann vill samt ekki atvinnuleysistryggingar. Þegar Ól. Th. talar um, að hann vilji láta gera sem minnst og skera sem mest niður, þá er hann búinn að gleyma, hvernig kjör þeirrar þjóðar eru, sem hann þykist vilja berjast fyrir. Hann segir í sömu ræðunni, sem hann segist vilja láta spara, að atvinnuleysi, sultur og eymd steðji að. En samt er hann á móti atvinnuleysistryggingum. Í dag var útbýtt á Alþingi nefndaráliti frá sjálfstæðismönnum, minni hluta allsherjarnefndar, um alþýðutryggingar, þar sem þeir segja, að þeir séu á móti þessum atvinnuleysistryggingum, og að þeir leggi til, að þær verði felldar niður: Í fyrsta lagi af því, að atvinnuleysistryggingar séu jafnan mjög erfiðar og dýrar í þjóðfélagi, þar sem atvinnan er bundin við árstíðir. Í öðru lagi segja þeir, að fjárhagsafkoma ríkis og bæjarfélaga sé eigi slík, að þeim sé kleift að leggja af mörkum háar fjárupphæðir o. s. frv. Og svo klykkja þessir háu herrar út með því að segja:

„Væntum við, að þessi rök nægi til að leiða athygli háttv. deildar að því, að fella beri þessar atvinnuleysistryggingar“, og þetta segja þeir á sama tíma, sem formaður Sjálfstfl. spáir atvinnuleysi, sulti og eymd. Það er ekki verið að hugsa um það, á hverju fólkið á að lifa, sem niðurskurðarmaðurinn Ól. Th. vill svipta öllum lífsmöguleikum. Fólkið má lifa eða deyja vegna þessa manns. Það kemur honum ekki við. Hann vill spara, en samt vill hann bæta millj. króna útgjöldum á ríkissjóð. En það má bara ekki taka þessar millj. kr. af hans verzlunarvöru. En það má hinsvegar leggja þessa milljón á munnbitann og sopann, sem almenningur neytir, en bara ekki á þá verzlunarvöru, sem gerir honum kleift að lifa óhófssamara lífi en flestum öðrum. Hann vill hallalausan ríkisbúskap; það heitir á máli þessa manns gætin fjármálastjórn. En ef þessum mönnum er boðið upp á fjárlög, sem tryggja það, að ekki verður greiðsluhalli, þá heitir það á máli þessa manns, að pína fé út úr almenningi. Það er ómögulegt að gera þessum manni til hæfis, m. a. vegna þess, að hann hefir ekkert vit á því, sem hann er að tala um. Hann vill ekki skuldasöfnun við útlönd, en samt styðst hann við flokk, sem heimtar afnám innflutningshaftanna, meira glingur, meira skraut, meiri gróða; hann hamast á sömu stundu út af því, hversu mikið hafi verið veitt af gjaldeyrisleyfum, sem hann emjar undan höftunum. Hann kveinar undan atvinnuleysi og sulti samtímis því, sem hann vill láta skera niður verklegar framkvæmdir. Hann derrir sig og þusar um gætilega fjármálastjórn samtímis því sem hann hamast á móti nauðsynlegum tekjuöflunum og fer um það hinum háðulegustu orðum. Hvar er nú eiginlega vitið og brúin í þessu? Og hugsið ykkur, að geta borið fram aðra eins yfirlýsingu og þessa: Að minum dómi stafa erfiðleikar okkar ekki af því, að við séum að glíma við neina sérstaka kreppu, heldur er kaupgjaldið helzta orsök erfiðleikanna. Þetta var a. m. k. andinn í því, sem hann sagði.

Ól. Th. er sennilega eini maðurinn í Evrópu, sem kemur nálægt stjórnmálum, sem veit ekki um neina sérstaka kreppu. Og þetta verður ekki öðruvísi skilið en þannig, að þessum manni er þannig í skinn komið, að þessi kreppa, sem hver einasti maður í alþýðustétt á Íslandi kannast við, hefir gengið framhjá hans dyrum.

Það er til bibliuleg þjóðsaga um, að menn hafi roðið blóði á dyr sínar til að bægja burtu óvelkomnum sendingum. Ég veit ekki, hverju hv. þm. hefir roðið á sínar dyr til að varna kreppunni inngöngu. Ég ætla að vona, að það hafi ekki verið sviti og erfiðleikar undan blóðugum nöglum verkalýðsins. Það er ekkert annað en sú glæra fáfræði, ásamt drambi, sem alið er upp við undirlægjuhátt lítilsigldra knapa, flokksmanna hans hér á þingi, sem getur komið manninum til að tala svona. Svo segir hv. þm. — og það var eiginlega þungamiðja ræðu hans —, að nú þurfi að reka valdhafana af höndum sér, því að annars verði þjóðin þræll erlendra lánardrottna. Það er nógu gaman að heyra þetta. Ólafur Thors virðist vera búinn að gleyma því, að 1. þm. Skagf. hefir komizt lengst í því að koma þjóðinni undir ok erlendra lánardrottna með því að taka eitthvert hið aumasta ríkislán, sem tekið hefir verið af Íslendingum. Og það er í rauninni eðlilegt, að þessa menn langi til þess að reka núv. valdhafa frá stjórn. Þá langar í íhaldsréttarfar, Krossanessíldarfyrirkomulag, þá langar í Hesteyrarmál, þá langar í Eyjólfs-mjólk, Laugalanda-erindrekstur, Gismondi-samninga og Kúlu-Andersens-lán og Íslandsbankaeftirgjafir. Það eru alls ekki hagsmunir almennings í landinu, sem Sjálfstfl. vill berjast fyrir, heldur þetta; þess vegna vilja þessir menn láta reka núv. stj. frá völdum; þeir vita nefnilega, að hún berst fyrir hagsmunum vinnandi fólks í landinu. Þeir vilja endilega losna við þessa stjórn, af því að meðan hún er við völd, verða engir Gismondisamningar gerðir. Laugi landi verður að sitja heima, og engin Kúlu-Andersens-lán verða tekin. Eyjólfur fær ekki að svikja mjólkina, málin verða að vera rétt.

Þá vil ég víkja nokkrum orðum að frv. til l. um útgerð ríkis og bæja, sem er, hvort sem Sjálfstfl. líkar betur eða verr, eitt af allra vinsælustu málum, sem legið hafa fyrir þinginu á seinni árum. Í því frv. er farið fram á, að gerðar verði ráðstafanir til þess að koma þessu voldugu einstaklingsframtaki til hjálpar og sjá um, að landinu verði fenginn nýr skipastóll í stað hinna fækkandi óhirtu ryðklæfa Ólafs Thors og samherja hans.

Einnig mætti nokkuð minnast á alþýðutryggingarnar í þessu sambandi og sýna fram á þá reynslu, sem fengizt hefir fyrir ágæti þeirra þar, sem þær hafa verið lögleiddar. Það mætti minna á mörg mál, sem Alþfl. hefir barizt fyrir, bæði á undanförnum þingum og þessu, ef tími leyfði. En þess er nú ekki kostur.

Gísli Sveinsson talaði háðulegum orðum um eyðslusemi og „tilraunir“ jafnaðarmanna. Hann minntist hinsvegar ekki á „tilraun“ íhaldsins með ríkislögregluna, sem kostaði ríkið um 400 þús. kr. Nei, þær „tilraunir“ jafnaðarmanna, sem hann var af veikum mætti að áfellast og reyna að gera hlægilegar, var sú vakandi viðleitni, að hagnýta sér gæði landsins og afla markaða fyrir afurðir þess. Það voru hinar nýju markaðsleitir stjórnarinnar. Það var sú viðleitni, að vinna sement úr íslenzkri jörð og framleiða áburð með íslenzkri orku. Fyrir þessu og fjölda mörgu öðru beitir Alþfl. sér, og raunar báðir stjórnarflokkarnir. Það er gegn þessari eyðslusemi og „tilraunum“, sem hv. þm. V.-Sk. hefir fundið köllun hjá sér til að rísa með sinni venjulegu geðprýði. Verði honum að góðu.

Það er kunnugt um þennan hv. þm., að hann mun vera einna geðverstur allra þm. Sjálfstfl. gagnvart Alþfl. Þetta hefir sínar eðlilegu orsakir, eins og allt annað. Hann er hræddur við flokkinn og veit, að hann er alstaðar að eflast — ekki síst í hans kjördæmi.

Það er líka önnur ástæða til hinna örðugu skapsmuna hv. þm. Hann hefir ætlað sér að verða foringi í sínum flokki, en þar hefir enginn viljað við honum líta, jafnvel þótt Ólafur Thors væri annarsvegar. G. Sv. hefir því orðið að hlíta því óveglega hlutskipti, að vera aðeins einn af knöpum Ólafs Thors, eins og hinir flokksmennirnir, smáður, lítilsvirtur og undirokaður af Kveldúlfi, foringi í sjálfs sín ímyndun, en beygður vesalingur í reynd.

Jakob Möller: Formaður Alþfl. hefir í þingræðu látið svo um mælt, að segja mætti, að íslenzka þjóðin væri nú í hernaðar- eða umsátursástandi. Þetta ástand kenndi hann utanaðkomandi orsökum. En þó er ekki nema hálfsögð sagan. Í sannleika sagt má telja, að þjóðin ekki aðeins sé í einskonar umsátursástandi, vegna utanaðkomandi örðugleika, heldur sé og hafi hún verið það nú um 8 ára skeið af innanaðkomandi orsökum. Því að allt þetta tímabil hefir þjóðin, allur atvinnurekstur hennar og framleiðsla verið umsetin af gráðugum vargakjöftum síhækkandi tolla og skatta.

Í sambandi við ummæli hæstv. atvmrh. í gær um það, hvað gert mundi hafa verið nú til að létta örðugleika, sem að steðja vegna ástandsins í heiminum, verður að rifja upp og bera saman fjármálastjórn sjálfstæðismanna meðan þeir fóru með völd, og svo það, sem við tók undir sameiginlegri stjórn framsóknar og Alþfl.

Andstæðingar sjálfstæðismanna bera þeim jafnan á brýn, að þeir vilji eingöngu beita tollum til að afla tekna í ríkissjóð.

Á árinu 1921 var sett ný skattalöggjöf, þá fyrst var í rauninni tekinn upp tekju- og eignarskatturinn, með atfylgi þáv. fjmrh., Magnúsar Guðmundssonar. Þessum skatti var síðan breytt á þinginu 1923, tekjuskattur af lágtekjum lækkaður, en hækkaður á hærri tekjum. En nú kom einnig í ljós, að með skattalöggjöfinni frá 1921 mundi ekki takast að afla ríkissjóði nægilegra tekna, og var þá gripið til þess að innheimta 25% gengisviðauka af ýmsum tollum og gjöldum til ríkissjóðs, og mun það hafa verið fyrir frumkvæði ráðh. Framsfl. En til viðbótar var svo að ráði sjálfstæðismanna verðtollur lagður á ýmsar vörur, með fyrirheiti um, að sá tollur skyldi verða lækkaður smátt og smátt og felldur niður að fullu svo fljótt sem kleift væri. Þá fóru sjálf-

stæðismenn með stjórn, og það voru sjálfstæðismenn, sem gáfu fyrirheitið um að létta af þessum tolli. Og á næstu árum byrjuðu þeir á efndunum. Verðtollurinn var lækkaður og einnig vörutollurinn af ýmsum framleiðsluvörum. Samtímis voru verklegar framkvæmdir í landinu auknar og skuldir ríkissjóðs lækkaðar. — En svo komu stjórnarskiptin 1927. Þá tók Framsfl. við völdum með stuðningi Alþfl. Og þessir flokkar, sem áður höfðu barizt á móti verðtollinum, og yfirleitt láta í veðri vaka, að þeir vilji afla tekna handa ríkissjóði að mestu og helzt öllu leyti með beinum sköttum, og fella niður alla tolla á nauðsynjavörum, þeir létu það nú verða sitt fyrsta verk, þegar á fyrsta stjórnarári sínu, að hækka aftur þessa tolla, bæði á framleiðsluvörum og öðrum vörum, nauðsynlegum ekki síður en ónauðsynlegum, bæði vörutolla og verðtolla, sem sjálfstæðismenn höfðu lækkað. Og þetta var ekki gert sökum þess, að brýn þörf krefði. Þessi ár voru einhver mestu veltiár, sem sögur fara af. Tekjur ríkissjóðs fóru langt fram úr áætlun, en öllu var eytt og hrökk ekki til. Og eftir almesta veltiárið, árið 1929, varð ríkisstj. að grípa til þess að taka 10 millj. króna lán erlendis, til viðbótar öllum umframtekjunum, sem ríkissjóði höfðu áskotnazt, um 5 millj. á ári til jafnaðar. Í stað þess að sjálfstæðismenn höfðu lækkað skuldir ríkissjóðs um 8 millj. króna á þrem árum, þá hækkuðu nú skuldirnar aftur um 10 millj. kr. á fyrstu þremur valdaárum Framsfl. og Alþfl.

Þetta var undirbúningurinn undir kreppuna, sem við tók á næstu árum og ekkert lát er á enn. — Tugir millj. kr. voru reyttir af atvinnurekstri landsmanna, svo að þrátt fyrir öll góðærin gátu þeir ekkert lagt fyrir til þess að standast komandi örðugleika. Rúnir inn að skyrtunni voru þeir, þegar kreppan skall á þeim.

Á fjórum fyrstu valdaárum Framsóknar og Alþfl. hækkuðu rekstrarútgjöld ríkissjóðs um 4 millj. króna. Þetta var ekki svo tilfinnanlegt eða áberandi, meðan fé streymdi í ríkissjóðinn frá landsmönnum og atvinnuvegum þeirra. En með lántökunum miklu 1930 var eins og algerð straumhvörf yrðu í þessum efnum. Nú hættu tekjurnar að streyma fyrirhafnarlaust í ríkissjóð, en það reyndist ekki auðvelt að stöðva strauminn út úr honum. Tekjur ríkissjóðs á erfiðu árunum hrukku hvergi nærri til, til þess að standa straum af þeirri útgjaldabyrði, sem á hann var búið að hrúga. Og nú kom hvert tekjuhallaárið af öðru. Nýjar herferðir voru farnar á hendur borgurunum. Tekjuskatturinn var hækkaður, fyrst um 25%, svo um 40%. Nýr viðbótarverðtollur var lögtekinn. En þrátt fyrir allt þetta hrúguðust upp „lausar" skuldir ríkissjóðs svo millj. kr. skipti. Og þeim skuldum varð loks að koma fyrir í nýju 11 millj. króna ensku láni, sem tekið var á síðasta ári, og þar með uppurið lánstraust landsins erlendis og skuldbinding gefin um að taka ekki frekari lán.

Hin gálausa fjármálastjórn á veltiárunum var að hefna sín. Með 4 millj. króna aukningu á ársútgjöldunum var búið að binda ríkissjóði þann bagga, sem hann reis ekki undir. Og samtímis skall kreppan yfir, afurðirnar féllu í verði og atvinnuvegirnir komust á heljarþröm. Varasjóði áttu þeir enga, því að ríkissjóður og bæjar- og sveitarsjóðir höfðu hirt jafnharðan allt, sem afgangs varð hjá þeim, og meira. Því að skattránsherferð hinna ráðandi flokka var ekki beint eingöngu gegn atvinnuvegunum og öllum almenningi í landinu. Hún beindist einnig gegn bæjar- og sveitarfélögunum, á þann hátt, að meira og meira var gengið á þá tekjustofna, sem þau áttu að fá sínar tekjur af. Auk þess sem tekju- og eignarskatturinn var hækkaður, var ráðizt á atvinnurekstur einstaklinganna með ríkiseinokunum, gjaldþol þeirra þannig rýrt, og bæjar- og sveitarfélög svipt tekjum, sem þau svo urðu að leggja á gjaldþegnana í annari mynd. M. a. á sliguð atvinnufyrirtæki, sem ekkert höfðu afgangs og ríkissjóður náði því ekki til. Og var þetta gert alveg eins og til þess væri ætlazt af stjórnarvöldunum, enda framkvæmdin í þeim efnum t. d. hér í Reykjavík í höndum framsóknarmanna og sósialista.

Slíkri skattaherferð á hendur almenningi verður ekki líkt við neitt annað en það, að óvinaher ræðst inn í varnarlaust land og rænir og ruplar öllu, sem hönd á festir.

Og svo kemur að síðustu kosningunum. — Núv. stjórnarflokkar hétu því fyrir kosningarnar að létta a. m. k. nauðsynjavörutollunum af þjóðinni og breyta þeim í beina skatta. Og þegar á fyrsta þinginu, sem háð var eftir kosningarnar, efndu þeir að vísu þessi loforð sín að því leyti, að þeir hækkuðu tekju- og eignarskattinn stórkostlega. En það varð minna úr því að tollarnir væru lækkaðir, því að stórkostleg tollahækkun sigldi í kjölfarið. Og var ríkissjóði með þessu hvorutveggja aflað 2 millj. kr. nýrra tekna.

Á þessu sama þingi komu fram háværar raddir um það, að bæjar- og sveitarfélög væru að kikna undir útgjaldabyrðum sínum, og yrði því að hafa einhver úrræði til að ákveða þeim tekjustofna, sem þeim nægðu í stað þeirra, sem ríkið hafði sölsað undir sig. Þeim kröfum var svarað með því, auk tolla- og skattahækkunarinnar, að lögleiða nýjar einokanir og ganga með því enn meira á tekjustofna þeirra. Og ríkissjóðsúlfurinn er jafnsoltinn eftir sem áður.

Einn af þm. Alþfl. hefir skýrt frá því í þingræðu, að yfirstandandi þingi hafi borizt kröfur frá 10 bæjar- og sveitarfélögum um það, að þeim yrði séð fyrir möguleikum til tekjuöflunar. Það er viðurkennt af öllum flokkum, að til vandræða horfi, ef þetta verði ekki gert. En stj. og þingmeirihlutinn berst með oddi og egg gegn því, að nokkur úrlausn sé gerð í þessu efni að svo stöddu. Og það er af því, að enn þarf að reyta almenning í þarfir ríkissjóðs.

Tekjulindir ríkissjóðs eru eða tæmast. Gjaldstofnarnir að bila. Fjvn. hefir lagt fram brtt. við fjárl., m. a. um stórkostlega lækkun á áætluninni um tekjuskatt og tóbakstoll. Auk þess sem tekjuskatturinn hlýtur að minnka jafnhliða því, að tekjur borgaranna fara þverrandi ár frá ári, vegna vaxandi örðugleika atvinnu- og viðskiptalífsins, hlýtur skatturinn einnig að minnka vegna vaxandi skattafrádráttar. Það er enn talað um hátekjur og hátekjuskatt og stjórnarflokkarnir eru nú að leggja fram nýtt frumv. um stórfellda hækkun á hátekjuskattinum, til þess

að vinna upp rýrnunina, en með þessari sífelldu hækkun skattsins rekur að því, að hátekjurnar breytast í lágtekjur. Og þó að einhverjir kunni að segja, að bættur sé skaðinn, þó að þannig lækki hagur hátekjumannanna, þá á ríkissjóðurinn líka eftir að súpa af því seyðið, ef hátekjurnar hverfa og ekkert er hægt að leggja á þær. Og allt atvinnulíf í landinu á líka eftir að súpa af því seyðið, ef öll fjársöfnun fellur niður. Og nú er svo komið, að jafnvel stjórnarflokkarnir verða að viðurkenna, að lengra sé ekki fært að halda á þeirri braut. Og þess vegna sjá þeir nú ekki aðra leið til fjáröflunar en að brjóta algerlega í bág við stefnu sína, eins og atvmrh. lét um mælt á dögunum, og hverfa að því ráði að lögleiða nýjan toll af nauðsynjavörum almennings. Og 750 þús. kr. á að taka af almenningi í landinu með þessum nýja tolli. Ekki af óþarfavarningi, eða „luxusvarningi", eins og látið er í veðri vaka. Innflutningur á slíkum varningi verður bannaður. Þessi tollur verður tekinn af kaffi og sykri, fæði almennings, klæðum og skæðum og öðrum þeim hlutum, sem menn geta ekki án verið. Það kæmi líka ríkissjóðnum að litlu gagni, ef menn gætu hætt að nota þessar vörur, ef menn t. d. hættu að drekka kaffi, og notuðu mjólk í staðinn, eins og hæstv. forseti var að ráða mönnum til á dögunum. — Nei, tekjurnar eiga að nást í ríkissjóðinn. Það rekur að vísu einnig að því, að þessir nýju tekjustofnar bila líka, eins og tekjuskatturinn og tóbakstollurinn. Því er líka yfirlýst, að þessa tekjuöflunaraðferð eigi aðeins að nota í eitt ár, meðan verið sé að leita að nýrri tekjuöflunarleið.

Í gamansögu eftir Benedikt Gröndal segir frá fjáraflamanni einum, að hann gekk upp á hátt fjall til að skyggnast eftir því, hvort engin jörð væri eftir óveðsett á landinu. Nú ætlar stjórn hinna vinnandi stétta að nota tímann milli þinga í svipað ferðalag, til að skyggnast eftir nýjum leiðum til tekjuöflunar. Og af hverjum tindi, sem hún stígur á, mun henni gefa að líta landsfólkið á hröðum flótta undan skattpíningar-úlfinum, reytandi af sér spjarirnar til að kasta í óargadýrið. En hlutverk stj. verður þá að finna leið til að reyta af því síðustu flíkurnar. Já, það er vissulega ekki að ófyrirsynju að tala um, að þjóðin sé í einskonar umsátursástandi.

Hæstv. atvmrh. sagði í gær, að vegna kreppunnar væri brýn nauðsyn á því að nota til hins ýtrasta þær leiðir, sem til væru, til að bæta úr örðugleikunum. En þegar „leiðir" stj. eru athugaðar, þá verður sjálfsagt mörgum að spyrja, hvort þær miði ekki að því að bæta böl með því að bíða annað verra.

Leiðirnar eru þessar:

Að hækka tekjuskattinn og þvinga með því bæjar- og sveitarfélög til að hækka rekstrarútsvör sligaðra atvinnufyrirtækja eða leggja gjöld á neyzluvörur almennings. Að leggja á nýja neyzlutolla á nauðsynjavörur almennings, sem einnig lenda að miklu leyti á framleiðslunni.

Að nota til hins ýtrasta, eins og sagt er í grg. skattpíningarfrv. nýja, álagningarmöguleika á varning, sem ríkið verzlar með, og virðist þó vart á bætandi, eins og t. d. heildsöluálagning bíla- og raftækjaverzlananna er orðin og hv. þm. V.-Sk. lýsti.

Og að síðustu, að tvöfalda benzíntollinn.

Þetta ætlar ríkisstj. allt að gera, til að hjálpa framleiðslunni. Og allt lendir þetta þó á framleiðslunni. Og hvaða hjálp verður þá að því?

Hæstv. atvmrh. spurði í gær, hvort nokkrum manni dytti í hug, að meiri atvinnubótavinna væri unnin nú, ef Sjálfstfl. væri við völd. — En dettur nokkrum manni í hug, að málefnum þjóðarinnar og fjárhag ríkissjóðs væri komið í slíkt öngþveiti sem nú er, ef sjálfstæðismenn hefðu farið með völd síðustu 8 árin?

Á stjórnarárum Sjálfstfl. voru skuldir ríkissjóðs lækkaðar um nálega helming, eða um 8 millj. kr. Með því voru vaxtaútgjöld ríkissjóðs lækkuð sem því svarar. Samtímis voru tollarnir á nauðsynjavörum lækkaðir. Ef Sjálfstfl. hefði farið með völd áfram, hefðu skuldir ríkissjóðs sennilega verið greiddar að fullu á næstu árum, eða sem því svarar lagt til framkvæmda, sem lán hafa verið tekin til, og nauðsynjavörutollar hefðu verið lækkaðir.

Það er a. m. k. augljóst, að viðhorfið hefði þá verið allt annað en nú, og auðveldara að afla fjár til nauðsynlegs stuðnings atvinnuvegunum og styrktar atvinnuleysingjum en nú, þegar skattaáþjánin er orðin svo mikil, að jafnvel hinir ráðandi flokkar verða að viðurkenna, að lengra verði ekki gengið í því efni, og þegar lánstraust þjóðarinnar er gersamlega þorrið.

Jón Baldvinsson: Herra forseti! Enn er hafin hríð að landstj. fyrir störf hennar og framkvæmdir á undanförnum árum. Það hafa talað allmargir af stjórnarandstæðingunum, bæði úr Bændafl. og Sjálfstfl., og mun ég víkja lítilsháttar að einstökum atriðum í ræðum flestra þeirra, sem hafa talað. En ég mun ekki rekja ræður þeirra lið fyrir lið, enda er ekki til þess tími.

Það var hv. 10. landsk., sem hóf eldhúsumr., og í ræðu hans fólst árás á Alþfl., naglaleg árás, sem hann gerir jafnan í hvert skipti, sem hann tekur til máls í áheyrn alþjóðar. En það hefir alltaf verið rekið ofan í hann aftur, en það er með það eins og selshausinn á Fróðá, að það þarf að berja á með járnsleggju til þess að reka ofan í hann aftur. Það þarf ekki að spyrja að því, að hv. þm. V.-Húnv. tók dyggilega undir þetta, og bandamaður þeirra, form. Sjálfstfl., lagði svo blessun sína yfir allt saman. Þessi ósannindi þeirra eru þau, að bera á Alþfl., að hann hafi notað flokkslega aðstöðu sína til þess að hagnast á mjólkurmálinu, þó að hann hafi fórnað meiru fyrir bændur heldur en þessum þremur mönnum, sem ég nefndi, hefði nokkru sinni dottið í hug að fórna, ef þeir hefðu verið í sömu aðstöðu og Alþfl. í þessu máli, því að það er vitanlegt, að það voru stórfelldar kröfur um, að mjólkin lækkaði ennþá meira heldur en varð, og það eru kröfur uppi um það ennþá. En Alþfl. hefir ekki viljað taka undir það að sprengja mjólkursamtökin, en vill bíða eftir og sjá, hvernig úr rætist með skipulagið, sem vitanlega þarf tíma til að festast í framkvæmdinni og finna heppilegar leiðir,

eins og alltaf þarf, þegar nýjungar eru teknar upp.

Ég ætla aðeins að víkja að þeirri ásökun, að Alþfl. hafi notað flokkslega aðstöðu sína til þess að hafa fé upp úr mjólkurmálinu. Sannleikurinn er sá, að Alþfl. gerði mjólkursölunefndinni það mögulegt að koma þessu skipulagi á. Sjálfstfl. hér í bænum var svo fjandsamlegur þessum málum, að sjálfstæðismennirnir létu konur sínar mynda með sér félagsskap til þess að neita að kaupa mjólkina, og höfðu þær svo mikið af mjólkursamsölunni, að sjálfsagt nemur tugum ef ekki hundruðum þús. króna.

Þannig var um að litast, þegar skipulagningin var hafin, og þá var það, að Alþýðubrauðgerðin, sem er fyrirtæki alþýðufélaganna hér í bænum og hefir það að markmiði að reyna að selja ódýrt neyzluvörur, eins og t. d. brauðvörur, tók að sér að selja mjólk og mjólkurafurðir, þrátt fyrir það, að hún yrði að lækka talsvert sölulaun frá því, sem áður hafði verið, aðeins til þess að koma þessari skipulagningu á. Ég veit, að Alþýðubrauðgerðin er svo stórt fyrirtæki, að hún hefði sennilega getað haft hærri prósentur af mjólkursölunni, ef hún hefði verið skipulagslaus. En þá hefði ekki heldur verið stefnt að þeim möguleika að reyna að lækka mjólkurverðið fyrir bæjarbúa, sem lítið hefir verið gert að ennþá, en ætti að stefna að með bættu skipulagi, enda gætu þá bændur líka fengið hærra verð. Það er með því að lækka kostnaðinn milli fjóss og eldhúss — milli framleiðenda og neytenda. Þegar þetta mál var tekið upp, vildu verzlanir hér í bænum, sem sjálfstæðismenn gátu haft áhrif á, ekki verzla með mjólkina. Þeir ætluðu að stöðva skipulagninguna með því að neita að selja mjólkina. Bakarameistarafélögin vildu ekkert tilboð gera, en þegar Alþýðubrauðgerðin var búin að gera tilboð, buðust þeir til þess að hafa á hendi söluna fyrir sama verð og Alþýðubrauðgerðin. Og þegar var verið að ræða þetta mál, þá ætla ég að lofa ykkur að heyra úr fundargerð mjólkursölunefndar, hvernig ástandið var hjá þessum bakarameisturum í garð mjólkursamsölunnar. Mjólkursölunefndin hafði kallað til sín bakarasveina og talað við þá, og um það segir svo í fundargerðinnni, með leyfi hæstv. forseta:

„Ennfremur svöruðu þeir játandi fyrirspurn Guðmundar Oddssonar, hvort það væri rétt, að Bakarameistarafélagið hafi farið fram á það við Bakarasveinafélagið, að það neitaði að vinna við brauðframleiðslu til búða mjólkursamsölunnar".

Þeir ætluðu að taka þátt í verkfallinu til þess að hindra, að mjólkursamsalan gæti komið mjólkinni inn í búðirnar. Í öðru lagi, þegar þeir komust ekki upp með þetta, buðu þeir með bréfi, dags. 20. des., sama brauðverð og sömu sölulaun og Alþýðubrauðgerðin býður eða mun bjóða", eftir að þeir voru búnir að neita að gera tilboð. Seinna hefir það svo skeð, að sumir þessara manna, sem fengu mjólk frá samsölunni — því að það er ekki satt, að það sé einungis Alþýðubrauðgerðin, sem hefir þessa mjólkursölu, ég veit ekki nema um þrjár búðir frá Alþýðubrauðgerðinni, sem hafa mjólk —, þessir sömu bakarar fóru fram á, að sölulaunin yrðu hækkuð. Ég hefi hér í höndunum bréf, þar sem einn mjólkursalinn tilkynnir svolátandi til mjólkursölunefndar, með leyfi hæstv. forseta:

„Vér leyfum oss hér með að tilkynna yður, að vér sjáum oss ekki fært að hafa á hendi framvegis útsölu á mjólk frá mjólkursamsölunni gegn sömu sölulaunum og verið hafa".

Þetta er dagsett 14. sept. 1935. Þá kemur bréf frá öðrum, sem selt hefir mjólk undanfarið. Bréfið er dagsett 8. janúar 1935; þar segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Viljum vér fara þess á leit, að sölulaun verði 3 aurar á lítra og 15% af rjóma og skyri".

Það er þetta tilboð, sem er verið að flagga með, þegar sagt er, að mjólkursölunefndin hafi hafnað því, til þess að hagna Alþfl. En hvað felst í þessu boði? Það felst í því, að mjólkursamsalan, sem sjálf rekur flestar búðirnar, léti þær af hendi — búðir, sem valdar eru með það fyrir augum, að þær séu í þeim hverfum bæjarins, þar sem mestar eru líkur til, að seljist mest af mjólkurvörum. Samsölustj. hafði náð tökum á góðum búðum víðsvegar um bæinn og þess vegna betur sett um sölu mjólkurinnar heldur en ef hún afhenti hana í hendur bakarameisturunum, því að þá yrði hún að leggja niður allar sínar búðir. Hvar væri hún þá stödd, ef þeir kæmu nokkrum dögum seinna og segðust vilja fá tveggja aura hækkun á hvern lítra? Ef samsalan væri búin að segja upp sínum búðum, yrði hún að byrja á nýjan leik og leigja sér búðir og áhöld, og gæti þá kannske farið svo, að hún næði ekki í beztu búðirnar. Það væri því heimskulegt af samsölunni að sleppa úr höndum sér sölumöguleikunum, sem í því felast að hafa beztu búðirnar í þeim hverfum bæjarins, sem mest selst. Það var þetta vopn, sem átti að losa samsöluna við. En þessu tilboði var ekki hafnað vegna Alþýðubrauðgerðarinnar eða Alþfl., heldur vegna bænda, til þess að þeir hefðu sem bezta aðstöðu á markaðinum og væru ekki háðir bakarameisturunum og konum sjálfstæðismanna hér í bænum.

Það skildist á hv. þm. V.-Húnv., að Alþfl. græddi ekki neitt lítið á þessu, þegar þess væri gætt, að Alþýðubrauðgerðin hefði áður haft miklu hærri sölulaun heldur en nú. En þá eru einmitt líkur til þess, að Alþýðubrauðgerðin frekar tapi á þessu heldur en hún græði, þó að hún geri þetta fyrir skipulagið. Það lá í orðum hv. þm., að Alþfl. væri að reisa stórhýsi hér í Reykjavík, sem kostaði um ½ millj. króna. Það sést á þessari tölu, á hvaða hundavaði hv. þm. fer í sinni röksemdafærslu. Hann er ekki sérlega nákvæmur — honum er sama hvort hann fer með satt eða ósatt. Þetta „stórhýsi", sem verið er að byggja hér í bænum fyrir alþýðufélögin, kostar ekki ½ millj. króna. Það er gert ráð fyrir, að húsið muni kosta um 250 þús. kr. Ég má segja, að það fengist tilboð um byggingu á því fyrir svipaða upphæð, og það sést þá á því, að hv. þm. V.-Húnv. hefir bætt helming þar við. Þá hafa þeir allir, hv. þm. V.-Húnv., þm. G.-K. og 10. landsk., verið að tala um bitlinga, nefndir, sem stjórnarflokkarnir

hefðu skipað. En sannleikurinn er sá, að þessir flokkar vildu gjarnan koma einhverju að í því starfi, sem nú er unnið í þarfir þess opinbera, ekki vegna þess, að þeim hafi dottið í hug að brjóta upp á því, þegar þeir höfðu aðstöðu til þess, heldur af því að þeir sjá ofsjónir yfir því, að ríkisstj. og landið í heild hefir gagn af því starfi, sem þessar n., sem ríkisstj. hefir skipað, inna af hendi.

Ég ætla þá aðeins að minnast á fiskimálanefnd, sem sjálfstæðismenn mega ekki heyra nefnda. Þessi n. hefir unnið að margvíslegum umbótum á sölu sjávarafurða. Henni hefir orðið það ágengt t. d., að hér var framleitt ekki svo lítið af fiskitegund, sem lítil not hafa orðið að hér á landi áður, það er karfinn, sem settur var í ríkisverksmiðjurnar, og lítur út fyrir, að allveruleg atvinnugrein geti af þessu skapazt. Marga hluti hefir fiskimálanefnd með höndum til þess að reyna nýbreytni á þessum erfiðu tímum með að selja afurðir okkar til annara þjóða. Hún hefir t. d. beitt sér fyir herðingu á fiski. Þar hefir fiskimálanefnd haft miklar framkvæmdir, og það er undarlegt, að þessir menn, sem hafa þótzt sjálfkjörin forsjón um allt, sem lýtur að framleiðslu sjávarafurða, eins og form. Sjálfstfl., að þeir skuli eingöngu í sinni framleiðslu hafa bundið sig við saltfisk og ekkert annað, þó að markaðurinn hafi dregizt svo saman, að engar horfur eru á, að við getum selt eins mikið og við getum framleitt. Þó að landsmenn hafi um margar aldir haft harðfisk sem sína aðalútflutningsvöru, hefir þeim ekki dottið í hug að reyna það. Það sama eða hliðstætt fiskimálan. hafa kjötverðlagsn. og mjólkursölun. gert, og að svo miklu leyti, sem Bændafl. hefir nokkurntíma dottið í hug að koma skipulagi á þessi mál, hefir það alltaf verið í sambandi við að setja á stofn nefnd til þess að hafa á hendi framkvæmd þessara mála. Ég fæ ekki heldur séð, að það geti á annan hátt verið hægt.

Hv. þm. G.-K., sem flutti hér í gærkvöldi langa ádeiluræðu á ríkisstj. og þá flokka, sem að henni standa, kom víða við, en eitt sagði hann, sem mér finnst ástæða til að svara og dvelja fáeinar mínútur við. Það var þegar hann var að brýna bændur landsins, hvetja bændurna til þess að gera uppreisn. Það er raunar ekki í fyrsta sinn, sem hv. þm. G.-K. hefir hótað uppreisn eða talað þannig, að ráða mætti af orðum hans, að hann byggist við uppreisn gegn núv. ríkisstj. Hann talaði til bændanna og sagði:

„Ef þið ætlið að halda uppi rauðu flokkunum og láta þá ræna ykkur, þá mun Sjálfstfl. hætta að krefjast umbóta fyrir ykkur."

Ef bændurnir gerðu ekki uppreisn, þ. e. a. s. kæmu og héldu fund, rækju stj. frá völdum, tækju í sínar hendur framkvæmd ýmsra mála, þá ætlaði Sjálfstfl. að hætta að berjast fyrir umbótum handa þeim. Þetta er alveg nasistisk till. hjá hv. form. Sjálfstfl. En þó hann sé að brýna bændur til þess að fara þessa herferð, ætlar hann samt sjálfur að standa utan við og alls ekki að vera í orustunni. Það er líkt eins og þegar herforingjar fólu sig inni í herfylkingunni. Það er kveðið í gömlum rímum um herforingja, sem var mikill í máli: „felast inn í fylking skal". Eins á að fara með form. Sjálfstfl. Hv. þm. G.-K. ætti að felast inni í fylkingu bændanna og gera árás á stj. og taka í sínar hendur afurðasölumálin. Það, sem hv. þm. G.-K. hafði fram að bera viðvíkjandi því, hvað gera ætti vegna þessara fjárhagsvandræða, sem eru, gæti engum blandazt hugur um, hver ætlun hans væri, því að hann tæpti á orðunum. Það er enginn vafi á því, að þeir eru sama sinnis hv. þm. V.-Húnv. og hv. þm. G.-K., og það, sem þeir meina með því að tæpa á till. viðvíkjandi meðferð fjárl., er það, að þeir hafa rýting uppi í erminni. Það sést aðeins á oddinn, en þeir eru viðbúnir að taka hann fram til þess að skera niður á fjárl. það, sem lagt er til framkvæmda og á að vera til þess að halda uppi almenningi í landinu á þessum erfiðu tímum. Þeir eru viðbúnir að skera niður atvinnuleysisstyrkinn og styrk til nýbýla, þeir eru viðbúnir að murka niður framlag til vegalagninga í landinu, sem veitir mikla atvinnu á þessum erfiðu tímum. Þetta eru þeirra ráð, og það er auðséð, hverju þeir ætla að svara almenningi, ef þeir væru einráðir, þegar almenningur kæmi að biðja um atvinnu. Þeir mundu svara með skurðarhnífnum, hvort sem hann væri í höndum ríkislögreglu eða ekki.

Hv. 3. þm. Reykv. talaði hér næstur á undan mér. Hann gerði að umtalsefni þær skattaálagningar, sem nú eru ráðgerðar af hálfu ríkisstj. og þeirra flokka, sem að henni standa. Hv. 3. þm. Reykv. og sjálfstæðismenn yfirleitt eru alltaf að gera veður út af því, að ég sagði um daginn, að við værum í umsátursástandi. Þeir viðurkenna þá ekki það, að okkur er meinað að selja vörur til Englands; t. d. er togurunum ekki leyft að selja þangað nema nokkurn hluta af sinni veiði. Það er tiltekið magn, sem við megum selja til Spánar, lítið til Ítalíu, takmarkað, sem við megum selja til Noregs af saltkjöti. Þó að kaupendurnir séu til, megum við ekki flytja vöruna þangað. Ég held, að það sé ekki ofmælt að segja, að við séum að þessu leyti í umsátursástandi.

Þá gerði hv. þm. að umtalsefni viðskiptagjaldið, sem á að leggja á, og minntist sérstaklega á kaffitollinn. Mér þykir vænt um að fá tækifæri til þess að tala um þetta gjald við hv. sjálfstæðismenn; þeir gera svo mikið veður út af því.

Þó að Alþfl. hafi þurft að stíga þetta hliðarspor nú og leggja gjald á innfluttar vörur, þá ber það ekki vitni þess, að hann hafi misst sjónar á því marki að létta af tollunum. En eins og nú standa sakir telur hann óhjákvæmilegt að koma í framkvæmd alþýðutryggingunum og nýbýlalöggjöfinni, þó að til þess þurfi að hækka lítilsháttar toll á kaffi og sykri.

En á síðasta þingi var létt af gengisviðauka á kaffi og sykri. En hvað var hann hár? Hann var 15 aurar á hvert kg. af kaffi en 4 aurar á hvert kg. af sykri. Sá skattur, sem nú er lagður á kaffi, nemur ekki nema 4 aurum á kg., svo að það lækkar raunverulega um 11 aura, og gjaldið af sykri er tæpur 1 eyrir á kg. Hefir

því sykurinn lækkað raunverulega um 3 aura. Þess hefir verið getið til, að meðalfjölskylda notaði um 200 kg. af sykri yfir árið. Yrði því þessi gjaldaaukning, sem lenti á 5 manna fjölskyldu, um 2 kr. á ári, eða nánar tiltekið kr. 1.75.

Þegar gengið er á móti slíkri réttindalöggjöf sem alþýðutryggingarnar eru, efa ég það ekki, að allur þorri Alþýðuflokksmanna teldi okkur hafa gert rangt, ef við hefðum hafnað því að koma þeim á, þó að það kostaði þennan litla toll.

Hv. 3. þm. Reykv. minntist á í sambandi við tollálagninguna, tekjuöflunarmöguleika bæjarsjóða. Hann hélt því fram, að þessi álagning mundi minnka möguleika bæjanna til þess að afla sér fjár. Það er aðgætandi, að helminginn af þeirri hækkun á tekjuskattinum, sem frv. gerir ráð fyrir, fá bæirnir, og ef hv. þm. hefir lesið það, sem nú er fram komið, hlýtur hann að sjá, að stj. hefir einnig hug á að reyna að létta undir með bæjarfélögunum. Það eru till. frammi um það, að koma fyrir lausum skuldum bæjarfélaganna, sem nema um 1½ millj. kr., og breyta þeim í vaxtalág lán. Þetta mundi verða til þess, að bæjarfélögin ættu miklu auðveldara með að afla sér tekna og bjarga þeim út úr því öngþveiti, sem mörg þeirra eru í. Það er því síður en svo, að níðzt sé á bæjarfélögunum.

Hv. þm. var svo broslegur í lok ræðu sinnar að tala um, hvernig fjárhagur landsins væri nú, ef Sjálfstfl. hefði stjórnað, og hann sagði: „Dettur nokkrum í hug, að fjárhagur ríkisins væri svona núna, ef Sjálfstfl. hefði alltaf stjórnað?“ Það vill nú svo vel til, að Sjálfstfl. fékk að grípa um stýrið hjá Framsfl. nokkurn tíma, til þess að sýna, hvernig honum tækist að bjarga við fjárhagnum. Ég veit ekki betur en að þeir hafi skilið eftir ekki óverulegan tekjuhalla, og auk þess miklar skuldir, svo maður segi nú ekki meira. En þeir komu á ríkislögreglunni, sem kostaði um 400 þús. kr., sem var fyrsta verk núv. stj. að létta af.

Ég held, að ég þurfi ekki að fara fleiri orðum um þennan hv. þm., enda er tími minn á þrotum.

En ég vil að lokum lýsa sambandi þeirra flokka, sem hafa sérstaklega haldið uppi árásum á ríkisstj. Það eru að nafninu til tveir flokkar, sem hér deila á ríkisstj. og flokka þá, er að henni standa.

Það er því ekki að undra, þó nokkuð kveði við sama tón, þegar þeir tala um ríkisstj. og verk hennar.

Það er rétt að gera grein fyrir, hvernig á því stendur, að þessir flokkar eru svona samrýmdir. Það stendur þannig á því, að áður en Jón í Stóradal fór úr Framsfl. og sórst í fóstbræðralag við sjálfstæðismenn, var hann með þeim í hverju máli, sem þeim þótti mikils um vert, og sveik þá sinn eiginn flokk. Og Sjálfstfl. hjálpaði Jóni aftur til þess að ganga frá kosningalögunum þannig, að ákvæði stjskr. fengu ekki notið sín til fulls, þó hann þyrfti til þess að bregðast gefnum loforðum. Samvinnan var því þannig, að Jón brást sínum flokki til þess að þóknast sjálfstæðismönnum, og sjálfstæðismenn brugðust sínum loforðum til þess að þóknast Jóni. Það má því með sanni segja, að ill var þeirra fyrsta ganga, og líklegt er, að framhaldið verði eftir því.

Þegar Bændafl. var stofnaður, voru ekki allir í þeim flokki jafnþekkir sjálfstæðismönnum eins og Jón í Stóradal, hv. 10. landsk. og hv. þm. V.-Húnv. Framarlega í Bændafl. voru tveir frjálslyndir menn, sem aldrei samþ. samvinnu við íhaldið með þessum mönnum, og þeir fengu heldur engan stuðning frá Sjálfstfl. í kosningunum 1934. Annar þessara mann er hv. 2. landsk., og er því ekki að furða, þó það syngi í tálknunum á hv. þm. G.-K. um hann, þegar þess er minnzt, hvað óþarfur þessi hv. þm. hefir jafnan verið íhaldinu í landinu. Hann hefir aldrei fengizt til þess að veita sjálfstæðismönnunum, sem nú kalla sig, stuðning, og því er gremja þeirra skiljanleg. Hinsvegar er það alkunnugt, að sjálfstæðismenn í V.-Húnavatnssýslu studdu að kosningu hv. þm. V.-Húnv. í síðustu kosningum, eftir skipun frá æðri stöðum í flokknum, þrátt fyrir það, þó þeir hefðu þar sinn eiginn frambjóðanda. Og ósýnt þykir, hvor meiri ítök á í Sjálfstfl., hv. þm. A.-Húnv. (JónP) eða keppinautur hans í kosningunum, Jón í Stóradal, eða hvor þeirra er þar elskaður meira. Þegar þessir tveir frjálslyndu menn í Bændafl. eru ekki lengur til fyrirstöðu beinni samvinnu milli flokkanna, má ganga út frá því sem vísu, að þeir gangi út og inn hver hjá öðrum eins og þar væri einn flokkur og eitt heimili. Við næstu kosningar má telja víst, að samvinna takist með þeim um öll framboð og slíkt. Eins og upphafið var hjá þessum flokkum ætlar því endirinn að verða, og þætti mér ekki ólíklegt, að þar um mætti syngja eftir næstu kosningar hið alkunna vers úr passíusálmunum: Sjá hér hve illan enda o. s. frv.

Þorsteinn Briem [óyfirl.]: Ég skal ekki verða langorður um þessar síðustu getsakir hv. 4. landsk. Hann veit það vel, að Bændafl. er algerlega sjálfstæður flokkur og alveg óháður öllum öðrum flokkum í landinu, og hefir þar af leiðandi greitt atkv. ýmist með sjálfstæðismönnum framsóknarmönnum eða jafnvel jafnaðarmönnum, hafi þeir dottið ofan á að flytja gott mál. T. d. bjargaði hann máli, sem ég álít gott mál, út úr Ed. nýlega, sem laut að því að tryggja betur líf sjómannanna. Ég vil því vísa algerlega heim til föðurhúsanna þeim rógi og ósannindum, sem hv. 4. landsk. leyfir sér að viðhafa hér í áheyrn alþjóðar. Bændafl. stendur fast við þá yfirlýsingu, sem form. hans, hinn ágæti maður, sem nú er látinn, gaf í blaðinu Framsókn, að hann mundi haga fylgi sínu við hvern flokk eftir því, hvernig afstöðu hann tæki til hagsmunamála landbúnaðarins og hvernig bezt væri hægt að sjá þeim málum borgið. En það á hinsvegar vel við, að flokkur sósialista tali um fylgitungl, því hann sjálfur er stóra sólin, sem Framsfl. snýst í kringum, ekki aðeins á Alþingi, heldur og í ríkisstj., þar er ráðh. sósialista stóra sólin, sem hefir tvö fylgitungl um sig. Þykir mönnum stundum þessi tungl heldur lítil og aumingja-

leg, og stundum sést ekki nema á bláhornið á þeim útundan móðurhnettinum. Skal ég svo ekki eyða fleiri orðum að þessum rógburði hv. 4. landsk.

Ég ætla þá að víkja að hv. landbrh. Hann var að reyna að svara sumu af því, sem ég hafði sagt, en skildi mestan hlutann eftir, því vitanlega gat hann ekki svarað máli mínu neinu. Hafði ég þó vænzt þess, að hann kæmi með einhver andmæli, sem gagn væri í, því ég sagði honum áður en ég hélt mína ræðu, um hvaða mál ég ætlaði að tala, svo hann gæti verið undir það búinn. Var það meira heldur en ég átti að mæta, þegar ég sat í hans sæti; þá fékk ég aldrei að vita, hvað átti að ráðast á mig fyrir, og það hafa ráðherrar yfirleitt ekki fengið að vita á seinni árum.

Eftir allan undirbúninginn fann hæstv. ráðh. eitt gullkorn. Þegar hann var búinn að blaða hóflega í þingtíðindunum, fann hann ummæli eftir mér um það, að ég gladdist yfir því, þegar kjötverðið á enska markaðinum hækkaði upp í 72 aura á árinu 1933, úr 45 eða 50 aurum árið áður. Þetta þótti honum svo góð rúsína fyrir sig, að ég hafði glaðzt yfir því, að kjötið hækkaði um þriðjung í Englandi, að hann gleymdi öllu öðru, sem máli skipti í þessu sambandi. Hver hafði flutt till. um að heimila stj. að greiða verðuppbót á kjötið? Það var Jón í Stóradal. Og hæstv. ráðh. gleymdi líka, að þegar ég spurðist fyrir um það undir þessum umr., hvað landbn. teldi nauðsynlegt að hafa kjötuppbótina háa, þá reis upp form. landbn. þáv., sem er framsóknarmaður, og lýsti yfir, að hann bæri bezta traust til mín í þessu efni. Enda hafði ég, eins og ég skýrði frá í útvarpsumr. í fyrra, rækilega undirbúið skýrslusöfnun viðvíkjandi verðuppbótinni, svo ekki var annað eftir en reikna upphæðina út, þegar skýrslurnar komu.

Hæstv. ráðh. játaði eiginlega flest af því, sem ég hafði sagt í ræðu minni, því, sem hann reyndi annars nokkurn hlut að svara. Hann játaði það, að Sláturfélag Suðurlands hefði ekki fengið neina hækkun á kjötverðinu fyrir geymslukostnaði fram í miðjan nóv., og að fram í miðjan jan. fékk það aðeins 8 aura hækkun á kg. á móti 20 aura kostnaði við geymsluna, og varð þannig að selja hvert kg. með 12 aura tapi. Hann játaði líka, að Sláturfélagið hefði á þennan hátt orðið fyrir 5 aura tapi á kg. frá miðjum jan. og langt fram á sumar. Hann játaði, að Sláturfélagið hefði orðið að taka alla gæruverðuppbótina frá árinu áður, sem nam 41 þús. kr., upp í þetta tap og einnig mestan hluta af rekstrarágóða ársins, eða 66 þús. kr. af 83 þús. kr. Það, sem hann svaraði því er snertir framkvæmd kjötlaganna, var þannig að mestu leyti staðfesting á því, sem ég hafði sagt. En hann var að reyna að gera mig tortryggilegan með því að halda fram, að ég væri á móti kjötlögunum, af því ég hefi átalið ýmislegt viðvíkjandi framkvæmd þeirra. Hvernig getur hæstv. ráðh. haldið slíku fram, þegar það var einmitt ég, sem lét undirbúa þessi lög, og þegar ég greiddi atkv. með þeim við allar umr. og reyndi að fá þeim komið í betra horf, þ. e. a. s., fá lagfært aftur það, sem hæstv. ráðh. hafði reynt að spilla þeim? Hinsvegar get ég ekkert fullyrt um, hvort ágóði bændanna af þessum lögum er eins mikill eins og núv. form. kjötverðlagsnefndar vill vera láta. Hæstv. ráðh. kom með skýrslu frá honum um 600 þús. kr. ágóða, en þar er nú víst eitthvað af ríkissjóðsuppbótinni talið með og margt fleira. Og ég verð að segja það, þó sá góði formaður eigi í hlut, að við höfum nú rekið okkur á það, að tölurnar hans Páls Zóphóníassonar eru ekki alltaf sem ábyggilegastar. Það kom t. d. fyrir í Nd. fyrir ekki mörgum dögum, að hann varð að gleypa ofan í sig tölu úr sinni eigin skýrslu, þar sem munaði bara um 150 tonn, og þarf mikla kokvídd til að geta gleypt slíkan kjötbita í einu lagi.

Nei, hæstv. ráðh. þarf ekki að reyna að telja mönnum trú um, að þeir, sem finna að slælegri framkvæmd afurðasölulaganna, séu á móti þeim lögum. Einmitt af því þeir eru með lögunum, af því þeim er annt um þau, af því þeir hafa átt þátt í að undirbúa þau, þá er þeim annt um, að þau séu vel og skynsamlega framkvæmd.

Hæstv. ráðh. var að skopast að því, að búnaðarþingið hefði kosið nefnd úr öllum þremur flokkunum — Bændafl. er þar þriðji flokkurinn — til þess að rannsaka framleiðsluverð landbúnaðarframleiðslunnar, eins og það væri í landinu. Hann skopaðist að þeim mönnum, sem í þessa n. voru kosnir, þó einn þeirra væri jafnmætur framsóknarmaður eins og Jón í Deildartungu, sagði, að þeir hefðu ekki haft nema fáar skýrslur eða búreikninga að byggja á o. s. frv. Ég get frætt hæstv. ráðh. um það, að þegar gerðar eru skýrslur í Danmörku um afkomu landbúnaðarins þar, þá eru ekki teknir reikningar eins margra búa til að vinna úr eins og þessi n. hafði. Og Búnaðarfélagið skoraði á ríkisstj. að sjá um, að hægt væri að taka fullt tillit til þess, sem fram kæmi frá þessari n. um framleiðsluverð, en auðvitað daufheyrðist hæstv. landbrh. við því, eins og öðrum till., sem fram koma til umbóta landbúnaðinum, a. m. k. þeim, sem koma frá öðrum.

Þá skal ég víkja að mjólkurlögunum. Ég verð að segja frá því eins og það er, að það hafa verið stöðugar hringingar til mín í dag frá ýmsum bændum hér í nágrenninu, og jafnvel í mikilli fjarlægð, í sambandi við það, sem ég sagði um mjólkurmálið í gærkveldi. Og það eina, sem þeir finna að ræðu minni, er það, að ég hafi ekki tekið nógu fullan munninn. Þeir, sem í meiri fjarlægð búa, tala um það, hvort ekki muni vera óhætt að koma til hæstv. landbrh. og rukka hann um þessa 7 aura af lítra, sem hann telur, að samsalan hafi grætt á lækkuðum sölu- og dreifingarkostnaði í Reykjavík. Þetta nemur töluverðri upphæð, og er gott, ef hæstv. ráðh. vill leggja þá upphæð á borðið; 7 aurar af hverjum lítra af 5 til 6 millj. lítra sölu yfir árið. Af því árið er ekki alveg liðið, getum við reiknað með 5 millj. lítrum. Þetta eru þá hvorki meira né minna en 350 þús. kr., sem hæstv. ráðh. situr með eða þessir menn héldu a. m. k., að ekki þyrfti annað en rukka hann um það, En hann gaf nú reyndar nokkrar pósitívar upplýsingar í sömu andránni. Hann sagði sem sé, að það væru ekki til nema 12 þús. kr. af þessari upphæð. Já, ég get vel trúað, að þetta sé satt. En það er nokkuð lítið, hafi ekki græðzt nema 12 þús. á tveimur mánuðum,

eins og hann sagði, á sölu-, dreifingar- og umsetningarkostnaði mjólkurinnar. Því vitanlega eru þessir tveir mánuðir, okt. og nóv., beztu mánuðir ársins fyrir mjólkursöluna, því þá er hægt að selja mestan hluta mjólkurinnar sem nýmjólk. Því hefir að undanförnu verið safnað í sjóð þessa tvo mánuði til þess að mæta tapi seinni vetrarmánaðanna, þegar mjólkin vex svo, að mikið af henni verður vinnslumjólk. Upp í þetta tap og upp í þær 350 þús. kr., sem ættu að vera til, ef rétt væri það, sem hæstv. ráðh. talaði um 7 aura sparnaðinn, hefir hann aðeins 12 þús. kr.

Þetta kom nú frá þeim bændum, sem fjær búa. En þeir, sem nær búa, símuðu til mín og sögðu, að ég hefði ekki sagt alveg rétt frá, þegar ég sagði, að sumir þeirra hefðu tapað allt að 7—11 aurum á lítra. Rétt væri að segja 9 og upp í 12 aura á lítra, og einstaka maður jafnvel upp í 14 aura. Ég skal ekki dæma um þetta, en ég tók lægri tölurnar til þess að vera viss. Það, sem þessum mönnum sviður mest, er það, að enginn maður hefir gott af þessu tapi, nema þá bitlingamennirnir, sem laun taka hjá samsölunni.

Það er náttúrlega lítið til upp í þennan 7 aura gróða hæstv. ráðh., og það er bezt ég segi þá frá, hvernig á því stendur. Það liggur nefnilega í því, að hæstv. ráðh. miðar við allt annað ár heldur en árið þegar samsalan tók til starfa. Samsalan tók til starfa, eins og menn vita, í jan. 1935, en hæstv. ráðh. miðar við einhverja skýrslu, sem fram kom í blaðagrein á árinu 1933. Eftir þann tíma breyttist meðferð þessara mála allmikið, einmitt á árinu 1934, þannig, að þó kostnaður sumra mjólkurbúanna hafi komizt allt upp í 16 aura 1933, þá komst hann í nóv. 1934 niður í það, sem hér segir: Gerilsneyðingargjald 5 aurar á lítra, skrifstofukostnaður og sölukostnaður búðann 5⅓ eyris á lítra. En í dag er þessi kostnaður þannig, að gerilsneyðingargjaldið hefir lækkað um 2 aura, eða niður í 3 aura, en sölu-, dreifingar- og skrifstofukostnaður hefir hækkað úr 5⅓ eyris upp í 6 aura. Nokkuð af því, sem sparast á gerilsneyðingunni, fer því til að mæta þeim ⅔ úr eyri á lítra, sem sölu-, dreifingar- og skrifstofukostnaðurinn hefir aukizt hjá samsölunni frá því, sem áður var. Þetta er þá sannleikurinn í málinu, að í staðinn fyrir 7 aura lækkun á dreifingarkostnaðinum er hér að ræða um ⅔ eyris hækkun. Hvort samsalan treystir sér á sínum tíma til þess að endurgreiða eitthvað af þessari hækkun, það er ekki ennþá komið í ljós.

Hæstv. ráðh. var að tala um það, að Mjólkurfél. Rvíkur hefði tekið hærra gerilsneyðingargjald heldur en það þurfti, þó það lækkaði úr 5 aurum niður í 3. Með þessu játar hann bara, að mjólkursölunefnd hafi ekki haft vit á að semja um þetta eða taka tilboðinu um að mjólkin væri gerilsneydd fyrir kostnaðarverð undir eftirliti. Hann viðurkennir þannig óhæfni mjólkursölunefndar til að fjalla um þessi mál.

Þá minntist hann á bakaratilboðið, að því væri ekki treystandi eða lítandi á það á neinn hátt, af því bakararnir væru svo vond stétt. Ég veit ekki, hvort hæstv. ráðh. heldur, að hann vinni á því að taka þannig einstakar stéttir og níða þær niður, og læt ég hann um það. Það er einmitt upplýst, að þeir fáu bakarar, sem nú fá mjólk til útsölu, selja hana fyrir 2 aura á lítra, og hv. 4. landsk. talaði um, að einhverjir vildu fá það gjald hækkað. Væri þá ekki gott að komast að samningum um, að engin hækkun yrði og öll mjólkin væri seld fyrir þetta gjald, úr því mjólkursölunefndin getur ekki sjálf selt hana með svo litlum tilkostnaði, heldur verður að borga 6 aura fyrir það, sem áður kostaði 5⅓?

Tilgangur bakaranna með þessu tilboði var einmitt sá, að geta um leið skipulagt brauðasöluna, og mun ekkert vera því til fyrirstöðu, að *náðst geti tryggir samningar til lengri tíma* og með löngum uppsagnarfresti. Hv. 4. landsk. var að tala um að þessir bakarar hefðu ekki viljað gera tilboð í fyrra. Það liggur þannig í því, að þeir hættu við að koma með tilboð vegna þess, að þau fáu tilboð, er fram komu, voru opnuð jafnóðum, en fengust ekki opnuð öll í einu að tilboðsmönnunum viðstöddum, eins og venja er til með öll tilboð. Hvers vegna voru þau opnuð jafnóðum? Það lítur út fyrir, að einhver hafi þurft að fá að vita, hvernig lægsta tilboðið var, til þess að geta gengið í það. Er bezt, að hv. 4. landsk. geti sér þess til, hvaða aðili það hefir verið.

Hæstv. ráðh. og hv. 9. landsk. voru að tala um mjólkurlækkunina í fyrra haust, og hv. 9. landsk. taldi þetta vera eitt af því góða, sem hefði skeð, að bændur verða þarna fyrir tekjumissi, er nemur 400 kr. á meðalframleiðanda, með 50 lítra mjólkursölu á dag. Hæstv. landbrh. talaði um það sem afsökun fyrir sinu framferði í þessu efni, að einstaklingar í bænum hefðu verið farnir að bjóða mjólk fyrir lægra verð heldur en mjólkurbúin í Mjólkurbandalagi Suðurlands. En það var einmitt fyrsti tilgangurinn með setningu mjólkurlaganna að koma í veg fyrir, að mjólkin væri boðin þannig niður af einstaklingum. Þennan fyrsta tilgang mjólkurlaganna eyðileggur hæstv. ráðh. með því að feta í fótspor þessara einstaklinga, sem voru í raun inni að eyðileggja markaðinn með því að bjóða mjólkina niður fyrir hinum. Það var af sumum framsóknarmönnum ekki talað sérlega vel um þessa undirboðsmenn, en þegar ráðh. þeirra er kominn í sitt valdasæti, gengur hann í spor þessara sprengingarmanna.

Þá kem ég að þriðja atriðinu, er mjólkursölulögin snertir, nefnilega skipulaginu. Ég hefi nú talað um sölu- og dreifingarkostnaðinn og um verðfallið, en á eftir að minnast á þriðja atriðið, skipulagninguna. Þar játaði einmitt hæstv. ráðh. allt, sem ég sagði, og það svo undur fallega, að ég hafði alls ekki búizt við, að hann gerði það svo vel og glöggleg. Hann bar ekki á móti því, að mjólkurbú, sem áður hafði eingöngu skyrsölu, hefði verið kúgað til þess að fara að búa til osta, byggja til þess hús, fá sér nýjar vélar og nýja kunnáttumenn, í stað þess að það fengi að halda áfram skyrsölunni. Og hann játaði meira. Hann bar ekki á móti því, að mjólkursamsalan hefði kúgað búin til að útvega sér ný tæki og húsrúm og til að fá sér kunnáttumenn til að búa til osta og slíkt, og að öll skipulagning hennar hefði verið komin í slíkt öngþveiti, að orðið hafi að sækja sérfróðan mann norðan af

Akureyri til að koma einhverju skipulagi í vitleysuna.

Áður en samsalan komst á, hafði Mjólkurbandalag Suðurlands samþ. að koma slíku skipulagi á málin, en mjólkursölun. eyðilagði það allt. Svo þegar allt var komið í vitleysu, var maður sóttur norður á Akureyri, ágætur maður, til að lagfæra öngþveitið. Og þar með er játað, að meiri hl. mjólkursölun. hefir ekki haft mátt eða vit eða hagsýni til að stjórna þessum málum, þar sem setja þarf sérstakan kunnáttumann yfir n. Eitt af því, sem hann gerir, er það, að fá skyrþétta frá einni skyrgerðinni, sem mjólkursölun. hafði lagt niður. Hann kynnir sér skyrgerðina í bænum og kemst að sömu niðurstöðu og Sigurður Pétursson, að sumt af skyri n. sé svo slæmt, að lítið sé í því af þeim gerlagróðri, sem á að vera í góðu skyri. — Þannig kúgar n. ágæta skyrgerð til að fara að búa til osta, en lætur annað mjólkurbú fara að búa til skyr, en það er ónothæf vara, af því að útlendur viðvaningur er við verkið, sem ekki kann til þess. Við skulum nú vona, að manni þeim, sem settur hefir verið yfir mjólkursölun., takist að lagfæra þetta.

Þá kom hv. þm. með upplýsingar um skyrsöluna. Mér þótti gott að fá þær upplýsingar. Af þeim kemur sem sé í ljós, að á árinu hefir n. selt 167 tonn af skyri. Með þessu ætlaði hann víst að slá mig niður. Nei, það er einmitt bezta vopnið, sem ég gat fengið, því að það upplýsir, að skyrsalan hefir minnkað um helming undir stj. n. Þetta magn er minna en Mjólkurbandalagið hafði selt áður eitt saman. Svo var vitanlega selt skyr frá Mjólkurbúi Borgfirðinga, skyrgerðinni á Hvanneyri og ýmsum einstaklingum, sem seldu a. m. k. eins mikið og bandalagið. Þessar tölur, sem hæstv. ráðh. er að flagga með upplýsa því, að n. hefir eyðilagt helming skyrmarkaðarins. Þetta hafði mér ekki dottið í hug í gærkvöldi. Þegar ég heyrði þetta, hryggðist ég í mínu hjarta yfir því, að svo hörmulega skyldi vera komið.

Hann var að tala um skyrveizlu, sem stæði til, að haldin yrði. Ég vona, að hún gangi sem bezt, ef hún gæti orðið til að auka skyrmarkaðinn. Reykvíkingar ættu sannarlega að borða meira skyr en þeir gera. Og ég vona líka, að hæstv. landbrh. framkvæmi eitthvað af loforðum sínum um að koma þessum málum í gott lag.

Ég er þá búinn með tímann og verð að hætta. Ég hefi fengið að heyra margar játningar af munni hæstv. landbrh., og gefst mér væntanlega tækifæri til að koma inn á þær einhverntíma seinna.

Fjmrh. (Eysteinn Jónsson) [óyfirl.]: Herra forseti! Ég verð að fara fljótar yfir sögu en ég hefði kosið. Vil ég fyrst svara nokkru þeim orðum, sem hv. þm. V.-Sk. beindi til mín sérstaklega, einkum út af framkvæmd tveggja einkasalna. Hann gagnrýndi rekstur Raftækjaeinkasölunnar og fann fyrst að því, að starfsmannahald væri þar óvenjulega mikið, meira en hjá þeim þremur heildsölufirmum, sem áður voru starfandi í þessari grein. Það er rangt. Starfsmannahald einkasölunnar er sízt meira. Auk þess er þessi samanburður hans út í loftið, því að þó að fjöldinn væri meiri, þá sannar það ekkert, því að einkasalan hefir meira vörumagn en þessi firmu höfðu. Þá sagði hann, að starfsmenn þessa fyrirtækis væru valdir með það fyrir augum, að hlynna að stjórnarliðinu og að von væri þangað á fleirum úr herbúðum stj. Þetta fyrirtæki upplýsir nú einmitt vel, hvernig ríkisstj. velur starfsmenn sína, og því fer ég frekar út í þetta mál. Menn ættu að bera sannleikann í þessu efni saman við það, sem myndi hafa orðið hjá Sjálfstfl. hefði hann verið í stj. Við þessa einkasölu hefir verið fylgt þeirri reglu að láta þá sitja fyrir vinnu, sem áður voru starfandi í þessari grein, og hefir ekki á neinn hátt verið farið eftir stjórnmálaskoðunum. Ég held, að óhætt sé að segja, að þó nokkrir andstæðingar stj. starfi þar, og er ekkert við því að segja. Það er aðeins leitt, að stjórnarandstæðingar skuli vera að bera á stj. upplognar sakir í þessu efni.

Þá talaði hv. þm. um laun þessara manna. Þau eru nú svipuð þeim launum, sem þeir höfðu áður við þau fyrirtæki, þar sem þeir störfuðu. En þar sem þessum launum hefir verið breytt, hefir það alltaf verið í þá átt að lækka þau.

Þá eru ásakanir hans um það, að þessi einkasala hlynni sérstaklega að viðskiptum við A. E. G. í Þýzkalandi á óheiðarlegan hátt. Ætti hv. þm. að endurtaka þessi ummæli sín utan þinghelginnar, svo að hlutaðeigendum gæfist kostur á að bera af sér sakir. Eftir því, sem mér er tjáð, er enn sem áður aðallega skipt við tvö þýzk firmu, sem sé A. E. G. og Siemens, og þau hafa jafnrétti í viðskiptunum.

Þá hefir það verið látið í veðri vaka, að einkasala þessi hafi verið tekin upp eftir beiðni þess manns, sem nú er forstöðumaður hennar. Þetta er fjarri öllu lagi. Til þess að fá hann til að taka að sér forstöðu fyrirtækisins þurfti ég að leggja að honum, og síðan hefir hann oft beðið mig að leysa sig frá starfinu. Liggur það nú fyrir mér til athugunar, hvað ég geti gert til að verða við þeim óskum hans.

Þá er sagt, að einkasalan hafi hækkað vöruverðið og brotið l. að þessu leyti. Ég get upplýst, að þetta er tilhæfulaust. Verði á þessum vörutegundum hefir verið haldið svipuðu og áður var, hafi ekki orðið verðbreytingar á erlenda markaðinum eða því um líkt. En um þetta er auðvitað hægt að fá fullar upplýsingar, og hefði hv. þm. í þessu efni getað snúið sér til flokksbróður síns, hv. 3. þm. Reykv., sem á að hafa þarna eftirlit, þó að hálegt verði að teljast að setja hann sem eftirlitsmann, með tilliti til fortíðar hans í því starfi. En þó hefir það verið gert. Hann ætti að snúa sér til þessa flokksmanns síns, sem átt hefir aðgang að öllum bókum og skýrslum einkasölunnar.

Þá minntist hv. þm. á bifreiðaeinkasöluna. Sagði hann, að gúmmí hefði hækkað óeðlilega í verði hjá henni og að hún hefði okrað á því. Ég hefi nú fengið upplýsingar um þetta frá forstöðumanni einkasölunnar. Hann segir í bréfi til mín, dags. 25. nóv. 1935:

„Áður en einkasalan tók til starfa, voru seldar hér á landi mjög margar tegundir af hjólbörðum, en enginn kaupmaður gaf út verðlista, né

hélt föstu verði á þeim og seldi einum það á allt öðru verði en öðrum, án tillits til þess, hvort um mann, sem átti margar bifreiðar, var að ræða eða ekki. Auk þess hafa firmun, sem áttu gamlar birgðir, viljað losna við þær sem fljótlegast og því sett niður verðið á undanförnum mánuðum, enda hjá mörgum ef til vill um gamla vöru að ræða, en hjólbarðar þurfa að geymast mjög vandlega, ef um lengri tíma er að ræða, því annars er hætta á, að þeir skemmist."

Ennfremur segir hann, að aðallega hafi verið skipt við ítalskt firma, Pirelli, sem áður var búið að fá sambönd hér. Hafði verið samið við þetta firma um verð, og hefir það verð að mestu haldizt, að öðru leyti en því, sem verð hefir breytzt á heimsmarkaðinum. Um þetta segir forstöðumaðurinn:

„Verksmiðjan veitti oss sömu skilmála og fyrri umboðsmönnum sínum, og óskaði fastlega eftir, að vér héldum sama útsöluverði og hún hafði ákveðið gagnvart þeim, og það höfum vér gert. Þetta er sá eini beini samanburður, sem vér getum sýnt á verði nú og áður en vér hófum sölu, og sýnir hann, að vér höfum ekki hækkað verðið með álagningu, heldur stafar verðhækkunin af nýrri verðhækkun á markaðinum."

Af þessum ástæðum hefir orðið nokkur verðhækkun hjá einkasölunni.

Hvað því viðvíkur, að verð hafi hækkað á bifreiðum, þá eru það ósannindi, samkv. upplýsingum forstjórans. Ég skora á hv. þm. að sanna, að bifreiðar hafi hækkað í verði um 3—400 kr. Hv. þm. hleypur hér með fleipur, sem óhlutvandir hafa sagt honum, og bætir sjálfur við.

Þá vil ég víkja nokkrum orðum að hv. þm. V.-Húnv. Hann notaði tækifærið til að reyna að læða því inn hjá hlustendum, að stj. hefði bolað mönnum frá því að nota til hlítar þýzka markaðinn fyrir landbúnaðarafurðirnar. Hann sagði, að stj. héldi því fram, að ekki væri hægt að selja íslenzkar landbúnaðarafurðir til Þýzkalands, af því að verðið á þýzkum vörum væri of hátt til þess, að hægt væri að kaupa þær. Hér er öllu snúið við. Sannleikurinn er, að stj. hefir einmitt bundið innflutningsleyfin að miklu leyti við kaup í Þýzkalandi, jafnvel þó að verð væri þar allt að 25% hærra en annarsstaðar, og þetta hefir hún gert til þess að skapa möguleika fyrir sölu á landbúnaðarafurðum til Þýzkalands. Stj. hefir jafnvel lagt kvaðir á neytendur til þess að þetta mætti takast.

Þá talaði hv. þm. um bitlinga þá, er stj. veitti og nefndi hann 2 dæmi. En hann var óheppinn í vali sínu. Hann sagði, að Guðbrandi Magnússyni forstjóra áfengisverzlunarinnar hafi verið greiddar 6000 kr. fyrir vinnu vegna máls, sem höfðað var á verzlunina. Þessar greiðslur voru í samræmi við samning, sem fyrrv. ríkisstj. hafði gert við Guðbrand Magnússon. Hv. þm. gleymdi að geta þess, að fyrir meðferð þessa máls fékk hv. 2. þm. Rang., Pétur Magnússon, 30000 kr. greiddar úr ríkissjóði, samkv. ákvörðun þáv. ríkisstj. og þáv. dómsmrh., Magnúsar Guðmundssonar. Þá sagði hann, að stofnað hefði verið nýtt embætti við áfengisútsöluna í Reykjavík, og var það annað dæmið. Það stendur til, að skipt verði um mann við áfengisverzlunina, því að sá er orðinn sjötugur, sem frá fer. En af því að hann óskaði eftir að fá að halda starfinu til áramóta, var það samþ., með því skilyrði, að hann veitti öðrum manni atvinnu við ákveðið fyrirtæki þangað til. Þetta kemur ríkissjóði ekkert við, og þessi greiðsla fer ekki fram úr ríkisins vasa, heldur af fé því, sem þessi maður fær fyrir sín störf. Stj. kemur það ekki við, þó að annar maður taki part af hans launum. Sá, sem á að taka við stöðunni síðar, situr nú við lakari kjör en hann hefði getað haft.

Út af öllu skrafinu um afstöðu stj. til sparnaðarmálanna vil ég nefna nokkur dæmi. Stj. fékk gott tækifæri til að sýna sinn góða vilja, þegar skipt var um bankastjóra við Búnaðarbankann. Fyrrv. bankastj. hafði 19000 kr. fyrir bankastjórnina og 7200 kr. fyrir stjórn kreppulánasjóðs, eða alls 26200 kr. Þegar núv. stj. ráðstafaði þessu embætti, lækkaði hún þessi laun niður í 12000 kr. Þá hefir stj. sett á stofn aðra einkasölu án þess að stofna nokkurt nýtt forstjóraembætti. Hefir það verið lagt undir forstjóra annars fyrirtækis. Þá fékk stj. því framgengt á Alþingi, að dýrtíðaruppbót opinberra starfsmanna var lækkuð um 70 þús. kr. Var það barið fram gegn vilja Sjálfstfl. Nú stendur til að framkvæma frekari sparnað eftir till. fjvn., þannig að allur sparnaðurinn mun nema nálægt 200 þús. kr.

Þá tók hv. 3. þm. Reykv. að sér að ræða um hinar miklu álögur stj. og skattpíningar. Efnið í ræðu hans var þetta, að „gráðugir vargakjaftar seilist eftir auknum sköttum og tollum fyrir ríkissjóð." Það hefði vafalaust verið betra fyrir Sjálfstfl. að velja annan mann til þess að standa fyrir máli hans hér. En ég vil taka það fram, að með sköttum þessum og tollum, sem stj. hefir lagt á, er ekki stefnt að hækkuðum álögum á þjóðina í heild. Hér er ekki verið að hækka heildartekjur ríkissjóðs, heldur aðeins leitazt við að halda í horfinu. Tollarnir koma ekki af því, að búið sé að skattpína einstaka menn, þannig, að þeir hafi bilað, heldur af hinu, að innflutningur hefir minnkað, og því varð að hækka tollana. En í sambandi við allt skraf sjálfstæðismannanna væri fróðlegt að athuga, hvernig þeir myndu fara að, ef þeir hefðu þessi mál í höndum. Hvernig var það um afgreiðslu fjármálanna seinast þegar sjálfstæðismenn voru í samstarfi um stjórnarmyndun? Ég veit ekki betur en þessi hetja lyppaðist þá algerlega niður og greiddi atkv. með hverjum einasta útgjaldalið og aflaði tekna í ríkissjóð með því að hækka skatta á þrautpíndum atvinnuvegunum. En útgjöldin urðu þá svo há, að þrátt fyrir allar skattaaukningar var ríkissjóður rekinn með halla og skuldir hans auknar. Hvar voru þá öll stóryrðin? Og hvar var þá mál málanna? Því var öllu fórnað fyrir það að fá að láta einn mann lafa í ríkisstjórn í tvö ár.

Þá kem ég að því, hvers vegna hv. 3. þm. Reykv. hefði ekki átt að fara með það hlutverk að tala um þessi mál. Það er af því, að hann er form. í þeim hluta Sjálfstfl., sem á sæti í bæjarstj. Rvíkur. Það er nú fróðlegt að athuga þar afstöðu þessa manns, sem leyfir sér að kalla það skattpíningu að halda við tekjum ríkissjóðs, og

leyfir sér að líkja þeim mönnum við rándýr, sem vilji tryggja ríkissjóði sömu tekjur og áður. Hann hlýtur að hafa mjög sterka aðstöðu, þar sem hann er höfuð þessa flokkshluta — þótt hann fengi ekki að verða borgarstjóri, af vissum ástæðum. — Hann hlýtur að hafa gætt þess vel, að þar væri ekki farið fram á hækkun á sköttum. — Ef nú er litið á staðreyndirnar, þá verður dálítið annað uppi á teningnum, og þá fer að verða lítið úr öllum stóryrðunum um vargaklær og annað þess háttar. Ef litið er á bæjarreikningana fyrir árið 1929, og það miðað við það, sem Sjálfstfl. nú undir forystu þessa hv. þm. fer fram á að fá í heildartekjur handa bæjarsjóði, þá kemur það í ljós, að útsvörin hafa hækkað um 91% frá því sem þau voru á árinu 1929, og í raun og veru er hækkunin miklu meiri en þessu nemur, vegna þess hve tekjustofnar hafa rýrnað og útsvörin eru lögð á minni tekjur. Ég hugsa, að útsvörin hafi hækkað raunverulega tvöfalt meira heldur en virðist samkv. heildarupphæð útsvaranna.

Nú hlýtur það að vera svo, að þessar dráps-klyfjar, sem lagðar eru á borgarana, séu eingöngu vegna afarnauðsynlegra mála. Þar kemur auðvitað ekki til mála, að nokkru liði sé haldið uppi eða nokkrum eyri sé eytt nema með sérstakri ráðdeild. Þar hlýtur t. d. að vera gætt ýtrasta sparnaðar í launagreiðslum, þar sem það er sameiginlegt áhugamál allra skattþegna, að farið sé sparlega með fé. Þetta hlýtur að standast, að þar, sem sjálfstæðismenn hafa farið með völdin í 8 ár, hafi ekki verið haldið upp bitlingum eða haldið uppi óhóflegum launagreiðslum, þvert á móti þeirra stefnu í fjármálum. Ef ég fer nú að rifja þetta upp nokkru nánar, þá stenzt þetta þannig, að þar er enn greidd sama dýrtíðaruppbót eins og hún var hæst, en á sama tíma hefir eyðsluhitin í ríkisstj. fellt niður dýrtíðaruppbót af þeim launum, sem eru yfir 4500 krónur. Ef ég svo tek dæmi um nokkrar launagreiðslur, þá kemur í ljós, að borgarstjóri hefir 17 þús. króna árstekjur, en ráðherra hefir 10 þús. krónur. Rafmagnsstjóri hefir 22—26 þús., en landssímastjóri, sem hefir miklu umfangsmeira embætti, verður að láta sér nægja að vera hálfdrættingur við hann, og þó er till. frá fjvn. nú á Alþ. um að lækka á honum um 2 þús., en Guðbrandur Magnússon hefir ekki nema 8700, og stjórnar þó fyrirtæki, sem veltir millj. Hafnargjaldkeri hefir 7200 kr., en gjaldkeri ríkisins verður að láta sér nægja 4950 kr., og svona mætti halda áfram að telja alveg endalaust. En þetta er ekki nóg. Á sama tíma og ríkisstj. hefir fækkað starfsmönnum og lækkað laun, hefir hér í Rvík verið haugað upp nýjum stöðum. Auðvitað hafa allar þessar nýju stöður verið auglýstar til umsóknar, og ekki hefir verið farið eftir pólitískum skoðunum við veitingu þeirra —eða svo mætti ætla. — En sannleikurinn er nú sá, að engar af þessum stöðum hafa verið auglýstar, og því síður veittar öðrum en kosningasmölum íhaldsins.

Ég gæti sagt margt af svipuðu tægi, en ég skal að lokum aðeins benda hv. þdm. á það eitt, hvernig komið væri málum á Alþ., ef þar væri rekin samskonar ránspólitík eins og hv. 3. þm. Reykv. hlýtur að álíta, að rekin sé af bæjarstj. Rvíkur — ef nú væri farið fram á það, að skattþegnar landsins greiddu 91% hærri gjöld í ríkissjóð heldur en þeir gerðu árið 1929. Ég veit ekki, hvort menn hafa gert sér grein fyrir því, hverjar kröfurnar yrðu, ef ríkisbúið væri rekið eftir sömu grundvallarreglu eins og hv. 3. þm. Reykv. og flokksmenn hans hafa í bæjarstj. Rvíkur. Útkoman yrði sú, að í stað þess, að nú eru tekjur ríkisins áætlaðar 15 millj. á fjárlagafrv. fyrir næsta ár, þá ætti að heimta 31 millj. kr. af skattþegnum landsins, ef ríkisstj. ætti að standa jafnfætis þeim, sem nú fara með fjármálastjórn Reykjavíkurbæjar.

Ólafur Thors: Áður en ég sný mér að málefnunum, ætla ég aðeins að víkja að ræðu hv. 9. landsk. (SE), mannsins, sem í útvarpsumræðunum í fyrra hlaut nafnið „vitlausi maðurinn í skutnum“. Hann tók sér fyrir hendur að snúa út úr ræðu þeirri, er ég flutti í gær, rangfæra orð mín og leggja síðan út af því. En auðvitað stendur ræðan óhögguð eftir sem áður. Ég mundi því hafa látið nægja að vísa til hennar og að öðru leyti hafa leitt glamur þessa þm. hjá mér, ef hann hefði ekki verið með persónulegar svívirðingar í minn garð. En af því að hann lét það eftir sér, ætla ég að láta hitt eftir honum, að svara þeirri einu fyrirspurn, sem hann beindi til mín.

Hv. þm. spurði, hvort ég teldi nokkrum manni það til framdráttar að svíkjast aftan að.

Ég tel ekki, að svo sé þegar til lengdar lætur, en ráðlegg þessum þm. að snúa sér til manns, sem einu sinni var sjálfstæðismaður — sveik flokkinn og sveikst aftan að honum, varð framsóknarmaður og fékk kennarastöðu í leiðinni, sveik síðan Framsfl. og sveikst aftan að honum og varð sósialisti og hlaut stöðu í útvarpinu og þingmennsku í kaupbætur.

Ég gat ekki hlustað á síðari hluta ræðu hv. fjmrh., og munu því aðrir svara henni.

Ég þarf ekki miklu að svara hv. forsrh., enda var málsvörn hans sannast sagna svo innviðarýr, að hún stendur varla undir sjálfri sér. Þannig var vörn ráðh. fyrir því gerræði hans sjálfs og mjólkursölunefndar að meina bændum að verða aðnjótandi 3 aura lækkunar á dreifingarkostnaði hvers mjólkurlítra, eða 150 þús. kr. á ári, sú, að gerilsneyðingargjaldið væri of hátt, — eða m. ö. o. af því að mjólkursölunefnd hefir gert óhagstæðan samning fyrir bændur um gerilsneyðingargjald, þá skuli hún líka skyldug til að gera a. m. k. ekki skárri samning um dreifinguna.

Þetta er svona álíka skynsamlegt eins og þau rök ráðh., að ekki megi fela bökurunum mjólkursöluna fyrir 2 aura lítrann, af því að einu sinni hafi þeir tekið af bændum 8 aura fyrir þetta sama, eða m. ö. o. af því að bakarar hafa einhverntíma verið of dýrseldir við bændur, þá megi þeir aldrei selja bændum við sannvirði.

Ráðh. taldi sig dauðadæma tilboð bakaranna með því að upplýsa, að í Englandi hefðu þeir, sem annazt hefðu mjólkursöluna, gert „stræku“, eins og hann sagði, og þá hefðu mjólkurframleiðendur orðið að taka söluna sér í hendur

með samsölu. Ráðh. má ekki útmála verkfallsréttinn mjög hræðilega, vegna þess að sjálfur hefir hann og meiri hl. mjólkursölunefndar komið mjólkursölunni þannig fyrir, að enginn má koma nærri mjólkinni annar en sá, sem gerzt hefir meðlimur í Alþýðusambandinu og búinn er þar að læra allar listir verkfallsins. En þar næst er svo það að segja, að fordæmi Englendinga sannar nákvæmlega það þveröfuga við það, sem ráðh. ætlast til, því það sýnir einmitt, að okkur er alveg óhætt að fela bökurunum söluna í hendur, því ef þeir eftir á ætla að nota hana til að þrengja kost okkar, þá tökum við hana bara af þeim, eins og Englendingar af sínum bökurum.

Það var mjög athyglisvert, hvernig hv. atvmrh. talaði um atvinnumálin og atvinnuleysið.

Ég hirði nú ekki að deila við hann um, hvort atvinnuleysið hefir farið vaxandi eða minnkandi síðan stj. tók við völdum. En furðu djarfur þykir mér ráðh. vera, að hann skuli segja það í áheyrn alþjóðar, og þá auðvitað þar á meðal óteljandi manna, sem misst hafa atvinnuna síðan stj. tók við völdum og vegna aðbúnaðar stjórnarinnar í garð einkaframtaksins, að atvinnuleysið hafi sízt farið vaxandi, og læt ég þá atvinnulausu um að meta slíkar staðhæfingar og bæta þeim ofan á aðrar velgerðir stj. í þeirra garð.

Ekki þótti ráðh. þó bjart umhorfs í atvinnulífinu, en það sagði hann að væri að kenna hinni óheillavænlegu og banvænu stefnu, sem væri að ryðja sér til rúms hjá nágrannaþjóðunum. Þetta er nú náttúrlega að því leyti alveg rétt, að það er óheillavænleg og banvæn stefna, sem ryður sér til rúms, og það er líka rétt, að hún skaðar okkur, þó sennilega muni meira verða en orðið er. En ég get ekki neitað því, að mér þykir ánægjulegt að heyra þennan hv. ráðh. tala svona digurbarkalega um hina óheillavænlegu og banvænu stefnu, vegna þess að það er sama stefna, sem bandaflokkur hans, Framsfl., í mörg ár hefir barizt fyrir, og hans eiginn flokkur hefir fylgt, þ. e. a. s. hafta- og bannstefnan, — sama stefnan sem við sjálfstæðismenn höfum barizt á móti með oddi og egg, meðan Íslendingar voru einráðir gerða sinna, en við höfum nú neyðzt til að samþ. vegna samninga við aðrar þjóðir, og það er okkur því gleðiefni, að einn af voldugustu fylgismönnum þessarar stefnu skuli nú hafa iðrazt synda sinna og játað trú sína á okkar skoðun í þeim efnum. Í þessu sambandi gat ráðh. þess réttilega, að horfur um saltfisksöluna væru daprar, og sýndi hann fram á, að við nú þegar værum búnir að missa fram að helmingi saltfiskmarkaðsins. Mér hefði þótt viðeigandi endir á þeim hluta ræðunnar, að ráðh. hefði sagt frá því, að flokksbræður hans hefðu nú lagt fyrir Alþingi frumv., sem þeir telja helzta frumvarp þingsins og aðalbjargræðið í viðureigninni við atvinnuleysið, frumv. um að stofna til lántöku og byggja 10 nýja togara. Það er ekkert smávægilegt bjargræði við atvinnuleysinu að ætla sér að stofna til dýrra lána erlendis, kaupa þar útgerðarvörurnar og nota svo íslenzkan vinnukraft til saltfiskframleiðslu, þegar við erum búnir að missa hálfan saltfiskmarkaðinn, og verra er í vændum, og því ríkir fyrirfram full vissa um það, að ekki er hægt að selja einn einasta ugga af þessari nýju framleiðslu út úr landinu.

Nei, lýsing ráðh. er rétt, og þá um leið réttur dómur um það, að slíkur málaflutningur á Alþingi sem togarafjölgunin er ekkert annað en kosningaundirbúningur.

En annars var það náttúrlega sjálfstæðismönnum fullkomið gleðiefni, að helzti vonargeislinn, sem ráðh. sá framundan, var sá ávöxtur, sem hann bjóst við, að mundi verða af starfsemi hv. þm. Vestm. í samningum við Þýzkaland, og af nýfarinni sendiför þm. Snf. til Suður-Ameríku. En að öðru leyti var flest, sem ráðh. sagði um atvinnubætur og atvinnuleysið, sagt út frá því sjónarmiði, að það væri ríkið, sem alla atvinnu ætti að annast. Það er náttúrlega auðleikinn leikur fyrir ríkið að útvega þess fleiri mönnum atvinnu, sem það ræðst inn á fleiri svið einkaframtaksins, en hitt er svo annað mál, hvort það með þeim hætti stendur betur undir atvinnuþörf fólksins en einkaframtakið, og það er þar, sem ráðh. og mig greinir á, eins og ég gerði ýtarlega grein fyrir í fyrri ræðu minni og hirði ekki um að endurtaka. En ég vil aðeins benda á það, að sá ráðh., sem heldur því fram, að það sé ríkið, sem fyrst og fremst eigi að leysa atvinnuþörfina, hann getur náttúrlega ekki ætlazt til, að ríkið út af fyrir sig fái hrós, jafnvel þó að það væri búið að taka hálfa þjóðina á framfæri, ef svo hinn helmingur þjóðarinnar sveltur, og þess vegna eru þessi dæmi, sem ráðh. nefnir, alveg máttlaus sönnunargögn. En hinsvegar tókst ráðh. að færa ágæt rök fram fyrir þeirri staðhæfingu minni, að ríkið væri búið að brjóta niður framfarahug einstaklingsins hér á landi. Hann skýrði nefnilega frá því í gær, að þá hefði verið veitt innflutningsleyfi á einum gömlum togara til landsins, og ætlaði ráðh. með þessu að afsanna mínar staðhæfingar. En ég veit nú eiginlega ekki, hvernig hægt er að færa fram sterkari rök fyrir því, að einkaframtakið sé eins og í álögum, en einmitt þau, að atvmrh. þjóðarinnar telur það slíkan viðburð í atvinnulífinu, að Íslendingar skuli ráðast í að kaupa einn gamlan togara, að hann telji ástæðu til að tilkynna þau gleðitíðindi allri þjóðinni gegnum útvarpið, þegar verið er að ræða höfuðviðfangsefni stjórnmálanna. Þetta sýnir einmitt átakanlega það, sem ég var að segja, að hér er það alveg hrein undantekning, ef nokkur maður fæst til að hefjast handa. Að öðru leyti skal ég víkja nokkuð að stefnumun ráðh. og mín í sambandi við fjármálin. En áður en ég kem að þeim, þá vil ég aðeins spyrja ráðh. um það, hvort það hafi verið tilgangur hans að vera með hótanir um ofbeldi úr ráðherrastóli. Ráðh. sagði nefnilega frá því, að í minni stuttu ráðherratíð hefði ég komið hér á fót ríkislögreglu. Hann sagðist hafa lagt hana niður, og fullyrti, að ég mundi endurreisa hana strax og Sjálfstfl. kæmist að völdum. Ég minni nú ráðh. á það, að ríkislögreglan var sett á stofn í sam-

bandi við viðburði dagsins 9. nóv. Ég minni á það, að meðan Sjálfstfl. er í stjórnarandstöðu, hefir ekki núv. ríkisstjórn talið neina þörf fyrir ríkislögreglu, og ég spyr um það, hvort hv. atvmrh. hafi með orðum sínum átt við það, að ef hann og hans flokkur lenti í stjórnarandstöðu, þá skyldi Sjálfstfl. vera neyddur til að hafa ríkislögreglu, m. a. til þess að vernda bæjarstj. og lögreglumenn bæjarins gegn stólfótum og öðrum bareflum. Hitt liggur í hlutarins eðli, að engir valdhafar fara að stofna til kostnaðar við ríkislögreglu að óþörfu.

Það er ekki nema eðlilegt, að stjórnarliðið hafi lagt aðal áherzluna á að reyna að verja síðustu og verstu gerðir sínar gagnvart þjóðinni, þ. e. a. s. hinar nýju og óbærilegu skattaálögur, enda hnigu ræður bæði fjmrh. og atvmrh. mjög að því. Og það er eftirtektarvert, hvernig vörninni er hagað. Sósialistar kenna Framsókn um það, sem þeir telja verst í álögunum, en Framsókn kennir sósialistum um það, sem þeir telja óbærilegast. Báðir skjóta sér inn undir það, að ef þeir hefðu sjálfir ráðið, mundi þetta hafa verið skárra, og báðir vinna þeir ekkert með þessu annað en það, að auglýsa sína sektarmeðvitund gagnvart þjóðinni. Enda er það sannast sagna furðuleg ofdirfska, að sósialistar, sem gerðu skattamálin að miðdepli kosningaloforða sinna og lögðu höfuðáherzlu á að létta nauðsynjatollum af þjóðinni, skuli nú voga sér að leggja nýja 1200 þús. króna neyzlutolla á þjóðina, og hitt er varla þægileg aðstaða fyrir Framsfl. að ætla að hlaða þessum álögum á bændur, með þeim rökum, sem fyrir hendi eru.

Varnirnar eru eftir málstaðnum. Hv. fjmrh. gekk svo langt að staðhæfa, að þessi nýi tollur íþyngdi á engan hátt framleiðslunni, heldur bætti hann beinlínis fyrir framleiðendum, og hv. atvmrh. tók undir með fjármálaspekingnum. Þessar tilraunir til að blekkja þjóðina eru að því leyti ánægjulegar, að þær sýna, að stj. er orðið ljóst, að lengur er ekki hægt að hlaða á atvinnurekendurna, en hitt stendur eftir sem áður óhaggað, að auðvitað lenda allir skattar að lokum á framleiðslunni, sem og það, að þessi nýi verðtollur lendir auðvitað að því leyti þegar í stað og beint á framleiðslunni, að mjög margir framleiðendur til lands og sjávar þurfa að brauðfæða fjölda fólks í þágu atvinnurekstrarins.

Fjmrh. varð í fyrra víðkunnur út af kenningum sínum um innilokun kaupgetunnar. Hann hefir nú fundið upp annað snjallræði, sem meðal fjármálaráðherra heimsins mun ekki gera minni lukku, þ. e. a. s. að leggja skatta á þjóðina án þess að íþyngja atvinnuvegunum, og þykir mér líklegt, að einhverjar stórþjóðirnar fari nú að girnast þessa gersemi.

Fjmrh. var mikið upp með sér af því, að ég hefði sagt, að ríkissjóður hefði handbært fé, og í barnalegri einfeldni taldi hann, að með því hefði ég verið að hrósa honum, en aðrir menn skilja auðvitað, að glansinn fer af því, þegar það fylgir með, sem ég lét fylgja, að það er ríkissjóður einn, sem hefir fé handa á milli. Og sá fjmrh., sem heldur, að honum nægi til lofsamlegra eftirmæla að hafa notað þingmeirihlutann til þess hlífðarlaust að kreista og pína út peninga, þótt hann með því skilji við atvinnuvegina í rústum, — sá ráðh. sem heldur, að þetta nægi til lofsamlegra eftirmæla, hann sér skakkt, því þetta verður ásamt mörgu öðru, sem um þann ráðh. verður sagt, ef á annað borð nokkurntíma verður á hann minnzt, talið sem sönnun þess, hve óhæfur hann var til að gegna stöðu sinni.

Ég geri ráð fyrir, að hv. hlustendur hafi í gær veitt því athygli, að fjmrh. hefir týnt einni millj. úr útreikningum sínum, og held ég nú, að ég verði að fara í eftirleit og vita, hvort þessi milljón finnst ekki. Hv. ráðh. gat um það, að bæði tekju- og útgjaldahlið fjárlagafrumv. væru að upphæð 14.3 millj. Hann skýrði frá því, að fjárveitinganefnd væri búin að skera útgjöldin niður um 1 millj., og þá eru þau orðin 13.3 millj. Hann skýrði frá því, að ríkisstj. ætlaði aftur að hækka útgjöldin til tryggingamála og fleira, um eina millj., og þá eru þau aftur orðin 14.3 millj. Viðvíkjandi tekjunum upplýstist, að Áfengisverzlunin muni gefa eina millj. umfram áætlun, og eru þá tekjurnar orðnar 15.3 millj. Hinsvegar segist ráðh. vera hræddur um, að vegna versnandi árferðis muni tekjustofnar hrynja um eina millj., og þá milljón ætlaði hann að bæta upp með nýjum sköttum, svo að tekjuhliðin yrði eftir sem áður 15.3 millj. Samkv. þessu eru tekjurnar 15.3 millj., en útgjöldin aðeins 14.3 millj., og þannig millj. króna tekjuafgangur, og skattarnir þannig algerlega ónauðsynlegir. En þessu er nú því miður ekki svo farið, heldur hefir ráðh., eins og ég sagði, týnt einni millj., og það er satt að segja sú millj., sem hann áætlaði sjálfur fjárlögin vitlaust um. Þessa milljón, sem hann týndi í upphafi, fann fjvn. fyrir hann, en ráðh. er búinn að týna henni aftur, og nú er ég búinn að finna hana fyrir hann, og afhendi honum hana hér með, í þeirri von, að hann týni henni ekki aftur.

Ég skal svo víkja að aðalefninu, því, sem á milli ber í fjármálum. Stjórnin bendir á vaxandi atvinnuleysi í landinu og segir: Til að fyrirbyggja þann voða, þá verðum við að koma ýmsum málum í framkvæmd. Að þessu sinni er boðið upp á annarsvegar tryggingarmálin, og þ. á. m. atvinnuleysistryggingar, og hinsvegar 200 þús. krónur til nýbýla, og svo segir stj., að þeir, sem ekki vilji leggja nýja skatta á þjóðina, þeir séu á móti þessum málum.

Þetta er nú auðvitað með öllu rangt, því sérhver þjóð verður náttúrlega að hegða sér að því leyti eins og einstaklingurinn, að hún verður að neita sér um ýmislegt, sem þarflegt kann að vera, af því að hún hefir ekki efni á að leyfa sér það.

En hinsvegar er ég alveg óhræddur við að leita stuðnings, bæði til sjávar og sveita, þeim málstað okkar sjálfstæðismanna, að standa á móti þessum nýju skattaálögum, enda þótt af því leiði, að tryggingamálin komist ekki í framkvæmd, og ekki heldur nýbýlin, því sannast sagna er a. m. k. mjög blönduð ánægja meðal verkalýðsins út af tryggingalöggjöfinni, að ég ekki nefni nýbýlin. Almenningur er sem sé alls ekkert þakklátur fyrir þær tryggingar, sem hann

þarf að standast allan kostnað af, ýmist með beinum framlögum eða á þann hátt, að sá hluti framlagsins, sem talinn er greiddur úr ríkissjóði, er samtímis tekinn úr vösum almennings með háum tollum af nauðsynjunum. Og þetta eru foringjar sósíalista búnir að fá að vita. Það er ein ástæðan fyrir því, hve niðurlútir þeir eru. Og bændur þori ég óhikað að spyrja að því, hvort þeir vilji vinna til að leggja á sig verðhækkun frá 2 og upp í 25% á ýmsar notaþarfir sínar, til þess að þessi tryggingarlöggjöf, og þar á meðal atvinnuleysistryggingarnar, komist í framkvæmd. Og þá þori ég einnig að spyrja um það, hvort þeir vilji taka á sig þessar álögur í því skyni að nýbýlin verði stofnsett, því meðan þeir geta ekki búið á jörðum sínum, vegna hins lága afurðaverðs, þá telja þeir varla þjóðarnauðsyn, að stofnað sé til samkeppni um framleiðsluvöruna og verðfalls á jörðum þeirra með nýjum býlum, sem komið er upp á ríkisins kostnað, þó auðvitað megi margt þeirri framkvæmd til gildis telja.

Nei, við þetta erum við sjálfstæðismenn alveg óhræddir, og þjóðin verður að setja sig inn í þann höfuðstefnumun, sem hér er á ferðinni. Annarsvegar er viðhorfið þetta:

Atvinnuleysið segir til sín, valdhafarnir finna hjá sér þörf til að bæta úr því, og án þess að gera sér nokkra grein fyrir orsökunum hjóðast þeir til að taka fólkið upp á arma ríkissjóðs. En til þessa þarf fé, og þá kemur það í ljós, að fé er ekki fyrir hendi, og síður en svo, því tekjustofnarnir eru einmitt að bresta. Fyrir orsökum þess er ekki heldur reynt að gera sér grein, heldur er reynt að bæta úr því með því að leggja á nýja skatta, í fyrsta lagi til að bæta upp rénunina á þeim gömlu, og í öðru lagi til að standast kostnaðinn við að taka atvinnuleysingjana upp á arma ríkissjóðs. Við sjálfstæðismenn höfum allt annað sjónarmið. Við segjum „Á skal að ósi stemma“. Atvinnuleysið stafar af því, að atvinnureksturinn hefir færzt saman. En meginorsök þess er skattþunginn, sem á honum hvílir. Viðbótar-skattþungi leiðir til meiri samfærslu og þ. a. l. meira atvinnuleysis. Okkar ráð er því það, að þyngja ekki skattana, heldur reyna að létta þeim af, til þess þannig að draga úr atvinnuleysinu, og við kveðum hiklaust upp þann dóm, að með nýjum sköttum sé stjórnarliðið að auka þann voða, sem það heldur, að það sé að fyrirbyggja, og sá dómur er réttur.

Eða heldur stj., að ríkissjóður muni reynast þess megnugur að taka við fólkinu í atvinnu, jafnóðum og atvinnurekendurnir gefast upp undan skattþunganum? Heldur stj. e. t. v., að fólkinu sé betra að hafa atvinnuleysisstyrk heldur en atvinnu? Er stj. og lið hennar hér á þingi svo blindað, að það eitt allra fái ekki skilið, að fyrir atvinnuleysingjann er ekkert betra hægt að gera en að endurreisa framfarahug einkaframtaksins, til þess á þann hátt að skapa fólkinu nýja atvinnumöguleika. Þessar staðreyndir skilur nú orðið þorri alls landslýðsins, og þess vegna dæmir fólkið, og dæmir hart, framferði þeirrar stj., sem nú á ný hleður nýjum sköttum á þjóðina.

Ég kem þá að sjálfu höfuðdeiluefninu, greiðslujöfnuðinum. Í fyrri ræðu minni vitnaði ég til ummæla fjmrh. í fjárlagaræðu hans haustið 1934, og sannaði með þeim ummælum, að ráðh. gaf þjóðinni skýlaus fyrirheit um það, að koma á greiðslujöfnuði. Þessum ummælum hefir ráðh. ekki beinlínis þorað að mótmæla, af því að hann vissi, að þau voru komin á prent í Alþingistíðindunum.

En jafnframt gat ég þess, að snemma á þessu ári, þegar greiðsluhalli ársins 1934 var kominn í ljós, hefði ráðh. kveðið enn sterkara á um það, að nú væri sá kostur einn nauðugur að rétta við greiðsluhallann, hvað sem það kostaði, enda væri það „fyrsta hlutverk núverandi stjórnar“ að stöðva skuldasöfnun þjóðarinnar við útlönd. Sagði ég, að ráðh. hefði heitið að gera þetta, enda þótt færa þyrfti innflutninginn niður í 32 millj., og sýndi svo fram á, að innflutningurinn yrði ekki 32 millj., heldur 49 millj., og af því dró ég þá ályktun, að sá ráðh., sem þannig hefði gersamlega orðið að leiksoppi í höndum þeirra örðugleika, sem hann tók að sér að sigra, hann yrði að fara frá völdum. Af andsvörum ráðh. er það nú augljóst, að ef ég hefi farið rétt með, þá treystir hann sér ekki að neita, að honum bæri að fara frá völdum.

En ráðh. var svo sem ekki í vanda með varnirnar. Í fyrsta lagi skýrði hann frá því, að 11 millj. greiðsluhallinn 1934 væri Sjálfstfl. að kenna, en að því loknu kom hann svo að sjálfu aðalatriðinu, þ. e. a. s. því, hvort hann hefði lofað að skapa greiðslujöfnuð, eða hvort mín ummæli um það væru staðlausir stafir.

Taldi ráðh., að því færi svo fjarri, að hann hefði lofað að skapa greiðslujöfnuð, „að engum vitibornum manni hefði svo mikið sem til hugar komið, að slíkt væri hægt á 10 mánuðum“, svo ég noti ráðh. eigin orð.

En það vill nú svo slysalega til fyrir hv. ráðh., að mér er mjög auðvelt að sanna orð mín, og ég skal viðurkenna, að vegna þess að ég er orðinn kunnugur málaflutningi ráðh., leiddi ég hann vitandi vits í þessa gildru, sem hann nú er genginn í, með því að láta það ekki koma beinlínis fram í minni fyrri ræðu, hvaðan ég hefði heimildir mínar, en heimildir mínar fyrir fyrri staðhæfingum er allar að finna í þeirri fjárlagaræðu, sem ráðh. flutti á öndverðu þessu þingi, og þó hún sé ekki enn komin út í Alþingistíðindunum, er hún samt til á prenti, nfl. í Tímanum 5. marz síðastl., og skal ég nú lesa upp úr henni nokkurn kafla, með leyfi hv. forseta, sem staðfestir orði til orðs allt, sem ég hefi sagt.

Fyrst afsakar ráðh. á alla lund afkomu ársins 1934. Mennirnir, sem skammta áttu innflutninginn, hafi verið of bjartsýnir, útflutningurinn reynzt minni en búizt var við, og þá hafi skort fullnægjandi gjaldeyrislög.

Margar fleiri afsakanir tínir ráðh. fram, og læt ég alla um að dæma sjálfa, hvort sennilegt sé, að hann myndi hafa lagt svo mikla rækt við allar þessar afsakair fyrir 11 millj. greiðsluhallanum, ef sökin lægi hjá Sjálfstfl.

Nei, þetta er ein af mörgum skýlausum

sönnunum um, að stjórnarflokkarnir eigi bróðurpartinn af þeirri ábyrgð. En sleppum því. Þetta er aukaatriði. Aðalatriðið er hitt, hvort ráðh. hafi lofað að skapa greiðslujöfnuð á þessu ári, því það er um það, sem deilan stendur, það er það, sem ég staðhæfi, en ráðh. þverneitar og segir, að engum viti bornum manni hafi til hugar komið.

Ég gef nú ráðh. sjálfum orðið. Í nefndri fjárlagaræðu farast honum þannig orð:

„Nú er það öllum ljóst, að við svo búið má ekki standa, og að á ári því, sem í hönd fer, verður að draga stórkostlega úr innflutningi frá því, sem var í fyrra. En eftir öllum horfum, og einkum þó hinum síðustu tíðindum frá Ítalíu, er ómögulegt að áætla með fullum líkum, hverju útflutningur íslenzkra afurða muni nema á næsta ári, en hann getur farið að verðmæti niður fyrir 40 millj. króna. Fari svo, þyrfti innflutningur að komast niður í ca. 32 millj. til þess að öruggt sé, að aðstaða þjóðarinnar út á við versni ekki á árinu. Þurfi að færa innflutninginn niður í 32 millj., mundi hann lækka um 20 millj. frá því, sem hann væntanlega reynist 1934, eða um tæp 40%. Slíkum niðurskurði mundi óumflýjanlega fylgja gerbreyting í landinu. Vonandi verður afurðasala landsmanna ekki svo óhagstæð, að til þessa dragi, en eftir útlitinu, sem nú er, getur svo farið, og verða menn að vera við slíku búnir.

Til þess að fyrirbyggja allan misskilning, skal ég taka það fram, að ríkisstj. hefir ekki hugsað sér, að hægt sé að minnka innflutninginn svo mikið, að innflutningur véla til Sogsvirkjunarinnar geti orðið innifalin í þeirri tölu, sem ég áðan nefndi.“

Þetta eru nú orð ráðh., og ekki slitin úr samhengi, og ég bið menn, svona sér til gamans, að veita því athygli, að ekki vantar nákvæmnina hjá ráðh. Honum þykir varlegra að taka það fram, að í þessum 32 millj. sé ekki innifalinn innflutningur til Sogsins, en hann hefir þetta ár verið 800 þús., þannig að ráðh. hefir ætlað að hafa vaðið fyrir neðan sig, með því að mega fara upp í 32 millj. og 800 þús. en hefir nú orðið svo slysinn að lenda í 49 millj., og nú ætla ég að gefa ráðh. orðið á ný og vitna áfram í þessa sömu ræðu hans. Hann segir:

„Á þessu ári getum við hinsvegar búizt við, að útflutningur okkar fari niður í 40 millj., en því fremur verður að stöðva skuldasöfnunina, því það er fyrsta hlutverk núverandi stjórnar að stöðva skuldasöfnun við útlönd.“

Í sjálfu sér væri fróðlegt að lesa upp heila kafla úr þessari ræðu ráðh. Til þess vinnst ekki tími. En öll er ræðan eldmóði þrungin heitstrenging um það, að skapa greiðslujöfnuð, og engu líkara en að ráðh. hafi í öndverðu ætlað að loka öllum útgöngudyrum fyrir sérhverjum þeim, sem þeim ásetningi vildi bregðast, því nær hver setning er eins og hengingaról um háls þess, er slíks dirfist að freista.

Ég veit nú eiginlega ekki, hvernig hægt er að kveða skýrara á í þessu efni heldur en ráðh. gerir með þeim ummælum, sem ég vitnaði í. Ráðh. talar um, að það þurfi jafnvel að færa innflutninginn niður um 20 millj., en í það dugi ekki að horfa; menn verði að vera við slíku búnir, og svo segir hann beinlínis, að ef útflutningurinn fari niður í 40 millj., þá verðum við bara „því fremur“, eins og hann orðar það, að stöðva skuldasöfnunina. Innflutningurinn verði þá að færast niður í 32 millj., hvað sem það kosti, með góðu eða illu, því það sé „fyrsta hlutverk núv. stjórnar“ að skapa greiðslujöfnuð. Hér er því allt eins skýlaust og fyrirvaralaust eins og frekast verður á kosið. Undan þessari fortíð sinni getur ráðh. ekki runnið, hversu feginn sem hann vildi.

Ráðh. sagði, að „enginn vitiborinn maður“ hefði látið sér detta í hug, að hægt væri strax að skapa greiðslujöfnuð. Ég hefi ekkert um það sagt. Ég hefi alveg látið liggja milli hluta, hvort nokkur viti borinn maður hafi talið þetta kleift. Ég hefi aðeins staðhæft, að ráðh. hafi talið það fært og heitstrengt að gera það, að viðlögðum ráðherradómi sínum. Og þetta hefi ég nú sannað með hans eigin orðum.

Ráðh. vék að því, að við sjálfstæðismenn hefðum áður verið andvígir innflutningshöftunum, og á þetta lagði hann alveg sérstaka áherzlu, rétt eins og hans eigin hrösun í þessum málum af þeim ástæðum mundi verða eitthvað mildari. En það er nú í fyrsta lagi eins og ég hefi gert grein fyrir, að trú okkar á bölvun innflutningshaftanna út af fyrir sig er alveg óbreytt, og samþykkt okkar á gjaldeyris- og innflutningseinokun stafar eingöngu af samningum Íslendinga um ákveðin vörukaup frá hinum einstöku viðskiptalöndum okkar, en þeim samningum er erfitt eða ókleift að fullnægja án lagafyrirmæla, ef samtímis á að tryggja greiðslujöfnuðinn. En í öðru lagi sé ég ekki, hvað trú okkar sjálfstæðismanna eða vantrú á höftunum koma við kjarna þessa máls, þeim, að fjármálaráðherra lofaði að skapa greiðslujöfnuð, enda þótt færa þyrfti innflutninginn niður í 32 millj., lagði ráðherradóm sinn að veði, og skilar nú árangrinum af afrekum sínum í 49 millj. króna innflutningi og 11 millj. króna skuldaaukningu.

Það var ráðh., en ekki við, sem í öndverðu gaf yfirlýsingu um, að hver sú þjóð væri dauðadæmd, sem ekki gætti þess að forðast erlenda skuldasöfnun. Það var hann, sem krafðist og fékk nýja 2 millj. skatta og nýtt alræðisvald til þess að bjarga þjóðinni frá þessum voða. Það var hann, sem strengdi þess heit, að með þessum vopnum skyldi hann skapa greiðslujöfnuð, hvað sem það kostaði. Og það var hann, sem lagði ráðherradóm sinn að veði fyrir því, að þetta skyldi takast, og það er þess vegna hann, en ekki við, sem nú er fyrir rétti og á að svara til saka, og það er þess vegna hann, en ekki við, sem þjóðin dæmir í þessu máli. Og hann verður að láta sér skiljast, að fyrir þann dómstól þýðir ekki að koma hnarreistur. Eftir allar fullyrðingarnar um „fyrsta hlutverk stjórnarinnar“, og öll hreystiyrðin um, að greiðslujöfnuð skyldi hann skapa, og því fremur sem útflutningurinn yrði lægri, klæðir auðmýktin hann bezt — hann verður að láta sér skiljast, að vaðall, blekkingar og rembingur verða ekki tekin gild rök, og hann verður að

gera sér ljóst, að yfirleitt er orðið of seint að reyna nokkra málsvörn, því að dómurinn er þegar skráður í raunasögu síðustu ára, og sá dómur er dauðadómur yfir þeim ráðh., sem sveik öll sín heit og sökkti þjóðinni á 2 árum 22 millj. dýpra í hið erlenda skuldafen.

Ráðh. getur náttúrlega reynt að hanga við völd í nokkra mánuði ennþá, en á því vinnur hann ekkert annað en það, að að svo miklu leyti sem einhver man eftir honum stundinni lengur, þá bætist við endurminningin um ungan mann, sem allt mistókst, sem hann tók sér fyrir hendur, minningin um það, að þennan unga mann skorti ekki aðeins lífsreynslu og skilning á þörfum sinnar þjóðar, heldur og allt velsæmi, — allt annað en ofmetnað unglingsins.

Jónas Jónsson: Þessar umr., sem hér eru háðar, eiga að sýna þjóðinni, hver sé aðstaða þeirra höfuðflokka, sem fara með stjórnmál hér á landi. Ef íhaldsmenn hefðu (með sinni undirdeild, varaliðinu) fengið meiri hl. atkvæða við síðustu kosningar, þá hefðu þeir farið nú með stjórnarvöldin í landinu, og þeir tveir flokkar, sem nú starfa saman að stjórn landsins, hefðu þá verið í stjórnarandstöðu. Það, sem því verður aðalniðurstaða þessara umr., er, að þjóðin geri sér ljóst, hvað hún vinnur við það að hafa núv. stj., og hverju hún hefði tapað við það, ef íhaldsmenn hefðu komizt að völdum við síðustu kosningar.

Af því að þessi aðstaða, að tveir umbótaflokkar fari með stjórn landsins í andstöðu við íhaldið, er ekki einstök fyrir Íslendinga, heldur nær líka til frændþjóða okkar, þá ætla ég að byrja með því að segja frá viðræðu, sem núv. forsrh. Svía átti í vor sem leið við erlendan blaðamann. Blaðamaðurinn spyr ráðherrann, hvers vegna hafi tekizt að koma á í Svíþjóð þeirri samvinnu, sem nú er þar í stjórnmálum, milli bændaflokksins og verkalýðsins. Ráðh. sagði, að ómögulegt hefði verið fyrir íhaldsflokkinn að ná samkomulagi við bændaflokkinn, vegna þess, að þó að íhaldsmenn hefðu að sumu leyti getað gengið inn á kröfur bænda, þá væri samt margt í allri aðstöðu mála, sem gerði þetta samstarf ómögulegt, ekki síst það, að íhaldsmenn hefðu ekki viljað halda uppi kaupgetu bæjarmanna, sem væri nauðsynleg til að skapa markað fyrir framleiðslu bændanna, þannig, að ekki var nema ein útgönguleið opin, sú, að verkamenn og bændur ynnu saman. Per Albin Hanson útskýrði þetta nánar og rakti orsakir þess til Ottawa-samningsins. Þá, þegar brezka heimsveldið lokaði sér til hálfs, og vel það, fyrir útlendum innflutningi, sérstaklega landbúnaðarvörum, þá urðu öll Norðurlönd, sem útflytjendur landbúnaðarafurða til Englands, en alveg sérstaklega Danmörk og Ísland, og að nokkru leyti Svíþjóð, að finna nýja sölumöguleika fyrir afurðir sveitanna. Þá vaknaði sú spurning í þessum þremur löndum: Hvernig eiga bændur að koma svo ár sinni fyrir borð, að þeir hafi markað fyrir vörur sínar? Markaðir utanlands voru stórlega þrengdir og sumstaðar, t. d. í Danmörku, varð að láta minnka framleiðsluna. Fyrsta ráðið var hið sama í öllum þessum löndum, að nota innlenda markaðinn fyrir landbúnaðarafurðir svo sem frekast var unnt. Í Svíþjóð og Noregi gerðist það sama og hér, að stærstu stéttir þjóðfél. í bæjum og sveitum sameinuðust um að mynda stj. og stóðu saman á þingi til þess að sigrast á atvinnuörðugleikunum. Þessar tvær stóru stéttir ákváðu að halda uppi kaupgetu í bæjunum, eftir því sem hægt væri, bæði fyrir bæina og sveitirnar. Ein ástæðan fyrir því, að sveitabændur í Noregi og Svíþjóð ákváðu að vinna að stjórnmálum með verkamönnum, var sú, að þeir sáu, að ef verkamönnum í bæjum liði þolanlega, þá gætu þeir keypt vörur af bændum. En að sama skapi er það lífsnauðsyn bæjanna, að sveitafólkinu líði sem bezt og að afkomumöguleikar séu það góðir í sveitinni, að ekki streymi fólkið þaðan til bæja og borga, sem eiga nógu erfitt um sína afkomu.

Þannig var ástatt í þessum málum í Svíþjóð, að bændaflokkurinn þar vildi ekki sameina sig við íhaldsflokkinn um stjórn landsins, af því að íhaldsflokkurinn hvorki gat né vildi leysa á skipulegan hátt atvinnuvandamál stóru framleiðslustéttanna í landinu.

Það er eftirtektarvert, að í Noregi hafa þessir flokkar, sem nú starfa þar saman í stjórn, verið í mikilli andstöðu hvor við annan undanfarin ár, enda hefir bændaflokkurinn þar í landi verið sérstaklega íhaldssamur. En lögmál lífsins hefir einmitt vegna lokunar enska markaðsins kennt þeim hið sama og Svíum og sannfært bændafl. norska um, að hann ætti að hefja samvinnu við verkamannaflokkinn um atvinnumál beggja stéttanna, og þeir flokkar hafa starfað vel saman að margháttuðum umbótamálum, og í raun og veru alveg á samskonar grundvelli og hér er starfað saman af íslenzku stjórnmálaflokkunum.

Eitt af því, sem rétt er að benda hv. stjórnarandstæðingum á, er það, að í Noregi komu þessir flokkar sér saman um að leggja á viðskiptagjald, sem þó kemur miklu þyngra á algengar vörur heldur en þau gjöld, sem ráðgert er að leggja á vörur hér. Og þessu viðskiptagjaldi í Noregi er beinlínis skipt á milli stóru stéttanna í landinu, bænda, sjómanna og verkamanna, til hjálpar atvinnulífi þessara stétta. Það var fyrirfram ákveðið, eins og hér, hversu með skyldi fara þennan skatt. Í Noregi hafa fengizt um 30 millj. kr. í tekjur, sem varið hefir verið á þennan hátt. Og forsrh. Svía endaði þetta viðtal með því, að hann sagði, að á meðan þessir sterku flokkar bænda og verkamanna í Svíþjóð og Noregi stæðu saman, þá væri það svo öflug heild, að enginn andstöðuflokkur í landinu gæti hrundið henni. Það hefir reynzt svo, bæði í Svíþjóð og Noregi, að fylgi þessara stjórna hefir farið vaxandi með hverjum degi, sem líður, frá því er til þessa samstarfs var stofnað. Hinar stóru stéttir landsins hafa fundið, að rétt var stefnt.

Ég býst við, að þessi vitneskja geti verið lærdómsrík, sérstaklega fyrir íhaldsmenn, sem hafa vonazt eftir, að bændastéttin á Íslandi mundi ljá þeim liðsinni, en hefir ekki tekizt að ná fylgi hennar, af því að bændastéttin hér,

eins og annarsstaðar, finnur, að hún verður að hafa aðstöðu til að geta lifað, og að þá aðstöðu fær hún ekki með þeim flokki, sem henni er svo gersamlega mótsnúinn.

Það er rétt, út af ræðu hv. 10. landsk., að benda þeim hv. þm. á það, að af því að hann fer öðruvísi með sitt litla fylgi en bændafulltrúar í Svíþjóð og Noregi, þá gengur allt illa fyrir honum. Hann er kominn niður úr því, sem eftir lögum Rómverja var talið þurfa til að mynda flokk; þeir töldu, að þrjá menn þyrfti til að flokkur væri löglegur. Ef ekki væru nema tveir menn saman, þá væri það enginn flokkur. Og þannig er nú komið fyrir þessu litla varaliði ihaldsins, að það uppfyllir ekki þessa frumkröfu rómverskra laga.

En af því að þessi þm. hefir verið að áfella stj. fyrir gerðir hennar í kjötsölu- og mjólkursölumálunum, vildi ég fara um það örfáum orðum, þó að árásir þm. hafi verið rækilega hraktar af öðrum.

Það er kunnugt og hefir verið sannað hér á Alþingi af hv. 2. þm. N.-M., að bændastéttin íslenzka hafi hagnazt um 600 þús. kr. á kjötsöluskipulaginu einu saman árið sem leið, ef borið er saman verðið árin 1934 og 1933. Þetta eru peningar, sem ekki var hægt að fá öðruvísi en með núv. samtökum flokka hinna vinnandi stétta, bænda og verkamanna, af því að ihaldsmenn hafa alltaf verið fjandsamlegir skipulagningu á afurðasölu bænda.

Menn tala hér mikið um mjólkina, og mest þeir, sem mest skaða bændur í mjólkurmálum þeirra. Þeir segja, að mjólkurskipulagið eigi að geta gefið hærra verð til bænda. Og áreiðanlega hafa bændur þörf fyrir meiri tekjur. En lítum til mesta bændalandsins í Evrópu, Danmerkur. Hvernig er verðlag á mjólk þar í landi? Stórbóndi átti býli, sem var 20 km. utan við Kaupmannahöfn, hafði 30 kýr, rak fyrirmyndarbúskap, en fékk í vor, sem leið, 11 aura fyrir hvern lítra af sinni mjólk. Í Noregi fá bændur 14 aura fyrir hvern lítra af mjólk nærri Oslo. Af hverju kemur þetta? Af hverju geta bændur, sem búa hér í nánd við Reykjavík, komið og sagt: Ég fæ 30 aura fyrir lítrann af mjólk? Og hvers vegna fá aðrir bændur, sem eru nokkru fjær, 26 aura, og enn aðrir í mikilli fjarlægð 20 aura? Ber þetta verðlag vott um slæmt skipulag hér á landi? Nei, skipulagið á sölu mjólkurinnar er svo miklu fullkomnara hér en í hinu mikla landbúnaðarlandi, Danmörku. Og bændur í grend við Akureyri, sem ekki njóta stórbæjarmarkaðarins, þeir fá 18 til 19 aura fyrir hvern lítra af mjólk. Þar er einnig gott skipulag á mjólkursölunni, fyrir atbeina þeirra manna, sem fyrirlíta svik þess manns, sem átti að gæta hagsmuna bænda frá 1932—34. Honum vil ég segja, að það þýðir ekkert fyrir hann að koma hér fram mannlaus og fylgislaus og umráðalaus og segja okkur framsóknarmönnum og samvinnumönnum, hvað eigi að gera í vandamálum, sem við höfum ráðið fram úr, þar sem hann gafst upp. Við bendum honum á, hvað við erum búnir að gera, og að hann, þau tvö ár, sem hann var í ríkisstj., kom hvorki í framkvæmd skipulaginu á mjólkur- né kjötsölu. En undir eins og hann fór úr stj. var þessari skipulagningu komið á, til hagsbóta fyrir bændur í mjólkurhéruðum. — Hann sveikst um að framkvæma þau aumu mjólkurlög, sem ihaldið setti í gegnum þingið 1933. Menn eins og hann geta talað eins lengi og þeir vilja, haldið klukkutíma ræður, eins og hann hefir nú gert. En verk þeirra tala á móti þeim, þó að þeir vilji telja bændum trú um, að þeir séu ákaflega velviljaðir í þeirra garð. Þessi maður hafði valdið í tvö ár, en notaði það ekki til þess að bæta kjör bænda, af því að hann gat það ekki. Hann vantaði möguleikana. Hann vantaði dug og hann hafði ekki fylgi. Hann verður að sætta sig við, að þetta sé allt gert af andstæðingum hans og að leiðin til umbótanna liggi yfir hans pólitíska lík.

Ég ætla þá að víkja stuttlega að þessum tveim málpípum, sem töluðu hér á móti núv. stj., þeim hv. 10. landsk., sem fulltrúa krepplánasjóðs, og hv. þm. G.-K., sem fulltrúa sins flokks. Ég ætla að tala fáein orð um krepplánasjóð og fiskimálin.

Það, sem hv. 10. landsk. hældi sér sérstaklega af, er krepplánasjóður.

Jón í Stóradal og Þorsteinn Briem sviku Framsfl. í tryggðum á meðan verið var að vinna að þessu máli. Þeir felldu tillögu Steingríms á Hólum og Ingólfs í Fjósatungu um að tryggja bændum reiðufé, eins og við Framsfl.menn vildum leggja sjóðnum. Lið einkafyrirtækisins vildi þá ekki fá þessa peninga, en stóð síðan félaust uppi, og Alþingi varð í fyrra að leggja fram 250 þús. og nú 500 þús. til að hjálpa bændum út úr ábyrgðarflækjunum. En ekkert af þessari augljósu nauðsyn sá hv. 10. landsk. En þessir menn vildu verzla fyrir sig. Jón í Stóradal hefir haft 14 þús. kr. laun fyrir sig og notað tímann aðallega til „agitationa“ fyrir ihald sitt. Pétur Magnússon hefir haft jafnmikið og Jón. Og nú þegar er Pétur Magnússon búinn að lána út úr sjóðnum, eins og ég mun gefa dæmi um. — Þessi sjóður er þannig rekinn af þessum tveim mönnum, að það er mál manna, að ekki þekkist meira ranglæti en útlán hans. Jón í Stóradal hefir notað sjóðinn til framdráttar þessari uppreisnarhreyfingu sinni.

Ég ætla að lesa hér dæmi upp úr skýrslu, sem liggur fyrir frá sjóðnum, um það, hvernig Pétur Magnússon lánaði út úr sjóðnum til bænda á Rangárvöllum, eins og Jón í Stóradal lánaði bændum í Húnavatnssýslu. Pétur lánaði ihaldsbónda, sem er á skrá nr. 42 (þessir menn eru númeraðir eins og fangar í myrkvastofum) upp á 4390 kr., en veðið er 1823 kr. — Fínt að vera ihaldsmaður á Rangárvöllum og láta Pétur Magnússon lána sér út á lítil veð. — Þá kem ég að öðrum, sem er Framsóknarflokksmaður. Hans upphæð er lítil, 1200 kr. Fyrir láninu er tekið veð í lausafé 1248 kr. og húsaveð 2090 kr., — alls er veðið 3338 kr.

Þá kem ég að ihaldsmanni í miðri Rangárvallasýslu, kosningasmala Péturs Magnússonar. Hann er skráður nr. 5 með 10770 kr. lán, en veðið er 8485 kr., auk sjálfskuldarábyrgðar eins manns. Þannig má nefna dæmi í tugatali, af því, sem upp hefir komizt um lánastarfsemi

kreppulánasjóðs, sérstaklega í Rangárvallasýslu og Austur-Húnavatnssýslu.

Nú ætla ég að minnast á tvo af vinum og aðstandendum hv. 10. landsk., sem þekktir eru úr landsmálabaráttunni, þá Ólaf í Brautarholti og Kolbein í Kollafirði. Kolbeinn er nr. 90. Veðið er þriðji veðréttur í fasteign, sem er 16400 kr. að fasteignarmati og 15 kýr. En á þessu veði hvíldu fyrir 17587 kr. Og svo lánar kreppulánasjóður þessum vini ofan á toppveðsetningu 23 þús. 270 kr.

Hvernig halda menn, að Pétur Magnússon, lögfræðilegur ráðunautur bankans, fari að fóðra þessi lán til vina sinna? Hann lætur þá skuldugu gera með sér bræðrafélag og meta hver hjá öðrum. Á þann hátt hækkar jörð Kolbeins úr rúmlega 17 þús. kr. upp í rúmlega 54 þús. kr., en héraðsnefndin hefir metið endurbæturnar síðan mat fór fram aðeins á 3000 kr. Hvað sýnist ykkur, góðir áheyrendur? Haldið þið, að svona sé farið að af drengskaparmönnum, sem hafa milli handa annara fé?

Þá er næsta lán, hjá Ólafi mínum í Brautarholti. Það er 52450 kr. Það er tekið með veði í fasteign, sem er eftir síðasta fasteignarmati 67600 kr., en á þessari eign hvíla fyrir 51422 kr. Í stuttu máli, á fasteign, sem er metin á 67000 kr., hvíla 51000 kr., og þar við er svo bætt 52450 kr. En til þess að réttlæta þetta, þá lætur lögráðunautur nefndarinnar, Pétur Magnússon, gera endurmat, og þá er matið hækkað úr 67000 kr. upp í 138000 kr., en þær umbætur, sem gerðar höfðu verið á jörðinni, voru metnar á 12400 kr.

Ég ætla í ofanálag á þessi dæmi frá Kolbeini í Kollafirði og vinum hans að segja frá þriðja bóndanum. Hann fær lán upp á 18000 kr., með 4. veðrétti í fasteign, sem er metin á 17700 kr., en á henni hvíla 19000 kr. En til þess að gera þetta allt saman inndælt, þá eru sömu menn fengnir til að meta þessa jörð, og þeir meta hana nú á 50000 kr. Allt er þetta gert til þess að lögráðunautarinn geti litið með ánægju yfir sitt réttláta dagsverk.

Ég vil taka það fram, að þessir sömu herrar í Mosfellssveitinni hafa upp á síðkastið hlustað með velþóknun á hinar viturlegu tillögur Jóns í Stóradal, þar sem hann ráðleggur mönnum að *borga ekki kreppuskuldir, og einn af þessum* fjármálamönnum hefir heimsótt nefnd á Alþingi í vetur og tilkynnt, að búið sé að lána sér of mikið, og nú vilji hann alls ekki borga. Jón í Stóradal er að reyna að kenna mönnum prettí. Þessir menn, sem hafa brotizt til valda í sjóðum, segja nú, að ekki þurfi að borga og að ekki sé rétt að borga kreppuskuldir. Og svo koma þessir sömu menn til Alþingis og í blöðin og segja, að það sé búið að lána svo mikið út á jarðir bænda, að þeir geti ekki staðið í skilum. Svona er flokkur sá, sem var byggður upp utan um Kreppulánasjóðinn og aflað fylgis með tálvonum um afurðasöluhjálp í Kreppulánasjóði.

Svo vildi ég minnast á hinn manninn, skuldakonginn við sjóinn, hann Ólaf okkar Thors. Hann og hans lið hefir haft á hendi fisksölu, og hefir þar á meðal annazt það, að borga ítölskum fiskkaupmanni, Gismondi að nafni, 330 þús. kr. til þess að kaupa ekki fisk frá Íslandi eitt árið. Þessu var leynt eins lengi og hægt var, *og það kom ekki fram fyrr en ég skrifaði* fyrir nokkru um málið, en þetta snerti hv. þm. G.-K. svo illa, að hann sagði sig úr utanríkismálanefnd. Enn þá veit enginn utan að komandi, hvers vegna fiskimenn suður með sjó máttu ekki vita um þessa snilldarlegu meðferð á þeirra fé. En nú er Gismondi farinn að kenna Norðmönnum og öðrum keppinautum okkar, hvernig þeir eigi að verka fisk fyrir Ítalíu. Annað dæmi um snilld hv. þm. G.-K. og hans nánustu samherja er það, að nota síðustu mánuðina, sem íhaldið sat við stjórn, til að gera fjármálalegar ráðstafanir fyrir okkar hönd, þannig, að þess vegna þurfi að taka stórfé af landsmönnum til þess að borga þetta. Sjómenn kannast við þessa blóðtöku, fiskskattinn fræga. Þessar ráðstafanir voru gerðar bak við alla menn í núv. *stjórnarflokkum, og enginn ber ábyrgð á* þessu athæfi nema nánustu vinir Kveldúlfsfrænda, og einkum þó þeir sjálfir.

Loks er þriðja dæmið. Nokkrir helztu leiðtogar íhaldsins hafa á síðustu missirum álitið það helzta bjargráð fyrir landið að afhenda mikinn hluta af togaraflotanum undir útlent flagg og fá að vera leppar undir útlendu valdi. Skyldi íslenzkum sjómönnum þykja fýsilegt að vera á þann hátt annaðhvort sviptur atvinnu og útlendir menn settir í staðinn, eða að verða „þræll þrælsins"? Að vísu verður ekki úr slíkum bollaleggingum. Stærstu stéttir landsins, bændur, sjómenn og verkamenn, leika ekki á*hættuspil með frelsi lands og þjóðar.*

Ég verð að segja það, góðir hálsar, að eins og ég hefi ekki trúað á þá menn, sem stjórnuðu Kreppulánasjóði, ef þeir væru í meirihlutaaðstöðu, eins hefi ég ekki getað trúað mönnunum, sem gerðu samninginn við Gismondi, og ég hefi ekki heldur trúað þeim, sem sömdu með leynd á bak við utanríkisnefnd 1934, eða þeim, sem dettur í hug, að við eigum að gerast leppar útlendra þjóða og leggja atvinnulíf okkar undir þær.

Hv. þm. G.-K. talaði um það, að ég hefði verið eyðslusamur í stjórn. Hann rökstuddi það ekki, en ég býst við, að nokkrir skólar, spítalar, margir vegir og margar brýr og símarnir hafi ruglað heila hans í þessu efni. Þetta er máske eyðsla, en það er eyðsla, sem mér þykir sómi að. *En hans eyðsla og Kveldúlfs er af annari* tegund.

Það er vitað, að hans fyrirtæki skuldar 4—5 millj. hjá Landsbankanum, og það er vitað, að þetta fyrirtæki hefir tapað 200000 kr. sum árin, en stundum meira, svo sem þegar Jón Þorláksson hækkaði krónuna. Og það er vitað, að hann og hans nánustu eyða upp í 30 þús. krónur á mann. Sjö heimili eru í fjölskyldunni. Ættfaðirinn fær 25 þús. kr. eftirlaun frá þessu fátæka fyrirtæki. Til samans eyða þessar 7 fjölskyldur 200 þús. kr. árlega fyrir utan hlunnindi.

Við skulum nú athuga, hvað margar fjölskyldu gætu með slíkri eyðslu lifað á þeim rúml. 40 millj., sem útflutningur okkar er nú. Það eru 1400 fjölskyldur, sem gætu lifað á Íslandi

eftir þeim „skala“, sem hv. þm. G.-K. lifir eftir og hans ættfólk. Hér á Alþingi hefir þessi sami hv. þm. játað, að auk hinnar persónulegu eyðslu frá fyrirtækinu, hefir hann og bræður hans fengið að láni nálega hálfa millj. kr. úr veltu Kveldúlfs, af lánum bankanna, í óhófs skrauthýsi handa þessari eyðslusömustu fjölskyldu landsins. Mér finnst, að þeir Kveldúlfsfrændur ættu aldrei að tala um fjármál opinberlega, aldrei um sparnað, aldrei um eyðsluskuldir né lán.

Á öllum Norðurlöndum vinna nú bændur og verkamenn saman að því að halda uppi lífskilyrðum, menningu og þreki hinna vinnandi stétta. Svo er og hér á landi. Í því er fólgin gæfa þjóðarinnar. Ég hefi jafnframt bent á þá flokka, sem áður fóru með völd. Ég hefi tekið nokkur dæmi til að sýna, hvernig þessir menn fóru með vald sitt.

Kreppulánasjóður virðist vera sjúk stofnun og hafa verið það frá upphafi vega sinna.

Ég hefi bent á fiskmálin, og ég skora á hv. þm. G.-K., ef hann hefir nokkurn manndóm, að verja sig og verk sín. Ef hann getur það ekki hér, þá í blöðunum eða opinberum umræðum.

Þjóðin á nú að dæma á milli mannanna, sem gerðu kreppulánasjóð að æti fyrir sig og stjórnuðu honum eins og dæmin sanna, sjö heimilanna, sem kosta hið fátæka land 200 þús. kr. á ári í beinum peningum, og kunna svo sína mennt eins og framangreind dæmi sýna, og forustumanna hinna stóru stétta, sem nú hafa umboð þjóðarinnar til að fara með stjórn landsins.

Verkin tala um málstað beggja. Þessar umr. gefa landsfólkinu glögga hugmynd um, hvílík gæfa það var, að síðustu kosningar enduðu með ósigri íhaldsins og varaliðs þess.

Hannes Jónsson óyfirl.: Herra forseti! Það er auðséð á þessari síðustu ræðu, sem hér var flutt, hvernig aðstaða hæstv. stj. er til þess að verja sig. Hv. þm. S.-Þ. varði ræðu sinni til þess að sýna það, hvernig ástandið hefði verið, ef andstæðingar núv. stj. hefðu komizt að völdum, eða hvað þeir hefðu ætlað að gera. Hann seildist líka til Noregs og Svíþjóðar til þess að sanna, að það væri eðlilegt, að framsóknarmenn og sósialistar vinni saman. Og þetta var eðlilegt, því að það er ekki hægt að sanna það á málunum, ekki með verkunum, sem þessi stj. skilar af sér. Það varð því að sanna það með einhverju öðru. Hann fór því út fyrir landsteinana, til þess að reyna að fá þar eitthvað til þess að finna orðum sínum stað og sýna fram á, að svona ætti það að vera.

Svo klykkti hann út með því að tala um Kreppulánasjóð, og það, sem helzt var hægt að fá út úr því stagli, var það, að þeim hefði verið sýnd hin mesta óbilgirni, sem fengu þar mestar afskriftir á skuldum. Mér er kunnugt um, að flestir af þeim mönnum, sem ég hefi haft umboð fyrir í Kreppulánasjóði, óskuðu eftir, að afskriftir á skuldum yrðu sem víðast. Svo á það að vera harðbekkni af hendi Kreppulánasjóðsstjórnarinnar að gera þessar ráðstafanir, sem þeir sjálfir óskuðu eftir. Þetta mál var reynt að nota til árása á Bændafl. úti um land á þingmálafundum, en því var fljótt hætt, því að þeir fundu það fljótt, að þetta var ekki heppilegt til að vinna fylgi meðal þjóðarinnar.

Þá var hann að hallmæla hv. 10. landsk., sem hann kallaði þm. Dal., og tek ég það sem fyrirboða þess, að hann vinni bráðlega það þingsæti. Hann réðst að Kolbeini í Kollafirði og Ólafi í Brautarholti fyrir það, hvernig þeir hefðu afgr. kreppulánin, og fyrir þá skoðun, sem þeir hafa á því, hvernig þeir geti staðið undir þessum lánum. En hann nefndi ekki flokksmann sinn, Friðjón Jónsson á Hofsstöðum, sem hefir beitt sér fyrir því í kjördæmi hv. þm. Mýr., að bændur ættu að sameina sig um að greiða ekki neitt til Kreppulánasjóðs fyrr en aðstaða þeirra yrði þannig, að þeim yrði kleift að standa undir þessum þungu byrðum. Ég hefi ekki viljað fylgja þessari stefnu, en ég hefi viljað fá bændur til þess að sameinast um það, að fá áhugamálum sínum hrundið í framkvæmd hér á þingi, og þá fyrst og fremst því máli, að skapa bændum aðstöðu til þess að standa í skilum, því að ég veit, að þeir vilja vera skilamenn. Annars verður þessari ræðu hv. þm. S.-Þ. svarað síðar, að svo miklu leyti, sem ástæða þykir til.

Þá vil ég víkja að því, sem hæstv. landbrh. hélt hér fram í dag. Hann taldi það rangt, að kjötverðið á erlendum markaði 1933 hefði átt þátt í því að hækka kjötið á innlenda markaðinum 1934. En það er algild regla, að þeir, sem hafa ákveðið verðið á innlenda markaðinum, hafa farið eftir því eina, sem hægt hefir verið að miða við, sem sé verðinu á erlenda markaðinum árið áður, því að þegar verðið er ákveðið, er ekki hægt að vita, hvaða verð muni verða á erlenda markaðinum það ár. Ég hefi áður bent á það, að þessi ástæða er nú að miklu leyti horfin úr sögunni, því að nú hefir kjötverðlagsn. vald til að miða verðlagið eingöngu við það, hvað nauðsynlegt þykir að framleiðendurnir fái til þess að búskapurinn geti borið sig.

Hæstv. ráðh. sagði, að það skipti engu máli, hvort verðhækkunin vegna frystikostnaðarins kæmi fyrr eða seinna. Þetta segir hann af því, að honum er ókunnugt um þær knýjandi ástæður til þess að þessi ákvörðun verði tekin nægilega snemma, m. a. að þeir, sem taka vöruna til geymslu, fái kostnaðinn endurgreiddan og hiki því ekki við fyrstu kaup á þessari vöru.

Hæstv. ráðh. minntist einnig á þau orð, sem ég hafði eftir utanþingsmanni, að sigraðir menn yrðu að sætta sig við allt. Hann hélt, að þetta gæti ekki átt við Framsfl. Ég vil benda hæstv. ráðh. á það, að þeir eru alveg sérstaklega komnir í gapastokkinn gagnvart sósialistum á þessu þingi. Það liggur í því, að sósialistar voru það sniðugir, að þeir fengu þingfrestunina svona langt fram á haust til þess, að þótt útilokuð væri afgreiðsla mála, þá væri ekki hægt að rjúfa þingið, því að framsóknarmenn vilja ekki kosningar að vetri til. Þetta var

sósialistum vel kunnugt, og þess vegna sagði Ólafur Friðriksson: „Við kúgum Framsfl. sem mest, látum hann ganga á gefin loforð, til þess að við getum náð stuðningsmönnum þeirra frá þeim.“ — Þetta er ákveðin bardagaaðferð, og hún er sjálfsögð út frá þeirra sjónarmiði, og þetta sýnir, að þeir eru sá sterkari flokkur, en framsóknarmenn máttlausir að standa á verði fyrir hagsmuni umbjóðenda sinna, sveitamannanna.

Þá var hæstv. ráðh. að verja það, að Steingrímur Steinþórsson hefði fengið full skólastjóralaun, eftir að hann hafði látið af störfum sem skólastjóri. Hann segir, að ástæðan hafi verið sú, að skólaárinu hafi verið breytt, og þess vegna hafi orðið að borga tvöföld skólastjóralaun þetta tímabil. Skólaárinu var breytt, og því var breytt til þess að báðir mennirnir gætu fengið laun úr ríkissjóði. Það er sama, hvaða aðferð er notuð, en niðurstaðan er eins, að tveir menn fá launin samtímis, alveg að ástæðulausu, því að þótt skólaárinu væri breytt, þá var ástæðulaust að láta tvo menn fá skólastjóralaun samtímis, og þegar Steingrímur kom strax á full laun hjá Búnaðarfélaginu, mátti hann vel við því að vera án þessarar launagreiðslu.

Hæstv. fjmrh. taldi, að ég hefði verið sérstaklega óheppinn í valinu með þá fáu bitlinga, sem ég nefndi, og þar á meðal þessar 6000 kr. til Guðbrands Magnússonar. Hann sagði, að Ásgeir Ásgeirsson hefði lofað þessu, þegar hann var í stj., og mér skildist, að það hefði verið gert með einróma samþykki allrar þáv. stj. En sannleikurinn er sá, að þessi áfengisverzlun heyrði undir ráðuneyti Magnúsar Guðmundssonar, og þegar farið var fram á, að hann greiddi þetta til Guðbrands, neitaði hann því harðlega. Núv. stj. varð að sætta sig við það, en svo var þetta borið upp fyrir fjvn., og þar fékkst þetta samþ., aðeins af þeirra eigin mönnum, gegn atkv. allra hinna, og þá var þetta greitt úr ríkissjóði. Loforðið frá Ásgeiri var þá ekki tekið alvarlegar en það, að þeir þurftu að fá leyfið frá sínum mönnum. Nú þykir heppilegt að kenna Ásgeiri um, af því að hann er hvergi nærri. Það eru þakkirnar, sem hann fær fyrir stuðning hans við núverandi stj. (**Fjmrh.** og **forsrh.**: Þetta liggur skriflega fyrir).

Þá sagði hann, að ég hefði átt að nefna það, þegar Pétri Magnússyni hefði verið greiddar 30 þús. kr. Hann vildi þannig afsaka greiðsluna til Guðbrands Magnússonar með því, að annar hefði fengið meira. Þessar greiðslur til Péturs Magnússonar eru samningur milli Guðbrands Magnússonar og hans, sem ég veit ekki til, að komi neinum ráðh. við, nema þá Ásgeiri Ásgeirssyni, af því málið var höfðað á fjmrh., en ekki Magnús Guðmundsson. Þetta var til umr. á síðasta þingi, og var þá margrekið ofan í þessa hæstv. ráðh., sem nú reyna að nota sér þetta til pólitísks framdráttar.

Þá vildi hann halda því fram, að sá maður, sem ég nefndi í áfengisverzluninni, hann tæki þar laun án þess að starfa þar. Þetta er ekki nýtt embætti og það er ekki greitt úr ríkissjóði. Ég hélt því ekki fram, að það væri greitt úr ríkissjóði, en þetta er einkennileg afsökun fyrir þessari meðferð málsins. Þeir segja, að núv. sölustjóri hafi átt að fara frá í vor. Hvers vegna? Og hvers vegna er hann látinn vera? Ég þykist viss um, að hann sé látinn vera af því að hann þyki fær um að gegna embættinu. En þetta er ekki ástæðan til, að breytt er um á fáum árum, heldur að það þurfti að ná 800 kr. á mánuði handa þessum góða starfsmanni, og hann notaði þetta til þess að láta helminginn renna til einhvers kunningja síns, sem líklega starfar eitthvað hjá nefndum sölustjóra, en helmingnum stingur hann í vasa sinn, nema hæstv. fjmrh. eigi þá einhvern þátt í því eða hans flokkssjóður.

Þá nefndi hæstv. ráðh. það, hvað hann hefði verið sparsamur, þegar búnaðarbankastjórastaðan var veitt, því að þá hefði launin verið lækkuð úr 26000 niður í 12000 kr. Það er rétt, að þessi bankastjóri fær 12000 kr. í laun fyrir bankastjórastöðuna, en þar að auki fær hann 600 kr. á mánuði við Kreppulánasjóðinn. Þó lækkaði það eftir síðasta mánuð um litilfjörlega upphæð, sem ég veit ekki hver er. En hann gleymdi því, þessi hæstv. ráðh., að hann hefir tekið einn af stuðningsmönnum sósialista, hv. 9. landsk., og hann fékk greiddar 29. júlí 500 kr. úr ríkissjóði, og það er orðað svo, að þetta eigi að vera endurgreitt úr markaðs- og verðjöfnunarsjóði.

Ég veit ekki til, að markaðs- og verðjöfnunarsjóður eigi að leysa af höndum neinar slíkar greiðslur til hans eða annara, sem kallað er að veiti forstöðu þessum sjóði, sem enginn sjóður er. Ég hygg, að þetta sé enn þá ógreitt ríkissjóði, en sjálfsagt hefir þessi maður þurft á þessu að halda, og þá hefir hann fengið það úr ríkissjóði, án þess að tilraun sé gerð til að fóðra það á annan hátt en að þetta eigi að endurgreiðast frá stofnun, sem er vafasamt, hvort nokkurntíma getur komið fram.

Í sambandi við þetta get ég nefnt spaugilega aths., sem hv. 4. landsk. kom með út af þessum bitlingum. Hann sagði, að andstæðingar stj. væru með þessi ónot til þeirra af því, að við öfunduðum þá af þessum bitlingum, en við hefðum ekkert gert til þess að útvega okkur bitlinga, meðan við höfðum aðstöðu til þess. Þetta er satt. Við álítum það ekki vera starf stjórnmálamanna, en það er aðalstarf flokks hv. 4. landsk.

Þá minntist hæstv. fjmrh. á Þýzkalandsmarkaðinn. Hann segir, að sannleikanum hafi þar verið snúið við hjá mér. (**Fjmrh.**: Það er líka satt). Ég vitnaði til ummæla hæstv. atvmrh., þegar það frv. var hér til meðferðar. Hann sagði, að það væri ranglátt gagnvart innflutningnum að þvinga okkur til þess að gera innkaup frá löndum, þar sem vörurnar væru dýrari. Hann leit þar eingöngu á hagsmuni neytendanna, en ekki útflytjendanna. Ég hefi haldið því fram, að innflutningsnefnd hefði getað öfluglega beitt sér fyrir að auka viðskiptin við Þýzkaland. Strax og þessi viðskiptaþörf fór að koma í ljós á síðasta ári, voru einstakir forretningsmenn, sem lögðu sérstaklega verk í að útvega sambönd við Þýzkaland og fá verksmiðjurnar til þess að

framleiða vörur í því ástandi, sem heppilegastar væru fyrir markaðinn hér, en þar til skorti nokkuð, eins og línoleum, sem áður var ótækt frá Þýzkalandi, en er nú orðið sambærilegt við það, sem hingað er flutt annarsstaðar frá.

Þessi þversköllun hæstv. stj. eða innflutningsnefndar er á viðtækara sviði. Hún kom einnig fram í því seinlæti, sem fyrr hefir hent þessa menn, þegar útflytjendurnir vildu fá að vita, hvað þeir mættu nota mikið af þessum markaði. Ég veit, að þetta kom bæði seint og illa og að ástæðulausu, því að það var hægt snemma í september, því að þá var vitað um sölu á vörum til Þýzkalands, og þá var hægt að gefa út leyfi um að flytja út 50% af ullinni, sem mestur verðmunur var á af öllum útfluttum vörum.

Hæstv. forsrh. fór með þá staðlausu stafi, að orðið hefði að reka á eftir mér vegna nefndarstarfa í kjötmálinu. Þetta eru fullkomin ósannindi, því að álit og tillögur nefndarinnar lágu fyrir, þegar þessi stjórn tók við völdum, og álit og till. í mjólkurmálinu skömmu síðar. En hvernig var það með kartöflusölumálið? Það mál var með öllu undirbúið af fyrrv. stj. og fengið núv. stj. í hendur. Hvernig hafa afköstin orðið þar hjá hæstv. forsrh.?

Hæstv. forsrh. vék skætingi að n., sem finna átti út sannvirði kjötsins. Tilætlun hans var víst sú, að vega á þann hátt að hv. 7. landsk. En hann gætti þess ekki, að hann vó um leið að samflokksmanni sínum, Jóni í Deildartungu. Sannast á honum orð rímnaskáldsins: Ekki sér hann sína menn, svo hann ber þá líka. En það skal hæstv. ráðh. vita, að allir bændur standa sameinaðir um það að lokum að heimta sannvirði vöru sinnar og vinnu, og vera má, að þessi stjórn vinni það sér til ágætis móti vilja sínum, að sameina alla bændur gegn þeirri vitisstefnu, sem uppi hefir verið undanfarið af hálfu rauðu flokkanna í landbúnaðarmálunum.

Hv. 4. landsk. sagði, að mjólkurlögin hefðu verið mikil fórn af hálfu Alþfl., því að þar hefði verið uppi háværar kröfur um lækkun á mjólkinni. En var það ekki einmitt það fyrsta, sem gert var, er mjólkurlögin komust á, að lækka mjólkina? Og þó eru þessar lækkunarkröfur Alþfl. háværar eftir sem áður. Sósíalistar segja, að mjólkin verði að lækka og skuli lækka. En þegar tilboð koma frá bökurum um lækkaðan dreifingarkostnað, segir formaður flokksins, að hugarfar þessara manna sé svo slæmt, að slíkum tilboðum sé ekki sinnandi!

Þá kom þetta jórtur Framsóknarráðherranna um það, að þeir hefðu orðið að kaupa sósíalista til þess að fylgja nýbýlamálinu. En svo koma sósíalistar og segja: Nýbýlamálið er stefnumál okkar. Þarf þá að kaupa þá til þess að fylgja sínum eigin stefnumálum?

Hv. 9. landsk. sagði, að nauðsynlegt væri fyrir bændur að vinna utan heimilis, til þess að geta staðið undir heimilum sínum. Þarna gægðist fram sú gamla viðleitni rauðliða, að gera bændur svo ósjálfbjarga, að þeir geti ekki lifað sjálfstæðu lífi af búskap sínum. En verði bændum varnað þess, rekur að því fyrr eða síðar, að þeir verða að hrekjast á mölina og bætast þar í hóp atvinnuleysingjanna, og þá er tilgangi þeirra manna náð, sem rífa vilja niður allt sjálfstætt og heilbrigt atvinnulíf í landinu.

Minn tími er nú úti. Ég hefði þurft að segja margt fleira, en ég þykist vita, að hv. 10. landsk. taki til meðferðar þær mörgu ávirðingar landsstjórnarinnar, sem ég hefi ekki eða aðeins lauslega minnzt á.

Atvmrh. (Haraldur Guðmundsson) óyfirl.: Ég hafði gaman af því að hlusta á ýmislegt í ræðu hv. þm. V.-Húnv. Ég mun þó ekki fara að eyða að því orðum, þótt sá hv. þm. blási sig nokkuð út að vanda og telji sig eiga bændur landsins með húð og hári, og finnist, að við hinir, sem vinnum að umbótamálum bænda, séum að stela þeim umbótamálum frá honum. Einu atriði í ræðu hv. þm. vil ég þó ekki láta ómótmælt. Hann sagði, að bændur hefðu verið misrétti beittir í veitingu útflutningsleyfa til Þýzkalands, vegna þess að stj. beindi þangað innkaupum, sem varan væri ódýrust með hag neytenda einna fyrir augum. Það virðist nú að vísu eðlilegast, að varan sé keypt þar, sem hún er ódýrust, en þó hefir stj. neyðzt til að beina einnig viðskiptum til hinna dýrari landa, og þá einkum Þýzkalands, vegna viðskipta- og gjaldeyrisörðugleika þeirra sem nú eru í heiminum. Til 1. okt. hafa verið keyptar vörur frá Þýzkalandi fyrir rúmar 5 millj. króna, að mestu eftir fyrirmælum stjórnarinnar og gjaldeyrisnefndar, vegna þess að skilyrði fyrir afurðasölu okkar þangað er það, að við kaupum fyrir jafnháa upphæð. Bændur hafa selt allmiklu meira af gærum og ull til Þýzkalands nú en 1933 og 1934. En fleira hefir þurft að selja til Þýzkalands en landbúnaðarafurðir, svo sem þann hluta ísfiskjarins, sem enginn markaður er fyrir annarsstaðar. En vegna þess að síldveiði varð minni að þessu sinni en ráð hafði verið gert fyrir, var hægt að selja miklu meira af landbúnaðarafurðum, svo sem gærum, ull o. fl., heldur en undanfarið. Stj. hefir því með aðgerðum sínum skapað sölumöguleika í Þýzkalandi á þessu ári, sem annars hefðu ekki orðið til.

Hv. þm. V.-Sk. sagði í dag, að stj. hefðu orðið þau ódæmi á, að hún hefði fengið danskan mann, Lauge Koch, sem fengizt hefði áður við Skrælingjarannsóknir, til þess að framkvæma ýmsar vísindarannsóknir hér á landi, og myndi þetta tiltæki verða stórhættulegt fyrir sjálfstæði landsins 1943! Ég vil nú skýra dálítið þetta stórhættulega mál.

Það hefir orðið samkomulag á milli dr. Lauge Kochs og skipulagsnefndar atvinnumála, að hann tæki að sér forustu rannsókna hér á landi, rannsókna, sem þó væru fremur hagnýtar en hreinvísindalegar, með það fyrir augum að leita hér verðmæta í jörðu og á, sem þjóðin gæti annaðhvort hagnýtt sér sjálf eða gert að útflutningsvöru. Leiðangur þessi á að vinna eftir starfsreglum, sem 3 manna nefnd setur, en í þeirri nefnd eiga sæti Árni Friðriksson fiskifr., Steingrímur Steinþórsson búnaðarmálastjóri og Emil Jónsson bæjarstjóri. Hinar ýmsu greinir rannsóknanna annast þrír menn, sinn af hverri þjóð, Svíi, Svisslendingur og Hollendingur. Auk þess er tilskilið, að íslenzkir námsmenn verði með í leið-

angrinum. Það virðist því engin Danahætta geta stafað af þessari ráðstöfun. (GSv: Hvaðan kom tilboðið?). Það kom frá Lauge Koch. Hv. þm. sagði, að Lauge Koch væri mótmælt erlendis sem „húmbúgista". Ég veit, að mótmæli hafa komið fram gegn honum fyrir skömmu, en þau hafa enn hvorki verið sönnuð né afsönnuð, og víst er um það, að Lauge Koch er viðurkenndur dugnaðarmaður, sem þegar hefir fjölda nafnbóta og heiðursmerkja fyrir vísindamennsku sína. Annars er það engin nýlunda, að danskir menn starfi hér að náttúrurannsóknum. Má þar nefna dr. Niels Nielsen, sem starfað hefir að eldfjalla- og jöklarannsóknum hér og mun halda þeim áfram.

Þá kem ég að hv. þm. G.-K. Hann byrjaði ræðu sína á nokkrum viðeigandi ummælum, að því er honum hefir víst sjálfum fundizt, í garð hv. 9. landsk. Ég mun ekki fara út í þau ummæli hans, þau hafa sinn dóm með sér, og sönnuðu það eitt, hve mjög honum hefir sviðið réttmæt gagnrýni hv. 9. landsk.

Hv. þm. G.-K. hefir að vissu leyti þýðingarmikla aðstöðu hér á þingi. Hann er formaður stærsta þingflokksins, og því er ekki ófróðlegt fyrir þingheim og áheyrendur að gera sér ljóst, hvaða afstöðu þessi flokksforingi tekur gagnvart vandræðum yfirstandandi tíma. Ég hefi margspurt hann um þessa afstöðu hans og oftast fengið engin svör, eða þá þau svör ein, að hann og flokkur hans vildi spara.

Í síðustu ræðu sinni var hv. þm. G.-K. berorðari um það en áður, hvað hann vildi ekki, að væri gert. Hitt var í jafnmikilli þoku og áður, og geta legið til þess þær eðlilegu orsakir, að hv. þm. og flokkur hans vilji ekki láta gera neitt.

Hv. þm. G.-K. sagði, að ekki mætti byggja ný skip, vegna þess að engan ugga væri hægt að selja. Ekkert vit væri í því að reisa nýbýli, því að bændur væru alltaf að tapa. Hann sagði, að vitlaust væri að taka upp atvinnuleysistryggingar, en berst þó fyrir því, að fé til atvinnubóta lækki. Hann heldur því sem sagt fram, að alveg eigi að leggja hendur í skaut. Framleiðsluna og þar með atvinnuna má ekki auka, hvorki í landbúnaði né sjávarútvegi, og því síður gera neinar ráðstafanir til þess að hjálpa þeim, sem atvinnulausir eru. Greinilegri uppgjöf gagnvart örðugleikunum hefi ég aldrei orðið var við, og ef þetta er afstaða Sjálfstfl., skil ég ekki í, hvernig hann getur haldið áfram að starfa.

Þá vil ég víkja lítið eitt að því, sem hann sagði um togarafrv. Alþfl.

Meðalaldur togara hér á landi er nú um 15 ár. Til þess eins að endurnýja togaraflotann þyrfti því að byggja 3,7 skip á ári. Hv. þm. G.-K. telur frv. okkar fjarstæðu, þótt það fari aðeins fram á, að byggðir séu 2—3 togarar í 5 ár. Ef alveg væri vonlaust að gera framar út til fiskveiða, væri slík endurnýjun þýðingarlaus. En öll framtíð vor byggist á því gagnstæða, og þegar sölukreppunni léttir, sem vona verður að verði einhverntíma, verðum við að vera við því búnir. Ýmsar afurðir fiskjar eru að hækka í verði, og augljóst er, að ná má betri árangri af fiskveiðunum en nú er með bættum skipum og aukinni tækni, t. d. með mjölvinnslutækjum á skipunum, þótt hv. þm. G.-K. og hans nánustu liti á þetta öðrum augum. Benda má líka á karfaveiðina, sem rekin hefir verið þetta ár í fyrsta skipti með góðum árangri, án þess að það hafi verið á nokkurn hátt á kostnað saltfisksmarkaðarins.

Nú eru þekktir útgerðar- og aflamenn að kaupa hingað nýjan, stóran togara (skipið mun að vísu vera 10 ára gamalt) með það fyrir augum að vinna um borð úr fiskinum allt, sem söluhæft er, en ekki hirða aðeins bolinn einan, eins og tíðkazt hefir. Þeir menn, sem að þessum togarakaupum standa, eru m. a. Guðmundur Jónsson, fyrrum aflakóngur á Skallagrími, Jón Oddsson útgerðarmaður í Englandi og Geir Sigurðsson. Mun mega treysta því, að þessir menn viti, hvað þeir eru að gera, og kaupi ekki neitt aflóga hró.

Hv. þm. G.-K. hefir lýst togaraflotanum þannig, að í honum væru tómir ryðkláfar og hættulegar duggur. Því miður er þetta satt, og frv. okkar Alþfl.manna er einmitt ætlað að ráða bót á þessu hörmungarástandi.

Alveg sama er að segja um samvinnubyggðirnar. Miklir markaðsmöguleikar eru fyrir sölu á grænmeti, mjólk o. fl.

Yfirleitt er það svo, þegar örðugleikar verða um sölu einhverra vörutegunda, þá dugir ekki að gefast upp, heldur verður að skapa nýja markaði eða reyna að efla þá markaði, sem fyrir eru. Það dugir ekki að berja sér á bak og brjóst og gefast upp. Ef veiðin borgar sig ekki, verður að reyna að afla betri markaða, finna betri verkunaraðferðir, fá betri skip og ódýrari í rekstri. Það verður að nota alla möguleika. Það er hér eins og í atvinnuleysismálunum, að viðhorf okkar hv. þm. eru gerólík. Hann telur, að réttast sé að gefast upp; við teljum, að þjóðin eigi að lifa, verði að nota hina ýtrustu möguleika til þess að bjarga atvinnuvegunum til sjós og lands. Hv. þm. taldi, að atvinnuleysið hefði mjög vaxið í tíð núv. stjórnar. Ég skal ekki um það deila, en það er víst, ef stj. hefði verið aðgerðalaus í þeim efnum, ef ekki hefðu verið auknar verklegar framkvæmdir um ¾ millj. kr. á síðasta þingi, ef ekki hefðu verið felldar till. Sjálfstfl. um að fella niður verklegar framkvæmdir, þá hefði hér verið miklu meira atvinnuleysi en er.

Þá vék hv. þm. í sambandi við atvinnuleysið að því, sem ég sagði í sambandi við ríkislögregluna í síðustu ræðu minni, og spurði, hvort ég væri að hóta ofbeldi, ef ég kæmist í stjórnarandstöðu, svo stjórnin þyrfti þá að hafa ríkislögreglu. En af því hv. þm. var heldur loðmæltur um ríkislögregluna, þá langar mig til að lesa hér kafla úr ræðu hins látna foringja Sjálfstfl., er hann hélt á þingi 22. nóv. 1933, þegar fyrir lá till. frá Alþfl. um að leggja ríkislögregluna niður. Ég ætla að sýna, hvernig sá hv. þm. leit á ástandið þá (með leyfi hæstv. forseta). Hv. þm. segir: „Við vitum, að þessi flokkur hér á landi, (það eru kommúnistar), bíður eftir tækifæri til þess að framkvæma samskonar byltingu hér eins og flokksbræður þeirra gerðu í Rússlandi á sínum tíma. Hvernig væri nú Reykjavíkurbær við því búinn að verjast árásum frá þessum óaldarflokki, með allar þær alþjóðarstofnanir, sem hér eru starfandi,

og hafandi ekki annað en 60 manna lögregluflokki á að skipa? Ég vil leiða athygli að því, að ef hér væri um skipulagsbundna árás að ræða, þá má búast við, að hún stæði sólarhringum saman, þannig að nokkur hluti af lögregluliðinu, að líkindum 1/3 þess, yrði þó að njóta reglubundinnar hvíldar, og yrði þá aðeins 40 menn á verði samtímis til varnar árásunum. Ég vil biðja hv. þm. að athuga, hvað það eru margar stofnanir í bænum, sem nauðsynlega þurfa verndar við, ef stjórn þessa bæjar og þjóðfélagsins á ekki að verða í voða stödd. Ég vil aðeins nefna stjórnarráðshúsið, bankana, útvarpið, símastöðina, vatnsveituna og ljósastöð bæjarins. Hvað má nú eiginlega missast af þessu í hendur uppreisnarmanna, ef fólkinu á að vera hér vært og starfsemi bæjarins og þjóðfélagsins í heild á að haldast við?" Hann talar um, að með einni eldspýtu, sem kastað sé að benzíngeymunum á Klöpp, megi kveikja það bál, sem erfitt yrði að ráða við. Svo heldur hann áfram: „Ég vona, að ef hv. þm. vildu athuga þetta með hugarró, þá sannfærist þeir um, að það er engin von til þess, að 60 manna lögregluflokkur geti varið bæinn þegar svona árásir frá byltingarflokki bæru að höndum. Ég get líka bætt því við, að þó skipshöfnum varðskipanna væri bætt við lögregluna hér í bænum, þá er fjarri því, að það veiti þjóðfélaginu nægilega vernd". Og enn segir hann: „Ég hefi nú reynt að gera ofurlitla grein fyrir því, að það er jafnvel óhugsandi að halda uppi nokkru öryggi í bænum með 60 manna lögreglu". Hann segir, að það væri sama, þó fenginn væri vatnsbíll, því einhver hafði bent á það ráð. Vatnsbíll dugir ekkert, segir þessi ræðumaður, og jafnvel skotvopn mundu ekki duga, segir hann. Ég vil svo að síðustu benda á þá niðurstöðu, sem þessi látni foringi Sjálfstfl. kemst að, og sem er þungamiðja í ræðu hans. Hann segir: „Nei, leiðin til þess að halda uppi friði er sú, að hafa jafnan til taks lið, sem er svo sterkt, að uppreisnarmenn treysti sér ekki til atlögu. Þannig hefir ástandið verið hér síðastliðið ár, að það hefir verið svo sterkt lögreglulið, að þessir yfirlýstu árásarmenn á þjóðfélagið hafa haldið sér í skefjum, af því að þeir hafa ekki haft neina von um að sigra, ef þeir hefðu gert áhlaup." Í stuttu máli, formaðurinn leit svo á ástandið, að eina leiðin til þess að tryggja friðinn í landinu væri sú, að koma á nægilega sterkri lögreglu til þess að berja niður allan mótþróa gegn stj. Ég get ekki hugsað mér dapurlegri dóm yfir einni stj. en þann, að hún sjái það eitt ráð gegn innanlands-óánægju, að hafa nægilega sterkt lið til þess að berja niður alla óánægju, og vita þó, að slíkt er ekki hægt, ef óánægjan er alvarleg. Ég lít þveröfugt á þetta mál; ég álít, að ómögulegt sé að berja óánægjuna niður með valdi, ef hún yrði alvarleg; ég álít, að eina leiðin sé sú, að stjórna landinu þannig, að meiri hluti þjóðarinnar geti sætt sig við hlutina, að gera allt það, sem hægt er, þjóðinni til hjálpar, og eitt er víst, að síðan stj. tók við, hefir ekki þurft sterkt lögreglulið, sem hefir haft vaktaskipti um stjórnarráðið og bankana. Ég skal ekki fullyrða, að slíkir tímar geti ekki komið, en ég vil vona, að þeir komi ekki. Hæstv. forseti segir, að þeir séu liðnir.

Þorsteinn Briem [óyfirl.]: Ég var farinn að halda, að svo aum væri orðin aðstaða hv. þm. S.-Þ. (JJ) í Framsfl. undir stjórn „sósanna", að hann ætti ekki að fá að tala í eldhúsinu, en ég samfagna honum, að hann er þó ekki enn svo niðurbældur, að hann fær þó enn að tala, þegar hann langar mest til. Hann var að tala um það, að Bændafl. væri undirdeild í öðrum flokki, en hann reyndi á hinn bóginn að draga fjöður yfir það, að hans flokkur ekki aðeins notar hvert tækifæri til þess að nudda sér upp við sósialistana, heldur er hann beinlínis horfinn inn í þann flokk. Eins og hv. samflokksmaður minn benti á, varð hv. þm. S.-Þ. að sækja dæmi til annara landa um það, að ekki væri slæmt að vera undir sósialista gefinn fyrir flokk, sem telur sig vera flokk bændanna. Hann leitaði til Svíþjóðar, en ég tel réttara að athuga afstöðuna hér. Hvernig er það með afurðasölumálin? Hér hafa bændur minnihluta í kjötsölunefnd og mjólkursölunefnd. Er það svo í Svíþjóð? Nei, þar skipa bændur einir þær nefndir. Og hvers vegna? Var það af því, að þeir afgreiddu þessi mál með hjálp „sósanna"? Nei. Þeir höfðu afgr. þau mál með hjálp annara flokka áður en sósialistar komu til. Hann vitnaði í Noreg. Leystu bændur afurðasölumálin þar með hjálp sósialista? Nei, þeir leystu þau áður en sósialistar komu þar til valda. Þá vildi hv. þm. reyna að klekkja á mér með því að segja, að ég hefði verið hægur á mér með kjötsölulögin. Ég undirbjó þó þá löggjöf meðan ég var í stj., og lagði því grundvöllinn í því máli. Ég var búinn að segja, að þau gerðu gagn, enda má það mikið vera, ef þau gera ekkert gagn, þó Hermann hafi breytt þeim dálítið. Hitt er annað mál, að betri maður stjórnaði framkvæmd þeirra í fyrstu heldur en sá, sem nú gerir það og hv. þm. S.-Þ. vitnaði í. Þá gaf hv. þm. þá eftirminnilegu skýrslu, að ekki hefði verið hægt að fá lögin samþ. nema með hjálp sósialista. Hverjir greiddu atkv. með lögunum? Það voru menn úr öllum flokkum. Eða ætluðu framsóknarmenn að vera á móti lögunum, ef þeir gætu ekki samþ. þau í flatsænginni með sósialistum?

Þá kom hann með þá merkilegu ályktun, að bændur hér þyrftu ekki að vera óánægðir með mjólkurverðið. Danskir bændur fengju ekki nema 11 aura fyrir sína mjólk og norskir bændur ekki nema 14 aura. Hann ætlar líklega að telja mönnum trú um, að framleiðslukostnaður sé álíka hér og í þessum löndum. Hann telur víst, að hann geti verið sá sami hér í okkar kalda landi Íslandi og í því frjósama landi Danmörku. Ég veit, að Danir bera sig illa með 11 aura verðið, en ég hygg, að það gefi þó betri afkomu en þó bændur í Árnessýslu fái 16—17 og jafnvel 20 aura fyrir sína mjólk. Hann var að tala um, að bændur í Mosfellssveit fengju eitthvað hærra verð fyrir sína mjólk. Hann sagði í útvarpið í fyrra, að þeir fengju nokkrum aurum hærra verð en áður, en hve margir aurar sem þeim eiga að hafa verið sendir í upp-

bót, þá fá þeir ekki nema vænu broti úr eyri meira en áður. Þó talið sé, að þeir fái nú 28 aura, þá er eftir að draga frá því verði, vegna þess að nú þarf að taka hluta af þeirra mjólk til vinnslu, svo verðið verður ekki nema 26,5 aurar en var í fyrra 25,8 aurar fyrir lítra. Hann sagði, að Eyfirðingar fengju 20 aura fyrir sína mjólk, en Árnesingar ekki nema 18 aura. Hvernig stendur nú á þessu, að Eyfirðingar, sem ekki eru undir mjólkursölulögunum, skuli fá töluvert hærra verð en Árnesingar, sem eru undir þessum ágætu lögum? Mér finnst hv. þm. skjóta þarna nokkuð mikið framhjá marki. Hann var að tala um gömlu mjólkursölul. Hermann Jónasson skrifaði kongi, að þau væru ónothæf. Við skulum hugsa okkur, að hann hafi sagt satt, — en hvað kom þá í staðinn? Jú, yfirráðin voru tekin úr höndum bænda. Það var sagt, að sósialistar vildu ekki láta framkvæma gömlu lögin, og Framsfl. vildi heldur fá þeim völdin yfir mjólkursölunni en að framkvæma lögin með hjálp annara flokka undir stjórn bændanna sjálfra. Þá sagði hann, að ég hafi ekki undirbúið afurðasölulögin. Það er skjallega sannað, að önnur þeirra voru alveg fullbúin og hin að öðru leyti en því, að þau áttu eftir að fá mjög litilfjörlega lögfræðilega endurskoðun, þegar ég fór úr stjórninni.

Þá var hv. þm. að saka mig um, að ég hefði ekki viljað skaffa Kreppulánasjóði reiðufé. Hann man ekki eftir því, að ég lagði fram frv. á Alþingi um 2 millj. kr. reiðufé handa Kreppulánasjóði, en n., sem hafði frv. til umsagnar í hv. Nd. var einhuga um það, að Kreppulánasjóður fengi ekki þetta fé. Hann getur því kennt sósialistum og sínum flokksbræðrum um það, að sjóðurinn fékk ekki þetta fé.

Þá var þessi hv. þm. að tala um það, að Jón í Stóradal hefði verið heima hjá sér, er hann átti að vera að vinna í Kreppulánasjóði. Jón í Stóradal hefir kannske tekið sér jólafrí meðan hann var í stjórn Kreppulánasjóðs, en ég vil segja það, að þessi hv. þm. hefir verið meira að heiman en Jón, þegar hann átti að gegna hér opinberum störfum.

Þá réðst hv. þm. á stjórn Kreppulánasjóðs fyrir hennar störf og sagði, að hún hefði beitt pólitiskri hlutdrægni við lánveitingar úr sjóðnum. Þessar sömu ásakanir voru bornar fram á stjórnmálafundum í vor af þessum hv. þm. og fleiri flokksmönnum hans. Þeir töldu, að stjórnin hefði veitt Bændafl.mönnum hærri lán en öðrum og krafizt lægri tryggínga af þeim en öðrum. Hæstv. forsrh. var með þessar dylgjur á fundi á Sauðárkrók í vor, og lofaði að sanna þær með dæmum strax og hann kæmi hingað suður. Síðan var manni nokkrum falið að endurskoða lánveitingarnar kritiskt. Sá maður hefir leitað í allt sumar og reynt að finna eitthvað athugavert. Og það er fyrst nú fyrir fáum dögum, að þessi maður hefir komið með sínar athugasemdir. Og þær aths. eru þá það smávægilegar, að hann getur bent á eina einustu afgreiðsluvillu, þar sem Kreppulánasjóðsstj. hafði skrifað í sitt álit um eitt lán, að taka ætti lausafé að veði fyrir láninu til viðbótar fasteigninni, en ritaranum hafði sézt yfir þetta. Auðvitað var þessi villa leiðrétt við skuldaskilin, svo þetta kom ekki að sök fyrir sjóðinn. Hinsvegar höfðu á sumum jörðum verið gerðar ákaflega miklar umbætur síðan jarðamatið fór fram, bæði jarðabætur og byggingar. Sérstaklega átti þetta við hér í grennd við Reykjavik, í Mosfellssveitinni. Í þeim tilfellum kröfðust kröfuhafar þess, að jarðirnar yrðu metnar upp aftur. T. d. hafði Kolbeinn í Kollafirði auk jarðabóta látið gera stórt og vandað fjós ásamt áburðarhúsi. Sama er að segja um fleiri menn í Mosfellssveit. (Fjmrh.: Fleiri vini Bændafl.). Já, og hæstv. ráðh. líka, t. d. Björn Birnir, sem er framsóknarmaður. Matið á hans jörð var hækkað vegna umbótanna. Þessir menn gátu ekki fengið lán, sem miðuð voru við fasteignamat á jörðum þeirra. Kröfuhafarnir töldu jarðirnar með réttu miklu meira virði, svo ekki varð hjá því komizt að meta þær að nýju, ef bændurnir áttu að fá lán út á þær, Að síðustu vil ég minna á það, að ekkert hefir fundizt athugavert við starf Jóns í Stóradal við Kreppulánasjóð, jafnvel þó einn harðvítugasti andstæðingur hans, séra Sveinbjörn Högnason, framkvæmdi hina kritisku endurskoðun á verkum hans! Árás hv. þm. S.-Þ. á Jón í Stóradal er því í alla staði ósæmileg og ómakleg; það veit ég, að allir hv. framsóknarmenn hér á Alþingi vita og viðurkenna, nema þessi hv. þm. Auk þess má nefna það, að Jón í Stóradal réði ekki lánveitingum til bænda í Mosfellssveit, heldur var það annar maður, sem þessi hv. þm. vill ekki tala illa um hér á þingi.

Aðfinnslur hans um afgreiðslu lánanna í Rangárvallasýslu eru líka ástæðulausar. Þar fannst ekki nema þessi eina villa. Annars er það létt verk að gera kreppulánaveitingar tortryggilegar í augum trúgjarnra manna. Það var svo, að bændur vildu yfirleitt fá sem lægst lán og sem mest eftir gefið, en kröfuhafar vildu aftur á móti, að lánin yrðu sem hæst og sem minnst væri gefið eftir. Þarna var vitanlega vandi að sigla milli skers og báru, en það vita allir, að Jóni í Stóradal tókst vel.

Hv. þm. S.-Þ. var að tala um það, að Framsfl. hefði minnkað. Það er rétt. Ég vil aftur á móti segja það, að enginn flokkur hefir vaxið meira en Bændafl., og ekki er sá vöxtur sízt að þakka því hneyksli, sem framið var gagnvart þeim flokki í byrjun þessa þings. Ég er ekki að segja, að þetta sé okkur að þakka, heldur er það mest Framsfl. að þakka. Það er mest að þakka þessum hv. þm. og hæstv. forsrh., og ég vil segja, að það sé líka það eina, sem bændur landsins hafa þessum mönnum að þakka.

Forsrh. (Hermann Jónasson) óyfirl.: Ég hefi fáu að svara hv. þm. V.-Húnv. Það er aðallega tvennt, sem ég vil minnast á. Það er vitað mál, að ekki komst á fundur í n. fyrir kosningarnar. Þetta hefir mikið verið um deilt í blöðum, og margsannað, að svo var.

Viðvíkjandi n. frá Búnaðarfél., sem átti að ákveða verðlag á kjötinu, er það að segja, að allt, sem hún hafði þar til að fara eftir, voru 10 búreikningar og milli 10 og 20 skýrslur. En

andstæðingar stj. hafa ekki ætlazt til annars en að nota þetta sem ádeilu á stj. Þess vegna er þetta allt fært úr réttu samhengi.

Þá vil ég víkja að hv. 10. landsk. Ég hefi sjaldan séð hann í eins æstu skapi eins og þegar hann var að svara mér seinast. Ég hélt satt að segja, að hann ætlaði að detta um í ræðustólnum. Það virðist hafa stafað af þeirri æsingu, sem var í skapsmunum hans, að hann byrjaði ræðu sína á því að segja, að ég hefði játað allt, sem hann hefði sagt, og svo eyddi hann öllum tíma sínum í að svara þeim röksemdum, sem ég bar fram í ræðu minni. Ég held, að það sé óheppilegt að byrja ræðu á því að skrökva, og það á þann veg, að hver einasti maður, sem hlustar á okkur, veit, að hann segir ósatt. Ég held, að hlustendur hljóti að draga þar af þá ályktun, að ekki sé heldur allt með felldu, þegar þeir hinir sömu menn fara að segja frá þeim atriðum, sem hlustendur geta hinsvegar ekki dæmt um, enda var ræða hans satt að segja ein samhangandi keðja af ósannindum, og skal ég nú færa sönnur á það, þó að það sé leiðinlegt að eiga orðastað við þennan hv. þm., því að það er hans aðferð að vefja málin meira en góðu hófi gegnir.

Hann sagði, að ég hefði deilt á bakarastéttina í Reykjavík og sagt, að þeir væru vondir menn. Ég sagði ekkert um þá nema það, að þeir hefðu selt mjólk fyrir bændur og tekið 8 aura fyrir á hvern lítra, og ég sæi ekki ástæðu til þess að trúa þeim fyrir framkvæmd mjólkurmálsins, sem hefðu reynzt þannig áður, heldur vildi ég gjalda varhuga við að afhenda þeim völdin í þessu máli.

Ég sagði ennfremur, hvernig þeirra verðlag væri með þá vöru, sem þeir selja. Þess vegna var þessu beinlínis skrökvað upp. Mér finnst satt að segja fara illa á því af prestvígðum manni að fara þannig með sannleikann. En til þess að taka alveg af skarið með dreifingarkostnaðinn, þá skal ég skýra það mál með nokkrum orðum, þó að það sé leiðinlegt að þurfa að fara út í það mál enn. Ég verð að biðja hlustendur að afsaka, þó að ég verði að endurtaka það, sem ég hefi áður sagt um það mál, en það leiðir af rökfærslum þessa manns, að maður verður að endurtaka það sama dag eftir dag, því að hann skýtur alltaf upp höfðinu aftur, þó að búið sé að berja hann niður og hans ósannindi.

Gerilsneyðingin er 3 aurar. Sölu- og flutningskostnaður í Reykjavík og Hafnarfirði og skrifstofukostnaður er 5⅓ aurar, eða samtals 8⅓ aurar. Meðalverð mjólkurinnnar er 37⅓ aurar. Sé þar frá dreginn kostnaðurinn, 8⅓ aurar, og verðjöfnunargjaldið, 3 aurar, samtals 11⅓ aurar, þá koma út 26 aurar, og það fá bændur útborgað. Og svo er hv. þm. að reyna að blekkja með því, að það séu einhverjir 7 aurar, sem eigi að skila bændum. Svona er málflutningur hv. þm. Þegar hann er kominn í rökþrot vegna þess að hann hefir sagt ósatt, þá segir hann bara ósatt aftur og kemur sér þar með í önnur vandræði. Hann virðist hafa gleymt því, að það er borgað 3 aura verðjöfnunargjald, sem fer til þeirra, sem selja ekki mjólkina hér, og hafa þeir þannig fengið 10550 kr. Hann virðist hafa gleymt þeim aurum. Kannske það séu þeir, sem hann er að fálma eftir með þessum 7 aurum, sem hann er alltaf að leita að.

Hann segir, að ég hafi ekki minnzt á árið 1933. Þá var skipulagningin ekki komin. Þá var dreifingarkostnaðurinn samkv. skýrslu Eyjólfs Jóhannssonar, sem birt var í Morgunblaðinu, 16 aurar á lítra. En til þess að tefja ekki tímann, þar sem þessu hefir ekki verið mótmælt, sé ég ekki ástæðu til að lesa hana upp lið fyrir lið.

Það, sem hv. þm. hefir fyrir sér í því, að frekar hefði átt að taka kostnaðinn 1934, þá er þar því til að svara, að eftir að ég gaf út bráðabirgðalögin um sölu mjólkur, þá tókst mjólkursölunum, m. a. Mjólkurfélagi Reykjavíkur, að þvinga þá menn, sem höfðu söluna á hendi, úr 8 aurum niður í 4 aura. Ég vil spyrja: Hvar eru þeir peningar? Mér er ekki kunnugt um, að þeir hafi komizt til skila í hendur bændanna. Þegar við ræðum um það verð, sem Mjólkurfélag Reykjavíkur borgaði, og það, sem Samsalan borgar nú, 26 aura til bænda í Mosfellssveit og 29 aura til þeirra, sem eru í nágrenni Reykjavíkur og hafa ræktað land handa búpeningi sínum, þá vil ég spyrja, og þá sérstaklega þá, sem eru í Mjólkurfélagi Reykjavíkur, ef einhverjir þeirra hlusta á mál mitt nú: Eru þeir, sem hafa fengið 20—25 aura úr Mjólkurfélaginu, vissir um, að þeir eigi ekki eftir að endurgreiða eitthvað af því til Mjólkurfélagsins aftur? Eru þeir vissir um, að þetta hafi verið það raunverulega verð? Þetta vil ég biðja þá menn, sem eru í Mjólkurfélaginu og hlusta á mig nú, að hugleiða. Ég býst við, að þeir geti svarað því sjálfir.

Þá er talað um það, að ég hafi látið mjólkina lækka í verði. Það er nú reyndar margbúið að svara þessu áður. Það má benda á, að einu sinni var mjólkin seld hér á 1 kr. lítrinn, og það voru bændurnir sjálfir, sem lækkuðu hana hvað eftir annað, því að þeir vissu eins og áður, að það er nauðsynlegt að selja vöruna eftir því kaupendamagni, sem fyrir er. Af þessu stafaði það, að þeir á Akureyri sáu sér mestan hag í því að lækka mjólkina niður í 25 aura, til þess að geta selt sem mesta mjólk sem neyzlumjólk, en minnkað vinnsluna, því að verð fyrir hana er miklu lægra. Það er af sömu ástæðu, að vitnað hefir verið í Noreg og Svíþjóð. Það er oft talað um, að bændur í Noregi ráði öllu í mjólkursölumálunum, en það er ekki nema hálfur sannleikur. Hvað fá bændurnir þar? Þeir fá 12—14 aura nettó, en 26 aura í Mosfellssveitinni, meira en helmingi hærra verð. Og hvernig er það í Svíþjóð? Þar lækka þeir mjólkina til þess að losna við vinnslumjólkina, og um leið hafa þeir komið af stað stórkostlegri agitation til þess að fá menn til þess að neyta meira af nýrri mjólk.

Þá er það eitt árásarefnið, að bændur fái ekki að ráða sjálfir yfir mjólkurmálunum hér. Það er nú búið að margtaka það fram, að þetta er ekkert nema blekking af aumasta tægi, alveg eins og þegar því er haldið fram, að bændur

fái engu að ráða í kjötverðlagsn., þó að þar séu Helgi Bergs, Jón Árnason og Páll Zóphóníasson. Alveg er það sama með mjólkursölun. Þar eru bændur og fulltrúar bænda í stórum meiri hl. Annars þykir mér ekki þörf á að endurtaka það frekar, því að það þreytir hv. þm. og aðra hlustendur, þótt ég hinsvegar neyðist stundum til þess vegna framkomu hv. 10. landsk.

Viðvíkjandi þessari skipulagningu, þá var rökfærsla hv. þm. hagað þannig, að ýmist var það gert að ádeiluefni, að það væru alófærir menn, sem væru látnir stjórna þessum málum, en þegar valinn er allra þekktasti mjólkurfræðingur landsins til þess að koma skipulagi á söluna og viðskipti milli búanna, þá er sagt, að það sé yfirlýsing um það, að mjólkursölunefnd sé ófær til að annast það, og þá er deilt á stj. fyrir, að hún hafi valið þennan mann til starfans, en ekki mjólkursölun. Svona er nú samræmið. En þetta var gert eftir beiðni mjólkursölunefndar, og nú er þessi maður byrjaður á að skipuleggja viðskiptin á þann hátt, sem hann hafði ráðið fyrir löngu síðan. Hér beitir hv. þm. alveg sömu aðferðinni og í ósannindunum um 7 aurana; hann reynir vegna skorts á rökum að vefja málið þoku til að reyna að villa mönnum sýn.

Þá var hann að hrópa upp með það, að það sýndi m. a. hina gegndarlausu ósvífni og skipulagsleysi í mjólkurmálunum, hvernig komið væri með skyrsöluna, hversu mikið hún hefði minnkað. Til þess að geta sannað lið fyrir lið þessi ósannindi — mér liggur við að segja visvitandi ósannindi —, þá tók ég hér með mér skýrslu frá mjólkursamsölunni um þetta atriði. Vil ég biðja alla hlustendur — þó sérstaklega hv. þm. — að taka vel eftir, því að hér kemur fram rétt mynd af rökfærslum og ósannindum hv. þm.

Þessi skýrsla er um skyrsöluna 1934. Þá var safnað skýrslum frá öllum búum, sem seldu nýtt skyr. Það er áætlað og er vel í lagt, að Hvanneyri hafi selt jafnmikið og Mjólkurbú Borgfirðinga. Alls er salan 177687¾ kg. yfir árið, eða tæp 178 þús. kg. En skyrsalan í ár, frá 15. jan. til 30. nóv., eða 1½ mán. skemur, var 180000 kg. Og svo segir hv. þm., að skyrsalan hafi minnkað um helming! Þið heyrðuð öll, að hann sagði, að hún hefði minnkað um helming. Hugsið ykkur svona rökfærslu! Hugsið ykkur slíkan prest!

Hann segir, að skyrsalan frá Mjólkurbúi Borgfirðinga hafi algerlega lagzt niður. Það er ósatt líka. En er það þá mögulegt, að nokkur þm., og það prestvígður maður, geti skrökvað svona? Ég skal láta tölurnar tala. Samkv. eigin uppgjöri seldi Mjólkurbú Borgfirðinga árið 1934 8382 kg., en frá 15. jan. til 31. okt. seldi Samsalan fyrir þetta bú 26338 kg. M. ö. o. sannleikanum er svo nákvæmlega snúið við. Hér er þó svo vel í lagt, að gert er ráð fyrir, að Hvanneyri hafi selt eins mikið og búið. Þarna hefir því skyrsalan tvöfaldazt, í staðinn fyrir það, að hv. þm. sagði, að hún hefði lagzt niður. Það er satt að segja þreytandi að verða að standa í því ár eftir ár að reka ósannindi ofan í þennan hv. þm. — Gerið svo vel, hv. þm., hér eru skýrslurnar. —

Alveg það sama er að segja með kjötsöluna. Ég hefi lítinn tíma, en vil þó verja nokkru af honum til að minnast á það. Það hefir mest verið deilt á kjötsöluna 1934. Ég hefi áður bent á, og vil nú endurtaka það, að sá maður, sem ég valdi til þess að standa fyrir henni þá, Jón Ívarsson, var áreiðanlega sá bezti maður, sem hægt var að fá til þess að annast kjötsöluna, og því var haldið fram af þessum hv. þm. Í þessari framkvæmdastjórn voru ennfremur menn eins og Helgi Bergs og Jón Árnason. Svo ræðst hv. þm. á mig fyrir það, að ég hafi valið mennina sérstaklega illa. Hvað finnst ykkur um svona rökfærslur?

Því er einnig skrökvað hjá hv. þm., að Sláturfélag Suðurlands hafi ekki fengið nema 7 aura upp í frystikostnaðinn. Það fékk 7 aura og 8 aura, eða samtals 15 aura.

Þegar hv. þm. hætti sér út í þetta, — takið eftir því, hv. þm. og útvarpshlustendur —, þá hafði hann vit á því að fara fljótt yfir sögu, þegar hann kom að því, sem gerðist, þegar hann var atvmrh., og ætlaðist til þess, að ef kjötið væri selt á erlendum markaði fyrir 72 au., þá ætti ekki að bæta það upp. Þetta var krafan, sem hann gerði til sjálfs sín, þegar hann var atvmrh. Honum hefir orðið illa við það, að þetta er staðfest, og ég er ekki undrandi yfir því, þegar líka er tekið tillit til þess, að þeir menn, sem hann hefir unnið með, eins og hv. 7. landsk., hefir haldið því opinberlega fram, í grein, sem hann skrifaði í Morgunblaðið, að hann álíti, að það verð, sem bændur þurfi að fá fyrir kjötið, sé 40 aurar. Þetta er maðurinn, sem sá ráðh., sem ekki vildi borga uppbót á 72 aura, vildi vinna með. Þar með er það sannað, hver útkoman hefði orðið af þeirri samvinnu. Það hefði orðið meðaltalið, 56 aurar. En þannig er þessi hv. þm. Hann kemur nokkuð öðruvísi fram, þegar hann er atvmrh. en þegar hann er þm. í andstöðuflokki. Það er einnig merkilegt, og takið þið eftir því, að þegar hann var atvmrh., þá voru engar kröfur gerðar frá hans hendi um að hækka jarðræktarstyrkinn. Þá kom engin krafa um verðuppbót á kjöt, sem seldist á 72 aura, engin krafa um að greiða áframhaldandi styrk til frystihúsa. Það voru ekki einu sinni framkvæmd af þessum ráðh. ákvæði l. frá 1933 um styrk til mjólkurbúa. Hann sveikst um það, og svo urðum við að borga það, þegar við komum í stj. og ríkiskassinn var tómur. Hann gerði engar kröfur um erfðaábúð á jörðum, engar kröfur um nýbýli, engar kröfur til kartöfluverðlauna, hann gerði ekkert í framfærslumálunum, sem er eitt af þeim málum, sem mestu varða. Hann gat ekkert gert í mjólkurmálinu nema að gefa út l., sem voru svo limlest í höndunum á honum, að það var ekki hægt að framkvæma þau. Þau voru svo aum, að ég fékk fyrirskipun um að framkvæma þau ekki. Þetta er margsannað með staðfestum vottorðum frá fyrrv. fulltrúa mínum, Jónatan Hallvarðssyni. Þessi l. urðu mest til hagsbóta fyrir þann verksmiðjuiðnað á mjólk, sem var þá að rísa upp hér í kringum Reykjavik, sbr. 58 kúa fjósið, sem þá var byggt. Það er bautasteinninn yfir þessum fyrrv. atvmrh. Þá var verið að

koma mjólkurmálunum í það horf, að það hefði fyrirsjáanlega orðið til þess að gereyðileggja mjólkurmarkaðinn fyrir þá, sem bjuggu í nágrenni Reykjavíkur, með þessari verksmiðjuframleiðslu á mjólk, sem átti að færa inn í bæinn. Það voru þessi l., sem hv. form. Sjálfstfl. kom með inn í þingið.

Kjötmálið var líka óleyst. Þannig stóðu þessi mál öll. Nú er risinn hér upp spámaður mikill og gerir kröfur um þessi mál. Þessi spámaður er á þingmáli nefndur hv. 10. landsk., en heitir öðru nafni Þorsteinn Briem. Nú er hann að gera kröfur í þeim málum, sem atvmrh. með sama nafni gleymdi að gera kröfur um til sjálfs sín. Og það er hætt við, að þessi hv. þm. mundi breytast í sama umskiptinginn, ef hann hefði tök á að ná einhverntíma völdum aftur.

Jón Baldvinsson (óyfirl.): Það, sem hefir einkennt þessar eldhúsdagsumr. upp á síðkastið, er aðallega það, að umr. hafa mest snúizt um málefni sveitanna. Það má segja, að Bændafl., þótt hann sé ekki stór á þingi og með þjóðinni, hefir tekið mikinn þátt í þessum umr. Lítur út fyrir, að Sjálfstfl. hafi lofað honum að ráða því, að umr. hafa snúizt að mestu leyti um mál sveitanna. Ég er ekki alveg viss um, að Sjálfstfl. hafi gert honum greiða með þessu, heldur hafi hann gert það til þess að forða sér frá því að tala um mál kaupstaðarbúa. Mér dettur líka í hug, að þeir viti, hvernig málum núv. stjórnarflokka er tekið í kaupstöðunum, og þeir eru svo nærri fólkinu þar, að þeir vita dálítið um hlut þess. Það var sagt hér á dögunum, þegar samkomulag stjórnarflokkanna var birt, að þá ætluðu sjálfstæðismenn að taka á leigu 3—4 fundarhús til þess að halda mótmælafundi gegn skattaálögunum og þeim málum öðrum, sem stj. hefir komið sér saman um. Það fórst nú einhvernveginn fyrir, að þessir stóru mótmælafundir væru haldnir þá, má vel vera, að þeir verði haldnir síðar, og skal ég ekkert um það segja, en ég gæti hugsað, að Sjálfstfl. hefði komizt að raun um það, að þessi mál stj. væru ekki svo illa séð hjá kaupstaðabúum, heldur ættu jafnvel talsverðu fylgi að fagna, og því hafi þessi fundarhöld öll farizt fyrir. Þess vegna vilja þeir nú tala við fólkið úti um byggðir landsins. Það hefir ekki getað fengið nýju blóðin, og þess vegna ekki getað fylgzt eins vel með þessum málum.

Hv. þm. V.-Húnv. hafði í kvöld eftir áður tilgreindum Alþýðuflokksmanni ummæli, sem mér finnst rétt að taka til athugunar. Ummælin voru um það, að við hefðum sagt á fundi, hvernig við ætluðum að fara að því að leggja undir okkur fyrst Framsfl. og eyðileggja síðan Sjálfstfl. Þetta er verk hvers flokks. Hver flokkur reynir að bæta við tölu kjósenda sinna, og þess vegna er ekkert athugavert við það, þótt við höfum látið í það skína, að við viljum vinna kjósendur frá þessum flokki. Vaxi fylgi einhvers flokks, hlýtur kjósendum einhvers annars flokks eða flokka að fækka að sama skapi. Ef þetta á að vera til þess að spilla milli Framsfl. og Alþfl., þá er það mikill misskilningur. Þeir eru ekki svo blankir, framsóknarmenn, að þeir vita, að þetta er markmið hvers flokks, og þetta er þeirra markmið líka. En það, sem mér dettur í hug, er það, að það hljóta að vera kjósendur Bændafl., sem eru auðveldast herfang fyrir hina flokkana. Mér finnst þeir vera talsvert villuráfandi á þessum síðustu tímum, því að þótt Bændafl. hafi einhverntíma í byrjun haft einhver vaxtarskilyrði, þegar merkir menn veittu honum forstöðu, þá hafa allar þær vonir brostið, þegar þessir menn veita honum forstöðu. Þá var heldur ekki komið á það samband milli Sjálfstfl. og Bændafl., sem ég lýsti í ræðu í kvöld, sem sé að það lítur út fyrir, að Sjálfstfl. hafi gleypt Bændafl. með húð og hári. Sjálfstfl. er það versta illyrmi að þessu leyti, að hann er kunnur að því að gleypa flokka með húð og hári. Hann gleypti gamla Sjálfstfl. 1929. Það sýndi sig við kosningarnar þá, að hann hafði gleypt hann allan, en samt fitnaði hann ekki, því að útkoman varð litlu betri en áður. Ég hefi stundum verið við veiðiskap og átt þess þá kost að sjá eitthvert það gráðugasta rándýr, svo að ég noti orð hv. 3. þm. Reykv., og veitt því athygli, hversu því hefir lánazt að kyngja stórum bitum. Ég hefi séð tveggja punda urriða gleypa punds urriða, og svo gleypa þeir auðvitað minni seiði líka. Það má segja, að þegar núv. Sjálfstfl. gleypti gamla Sjálfstfl., þá hafi þar tveggja punda urriðinn gleypt punds urriðann. Og hvað yrði honum þá fyrir því að gleypa annað eins seiði og Bændafl., svo að ekki sést nema rétt á sporðblöðkuna af Bændafl. út úr gini Sjálfstfl. En hv. 10. landsk. sárnaði svo þessi lýsing, sem ég gaf af þessu samstarfi og samvinnu Sjálfstfl. og Bændafl., að hann kallaði það rógburð, sem ég fór með, og þó gerði ég ekki annað en að lýsa satt og rétt því, sem farið hefir fram í viðskiptum þessara tveggja flokka. Ég lýsti því satt og rétt, hvernig Jón í Dal hefði jafnan svikið sinn flokk til þess að þóknast sjálfstæðismönnum, og líka hversu sjálfstæðismenn hefðu brugðið gefnum loforðum til þess að þóknast duttlungum Jóns. Svona hófst samvinnan, og því hafði ég þau orð um, að ekki væri ástæða til að ætla, að þetta mundi vel fara að lokum.

Hv. þm. V.-Húnv. talaði um þá ósvífni sósialista, að heimta yfirráð afurðasölumálanna í sínar hendur. Þessi ósvífni hefir þó ekki gengið lengra en það, að þeir eiga einn mann af fimm í mjólkursölunefnd og einn mann af sjö í kjötverðlagsnefnd. Ég veit ekki, hvernig væri hægt að fara fram á minna heldur en einn mann í hvora n. Og sérstaklega þegar þarf að koma sér vel við neytendurna í kaupstöðunum, þá er ekki nema eðlilegt, að sá flokkur, sem meðal þeirra hefir einkum fylgi, fái að hafa einhver áhrif á, hvernig með þessi mál er farið. Ég tel það happ fyrir þá, sem með mjólkursölúna fara, að hafa getað fengið mann úr hópi neytenda til að starfa með sér, og ég skoða það óviturlegt af hv. 10. landsk., sem er talinn slægur maður, að hann skuli heimta, að bændur taki þetta að öllu leyti í sínar hendur. Ef svo væri fram farið, er hætt við, að þeir fengju neytendahópinn upp á móti sér, eins og t. d. Mjólkurfélag Reykjavíkur meðan það fór með mjólk-

ursöluna. Hinsvegar tel ég viturlegt af hæstv. stj. að taka þetta tillit til neytendanna, að leyfa þeim að taka þátt í þeim ráðstöfunum, sem gerðar eru í afurðasölumálunum.

Hv. þm. V.-Húnv. sneri út úr orðum mínum um bitlinga, sem hann hafði áður minnzt á. Hann hafði það eftir mér, að þeir bændaflokksmenn hefðu ekkert gert til þess að ná sér í bitlinga. Þetta sagði ég ekki. Ég sagði, að að svo miklu leyti, sem þeir gerðu till. um afurðasölumálin — í þeirra aumu till., orðaði ég það víst —, hefðu þeir gert ráð fyrir nefndum, sem stjórnuðu þessu, en þessi nefndarstörf eru það, sem þeir nú kalla bitlinga. Ég er alls ekki svo viss um, að þessir bændaflokksmenn séu saklausir af að hafa náð sér í bitlinga meðan þeir höfðu sér vinsamlega ríkisstj. Það voru ein svik Jóns í Dal við framsókn, þegar hann braut samþykkt þess flokks til þess að ná sér í stöðu við Búnaðarbankann. Ég er ekki að segja, að hann hafi náð sér þar í bitling, hann innir þarna starf af hendi, þó misjafnir dómar séu um, hvernig honum ferst það. Það er ekki rétt að kalla allt slíkt bitlinga, ef menn leggja hæfilegt starf af mörkum fyrir laun sín, en þetta er nú samt gert. Hvernig er það þá með hv. þm. V.-Húnv. í þessu efni? Sótti hann nokkuð eftir svokölluðum bitlingum? Ekki getur það verið, þegar hann æsist upp hér í ræðum sínum og kallar stjórnarliðið bitlingahítir og þar fram eftir götunum. Það skyldi maður ætla.En það er nú samt eins og mig minni, að hann sé ekki alveg frí við þetta. Það er eins og mig rámi eitthvað í, að þegar hann átti mann í ríkisstj., þá hefði hann nokkra bitlinga samtímis. Ég man eftir þremur, en býst við, að þeir hafi verið fleiri. Hann var endurskoðandi landsreikninganna, — það er kallaður bitlingur nú á dögum. Hann var settur í n. til þess að undirbúa mjólkurlögin; ég ímynda mér, að hann hafi ekki unnið þar fyrir ekki neitt. Ég hefi að vísu ekki farið yfir bókhald ríkisféhirðis til að athuga þetta, eins og bændaflokksmenn hafa stundum verið að gera til þess að tína saman ýmsar tölur. En ég þykist vita, þó hér sé um að ræða góðan mann, sem vill spara fyrir föðurlandið, að hann hafi eitthvað tekið fyrir þetta. Þá var hann settur í innflutnings- og gjaldeyrisnefnd, og var hann alllengi í þeirri n. Er mér beinlínis kunnugt um, að hann gerði það ekki fyrir ekki neitt. Hann fekk borgun á hverjum mánuði fyrir það starf, sem náttúrlega er nauðsynlegt starf, en í hans munni heitir það bitlingur, og er því bezt ég orði það svo. Þá er ég búinn að telja bitlinga, sem þessi hv. þm. hafði samtímis, og þó ég satt að segja viti dálítið meira um hans bitlingaveiðar í tíð þeirrar ríkisstj., sem hann studdi, þá vil ég ekki vera að angra hann meira.

Ætla ég þá að sleppa þeim bændaflokksmönnunum, sem hafa fengið hér svo herfilega útreið í kvöld, að ekki er á það bætandi. Af því þeir eru með hortugheit, er eðlilegt, að þeim sé lúskrað dálítið sjálfum með þeim vopnum, sem þeir eru að myndast við að nota.

Hv. þm. V.-Sk. flutti hér einskonar fyrirlestur í dag. Í honum var reyndar ekki neitt, sem ég þarf sérstaklega að svara, því mest af efninu var aðeins hugleiðingar, og það fáa, sem svaravert var, hefir hæstv. fjmrh. hrakið ofan í hv. þm. En mér þykir rétt að benda á, að þessi ræða var full af þeim dæmalausa þjóðrembingi, sem ekkert á skylt við sanna sjálfstæðisbaráttu. Ef maður ber þessa ræðu saman við þær ræður, sem þýzku blöðin flytja á hverjum degi eftir foringja nasista, þá er þar svo mikill skyldleiki á milli, að ef tekið væri úr ræðu hv. þm. V.-Sk. það, sem beinlínis er bundið við nafn Íslands, þá gæti enginn þekkt hana frá ræðum hinna þýzku nasista. Þessi hv. þm. er alltaf í einu orði að tala um kommúnista og stjórnarflokkana. Nú veit hann vel, svo framarlega að hann fylgist svo með í opinberum málum sem þingmannsskyldan leggur honum á herðar, að kommúnistaflokkurinn í þessu landi lætur ekkert tækifæri ónotað til þess að svívirða Alþfl., reynir að leggja allar hans till. út á versta veg og rægja hvert það mál, sem hann ber fram. Samt telur hv. þm. þetta einn og sama flokk, þessa flokka, sem berjast sín á milli hinni harðvítugustu baráttu, jafnharðvítugri baráttu og þeir berjast gegn Sjálfstfl. Þetta ætti hv. þm. að vita. En hann gengur framhjá því, af því hann hefir þýtt einhverja nasistaræðu og brugðið nafninu Ísland inn í á viðeigandi stöðum, til þess að villa mönnum sýn. Þessi þjóðrembingur hv. þm. á ekkert skylt við hið sanna sjálfstæði; hann á ekkert skylt við baráttuna fyrir því að reyna að skapa fólkinu sæmileg lífskjör og manna það, svo það geti tekið að sér það sjálfstæði, sem við vonum allir, að þjóðin geti tekið við á sínum tíma. Það er hið sanna sjálfstæði, en ekki sá nasistiski þjóðrembingur, sem kom fram í ræðu hv. þm. V.-Sk. í dag.

Gísli Sveinsson (óyfirl.): Herra forseti! Ég tel rétt að eyða örfáum orðum að síðasta ræðumanni, sem er hinn rétti hæstv. forseti Sþ. Hann gat ekki setið á sér — ég vil ekki segja á stráknum sínum, af því hann skipar svo virðulegt embætti — að stíga niður úr sæti sínu til þess að hjálpa sínum flokki, og stjórnarflokkunum báðum, að eltast við allar þær ákúrur og þær virkilega veigamiklu ákærur, sem komið hafa fram frá stjórnarandstæðingum. Sérstaklega var hann aumur út af þeim orðum, sem ég lét falla í fyrsta kafla ræðu minnar í dag, þar sem ég benti með nokkrum orðum á atburðinn 1. des. Sá atburður mun hv. þm. eins ferskur í minni eins og mér og hverjum öðrum. Af orðum hv. 4. landsk. mátti ráða það, sem ég gat um, en lagði ekki mikla áherzlu á, að stjórnarflokkarnir hefðu ekkert haft við þetta að athuga. Nú fékkst full staðfesting á því, að þeir hafa talið gott og gilt það, sem flutt var hér af svölum alþingishússins af hálfbróður þeirra í flokkslegu tilliti, sem þar talaði,og vilja áfellast þá, sem ekki kunnu við það.

Annað var ekki í ræðu hv. 4. landsk. svaravert, enda hefi ég ekki tíma til að fara frekar út í það, sem hann sagði. Hann má kenna mig við hvaða þjóð sem hann vill, ég tala sem Íslendingur út frá íslenzku sjónarmiði og tel

það eitt rétt, en ekki þann undirlægjuhátt gagnvart öðrum þjóðum, sem hefir lengi lifað í flokki þessa hv. foringja. Þá verð ég að víkja að þeim öðrum aths. við mál mitt, sem fram hafa komið upp á síðkastið. Þó skal ég geta þess að því er snertir afurðasölumálin, að ekkert hefir komið fram, sem getur talizt hrekja það, er ég sagði um þau mál, sem var í raun-inni samandregið álit stjórnarandstæðinga, er þeir hafa haldið fram í þeim umr., sem farið hafa fram um þessi mál. Þegar hæstv. forsrh. svaraði þeim, sem deilt hafa á stj. fyrir að lækka mjólkurverðið hér í Rvík, komst hann svo að orði, að mjólkin hefði í raun og veru ekki lækkað, því 42 aura verðið áður en samsalan tók til starfa hefði aðeins verið á papp-írnum; það hefði verið gefinn svo og svo mikill afsláttur. Skömmu seinna sagði sami ráðh., að dreifingarkostnaðurinn hefði verið 16 aurar hjá Mjólkurfél. Rvíkur. Þá hefir hann miðað við 42 aura verð, því útborgaðir voru 26 aurar fyrir lítra. Í þessu kemur fram mótsögn, sem maður er að vísu ekki óvanur við hjá þessum hæstv. ráðh., en ég bendi á þetta vegna þess, að að því leyti sem þetta er vísvitandi, er það sýnilega gert til þess að blekkja áheyrendurna, því menn vita, að Mjólkurfél. Rvíkur vann jafnan úr einhverju af mjólkinni, og hefir þá fengið lægra verð fyrir það.

Þá var þessi hæstv. ráðh. að blása sig eitthvað upp hér fyrir hönd skjólstæðings síns, forstjóra raftækjaeinkasölunnar. Var það þó ekki svo nauðsynlegt, því það, sem ég sagði um þennan mann, er að öllu leyti réttmætt, og má t. d. vitna til þess, að stjórnarblaðið, Alþýðublaðið, hafði um hann svæsnari ummæli, því ég byggði á staðreyndum, og veit ég þó ekki til, að hann hafi gert neitt til þess að hrinda af sér þeirri árás. Skal ég, með leyfi hæstv. forseta, lesa upp nokkuð af því, sem Alþýðublaðið sagði 2. apríl síðastl. um þetta fyrirtæki, raftækjaeinkasöluna, og forstjóra hennar:

„Sú ráðstöfun, að sameina raftækjaeinkasöluna og tóbakseinkasöluna undir einni forstjórn, er þegar mjög óheppileg. ... En auk þess að vera óheppileg verður þessi ráðstöfun að teljast mjög víta-verð, þar sem vitað er, að hinn nýskipaði forstjóri verður að semja við sjálfan sig um kaup á birgðum af þeim vörum, sem einkasalan á að verzla með. Þar við bætist, að hlutaðeigandi maður rekur einnig smásölu á raftækjum, og mun þar af leiðandi halda áfram að skipta við sjálfan sig, og hefir jafnvel heyrzt, að hann muni hafa í hyggju að gera það í stórum stíl. Er það og ekki ótrúlegt, þegar á það er litið, að hann hefir haft sömu aðferðir á sviði tóbaksverzlunarinnar hér í bænum". Ég læt þetta nægja. Það er úr hæstv. stjórnarblaði, frá þeim, sem bezt ættu að þekkja þennan mann, því hann var flokksbróðir þeirra þangað til nýlega, og fékk hann hæfilegar kveðjur frá þeim, þegar hann fór, sem vitna um, hvert álit þeir höfðu á manninum. Annars er einkennilegt af hæstv. ráðh. að verja sig með því, að ekki megi nefna aðgerðir í einhverju máli af því, að utanþingsmaður sé við það riðinn. Vitanlega er óheyrt að halda slíku fram, ef það er meiningin, að ekki megi gagnrýna það, sem hæstv. stj. gerir, vegna þess að utanþingsmenn komi við það. Það er gefið, að við flestar aðgerðir, sem stj. lætur sér úr hendi fara, eru riðnir meira og minna hinir og aðrir menn, sem ekki eiga setu á Alþingi. Þetta er aðeins til þess að skjóta sér undan réttmætum ákúrum, enda eru þeir ekki að hugsa um slíkt sjálfir, hæstv. ráðh. Ég veit ekki betur en hæstv. forsrh. réðist hér á utanþingsmann, Eyjólf Jóhannsson, og kallaði hann lygara, glæpamann o. s. frv. Sama gerði hv. 9. landsk. Það er vitað, að þessi maður getur ekki fremur borið hönd fyrir höfuð sér hér heldur en aðrir, sem ekki eiga sæti á þingi. Og síðast í kvöld henti það hæstv. forsrh. að blanda öðrum utanþingsmanni, Jóni í Dal, hvatskeytlega inn í umr.; veitti hann honum ákúrur, sem að vísu voru sumpart á lítlum rökum byggðar og sumpart ósannaðar. Ég nefni þetta aðeins sem dæmi um, hvernig þessir menn fara sjálfir að því að deila á aðra.

Þá skal ég víkja nokkrum orðum að hæstv. fjmrh. Hann þóttist ætla að svara því, er var mergurinn málsins í ræðu minni, þeirri, er hæstv. forseti kallaði þýzku ræðuna; veit ég ekki, hvort það er af því, að raftækjaeinkasalan sé í þeirra herbúðum talin þýzk, en nokkuð er það, að fullyrt er, að hún sé praktiseruð hér úti sem þýzk væri. Því það er sannað, að raftækjaeinkasala ríkisins er öðrum þræði þetta firma, sem kallað er A. E. G., sem forstjórinn einmitt var riðinn við, og er máske ennþá, og fulltrúi hans við þetta starf líka. Fyrir þessu er hægt að leggja fram sannanir hvenær sem er, en ég ætla aðeins að benda á eitt atriði, sem er áberandi. Hér er verið að byggja sundhöll, eins og menn vita, sem er eign ríkisins. Samt leyfir raftækjaeinkasalan sér að koma því svo fyrir, að þessi stofnun getur ekki fengið nokkuð dýran hlut, sem hún þarf að fá frá útlöndum, frá öðru firma en A. E. G., enda þó muni talsvert miklu, jafnvel einum þriðja, á verðinu. Það var sem sé þannig, að panta átti rafmótor fyrir sundhöllina. Leitað var upplýsinga hjá verzlunarhúsi hér og pöntun gerð, en áður en endanlega var gengið frá þessari verzlun var raftækjaeinkasalan komin á. Þurfti hún nú að koma hér til skjalanna og heimtaði, að tækið væri keypt frá A. E. G. Varð að gera það, þó miklu munaði á verðinu. Rafmótorinn mátti fá hjá því firma, sem upphaflega átti að skipta við og hefir beztu vörur, fyrir 330 ríkismörk, en af því taka varð hann hjá A. E. G. kostaði hann 480 ríkismörk. Munaði þannig 150 ríkismörkum á þessum litla hlut. Þetta mun liggja skjallega fyrir, og þannig er með hvað eina.

Hæstv. ráðh. heldur fram, að raftækjaeinkasalan leggi ekki meira á en lög heimila. En reynslan sýnir allt annað, og skal ég nefna nokkur dæmi. Sérstök tegund vartappa kostaði hér áður 6.95, en kostar frá einkasölunni 18 kr. stykkið, eða hafa með öðrum orðum hækkað um 158%. Önnur tegund vartappa var fáanleg fyrir 7.30, en er nú komin upp í 25 kr. stykkið. Þar er hækkunin 242%. Menn athugi það, að samkv. lögum mátti leggja á mest

75%. Þá var sömuleiðis vartappategund, sem kostaði 15.85, en kostar nú 43 kr. (hækkun 171%), og enn ein, sem kostaði áður 17.25, en nú 70 kr. Þar er hækkunin komin upp í 305%. Þá má benda á saumavélarlampa, sem áður kostaði 3.15 stykkið, en nú er kominn upp í 15 kr., það er 376% hækkun. Fyrir þessu er hægt að leggja fram fullnægjandi gögn hvenær sem er. Má merkilegt heita, ef hæstv. ráðh. vill bera fyrir sig fávizku í þessu efni. Sýnir hann sig þá fávísari heldur en fávizkan leyfir, ef hann lætur aðra segja sér, að ekki séu lögð á nema 75%, og hleypur svo eins og fífl með það inn í þingsalina.

Svipað er að segja um verðhækkunina á bifreiðum. Mér þykir leiðinlegt, ef hæstv. ráðh. hefir það eftir forstjóra viðtækjaverzlunarinnar, að bílar hafi ekki hækkað í verði, því ég þekki hann ekki að neinu illu og þykir því líklegra, að hér sé um að kenna fávizku og óskammfeilni hæstv. ráðh. Það er á allra vitorði, og er hægt að leggja það fram skjalfest, að bílar hafa hækkað í verði, ekki minna en 50%. Auk þess er það, sem verra er en þessi hækkun, að varan er að ýmsu leyti miklu verri en áður, svo fróðir menn telja jafnvel óforsvaranlegt að selja slíka hluti. Hvað verðhækkunina snertir, þá segja þeir, sem bezt þekkja til, þeir, sem fengust við þessa verzlun áður, að hún geti ekki verið að kenna markaðinum ytra. Þeir vita, að ef um nokkra verðhækkun er að ræða þar, þá er hún í hæsta lagi ekki nema 5%, eða eitthvað því um líkt.

Ég hefi í kvöld fengið kvittanir frá þeim, sem bílasöluna höfðu áður, og einkasölunni, sem eiga við sömu tegund bíla. Samkv. þeim kostaði bíll af þessari tegund áður en einkasalan komst á 3040 kr., en kostar nú 3700 kr. Það eru 6 til 7 hundruð, sem þarna munar, og þó átti þessi tegund bíla eiginlega að kosta 3850 kr. til Péturs og Páls, en af því í hlut átti firma, sem verzlar mikið og borgar kontant, þá fekk það þennan afslátt. Einnig er hægt að benda á fólksbílategund, sem kostaði áður 4400, en kostar nú ekki minna en 5600—5800 kr. Svona má lengi halda áfram að telja.

Ég ætla að enda á því, af því tími minn er nú búinn, að geta aðeins um það, að hæstv. fjmrh. var að vandræðast yfir því, að þessi forstjóri hefði látið grátbæna sig til þess að taka að sér að vera fyrirmaður raftækjaeinkasölunnar. Ef svo hefir verið, er það einkennilegt, að ekki skyldi mega verða við þeim gagngerðu kröfum, sem fram komu um, að hann léti af forstöðu þessa fyrirtækis, þegar jafnvel stjórnarliðar töldu til þess ýmsar ástæður, að hann væri til þess starfa óhæfur. En nú bregður svo við, þegar gögn liggja fyrir, sem mótmæla stjórn þessa forstjóra á raftækjaeinkasölunni, að hann tekur það ráð að senda umsögn sína í stjórnarráðið, og nú mun hæstv. fjmrh. vera að yfirvega, hvort hann á að gefa honum lausn í náð.

Fjmrh. (Eysteinn Jónsson) [óyfirl.]: Herra forseti! Ég kemst ekki til að svara öllu, sem ég kysi að svara, á þeim tæplega 15 mínútum, sem ég hefi ætlað mér að tala.

Ég ætla að byrja á hæstv. síðasta ræðumanni. Hann minntist á raftækjasöluna. Til marks um hlutvendni hans er það, að hann nefnir sem dæmi um óeðlilegt samband einkasölunnar við AEG, að ákveðið hafi verið að kaupa af því firma vél dýrara verði en hún gat fengizt annarsstaðar. Það er gott, að þetta kemur fram, því að það upplýsir tvennt: óhlutvendni hv. þm. V.-Sk. og firru þeirra staðhæfinga hv. þm. V.-Húnv., að vanrækt hafi verið að halda viðskiptum vorum til Þýzkalands, til þess að tryggja bændum hinn þýzka markað fyrir afurðir sínar. Þessi vél er einmitt keypt frá AEG, til þess að halda viðskiptunum til Þýzkalands, því að hitt tilboðið var ekki frá Þýzkalandi. Þetta flettir ofan af þeim báðum í senn, hv. þm. V.-Sk. og hv. þm. V.-Húnv.

Þá hélt hv. þm. V.-Sk. því fram, að vörur einkasölunnar hefðu hækkað um allt að 375% í verði. Ég hefi nú ekki handbærar tölur um þetta, en ég verð þó að segja, að þetta er að ljúga of ólíklega. Annars verður látin fara fram athugun á þessu á sínum tíma. Þetta er álíka og ef einhver segði: Ég gat á þessum stað fengið vasahníf fyrir krónu, en annarsstaðar kostaði hann 20 krónur. Ætli ekki hafi verið einhver munur á hnífunum?

Annars get ég upplýst það, að bifreiðar hafa ekki hækkað í verði í meðferð einkasölunnar. Mun forstjóri hennar síðar gera grein fyrir því.

Þá var hv. þm. V.-Húnv. að klifa á því, að ég færi ekki rétt með viðvíkjandi greiðslunum til Guðbrands Magnússonar. En Ásgeir Ásgeirsson hefir upplýst það, að Guðbrandi hafi á sínum tíma verið lofað uppbót á fundi fjvn. Alþingis. Hér gegnir sama máli og um þóknunina til hv. þm. Rang., Péturs Magnússonar, sem var ákveðin á fundi þeirra Magnúsar Guðmundssonar, fyrrv. dómsmrh., og Ásgeirs Ásgeirssonar. En nú vill hv. þm. láta líta svo út, sem Guðbrandur Magnússon hafi sjálfur ákveðið handa sér þessa 6 þús. kr. þóknun.

Þá er aðalatriði þessara mála, greiðslujöfnuðurinn við útlönd og ummæli hv. þm. G.-K. í því sambandi. Það var reyndar rétt hjá þessum hv. þm., að aðalatriðið í fjármálum okkar er baráttan fyrir því að jafna viðskiptin við útlönd. En það er eftirtektarvert, hvernig hv. þm. tekur á málunum. Hann sér, hvernig allt þokast í áttina að þessu takmarki, eftir því sem tímar líða. Við það fyllist hann og þeir stjórnarstæðingar heift mikilli, af því að þeir geta ekki ráðizt á árangurinn, eins og hann liggur fyrir. Því eru tínd til ummæli, sem ég lét falla á þingi í fyrrahaust og í vor, og þau túlkuð sem fyrirheit um, að á árinu 1935 mundi nást fullur greiðslujöfnuður. En í þessu sambandi væri vert að athuga, hvort ekki hefði fallið hjá mér einhver ummæli um það, hve snemma þessu takmarki yrði náð og undir hvaða skilyrðum. Í orðakasti, sem ég átti við hv. 1. þm. Reykv. í Ed. í vor, sagði ég:

„Ef þessar ráðstafanir, þessi auknu tök á gjaldeyris- og innflutningsmálum, verða að því gagni, sem stj. vonast eftir, þá býst hún við, að eftir að framkvæmt hefir verið eftir þessum reglum í eitt ár, þá verði komið langt áleiðis í því að láta þennan greiðslujöfnuð standast á".

Hér er sagt, að stj. vonist eftir greiðslujöfnuði í árslok 1935, ef allt gangi að óskum.

Nú má spyrja: Hvers vegna öll þessi ef? Vegna þess, að enginn dauðlegur maður getur sagt fyrir um þessi efni. Hér verður að miða allt við útflutningsvörurnar, en ekki þann raunverulega útflutning, sem orðið hefir á ákveðnu liðnu tímabili.

Hv. þm. hefir farið um þetta mörgum orðum, en það er enn of snemmt fyrir hann að hlakka yfir 11 millj. kr. greiðsluhalla og 49 millj. kr. innflutningi. Hvorugt mun rætast, þegar málin verða gerð upp. Nú þegar hefir verið farinn fyrsti áfanginn á leiðinni að fullum greiðslujöfnuði, en það er raunar einungis byrjunin. Hvenær markinu verður náð, er ekki hægt að segja fyrir víst. Því fylgja alltaf nokkur ef.

Í tilefni af gaspri hv. þm. G.-K. um, að núv. stjórnarflokkum hefði svo herfilega mistekizt hlutverk sitt, að þeim beri að láta af völdum, vil ég segja þetta: Á meðan miðar í áttina, er ekki ástæða til þess fyrir stjórnarflokkana að leggja árar í bát. Ég vil vera stórorðari en ég hefi áður verið við þessar umr. Ég vil segja, að það gengi sjálfsmorði næst, ef þjóðin færi nú að fela Sjálfstfl. völdin í landinu, með tilliti til fortíðar hans, með tilliti til þess, að hann bar ábyrgð á því, að ekki var hægt að ná tökum á þessum málum 1934, og þess, að hann hefir alltaf barizt gegn því, að innflutningshöftunum yrði beitt.

Þá er ég forviða á því, sem hv. þm. sagði um ríkissjóð. Nú er það orðið vítavert að dómi hans, að ríkissjóður er ekki mjög illa staddur fjárhagslega. Ég vil beina þeirra spurningu til hv. hlustenda, hvort þeir geti skilið, hví hv. þm. sleppir sér svo, að hann ávítar stj. fyrir það, að fjárhagur ríkisins hefir batnað í hennar höndum. Það er af því, að hann skilur, að ef stj. tekst að bæta fjárhag þjóðarinnar, eyðist fylgi stjórnarflokkanna meira en með nokkru öðru móti. Þessi ótti gerir hv. þm. hamstola, og hann fer að tala eins og í óráði.

Ég hefi ekki vikið mjög að Bændafl. við þessar umr., en ég verð þó að minnast á hann lítillega. Það er grátbroslegt, þegar hv. 10. landsk. og hv. þm. V.-Húnv. eru að belgja sig upp með því, að Bændafl. sé sjálfstæður flokkur, sem hafi gengið sjálfstæður til kosninga og geti komið fram sjálfstæður til beggja handa. Þetta er broslegt, ef það er borið saman við ummæli húsbænda þeirra í Sjálfstfl. Ólafur Thors sagði í gær, að Magnús Torfason hefði verið kosinn á þing til þess að vinna á móti stj. Sýnir þetta, að Sjálfstfl. hefir talið sér Bændafl. strax, áður en til þings kom og stj. var mynduð. Annað, sem sannar þetta, eru orð hv. 1. þm. Reykv., er hann sagði í Ed., hérna um daginn. Hann fullyrti, að það hefði munað mjóu, að Sjálfstæðismenn hefðu komizt í meiri hl. Það hefði ekki munað öðru en hlutkestinu í Skagafirði. Þeir hika því ekki við að fullyrða, að Sjálfstfl. myndi hafa tekið völdin, ef Bændafl. hefði fengið betri aðstöðu á þingi. Það er því léleg meðferð, sem þessi vinnuhjú sæta hjá Sjálfstfl. Það minnsta, sem búast hefði mátt við, var, að hann hefði leyft þeim að koma fram sem sjálfstæður flokkur. Það hefir verið talin sjálfsögð regla hvarvetna að láta húsdýr sæta góðri meðferð. En Sjálfstfl. hefir jafnvel brotið þessa reglu og með því gert þá gagnslitla fyrir sjálfan sig.

Atvmrh. (Haraldur Guðmundsson) [óyfirl.]: Af því að enginn hefir vikið að mér þannig, að ég þurfi að svara því sérstaklega, þá ætla ég að nota þessar mínútur til að gera hv. hlustendum grein fyrir því, hvernig fjárl. líta út. Þau sýna, hvernig ríkisstj. ætlar að mæta kreppunni.

Gert er ráð fyrir, að fjárl. nemi ca. 15 millj. kr. og að tekjur og gjöld standist nokkurn veginn á. Af þessari upphæð er mikill hluti lögboðin gjöld til rekstrar ríkisbúskaparins. Mestar greiðslur frv. fara til verklegra framkvæmda og í styrki til atvinnuveganna.

Í 16. gr. fjárl. er það talið, sem ætlazt er til, að lagt verði til verklegra framkvæmda. Nemur það um 2 millj. og 600 þús. kr. En gert er ráð fyrir, að bætt verði þar við, samkv. l. frá þessu þingi, 615 þús. kr. Það verður samtals 3 millj. og 215 þús. kr. Ekkert af þessu fé á að vera eyðslueyrir, heldur er því varið til að halda uppi venjulegri starfsemi ríkisbúsins og til að styrkja þá flokka manna í landinu, sem verst eru staddir. Stærstu upphæðirnar eru áætlaðar til styrktar landbúnaðinum og til atvinnubóta.

Til atvinnubóta eru ætlaðar 500 þús. kr. Til Búnaðarbanka Íslands og Kreppulánasjóðs 500 þús. kr. Til iðnlánasjóðs 25 þús. kr. Til Búnaðarfélags Íslands 210 þús. kr. Til Skuldaskilasjóðs útvegsmanna 160 þús. kr. Til kartöfluræktar, frystihúsa og mjólkurbúa 100 þús. kr. Til Fiskifélagsins 80 þús. kr. Til byggingafélaga verkamanna í kaupstöðum 200 þús. kr.

Þetta sýnir viðleitni stj. að styrkja atvinnuvegina, því að henni er það ljóst, að atvinnubótavinnan ein dugir ekki til. En með því að veita stuðning til atvinnuveganna og til nýsköpunar þeirra (eins og gert er með 200 þús. kr. styrknum til byggingar- og landnámssjóðs) eru gerðar þýðingarmiklar ráðstafanir til að vinna á móti atvinnuleysinu.

Á 17. gr. er varið 1176 þús. kr. til almennrar styrktarstarfsemi. Þar af eru 850 þús. kr. ætlaðar til berklavarna.

Þá eru samgöngumálin í 13. gr. Mest er áætlað til vegabóta, eða yfir 1200 þús. kr., en samkomulag hefir orðið um að hækka þetta upp í 1½ millj. Til þessara mála er þannig áætlað að verja 7320 þús. kr., eða nær helmingi af áætluðum gjöldum fjárl. Vegna erfiðleika og rýrra tekjuvona fólksins, getur það opinbera ekki hagað sér sem óvaldir braskarar, að draga úr atvinnunni, þegar örðugleikarnir vaxa. Á slíkum tímum er einmitt þörf á auknum framlögum til verklegra framkvæmda, alþýðutrygginga, tryggginga gegn slysum, sjúkdómum o. s. frv.

Stjórnarflokkarnir líta svo á, að á þessum tímum megi ekki leggja hendur í skaut, heldur verði að nota alla möguleika sem bezt, með því að hjálpa atvinnurekstrinum og bæta þannig úr atvinnuleysinu.

Þorsteinn Briem [óyfirl.]: Hæstv. forsrh. var allmikið niðri fyrir síðast, er hann talaði, enda hefir hann víst þótzt standa sig vel. Hann

byrjaði með því að hártoga það, sem ég sagði um 7 aurana. Hann hélt því fram í gær, að sölukostnaðurinn lækkaði úr 16 aur. niður í 9 aur., og að þar græddust 7 aur. Ég sagði frá því, að bændur hefðu hringt til mín og spurt, hvort ekki væri hægt að rukka hæstv. ráðh. um þessa 7 aura, sem gera alls ca. 350 þús. kr. Ég skýrði frá því, að þetta um 7 aurana væri ekkert annað en vitleysa, því að sölu- og dreifingarkostnaðurinn hefði verið kominn í 10½ eyris, þegar samsalan byrjaði. Það væri því blekking að tala um 16 aura dreifingarkostnað.

Hæstv. ráðh. ætlaði að slá sér upp á því að vitna í orð, sem ég hefði sagt, meðan ég var atvmrh., sem sé þau, að ég gleddist af því, að kjötverð í Englandi hefði hækkað það ár, miðað við árið áður. Ég skal nú lesa upp úr þingtíðindunum, hvað ég sagði, með leyfi hæstv. forseta:

„Og nú er þau gleðitíðindi að segja, að verðið á freðkjötinu hefir hækkað töluvert frá því, sem var síðastl. ár. Mun mega gera ráð fyrir því með nokkurn veginn vissu, að freðkjötið, sem selt er til Englands, muni nú seljast fyrir 80 aur. kg."

Þetta sagði ég, og ég spurðist fyrir um það, hvort n., sem bar fram till. þá, sem þar um ræðir, ætlaðist til þess, að greidd yrði uppbót á það kjöt, sem selt yrði til Englands, á þennan markað. Hún svarar þessu, ég svara aftur, og loks svarar Páll Hermannsson:

„Ég vil fyrir hönd n. þakka hæstv. atvmrh. fyrir góðar undirtektir við málið. Ég bjóst allt af við þeim, og ég tel, að þær hafi líka komið".

Ég hygg því, að ég hafi gefið n. öll þau svör, er hún hafi getað ætlazt til.

Um þetta var líka rætt út af till. Jóns í Stóradal um að reynt yrði að skaffa bændum betra verð fyrir afurðirnar. Þá sagði ég:

„Ég hygg, að engum blandist hugur um þá nauðsyn, að þetta sé athugað, eða geti fundizt óeðlilegt, þó talað sé um, að rannsókn fari fram um það, hver áhrif sé tiltækilegt að reyna að hafa á verðlag landbúnaðarafurða, þegar allar horfur eru á, að annar aðalatvinnuvegur þjóðarinnar ætli að stöðvast fyrir það, að framleiðsluvörur hans seljast ekki með kostnaðarverði. Mál þetta er nauðsynjamál, og það af tveim ástæðum. Önnur er sú, að þær landbúnaðarvörur, sem hér eru framleiddar og seldar innanlands, eru nauðsynlegar fyrir þjóðarbúskapinn. Það myndi allmikið hallast greiðslujöfnuður vor við aðrar þjóðir, ef við ættum að kaupa af öðrum þjóðum allar þær landbúnaðarafurðir, sem notaðar eru í landinu af öðrum en framleiðendunum sjálfum. Í öðru lagi er á hitt að líta, að sjávarútvegurinn er ekki svo glæsilegur sem stendur a. m. k., að vænlegt ráð sé að ætla honum að taka við sveitafólkinu á mölina, ef atvinnugrein þess á við svo þröngan kost að búa, að búskapur þess getur ekki borið sig."

Og svo segi ég:

„Og meðan afurðaverðið er lægra en svo, að landbúnaðurinn geti greitt þeim, sem honum vinna, sæmilegt kaup fyrir strit sitt, þá getur enginn maður sagt, að verið sé að spenna bogann of hátt, þótt stefnt sé að því, að bóndinn fái framleiðslukostnaðinn endurgoldinn. — Þeir, sem telja sig vera sérstaklega fulltrúa neytendanna, geta ekki brugðið fulltrúum bænda um ósanngirni, þó að þeir orði slíkt. Miklu fremur er hér um sanngirnismál að ræða af hendi þeirrar stéttar, sem nú ber minnst úr býtum fyrir vinnu sína af öllum stéttum landsins."

Menn geta svo dæmt um, hvort ég hefi þá talað öðruvísi en nú. Hv. þm. sagði, að meðan ég var ráðh., hafi ekki komið fram neinar kröfur fyrir landbúnaðinn. En mér er spurn: Hvenær komu fram meiri kröfur fyrir landbúnaðarins hönd en þá? Og hvenær hefir þeim kröfum verið betur fullnægt með framlögum af stj. hálfu en einmitt þá? Það komu fram kröfur um styrk til frystihúsa, og það er bezt að spyrja Sigurð Kristinsson, hvort þeim kröfum hafi verið sinnt á þá lund, að hann hafi verið ánægður. Til þeirra hluta var ákveðið að greiða úr ríkissjóði allt að hálfri milljón. Ég veit ekki betur en að samið hafi verið um þær greiðslur á þann hátt, sem Sigurður Kristinsson var ánægður með.

Hann segir, að ég hafi ekkert gert fyrir leigulíðana í landinu. Hvenær komu fram l., sem hafa veitt ábúendum betri aðstöðu gagnvart landsdrottni heldur en l. 1933, sem ég undirbjó?

Hann segir, að komið hafi fyrirskipun frá dómsmálaráðuneyti Magnúsar Guðmundssonar um það, að framkvæma ekki gömlu mjólkursölulögin. Það mun hafa verið gefin fyrirskipun um, að ekki ætti að taka menn fasta um hvítasunnuna. En af bréfum, sem dómsmálaráðuneytið skrifaði lögreglustjóra, sést, að hann átti að sjá um, að l. væri fylgt eins og öðrum l.

Þá kom hann að því mikla máli, sem hann hélt, að hann hefði algerlega slegið mig fullu rothöggi. Hann hélt, að ég væri þar illa að mér, miklu verr en hann hefir vonað. Hvað hafði ég sagt í ræðu minni, þegar ég talaði um skyrsöluna?

Ég endurtók það, sem hann sagði í útvarpið í gærkvöld, að skyrsalan á þessu ári hefði verið 167000 kg. Ég sagði, að það mætti gera ráð fyrir því, að skyrsalan frá Mjólkurbúi Borgfirðinga og Hvanneyri og öllum þeim einstöku bændum, sem seldu skyr til bæjarins í stórum stíl, hefði verið nálægt því eins mikið og það skyr, sem mjólkurbú Mjólkurfélagsins seldi af skyri samtals. Ef svo væri, þá sýndi ég fram á, hversu mikið skyrsalan hefði minnkað samkv. því.

Nú skal ég játa, að ég hefi ekki skýrslur við hendina nema fyrir 3 ár, 1930, 1931 og 1932, og þær skýrslur sýna, að skyrsalan hefir alltaf farið vaxandi í hænum á hverju ári. T. d. var skyrsalan 1930 153502 kg. í Mjólkurbandalagi Suðurlands, en 1931 var hún vaxin upp í 185193 kg., og 1932 var hún vaxin upp í 216538 kg. Það getur verið, að hann rengi þetta, en ég rakti þetta nánar sundur og athugaði söluna í hverju búi, sem er í Mjólkurbandalagi Suðurlands. Mjólkurbú Flóamanna seldi 1930 80654 kg., 1931 seldi það 66238 kg., 1932 seldi það 76810 kg. Ölfusbúið seldi 1930 15 þús. rúmlega, 1931 seldi það 18 þús. kg. og 1932 á 18. þús. kg.

Mjólkurbú Reykjavíkur seldi 1930 57 þús. kg.

rúmlega, 1931 100 þús. kg. rúmlega og 1932 122630 kg.

Samlagningin á þessu sýnir, að mjólkurbúin í bandalaginu selja öll 1930 150 þús. kg. rúmlega, 1931 185 þús. kg. og 1932 216500 kg.

Nú hafði ég sagt, að telja mætti líklegt, að mjólkurbú Borgfirðinga, Hvanneyri og allir þeir mörgu einstaklingar, sem seldu skyr utan við búin, sem vitanlega er ógrynni, seldu samtals eins mikið og Mjólkurbandalagið hefir selt. Samkv. því er skyrsalan öll árið 1932 eftir þessu, sem ég hefi sagt, um 400000 kg. En hvað hefir þá samsalan selt, eftir að hún tók til starfa? Hæstv. ráðh. sagði í gærkvöld, að það hefði verið 167000 kg., en nú segir hann 180000 kg. Ég held, að menn geti þá nokkurnveginn af þessu séð, hvort ég hefi farið með vísvitandi ósannindi, eða hvort ég hefi ekki haft nokkuð til míns máls, þegar ég benti á það, hversu ógurlega skyrsalan hefði minnkað. Ég hefi að vísu ekki fyrir framan mig skýrslur fyrir 1933, en það má gera ráð fyrir, eftir því hvað skyrsalan hefir alltaf farið vaxandi undanfarin ár, að 1933 hafi skyrsalan verið miklu meiri en skýrslan gerir ráð fyrir.

Þarna er hægt að sjá, hversu mikið er hægt að hrekja af því, sem ég sagði. Hæstv. ráðh. getur ekki borið fyrir sig annað en þá einhverjar villandi skýrslur, sem eru álíka og skýrslur Páls Zóphóníassonar, þegar hann varð að eta ofan í sig hvorki meira né minna en 152 tonn af kjöti.

Jakob Möller (óyfirl.): Ég verð að vera stuttorður, vegna þess hve litinn tíma Sjálfstfl. á eftir, og formanni flokksins er ætlað nokkuð af þeim tíma.

Hæstv. fjmrh. belgdi sig mjög út, þegar hann svaraði mér og sagði, að það sæti verst á mér af öllum sjálfstæðismönnum að álasa stj. fyrr og síðar fyrir óstjórnlegar skattpíningar, þar sem ég væri formaður Sjálfstfl. í bæjarstj. Rvíkur, og það væri kunnugt, hvers gífurlega há gjöldin væru til bæjarins. Þau hefði vaxið frá 1929—1935 um 91%, úr 1629 þús. upp í 3185 þús. kr.

Munurinn á gjaldahækkun Rvíkurbæjar og ríkissjóðs er aðallega sá, að gjaldahækkun ríkissjóðs kom aðallega, þegar fyrrv. ríkisstj. batt ríkissjóði þá bagga, sem hann er nú að sligast undir. En gjaldaaukning Rvíkurbæjar hefir aðallega orðið á kreppuárunum eftir 1930, þegar hann varð að mæta þeim örðugleikum, sem af kreppunni stöfuðu. Getuleysi ríkissjóðs nú stafar af þeim byrðum, sem lagðar voru á ríkissjóðsjálkinn á veltiárunum. Þess vegna er það, hvað erfiðleikar ríkissjóðs eru miklir nú.

Hinsvegar vil ég benda þessum fávísa ráðh. á það, að sá munur er á með ríkissjóð og bæjarsjóð, að bæjarsj. ræður ekki nálægt því að öllu leyti útgjöldum úr bæjarsjóði, því að stjórn og þing hefir aðstöðu til þess að auka útgjöld bæjarsjóðs. Ég hefi áður svarað þessum ásökunum hæstv. ráðh., því að hann hefir áður komið með þær. Get ég endurtekið það svar með því að segja frá því, hvaða útgjaldabálkar bæjarsjóðs hafa vaxið mest. Launagreiðslur hafa hækkað úr 80000 upp í 215000, um 135000 kr. Hvers vegna? Af því að bæjarstj. hefir ekki umráð yfir lögreglunni, heldur lögreglustjóri. Lögreglan hefir verið aukin samkv. hans kröfu. En lögreglustjóri hefir á hendi alla framkvæmd í þessu, og á þá bæjarsjóður þar allt undir hagsýni hvers, sem með mál þessi fer.

Annar liðurinn er fátækraframfærslan. Sá liður hefir vaxið um 442000 kr. Þar er þess fyrst og fremst að gæta, að á þessum kreppuárum hefir bæjarsjóður ekki einu sinni orðið að standa undir sínum eigin útgjöldum, heldur líka fyrir sveitarfélög, sem hafa ekki getað staðið í skilum með framfærslu sinna þurfamanna.

Sjúkrakostnaður hefir vaxið um 54000 kr. Fjórði liðurinn, atvinnubætur, voru engar 1929, en á fjárhagsáætlun þessi ár hefir orðið að taka 465000 kr. til þeirra þarfa, eða því sem næst eins mikið og ríkissjóður verður að leggja til atvinnubóta á öllu landinu. Þetta er líka afleiðing af kreppunni.

Þá er barnafræðslan, sem stjórn og þing ráða. Sá liður hefir hækkað um 233000 kr., og það ætti hæstv. fjmrh. að vita, að barnafræðslan er starfrækt eftir l., en ekki samkv. samþykkt bæjarstjórnar. Þar við bætist gagnfræðaskóli, sem er líka starfræktur samkv. l. frá Alþingi, og byggingarsjóður verkamanna, sem er líka lagður á af löggjöfinni, samtals 97000 kr. Þetta er samtals 1426000 kr. Þar við bætist innlimun Skildinganess, sem er framkvæmd eftir lagaboði frá Alþingi og kostar bæinn um 90000 kr., og loks kaup á landi við Skerjafjörð, sem öll bæjarstjórnin er sammála um.

Þarna er þá gerð grein fyrir allri þeirri hækkun, sem orðið hefir á undanförnum árum og hæstv. ráðh. talaði um.

Hæstv. ráðh. sagði, að þau laun, sem bærinn greiddi, væru hærri en þau laun, sem ríkissjóður greiddi. Það er rétt, að á pappírnum greiðir bæjarsjóður hærra en ríkissjóður. En lögmælt laun hjá ríkissjóði er allt annað en það, sem hann borgar. Hæstv. ráðh. talaði um, að borgarstjóri hefði 17000 kr. í laun, en þau eru 16800. En einn embættismaður hjá ríkinu hefir 9600 kr. í lögmælt laun og 8000 að auki. Hæstv. ráðh. segir, að borgarritari hafi 9000 kr. laun. En einn fulltrúi hjá ríkinu hefir í laun 6000 kr., en á rúmlega hálfu ári hefir hann fengið önnur 6000, eða samtals 12000 kr.

Hæstv. ráðh. talaði líka um laun rafmagnsstjóra og hafnarstjóra. Það er rétt, þeir hafa mikil laun, en tilsvarandi launagreiðslur er hægt að finna hjá opinberum starfsmönnum, t. d. ákvað fyrrv. stj. laun búnaðarbankastjóranna, og það var ekki stj., sem sat 1933, sem gerði það, heldur var það stj., sem sat 1930, sem ákvað þau laun, og þau eru sambærileg við þau laun, sem þessir tveir menn hafa hjá þessum tveimur fyrirtækjum. Þessi belgingur ætti því að fara úr hæstv. ráðh. út af samanburðinum.

Ég get ekki stillt mig um að vekja athygli hv. 4. landsk. á því, þegar hann var að reyna að réttlæta stjórnarflokkana með því, að þeir hefðu lækkað nauðsynjavörutollinn í fyrra — hann nefndi kaffi- og sykurtoll —, ég vil minna hann á það, að lækkunin á kaffitollinum var unnin upp með hækkun á kaffibætistollinum, og samtímis var stórkostlega hækkaður munaðarvörutollur og tollur á vörum, sem eru almennar nauð-

synjavörur og koma því eins niður á gjaldgetu almennings í landinu eins og sykurtollurinn.

Ég skal svo ekki eyða meiri tíma að þessu sinni, vegna þess að hv. formanni flokksins er ætlað það, sem eftir er.

Forsrh. (Hermann Jónasson): Hæstv. forseti gat þess, eins og þið heyrðuð, að ég hafi aðeins 5 mín. yfir að ráða. Það er stuttur tími, en ég vil þó ekki láta undir höfuð leggjast að minnast aðeins á hv. þm. V.-Sk. Hann dró mikið úr sínum ummælum um Sigurð Jónasson. Ég vil líka mótmæla því, að ég hafi nokkurn tíma kallað Eyjólf Jóhannsson svikara og lygara; ég hefi alveg látið það liggja milli hluta.

Þá er það hv. 10. landsk. Það má segja um hann, að hann sé trúr sinni málafærslu. Ég ætla að benda þar á tvennt hv. þm. til athugunar, og þó sérstaklega hlustendum. Hann lenti í vandræðum út af skyrinu, sem mest hefir verið talað hér um, og reyndi að koma sér úr klípunni með því að gera samanburð á fyrri skýrslum mjólkurbúanna, að Mjólkurbúi Borgfirðinga og Hvanneyri undanskildum. Ég lánaði honum skýrslurnar, og hann skrifaði þær upp fyrir augunum á mér. Hann fer því hér með vísvitandi ósannindi í samanburðinum á sölu búanna þessi ár. Annað þótti mér líka eftirtektarvert og vakti undrun mína. Hann sagði, að ég hefði nefnt í gær 167 þús. kg., en nú 180 þús. Hann ætlaði að gefa í skyn, að tölurnar væru rangar. En má ég upplýsa það fyrir hv. þm. og öðrum hlustendum, að hann kom til mín einu sinni, áður en hann steig í ræðustólinn, og spurði mig, hvernig á þessu stæði. Ég sagði honum, að önnur gilti til 1. okt., en hin til loka nóvember. Um þessi tvö atriði fékk hann þá þannig upplýsingar, að annað skrifaði hann upp úr skýrslum fyrir framan mig, en um hitt gaf ég honum upplýsingar, áður en hann steig í ræðustólinn. Það má segja, að hann sé sjálfum sér trúr og sínum málflutningi við þessar útvarpsumræður.

Svo kom hann að kjötinu. Hann átti þar erfitt með sín fyrri ummæli, enda las hann þau ekki til enda. Ég vil nú, með leyfi hæstv. forseta, lesa upp það, sem hv. þm. sleppti:

„Mun mega telja víst, að bændur fái a. m. k. 72 aura fyrir kg. Dreg ég í efa, að þessi heimild í fjárl., sem samþ. var af þinginu í fyrra, hefði náð fram að ganga að því er freðkjötið snertir, ef menn hefðu vitað þessi tíðindi fyrir."

Sem sagt, það er þá upplýst í málinu, eins og útvarpshlustendur hafa heyrt, að hv. 10. landsk. hefir farið í kringum sín eigin orð eins og köttur í kringum heitan graut. Hann vill ekki bæta bændum 72 aura verð á erlendum markaði. Þannig hugsaði þessi atvmrh. En það er satt að segja, að í þessum umr. hefir það gengið svo, að það hefir verið stöðugur flótti, sérstaklega hjá Bændafl., undan sínum eigin ummælum, sem stöðugt hafa verið rekin ofan í þá jafnóðum og þeir hafa komið fram með þau, svo að nú er ekkert eftir annað en það er reynt að slá þoku um þetta til þess að reyna að fela sig og sín rökþrot.

Ég á ekki eftir nema eina mínútu, og ég vil nota hana vegna þess að ég þekki málflutning andstæðinganna, sérstaklega þeirra, sem ég hefi átt í höggi við í kvöld, ég þekki málflutningínn svo vel, að ég get búizt við, þegar við höfum ekki meiri tíma til andsvara, þá noti þeir sér það og komi með svipaðan málflutning og áður. Ég vil því biðja háttv. hlustendur að líta svo á, að það, sem þeir segja hér eftir, verði viðlíka mikil sannindi og það, sem þeir hafa sagt hingað til og við höfum getað svarað.

Ég þakka hlustendum áheyrnina. Og þar sem þetta er í síðasta skiptið, sem ég tek til orða í útvarpinu í kvöld, þá býð ég öllum hlustendum góða nótt.

Hannes Jónsson [óyfirl.]: Herra forseti! Ég hefi aðeins örstuttan tíma til þess að svara því, sem að mér hefir verið beint, sökum þess að hv. 10. landsk. þarf að svara ýmsu, sem að honum hefir verið vikið.

Það, sem ég vil gera að umtalsefni, er sú staðhæfing hæstv. fjmrh., að ég hafi farið með rangt mál, þegar ég talaði um 6000 kr. greiðsluna til Guðbrands Magnússonar. Það stendur óraskað, að sá, sem átti að úrskurða þetta í stjórnarráðinu, Magnús Guðmundsson, neitaði með öllu að greiða þessa upphæð úr ríkissjóði (**Fjmrh.**: Fjmrh. átti að úrskurða það.), og þá var leitað samþykkis fjvn. til þess að greiða þessa upphæð.

Greiðslan til Péturs Magnússonar, 30 þús. kr., er greiðsla fyrir málafærslu; það voru 3 þús. mál, eða 10 krónur fyrir hvert mál.

Um þessa 6000 kr. greiðslu til Guðbrands Magnússonar vil ég þá spyrja um það, hvort það eigi að vera verðlaun til þessa manns fyrir að hafa stjórnað málum þessa fyrirtækis þannig, að hann fékk 3000 málsóknir á hálsinn fyrir tilvikið. Annars vil ég segja það, að þessari stóru upphæð til Péturs Magnússonar er kannske ekki svo illa varið, fyrst hann vann þessi mál, því að ef svo illa hefði tekizt til, að öll málin hefðu fallið á einkasöluna, hefði það kostað ríkið millj. kr., og fyrir þetta á að verðlauna með 6000 kr.

Þá vill þessi sami hæstv. ráðh. telja ummæli form. Sjálfstfl. beina sönnun þess, að Bændafl. væri runninn inn í Sjálfstfl. En það, sem sannar, að Framsfl. er runninn inn í sósíalistaflokkinn, er ekki það, sem sósíalistar hafa sagt, heldur það, sem báðir flokkarnir hafa gert. Þar eru það verkin, sem sanna, hvernig hefir farið fyrir þessum tveimur flokkum.

Þá var þessi sami hæstv. ráðh. að tala um húsdýr. Bændafl. væri húsdýr íhaldsins. Það eru þá þessir á 4. þús. kjósendur Bændafl., sem hæstv. ráðh. kallar því nafni. (**Fjmrh.**: Nei, það eru bara þið tveir). Þetta er lítilsvirðing á þá bændur landsins, sem ekki vilja beygja sig fyrir þessum herrum, sem eru að reyna að svíkja bændur undir sósíalista í landinu, þeir, sem hafa útsendara í landinu til þess að svíkja bændur úr samtökum bændanna í hendur sósíalista.

Ég þykist svo hafa svarað þessum hæstv. ráðh. nægilega og þarf þar engu við að bæta. Ætla ég svo að láta minni ræðu lokið, þó að ýmislegt sé fleira, sem ástæða væri til að athuga, vegna þess að ég vil leifa af tímanum til hv. 10. landsk. — Segi ég svo góða nótt.

Þorsteinn Briem (óyfirl.): Mig undraði nú stórlega einurð hæstv. forsrh. Þegar ég er búinn að lesa skýrslurnar alveg svo nákvæmlega ár fyrir ár, þá ber hann þetta niður aftur og segir, að ég hafi farið með vísvitandi ósannindi, þegar ég sagði, að hann hefði sagt í gærkvöldi, að selt hefði verið 167000 kg. af skyri, en áður sagði ég, að eftir nýjum upplýsingum, sem ráðh. hefði fengið, hefði hann sagt, að það væru 180000 kg. Þetta er nákvæmlega eins og hann sagði, og ég var nákvæmlega búinn sjálfur að segja það sama eins og hann sagði nú sjálfur sem vísvitandi ósannindi. Ég get ekki skilið, hvaða heili það er, sem heldur þessu fram. (**Forsrh.**: Gerið svo vel, hér eru skýrslurnar).

Hæstv. forsrh. heldur því fram, að Borgfirðingar hafi selt minna í fyrra en Mjólkurbandalag Suðurlands. En ég tók fram, að svo er alls ekki. (**Forsrh.**: Það er tekið fram í skýrslunni). Það er alveg satt, sem ég sagði, að öll skyrsala var tekin af Borgfirðingum, en það er alls ekki rétt, sem hann sagði, því þeir voru neyddir til að búa til osta úr sinni mjólk, og þeir hafa ekki mátt búa til nema osta. Hann sagði, að þeir hefðu mátt framleiða 11% af nýja skyrinu, og það var ekki meira, en þeir mættu selja það fyrr en það var orðið súrt. Það er sama hvernig hann snýr þessu eða reynir að snúa því, að það snýr allt öfugt. (**Fjmrh.**: Þetta er meiri skyrhræringurinn hjá hv. þm.).

Það er undarlegt að þurfa að vera að eltast við þessar rangfærslur, — og svo þykist hann vera að elta flóttann. Þetta er hinn herfilegasti flótti hjá hæstv. ráðh. sjálfum.

Ég nenni ekki að vera að eltast meira við þetta, því það er svo margt, sem ég þarf að svara. Það er margt, sem ég spurði hæstv. ríkisstj. og hún hefir ekki þorað að svara. Því hefir ekki verið svarað, hvers vegna brennivín og tóbak er flutt ótakmarkað inn í landið, meðan ekki er veitt innflutningsleyfi fyrir þakjárni á hlöðu bóndans, eða fyrir netum sjómannsins. Þeir hafa ekki reynt að verja einræðisgerðir sínar, mér liggur við að segja fasisma, sem hefir lýst sér í ýmsum aðgerðum þeirra. Þeir hafa ekki reynt að verja þessar ásakanir og margar fleiri.

Það er líka dálítið undarlegt, að þegar stjórnarflokkarnir gerðu með sér samninga og lögðu til grundvallar 4 ára áætlunina, þá felldu þeir niður eina greinina, sem hljóðaði um að veita embætti hlutdrægnislaust, enda mun það hafa komið sér betur, því algerlega hefir verið brevtt á móti þessu ákvæði.

Þá hefir Framsfl. ekki tímt að sjá af 1/40 — einum fertugasta — hluta af sköttunum, sem lagðir voru á af síðasta Alþ. til bændastéttarinnar.

Þeir hafa ekki sinnt minum till., þó ég greiddi atkv. með sumum hinum nýju sköttum á síðasta þingi. Þeir vildu ekki auka styrkinn til jarðræktar né garðræktar, ekki til hlöðubygginga til að varðveita heyin, ekki til safnþróa til að spara áburðarkaup. Bændafl. hefir einn allra barizt fyrir þessum og öðrum framkvæmdum og hefir stutt fastlega þær till., sem fram hafa komið til bóta fyrir landbúnaðinn.

Hitt var ekki nema hártogun hjá hæstv. ráðh. áðan, að afurðasölulögin hefðu ekki náð fram að ganga nema með samþykki sósialista. Hann getur ekki neitað því, að þau hefðu gengið fram, þó sósialistar hefðu verið á móti þeim, vegna þess að þau höfðu fylgi allra annara flokka þingsins. Hann getur ekki neitað því af þessum orsökum, að það var óþarft að kaupa sósialistana til að koma þessum málum fram.

Hann gat ekki hrakið eitt einasta orð af því, sem ég sagði um skyrsöluna; hann veit líka og viðurkenndi, að hún hefði verið í ólagi síðan í fyrravetur.

Fyrrv. ríkisstj. lækkaði vexti af lánum bænda úr 7%, sem þeir voru af ýmsum lánum, og niður í 4½% af fasteignaveðslánum. Þetta hefir núv. ríkisstj. hækkað aftur í 5% vexti. Þeir eru ekkert hræddir, sænskir og norskir bændur, við að eiga alla fulltrúana í sínum afurðasölunefndum, og það er af því, að þeir hafa ekki leyst þessi mál í sambandi við sósialista.

Þeir gengu alveg framhjá að ræða ýms atriði, sem varða bændurna miklu. Hæstv. ráðh. játaði, að margt hefði farið aflaga t. d. í framkvæmd mjólkurl. Hann gat ekki hrakið neitt af því, sem ég hélt fram, t. d. að lækkun á mjólkurverðinu, sem skellt var á í byrjun, hefir numið á 4. hundr. kr. fyrir meðalbónda. Hann gat ekki hrakið þetta, né heldur að með því að hafna tilboði frá bökurunum muni verða nálægt því annað eins tap hjá meðalbónda og þetta. Hann hefir ekki hrakið neitt af því, sem ég sagði um sölu- og dreifingarkostnað mjólkurinnar. Hún er seld á 38 aura lítrinn, gerilsneiðingin er 3 aurar á lítra, verðjöfnunargjaldið 3 aurar, og sölu- og dreifingarkostnaðurinn 6 aurar á lítra. Þetta verða 12 aurar, og getur hver reiknað, að 12 frá 38 verða 26, sem er þá það, sem að nafninu til er greitt til bændanna í Mosfellssveitinni, þ. e. a. s. fyrir þann hluta mjólkurinnar, sem ekki er notaður í vinnslu, en það er ekki svo lítill hluti. Þannig er allt hrakið, sem hann var að reyna að bera í bætifláka fyrir.

Það var ekki svo lítið æfintýri, sem núv. stjórnarflokkar ætluðu að stofna til með samvinnu þeirri, sem byggð var á 4 ára áætlun Alþfl. Það átti að útrýma atvinnuleysinu, setja fullt fjör í atvinnuvegina og allt eftir þessu. En hvað hefir svo verið gert? Atvinnuleysið er a. m. k. ekki minna en það var áður, og aldrei hefir verið minna fjör í atvinnuvegum landsins. Æfintýrið tók því fljótt enda, og ég vona, að þetta stjórnarfar, sem núv. ríkisstjórn viðhefir, taki líka skjótan enda, þ. e. a. s. að hennar lífdagar verði sem fæstir.

— Að lokum býð ég svo öllum landsins börnum góða nótt og óska þeim alls hins bezta, hvort sem þeir búa í sveit eða við sjó, og þó ekki síður þeim, sem í sveitum búa.

Ólafur Thors: Þm. S.-Þ. svara ég að sjálfsögðu litlu, því þeim fækkar stöðugt, sem taka hann alvarlega. Að því leyti sem þessi maður beindi vanstilltum orðum til mín, var viðkvæðið þetta: Ólafur Thors, nei, ekki Ólafur Thors, en hans nánustu hafa o. s. frv.

Ég get ekki rakið ættartölu þessa hv. þm. og þekki ekki hans nánustu, enda sé ég ekki, að

gagnrýni á ættingjum þingmanna skipti verulegu máli í þjóðmálunum.

En annars voru minir nánustu, a. m. k. að því er snerti Gismondi-samningana, sem þm. hneykslaðist mest út af, nokkuð margir, þ. á. m. Helgi Guðmundsson bankastjóri, sem fast stóð að þeim samningum. Og hitt þykir náttúrlega ekki tíðindi, þó að launakjör minna nánustu séu meira en helmingi lægri en hann sagði. En hvað heldur þessi maður, að hægt sé að bjóða þjóðinni? Sjálfur er hann nýkominn úr 5 mánaða lúxusflakki á lúxusbíl milli stórborga álfunnar, frá lúxushóteli til lúxushótels. Og nú er hann byrjaður að níða aðra menn, sem vinna frá morgni til kvölds allan ársins hring, fyrir að hafa viðlika árslaun og hann sjálfur eyðir í lúxusflakk á fám mánuðum. Sannast sagna verkar þetta á mig á svipaðan hátt og þegar hann nýverið brigslaði mér um, að ég væri eitthvað geggjaður.

Hv. þm. lauk rugli sínu með að segja: „Það er stutt mynd, sem ég get sýnt þjóðinni, — en segir þó nokkuð.“

Þetta er satt. Myndin var stutt og ljót, — mynd af myrkri sál, — mynd af honum sjálfum.

Ræða hv. atvmrh. lá alveg utan við mín ummæli, og ráðh. greip nú til þess, sem hann er ekki vanur að gera, svo að mjög sé áberandi, — hann sneri út úr og svaraði út í hött.

Þegar ég bendi á, að ekki sé hægt að bæta úr atvinnuleysinu með því að auka saltfiskveiðar meðan saltfiskurinn sé óseljanlegur, svarar ráðh. með því að sanna það, sem ég áður hefi margsýnt, að þegar í stað og markaðirnir opnast, verða Íslendingar að hefjast kröftuglega handa um að endurnýja flotann, og lætur með því vera að afsanna mitt mál.

Þegar ég ræðst á ráðh. og sýni og sanna, að stj. sé búin að drepa niður framtak einstaklingsins, — þegar ég sanna, að þær framkvæmdir, sem ríkið í vankunnáttu og vanmætti er að basla við, séu ekki virði þeirra klyfja, sem fyrir þær eiga á almenning að leggjast, vegna þess að þessir nýju skattar draga úr stórhug þjóðarinnar til þess að ryðja nýjar brautir, — þegar ég krefst þess, að þjóðin fái að vera í friði fyrir stjórnarvöldunum um atvinnureksturinn, jafnt þann, sem til þessa hefir staðið undir þörf þjóðarinnar, sem hin nauðsynlegu nýmæli, þá segir ráðh., að ég krossi mig á brjósti og vilji ekkert gera, af því að ég vil, að það sé þjóðin sjálf, sem gerir allt, en ekki ríkisstjórnin.

Hv. ráðh. er talinn meðal hinna prúðari manna í liði stjórnarinnar, og hafa blöð okkar sjálfstæðismanna haldið því á lofti. En ég verð að játa, að þessi hv. ráðh. verður erfiður andstæðingur, ef hann notar þetta skjól til að snúa út úr, rangfæra og blekkja, eins og hann nú hefir gert.

Ég kem þá að aðaldeilunni um greiðslujöfnuð. Hv. fjmrh. sagði, að ég hefði túlkað rangt ummæli hans. Ég las orðrétt. Ég túlkaði ekkert. Ég lét áheyrendur dæma, en ef íslenzk orð þýða sama í hans munni og annara, þá er alveg tvímælalaust, að hann lofaði að tryggja greiðslujöfnuð, enda þótt útflutningurinn yrði aðeins 40 millj. og innflutningurinn því þyrfti að vera 32 millj.

Nú er grobbið horfið. Nú vill Eysteinn Jónsson látast aðeins hafa sagt, að hann hefði aðeins vonað, að langt yrði komizt um greiðslujöfnuð um áramót, og þó með ýmsum ef-um, þ. e. a. s. hvort útflutningurinn stæðist áætlun. Ég skal gera ráðh. til geðs að láta sem ég trúi honum. Hann hafi aðeins sagt þetta.

En er þá langt komið að greiðslujöfnuði? Það er svo langt komið, að það hefir aldrei verið fjær, því það vantar 11 millj. á greiðslujöfnuð á þessu ári.

Og eru það þá ef-in, sem brugðizt hafa? Nei, ráðh. gerði ráð fyrir aðeins 40 millj. króna útflutningi, — en fékk 46.

Ráðh. sagði, að ég hefði krafizt, að ríkisstj. segði af sér út af þessu. Nei, ég krafðist, að hann færi sjálfur, og hann getur ekkert bjargað sér með að reyna að hanga á hinum, þeir eiga nóg með sig.

Þessum útvarpsumr. er nú að verða lokið. Við sjálfstæðismenn höfum nú enn á ný reynt að opna augu þjóðarinnar og birta henni útsýn yfir ástand og horfur atvinnu- og fjármálalífsins. Við höfum sannað, að hér er allt að komast á kaf í skuldafenið, jafnt einstaklingar sem ríki. Við höfum sannað, að búið er að brjóta niður dug og framtak einstaklinganna, að atvinnuleysið fer vaxandi og horfur eru á, að eymd og sultur verði nærgöngul. Við höfum sannað, að allt er þetta ávöxtur annarsvegar af óhófseyðslu valdhafanna á undanförnum árum, og hinsvegar af illu hugarfari þeirra í garð atvinnulífsins, og við höfum sannað, að ríkisstj., sem nú fer með völdin, sér engin ráð til þess að rétta þetta við, annað en það, að hlaða niður sköttum á þá, sem eru að sligast undan gömlu sköttunum. Með skýrum og ótvíræðum rökum höfum við fært sönnur á það, að þær spár, sem við á undanförnum árum höfum í frammi haft og kallaðar hafa verið hrakspár, hafa reynzt sannar, og að nú er svo komið, að rústirnar blasa beint við. Og við þetta er í sjálfu sér engu að bæta, því þeir menn, sem enn ekki sjá þetta, þeir eru blindir og sjá það aldrei, fyrr en þeir þreifa á naglaförunum, þ. e. a. s. kenna sultarins. Og við þá þýðir náttúrlega ekkert að ræða, en við hina, við alla hugsandi og velviljaða menn í öllum flokkum, vil ég segja það, að ég hygg, að tíðindi séu í vændum. Til þess benda svívirðingar þær, sem stjórnarblöðin flytja nú daglega hvort í annars garð. Til þess bendir frv. sósíalista um aukna togaraútgerð í því skyni að aflétta atvinnuleysi, enda þótt vitað sé, að saltfiskurinn er óseljanlegur, og til þess benda mörg önnur svipuð mál sósíalista. Og til þess bendir, að Framsfl. er nú síðustu dagana að herða róðurinn, og vekur það náttúrlega undrun og jafnvel bros, þegar flokkur ráðh., sem varð að undirskrifa hina auðmýkjandi skuldbindingu gegn erlendum lánardrottni um að freista þess ekki einu sinni að fá nein lán, skuli nú keppast við að flytja frumvörp um nýjar framkvæmdir, sem kosta eiga milljónir og greiðast með lántökum.

Allt þetta og margt fleira bendir til þess, að kosningar muni vera í vændum. Mér er að vísu ljóst, að stjórnarliðið hugsar sér að sitja meðan sætt er, en hitt hygg ég sé rétt, að þegar rústirnar blasa svo berlega við, að ekkert er um að villast, þá muni þeir ætla sér að skilja, kenna hvorir öðrum um ófarirnar og leggja til nýrra kosninga.

Ég verð nú að vísu að játa það, að mér fer eins og sjálfsagt svo mörgum öðrum, að ég finn hjá mér nokkra tilhneigingu til að krefjast þess, að þeir menn, sem lagt hafa allt í rústir fari með völdin meðan verið er að súpa seyðið af verkum þeirra. Mér finnst réttlátt, að þeir, sem brotizt hafa til valda með því að gera kröfur til annara, hærri og meiri en undir verður risið, þeir, sem með þessu framferði hafa drepið niður atvinnulíf landsins, en lyft sjálfum sér í öndvegi, að þeir sýni nú þjóðinni, hvernig leysa megi örðugleikana, hvernig fullnægja eigi kröfunum, sem þeir sjálfir hafa kennt fólkinu að gera, hvernig alþýðunni farnaðist, þegar bölvaðir burgeisarnir eru að þrotum komnir, hvernig eigi t. d. að reka útgerðina fyrir verkalýðinn, en ekki eigendurna, í því skyni að sjómenn fái góða atvinnu, án hliðsjónar til afkomu eigendanna o. fl. o. fl.

Mér finnst réttlátt, að valdhafarnir leysi allar þessar gátur og sýni þar með, hvort þeirra fyrri boðskapur var sannur og réttur, og traustið, sem lyfti þeim til valda, var verðskuldað, eða hvort fólkið sá þá í hillingum tylliloforðanna, — hvort það verður farsæld og blessun, sem marka valdaferil þeirra, eða fátækt, eymd og bölvun.

Ég veit, að á þessa leið hugsa margir flokksbræður mínir, og það er eðlilegt, m. a. af því, að þeir líta svo á, að með öllu sé vonlaust um viðreisn, fyrr en þjóðin er búin að fá raunhæfa þekkingu á afrekum valdhafanna. Hinsvegar mun margur mæla, að þegar Héðinn Valdimarsson er farinn að krefjast þess, að skipin hætti veiðum, meðan fiskur er um allan sjó, og þegar Jónas Jónsson er farinn að tala um að spara, þá muni óhætt að treysta því, að fólkið hefir fengið sinn lærdóm, sé búið að sjá og þreifa á naglaförunum, og þá mun margur telja, að kallið og skyldan sé komin að Sjálfstfl.

Ég viðurkenni fúslega, að það væri fásinna af Sjálfstfl. að telja sig sjá örugga leið til að leiða þjóðina út úr þeim ógöngum, sem stjórnarliðið hefir fært hana í, og mér er fullkomlega ljóst, að það er allt í óvissu, hvort nokkur mennskur máttur megnar að bæta fyrir það, sem orðið er, svo þjóðin biði þessa ekki varanlegt tjón. En samt sem áður er flokkur eins og Sjálfstfl. skyldugur til að minnast hins, að það er aldrei með vissu hægt að segja, hverju góðu má til leiðar koma, ef allir beztu menn þjóðarinnar leggja saman vitsmuni sína og þekkingu, í þeim einlæga ásetningi að láta gott af sér leiða, og Sjálfstfl. mun þess vegna aldrei víkjast undan þeirri skyldu að taka á sig þunga örðugleikanna og ábyrgðarinnar og reyna að lyfta þeirri byrði, sem aðrir hafa lagt á þjóðina, en reyndust sjálfir ekki megnugir að bera. Fari það því svo, að kosningar verði bráðlega, og það tel ég líklegt, og fari það svo, að Sjálfstfl. verði þess var, að mikill þorri þjóðarinnar stendur að baki honum, einnig margir þeirra, sem áður hafa treyst andstæðingum okkar, þá mun flokkurinn finna til síns eigin máttar og þess afls, sem að baki honum stendur, og hiklaust taka upp baráttuna við sérhvern örðugleika, í þeirri von og vissu, að meðvitundin um það, að nú sé barizt fyrir lífi og frelsi þjóðarinnar, auki honum ásmegin og efli svo krafta hans, að grettistökin verði viðráðanleg.

Þess vegna, góðir sjálfstæðismenn, og þið aðrir, sem þreyttir eruð á sviknum loforðum, sligaðir af sköttunum og skelkaðir við skuldirnar, verið viðbúnir, því ófriður er í aðsigi. Búið ykkur undir bardagann, því barizt verður um frelsi þjóðarinnar.

Atvmrh. (Haraldur Guðmundsson) [óyfirl.]: Ég býst við, að áheyrendum bæði utan þings og innan hafi verið ákaflega mikill léttir að ræðu hv. þm. G.-K., þar sem hann lýsir því yfir, að Sjálfstfl. mundi helzt ekki vilja taka við völdum, þó að nú færu fram nýjar kosningar, og þeir fengju til þess kjósendafylgi, en þó myndu þeir e. t. v. gera það fyrir föðurlandið í þetta sinn. Er því mjög að heyra, sem þeir óttist nú nýjar kosningar. Annað var ekki í þessari ræðu, sem skipti miklu máli, nema sú krafa Sjálfstfl. til ríkisstj. að hún væri nú ekki að þessu brölti, heldur léti þjóðina í friði, væri ekki að leggja á nýja skatta, ekki skapa nýja löggjöf um alþýðutryggingar eða nýbýli og samvinnubyggðir. Ég hygg, að þetta sé þungamiðjan í ræðu þessa hv. þm., og enda í umr. öllum, því hér hefir lítið verið á ríkisstj. deilt fyrir framkvæmdir hennar. Ég verð því að vera ánægður með þessar umr. og skoða sem við höfum farið svo vel með, að ekki sé margt um að kvarta. En það er viðhorfið gagnvart því, hvernig eigi að mæta vandræðunum, sem er þungamiðja málsins. Þeim á að mæta með því, að dómi hv. þm. G.-K., að láta þjóðina í friði. Hann sagði, að við hefðum verið að steypa þjóðinni í ógæfu síðustu ár. En ég vil spyrja hv. þm. og minna hann á, hvernig var 1933, þegar flokksbróðir hans, hv. 1. þm. Skagf. (MG) átti sæti í stj., og annað sætið var skipað sama sem flokksmanni hans, hv. 10. landsk. (ÞBr). Hver varð útkoman þá? Þá varð greiðsluhalli við útlönd 11 millj. og tekjuhalli fjárlaga 2,5 millj. kr. En það er fullvíst, þó að ekki verði jöfnuður á í ár, verður útkoman ekkert svipað því svo ill sem þá, og verður því ekki móti mælt, að færð hefir verið til stórlegra bóta. Þetta er það, sem hv. þm. G.-K. líkar illa; hann vill ekki láta stuðla að því að ná jöfnuði, hann vill láta þjóðina vera í friði fyrir slíku brölti. Alþfl. lítur hinsvegar á það sem stórt nauðsynjamál að ná jöfnuði bæði á fjárl. og í viðskiptum við útlönd. Hann vill skapa meiri atvinnu fyrir atvinnuleysingjana, en hv. þm. G.-K. (ÓTh) vill láta þá vera í friði og krefst þess, að ríkisstj. láti þá ganga atvinnulausa í friði. Hann krefst þess, að þjóðin sé í friði, án þess að mönnum séu sköpuð tækifæri til að hamast við framleiðslustörf, að hún sé látin í friði fyrir

leitun og sköpun nýrra markaða, að ekki sé verið að styðja innlendan iðnað, ekki sé jafnaður greiðslureikningur við útlönd, ekki sé verið að koma upp nýbýlum, eða tryggingum, hvorki séu tryggðir sjúklingar eða gamalmenni, örkumla menn eða atvinnulausir. Öll þessu er hann og hans flokkur á móti. Þeir krefjast, að atvinnuleysingjarnir fái að ganga atvinnulausir í friði, sjúklingarnir deyja drottni sínum án allrar hjálpar í friði, — það sé ekki verið að basla við að tryggja þeim læknishjálp eða hjúkrun. Þeir krefjast þess, að gömlu skipin séu látin í friði, að Kveldúlfur sé látinn í friði um fisksöluna, bændurnir sé látir í friði fyrir nýbýlabyggingum, þeir þurfi ekki styrk til að framleiða kartöflur eða frysta kjöt eða rækta jörð sína. Nei, þessi hv. þm. vill lofa þjóðinni að vera í friði fyrir slíkum framkvæmdum; það sé ekki verið að athuga um innlenda áburðarvinnslu, bara lofa bændunum að kaupa útlendan áburð í friði; það sé ekki verið að fikta við rannsóknir um sementsgerð, heldur fái allir að kaupa erlent byggingarefni í friði, eins og verið hefir. Ekkert nýtt, engar framkvæmdir, heldur lofa þjóðinni að vera í friði fyrir slíkum ófögnuði. Það er kjörorð þessa flokks og foringja hans, að halda höndum í skauti sér og láta reka á reiðanum. Þeir vilja fá að vera í samskonar friði eins og stór fjáröflunarmaður, sem sér gjaldþrotið framundan, en gefst upp, leggur árar í bát og stefnir beint til gjaldþrotsins. Þeir vilja fá að vera í friði!

Stjórnarflokkarnir líta öðruvísi á þetta. Þeir játa það, að útlitið sé iskyggilegt og miklir örðugleikar framundan. En þeir telja, að það sé þess vegna skylda að beita kröftum þjóðarinnar og berjast til þrautar á meðan kraftarnir endast, en liggja ekki í friði og spenna sultarólina sem fastast.

Ég get verið mjög ánægður með allar þessar umr. Mér þykir mjög vænt um, að meginatriðin hafa skýrzt svo sem hér hefir orðið. Ég vildi óska þess, að þeir hlustendur, sem fylgzt hafa með þessum umr., athuguðu það í næði og legðu dóm sinn á það, hvor stefnan sé heillavænlegri fyrir þjóðina, sú, að láta þjóðina vera í friði, eins og hv. þm. G.-K. vill vera láta, að ekki sé verið með þetta ótætis umbótabrölt á þessum erfiðu tímum, að ekki sé verið að hjálpa aðþrengdum atvinnuvegum landsmanna, heldur séu þeir látnir í friði, — eða hin stefnan, að berjast til þrautar og taka með karlmennsku á móti örðugleikunum og reyna að vinna sigur á þeim. Ég skýt því til áheyrendanna að dæma um það, hvor þessara stefna sé heillavænlegri fyrir land og lýð. Ég er ekki hræddur við að ganga til nýrra kosninga með þessari stefnuskrá.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 26. fundi í Sþ., 5. des., var enn fram haldið 1. umr. um frv.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 27 shlj. atkv.

Á 27. fundi í Sþ., 7. des., var frv. tekið til 2. umr. (A. 1, 670, n. 671).

Forseti (JBald): Ég vil skýra frá því áður en 1. frsm. tekur til máls, að fjvn. hefir skipt fjárlagafrv. milli þriggja frsm., og er ætlunin, að þeir tali allir í dag, ef tími vinnst til, en síðan verða fjárl. til umr. í einu lagi. Annars þyrftu þeir hv. þm., sem flytja brtt. við alla kafla frv., að taka til máls við hvern kafla fyrir sig, svo þetta fyrirkomulag ætti að spara ræðutímann nokkuð.

Frsm. 1. kafla (Jónas Guðmundsson): Í nál. fjvn. er gerð nokkur grein fyrir niðurstöðum þeim, sem leiðir af brtt., er n. flytur. Ég skal nú hv. þm. til skýringar taka þetta nokkuð nánar fram, áður en ég vík að þeim einstöku till., sem mér þykir þurfa að fara einhverjum orðum f. hönd n.

Það er þá um tekjubálkinn að segja, að samkv. till. n. eru tekjur í 2. gr., skatta- og tolltekjur, áætlaðar ..... 11265000 kr.
Tekjur í 3. gr. A. af rekstri ríkisstofnana ..... 2437860 —
Tekjur í 3. gr. B. af fasteignum ríkisins ..... 24650 —
eins og áætlað er í fjárlagafrv.
Tekjur í 4. gr., vaxtatekjur, eru áætlaðar ..... 515475 —
og ýmsar tekjur í 5. gr. ..... 50000 —

Raunverulegar peningatekjur ríkisins eru þannig samtals áætlaðar samkv. till. n. ..... 14477985 kr.

Heildarupphæð teknanna í niðurstöðutölum nál. er þó nærri 300 þús. kr. hærri, því þar eru meðtaldar fyrningar, sem færðar eru til jafnaðar á eignahreyfingum.

Hinsvegar eru gjöldin alls samkv. till. n. áætluð 14634505 kr., en þar frá dragast fyrningar, sem til gjalda eru taldar í fjárlagafrv. og nema 289051 kr., svo raunverulegar greiðslur ríkissjóðs eru áætlaðar 14345454 kr. Tekjuafgangur verður því um 132500 kr., eins og segir í nál.

Þá skal ég víkja að brtt. þeim, sem fyrir liggja frá fjvn., og eru þær 99, sem í minn hlut kemur að tala um. Yfir tekjubálkinn get ég farið mjög lauslega. Eins og getið er um í nál., er aðaltekjuhækkunin á áfengistollinum, en aðaltekjulækkunin er hinsvegar á tekju- og eignarskattinum. Hinar aðrar brtt. við tekjubálkinn eru að mestu leiðréttingar í þá átt að gera fjárlagafrv. eins og það virðist eiga að vera eftir þeim reikningum, sem nú liggja fyrir fjvn., og eftir því, hvernig tekjurnar reyndust árið 1934, með tilliti til þeirra ráðstafana, sem gerðar voru á síðasta þingi að því er snertir tekjur ríkissjóðs. Tekjur af rekstri landssímans eru áætlaðar 55000 kr. hærri í till. n. heldur en frv.; stafar það af því, að n. leggur til, að framlag til einkasíma í sveitum lækki um 20 þús., og að starfsmannalaun o. fl. í rekstri og viðhaldi landssímans lækki um 35 þús. Þá er ríkisútvarpið; þar hækkar n. tekjuafganginn um 20000 kr. Stafar það af ýmsum breyt. á

rekstri útvarpsins, sem n. gerir till. um. M. a. eru starfsmannalaun þar allmikið athuguð og samræmd; útvarpsefnið tekið sérstaklega út úr og útvarpsráðinu vegna þess fengnar til ráðstöfunar 1000 kr. á viku að meðaltali yfir árið. Ágóði viðtækjaverzlunarinnar er gert ráð fyrir, að renni allur í ríkissjóð; er það þó fremur skoðað sem greiðsla upp í væntanlegan kostnað við stækkun stöðvarinnar heldur en upphaflegan stofnkostnað.

Þá eru hér tveir nýir liðir, brtt. 16. a. og b., en það eru tekjur af bílaeinkasölu og raftækjaverzlun ríkisins, sem nú eru áætlaðar í fjárlögum í fyrsta sinn. 17. brtt., sundurliðun landssímans, þarf ekki að fjölyrða um. Þó skal ég benda á viðaukagreinina, sem í till. n. stendur, um að símtalauppbót greiðist eftir fyrirmælum fjvn. Um greiðslu þessarar uppbótar er nokkuð breytt til á þann veg, að hún fellur óskipt til þeirra, sem lægst eru launaðir, en dregst úr henni að því er snertir þá, sem hærra eru launaðir. Fæst með þessu nokkur sparnaður, eins og fram kemur í till. n. Þá er í 18. brtt. — sem er við sundurliðun landssímans, eignabreytingar, — lagt til, að dregið verði úr byggingu nýrra símalína, þannig, að fyrir 90000 komi 50000. Er það í samræmi við aðrar till., sem n. gerir, um að draga helzt úr þeim framkvæmdum, sem nota þarf til mikið af útlendu efni. Það er ætlunin, að fyrir þá upphæð, sem eftir stendur, verði fyrst og fremst byggð ein lína, sem orðin er ónothæf, Raufarhafnarlínan; álítur landssímastjóri, að 50 þús. kr. geri ekki mikið meira heldur en að hrökkva til hennar.

Um hækkunina á brúttótekjum áfengisverzlunarinnar er það að segja, að það er leiðrétting samkv. því, sem tekjurnar hafa reynzt að undanförnu, og kemur sú hækkun vitanlega fram á 3. gr. A.

Sundurliðun ríkisútvarpsins hefir n. unnið að, í samráði við útvarpsstjóra og útvarpsráð, að gera greinilegri en verið hefir.

Þá er 21. brtt., um vaxtagreiðslur ríkissjóðs. Það er leiðrétting, sem leiðir af því, að á árinu fór fram stórkostleg lántaka fyrir ríkissjóð, þannig að lausaskuldirnar minnkuðu mjög mikið, en föstu ensku lánin jukust að sama skapi.

Þá er 22. brtt., sem er við alþingiskostnaðinn. Þar gerir n. till. um 60 þús. kr. sparnað, sem byggist á því, að felld verði niður ritun þingræða og prentun umræðuparts. Till. svipaðs efnis var vísað frá í fyrra af hæstv. forseta, á þeim grundvelli, að lagabreyt. þyrfti að ganga á undan. Virðist því vera þýðingarlaust að bera fram þessa till. fyrr en lagt hefir verið fram a. m. k. frv. um þingskapabreyt. í þessa átt og fenginn meiri hl. fyrir því. Ímynda ég mér, að ekki sé um annað að gera fyrir fjvn. heldur en að taka þessa till. aftur til 3. umr., þar sem telja má víst, að henni verði ella vísað frá (**Forseti**: Á að skoða þetta þannig, að till. sé tekin aftur?). Nei, ég vil bera mig saman við fjvn. um þetta. Sjálfur er ég á móti till., og ég geri ráð fyrir, að fleiri úr minum flokki séu það, en slíkt kemur fram þegar málið verður sérstaklega til umr., ef frv. kemur fram um það. Hinsvegar ber n. fram sína till. af því, að þarna vill hún sýna fram á, að spara mætti 60 þús. kr. Og ég mun halda mér hér við þá hlið, sem að sparnaðinum lýtur, án tillits til annara ástæðna, sem vera kunna með eða móti einstökum till.

Um 23. og 24. brtt., sem eru um stjórnarráðið og ríkisféhirði, og 25. brtt., sem er um hagstofuna, er það að segja, að allt eru þetta leiðréttingar samkv. því, sem álitið er, að þessir liðir þurfi að vera.

26. brtt. gerir ráð fyrir 4000 kr. lækkun á heildarkostnaðinum við sendiráðið í Kaupmannahöfn. Stafar það af niðurfærslu á launum sendiherra, sem nú er gert ráð fyrir, að hafi sömu laun og ráðherra. Hinsvegar hækkar embættiskostnaðurinn nokkuð á móti, en mismunurinn nemur 4000 kr. sparnaði.

Þá er 27. brtt. við liðinn: samningar við erlend ríki; þar er gert ráð fyrir stórkostlegri hækkun, eða úr 15000 kr. upp í 60000. Fyrir dyrum standa — eða eru máske hafnir — samningar við Spán; ekki er annað vitað en að það þurfi að hafa samninga við England á næsta ári, og ennfremur er ráðgerð endurskoðun á samningum við Noreg. Til þessa alls — og sennilega fleiri ferða til samninga — hefir þótt rétt að ætla nokkra upphæð í fjárl., samkv. till. hæstv. fjmrh.

Þá er 28. brtt. um hæstarétt. Hún gerir ráð fyrir 6000 kr. hækkun, sem stafar af því, að samkv. l. um hæstarétt, sem samþ. voru hér í fyrra, á hæstiréttur nú sjálfur að ráða ritara sinn, og fellur þar af leiðandi niður athugasemdin, sem fylgt hefir þessum lið í fjárl. Hæstaréttarritari hefir hingað til ekki tekið laun sín hjá hæstarétti sjálfum nema að nokkru leyti, heldur hafa laun hans verið talin hjá ráðuneytinu, en nú á hæstiréttur að greiða þau sjálfur samkv. l. frá því í fyrra. Því þykir óhjákvæmilegt að hækka þennan lið verulega, og hafa hæstaréttardómararnir fært n. heim sanninn um, að um lægri upphæð gæti ekki verið að ræða.

Þá eru brtt. 29.—31. leiðréttingar á viðkomandi liðum á þann hátt, sem áður hefir verið lýst.

Í 32. brtt. hefir liðurinn „skrifstofukostnaður tollstjóra“ af misgáningi orðið 4800 kr. lægri en vera átti, því það féll niður að telja laun eins tollritarans, eins og sjá má af samanburði við starfsmannaskrána. Mun n. að sjálfsögðu bera fram leiðréttingu á þessu áður en umr. lýkur.

33. brtt. er leiðrétting frá því, sem er í frv.

Þá er 34. brtt. um að lækka og orða um liðinn: Lögreglustjóri, húsal. o. fl. Stafar það af því, að húsnæði lögreglunnar verður ekki hér eftir talið til útgjalda, þar sem hún fær nú til afnota sérstakt hús í bænum.

35. brtt. er aðeins leiðrétting.

36. brtt. er um hækkun á liðnum toll- og löggæzla, sem stafar aðallega af því, að nauðsynlegt er talið að kaupa nýjan bíl til lögreglueftirlits, þar sem sá bíll, sem notaður hefir verið, er orðinn ónothæfur, og viðhaldskostnaðurinn gerir hann dýrari en að hafa nýjan bíl. Auk þess leiðir nokkur hækkun af aukinni lög-

gæzlu; sérstaklega gera innflutningshöftin það að verkum, að betra eftirlit verður að vera með tollgæzlunni en verið hefir.

Af hækkun þeirri, sem 37. brtt. gerir ráð fyrir til Litla-Hrauns, er ætlazt til, að 5000 gangi til endurbóta á hælinu, en 10000 í rekstrarkostnað. Í fjárlagafrv. er rekstrarkostnaðurinn talinn a. m. k. 5000 kr. lægri heldur en hann kemur til með að verða á þessu ári, og aukin innrétting á byggingunni, til þess hægt sé að taka á móti fleirum, leiðir vitanlega af sér aukinn rekstrarkostnað.

Um lið 38 er það að segja, að þar er um að ræða greiðslu til kaupa á nýjum löggildingartækjum. Það er búið að kaupa þessi tæki, en þau koma ekki til greiðslu fyrr en á næsta ári.

Um lið 39 er það að segja, að þar er ráðgert að hækka um 1000 kr. styrkinn til barnaverndar. Þetta er aðeins leiðrétting, því að minni upphæð er ekki hægt að komast af með í sambandi við framkvæmd l. um barnavernd.

Sama er að segja um 40. lið, að þar er aðeins um leiðréttingu að ræða.

Um liði 41, embættisskeyti, 42, brunaábyrgðargjöld o. fl., 43, skattanefndir og skattstofa, 44, eyðublöð, bókband o. fl., 45, skrifstofukostnaður landlæknis, er hið sama að segja, að á öllum þessum liðum er aðeins um leiðréttingar að ræða, sem n. hefir orðið að gera, vegna þess að kostnaðurinn hjá þessum skrifstofum er orðinn þetta nú þegar.

Um lið 46 er það að segja, að þar er skipt upphæð, sem áður var á annan veg í fjárl., til 3 hreppa í Dalasýslu, og er það gert eftir beiðni hv. þm. Dal., en n. hafði ekki veitt þessu athygli.

Um lið 47.a er það að segja, að þar er lagt til, að styrkur til radiumsjóðs falli niður, og er það gert með samþykki þeirra, sem hlut eiga að máli.

Þá er 47.b nýr liður, sem er til kaupa á thoræcoskop, en það er áhald, sem notað er við berklalækningar. Má það teljast óhjákvæmilegt að verja 1600 kr. til kaupa á þessu áhaldi.

Þá er liður 48, þar sem n. leggur til, að liðurinn „utanferðir héraðslækna“ falli niður, og er það í samræmi við það, sem n. hefir lagt til, að utanferðastyrkir séu takmarkaðir eða felldir niður að mestu leyti, til þess að spara erlendan gjaldeyri.

Þá er liður 49, þar sem lagt er til, að námsstyrkur til geðveikralækna sé lækkaður um helming. Styrkurinn var upphaflega veittur til 2, en nú er aðeins 1 við nám, svo að n. hefir lækkað styrkinn um helming

Um brtt. frá 50 til 57 vil ég segja það, að eins og tekið er fram í nál. fjvn., þá hefir allur rekstrarkostnaður sjúkrahúsanna verið saminn upp af fjvn. í samráði við landlækni og yfirstjórnir sjúkrahúsanna, og má ætla, að þessi áætlun standist, því það hefir verið reynt að hafa hana líka því, sem kostnaðurinn mun reynast í ár. Það hefir orðið samkomulag um, að reynt verði að lækka rekstrarkostnað sjúkrahúsanna enn um 10%, því það hefir sýnt sig, að sjúkrahús okkar eru dýrari í rekstri en sjúkrahús nágrannaþjóða okkar, eins og t. d. í Danmörku. Ég vil sérstaklega benda á 56. lið, þar sem sundurliðuð eru gjöld og tekjur hjá hverju sjúkrahúsi, og eftir þeirri niðurstöðu, sem þar er, ætti halli sjúkrahúsanna að nema 387 þús. og 321 kr. En n. ætlast til, að ef framkvæmdur er þessi 10% sparnaður, sem lagt er til í till. n., þá ættu heildarútgjöldin að vera tæplega 260 þús. kr. Hvort það tekst að öllu leyti, eða að hve miklu leyti það tekst, fer eftir því, hvert kapp einstakir læknar og stjórnir sjúkrahúsanna leggja á það, að þessi sparnaður verði raunverulegur.

Þá kem ég að 57. lið, sem er við 12. gr. 18 a, sem er um það, að fella niður styrkinn til sjúkrahúsa. Þessi styrkur til sjúkrahúsa, sem áætlaður er í fjárl. 15. þús. kr., er búinn að standa lengi í fjárl., og var hann upphaflega og á sínum tíma ætlaður til þeirra sjúkrahúsa, sem voru starfandi, þegar hann var settur inn í fjárl. En síðan hafa svo að segja árlega bætzt við ný sjúkrahús, og eru sum þeirra stór. Sum þessara sjúkrahúsa njóta styrks annarsstaðar, t. d. í Rvík. En þar sem styrkurinn hefir staðið óbreyttur í fjárl., en sjúkrahúsum hefir fjölgað mikið, þá er hann orðinn lítils virði. Honum hefir verið skipt niður eftir legudögum, og er hann nú ekki orðinn nema 10 aurar á sjúkrarúm fyrir hvern legudag. Nú hefir landlæknir átt tal við fjvn. og bent á, að nauðsynlegt sé að koma upp hjálparstöðvum, sem vísir er að í Rvík og á Akureyri. Og álítur hann, að það komi að betra haldi, ef þessir liðir eru sameinaðir í fjárl. og heilbrigðisstjórninni fengið nokkurt fé til þess að ráðstafa í samráði við bæina, til þess að reyna að bæta úr hinni miklu þörf, sem er fyrir það, að koma upp öflugum hjálparstöðvum í kaupstöðunum, og þá sérstaklega í Rvík, með tilliti til þess að hjálpa til að koma í veg fyrir sýkingarhættu og leiðbeina sjúklingum, sem eru með sjúkdóm á byrjunarstigi, svo að þeir þurfi ekki sjúkrahúsvist, og greiða fyrir sjúklingum, sem þurfa eftirlits með eftir að þeir eru komnir af sjúkrahúsum. N. féllst á að gera till. um það, að þessi styrkur til sjúkrahúsa, sem er í 12. gr. 18 a, sé felldur niður með öllu, en styrkirnir í 12. gr. 18.l. og m. sameinaðir og látnir heita til heilsuverndarstöðva, gegn tvöföldu framlagi annarsstaðar að, svo að þessi upphæð verður allt að 50 þús. kr. Nú var bæði landlækni og fjvn. það ljóst, að þessi styrkur er lítill, ef það ætti að koma upp öflugum heilsuverndarstöðvum strax. En meiningin er, að þetta sé aðeins byrjun, en sýni það sig, að þessar heilsuverndarstöðvar séu heppilegar og að bæjafélögin vilji styrkja þær, þá verður ekki hjá því komizt að auka þessa upphæð í næstu fjárl. En það er ekki ætlunin að fara hærra nú, heldur sjá til, hvernig þessi byrjun reynist, og verður þá auðvitað mest lagt upp úr því, hvernig reynslan verður í Rvík.

Um lið 58, sjúkrahús á Reyðarfirði, er það að segja, að n. leggur til, að hann falli niður, þar sem vitað er, að af þeirri byggingu verður ekki.

N. leggur til, að næsti liður, 59, sé hækkaður um 6 þús., en þar er um að ræða upphæð til

læknisbústaða og sjúkraskýla. Alþ. berast alstaðar af landinu beiðnir og kröfur um hjálp til þess að kaupa eða byggja hús handa læknum, sem þeir staðir, er beiðnirnar senda, telja sig þurfa. Það er ætlazt til, að þessi styrkur skiptist þannig, að til sjúkrahúss og læknisbústaðar á Húsavík séu veittar 7500 kr., til sjúkrahúss og læknisbústaðar á Djúpavogi 5000 kr., til sjúkrahúss og læknisbústaðar á Hofsósi 700 kr., til kaupa á röntgentækjum á Sauðárkróki 2800 kr. Auk þessa hafa borizt umsóknir frá Akureyri og Vík í Mýrdal til Röntgentækjakaupa, og er gengið út frá því, að þessir 2 kaupstaðir komi næst til álita, þegar styrkur verður veittur. Það hefir verið venja, að þetta hefir farið eftir því, sem umsóknir hafa borizt og meðmæli landlæknis hafa legið fyrir. Og svo er um bæði þessi kauptún.

Þá kem ég að lið 60, sem er um það, að veita 3 þús. kr. byggingarstyrk til fávitahælis á Sólheimum. Það er vitað, að fjárhagur þessa fyrirtækis, sem er einkafyrirtæki, hefir verið örðugur. Þetta er eina starfandi fávitahæli hér á landi, sem hægt er að koma sjúklingum á, og er því viðkunnanlegt að veita því þá viðurkenningu frá ríkissjóði, sem þessi styrkur er.

Næsta brtt., 61, er um næma sjúkdóma, og er hún nánast leiðréttíng. Næmir sjúkdómar hafa geisað víða undanfarið, t. d. mænusótt, og verður óhjákvæmilegt vegna hennar að gera frekari ráðstafanir heldur en hægt er að gera með því fé, sem áætlað hefir verið í frv. til þessa, og því hefir þessi upphæð verið hækkuð. Þá kemur liður 62, sem ég hefi minnzt á áður, sem er um það, að breyta 2 liðum, l. og m., í einn lið, sem heitir til heilsuverndarstöðva. Og þarf ég ekki að fara frekari orðum um það.

Þá er liður 63, til sjúkraskýlis í Sandgerði, og er lagt til, að hann falli niður, þar sem byggingunni er lokið. Þá er brtt. 64, við 12. gr., sem er nýr liður og er um að veita 10 þús. kr. styrk til hjálpar mænusóttarsjúklingum þeim, sem verst hafa orðið úti. Skýrslur sýna, að 51 af þeim, sem veikina hafa tekið, hafa fengið lömun, talsvert mikla, en flestir þessara manna eru fátækir og verða því að liggja á kostnað hins opinbera, því að fáir þessara manna eiga að skyldmenni, sem eru aflögufær. Það er því lagt til, að heilbrigðisstj. fái 10 þús. kr. í þessu skyni. En það er auðvitað allt of lítið til þess, að sjúklingum þessum geti orðið verulegur styrkur að því, en þetta er þó viðleitni, sem fjvn. hefir viljað sýna.

Þá kemur að 13. gr. fjárl., sem er náttúrlega einhver mesti vandræðagripur, og er vanalega sú greinin, sem mestri togstreitu og mestum ágreiningi veldur. Þá er fyrst brtt. 65 og 66, sem eru til fyrirtækja, sem eru í sambandi við vegamálastjóra. Annarsvegar er hækkun á aðstoð, sem vegamálastjóri hefir haft, og hinsvegar hækkun á skrifstofukostnaði, og eru þetta í raun og veru leiðréttingar, því það verður ekki komizt af með minna fé. Það eru sífellt að aukast þau störf, sem eru vegamálastjóra viðkomandi, vegna viðhalds og nýbygginga vega, og leiðir það af sjálfu sér, að skrifstofukostnaður hlýtur að aukast eins og hjá tilsvarandi stofnunum. Mun þar þó vera haldið svo vel á, að betur er ekki gert annarsstaðar hjá ríkissjóði.

Um allar till. frá 67—82, að báðum meðtöldum, er það að segja, að n. hefir gert um þá liði till. með tilliti til þess, að sá skattur verði lagður á, sem mjög hefir verið rætt um meðal þm., þó að till. um hann hafi ekki enn komið fram. En þetta er hinn nýi benzínskattur, 4 aurar á lítra, sem ætlazt er til, að verði lagður á, og á að verja honum til malbikunar fjölförnustu vega umhverfis Rvík, til Suðurlandsbrautar og Holtavörðuheiðar og annara kafla á aðalþjóðleiðinni norður til Akureyrar og austur á land, sem nauðsynlegt er að endurbæta vel eða stytta. En þær reglur, sem eiga að gilda um þetta, eru ekki enn komnar til umr. En það má segja fyrirfram um þetta fyrirkomulag n., að ef þessi áætlaði benzínskattur verður ekki lögleiddur og látinn ganga til annara þjóðvega en þeirra, sem áætlaðir eru sérstaklega í fjárl., þá verður óhjákvæmilegt að endurskoða flestar till. n., ef ekki koma aukin framlög úr ríkissjóði. N. leggur til, að fjárveitingin til Holtavörðuheiðarvegar sé látin falla niður og að hann sé einn af þeim vegum, sem teknir eru á hinn nýja benzínskatt, en hann er einna þýðingarmesti kaflinn á aðalleiðinni norður. Út frá þessu sjónarmiði hefir n. svo skipt vegafénu á svipaðan hátt sem í fyrra, og reynt að skipta því sem jafnast á milli sýslna, og þó hlutfallslega látið mest ganga til þeirra, sem enn hafa minnst og ófullkomnast vegakerfi. Ég ætla að lesa upp skiptinguna eins og hún verður eftir till. n., sem fyrir liggja, og eftir frv.:

Gullbr.- og Kjósarsýsla	10	þús.
Borgarfjarðarsýsla	10	—
Mýrasýsla	6	—
Snæfellsnessýsla	10,5	—
Dalasýsla	10,5	—
Barðastrandarsýsla	10,5	—
Vestur-Ísafjarðars. (hækkun 2 þús.)	8	—
Norður-Ísafjarðarsýsla	8	—
Strandasýsla	10,5	—
Vestur-Húnavatnssýsla	6	—
Austur-Húnavatnssýsla (Vatnskarðið)	6	—
Skagafjarðarsýsla	17	—
Eyjafjarðarsýsla með Siglufirði	17	—
S.-Þingeyjarsýsla	15	—
N.-Þingeyjarsýsla	10	—
N.-Múlasýsla	16	—
Seyðisfjörður (Fjarðarheiði)	8	—
S.-Múlasýsla	16	—
Norðfjörður	15	—
A.-Skaftafellssýsla	8	—
V.-Skaftafellssýsla	8	—
Rangárvallasýsla	10	—
Árnessýsla	13	—
	Alls 247	þús.

Auk þess er meiningin að taka til ræktunarvegar í Vestmannaeyjum 5 þús. kr., sem hefir því miður fallið niður úr till. n. við 16. gr. Þá er brtt. 82 um það, að framlagið til viðhalds þjóðvega hækki úr 550 þús. kr. upp í 650 þús. kr., og byggist það á reynslu þessa árs. Og ber að

líta á það í þessu sambandi, að þetta fé fer fyrst og fremst til þeirra sýslna, sem eru búnar að fá vegina, og viðhaldsféð fer þá til þess að skapa atvinnu í þessum sýslum, og það ekki síður en það fé, sem varið er til nýbygginga vega, því að viðhaldsféð fer svo að segja eingöngu í vinnu.

Þá kem ég að lið 83, þar sem n. ætlast til, að framlagið til brúargerða sé lækkað um 30 þús. kr. Það er í rauninni ekki sýnt, hvort þetta tekst, og er það vegna eftirstöðva, sem eru á greiðslum vegna Hvítárbrúarinnar og Skjálfandafljótsbrúarinnar. Eftir upplýsingum frá vegamálastjóra má telja vafasamt, hvort þessi liður fær staðizt. Þær brúargerðir, sem gert er ráð fyrir að fari fram á næsta ári fyrir þessar 70 þús. kr., eru allar smávægilegar, og eru það þessar: Grafará hjá Hofsósi, Hólselskvísl á Fjöllum, Holtsá og Skógá undir Eyjafjöllum og Vesturdalsá í Miðfirði. Þessar brýr eru allar litlar, og kosta ekki mikið samanborið við þær stórbrýr, sem reistar hafa verið á undanförnum árum.

Um vegina skal ég ekki fara miklu fleiri orðum en ég hefi áður gert. Menn geta auðvitað deilt um það, hvað réttilega fénu hefir verið skipt niður, enda verður því aldrei skipt svo, að öllum líki.

Þá vil ég geta þess, að ein till. n. er það, að tillögin til sýsluvegasjóða lækki úr 100 þús. kr. niður í 70 þús. kr. Til þess að samþ. þessa till. þarf þingvilji að vera fyrir því, hvort menn vilja lækka hámark gjalds til sýsluvegasjóða úr 6% niður í 5%, og lækka þá framlag ríkissjóðs að sama skapi, og má með þessu gera ráð fyrir 30 þús. kr. lækkun. Þá er með brtt. 84 lagt til, að framlagið til akfærra sýsluvega sé hækkað um 2 þús. kr., og er það rétt með tilliti til þess, sem veitt hefir verið undanfarin ár.

Þá kem ég að 13. gr. B. 1. a og B. 1. b, sem er um samgöngur á sjó. Þar er gert ráð fyrir tveim stórum lækkunum. Í fyrsta lagi er gert ráð fyrir því, að styrkurinn til strandferðaskipanna lækki úr 400 þús. kr. niður í 300 þús. kr. Ástæður þær, sem færðar eru fyrir þessari lækkun, eru þær, að eftir því, sem vegakerfið verður fullkomnara og meira fé er varið til landsamgangna, virðist nokkuð mega draga úr sjósamgöngum yfir sumarið, og því megi draga úr ferðunum eitthvað frekar en gert hefir verið. Enn liggja þó ekki fyrir fullnaðargögn um það, hvort þennan sparnað allan verður hægt að framkvæma, en væntanlega koma fram gögn um það fyrir atkvgr., eða í síðasta lagi fyrir 3. umr. Afleiðingin verður óhjákvæmilega sú, að leggja skipunum meira upp á næsta ári en gert hefir verið í ár. Þetta kemur vitanlega langharðast niður á Austfirðingum, sem nálega engar samgöngur hafa við Rvík, nema ríkisskipin. En þegar spara á útgjöld frá því, sem nú er, verður vitanlega að klípa eitthvað af svo stórum lið sem þessum.

Ennfremur er lækkaður styrkurinn til Eimskips úr 200 þús. kr. niður í 150 þús. kr. Um þetta er svipað að segja og um ríkisskipin. Afkoma félagsins hefir verið sæmileg síðastl. ár, og þegar dregið er úr styrk til strandferða ríkissjóðs, er tæplega hægt hjá því að komast að draga úr styrk til Eimskips. Félagið nýtur auk þessa útsvars- og skattfrelsis. N. vill þó ekki með þessu sýna félaginu neina óvinsemd, enda hefir það á allan hátt sýnt það síðastl. ár, að það vill sem bezta samvinnu við ríkisstj., og væntir því n. þess, að félagið líti á þessa niðurfærslu sem illa nauðsyn, er ríkisvaldið verður að gera á þessum erfiðleikatímum.

Þá er brtt. 89, um flóabátana, aðeins orðalagsbreyt., og þar er bætt við aths. frv., að skip og bátar, sem njóta styrks úr ríkissjóði, eru skyld til að flytja póst endurgjaldslaust, sé þess krafizt.

Þá eru brtt. 90—94, allt brtt. viðvíkjandi vitamálaskrifstofunni, og þurfa þær ekki skýringa við, því þær eru aðeins leiðréttingar og byggðar á því, sem liðirnir munu raunverulega reynast í framtíðinni, og eru þetta mest launagreiðslur.

Þá er brtt. 95 (sjómerki), þar sem hækkað er um 2 þús. kr. vegna nýrra sjómerkja.

Þá er brtt. 96, sem er nýr liður og á að fara til hafnargerðar á Skagaströnd. Þessi hafnargerð hefir notið styrks áður, en er í miklum fjárhagslegum vandræðum.

Þá er brtt. 97 (hafnargerð á Sauðárkróki). Þar er sama upphæð og sú, sem er í frv., sem veitt er til þess að greiða fyrir því, að hægt sé að gera samning um byggingu hafnarinnar, og á að bjóða bygginguna út í ákvæðisvinnu. Taldi fjvn. rétt að taka þessa fjárveitingu inn í frv. með þeirri aths., að þetta sé 2. fjárveiting af 10, og að fjárveiting til þess fyrirtækis megi ekki fara yfir ⅔ kostnaðar.

Þá er brtt. 98 og 99, og er allt fé tekið inn á þá liði, sem varið er til hafnarbóta og brimbrjótsins í Bolungavík, sem lofað hefir verið og þáltill. liggur fyrir um, og hefir verkið þegar verið framkvæmt með lánum á ýmsum stöðum, og er ekki hægt að komast hjá því að veita þetta fé. Að öðru leyti verða ýmsar till. við þessa grein að bíða til 3. umr., og hefir n. hug á að lækka á henni, ef tök eru á.

Þá skal ég geta þess, að ekki var útrætt í n., hvernig varið yrði því fé, sem lagt er til vitamála og lendingarbóta, og hefir n. því ekki komið fram með neinar brtt., hvorki til hækkunar eða lækkunar á þeim 70 þús. kr., sem til þess voru áætlaðar í frv. Verður það að bíða til 3. umr., en þá mun n., í samráði við vitamálastjóra, koma fram með till. um, hve miklu verði til þess varið og hvernig því verður skipt, hvert því verður varið og hvað miklu í hvern stað.

Ég skal svo ekki segja fleira að sinni, en vil aðeins taka fram, að ég mun ekki minnast á brtt. einstakra þm. við fjárlfrv. fyrr en talað hefir verið fyrir þeim af flm.

Frsm. 2. kafla (Bjarni Bjarnason): Það hefir fallið í mitt hlutskipti að tala fyrir brtt. fjvn. við 14. og 15. gr. fjárlfrv. Ennfremur að segja nokkur orð um starfsskrá þá, sem heft er inn með nál.

Ég get verið stuttorður, vegna þess að allar helztu brtt. eru teknar upp í nál. og gerð grein fyrir þeim þar. Mun ég því aðallega minnast á þær brtt., sem ekki er getið þar.

Um brtt. 100—192, við 14. gr. A., get ég vísað

til þess, sem sagt er í nál., og hefi ekki þar við að bæta.

Brtt. 103—106 fundust n. eðlilegar í samræmi við annan sparnað.

Brtt. 107 er um að fella niður styrk til rekstrar rannsóknarstofu í lífeðlisfræði, vegna þess að Lárus Einarson, sem starfað hefir við háskólann og haft það starf með höndum, er farinn burt.

Brtt. 108—109 eru báðar hækkanir samkv. því, sem reynslan hefir sýnt að eyðzt hefir

Brtt. 110 er í samræmi við það, sem l. ákveða.

Brtt. 111 er um að lækka námsstyrk, sem úthlutað er samkv. ákvörðun menntamálaráðs, úr 16 þús. niður í 10 þús. Lækkun á þessari fjárhæð, sem var á valdi n., gengur að vísu út yfir listamennina, þó það sé ekki af neinni andúð n. til þeirra. Það er gert í samræmi við aðrar ráðstafanir n. til þess að draga úr utanferðum vegna erfiðs árferðis og gjaldeyrisvandræða. Er það sama að segja um utanfararstyrki til lækna, kennara- og iðnaðarmanna, að fellt er niður á öllum liðunum.

Brtt. 112 er dálítil hækkun á skrifstofukostnaði fræðslumálastjóra, úr 10 þús. í 14 þús. Þó er það ekki eins mikið og farið var fram á, en n. gat ekki fallizt á meiri hækkun, einkum með tilliti til þess, að landsprófin gætu fallið niður, a. m. k. í bili.

Brtt. 114—115 eru við menntaskólann í Reykjavík. Hækkun á eldivið, ljósi og ræstingu er samkv. því, sem reynslan hefir sýnt. En viðhaldskostnaður er lækkaður um 2 þús., með það fyrir augum, að dregið sé úr öllu, sem ekki er bráðnauðsynlegt að lagfæra.

Brtt. 116 er um að lækka liðinn til stundakennslu við menntaskólann í Reykjavík. Hefir n. lækkað þennan lið við flesta skólana, með tilliti til þess, að hún hefir gert till. um, að kostnaður til prófdómenda falli niður á þann hátt, að kennarar annist prófdómarastörf hver hjá öðrum án endurgjalds. Þó sumir telji e. t. v. heppilegra að hafa við þau nýja framandi menn, er kennurunum aðeins sýnt það traust, sem ég tel, að þeir eigi og rétt sé, þó ég eigi þar nokkurn hlut að máli. Með þessu er sparað nokkurt fé, en lögð meiri vinna á kennarana, og mun leiða af því, að prófin standi yfir nokkuð lengri tíma.

Brtt. 117, um að niður falli læknisskoðun í menntaskólanum, er gerð í samráði við landlækni.

Brtt. 118 er um að lækka upphæðina, sem ætluð er til aukakennara og stundakennara við menntaskólann á Akureyri um 3 þús. kr. Skal ég aðeins árétta það, sem um þetta segir í nál., að þetta er gert með tilliti til þess, að 1. bekkur skólans, sem verið hefir tvískiptur, verði ein deild næsta vetur, og einnig með tilliti til þess, að greiðslur til prófdómenda falli niður samkv. því, sem ég hefi áður getið um. Ég býst við, að forstöðumönnum skólanna séu þessar breyt. óljúfar, en fjvn. hefir gert till. um sparnað á öllum liðum, sem henni virtist hugsanlegt að spara á.

Ég vil nú þegar geta þess, að þó allmikið hafi verið lækkað á þessari gr., hafa persónuleg laun ekki verið skert, nema ef telja skyldi embættiskostnað presta, sem þó hefir ekki verið talinn launauppbót, heldur skrifstofu- og ferðakostnaður, sem ekki hefir verið í fjárlögum nema fá ár. Sá liður er lækkaður um nær helming.

Þá eru brtt. 119—120 smávægilegar lækkanir. Brtt. 120 til samræmis við það, sem reynslan hefir sýnt, og hin um að spara 1000 kr. á viðhaldi menntaskólans á Akureyri.

Brtt. 121, 122, 123, 124 og 125 eru leiðréttingar.

Brtt. 126, 127 og 128 eru viðvíkjandi vélstjóraskólanum og eru skýrðar í nál. Hefir fjvn. gert hér till. um, að enginn maður fái yfir 2500 kr. húsaleigustyrk á ári.

Brtt. 129, 130 og 131 eru skýrðar í nál.

Brtt. 132, 133 og 134 eru aðeins leiðréttingar.

Brtt. 135 er um að lækka styrkinn til verklegs framhaldsnáms erlendis úr 10 þús. kr. niður í 2 þús. kr. Ég hefi orðið var við, að þetta hefir valdið nokkurri óánægju, og get ég vísað til þess, sem ég hefi áður sagt, hvers vegna n. hefir lagt þetta til. En í þessu sambandi er rétt að athuga, til hvers er aðallega sótt um styrki af þessu fé. Flestir sækja um þá til þess að stunda ýmiskonar iðnaðarnám, en þar sem margar greinar iðnaðarins eru svo vel á veg komnar hér heima, að hægt er að fá þar fullkomna tilsögn, virðist ekki ástæða til þess að veita mönnum styrki til að stunda það nám erlendis, ekki sízt þegar um gjaldeyrisvandræði er að ræða.

Brtt. 136 þarf ekki frekari skýringa en koma fram í nál.

Brtt. 137 er um að lækka liðinn til eldiviðar og ljósa í Eiðaskóla, vegna þess að nú er rafstöðin þar komin til afnota.

Brtt. 138 er um að lækka liðinn úr 35 þús., sem átti að vera bæði til þess að fullgera rafstöðina og byggja sundlaug, um 8 þús. kr., með tilliti til þess, að byggingu sundlaugarinnar verði frestað.

Brtt. 139 þarf ekki skýringar.

Brtt. 140 er dálítil hækkun, eftir því, sem reynslan hefir sýnt.

Ég skal svo geta þess, að á þessari gr. hefir alls verið lækkað um 140 þús. kr. Ég vil einnig endurtaka það, sem ég gat lauslega um áður, að þessi sparnaður er gerður án þess að það komi niður á mönnum sem persónuleg launalækkun. Verð ég að líta svo á, að þess hafi verið full þörf, því eins og allir vita, er fjöldi manna, einkum sem kennslu stundar, mjög lágt launaðir.

Þá er ég kominn að 15. gr., og get ég verið fáorður um hana.

Brtt. 142 er við þjóðskjalasafnið, vegna þess að nýr maður hefir komið þar í embætti í stað annars, sem var á fullum launum.

Brtt. 143 fylgir grg. í nál.

Brtt. 144 og 145 eru smávægilegar breyt. samkv. reynslu.

Brtt. 147, um að styrkur til þjóðsagnasafns Sigfúsar Sigfússonar falli niður kemur af sjálfu sér, þar sem höf. er dáinn.

Brtt. 148, 149 og 150 eru smávægilegar breyt.

á styrk til leikfélaganna í Reykjavík, Akureyri og Ísafirði, um, að í stað ákveðinnar krónutölu komi „jafnmiklu“ frá hlutaðeigandi bæjarfélögum. Ennfremur, að ákvæðið um, að menntamálaráð samþ. starfsskrá fél., falli niður.

Brtt. 151 er um að veita nokkra fjárupphæð til sænskrar viku hér á næsta sumri, samskonar og íslenzka vikan, sem haldin var í Stokkhólmi síðastliðið sumar.

Brtt. 152 er fram komin vegna þess, að Sigurður Nordal hefir farið fram á, að hann yrði fluttur í 18. gr., og hefir n. fallizt á það.

Þá koma hér nokkrir nýir liðir. Leggur n. til, að þeim Jóhannesi úr Kötlum og Guðm. Finnbogasyni verði hvorum um sig veittar 1000 kr. til ritstarfa.

Ennfremur leggur n. til, að Ásmundi Sveinssyni verði veittur 2500 kr. styrkur. — Þá vil ég geta þess, að Jón Stefánsson hefir fallið niður, en verður tekinn upp við 3. umr., sennilega með 3000 kr.

Þá hefi ég lauslega hlaupið yfir þær brtt. við 14. og 15. gr., sem n. leggur til við þessa umr. Ég ætla þá með örfáum orðum að gera grein fyrir, hvað fyrir fjvn. vakir með starfsmannaskrá þeirri, sem ég hefi áður getið um. Ég finn ekki ástæðu til að vera margorður um starfsmannaskrána yfir höfuð, því þau atriði, sem nefnd eru í nál., mun ég ekki endurtaka að neinu verulegu leyti. Þó vil ég taka fram, að fjvn. er það vel ljóst, að starfsmannaskráin er ófullkomin, vegna þess að n. vannst ekki tími til að undirbúa hana eins og þurfti, vegna annara umfangsmikilla starfa. En n. væntir þess, að hæstv. ríkisstj. taki hana til athugunar í samráði við helztu menn hverrar stofnunar, og að þannig verði hægt að fullkomna þá byrjun, sem hér er hafin, og það er meginatriðið í þessu sambandi. Fyrst og fremst þarf að stefna að því, að engum séu greidd óhóflega há laun. Nú hafa ráðh. um 10 þús. kr. laun, og ætti enginn einn maður að hafa eins mikið, hvað þá meira. Svo ættu að nálgast ráðherralaun laun forstjóra við helztu ríkisstofnanirnar. En það, sem gerir þetta erfitt í framkvæmd, er, að mörg einkafyrirtæki greiða hærri laun en ríkið til sinna starfsmanna. Þess vegna vilja ýmsir gegnir menn fara frá ríkinu, eða a. m. k. bera launin saman. Hitt er sjálfsagt, og vill n. leggja áherzlu á það, að sömu laun séu greidd fyrir sömu störf. Einnig að vinnutími sé alstaðar hinn sami, frá kl. 9 f. h. til kl. 5 síðd., eða 7 stundir (1 st. til hádegisverðar dregst frá) á dag, og að skrifstofukaup og eftirvinnukaup sé alstaðar það sama.

Þá leggur n. áherzlu á, að föstum launum sé stillt í hóf og ekki sé hlaðið á einstaka menn margháttuðum aukastörfum. Einkum telur hún það mjög athugavert, þegar litið er um atvinnu, að einstakir menn hafi margföld laun, en aðrir líti eða ekkert til þess að lifa af. Nú er það vitanlegt, að fjöldi vel hæfra manna er atvinnulaus, en aðrir hafa óhófleg laun, af því að þeir eru duglegir að ná sér í aukastörf samhliða föstum störfum. Þessu ætti að vera hægt að miðla betur en hingað til hefir verið gert, ef hæstv. ríkisstj. hefir glöggt yfirlit yfir störfin á hverjum tíma. Hefir fjvn. bent í þessa átt með starfsmannaskránni, sem fylgir nál.

Af þessu, sem nú hefir verið bent á, er nauðsynlegt að vinna að því, að ekki risi óánægja milli manna vegna óþarfa misréttis. Ég skal nefna fáein dæmi þessu til sönnunar. Skal þá fyrst litið á, hvernig þessu er varið hjá stjórnarráðinu, og er þá ekki hægt að segja, að ráðist sé á garðinn þar, sem hann er lægstur. Dæmi er til þess, að skrifstofustjóri í stjórnarráðinu hafi haft yfir 20 þús. kr. á ári, þar sem ráðh. hefir aðeins haft 10 þús. kr., enda hafa skrifstofustjórar þar sjaldan undir 14 þús. kr. í árslaun, þó að laun þeirra eigi að vera 6 þús. kr., þegar full aldursuppbót er komin til greina. Það má líka benda á, að einstakir starfsmenn í stjórnarráðinu komast jafnhátt ráðh. að launum, án þess þó, að þeir séu skrifstofustjórar. Þetta er ekki haganlegt og ætti ekki að vera svona. Það er ekki vert að fara út í þetta í einstökum atriðum, en það væri hægt að nefna mörg dæmi í viðbót. Ég skal aðeins geta þess, að 2 forstjórar ríkisstofnana hafa 12 þús. kr. í árslaun hvor, og að þetta hefir ekki breytzt, þó að þeir hafi tekið að sér aðrar stofnanir. Þessir tveir forstjórar eru forstjóri tóbakseinkasölunnar, sem hefir tekið að sér að vera forstjóri fyrir raftækjaeinkasölunni, og landssímastjóri, sem nú er orðinn forstjóri póstmálanna. Nú hefir n. gert það að till. sinni, að laun þessara forstjóra lækki einnig um 2 þús. hjá hvorum fyrir sig þrátt fyrir þó bætzt hafi við önnur stofnun til umsjónar og forustu. Samkv. till. n. verður enginn starfsmaður ríkisins, sem fjvn. nær til með till. sínum, yfir ráðherralaunum, og sárafáir yfir 8 þús. kr. Og ég vil geta þess, að ef það er sanngjarnt, að ráðherrar eins þjóðfélags hafi ekki hærri laun en 10 þús. kr., þá mælir engin sanngirni með því, að aðrir starfsmenn ríkisins hafi hærri laun.

En svo eru til ýmsir starfsmenn, sem fjvn. hefir ekki náð til, svo sem nefndir í þágu atvinnuveganna og starfsmenn stofnana, sem eru undir sérstöku ráði, eins og t. d. bankar. En fjvn. hefir beint því til ríkisstj. að taka laun þessara starfsmanna ríkisins einnig til athugunar og vinna að því fyrir næsta þing, að fjárl.-frv. geti fylgt skrá yfir starfsmenn ríkisins og laun þeirra.

Ég skal geta þess, að fjvn. hefir skipt sér niður í smádeildir, og hafa þær átt tal við forstjóra ríkisstofnanna, og hafa þeir yfirleitt tekið vel í þetta mál. Mér er líka kunnugt um það persónulega, af samtali við ýmsa starfsmenn þessara stofnana, að þeir hafa yfirleitt tekið vel í það, þó laun þeirra væru lækkuð, og hafa þeir játað, að full þörf væri á því að koma samræmi á laun starfsmanna hins opinbera og reyna að stilla þeim í hóf. Það voru margir, sem bjuggust við því, að starfsfólkið myndi taka till. illa og jafnvel gera verkfall, ef þær yrðu samþ., en ég hefi ekki getað orðið var við neitt í þá átt. Fjvn. reyndi líka að vera eins sanngjörn í till. og henni var auðið, og þó að sjálfsagt megi eitthvað finna að þeim, þá munu þær þó hafa verið til bóta. Og þó að það sýnist svo, sem lækkað hafi verið mismunandi mikið

á ýmsum stofnunum, þá fer það eftir tölu starfsmanna hjá viðkomandi stofnun, en er ekki af því, að stórkostlega hafi verið lækkað hjá einstaklingum einnar stofnunar fram yfir það, sem gert hefir verið hjá öðrum stofnunum. Ég vil geta þessa til þess að ekki líti svo út, sem það séu óhóflega há laun hjá einstaklingum einnar stofnunar. Það er eðlilegt, að það beri mest á lækkuninni hjá landssímanum, því það er stærsta fyrirtækið og því flest starfsfólkið þar. Sumstaðar lítur svo út, sem launin samkv. till. fjvn. hafi hækkað samanborið við launalögin, og get ég í því sambandi nefnt póstmennina. En það stafar af því, að póstmenn hafa lengi haft frímerkjasöluuppbót. Lítur því út sem laun þeirra hafi nú verið hækkuð, með hliðsjón af launalögum, en þar er frímerkjauppbótin ekki tiltekin. Póstmenn hafa því alllengi haft þessi laun, sem launaskráin sýnir, og nefndin taldi ekki sanngjarnt að breyta launum póstmanna. Ég vil biðja hv. þm. að athuga þetta.

Þá hefir mér verið bent á, að einstaka menn hafi verið ósanngjarnlega lækkaðir. Það getur vel verið, að svo sé. En ég treysti þá ríkisstj. til þess að leiðrétta það, þegar l. eru færð til meira samræmis, og að hún láti ekki einstaka starfsmenn gjalda þess, þó að fjvn. hafi gert till., sem séu ekki sem sanngjarnastar.

Annars skal ég geta þess, að þeir starfsmenn, sem till. n. ná til, eru tæplega 700 að tölu, og eru það aðeins þeir starfsmenn, sem taldir eru í 3., 9., 10., 11. og 13. gr. En til þeirra, sem taldir eru í 12. gr. og aftan við 13. gr., ná till. n. ekki, og eru það prestar, læknar, sýslumenn, kennarar og fleiri. En eftir því, sem næst verður komizt, koma brtt. n. niður á tæplega 700 mönnum, og nemur sú lækkun, sem þar er gerð, eitthvað milli 150 og 160 þús. kr. Þó má geta þess, að lægstu laun eru hvergi skert, eða laun, sem eru fyrir neðan 3000 kr., og laun, sem eru frá 3000—4000 kr., eru mjög sjaldan skert. Ég vil sérstaklega geta þess, að í von um það, að töluvert af eftirvinnu eða aukavinnu sparist, þá hefir vinnutíminn verið ákveðinn frá kl. 9 f. h. til kl. 5 e. h., en áður var hann frá 10—4. Á þessum 2 tímum, sem vinnutíminn er lengdur um, er gert ráð fyrir því, að hægt sé að vinna mikið af þeim störfum, sem nú er borgað aukalega fyrir, en þessa lengingu vinnutímans er ekki hægt að kalla ósanngjarna. Og í framtíðinni má búast við því, að meira sparist á aukavinnu en gert er ráð fyrir samkv. till. n.

Ég held, að það sé ekki ástæða til að fara fleiri orðum um starfsmannaskrána. Ég get búist við, að einstakir hv. þm. geri við hana aths., og mun ég þá svara þeim síðar. En ég vænti þess, að hv. þm. skilji, að það er ekkert áhlaupaverk að semja slíka starfsmannaskrá. Það er viðurkennt af n., að þetta er ófullkomið verk og aðeins byrjun á öðru betra.

Frsm. 3. kafla. (Þorbergur Þorleifsson): Frsm. 1. kafla, hv. 6. landsk., hefir gefið ýtarlegt yfirlit yfir heildarstarf n., og ætla ég þar engu við að bæta, en mun eingöngu halda mér við að tala um þennan 3. kafla fjárl., sem ég hefi framsögu um, og byrjar á 16. gr.: Verkleg fyrirtæki. Mun ég þá fyrst, áður en ég geri grein fyrir hinum einstöku brtt., tala nokkuð um 16. gr. sérstaklega, en það er sú grein, sem mestar breyt. hafa verið gerðar við, og eru aðalbreytingarnar tvennskonar. Í fyrsta lagi leiðréttingar, sem hækka greinina um meira en ½ millj., og í öðru lagi lækkunartill. n., sem nema nokkuð á þriðja hundr. þús. kr. Hækkunartill. n. við þessa grein eru aftur á móti bæði fáar og smávægilegar. En þrátt fyrir það hækka heildarútgjöld gr. allmikið frá því, sem upphaflega var í frv.

Leiðréttingarnar við frv. eru gerðar í samráði við hæstv. fjmrh. og eftir till. hans. Eru það sumpart leiðréttingar samkv. reynslu síðasta árs, og er það í fyllsta samræmi við þá stefnu, sem fjmrh. hefir markað, um að taka jafnan upp í fjárlög allar þær greiðslur, sem vitað er um, að komi til útborgunar á árinu. Sumpart eru þetta leiðréttingar vegna þál. og l. frá þinginu í vetur.

Leiðréttingarnar eru þá þessar: Gjöld samkvæmt jarðræktarlögunum: Jarðabótastyrkur 110000 kr, og til verkfærakaupasjóðs 20000 kr., alls 130000 kr. Til búfjárræktar 3000 kr., til fjárkláðalækninga 8000 kr., til veðurstofunnar 4000 kr. Kostnaður vegna laga um lax- og silungsveiði 2000 kr. Til erindrekstrar í Miðjarðarhafslöndum 4000 kr. Gjaldeyris- og innflutningsnefnd 10000 kr. Skrifstofukostnaður húsameistara ríkisins 8000 kr. Auk þess 2 smáupphæðir, 500 kr. hvor. Ferðakostnaður vegna eftirlits með skipum og laun skógræktarstjóra 1000 kr. Þessar leiðréttingar samkv. reynslu síðasta árs nema samtals 170000 kr., en þar við bætast margar og stórar upphæðir, sem ber að taka upp í greinina vegna nýrra lagasetninga. Þessar upphæðir eru t. d.: Greiðsla vegna ofviðurstjóns á Norðurlandi 60000 kr., til skuldaskilasjóðs útvegsmanna 160000 kr., til iðnlánasjóðs 25000 kr., til greiðslu vaxtahluta af fasteignaveðslánum bænda 75000 kr. Mjólkurbúastyrkur 55000 kr.,frystihúsastyrkur 20000 kr., til útrýmingar fjárkláða 10000 kr. Gerir þetta samtals 405000 kr. Þar við bætast áðurnefndar 170000 kr. Verða þá þessar leiðréttingar við greinina alls 575000 kr. Heildarútgjöld gr. voru upphaflega í frv. eins og það kom frá stj. 2599625 kr. En eftir leiðréttingar n. 3180825 kr. Ber þessari upphæð ekki alveg saman við nál., en það liggur í því, að nokkrar upphæðir, flestar smávægilegar, hafa fallið úr við uppgjörið, þegar nál. var samið.

Hækkunartill. þær, sem n. gerir við þessa grein frv., fyrir utan þær hækkanir, sem leiðir af áður umgetinni leiðréttingu, eru, eins og áður er sagt, litlar og nema alls aðeins um 24 þús. kr.

Nokkrar þær hækkunarleiðréttingar, sem n. gerði við þessa gr. frv., voru felldar aftur niður í sparnaðarskyni, og eru því raunverulega lækkun á útgjaldalið frv. frá því, sem það annars hefði orðið frá n. En þær eru þessar:

Til verkfærakaupasjóðs 20000 kr., til búfjárræktar 3000 kr., til veðurstofunnar 4000 kr., kostnaður vegna laga um lax- og silungsveiði

2000 kr., til erindrekstrar í Miðjarðarhafslöndum 4000 kr., skrifstofukostnaður húsameistara ríkisins 8000 kr. Samtals 41000 kr.

Hinar aðrar lækkunartill. n. eru:

Til Búnaðarfélags Íslands 20000 kr., Sandgræðslan 3000 kr., verkfærakaupasjóður 5000 kr., búfjárræktin 12000 kr., Byggingar- og landnámssjóður af tekjum tóbakseinkasölu 50000 kr., Ræktunarsjóður, hluti af útflgjaldi 40000 kr., tillag til byggingarsjóða kaupstaða og kauptúna af tekjum tóbakseinkasölu 70000 kr., vegna ráðstafana um tilb. áburð 5000 kr. Garðyrkjufélagið 3000 kr., Fiskifélagið 8000 kr. Skrifstofukostnaður húsameistara 2000 kr.

Lækkanir n. við greinina, þegar með eru teknar áður nefndar 41000 kr., nema þá 259000 kr., sem er dálítið lægri upphæð en talið er í bráðabirgðayfirliti n. í nál., en þrátt fyrir allar þessar lækkanir nema hækkanirnar allmiklu meira, eða um 346000 kr. Er því frvgr. nú, eftir að n. hefir fjallað um hana, 2945625 kr., en var í frv. 2599625 kr.

Um hinar einstöku brtt. n. get ég vísað til nál., en mun þó minnast á sumar þeirra nokkuð ýtarlegar en þar er gert. Um lækkunartill. n. er það að segja, að ýmsar þeirra eru við þá liði, sem eru viðkvæmir, og því ekki með öllu sársaukalaust fyrir n. að lækka, og verða sjálfsagt eitthvað skiptar skoðanir um það, hvort rétt hafi verið að lækka. En ég vænti samt, að hv. þm. taki þeim vel og skilji það, að það er ekki hægt að skera niður á fjárl. um eina millj. króna hina ýmsu liði, sem þar hafa staðið, án þess að koma einhversstaðar nálægt kviku.

Ég skal þá fyrst minnast á 158. brtt., um að færa niður framlagið til Búnaðarfélags Íslands um 10 af hundraði, úr 200 þús. niður í 180 þús. kr. N. hefir fært þetta niður í þeirri von, að félagið geti í bili dregið eitthvað saman starfsemi sína, án þess það komi að mikilli sök. Eins og segir í brtt. og getið er um í nál., vill n. taka sérstaklega fram, að styrkurinn til búnaðarsambandanna úti um landið verði ekki lækkaður um meir en 10 af hundraði.

159. brtt. er við sandgræðsluna, að fyrir 30 þús. kr. komi 27 þús. kr. Á þessum lið er fylgt sömu aðferð og við Búnaðarfélagið, að færa heildarupphæðina niður um 10 af hundraði. Um hvernig sú niðurfærsla verði framkvæmd hefir n. engar sérstakar till., en gengur út frá því, að þau sandgræðslufyrirtæki, sem byrjað er á og fyrirfram búið að lofa framlagi til að ljúka við, verði ekki færð niður.

160. brtt. fjallar um jarðabótastyrkinn. N. hefir ekki viljað lækka jarðræktarstyrkinn, enda litið svo á, að það sé ekki hægt nema með lagabreyt. Og vitanlega er ekki hægt að breyta lögum þannig, að þau verki aftur fyrir sig. Jarðabætur þær, sem l. samkv. á að greiða styrk til á næsta ári, er þegar búið að taka út. Og allir bændur, sem hafa látið taka út þessar jarðabætur, reiða sig fastlega á, að þetta verði greitt eins og hver önnur lögboðin greiðsla úr ríkissjóði. N. hefir hækkað þessa upphæð um 110000 kr., sem er leiðrétting samkv. reynslu síðasta árs, og er útlit fyrir, að jarðabæturnar verði ekki minni í ár, og því ekki varlegt að áætla þessa upphæð lægri.

Þá er 161. brtt. 4 b. Verkfærakaupasjóður. Samkv. reynslu síðasta árs hefir þessi upphæð orðið 85000 kr. Í frv. stóð 65000 kr. Hefir n. gert till. um að fella niður leiðréttingu og 5000 kr. í viðbót. Lækkar því framlagið samkv. till. n. um allmikla upphæð.

Þá kem ég að 162. brtt. Búfjárrækt. Leggur n. til, að sá liður verði færður niður frá því, sem í frv. stendur, um 12000 kr. Þetta er okkur bændunum viðkvæmur liður, og þótt n. hafi neyðzt til að lækka hann í þetta skipti, getur sú lækkun ekki orðið til frambúðar. Eins og kunnugt er, njóta fleiri greinar búfjárræktarinnar styrks á þessum lið í einu lagi. Sumar þessar greinar búfjárræktarinnar eru þannig, að ekkert má skerða þann styrk, er þær njóta. En n. álítur aftur á móti, að fresta megi að framkvæma um eitt ár einu atriði viðkomandi búfjárræktinni, er styrks nýtur á þessum lið, en það eru sýningar búpenings, en varla svo neinu verulegu nemi öðrum greinum á þessum lið.

Næsta till., sem er 163. brtt., er um að lækka framlagið til byggingar- og landnámssjóðs af tekjum tóbakseinkasölu um 50000 kr., og er þá bezt, að ég minnist um leið á 165. brtt., sem er hliðstæð, en hún er um að lækka framlagið til byggingarsjóða kaupstaða og kauptúna samkv. l. um verkamannabústaði, einnig af tekjum tóbakseinkasölu, um 70000 kr. Útlitið er þannig sem stendur, að ekki verður hægt að flytja inn byggingarefni alveg takmarkalaust, eins og verið hefir, og mun því verða að draga úr byggingum. Þess vegna mun þetta ekki beinlínis koma að mikilli sök, þó að framkvæmd þessara l. verði frestað eitt ár.

164. brtt. er um að fella niður 40000 kr. framlag til ræktunarsjóðs, sem er hluti af útflutningsgjaldi.

166. brtt. er um að lækka ofurlítið framlagið vegna ráðstafana um tilbúinn áburð, eða binda það við hámarksupphæð.

Styrkurinn til garðyrkjufélagsins hefir verið lækkaður um 3000 kr., sem nemur launum Einars Helgasonar garðyrkjustjóra, sem nýlega er látinn.

Þá verður næst fyrir skógræktin. 169. brtt. er um að hækka framlag til skóggræðslu um 15 þús. kr., úr 8 þús. kr. í 23 þús. kr. Þar sem þetta stingur mjög í stúf við aðrar till. n., og þetta er ein af örfáum hækkunartill., sem n. hefir séð sér fært að koma fram með, tel ég rétt að gefa á þessu nokkra skýringu, til viðbótar því, sem stendur í nál. Á venjulegum tímum mundi nú þessi hækkun að vísu ekki þurfa mikillar skýringar við, því það er yfirleitt viðurkennt, að skógræktin sé eitt hið mesta menningarmál og eitt af þeim fáu hugsjónamálum, sem nær til alls almennings í landinu, auk þess sem það er hugsmunamál fyrir alla þjóðina, að það sé tekið réttum tökum. En skógræktin hefir verið í undarlegri niðurlægingu, og framlög til hennar frá því opinbera ekki í samræmi við þá hugsun og þá von, sem Jónas Hallgrímsson brenndi inn í vitund þjóðarinnar með hinum látlausu spámannsorðum:

„Fagur er dalur og fyllist skógi, og frjálsir menn þegar aldir renna“. En fyrir 5 árum virðist hv. Alþ. hafa gleymt þessu, því þá var framlag til skógræktar lækkað, og smám saman síðan, þar til starfsfé skógræktar var komið niður í um 8000 kr., úr 20000 kr., sem það var fyrir 5 árum. Skógræktin hefir því komizt í skuldir, eymd og niðurlægingu, sem á engan hátt er sæmandi. Fer nokkuð af þessari hækkun til þess að greiða gamlar skuldir og koma skógræktinni á réttan kjöl fjárhagslega. Hefir hinn ungi og áhugasami skógræktarstjóri látið það í ljós við n., að hann hafi hug á að auka tekjur skógræktarinnar í framtíðinni, svo að hún geti betur staðið undir sér sjálf fjárhagslega en hingað til hefir verið. En grundvöllurinn undir því er sá, að skógræktin geti eignazt sinn eiginn vörubíl, sem geti gengið fyrir viðarkolum, sem tiltölulega ódýrt er að framleiða úr skógarkjarrinu. Er ætlazt til, að nokkuð af þeirri fjárveitingu, sem n. leggur til, að verði veitt, fari til þess að kaupa einn slíkan bíl. Þegar viðarkolabillinn er fenginn, verður miklu ódýrara að koma afurðum skóganna um landið og selja með hagnaði, til ágóða fyrir skógræktina. Einnig ætlast skógræktarstjóri til, að skógræktin geti haft nokkrar tekjur af plöntuuppeldi.

Þá er 172. brtt. um að taka upp 200 kr. til Eggerts Guðmundssonar, til þess að stunda dýralækningar við Gilsfjörð. Er hann einn af þessum sjálfmenntuðu dýralæknum, sem oft geta hjálpað í því dýralæknaleysi, sem er úti um landið. Áður hefir þingið launað ýmsa í þessu skyni, svo hér er fordæmi fyrir.

N. hefir samkv. tilmælum landbráðh. tekið upp í 173 brtt. — „til fjárkláðalækninga — útrýmingarböðun“, eins og það er orðað — 24000 kr. Á þinginu í vetur voru samþ. l., sem heimiluðu landbráðh. að láta fara fram slíka útrýmingarböðun, og nú hefir landbráð. skýrt n. frá, að hann muni nota þessa heimild, ef heyfengur verði sæmilegur næsta haust.

174. till. er um það, að laun forstöðumanns efnarannsóknarstofunnar verði færð niður til samræmis við aðra starfsmenn ríkisins. Hefir hann haft, auk fastra launa, 25% af öllum tekjum stofnunarinnar. Leggur n. til, að þetta verði fært niður í 10%.

175. till. er nýr liður, til Þykkbæinga, um styrk til skurðgröfu við framræslu Safamýrar, enda fái þeir ekki styrk eftir l. nr. 59 1930. Í síðasta árs fjárl. höfðu þeir styrk í sama skyni; er þetta þýðingarmikið fyrirtæki, sem þeir hafa með höndum, og leggur n. til, að þeim verði veittur þessi styrkur.

176. till. fjallar um lækkun á framlagi til Fiskifélagsins um 10%, úr 80000 kr. niður í 72000 kr. Er það hliðstætt þeirri lækkun, sem n. leggur til, að gerð verði á framlagi til Búnaðarfélagsins og fleiri liðum.

177. till. gerir ráð fyrir, að skipaskoðunarstjóri, sem er vel launaður, hjá ríkinu, skuli hafa eftirlit með skipum ríkisins án nokkurs sérstaks endurgjalds. Áður hefir orðið að greiða sérstaklega fyrir þetta, leggur n. því til, að þetta verði gert í sparnaðarskyni.

178. till., um að ferðakostnaður vegna skipaeftirlits hækki, er leiðréttingartill. samkv. undanfarandi reynslu.

179. till. er hugtaksbreyting, sem gerð er í sparnaðarskyni. Eins og ég gat um hér að framan í ræðu minni, var ein af leiðréttingartill., sem gera þurfti við frv., hækkun til erindrekstrar í Miðjarðarhafslöndunum, 4000 kr. að upphæð, samkv. undanfarandi reynslu. Leggur n. til, að sú orða- eða hugtaksbreyting verði gerð á liðnum, að í stað „erindrekstrar“ komi fiskifulltrúa, og að kostnaður megi ekki fara fram úr 8000 kr. úr ríkissjóði, en ef fiskifulltrúinn þarf að ferðast í markaðsleitarerindum, þá skal ferðakostnaður hans greiddur úr markaðsleitarsjóði.

180. till. er hækkunartill. Einnig er sú breyt. gerð á liðnum, að bætt er við hann nýrri svo hljóðandi setningu: „gegn tvöföldu fjárframlagi annarsstaðar að“. Þetta er kostnaður við gjaldeyris- og innflutningsnefnd.

181. till. gerir ráð fyrir 500 kr. framlagi til landssambands bænda. Á undanförnum árum hafa bændur landsins sýnt mikinn áhuga í því að koma saman á fund alstaðar að af landinu einu sinni á ári, til þess að ræða velferðarmál bændastéttarinnar. Þessir fundir hafa verið haldnir hér í Reykjavík og nefndir landsfundir bænda. Þrjú ár í röð hafa þessir fundir verið haldnir, og hafa nú fengið fast form með stofnun landssambands bænda, sem stofnað var á síðasta landsfundi, sem haldinn var hér í Rvík í fyrravetur og margir hv. alþm. tóku þátt í. Landssambandið hefir sótt um styrk til Alþingis til starfsemi sinnar, og vill n. leggja til, að tekin sé upp í fjárl. ofurlítil upphæð í þessu skyni.

182. till. er um framlag til vinnumiðlunar. Vegna skipulagsbreytingar á þeim málum ber að fella niður aths., „þar af til vinnumiðstöðvar kvenna 2000 kr“. En liðurinn helzt óbreyttur að öðru leyti.

183. till. er viðvíkjandi Ungmennafélagi Íslands. Þegar þessi félagsskapur var stofnaður, var eitt aðaláhugamál hans að efla bindindi. Íþróttir, skóggræðsla og bindindi voru allt mál, sem voru ofarlega á stefnuskrá þessa félagsskapar. Margir þeirra manna, sem nú eiga sæti á hv. Alþingi, hafa aukið sinn þroska innan ungmennafélagsskaparins, og ekki sízt fyrir það, að þeir lærðu þar að afneita Bakkusi. Á seinni árum hefir þessi félagsskapur hætt að vinna að bindindismálum. Bindindi er víðast hvar gert útlægt úr félagsskapnum, og síðan er hann eins og visnandi hönd, máttlaus og þróttlaus og virðist lítið afl hafa til þess að þroska meðlimi sína. N. telur illa farið, að ungmennafélagsskapurinn hætti að vinna að bindindismálum, og leggur því til, að skilyrði fyrir útborgun styrksins sé, að Ungmennafélag Íslands vinni að eflingu bindindis. Orðast því liðurinn svo nú: „Handa Ungmennafélagi Íslands, til eflingar íþrótta, skóggræðslu og bindindis, 4000 kr.“ Er það sama upphæð og félagið hafði í síðustu fjárlögum.

184. till. fjallar um skrifstofukostnað húsameistara. Er gert ráð fyrir að létta nokkru af

skrifstofukostnaðinum af ríkinu, með því að ákveða, að skrifstofan skuli hafa dálitlar tekjur af teikningum, sem húsameistari lætur gera, þannig að skrifstofan taki allt að 25% af venjulegum taxta, sem greiddur er fyrir teikningar. Þetta munar tiltölulega litlu á verði byggingarnna, en það venur menn hinsvegar af því að láta gera teikningar út í bláinn, sem svo eru ef til vill aldrei notaðar, eins og komið hefir fyrir.

Þá er 185. till. A-liður þeirrar till. fjallar um 2000 kr. framlag til húsbygginga á Breiðumýri vegna jarðskjálfta 1934, en b-liðurinn er um að veita 1500 kr. til kaupa á spildu úr Hólalandi til handa Breiðumýri. Þegar jarðsjálftarnir miklu urðu sumarið 1934, var stofnað til samskota um land allt, til þess að bæta tjónið. Í Þingeyjarsýslu urðu engar skemmdir, nema á þessum eina bæ, Breiðumýri í Reykjadal. Þar hrundu bæjarhúsin. Bætur komu engar fyrir þetta af samskotafénu. Á Breiðumýri er læknissetur, og á ríkið jörðina. Leggur n. til, *að þessi upphæð sé veitt til hjálpar við endurbyggingu bæjarhúsanna.* Breiðumýri vantar beitiland, en Hólar hafa aftur á móti gnótt þess. Telur n. því hagkvæmt að ríkið kaupi spildu úr Hólalandi til viðbótar beitilandi Breiðumýrar; liggja lönd jarðanna saman. Liðirnir c.-h. eru allir teknir upp samkv. lagafyrirmælum. Eru það framlög til skuldaskilasjóðs útgerðarmanna, til mjólkurbúa, til greiðslu vaxta af fasteignaveðslánum bænda, til iðnlánasjóðs, til greiðslu ofviðristjóns á Norðurlandi og til frystihúsa. Um i.-lið, sem gerir ráð fyrir 5000 kr. framlagi til skipulagsnefndar atvinnumála, er það að segja, að lagt er til, að þessi upphæð verði ekki tekin upp hærri, vegna þess að gert er ráð fyrir, að nefndin skili lokaáliti um það leyti sem næsta Alþingi kemur saman. J.-liðurinn, sem er um kostnað við eftirlit með opinberum sjóðum, er tekinn upp samkv. lögum, eins og liðirnir c.—h.

Áður en ég skil við þessa 16. gr., skal ég geta þess, að fjvn. hefir samþ. að taka upp fjárveitingu til ræktunarvegar í Vestmannaeyjum, 5000 kr. að upphæð, en sú brtt. hefir fallið burt úr till. n. Vestmannaeyingar hafa, eins og kunnugt er, enga þjóðvegi og eru því vel að þessari upphæð komnir; væntir n. því, að þessi till. verði samþ., þegar hún verður borin fram.

Við 17. gr. eru aðeins 2 brtt. Sú fyrri, 186. brtt., fjallar um það, að styrkur til berklasjúklinga hækki úr 800000 kr. upp í 850000 kr. Eins og kunnugt er, hefir þessi útgjaldaliður fjárl. stöðugt farið hækkandi, og mun hann verða upp undir 1 millj. kr. í ár. Eins og drepið er á í nál., kom landlæknir að máli við fjvn. í vetur og óskaði eftir að mega ráða sérstakan lækni til þess að hafa yfirumsjón með berklavörnum. Var til *starfsins ráðinn* Sigurður Sigurðsson læknir, og hóf hann þegar starf sitt í vor. Það er mikið útlit fyrir, að þessi nýja skipun á þessum málum og starf þessa manns muni bera mikinn árangur í því að hefta útbreiðslu þessa skaðræðissjúkdóms. Í þeirri von leggur n. til, að þennan lið þurfi ekki nauðsynlega að hækka meira en hér er gert ráð fyrir. Annars hefði þurft, samkv. reynslu síðasta árs, að hækka þennan lið upp í *ca. 950000* kr.

Hin brtt. við 17. gr., 187. till., er um að taka upp fjárveitingu til áfengismálaráðunauts, 3000 kr. að upphæð. Er það gert samkv. ákvæði í hinum nýju áfengislögum.

Við 18. gr. hefir n. gert nokkrar brtt., sem flestar eru smávægilegar.

188. brtt. við 18. gr. I.a. er um eftirlaun embættismanna, sem lagt er til, að verði hækkuð um 27916,14 kr. 189. till. er um hækkun á framlagi til embættismannaekkna og barna þeirra um 400 kr.

190. till., við I.c., er um það, að prestsekknaliðurinn hækki um 166,04 kr.

191. till. I.e. er um það, að lífeyrir samkv. l. nr. 51 1921 hækki um 1030 kr. Þetta eru allt lögboðnar greiðslur, og þarf ég ekki að fjölyrða um það.

Þá er 192. brtt. N. leggur til, að teknar verði upp 2000 kr. til handa Sigurði Thoroddsen, fyrrv. kennara við menntaskólann, sem látið *hefir af störfum fyrir aldurs sakir.* Skal þessi upphæð koma til viðbótar við lögmælt eftirlaun hans.

Þá leggur n. til í 193. brtt. og brtt. n. 200. a., að eftirlaun ekknanna Kirstínar Blöndal og Guðbjargar Guðmundsdóttur verði hækkuð úr 300 kr. upp í 400 kr. hjá hvorri.

Í 194. brtt. er farið fram á það, að Önnu Þorgrímsdóttur verði veittar 1100 kr. í stað 1300. Þetta er aðeins leiðrétting á liðnum.

Í 195. till. leggur n. til, að tekin verði upp 600 kr. eftirlaun til Sigrúnar Bjarnason, ekkju Þorleifs H. Bjarnasonar menntaskólakennara. Hafa oft áður í fjárl. verið teknar upp einhverjar upphæðir handa ekkjum, þegar líkt hefir staðið á, og þarf ég ekki að rökstyðja það frekar.

196., 197. og 198. till. eru allar leiðréttingar á frv. og teknar upp vegna þess, að þessir heiðursprestar, sem liðirnir eiga við, hafa allir látizt á árinu.

199. till. gerir ráð fyrir nýjum liðum. Er þar farið fram á, að Gísla Einarssyni verði veittar 295 kr., Arnóri Árnasyni 310 kr., Hallgrími Thorlacius 295 kr., Einari Thorlacius 355 kr. og Bjarna Þorsteinssyni 295 kr. Þetta er allt lögboðin eftirlaun þessara manna, sem hafa verið prestar þjóðkirkjunnar, en látið af prestskap fyrir aldurs sakir.

Þá er brtt. 200,b., sem gerir ráð fyrir 300 kr. framlagi til frú Bjargar Jónsdóttur frá Vallanesi, ekkju séra Sigurðar Þórðarsonar. Leggur n. til, að þessi upphæð verði tekin upp, þar sem hér er um fátæka ekkju að ræða, en hinsvegar mörg fordæmi fyrir því, að slíkir liðir hafi verið teknir upp, eins og áður er drepið á.

201. og 202. brtt. eru um að hækka ofurlítið styrk til tveggja kennara, um 50 kr. til hvors. Þessir kennarar eru Guðmundur Björnsson og Ingivaldur Nikulásson. Það munar lítið um þetta fyrir ríkissjóð, en dálítið fyrir þá, sem úr litlu hafa að spila. Leggur n. því til, að athuguðu máli, að þessi smávægilega hækkun verði samþ.

Í brtt. nr. 203 er gert ráð fyrir tveim nýjum liðum. Annar fer fram á 200 kr. framlag til

Reynalds Kristjánssonar pósts, og til Árna Sigurbjörnssonar pósts sama upphæð; er þetta tekið upp samkv. meðmælum póst- og símamálastjóra. Póstarnir eru þeir starfsmenn þess opinbera, sem oft leggja sig í mikla hættu og slíta kröftum sínum fyrir aldur fram, og að því er annan þessara manna snertir, Árna Sigurbjörnsson, sem um nokkur ár var póstur milli Vopnafjarðar og Öxarfjarðar, er það að segja, að í þessum póstferðum beið hann heilsutjón vegna þess að hann kól á fótum. Þess ber líka að geta, að á þessum póstferðum bjargaði hann þrisvar sinnum mönnum úr lífsháska. Að öllu þessu athuguðu væntir n. þess, að hv. þing samþ. þessi litlu eftirlaun.

204. till. er um að hækka skáldalaun Sigurðar Sigurðssonar frá Arnarholti úr 800 kr. upp í 1000 kr.

205. till. er leiðréttingartill.

Þá koma 3 nýir liðir, sem n. leggur til, að verði teknir upp. Það er þá fyrst lagt til, að Kristmanni Guðmundssyni skáldi verði veittar 1800 kr. Fyrir svona litla þjóð eins og við Íslendingar erum, er það mikilsvert, að sem allra flestir geti orðið til þess að vekja eftirtekt á þjóðinni með erlendum þjóðum. Að fornu og nýju hafa bókmenntir Íslendinga helzt vakið athygli á þjóðinni. Kristmann Guðmundsson er einn af þeim Íslendingum, sem hafa verið þjóð sinni til sóma erlendis sem skáldsagnahöfundur. Hefir hann skrifað flestar bækur sínar á erlendu máli, vegna þess að hann hefir ekki séð sér fært að dvelja hér á landi við starf sitt, en nú er hann seztur að hér á landi. En til þess að geta dvalið hér til lengdar og frumsamið verk sín á íslenzku, telur hann sig þurfa að hafa meiri tekjur en hann getur átt von á hér af ritum sínum. Vill n. reyna að stuðla að því, að skáldið geti dvalið hér áfram og skrifað verk sín á móðurmálinu.

Þá er næst lagt til, að veittar verði 1000 kr. til skáldsins Magnúsar Stefánssonar, sem ort hefir undir rithöfundarnafninu Örn Arnarson og getið sér góðan orðstír.

Rithöfundalaun Sigurðar Norðdal eru aðeins tilfærsla milli greina, og er upphæðin sú sama sem hann hefir áður haft.

207., 208. og 209. brtt. eru leiðréttingar, vegna þess að Guðrún Jónsdóttir, Þuríður Jónsdóttir og Sigfús Sigfússon eru öll látin; falla liðirnir því niður af sjálfu sér.

210. og 211 brtt., sem eru viðvíkjandi eftirlaunum Guðrúnar Egilsen og Kofoed-Hansen, eru líka leiðréttingar á viðkomandi liðum.

Þá kemur nýr liður í 212. till. Í henni er gert ráð fyrir, að Kristínu Guðmundsdóttur, ekkju Einars Helgasonar, verði veittar 600 kr. í viðurkenningarskyni fyrir starf manns hennar, sem nú er látinn, eins og kunnugt er.

Liðurinn II. l. 77 fellur niður af sjálfu sér, þar sem viðkomandi maður, Þórður Flóventsson, er látinn.

Við 22. gr. eru aðeins fjórar brtt. frá fjvn. Samkv. 213. brtt. fellur niður heimild sú, sem gefin er í 1. lið þessarar gr. um ákveðna upphæð til að koma á stofn osta- og smjörbúum, en sú upphæð var tekin upp í þetta fjárlagafrv., þar eð stefnt er að því að taka upp í fjárlög allar þær greiðslur, sem til greina geta komið á hverju ári.

Í 215. brtt. er lagt til að fella niður heimild, sem þegar er notuð. Er sú brtt. því aðeins leiðrétting.

Í 216. brtt. er lagt til, að ríkið ábyrgist fyrir Akureyrarbæ allt að 200000 kr. til tunnuverksmiðju, enda verði lánið greitt að fullu fyrir áramót. Nefndin telur hér vera um þjóðþrifafyrirtæki að ræða, og er álitið líklegt, að þegar verksmiðja þessi hefir tekið til starfa, þurfi ekki að kaupa tunnur að. Bærinn mun sjálfur reka verksmiðjuna, og finnst því n. fyrirtækið álitlegt.

Þá er lagt til, að ríkið ábyrgist 270 þús. kr. til hafnargerðar á Sauðárkróki, ef lánið verður tekið innanlands. Á síðasta þingi var veitt dálítil upphæð, 25 þús. kr., til þessa fyrirtækis, og vill n. veita þessa ábyrgð til þess að framhald geti orðið á verkinu.

Hefi ég þá ekki ástæðu til að hafa þessa framsögu lengri, þar sem ég hefi drepið á allar brtt. fjvn. í þeim kafla, sem mér var falin framsaga á.

Jón Auðunn Jónsson: 1. brtt. mín er um tilfærslu á læknisvitjunarstyrk tveggja hreppa, vegna aðstöðubreytingar, sem þar hefir orðið á síðustu árum. Er brtt. fólgin í því, að styrkurinn hækki um 50 kr. til Reykjafjarðarhrepps, en lækki að sama skapi til Snæfjallahrepps.

2. brtt. mín er brtt. við þá till. fjvn., að utanfararstyrkir lækna verði með öllu felldir niður. Styrkir þessir hafa komið að miklum notum og orðið til þess, að læknar þeir, sem þeirra hafa notið, hafa oft getað hjálpað sjúklingum, sem annars hefðu orðið að leita í önnur héruð, eða jafnvel til Reykjavíkur, með ærnum kostnaði.

Þá ber ég fram brtt. um það, að veittur sé styrkur til tveggja sjúkrasjóða í mínu héraði, 300 kr. til hvors. Ég veit, að slíkar beiðnir eru margar, en þess er hér að gæta, að ég kem með lækkunartill. á móti, sem ég álít, að þingið geti að skaðlausu samþ. Ég álít, að fé landsins sé betur varið til styrktar sjúkum mönnum en að leggja það í vafasama listamenn.

Hannes Jónsson: Ég á hér brtt. á þskj. 727, um 3000 kr. framlag til Vesturhópsvegar. Þessi vegarspotti er tiltölulega nýr í þjóðvegatölunni og á að vera tengiliður milli sýsluveganna og vegar úr Þverárhreppi. Hefir verið bætt við hann árlega, en þó hefir honum miðað seint áfram, enda þótt framlög sýslu- og hreppssjóðs hafi verið í rifasta lagi. Vegurinn, sem hér ræðir um, 20 km. að lengd, er eins og stendur ónothæfur, nema aðeins að sumarlagi. Er talið, að upphæð sú, sem hér er farið fram á, 3000 kr., nægi til að gera veginn nothæfan. Tel ég óvíst, að nokkursstaðar annarsstaðar komi jafnlágt framlag að svo miklu gagni sem hér, því að langur vegur, sem stórt byggðarlag hefir not af, kemst í not með þeirri lagfæringu, sem hægt er að gera fyrir þessa upphæð. Þessi brtt. á því fyllsta rétt á sér, svo framarlega sem það

á að vera mælikvarði á framlög til vega, að sem flestir hafi gagn af þeim.

Þá er ég meðflm. með hv. 10. landsk. að þremur brtt. um framlög til vega. Er 1. brtt. sú, að framlag til Laxárdalsvegar verði hækkað upp í 3000 kr., þar sem augljóst er, að sú upphæð, sem nú er ætluð til vegarins, kemur ekki að fullu gagni. Verði hinsvegar veitt sú upphæð, sem við leggjum til, kæmist á beint samband við Borðeyri, og með vegi milli Búðardals og Borðeyrar væri bændum gert kleift að koma fé sínu hundruðum saman í frystihús og njóta þannig miklu betri markaðar en þeim er nú fært.

Þá leggjum við til, að fjárveitingin til Suðurdalavegar verði hækkuð um 4000 kr., úr 6000 og upp í 10000. Þessi vegur, sem bæði er notaður af héraðsbúum sjálfum og Strandamönnum, var í haust, er ég fór um hann, í sliku ástandi, að mér blöskraði. Þótt fjvn. hafi ekki séð sér fært að bera fram nema 6000 kr. til vegarins, er það þó sterk viðurkenning á því, að hér sé mikilla umbóta þörf.

Þá er ég einnig meðflm. að till. um hækkað framlag til Saurbæjarvegar. Ég veit, að nauðsyn þess máls muni vera flestum hv. þdm. kunn, vegna upplýsinga, sem fyrir hafa legið undanfarið.

Ég hefi aðeins stuttlega drepið á þessar brtt., þar sem ég veit, að hv. aðalflm., 10. landsk., muni gera nánari grein fyrir þeim. En þyki ekki fært að samþ. þær, vegna þess að ekki sé unnt að bæta við útgjaldalið fjárl., skal ég geta þess, að við munum vera reiðubúnir til að bera fram sparnaðartill. á móti, svo að ekki þurfi að neita um þessi fjárframlög af sparnaðarástæðum.

Jón Pálmason: Ég á hér tvær litlar brtt., sem fara fram á breytingar á upphæð þess vegafjár, sem fjvn. leggur til, að lagt verði fram. Býst ég þó við því, að skiptar verði skoðanir um þær.

Hv. frsm. þess kafla, sem fjallar um vegamál (JG), lýsti yfir því, að tilgangur n. væri sá, að farið væri eftir tvennskonar reglum við úthlutun vegafjárins, samgönguþörf og atvinnuþörf við vegalagningarnar.

Hvað minu kjördæmi viðvíkur, var það að þessu sinni svo skorið niður í fjárl. stj., að ekki var veittur einn einasti eyrir til vegabóta þar. Nú hefir þó fjvn. lagt til, að veittar verði 6000 kr. til vegalagningar yfir Vatnsskarð. Ég get að vísu verið þakklátur hv. fjvn. fyrir það, að hún hefir stigið feti framar en stj. í þessum efnum. En mér er þó ljóst, að þessi upphæð er allt of lítil til þeirra umbóta, sem nauðsynlegt er að gera á þeim torfæra en fjölfarna vegi, sem hér er um að ræða. Og auk þess sem ég tel hér ekki nægilega litið á samgönguþörfina, get ég heldur ekki viðurkennt, að atvinnuþörfinni í kjördæmi minu sé réttilega fullnægt með þessari upphæð.

Ég hefi því leyft mér að bera fram brtt. um það, að þessi upphæð verði hækkuð upp í 10000 kr. og fæ ekki annað séð en að sú brtt. sé sanngjörn, þegar þess er gætt, hve ríflega framlög til vegagerða og vegabóta eru áætluð víða úti um land. Ég geri ráð fyrir, að það sé að nokkru leyti eins hjá hv. fjvn. nú og var á síðasta þingi, að hún hugsi sér að leggja svo mikið fé til vegabóta eins og till. hennar bera með sér, m. a. til þess að fullnægja atvinnuþörf í viðkomandi héruðum, en þá virðist ekki ná neinni átt að skera einstakar sýslur alveg úr, eins og gert var á síðasta þingi og eins og enn verður að mestu leyti, ef brtt. n. verða samþ. Ég ætla þó ekki að fara að tala um þær að öðru leyti en því, sem þær snerta mitt hérað. Ég geri ráð fyrir að flytja nokkrar brtt. við 3. umr., sérstaklega við þann kafla fjárl., sem hv. fjvn. hefir enn ekki tekið ákveðna afstöðu til.

Ég ætla þá ekki að sinni að fara fleiri orðum um málið, geri ekki ráð fyrir, að það hafi næsta mikla þýðingu, bæði vegna þess, að það ætti að liggja ljóst fyrir, hvað sanngjarnt er í minni brtt., og annað hitt, að næsta fáir hv. þm. sýnast fylgjast með umr. þeim, sem hér fara fram, af mjög miklum áhuga.

Guðbrandur Ísberg [óyfirl.]: Ég hefi leyft mér að flytja brtt. XV. á þskj. 727, er fer fram á hækkaðan styrk til sundlaugar á Akureyri. Hv. fjvn. leggur til, að veittar verði 5000 kr., en ég legg til, að sá styrkur verði hækkaður upp í 10000 kr. Þannig stendur á, að á Akureyri hefir verið byggð sundlaug, sem kostað hefir frá 80—90 þús. kr., nákvæmlega talið um 86 þús. kr., án þess að nokkuð hafi verið lagt fram úr ríkissjóði til byggingarinnar móti því, sem fram hefir verið lagt heima fyrir. Nú hefir það verið föst venja, að ríkið legði fram ákveðinn hluta af byggingarkostnaði sundlauga. Hefir hv. fjvn. lagt til, að þessi sundlaug yrði styrkt að þessu sinni með 5000 kr., en það mundi taka 8 ár með svo lágum árlegum styrk, að ríkissjóður greiddi þann hluta kostnaðarins, sem venja hefir verið. Mér finnst því þessar 5000 kr. óforsvaranlega lág upphæð eins og sakir standa. Nú stendur auk þess svo á, að nauðsynlegt er að verja allmiklu fé til viðbótar í laugina, þar sem hún er ekki fullbúin enn, og verður ekki komizt af með minna en 10000 kr. á þessu ári. Nú eru þegar komin í bygginguna öll þau framlög, sem vænta má í héraðinu; hefir bærinn lagt allmikið fram, en þó einstaklingar og félög meira. Hefir þessa fjár verið aflað með samskotum, skemmtunum o. fl. þ. h. Hafa nú þessi félög ekki úr meiru að spila, og virðist þá sanngjarnt, að ríkið taki við og inni af höndum sinn hluta byggingarinnar og geri það í ríflegra mæli en hv. fjvn. leggur til.

Þá á ég brtt. XX. á sama þskj. Hún er um það, að felldur verði niður styrkur til Halldórs Kiljan Laxness, eða til vara, að hann verði lækkaður í 1200 kr. úr 5000. Um höfund þennan eru nú mjög skiptar skoðanir. Ég minnist þess, að hið fyrsta, sem ég las eftir hann, var grein eða smásaga í dönsku blaði. Gerði ég mér þá von um, að eitthvað kynni að rætast úr þessum unga manni. Nokkru síðar las ég fyrstu bókina, sem kom út eftir hann, sem hét Undir Helgahnúk. Þótt hún væri nokkuð losaraleg og mikið skrifuð milli þankastrika, þá virtist mér enn nokkurs mega af honum vænta. En svo virtist, sem straumhvörf yrðu í stefnu hans og lífsskoðun; hann heldur áfram að skrifa, en mér finnst

ritmennska hans sveigjast inn á verri brautir. Þó því verði ekki neitað, að gullkorn fundust í ritum hans, þá varð þar allt of mikið af sora, sem á tímabili virtist mjög fara vaxandi, og er langt frá, að tekið sé fyrir slíkt enn. Ég ætla ekki að fara að lesa upp kafla úr ritum hans, enda mundi slíkt ekki eiga við á Alþingi, blátt áfram af því, að það gæti ekki talizt þinghæft. En svo vil ég benda á hið síðasta afrek hans. Hann fær leyfi til þess 1. des. að tala hér af svölum alþingishússins og gerir það á þann veg, að með endemum má teljast. Allt þetta virðist benda til þess, að höfundur þessi hafi ekki haft gott af öllu því lofi, sem á hann hefir verið hlaðið. Er um tvennt að ræða; annaðhvort valda hans meðfæddir skapbrestir, eða þá að honum hefir beinlínis verið spillt með því, hvernig honum hefir verið hóflaust hossað í ræðu og riti. Ég held því, að það væri vel viðeigandi, þó ekki væri nema sem svar við ræðu hans 1. des. og öðrum skrifum hans, að fella alveg niður ritstyrkinn og freista með því að vita, hvort hann getur ekki tekið sig saman og hætt að velta sér í saurnum, eins og hann hefir gert hingað til. Oflof getur sumum mönnum verið óhollt, og get ég því búizt við, ef honum er sýnt maklegt svar í því að fella niður styrkinn, þó ekki sé nema í bili, að það geti orðið góð bending fyrir hann, sem jafnvel þjóðinni líka gæti orðið til bóta. Ég hefi nú samt gert ráð fyrir því, að stöku mönnum kynni að þykja of langt gengið með því að fella styrkinn alveg niður, og hefi því til vara flutt þá brtt., að hann verði færður niður í 1200 kr. Má það verða þeim hugnun, sem mest vilja hossa þessum höfundi.

Ég á svo ekki fleiri brtt. að þessu sinni, en ég tók eftir því, að í fjárlfrv. er eitt atriði, sem þarf að leiðrétta, og vildi ég leyfa mér að benda hv. frsm. þess kafla fjárl. á þessa villu. Hún er í 16. gr. 13. tölul., undir e-lið, þar sem talað er um styrk til Guðmundar Andréssonar til þess að leggja stund á dýralækningar fyrir Skagafjarðarsýslu og Austur-Húnavatnssýslu. Ég get upplýst það, að Guðmundur Andrésson fór fram á það við sýslunefnd Austur-Húnavatnssýslu að fá hjá sýslunni styrk til þessarar starfsemi, en það var felld í sýslunefndinni. Það kemur því alls ekki til greina að samþ. þetta þannig orðað. (PO: Það liggur fyrir brtt. um þetta frá fjvn.). Fyrst svo er, þá hefi ég ekkert um þetta að segja.

Páll Þorbjörnsson óyfirl.: Ég á eina brtt., XII., á þskj. 727, sem fer fram á það, að úr ríkissjóði verði veitt allhá upphæð á næsta ári til Vestmannaeyjahafnar. Hér er um að ræða 80000 kr. viðbót við till. fjárlfrv., svo ég get ekki notað sömu meðmæli og sumir aðrir hv. þm. með sínum brtt., að þetta sé lág upphæð.

Ég vil leyfa mér með nokkrum orðum að reyna að gera það ljóst, hve mikil nauðsyn er á, að Alþingi verði við þessari beiðni. Í fjárlfrv. ríkisstj. er gert ráð fyrir 15000 kr. til dýpkunar Vestmannaeyjahafnar, og á það að vera síðasta greiðsla af mörgum frá ríkissjóði til hafnarinnar upp í þau loforð, sem áður hafa verið gefin um framlag til hafnarinnar. Nokkuð af framlagi ríkissjóðs, sem í allt er orðið á annað hundr. þús. kr., var í fyrra notað til þess að greiða andvirði dýpkunarskips, sem keypt var þá fyrir höfnina. Það hafði lengi verið áhugamál Vestmannaeyinga að eiga sitt eigið dýpkunarskip, til þess að vinna verkið ódýrara. Vestmannaeyingum hefir ekki blandazt hugur um það, að með því að fá erlent skip til þess að dýpka höfnina, þá mundi það verða miklu dýrara heldur en ef kaupstaðurinn ætti sitt eigið skip, sem auk Vestmannaeyjahafnar gæti unnið við aðrar hafnir hér við land. Þessi hugmynd sætti nokkrum misskilningi hjá valdhöfunum, og hinni fyrstu beiðni Vestmannaeyinga til ráðh. var neitað, en þegar núv. stj. tók við völdum, brást atvmrh. vel við beiðni þeirra og skipið kom til Vestmannaeyja í maí síðastl. og kostaði á annað hundrað þús. kr. Þessu skipi er ætlað að vinna þannig, að dæla sandi úr botni hafnarinnar og spýta honum upp á land. Nú gefur að skilja, þar sem mikil þörf er fyrir uppfyllingu og hafskipabryggju við höfnina, að mjög æskilegt væri að nota þennan sand til uppfyllingar. Þegar skipið kom, var ekki fé fyrir hendi til þess að nota uppmoksturinn, en hinsvegar var talið, að óforsvaranlegt væri að láta skipið standa ónotað. Var því byrjað að vinna þannig, að skipið var látið dæla sandinum ýmist upp á land eða út fyrir hafnargarðinn. Það, sem sett var á land, var látið svo hátt, að sjór nær ekki til þess, en það, sem dælt var af sandinum út fyrir hafnargarðinn, má gera ráð fyrir, að berist inn í höfnina aftur að nokkru leyti. Af þessu er ljóst, að ekki er hægt að vinna þannig til lengdar.

Fyrir nokkrum árum var byrjað á byggingu hafskipabryggju í Vestmannaeyjum, en þó er nú svo ástatt, að komið getur fyrir, að skip, sem koma með farm þangað, verði oft að bíða jafnvel 2—3 vikur án þess að geta lagzt við bryggjuna. Af þessu leiðir, að farmgjöld til Vestmannaeyja eru hærri en nokkursstaðar á landinu. Þegar hafskipabryggjan var byggð, var svo lítið fé fyrir hendi, að hluta af bryggjunni varð að byggja aðeins sem bráðabirgðabyggingu, og hefir sá hluti laskazt svo á síðustu 3—4 árum, að til stórvandræða horfir. Er óhætt að fullyrða, að svo miklar skemmdir eru þegar orðnar á bryggjunni, að ekki er ástæðulaust að áætla að hún eyðileggist til muna mjög bráðlega, ef hún er ekki endurbætt eða gerð til fulls. Nú er uppi sú hugmynd, að vinna tvennt í einu, — annarsvegar að endurbæta og fullgera bryggjuna og hinsvegar að dýpka höfnina og nota uppgröftinn til þess að fylla upp bryggjuna, en til þess þarf allmikið útlent efni, sem mun nema frá 90—100 þús. kr., og það þarf að koma á næsta ári. Þetta er efni í veggi bryggjunnar, svokallaðar stálskúffur, sem reknar eru niður og látnar mynda bryggjuveggina. Það er áætlað, að til þessa verks þurfi að verja á næsta ári um 300 þús. kr., en af því verður útlent efni ekki nema um 90 þús. kr. virði. Með þessum framkvæmdum er girt fyrir það, að mannvirki verði ónýtt, og í annan stað að betra og dýpra hafnarpláss og skipalagi fáist, ennfremur betra bryggjupláss. Vestmannaeyingar hafa sent Alþingi ósk um

80 þús. kr. framlag úr ríkissjóði til þessara framkvæmda, en fjvn. hefir ekki tekið í sínum till. þessa beiðni til greina. Fyrir því flyt ég nú brtt. um að hækka fjárveitingu til Vestmannaeyjahafnar úr 10 þús. kr. í 95 þús. kr., og vil ég vænta þess, að sú málaleitun fái góðar undirtektir á Alþingi. Ég vil sérstaklega benda á það, að þetta er stærsta verstöð á landinu. Þaðan sækja sjóinn á hverri vertíð frá 90—100 bátar. Verði ekki hægt að halda við eða bæta bryggjuna, má búast við, að útgerðin eigi bráttt við þá afarkosti að búa, að ekki verði hægt að halda henni áfram.

Gísli Sveinsson óyfirl.: Ég vil leyfa mér að beina einni fyrirspurn til framsögumanna fjvn. um eitt atriði, sem ég óska eftir að fá skýringar um. Ég tek eftir því, að í 12. gr. fjárlfrv. er gert ráð fyrir nokkrum styrk til sjúkrahúsa og læknisbústaða á næsta ári. Eins og hv. þm. og sérstaklega fjvnmenn vita, er það orðin regla síðan spitalar fóru að afla sér svokallaðra röntgentækja, að þá hafa þau fengið ríkisstyrk svona eftir á eða í miðjum klíðum, sem numið hefir ⅓ af verði tækjanna. Þegar beiðni kom í vetur sem leið, 7. febrúar, frá sjúkrahúsinu í Vík um slíkan styrk, var svarað á þá leið, að að vísu væri í upphæð þeirri, sem áætluð væri í fjárl. gert ráð fyrir slíkum styrk til eins skýlis, en það væri sjúkraskýlið á Sauðárkróki, og þykist ég vita, að sá styrkur hafi þegar verið greiddur eftir till. fjvn. Hinsvegar hefir nú legið fyrir hv. fjvn. umsókn um styrk til röntgentækjakaupa frá sjúkrahúsinu í Vík og meðmæli landlæknis, sem telur sjálfsagt, að styrkur verði veittur, sem nemi ⅓ kostnaðar. Ég skal ekki segja, hvort umrædd upphæð í fjárlfrv. er svo riflega áætluð, að styrkur til sjúkrahússins í Vík sé þar innifalinn, en þess vil ég þó vænta, að hv. fjvn. hafi talið sér skylt að taka tillit til þessa, og sérstaklega þegar meðmæli landlæknis liggja fyrir, sem verða að teljast eiga að skera úr í þessu efni. Ég vil leyfa mér að æskja umsagnar hv. frsm. þess kafla, sem hér er um að ræða, og helzt jákvæðrar umsagnar um þetta atriði við fyrsta tækifæri.

Í annan stað er hér síðar annar liður, sem ég vil gera fyrirspurn um, sem sé í kaflanum um verklegar framkvæmdir, þar sem Búnaðarfélagi Íslands eru veittar til sandgræðslu 30 þús. kr. Þessi upphæð er í 3. lið 16. gr. fjárlfrv. Í þessum lið eru ætlaðar samkv. gögnum frá fyrra ári og samkv. umsögn hæstv. atvmrh. í byrjun fyrri hluta þessa þings 7 þús. kr., sem ákvarðaðar eru til fyrirhleðslu á sandgræðslusvæðinu í Meðallandi. Eins og menn kannske muna, liggur fyrir áætlun frá Búnaðarfélagi Íslands um kostnað við verk þetta, að upphæð 7 þús. kr. En þessi aðalliður í fjárlfrv. hefir verið lækkaður frá því, sem hann er í fjárl. yfirstandandi árs.

Þá skal ég geta þess, að ég mun væntanlega við 3. umr. koma fram með litilsháttar brtt. við 16. gr. 33. lið, þar sem veittar eru til kvenfélags Hvammshrepps í Vík í Mýrdal, til þess að halda uppi kennslu í handavinnu kvenna, 500 kr. Ég mun fara fram á það, að þessi styrkur verði útfærður víðar í sýslunni til kvenfélaganna, og þá hækkaður upp í 1000 kr. Ég hirði ekki um að fara fleiri orðum um þetta núna, en ég vænti þess, að þeirri brtt. verði tekið á sama hátt og öðrum slíkum brtt., sem varða þau efni, sem þessi gr. tekur til, og þá ekki síst þau atriði, sem hér er um að ræða, sem sé til kvenfélaganna, sem jafnan hefir þótt sjálfsagt, að næðu fram að ganga.

Þá á ég nokkrar brtt. á þskj. 727, og þá fyrst við 12. gr. frv., sem sé um það, að inn bætist einn hreppur, sem fær læknisvitjunarstyrk, 300 kr., eins og margir aðrir hreppar hafa fengið. Þetta er Skaftártunguhreppur, sem er fullt eins erfiður til læknissóknar og margir aðrir hreppar víða um landið, sem þó virðist eiga að njóta styrks eftir því sem upp er fært í fjárl. Ég vænti því, að hv. frsm. taki þessari brtt. minni vel og mæli með henni, þar sem hér er um sanngirniskröfu að ræða og hægt er að sanna, að þessi hreppur er verr settur heldur en margir aðrir, sem fá læknisvitjanastyrk, og eru þess þó maklegir.

Næsta brtt. mín á sama þskj. er við 13. gr., þar sem tillög til vegagerða eru fram talin. Eins og hv. fjvn.menn vita, þá hefir vegamálastjóri lagt til, að miklu hærri upphæð heldur en stjfrv. gerir ráð fyrir yrði veitt til Síðuvegar, og er það af því, að sú vegagerð er ekki komin svo langt, að hægt sé að nota þann veg, en hinsvegar vita menn, að bílfær vegur um Síðuna á að verða áframhald af þeirri miklu vegagerð, sem nú er komin sunnanlands, en til þess verður að veita miklu meira fé en ráðgert er í fjárl. Mér er því óskiljanlegt, hvers vegna hv. fjvn. hefir þennan lið svona lágan, eftir þeim upplýsingum, sem fyrir lágu, þar sem hún tekur upp rifleg tillög til ýmsra annara vega, sem þó eru ekki í neinu kerfi við aðalvegi landsins. Ég býst því við, að þetta stafi frekar af gleymsku eða gáleysi heldur en að það sé af ásetningi gert. Ég legg til, að í stað 3 þús. kr., eins og frv. gerir ráð fyrir, verði veittar 10 þús. kr., eða til vara 6 þús. kr., og vil ég beina þeirri áskorun til hv. frsm. þessa hluta fjárl., að hann líti á þetta með sanngirni og kynni sér það, hvort í þessu tilfelli sé ekki eins mikil ástæða til að hækka tillagið eins og í ýmsum öðrum.

Þá ber ég að lokum fram till. við 22. gr., þá sömu og hér var á ferðinni í fyrra og fékk þá sæmilegar undirtektir, en varð að samkomulagi við ráðh. að undirbúa betur. Þetta er till. um það, að ríkisstj. sé heimilt að kaupa 3 jarðir, sem fyrir tilstuðlan þess opinbera eru nú orðnar svo settar, að þær liggja undir algerðum skemmdum, ef ekki er að gert. Ég upplýsti það í fyrra, að skoðun, sem fram hefði farið á þessum jörðum, sýndi það, að einn ábúandinn hefði þurft að byggja hús, ef hann ætti að haldast við á jörðinni, en það sá hann sér ekki fært, enda var það ekki ráðlegt eins og sakir stóðu. Hinsvegar hefði verið ráðlegra að sameina þessar jarðir í eitt býli, og mætti þá vel við hlíta. En nú hefir það ráð verið tekið, í staðinn fyrir árlega metnar skemmdir og bætur, að stuðla að því, að ríkið kaupi þessar jarðir fyrir matsverð, framkvæmt af Búnaðarfélagi Íslands, 11—

12 þús. kr. Telur Búnaðarfélagið, að öllu væri bezt borgið, ef ríkið tæki þessar jarðir og borgaði fyrir þær þetta matsverð. Verðið er svo lágt, að það er leitun á því, að jafngóðar jarðir séu ekki metnar meira en 11—12 þús. kr. En til þess að milda þetta dálítið, hefi ég sett það í till., að andvirðið skuli greiðast út á næstu 4 árum, og koma þá ekki nema örfáar þúsundir á hvert ár. Ég vona, að hv. frsm. sjái, að hér er um hið mesta sanngirnismál að ræða, sem því aðeins er vel borgið, að þessi leið sé farin.

Jóhann Jósefsson [óyfirl.]: Ég hafði tæplega búizt við því að taka til máls við þessa umr., en vegna þess að hér er fram komin till., sem snertir mitt kjördæmi, þá vil ég taka undir þau ummæli, sem með henni hafa verið flutt, og um leið nota tækifærið til þess að skýra ofurlítið betur fyrir þinginu þau rök, sem liggja að þessu máli, heldur en fram kom í ræðu hv. 3. landsk. Um nauðsynina á því að koma stórskipabryggjunni í Vestmannaeyjum í forsvaranlegt stand þarf ekki að fjölyrða fram yfir það, sem hv. 3. landsk. gerði. Ég tók ekki eftir, að þar væri farið með neitt rangt í því efni, en það mætti e. t. v. eitthvað fleira um það segja, eins og t. d. það, að í sambandi við hina miklu erfiðleika á því að koma skipum inn í höfnina munu flutningsgjöldin þar vera nær helmingi hærri en í Reykjavík.

En það er dálítið annað í þessu máli, sem ég vildi gjarnan upplýsa, úr því þessi till. er þegar fram komin. Ég bjóst tæplega við því, að hún mundi koma fram við þessa umr., en úr því svo er, þá vil ég geta þess, að sú samþykkt, sem liggur til grundvallar fyrir því, að þessi till. er fram komin, er gerð í hafnarnefnd Vestmannaeyja 5. febr. síðastl., og var mér — og að ég held hv. 3. landsk. — sent afrit af þeirri fundargerð, og 11. marz sendi ég hv. fjvn. svo hljóðandi bréf:

„Jafnframt því að senda hinni hv. fjvn. afrit af bréfum bæjarstjórans í Vestmannaeyjum frá 16. febr. og 1. marz s. l., sem og afrit af útskrift úr gerðabók hafnarnefndar Vestmannaeyjakaupstaðar, leyfi ég mér hér með virðingarfyllst að fara þess á leit, að hin hv. fjvn. taki upp í fjárl. fyrir árið 1936: a) 80 þús. kr. styrk til framhalds hafnarbyggingar í Vestmannaeyjum, b) heimild fyrir ríkisstj. að ábyrgjast allt að 93 þús. kr. lán, er tekið kann að vera til efniskaupa við framhald byggingu greindrar hafnar.

Um rökstuðning fyrir þeirri nauðsyn, er hér liggur fyrir, vísast fyrst og fremst til meðfylgjandi skjala, sem tilgreind eru hér að ofan, en óski n. frekari upplýsinga í þessu efni, þá er ég fús til að láta þær í té, og leyfi mér að öðru leyti að vænta þess, að hún veiti mér viðtal um þessi mál áður en hún afgreiðir þau til fullnustu."

Samkv. þessum tilmælum mínum fékk ég svo viðtal við fjvn. fyrir eitthvað hálfri annari viku síðan, og það var í samráði við formann þeirrar n., að ákveðið var, að freista þess að eiga tal við ríkisstj. um þessi mál. Og það var í samráði við hv. 3. landsk., að ég, sökum þess hvað hér er þýðingarmikið mál á ferðinni fyrir Vestmannaeyjar, fór þess á leit við bæjarstjórann í Vestmannaeyjum, Jóhann Gunnar Ólafsson, að hann kæmi hingað ásamt einum hafnarnefndarmanni, sem vel væri kunnugur þessu máli, til þess að ræða málið við hæstv. ríkisstj. ásamt mér og hv. 3. landsk. Þeir eru nú staddir hér, bæjarstjórinn, Jóhann Gunnar Ólafsson, og hafnarnefndarmaðurinn, Ólafur Auðunsson, sem fylgzt hefir með þessum málum fjöldamörg ár. Í fyrradag fór svo fram viðtal við hæstv. atvmrh. og fjmrh. um þessi mál, og ég verð að segja það, að ég fór af þeim fundi með þeirri fullvissu, að ráðh. skildu, hvað hér var um að ræða, og væru þess viljugir að greiða úr þessum málum eftir megni. En þeir fóru fram á það báðir, sérstaklega hæstv. atvmrh., að við létum frekari aðgerðir bíða til þess er fjárl. kæmu til 3. umr. og notuðum tímann til þess að leita fyrir okkur um lán, sem styddist við ákvæði, er kæmi inn í fjárl. um framlög ríkis til hafnarbygginga, sem dreifðust á nokkur ár. — Það var af þessum ástæðum, sem ég ákvað að hreyfa ekki þessu máli við þessa umr., en nú sé ég mér til mikillar ánægju, að hv. 3. landsk. hefir lagt fram brtt. um það að fá 80 þús. kr. viðbót við þær 15 þús., sem fyrir eru í fjárl. til þessa nauðsynlega mannvirkis. Eftir því sem fyrir liggur er ég hæstánægður með þessa lausn á málinu í bili, og þar sem vitanlegt er, að hv. 3. landsk. er stuðningsmaður stj. og í nánu samstarfi við hæstv. atvmrh., þá geng ég út frá því sem vísu, að þessi till. sé flutt í samráði við ríkisstj., og það tel ég hina æskilegustu lausn á málinu eins og nú horfir við. Ég vona því, að hv. d. vilji ljá þessari till. liðsinni sitt til þess að hún nái fram að ganga.

Ég vildi þá aðeins minnast á það hér um leið, að mér er sagt út af öðru erindi mínu til fjvn., viðvíkjandi ræktunarvegi í Vestmannaeyjum, að samkomulag hafi orðið um það mál. Ég lít því á það sem vangá, að ekki liggur frammi till. frá fjvn. til styrktar ræktunarveginum og vona, að það sé rétt, sem nm. hafa sagt mér, að það sé ákveðið, að hún komi við 3. umr.

Forseti (JBald): Þessi umr. fjárl. hófst kl. 2 í dag, og ég lét þá ýmsa hv. þm. skilja það, að ekki yrði haldinn fundur lengur en til kl. 7. Nú hafa ýmsir hv. þm. notað sér af þessu og farið burt af fundi, og það hefir komið að því, að enginn hefir verið á mælendaskrá. Samt hefi ég ekki slitið umr., af því mér þótt það ekki við eiga við 2. umr. fjárl., jafnvel þó svo fáar brtt. lægju fyrir frá einstökum þm. eins og raun ber vitni. Það hefir verið venja, að þm., sem brtt. eiga, hafa talað fyrir þeim og síðan frsm. svarað. Þóttist ég því vita, að ef 10—11 þm. töluðu, mundu þessar umr. ekki verða búnar í kvöld kl. 7. En þar fyrir var ekki rétt, að þm. færu burt af fundi án þess að fá til þess leyfi forseta. Það er sannast að segja leitt, hvað hv. þm. eru oft óstundvísir og tefja með því störf þingsins. Ég vil því vænta þess, einkanlega þar sem tíminn er svo naumur til hátíða — en fyrir þann tíma þarf þingið að hafa lokið störfum sínum —, að hv. þm. sæki nú betur fundi heldur

en verið hefir, komi stundvislega, svo hægt sé að taka málin strax fyrir, en það hefir oft þurft að bíða eftir því í margar mínútur, að fundur væri lögmætur.

Umr. frestað.

Á 28. fundi í Sþ., 9. des., var fram haldið 2. umr. um frv. (A. 1, 670, n. 671, 727, 741),

Of skammt var liðið frá útbýtingu brtt. 741. — Afbrigði leyfð og samþ. með 26 shlj. atkv.

Thor Thors: Á þskj. 727 á ég tvær smávægilegar brtt. við fjárl. Sú fyrri, merkt V., er um tillag til Ólafsvíkurvegar, að það hækki úr 3 þús. upp í 5 þús. kr. Svo er mál með vexti, að vegur þessi tengir Ólafsvík og Staðarsveitina við veginn til Borgarness og Stykkishólms. Í Staðarsveitinni verður vegurinn gersamlega ófær á nokkrum köflum á veturna. Er áætlað, að til að laga þessa kafla þurfi um 5 þús. kr., en það fjárframlag, sem ráðgert er í fjárlfrv., er 3 þús. kr. og nægir því ekki. En úr því farið er á annað borð að veita fé til þessa vegar, sem er hið mesta nauðsynjamál, þá vænti ég, að hv. þm. geti fallizt á að hækka fjárveitinguna um þessa óverulegu upphæð, svo tryggt verði, að viðgerðin verði traustari og varanleg.

Hin brtt. er XIII. á sama þskj. og fer fram á, að í stað 7 þús. kr. verði veitt 7,5 þús. kr. til hafnargerðar í Ólafsvík. Þetta er nánast leiðrétting, því svo er ákveðið í lögum, að hreppsfélagið skuli leggja fram $^2/_3$, en ríkið $^1/_3$ hluta. Nú hefir hreppurinn lagt fram 15 þús. kr. þrátt fyrir mjög erfiðar fjárhagsástæður. Þessi hækkun er því aðeins til samræmis við hafnarlög fyrir Ólafsvík. Þar sem hér er ennfremur um mjög smávægilega upphæð að ræða, vænti ég þess, að hv. þm. geti fallizt á þessa leiðréttingu.

Eiríkur Einarsson: Ég á eina brtt. á þskj. 727, þá XI. í röðinni, sem lýtur að auknum útgjöldum til verklegra framkvæmda, og nemur sú aukning aðeins 1500 kr. og er því hófleg, þar sem mikla nauðsyn ber til vegarins um Gnúpverjahrepp. Er farið fram á, að greiðslan hækki úr 5000 kr. í 6500 kr.

Eins og hv. þm. er kunnugt, skiptast leiðir í Hrunamanna- og Gnúpverjahrepp við Sandlæk, og liggur þaðan sín þjóðvegarálman í hvorn hreppanna, sem eru fremur strjálbýlar fjallasveitir og erfitt um flutninga, sökum vegalengda og ónógra flutningabrauta, svo nauðsyn er úr að bæta.

Hv. fjvn. hækkaði fjárframlagið til Hrunamannahrepps úr 5 þús., sem voru í fjárlfrv., í 8 þús. kr. Gleður mig að sjá, hve hún hefir þarna haft glöggan skilning á þörfinni í þeim hreppi. Hér er um að ræða fólksfleiri sveit og stærri, og þar sem þjóðvegurinn er þar ákveðinn á sveitarenda, allt að Brúarhlöðum, er því sízt ósanngjarnt, heldur fyllsta sanngirni, sem mælti með því, að þetta fjárframlag væri hækkað, svo sem gert hefir verið.

Hinsvegar hefir hv. fjvn. ekki þóknazt að breyta tillagi til Gnúpverjahrepps. Er þessi brtt. mín hóflega stíluð; þar er um minni sveit að ræða og fámennari, enda farið fram á minni hækkun en til Hrunamannahrepps. Hefi ég þar reynt að gæta sanngjarnra hlutfalla. Gnúpverjahreppsbændum er mjög nauðsynlegt að fá meira á næsta ári en þessi áætluðu 5 þús., því að nál. helmingur þess fjár mun nú þegar vera notaður til vegabótanna. En til þess að gera sæmilega akfæran veg upp í miðja sveitina, er alveg lágmarkið 6—7 þús. kr. fjárveiting.

Þá má og geta þess, að leiðin upp í Þjórsárdal liggur einmitt þarna, og er nú mjög fjölfarin allt sumarið; er þetta því hinn mesti sportvegur, enda er þarna viðkunnur gististaður, Ásólfsstaðir, og er þangað óslitin bílaumferð um hverja helgi sumarlangt.

Þá er ennfremur ástæða til að geta um eitt merkilegt atriði, sem styður að nauðsyn vegagerðar um Gnúpverjahrepp. Á síðustu árum er farið að sækja hráefni þangað upp eftir, eða vikur, sem fluttur er úr Þjórsárdalnum, en eins og menn vita, er nú farið að nota hann í vegglög í steinsteypu, sem einangrunarefni, og hefir gefizt vel. Er vikur þessi notaður í stað korks, og má búast við, að sú notkun örvist heldur á næstu árum, og verður því ekki talið varið til ónýtis því fé, sem gengi til að bæta leiðina að þessari byggingarefnisnámu.

Ég skal svo ekki ræða meira þessa brtt.; í henni er farið fram á svo lítið sem fært þótti, og vona ég því, að hv. þm. sjái sér fært að greiða henni atkv.

Þá vil ég geta einnar brtt., sem ég hefi flutt ásamt báðum hv. þm. Rang., en það er XVIII. till. á sama þskj. og lýtur að framkvæmd laga um vegagerð á Hellisheiði frá 1932.

Það er nú svo um þennan blessaða Hellisheiðarveg, að hann er gamalt og nýtt mál á dagskrá Alþingis. Margt gott mál hefir orðið að gjalda þolleysis manna, er þeir hafa tekið að dofna í baráttunni fyrir að koma þeim á, jafnvel þó hin ýtrasta þörf sé á að hrinda þeim í framkvæmd.

Svo hefir viljað verða um vegabæturnar milli Rvíkur og Suðurlandsundirlendisins. Þar hefir verið talað um járnbraut og vegi, og þm. hafa fengið fjörkipp og áhuga rétt fyrir kosningar og blöðin látið líklega, en síðan ekki söguna meir.

Mörgum er það áhugamál, og nauðsynin ótvíræð og fer vaxandi að tryggja möguleika fyrir samgöngum milli þessara landshluta að vetri til, en þegar hefjast hefir átt handa, hefir höfginn sigið á og annað gengið fyrir. Fyrir þetta er ég hvorki að afsaka eða ásaka, en þetta hefir bara verið svona. Það hefir verið haft til afsökunar, hve þetta kosti mikið, en það er nú fleira kostnaðarsamt og hefir þó komizt til framkvæmda.

Það er líka annað í framkvæmd þessa máls, vegabótanna milli hinna frjósömu sveita á Suðurlandsundirlendinu og Reykjavíkur, sem orðið hefir til trafala og ég vil engum sérstökum kenna um. Ég á hér við þá ógæfu í málsmeðferð, hve rannsóknir hafa orðið langærar og sjálfum sér ósamkvæmar.

Það var till. eins okkar mesta áhugamanns um þetta mál sem fleiri, að járnbraut væri gerð; var járnbrautin lengi á dagskrá sem hinn eini

úrlausnarmöguleiki. Síðan var fenginn norskur verkfræðingur, sérfróður um slík mál, Sverre Möller, til þess að athuga, hvernig málið yrði bezt leyst. Eins og kunnugt er, birtust síðan niðurstöður hans um málið, og lagði hann til, að járnbraut væri lausnin. Eftir sama mann komu síðan aðrar niðurstöður, nýtt álit eftir nýja athugun, um að betra mundi vera að leggja veg, og við þær var miðað við lagasetningu um þessar samgöngubætur skv. l. frá 1932.

Við þetta situr nú, og búum vér þannig að pappírslögum, en engum framkvæmdum. Og enn á ný virðist sem nýr fleygur sé kominn í málið, þar sem því hefir verið hreyft af ýmsum nú á síðustu tímum, hvort vegurinn ætti eigi að réttu lagi að liggja annarsstaðar en lögin frá 1932 gera ráð fyrir.

En hvað sem öllu þessu líður, þegar litið er á afkomu búskaparins á Suðurlandi annarsvegar og þarfir höfuðstaðarins hinsvegar, verður öllum ljóst, að framlag til þessara framkvæmda verður að sitja í fyrirrúmi og dreifiöflin verða að víkja fyrir starfinu sjálfu.

Á Alþingi er nú rætt um stofnun nýbýla og gert ráð fyrir fjárveitingum til þeirra aðgerða. Það á að taka fyrir flóttann úr sveitum til kaupstaða með því að fjölga ábýlunum. Er vitanlegt, að hið mikla graslendi austanfjalls er einkum fyrirhugað til þessa landnáms. En þegar talað er um að fjölga býlum austanfjalls, er ljóst, að afkoma hinna nýju bænda sem og þeirra, er fyrir eru, verður alls ekki örugg fyrr en búið er að byggja veg austur yfir fjallið, sem tryggir greiðar samgöngur árið um kring.

Þegar verið var að ræða um stofnun mjólkurbúanna austanfjalls, var hlutaðeigendum mesta áhyggjuefnið, að meðan fullkomið öryggisleysi væri um samgöngurnar á vetrum, og jafnvel að haustinu og vorinu, eins og fyrir kann að koma, þá væri mjólkurbússtofnun í rauninni glæframál.

Vegagerðirnar fyrst, býlafjölgun og aðrar umbætur síðan, hér eins og annarsstaðar.

Þetta þarf ekki frekari skýringa við, og þegar litið er á það í sambandi hvað við annað, þá hlýtur hið háa Alþingi að haga þannig ákvörðunum sínum, að hafizt verði handa og vegagerðin byrjuð, sé fé og starfsorka finnanleg til þess, er sú nauðsyn krefur. Að vísu hefir málinu verið sýnd sú góðvild í sambandi við tekjuöflunarfrv., sem fram er komið, að gert er ráð fyrir, að varið verði einhverju fé til þessa verks. En ef hægt væri að finna fé og starfsorku til að láta renna þangað, auk þess sem fengist með nýjum tolla- og skattaálögum, eða helzt án slíks, því að nóg er samt, þá væri vel farið.

Nú eru í fjárlfrv. fyrir árið 1936 ætlaðar 500 þús. kr. til atvinnubóta, og sé nú þörfin fyrir þetta fé svona mikil, en um það skal ég ekki dæma, ég þekki það ekki, og leiði því minn hest þar frá, þá er og á að vera hið sjálfsagða, að nota þetta fé og þá orku, sem fyrir það fæst, til að framkvæma verk, sem koma þjóðinni að gagni og sjái einhverja staði. Þegar þetta fé er veitt með þeim skilyrðum, að af því sé notað 100 þús. kr. til undirbúnings stofnun nýbýla, þá er ekki mikið, þó sett væri skilyrði um, að nota skuli 150 þús. kr. af því til þessa vegar yfir Holtavörðuheiði; sú fjárveiting á að vera riflegri og á að ganga fyrir. Við það miðast tillaga okkar, er hér liggur fyrir.

Mér finnst svo um atvinnubótafé, að lögfesta ætti betur en gert er, til hvers það ætti að ganga, svo því verði ekki varið af handahófi. Því betur sem því fé er varið og í samræmi við nauðsynlegar aðgerðir, því hættuminni verða þjóðinni hin miklu fjárútlát til atvinnubótanna. Þarf að gera ráð fyrir því um þetta fé eins og annað, sem varið er til framkvæmda, að það bæti afkomuskilyrði fólksins, en kastist ekki á glæ. Ég hygg því, að till. okkar flm. um 150 þús. kr. framlag til þessa vegar hljóti að falla í góðan jarðveg.

Ég vil áður en ég sezt niður segja aðeins þetta: Það getur verið, að notað verði sem mótbára, að ekki væri gott að vinna að þessari vegagerð hvenær sem væri í atvinnubótavinnu, vegna tíðarfars o. fl. ástæðna. En úr því að gerlegt þykir að veita 100 þús. kr. af atvinnubótafé til nýbýla og vinna það á fjarlægum stöðum, ætti eigi síður að vera mögulegt að framkvæma vegagerðina með atvinnubótastarfi, sem hvorki er í meiri fjarlægð né verra verk en framræsla nýbýlamýranna eystra. Vitanlega verður að hnitmiða þetta þannig, ef um atvinnubótavinnu er að ræða, að hún komi sem mest á þá árstíð, sem yfirleitt hentar til bersvæðisstarfs.

Við höfum bætt því aftan við þessa till. okkar um ráðstöfun atvinnubótafjárins, að vegagerðin skuli byrja austan frá, við Suðurlandsbraut í Ölfusi, eins og talað er um í l. nr. 25 23. júní 1932, og yrði starfið hafið, skv. því, nálægt Reykjum í Ölfusi. Þetta er gert visvitandi, bæði vegna þess, að nauðsynlegt er, að bændur sem búa á þessu svæði frá Reykjum út með hlíðum í Ölfusi, fái þennan hluta vegarins sem fyrst, og eins af hinu, að enginn ágreiningur er um það, hvar þessi byrjunarspotti skuli liggja, svo að það er óhætt að leggja hann þess vegna; yrði öll sú vinna, er hér kemur til greina, því unnin í byggð.

Sé ég svo ekki ástæðu til þess að fara um þetta fleiri orðum.

ATKVGR.

Afbrigði um brtt. 401, sem of seint var útbýtt, leyfð og samþ. með 26. shlj. atkv.

Einar Árnason [óyfirl.]: Ég hefi leyft mér, ásamt hv. samþm. mínum, að flytja brtt. við 22. gr. frv. Till. er þess efnis, að hæstv. stj. sé heimilað að ábyrgjast fyrir tunnuverksmiðju Siglufjarðar 200 þús. kr. rekstrarlán, gegn þeim tryggingum, er hæstv. stj. metur gildar, og í öðru lagi gegn því, að tryggt sé, að lánið verði greitt fyrir áramót. Ég geri ráð fyrir, að hv. þdm. sé kunnugt um, að á Siglufirði hefir verið byggð tunnuverksmiðja með nýtízkutækjum, sem getur framleitt allmikið af þeim síldartunnum, sem nota þarf í landinu, en það er svo með þetta fyrirtæki, að það er fjárvana og þarf því á aðstoð ríkisins að halda til þess að geta útvegað

sér rekstrarfé, en svo sem kunnugt er, þurfa þessar tunnuverksmiðjur mikið rekstrarfé; þær þurfa að kaupa efnivið í tunnur og náttúrlega að greiða að einhverju leyti þeim mönnum kaup, sem starfa við tunnuverksmiðjuna, en þær geta hinsvegar ekki selt tunnur, fyrr en líður nokkuð á árið, þegar síldveiðin hefst. Ég sé að hv. fjvn. hefir lagt til í brtt. sínum við fjárlfrv., að hæstv. stj. verði heimilað að ábyrgjast til Akureyrarkaupstaðar sömu upphæð og þessa til rekstrar tunnuverksmiðjunni, sem þar er. Þó að báðar þessar verksmiðjur starfi nú síðari hluta vetrar og fram á vor, þá munu þær ekki einu sinni fullnægja þeirri tunnuþörf sem líklegt er, að verði á næsta sumri. Nú er það svo, ef þessi ábyrgð fæst ekki, þá er útilokað, að þessi tunnuverksmiðja á Siglufirði geti útvegað sér nokkurt rekstrarlán, og þá yrði verksmiðjan að standa óhreyfð, og allir þeir menn, og þeir eru margir, sem þar fá atvinnu, *mundu ganga atvinnulausir nú í vetur* og fram á vor og hafa vitanlega ekki annað sér til framfæris en það, sem það opinbera leggur fram úr ríkissjóði og bæjarsjóðum til atvinnubóta. Það liggur í augum uppi, að það væri stórkostleg óhagsýni að láta þessa verksmiðju standa aðgerðalausa, en kaupa hinsvegar inn í landið tilbúnar tunnur og kaupa með því vinnu af öðrum þjóðum. Ég hefi flutt þessa till. að nokkru leyti með ráði hæstv. fjmrh. Ég hygg, að hann sé henni meðmæltur, og ég vona, að hv. fjvn. vilji líta með velvild till., því að hún er í rauninni hliðstæð því, sem hv. n. hefir sjálf lagt til um Akureyrarkaupstað.

Sé ég svo ekki ástæðu til þess að fara fleiri orðum um þetta. Ég þykist viss um, að hv. þm. sjái þá þörf, sem hér um ræðir, og ég held, að mér sé óhætt að segja, að svo framarlega sem síldarútvegurinn verður á komandi tímum nokkuð svipað því, sem hann hefir verið, þá sé full trygging fyrir því, að slíkt rekstrarlán sem þetta greiðist næsta haust með því andvirði, sem fæst fyrir tunnur, svo að þessu leyti ætti ekki að vera áhætta fyrir ríkissjóð að ganga í þessa ábyrgð.

Finnur Jónsson [óyfirl.]: Ég vil leyfa mér að gera aths. við brtt. hv. fjvn. við fjárl. viðvíkjandi upphæð, sem greiðist starfsmönnum landssímans, símtalauppbótinni. Það er gert ráð fyrir, að uppbótin verði greidd eftir fyrirmælum hv. fjvn. Ég býst ekki við, að það sé neinn ágreiningur um að greiða þessa upphæð, og ekki heldur um það, hversu há hún á að vera, en það stingur einkennilega í stúf við reglur, sem gilt hafa um slík tilfelli hér á þingi, að fyrirmæli um þetta atriði skuli vera lögð í hendur hv. fjvn., sem starfar ekki nema meðan þingið situr, en tekin úr höndum hæstv. stj. og þess ráðh., sem þessi mál heyra undir. Ég vil leyfa mér að leggja fram brtt. í þá átt, að þessi þáttur málsins, sem ég gat um, verði lagður í hendur ráðh., að fengnum till. hv. fjvn. Óska ég þess, að hæstv. forseti beri þessa till. undir atkv., svo að hægt verði að ræða hana ásamt öðrum atriðum þessa máls.

Ég hefi tekið eftir því, að hv. fjvn. hefir gert ráð fyrir því í brtt. sínum, að þingkostnaðurinn verði lækkaður niður í 185 þús. kr., úr 245 þús. kr. Væri í sjálfu sér ekki nema gott eitt við slíkum sparnaðarráðstöfunum að segja, ef ekki fylgdi sá böggull skammrifi, að gert er ráð fyrir að loka þinginu fyrir þjóðinni, nema þeim fáu mönnum, sem koma til þess að hlusta af áheyrendapöllunum. Hv. fjvn. segir í 9. gr. nál., að þessi sparnaður byggist á því, að hætt verði að skrifa ræður þm. og felld verði niður prentun á umræðuparti Alþingistíðindanna. Eins og ég drap á áðan, þá er þetta lokun á þinginu fyrir öðrum en þeim, sem geta hlustað á ræður þm. á áheyrendapöllunum. Ég held, að það megi teljast eins dæmi um þingsamkundur í lýðræðislöndum, að gert sé ráð fyrir slíkri lokun á þingi. Og það væri einkennilegt, ef Alþingi Íslendinga, sem stæra sig af því að eiga elztu löggjafarsamkundu heimsins, gengi á undan öðrum þjóðum í því að loka þinginu fyrir þjóðinni. Ef gert er ráð fyrir því, að þetta sé yfirleitt vilji meiri hl. hv. þm., þá verður a. m. k. að ganga á undan lagabreyt., því að í 52. gr. þingskapanna segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Umræður þingdeildanna og sameinaðs Alþingis, ásamt þingskjölum og atkvæðagreiðslum um þau, skulu prentaðar í Alþingistíðindunum".

Nú er vitanlegt, að í fjárlfrv. er ekki hægt að koma með breyt. á almennum lögum, og till. um þetta efni, sem fram kom við fjárlagaumr. í fyrra, var úrskurðuð frá af hæstv. forseta.

Ég vil því skora á hæstv. forseta í samræmi við þann úrskurð, sem kveðinn var upp um þetta efni á Alþingi í fyrra, að taka til íhugunar, hvort ekki beri einnig að vísa þessari till. frá sem ólögmætri, þar sem hún brýtur í bága við gildandi lög án þess að fram komi lagabreyt. hér að lútandi. Ég vil í þessu sambandi lýsa yfir því, að Alþfl. er eftir flokkssamþykkt og samkv. fyrri afstöðu sinni því eindregið mótfallinn, að prentun þingtíðindanna verði felld niður, og vil ég ítreka það við hæstv. forseta, að hann taki það til mjög ýtarlegrar athugunar áður en atkvgr. fer fram, hvort ekki beri að vísa till. frá, þar sem hún mun brjóta í bága við gildandi lög.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (A. 752) leyfð og samþ. með 26 shlj. atkv.

Magnús Jónsson [óyfirl.]: Ég skal ekki tefja þessa umr. mikið. Ég á enga brtt. við fjárlfrv. og get ég yfirleitt fellt mig við brtt. hv. fjvn., þær miða í stórum dráttum að því að færa niður útgjöldin, og er ég því samþykkur, að það sé gert, eins og högum er háttað hjá okkur, og mundi jafnvel ekki vera ófús á að fylgja einhverjum meiri till. í þá átt. En það eru tvær till. frá hv. fjvn., sem ég get ekki fellt mig við, þó að báðar miði í sparnaðarátt. Sú fyrri er númer 102 og gengur út á niðurfærslu á fjárframlagi, sem veitt er til embættiskostnaðar presta, úr 65000 kr. niður í 35000 kr. Þó að það verði að sjálfsögðu að leita vel, þegar verið er að skera niður útgjöld á fjárl., þá get ég ekki

að mér gert að vera undrandi yfir því, að hv. fjvn. skyldi endilega bera niður á þessum lið. Öllum hv. þm. ætti að vera kunnugt um það, að prestarnir eru langlægst launaðir af öllum starfsmönnum ríkisins, ef tekið er tillit til þeirra krafna, sem til þeirra eru gerðar um undirbúning undir starfið og annað slíkt. Af prestunum er heimtaður svo að segja jafnmikill undirbúningur og heimtaður er lengstur yfirleitt af mönnum til þess að búa sig undir störf, en laun þeirra eru þó í öðrum flokki en laun annara sambærilegra embættismanna. Ég held, að þetta sé almennt viðurkennt og ómótmælanlegt. Og sú viðurkenning kom m. a. fram í því, að veitt var fé til þess að bæta upp þessi afarlágu laun, þannig að þeir, sem gegna erfiðustu og rýrustu embættunum, njóti helzt þessarar uppbótar. Og það er víst, að prestar eiga yfirleitt ekki við það góð kjör að búa, að þá muni ekki um þessa uppbót. Í þessu sambandi má minna á það, að launamálanefnd, sem starfar hér nú, telur ekki hægt að komast hjá því að rýmka um launakjör presta, þótt hún fyndi ekki aðra heppilegri aðferð en þá, að fækka þessum embættismönnum um leið. Þegar á það er litið, að hér er aðeins um 30000 kr. sparnað að ræða á mjög fjölmennri embættismannastétt, þá sýnist manni, að bera hefði mátt niður á einhverjum öðrum útgjaldalið. Þessi embættiskostnaður prestanna er ekki nema um 10 þús. kr. meiri en það fjárframlag, sem gengur til n., sem mikill vafi leikur á, hvort hafi yfirleitt nokkrum þeim störfum að sinna, sem ekki er hægt að sinna af öðrum aðilum, ég á við fiskimálanefnd. Sú n. kostar, eftir því sem skýrt er frá í starfsmannalista hv. fjvn., 54720 kr., og við hana vinna formaður, 6 nefndarmenn, einn skrifstofustjóri, ein skrifstofustúlka, umsjónarmaður við harðfiskverkun, umsjónarmaður við hraðfrystingu og loks sendimaður erlendis.

Þessi fámenna starfssveit hefir yfirleitt vinnu á öðrum stöðum, en þetta starf sem aukavinnu. Þessum mönnum er borgað hér um bil 10 þús. kr. minna en ætlazt var til, að veitt yrði til þess að bæta upp laun langverst launuðu embættisstéttar landsins. Það hefir komið fram till. um, að hætt yrði að starfrækja þessa n. og að störf hennar yrðu lögð undir annan aðilja. sem enginn þarf að segja, að ekki geti rækt þetta starf, og það er enginn vafi á því, að með þeirri breyt. einni mætti alveg spara þá upphæð, sem gert er ráð fyrir að spara á þessari embættismannastétt, og jafnvel meira til. Það virðist því miklu nær að spara með því að bera niður á þessari nefnd.

Hin till. er í tvennu lagi að vísu, en báðir liðir heyra þó saman. Þeir eru númer 104 og 105. Sá fyrri fjallar um það, að veita í fjárl. aðeins helming af námsstyrk og húsaleigustyrk til stúdenta við háskólann, en veita aftur á móti jafnmikið fé úr Sáttmálasjóði, þannig að náms- og húsaleigustyrkurinn verður jafnhár og vant er. Annars held ég, að það hafi litla þýðingu að samþ. þessa tvo síðastnefndu liði, því að það er enginn ágreiningur um það innan háskólans, meðal háskólaráðs, prófessora og stúdenta, að vera á móti því, að farið verði að veita fé í þessu skyni úr sáttmálasjóði, í stað þess að haga þessu eins og áður hefir verið gert, þar sem það er vitanlegt, að lítið er eftir af fé í sjóðnum í þessu skyni, þegar búið er að taka frá háa upphæð, sem lögð er við höfuðstól, fjárveitingar, sem ekki er hægt að komast hjá, nema ríkið greiði þær, eins og t. d. styrk til þess að halda við bókakaupum háskólans, sjá um, að út komi nauðsynlegar kennslubækur á íslenzku við háskólann, og sömuleiðis kandidats-styrkinn, sem er eitt af nauðsynlegustu verkefnum Sáttmálasjóðs — þegar búið er að taka þessa liði frá, þá verður lítið sem ekkert eftir í því skyni, sem brtt. hv. fjvn. gera ráð fyrir. Aðalatriðið í þessu máli er það, að ganga má út frá því sem gefnu, að háskólaráðið muni ekki sjá sér fært að veita þetta fé til húsaleigu- og námsstyrks, og þeir, sem verða fyrir barðinu á þessu, eru stúdentarnir við háskólann, sem vitanlega mundu fá þetta bætt upp, því að þingið mun ekki svipta stúdentana þessu fé, stúdentunum kemur mjög illa að vera dregnir á þessum aurum sínum, sem þeir þurfa að fá strax, þegar þessum styrk er úthlutað.

Ég vil því eindregið mælast til þess við hv. Alþ., að þessar tvær till. verði felldar.

Magnús Guðmundsson óyfirl.: Ég ætla að segja fáein orð út af því, sem hv. þm. Ísaf. sagði um niðurfellingu á prentun þingtíðindanna.

Meiri hl. fjvn. hefir lagt til, að þingkostnaðurinn verði lækkaður úr 245 þús. niður í 185 þús. kr. Hv. þm. Ísaf. hefir farið fram á það við hæstv. forseta, að þessari till. verði vísað frá á þeim grundvelli, að þingsköp mæli svo fyrir, að prenta skuli ræður þm. á þingi. Út af þessu vil ég taka það fram, að það, sem hér kynni að verða samþ. í þessu efni, segir ekkert til um það, hvort draga skuli þennan kostnað frá eða ekki. Hér er um áætlunarupphæð að ræða, en hitt er annað mál, að n. hefir gert till. um þetta með það fyrir augum, að þarna yrði dregið úr. Fari svo, að þingið samþ. þetta ekki og ekki verði bætt úr þessu með aukatill. frá fjvn., þá er ekkert annað fyrir hendi en það, sem komið hefir fram annarsstaðar í fjárl. við umframgreiðslur á liðum, því að það er ekki hægt að fella niður prentun þingtíðindanna nema þingið samþ. það, og um það mun koma fram till. síðar, en fyrr en séð er, hver afdrif hennar verða, er ekki hægt að segja, hvort það er nægilegt, sem veitt er, eða ekki. En ég vil neita því, að hæstv. forseti hafi nokkra heimild til þess að vísa þessari till. frá fyrir þessar sakir, því að í till. sjálfri er ekkert sagt um það, á hvaða lið eigi að spara. Það eitt, sem getur orðið að lögum í þessu tilfelli, er sú upphæð, sem ætluð er til þingkostnaðar. Það getur verið of hátt eða of lágt, en um það er ekki verið að ræða. Eins og kunnugt er, eru margir liðir í fjárl., sem enginn veit, hve háir verða, og eins er um þennan. Ég vil benda á það í þessu sambandi, að ef hæstv. forseti ætlar að vísa þessum lið frá, þá verður hann líka að vísa mörgum öðrum liðum og till. fjvn. frá, því að margar þeirra byggjast á lagabreyt., sem ekki

eru komnar fram og enginn veit með vissu, hvort muni ná fram að ganga. Ég ætla ekki að telja þessa liði upp, en þeir eru hingað og þangað í till. fjvn. Ég man eftir því, að hæstv. forseti vísaði í fyrra frá till. um að hætta að prenta þingtíðindin. En ég hygg, enda þótt ég muni það ekki með vissu, að þetta hafi verið tekið fram í till. sjálfri, en hér er ekki um það að ræða. *Hér er aðeins verið að ræða um það*, hve mikið eigi að áætla til þingkostnaðar yfirleitt, og ef ekki kemur breyt. á prentun þingtíðindanna, þá verður að prenta þau, hvað sem sagt er í fjárl., því að af þeim sést ekkert annað í þessu tilliti en að liðurinn er of lágt áætlaður, ef hann verður ekki hækkaður síðar, sem gert er ráð fyrir, að verði gert, ef þingið samþ. ekki að fella niður prentun þingtíðindanna á árinu 1936. Ég ætla ekki að þessu sinni að gera grein fyrir fyrirvara þeim, sem ég og fleiri hv. nm. hafa skrifað undir með, því að nál. segir í rauninni frá því, í hverju sá fyrirvari er fólginn.

Finnur Jónsson: Ég vil leyfa mér að gera aths. við það, sem hv. 1. þm. Skagf. sagði um þá till., sem hér liggur fyrir um að fella niður prentun á ræðuparti þingtíðindanna, og eins hitt, að hætt sé að skrifa þingræður hér á þingi, því að það ber þessi till. vissulega með sér. Hv. þm. sagði, að með því, sem hér kynni að verða samþ., væri ekkert sagt um það, hvort þessi kostnaður félli niður eða ekki. En það er greinilegt, að þessi till. hv. fjvn. byggist algerlega á þessu, og engu öðru; það ber 9. gr. í nál. ljósan vott um, og í starfsmannaskrá hv. n. er ekki gert ráð fyrir nema 2 þingskrifurum.

Það má vel vera, að í þessu frv. til fjárl., sem hér liggur fyrir, og í till. hv. fjvn. séu liðir, sem byggjast á væntanlegum lagabreyt., en ég efa, að það séu margir liðir í fjárlfrv. sjálfu eða í till. hv. n., sem ganga jafnmikið í berhögg við gildandi lög eins og þessi till. Ég vil því ítreka það við hæstv. forseta, að hann taki það til athugunar, hvort ekki beri að vísa þessari till. frá.

Magnús Guðmundsson: Ég held, að hv. þm. Ísaf. hafi ekki skilið, hvað ég var að fara áðan. Það, sem hér liggur fyrir, er aðeins að lækka þann lið, sem ætlaður er til alþingiskostnaðar. Í þeim lið er ekkert sagt um það, hvort leggja eigi niður prentun á ræðuparti *þingtíðindanna. Hitt er rétt, að þetta stendur í* nál., en það verður ekki að lögum. Og þótt þessar tölur breyttust í fjárl., þá hefir það engin áhrif á þau ákvæði þingskapanna, sem fyrirskipa, að það skuli prenta umr. á Alþingi. Ég er hissa á því, að hv. þm. Ísaf. skuli ekki geta skilið þennan mikla mun. Við skulum segja, að þessi till. yrði samþ., en svo yrði aftur fellt að leggja niður prentun á ræðuparti *Alþingistíðindanna. Hvað skeður þá?* Ekkert annað en það, að þessi liður reynist of lágt áætlaður, því að það er ómögulegt fyrir hæstv. stj. að fella niður prentun þingtíðindanna bara fyrir þá sök, að lækkað hafi verið framlag til þingkostnaðar, því að það stendur fyrirmæli í lögum um það, að prenta skuli þingtíðindin. Ég vona, að allir hv. þm. skilji, að með samþykkt þessarar till. er ekki á nokkurn hátt brotið ákvæði þingskapanna um þetta atriði. Það eina, sem hægt er að segja í þessu tilfelli, er það, að liðurinn sé óskynsamlega lágt áætlaður, en hann er áætlaður með það fyrir augum, að ef þessi möguleiki bregzt, þá er gert ráð fyrir, að fjvn. komi með aukatill. í þessu efni.

Finnur Jónsson: Mér er mjög vel ljós hugsun hv. 1. þm. Skagf. í þessu efni. En hitt er mér líka jafnljóst, að þessi till. byggist á því einu, að slík samþ., sem hér um ræðir, liggi fyrir eða verði gerð nógu snemma til þess að hægt verði að leiðrétta þennan lið. En fyrir því virðist enginn möguleiki, þar sem enn er ekki komin fram hér á þinginu nein till. um breyt. á þingsköpunum að því leyti að fella niður ritun á þingræðum. Ég held því enn fast við þá áskorun mína til hæstv. forseta, að hann taki til athugunar, hvort ekki sé rétt að vísa þessari till. frá.

Frsm. 1. kafla (Jónas Guðmundsson) [óyfirl.]: Síðan brtt. á þskj. 727 komu fram, hefir fjvn. ekki haldið fund til þess að athuga þær. Það, sem ég hefi um þessar brtt. að segja, ber því að skoða sem mína eigin skoðun í þessu efni.

Um 1. brtt., sem er um læknisvitjanastyrk, frá hv. þm. N.-Ísf., vil ég segja það, að ég get ekki annað séð en að allir geti fallizt á, að þessari skiptingu verði þannig hagað, að þm. einstakra kjördæma fái nokkuð að ráða því.

Um 2. brtt. vil ég segja það, að ef færð eru þau rök, sem jafnan eru færð fyrir þessum styrkveitingum, fyrir þessum smávægilega styrk til læknisvitjana, þá get ég ekki séð neina ástæðu á móti því, að sú till. verði samþ.

Þá er næst 3. brtt., við 12. gr., um utanferðir héraðslækna, og er n. sammála um að fella styrkinn niður. Ég heyrði ekki ræðu hv. till.manns, þegar hann mælti fyrir þessari till., en ég get ekki ímyndað mér, eftir afstöðu n. til þessarar till. að dæma, að hún fáist til þess að sinna þessu.

Viðvíkjandi 4. till. er það að segja, að í fjárl. er nú gert ráð fyrir 5000 kr. í þessu skyni, og er heilbrigðisstj. ætlað að skipta því, sérstaklega með tilliti til þess, að styrkurinn verði veittur til vistar í hælum. Hv. flm. þessarar till. er ekki viðstaddur, og ég hygg, að hann hafi *ekki mælt fyrir þessari till. sinni*, svo að mér er ókunnugt um þær ástæður, sem hér kunna að liggja til grundvallar, en ég get ímyndað mér, að svo framarlega sem hér er ekki um alveg sérstakt tilfelli að ræða, þá verði ekki hægt að sinna þessu.

Þá koma næst brtt. viðvíkjandi vegum, og get ég sagt um þær allar saman, að fjvn. hefir gengið frá þessum till. sínum viðvíkjandi vegum, *og einmitt með tilliti til þess*, að skiptingin á þessu vegafé yrði sem jöfnust milli hinna ýmsu sýslna, og eins með tilliti til þess, hæði hversu langt vegagerð er komið á hinum ýmsu stöðum og hvernig nýjum vegum miðar áfram heima í héraði. Ég get ekki ímynd-

að mér, að n. fallist á að breyta þessu til verulegra muna. Hinsvegar koma þessar brtt. einstakra hv. þm. undir atkv., og eins og stendur í nál., hafa nm. óbundnar hendur um þetta atriði. Þetta á við 5., 6., 7. og 8. brtt. Um þá 9. verð ég að segja, að ég er henni mótfallinn og vænti þess, að hún nái ekki fram að ganga, því að sú sýsla, sem þar er farið fram á, að aukið verði hjá A.-Húnavatnssýsla, er ólíkt betur sett hvað vegi snertir heldur en margar aðrar sýslur. Sama er að segja um 10. brtt., og geri ég ekki ráð fyrir, að n. fáist til þess að breyta því, sem gert hefir verið í þessu efni. Hinsvegar hefir verið um það talað milli nm., að tekin yrði aftur til 3. umr. ein af brtt. við vegina, brtt. um að Holtavörðuheiðarvegurinn verði felldur burt úr frv.

Að svo stöddu vil ég ekki bera fram neina formlega ósk frá n. í þessu efni, en ég vil láta þess getið eftir samtali um þetta milli nm., að þar sem enn er ekki sýnt, hvernig fer um þá nýju tekjuöflun, sem ætluð er til aukinna vegagerða, þ. e. benzínskattinn, þá er ekki talið rétt að fella þennan stóra lið úr frv.

Þá vil ég fara fram á það við hv. flm. að till. 12, um Vestmannaeyjahöfn, að hann fallist á að taka till. aftur til 3. umr.

13. brtt. er einungis leiðrétting, og geri ég því ráð fyrir að hún verði samþ. Hvað aðrar till. á þessu sama þskj. snertir, þá vil ég taka það fram, að ég er ekki frsm. að þeim kafla, sem þær till. heyra undir.

Hv. þm. V.-Sk. minntist á sjúkraskýli og læknisbústaði með sérstöku tilliti til röntgentækja í sjúkrahúsið í Vík í Mýrdal. Ég hefi einmitt tekið fram, að þetta sjúkrahús er næst fyrir með umsókn um styrk í þessu skyni, og ég efa ekki, að það muni komast í næstu fjárl., en ekki í þessi, eins og sést á nál., því að öðru fé, sem varið er í þessu skyni, er þegar ráðstafað. Til þess að hægt yrði að verða við ósk hv. þm., yrði að hækka þennan lið, en um það er engin brtt., svo að ég vona, að hv. þm. V.-Sk. láti sér lynda það, sem ég hefi hér sagt, og komi með sína kröfu til landlæknis eða láti hana liggja fyrir þar, þegar næsta úthlutun á þessum styrk fer fram.

Þá vil ég víkja nokkrum orðum að 18. brtt., frá hv. þm. Rang. og hv. 11. landsk., enda þótt hún snerti ekki beinlínis þann kafla, sem ég hefi framsögu í. Um þennan lið er það að segja, að um atvinnubótafé það, sem þessi liður fjallar um, hefir í rauninni ekki verið rætt til fullnustu í fjvn., svo að nokkur brtt., hvorki frá einstökum hv. þm. né heldur frá n. í heild, liggi fyrir um þennan lið. Þess vegna finnst mér rétt, að þessi till. yrði tekin aftur til 3. umr. — Um aðrar brtt. ætla ég ekki að tala.

Frsm. 2. kafla (Bjarni Bjarnason): Ég ætla ekki að svara hv. þm. Ísaf. að því er snertir lagalegu hliðina á niðurfellingu á prentun umræðuparts þingtíðindanna, enda hefir hv. 1. þm. Skagf. gert það nógu rækilega. En ég vil biðja hv. þm. Ísaf. um að athuga það í fyrsta lagi, að það eru tiltölulega fáir, sem lesa þingtíðindin núna, og geri ég ráð fyrir, að þeim fari fækkandi, eftir því sem þingfréttir eru greinilegar fluttar út um landið bæði af blöðum og útvarpi. Ég hygg, að þarfara væri að verja því fé, sem fer í þessa prentun, til margs annars, t. d. að einhverju leyti til atvinnuveganna eða til verkafólksins. Ég álít algert ósamræmi í því, að fé skuli vera eytt í slíkan óþarfa, sem hér um ræðir, samtímis því sem menn eru í vandræðum með marga óhjákvæmilega útgjaldaliði. Verði þetta samþ., þá leiðir það auðvitað af sjálfu sér, að skjalaparturinn og öll nál. verða mun nákvæmari, og í þeim getur komið fram stefna manna í málunum. Ennfremur verða tíðari nafnaköll þessu samfara en nú, þegar hver þm. getur haldið ræðu, sem hann veit, að verður prentuð, í þeirri von, að hún verði lesin af fjölda manna úti um land. Er þannig í gegnum nafnaköll og nál. auðvelt að komast að skoðun manna og stefnu í málunum, því að það er það eina, sem kjósendur landsins varðar um, en hitt skiptir sáralitlu og í mörgum tilfellum engu máli, hvaða orð menn nota um stefnu sína og skoðanir.

Þá vil ég svara hv. 1. þm. Reykv. með örfáum orðum að því leyti sem hann gerði aths. við 102. brtt. við 14. gr., sem ég mælti með. Sú till. fjallar, eins og kunnugt er, um lækkun á embættiskostnaði presta. Ég skal geta þess strax sem öllum hv. þm. er ljóst, að fjvn. hefir ekki verið ljúft að gera allar till. sínar til sparnaðar, og skal ég til dæmis um það aðeins nefna mjög litla upphæð til utanfarar lækna og kennara. Ég gat um það í ræðu minni á laugardaginn, að þetta væri samt sem áður gert með tilliti til nauðsynlegs sparnaðar, og líka með tilliti til gjaldeyrisvandræða. Okkur er það vissulega vel ljóst, að a. m. k. margir af prestunum hafa fulla þörf fyrir þetta fé, sem hér er um að ræða. En þetta er samt sem áður eitt af því, sem þeir hafa fengið sem skrifstofu og ferðakostnað fyrir fáum árum, og ég verð að halda því fram, að ferða- og skrifstofukostnaður þeirra geti ekki talizt bein útgjöld svo neinu nemi fyrir prestana. En sé svo, þá stafar það af því, prestarnir gegna fleiri en einu prestakalli og hafa þá ef til vill bíl til afnota, en þá aukast tekjur þeirra líka í hlutfalli við það, sem starfið eykst, eða meira sennilega. Það munu vera rúml. 100 prestar á landinu, svo að þetta yrði tæplega 300 kr. lækkun til jafnaðar á mann eða 240—340 kr., eftir því hve háa upphæð hver hefir fengið, sem er nokkuð mismunandi. Margir af prestunum eru efnalitlir. Þetta munar þá því nokkru.

Hv. 1. þm. Reykv. benti á það í þessu sambandi, að ein einasta n., fiskimálan., kostaði 54 þús. kr., eða 20 þús. kr. meira en ætlazt væri til, að færi í embættiskostnað presta. Í þessu sambandi vil ég aðeins benda á, að það er nú einu sinni svo í okkar þjóðfélagi, að allir þeir, sem við einhverja verzlun fást, fá miklu hærri laun heldur en embættismenn ríkisins, sem fá föst laun samkv. launalögum. Þess vegna er ekkert undarlegt, þó finna megi menn, sem vinna við atvinnuvegina, sem hafa meira kaup. Annars hefði hv. þm. getað nefnt annað dæmi, miklu meira áberandi, og á ég þar við laun í

fisksölusamlaginu, þar sem 3 menn fá t. d. yfir 63 þús. kr. í laun á ári, en í fiskimálanefnd eru þó 10 menn. Annars geri ég ráð fyrir, að ef fjvn. næði til þessara og ýmsra annara hálaunamanna, þá myndi hún fús til að gera till. um lækkun á launum þeirra, og það til mikilla muna.

Þá er hitt atriðið, um styrkinn til stúdentanna. Ég viðurkenni fúslega, að það sé nauðsynlegt fyrir háskólann að gefa út bækur og styrkja kandidata og jafnvel prófessora til utanferða. En ég vil spyrja hv. þm., hvort hann hafi ekki aðstöðu til þess að beita sér fyrir einhverjum sparnaði á bókaútgáfu háskólans, svo eitthvað geti sparazt af því fé, sem til hennar er ætlað, sem verja mætti til styrktar fátækum stúdentum til utanfarar o. fl. Það má vel vera, að hv. þm. haldi því fram, að svo sé um hnútana búið hvað Sáttmálasjóðinn snertir, að þar sé engu hægt að þoka frá því, sem nú er. Hvað mig snertir, þá hefi ég ekki trú á því, og ég vil biðja hv. þm. og aðra að athuga það, hvort ekki sé réttlátt, að stúdentar njóti nokkurs hluta hins gamla Garðstyrks sem húsaleigu- og námsstyrks. — Skal ég svo ekki hafa fleiri orð um þetta.

Að síðustu vil ég svo mælast til þess við hæstv. forseta, að hann gefi fjvn. kost á að athuga brtt. þær, sem komið hafa fram síðan hún hélt fund síðast. En það þýðir, að fresta verður umr. til morguns, því að n. getur ekki haldið fund fyrr en kl. 9 árdegis á morgun.

Frsm. 3. kafla (Þorbergur Þorleifsson): Aðeins örfá orð út af fyrirspurn hv. þm. V.-Sk. um skiptingu á fé því, sem í fjárlfrv. er ætlað til sandgræðslu. Eins og ég hélt fram í framsöguræðu minni, þá hefir n. ekki tekið afstöðu til skiptingar á þessu fé, en það mun rétt hjá hv. þm., að í fyrra var lofað framhaldsfjárstyrk til sandgræðslu þeirrar, sem Meðallendingar byrjuðu og veitt var fé til síðustu ár. Nú hefir landbúnaðarráðh. skýrt svo frá í viðtali, að næsta ár verði tekið af fé því, sem ætlað er til sandgræðslu, nokkur upphæð til styrktar sandgræðslunni þarna austur frá.

Um brtt. þær, sem komið hafa frá einstökum hv. þm., hefir n. ekki tekið afstöðu, og mun ég því ekkert víkja að þeim nú.

Hv. þm. Ak. vék hér áðan nokkrum mjög óviðeigandi orðum að skáldinu Halldóri Kiljan Laxness, en þar sem hann er ekki viðstaddur nú, mun ég láta niður falla að sinni að svara honum. Sömuleiðis mun ég láta það bíða í þetta sinn að gera brtt. þá að umtalsefni, sem þessi hv. þm. á á þskj. 727, um að styrkur til skáldsins falli niður.

Garðar Þorsteinsson: Ég á hér eina brtt. á þskj. 727, þar sem ég fer fram á, að Jóni Einarssyni í Rauðhúsum verði veittur 1000 kr. styrkur vegna fávita, sem hann hefir fyrir að sjá. Erindi um þetta var sent hv. fjvn., ásamt erindi frá prestinum í Saurbæjar-þingum, en hv. n. hefir ekki fundið ástæðu til þess að taka þetta til greina. Hér á í hlut mjög fátækur maður, sem hefir orðið að kosta allmiklu fé vegna læknishjálpar o. fl. fyrir þennan ungling, sem nú mun vera 19 ára gamall. Þar sem hér er aðeins um tiltölulega litla fjárhæð að ræða, þá vænti ég þess, að hún verði samþ.

Þá vildi ég leyfa mér að gera þá fyrirspurn til hv. fjvn., hvort hún hafi ekki tekið til athugunar erindi frá hreppsnefnd Ólafsfjarðarhrepps og sýslumanni Eyjafjarðarsýslu, dags. 20. júní þ. á., þar sem farið er fram á styrk til Ólafsfjarðarhrepps vegna tjóns, er þar varð síðastl. vor af völdum brims og óvenjulegs sjávargangs.

Eins og kunnugt er, urðu Ólafsfirðingar fyrir miklu tjóni vegna ofveðurs þess, sem geisaði um Norðurland fyrri hluta júnímánaðar síðastl. Þeir misstu marga báta, en sérstaklega kom þetta hart niður sökum þess, að tveir bátarnir, sem eyðilögðust, voru óvátryggðir. Eins og sýnt hefir verið fram á í skjölum þeim, sem beiðni þessari fylgja til Alþingis, höfðu hlutaðeigendur ekki haft möguleika á því að tryggja þessa báta. Félag það, sem fyrst var leitað til um vátryggingu á þeim, gat ekki tryggt þá sökum vissra ákvæða í lögum, hafði hreint og beint ekki heimild til þess að tryggja þá. Dróst því sakir þessa og annara orsaka að koma tryggingunni í lag áður en slysið vildi til.

Ég vildi nú mega biðja hv. frsm. fjvn. að upplýsa það, hvort hv. n. hafi tekið þetta til athugunar, því hafi hún ekki gert það, verð ég að bera fram brtt. í þessa átt, en vitanlega æski ég þess helzt, að hv. fjvn. taka þetta mál upp og beiti sér fyrir því.

Forseti (JBald): Það eru ekki fleiri á mælendaskrá nú. En þar sem fjvn. hefir óskað þess að fá frest til að athuga brtt. þær, sem fram hafa komið síðan hún hélt síðasta fund, mun ég fresta umr. og taka málið út af dagskrá.

Umr. frestað.

Á 29. fundi í Sþ., 10. des., var enn fram haldið 2. umr. um frv. (A. 1, 670, n. 671, 727, 741, 752).

Frsm. 1. kafla (Jónas Guðmundsson): Ég fór í gær nokkrum orðum um brtt. þær, sem fram hafa komið og tilheyra þeim kafla fjárlfrv., sem ég hefi framsögu að. Hefi ég því litlu við það að bæta, sem ég sagði þá. Fjvn. mun fylgja till. sínum. Þó hafa einstöku nm. óbundin atkv. um sumar þeirra. Hinsvegar vil ég taka það fram f. h. n., að hún tekur tvær þeirra aftur til 3. umr. Það er fyrst 73. till., um að fjárveitingin til Holtavörðuheiðar falli niður, og ennfremur 71. till., um að fjárveitingin til Breiðdalsheiðarvegar lækki úr 10 þús. niður í 8 þús.

Eins og ég tók fram í upphafi þessara umr., þá eru hér nokkrar till., sem orkað getur tvímælis, hvort rétt er að samþ. nú. Verði því einhver breyt. frá því, sem nú horfir við, þar til atkvgr. fer fram, þá má vel vera, að n. óski, að einstöku till. verði teknar aftur til 3. umr. — Annað óska ég ekki að taka fram.

Frsm. 3. kafla (Þorbergur Þorleifsson): Ég vil geta nokkurra brtt., sem tilheyra þeim kafla fjárlfrv., sem ég hefi framsögu að og fjvn. hefir tekið afstöðu til.

Það er þá fyrst 18. brtt. á þskj. 727, við 16. gr., um að veita 150 þús. kr. samkv. l. nr. 25 23. júní 1932 til Hellisheiðarvegar, og að sú vegagerð skuli byrjuð austan frá, við Suðurlandsbraut í Ölfusi. Um þessa brtt. hefir n. óbundnar hendur, en óskar þess, að hún verði tekin aftur til 3. umr.

Þá er 19. brtt. á sama þskj., frá þm. N.-Ísf., að bæta tveim nýjum liðum við 17. gr., 300 kr. styrk til sjúkra- og styrktarsjóðsins Líknar í Ögurhreppi og 300 kr. til sjúkra- og styrktarsjóðsins Hjálpar í viðlögum í Reykjarfjarðarhreppi. Fjvn. leggur á móti þessari brtt., og ég vil geta þess, að þar sem miklar líkur eru til, að tryggingarlöggjöf sú, sem fyrir þinginu liggur, verði að l., þá er líka þýðingarlaust að samþ. till. þessa, því að hún myndi þá verða felld niður aftur, ef tryggingarnar verða að lögum.

Þá er 20. brtt. á þskj. 727, frá þm. Ak., um að fella niður skáldalaun skáldsins Halldórs Kiljan Laxness. Hvað þessa brtt. snertir hefir fjvn. óbundin atkv. Sama er að segja um aðra till. þess efnis, frá hv. þm. N.-Ísf.

Að því er snertir 22. brtt. á þessu sama þskj., frá þm. V.-Sk., að heimila stj. að kaupa jarðirnar Keldudal, Álftagróf og Holt í Mýrdal, vill n. taka það fram, að hún óskar helzt, að till. verði tekin aftur til 3. umr. — Sama máli gegnir og um 23. brtt. á þessu þskj., frá þingmönnum Eyfirðinga, um ábyrgð fyrir tunnuverksmiðju Siglufjarðar. N. óskar, að hún verði tekin aftur til 3. umr.

Þá þarf ég ekki að gera grein fyrir fleiri brtt. f. h. fjvn., og ætla því að snúa mér að því að svara hv. þm. Ak. út af ummælum hans í gær í sambandi við 20. brtt. á þskj. 727, sem hann sjálfur er flm. að. Jafnframt skal ég taka það fram, að allt, sem ég segi í þessu svari mínu, er sagt á mína eigin ábyrgð, en ekki fjvn. — Hv. þm. fylgdi þessari till. sinni úr hlaði á þann hátt, að telja verður með endemum, svo ég viðhafi hin sömu orð, sem hann viðhafði sjálfur um ræðu Halldórs Laxness hinn 1. des. síðastl. Að ég ekki svaraði hv. þm. þegar í gær, var sakir þess, að hann var fjarstaddur, en ég vildi ekki svara honum nema hann hefði aðstöðu til þess að hlýða á mál mitt. En nú er hann hér viðstaddur, og get ég því snúið mér að ræðu hans, og mun ég sýna fram á, hve óviðeigandi hún var og ósanngjörn í alla staði. Ég verð að segja það, að það er allóviðfelldið, þegar þinghelgin er notuð til þess að ráðast með alveg órökstuddum sleggjudómum á fjarstadda menn, sem hafa enga möguleika til þess að bera hönd fyrir höfuð sér á þeim vettvangi. En um þetta gerði hv. þm. Ak. sig sekan í gær, með þeim ummælum, sem hann viðhafði um hið góðkunna skáld.

Það mun vera fágætt, eða jafnvel ekkert fordæmi fyrir, að rithöfundur, sem tekinn hefir verið upp í 18. gr. fjárl., hafi verið tekinn þaðan aftur meðan honum entist aldur til. Vitanlega þanna lög þetta ekki, en það hefir ekki verið gert, og svo mikil helgi hefir alltaf verið yfir þessari grein, að það hefir ekki þótt við eiga að fella þá niður, sem einu sinni hafa verið teknir upp í hana. Hinir hatursfyllstu pólitísku andstæðingar hafa jafnvel ekki vegið hver að öðrum á þeim vettvangi.

Í fyrra var það samþ. af mönnum úr þremur stærstu flokkum þingsins að taka Halldór Laxness upp í 18. gr. fjárl.; að vísu voru fáir úr Sjálfstfl., sem greiddu því atkv., en flokkurinn sem slíkur gekk þó alls ekki á móti því. Maður skyldi því ætla, að eitthvað mikið hefði komið fyrir síðan í fyrra, sem réttlætti það að fella skáldið niður af 18. gr. nú, að ári liðnu. En hvað hefir svo gerzt? Það hefir vitanlega ýmislegt gerzt, því alltaf er nú eitthvað að gerast. Það helzta, sem gerzt hefir, er það, að skáldið hefir lesið upp eina smásögu eftir sig, skrifað eina blaðagrein, skrifað stóra bók, og haldið eina ræðu. Smásöguna eða blaðagreinina minntist hv. þm. Ak. ekki á, honum hefir því víst fundizt, að skáldið hafi fengið makleg málagjöld fyrir söguna að minnsta kosti. Það duldist nú ekki, að hitt tvennt, sagan og ræðan, sem skáldið hafði gert sig sekan um, var svo stórvægilegt, að það var í augum þm. hrein dauðasök fyrir skáldið. Hið fyrsta, sem hv. þm. Ak. sagðist hafa lesið eftir Laxness, var grein eða smásaga í dönsku blaði, og eftir þann lestur taldi hv. þm. sig ekki hafa verið vonlausan um, að eitthvað kynni að rætast úr þessum unga manni. Þessu næst sagðist hv. þm. hafa lesið bók skáldsins „Undir Helgahnúk". Sú bók þótti honum nokkuð losaraleg, skrifuð „milli þankastrika", en eigi að síður sagðist þm. ekki hafa verið alveg vonlaus um skáldið. En þegar hér var komið, taldi hv. þm., að straumhvörf hefðu orðið í stefnu skáldsins og lífsskoðun, og ritmennska hans farið að hneigjast inn á verri brautir, og það svo lágar brautir, að ekki væru lesandi upp í þingsalnum kaflar í ritum hans, því að það væri hreint og beint ekki þinghæft. Slíkur er dómur hv. þm. Ak. á verkum H. K. Laxness. — En svo kom aðalkjarninn í ræðu hv. þm., en það var það, sem hann kallaði „síðasta afrek skáldsins". Og þetta „síðasta afrek" var ekkert annað en sá óskaplegi atburður, sem gerðist 1. des., að Halldór Laxness, sem ekkert er annað en alþýðumaður, aðeins menntaðri og upplýstari en almennt gerist, og dálítið meira skáld en almennt gerist, hann, þessi maður, leyfir sér að halda ræðu af svölum alþingishússins, og meira að segja, hann leyfir sér að skálma þvert í gegnum sali Alþingis. Jú, hvílíkt reginhneyksli, og á ræðuna hlustar öll þjóðin, og meira en það, hún stendur á öndinni ýmist af hrifningu eða viðbjóði, eftir því hvort hlustandinn er öfgalaus áheyrandi, sem kann skil á því, hvað er vel sagt og hvað er bull, eða þá að hann er með sama smekk og sömu dómgreind og hv. þm. Ak., sem fyrirfram telur allt einskis nýtt og einskis vert, sem alþýðumaður segir og ritar. En þá fyrst er hneykslið fullkomið í augum þessa hv. þm., að allt skuli duna af lófaklappi, þegar skáldið lýkur máli sínu. Það er því ekkert undarlegt, þó að hv. þm. hefði þau orð um skáldið, að framkoma þess

þennan dag hefði verið á þann hátt, að með „endemum“ mætti teljast, og klingdi út með því, að hann teldi það viðeigandi svar við þessari hneykslanlegu ræðu 1. des. og makleg laun fyrir ýms skrif hans, að hann væri sviptur öllum ritstyrk af opinberu fé. Þá sagði hv. þm. ennfremur, að þetta ætti einnig að vera tilraun til þess að vita, hvort skáldið gæti ekki áttað sig og hætt að velta sér í saurnum, eins og það hefði gert hingað til. Það væri nú synd að segja, að hv. þm. sé mjög myrkur í máli, eða að orðbragð hans sé sérlega fínt og fágað. Ég vil nú spyrja: Hvað er það, sem hér er að gerast? Hvaða andi er það, sem svífur yfir vötnunum? Er það ekki andi pólitísks ofstækis og haturs? Laxness hefir haldið ræðu, sem íhaldsmönnum líkar ekki. Þess vegna á að fella hann út af fjárl. (GSv: Hvað segir hv. þm. um þá ræðu?). Ég ætla ekki að dæma um þá ræðu, því hún kemur málinu ekki við, enda mun ég koma að því síðar. En mér finnst ekki mega minna vera en að hv. þm. Ak., sem ráðizt hefir á þessa ræðu, hann útskýri, á hvern hátt hún er dauðasök, svo að fella beri styrk til skáldsins niður á fjárl. Ræða Laxness 1. des. þótti ýmsum snjöll, en aðrir voru hneykslaðir, eins og oft vill verða, þegar mikill ræðumaður talar. En jafnvel þótt það væri rétt, að ræðan hafi verið eitthvað athugaverð, eða jafnvel léleg, sem ég ætla engan dóm á að leggja hér, hvorki til né frá, þá kemur það málinu ekkert við. Það getur ekki haft nein áhrif, hvernig ræðan var eða hvernig hún var flutt, hvort skáldið Halldór Kiljan Laxness á að fá skáldastyrk eða ekki. Eða skyldi nokkrum hafa dottið í hug að fella niður skáldastyrk Matthíasar Jochumssonar á sínum tíma fyrir það, þó einhverjir álitu, að hann flytti stundum lélegar ræður eða pólitískt litaðar? Ætli nokkrum hafi fyrir það dottið í hug að kippa af honum þeim skáldalaunum, sem Alþingi sæmdi hann með? Eða ætti eftir sömu reglu að fella niður skáldalaun Guðmundar Friðjónssonar fyrir það, þó hann haldi stundum pólitískt litaðar íhaldsræður? Ég veit ekki, hvað aðrir segja, en ég er ekki með því að fella hann fyrir slíkt, og ég held, að við nánari athugun hljóti hv. þm. Ak. að sjá, að hann fer hér villur vegar, og ef hann sér það ekki, þá vona ég, að hv. Alþingi sjái það.

Ég efa ekki, að hv. þm. hefir talað af sannfæringu, er hann var að lasta skáldið Laxness fyrir hans verk. Þess vegna verður að fyrirgefa hv. þm. Það vita allir, að hann talaði af pólitísku ofstæki þess flokks, sem, ef hann næði völdum í landinu, mundi ofsækja alla frjálslynda menn og hrekja þá úr stöðum sínum fyrir engar sakir. (GSv: Er hv. þm. að tala fyrir hönd fjvn.?). Nei, ég tala fyrir mína eigin hönd. Ef hv. þm. hefir ekki verið í d. þegar ég hóf ræðu mína, þá skal ég segja honum það, að ég skýrði frá því, að fjvn. hefði óbundnar hendur gagnvart Halldóri Kiljan Laxness. Það, sem ég segi um hann, segi ég frá eigin brjósti, því ég finn hjá mér hvöt til að verja skáldið, sem orðið hefir landi og þjóð til sóma bæði utan lands og innan, verja það gegn ómaklegum, óréttlátum og ég vil segja svívirðilegum dómum hv. þm. Ak. í gær. (Forseti hringir). Það, sem hv. þm. bar á hann síðast, að hann hefði flutt ómögulega ræðu af svölum alþingishússins, hefi ég sýnt fram á, að kemur því ekkert við, hvort hann fær skáldalaun eða ekki, jafnvel hvernig sem ræðan hefði verið. Það kemur verðleikum skáldsins ekkert við. Ég skal þá koma að því, hvort skáldið hafi unnið sér til óhelgi með síðustu bók sinni, „Sjálfstætt fólk“, sem nýlega er komin út og ég býst við, að flestir hv. þm. hafi lesið. Alþingi sæmdi skáldið í fyrra verðlaunum fyrir fyrra hefti bókar þessarar, og þó hv. þm. Ak. geti kannske fundið einhverjar smekkleysur í þessum bókum, þá kemur það málinu ekkert við, því þær eru einskis virði móti snilldinni, sem er svo mikil, jafnvel þó nokkrar smekkleysur finnist á víð og dreif. Og vilji hv. þm. Ak. leiða bókina sem vitni, þá er hún hér til staðar, og getur hann fengið hana lánaða, en ég vil geta þess, að meðal mestu bókfræðinga þjóðarinnar þykir þessi síðasta bók skáldsins heilsteypt listaverk, og þykir mér því engin ástæða að fjölyrða um bókina, en ef hv. þm. Ak. ætlar sér að gerast síðameistari um rithátt, þá vil ég benda honum á að líta sér nær og svipast um í eigin herbúðum, vita hvort hann getur ekki haft siðbætandi áhrif þar, — a. m. k. álít ég, að mörg af blöðum Sjálfstfl. standi ekki það hátt hvað velsæmi í rithætti snertir, að þm. farist að gera sig stóran og vera með siðaprédikanir á hv. Alþingi um það, hvernig skáld eiga að skrifa bækur sínar.

Hv. Alþingi stendur nú í svipuðum sporum og það hefir oft staðið áður (GSv: Hvaða sporum?) Í svipuðum sporum og áður, er það hefir verið að ræða um andans menn þjóðarinnar. En ég held, að gifta hverrar þjóðar sé í því fólgin, að hún kunni að meta sína andans menn og snillinga, og það verð ég að segja, að íslenzka þjóðin hefir kunnað það á síðustu tímum, og síðan hefir gifta fylgt þjóðinni og hróður hennar aukizt út á við og inn á við. Ég minntist á það áðan, að hv. Alþingi hefði áður staðið í svipuðum sporum og svipuð átök átt sér stað um ýmsa andans snillinga þjóðarinnar. Ég skal geta um eitt atriði, sem er mér í barnsminni. Það var fyrir 30 árum, að átök urðu á Alþingi um skáldið Þorstein Erlingsson. Það var þegar þingið viðurkenndi snilli hans, þó sumir álitu hann róttækan byltingamann og þess vegna hættulegan yfirstéttinni, eins og Halldór Kiljan Laxness nú er talinn. Þorsteinn hafði þá nýlega ort kvæðið Örlög guðanna, sem hneykslaði ekki minna þá en Laxness gerir nú. Þá var þm. A.-Sk., Jón prófastur Jónsson á Stafafelli, mikill menningarfrömuður og bókfræðingur. Ég man eitt sinn, er hann kom af Alþingi, þá hlustaði ég á samtal hans við gáfaðan bónda þar austur í Hornafirði. Þeir voru báðir heitir trúmenn og voru ákaflega reiðir við skáldið fyrir að hafa ort þetta kvæði, Örlög guðanna, og ég minnist þess, að bóndinn spurði séra Jón, hvort hann hefði ekki verið á báðum áttum með að greiða atkv. með skáldastyrk handa þessum manni, en séra Jón svaraði hiklaust: Nei. Maður verður að setja snilldina ofar öllu öðru, sagði hann. — Ég sé svo ekki ástæðu til að orðlengja þetta

frekar, en ég vænti þess, að hv. Alþingi enn í dag meti snilldina eins mikils og fyrir 30 árum.

Jón Auðunn Jónsson: Út af brtt. XIX. á þskj. 727, sem hv. þm. A.-Sk. sagði, að hv. fjvn. væri á móti, með þeirri mótiveringu, að allir slíkir styrkir ættu að falla niður, vegna þess að nú væri fyrir þinginu frv. til alþýðutrygginga, sem sennilega yrði samþ. á þessu þingi, vil ég benda á það, að samkv. frv. er ekki skylt að sett verði á stofn sjúkratrygging í sveitum, og þess vegna er engan veginn víst, að það verði gert, enda tel ég það hreint ekki líklegt eins og nú standa sakir, og erfitt er fyrir einstaklinga að taka á sig ný útgjöld, vegna hinna rýru tekna, sem almenningur hefir. Þess vegna snertir það ekki þá sjóði, sem hér er um að ræða, hvort þetta frv. verður samþ. eða ekki, og þörf sjóðanna fyrir styrk er jöfn eftir sem áður. Að öðru leyti skal ég ekki lengja umr., en út af öðrum brtt. mínum á sama þskj. vil ég taka það fram, að ég tel það sannast að segja engan vansa vera á tímum eins og nú eru, þó fram komi brtt. um lækkun styrkja til skálda og listamanna, þegar lagt er til, að fénu sé varið til hjálpar sjúkum og bágstöddum.

Guðbrandur Ísberg: Hv. þm. A.-Sk. hélt hér áðan mikla ræðu, sem aðallega voru aðfinnslur til mín út af grg. minni fyrir brtt. um að fella niður ritstyrk Halldórs Kiljan Laxness. Að vísu var aðeins sumt af ræðunni svar til mín, hitt voru hugleiðingar frá eigin brjósti. (**ÞorbÞ:** Ég talaði yfirleitt frá eigin brjósti). Já, en ekki fyrir hv. fjvn. Hv. þm. var hvað eftir annað að tala um það, sem ég hefði sagt í gær. Ég talaði ekkert hér á þingi í gær, en það var annar þm., sem talaði hér í gær, hv. þm. A.-Sk., og get ég enga ábyrgð borið á því, sem hann sagði. Hitt er rétt, að ég talaði hér í fyrradag. (**Forsrh.:** Ekki í fyrradag, því þá var sunnudagur). Það er rétt, en skiptir ekki miklu máli, — það var þá á laugardaginn. Hv. þm. A.-Sk. tók rétt upp úr minni grg. Ég sagði, að svo hefði virzt í fyrstu, að þessi maður ætti nokkra framtíð fyrir höndum sem skáld, en eftir því sem hann bætti við rit sín, hefði hann leitað niður á við. Þó jafnvel mætti finna gullkorn í ritum hans, væri þar svo mikið af sora, sem borinn væri á borð fyrir kristilega lesendur í landinu, að ekki væri við unandi, en þó hefði kastað tólfunum, þegar honum illu heilli hefði verið leyft að tala af svölum alþingishússins 1. desember, að þá hefði hann notað sér það leyfi þannig að flytja pólitíska agitation af svæsnustu tegund á fullveldisdegi þjóðarinnar. Ég fullyrði það, að nálega enginn maður í landinu utan kommúnistaflokksins telur þá ræðu hlutlausa eða frambærilega af svölum alþingishússins á þessum degi. Fullveldi þjóðarinnar er viðkvæmt mál, en í sambandi við það leyfði þessi maður sér að haga þannig orðum, að hann móðgaði stórlega svo að segja alla þjóðina.

Hv. þm. sagði, að jafnvel þó smekkleysur væru í ritum og ræðum þessa manns, þá skipti það engu máli. En hvað skiptir þá máli? Þessi maður hefir nú verið settur með styrk í 18. gr. fjárl., þar sem settir hafa verið fyrr og síðar mestu afburðamenn þjóðarinnar; en ég neita því, að hann eigi að teljast það, eins og hann hefir hagað sér á ritvellinum að þessu. Þar fyrir neita ég því ekki, að eitthvað geti verið í hann varið, en ég taldi líklega leið að taka af honum styrkinn til þess að hann hagaði sér eins og sæmilegur maður, þannig að hann misbyði ekki öllum þorra þjóðarinnar. Ég held, að það sé oflofið, sem á hann hefir verið hlaðið, sem hefir stigið honum til höfuðs. Ég held þess vegna, að honum væri það hollt, að þingið sýndi honum, að það vill ekki borga heiðursverðlaun fyrir að fara svo með efni og mál sem hann gerir. Ég sagði á laugardaginn, að ég vildi ekki fara að lesa upp smekkleysur hans og það af verra hér á Alþingi, af því það væri ekki þinghæft, og ég endurtek þá umsögn hér, en hitt get ég trúað, að gæti haft áhrif, að gefa honum þessa höglegu bendingu. Þetta, sem ég nú hefi sagt, er eiginlega árétting við það, sem ég sagði á laugardaginn, en ekki svar til hv. þm. A.-Sk., því hann var svo allt of skáldlegur til þess að ég gæti fylgzt með ræðu hans. Að því er snertir það skáld, sem hann var að reyna að hefja til skýjanna, þá sló hann því föstu, að Laxness væri aðeins dálítið meira skáld en almennt gerðist. Ég veit ekki, hvort hv. þm. telur, að þm. yfirleitt séu skáld, en að Laxness sé bara dálítið meiri.

Ég vil svo mótmæla því að lokum, að ég hafi notað þinghelgina til þess að ráðast á þennan mann. Ég tel ekki, að ég hafi misnotað aðstöðu mína, þó ég hafi nefnt hann á nafn. Það er eiginlega það eina, sem ég hefi gert. Það hefði frekar mátt telja, að ég hefði ráðizt á hann, ef ég hefði hér farið að lesa upp hans eigin skrif, en það gerði ég ekki, og ætla ekki að gera að svo stöddu.

Ólafur Thors: Ég á brtt. við fjárlfrv. á þskj. 741, sem ég hefi árlega flutt hér á hv. Alþingi, um að veitt verði til þess að setja upp hljóð- og ljósdufl við Sandgerðissund 5000 kr., sem verði fyrsta greiðsla af fjórum. Af því ég hefi flutt þessa brtt. þing eftir þing, ætla ég, að hún sé hv. þm. nægilega kunn. Ég þarf þess vegna ekki að ræða hana, en læt aðeins nægja að minna á það, að þarna er ákaflega örðug siglingaleið, sérstaklega í skammdeginu. Eins og ég hefi áður sagt, þá er það meira fyrir heppni en forsjá, að ekki hafa hlotizt þarna stórslys fyrir það, að þarna hefir ekki enn verið sett hljóð- og ljósdufl. Þetta er náttúrlega fyrst og fremst mál þeirra, er veiði stunda út af þessum stöðvum, en á það er að líta, að þetta er nú orðinn einn af stærstu útgerðarstöðum á Reykjanesi, sem þarna á hlut að máli, en auk þess snertir þetta alla þá sjómenn, sem leggja leið sína fyrir Reykjanes, og þessi hluti leiðarinnar er sá hluti hennar, sem langhættulegastur er. Ég veit, að hv. þm. bera hlýjan hug til sjómanna þeirra, sem þarna eiga hlut að máli, og af því þeir sjá einnig og skilja þörfina, þá vona ég, að þeir sýni þess vott við atkvgr. um þessa brtt. Þetta mál hefir legið til athugunar hjá vitamálastjóra, og hefir hann sent um það umsögn, þar sem

hann kemst m. a. svo að orði: „Um nauðsynina tel ég engan vafa,“ og er ekki hægt að kveða sterkara að orði um nauðsyn þessa máls. Málið hefir einnig legið til umsagnar hjá sjútvn. Nd., og hefir n. orðið á einu máli um að senda velviljuð ummæli til fyrirgreiðslu málsins til fjvn. Vænti ég, að þeir hv. þm. úr stjórnarflokknum, *sem undir það bréf hafa skrifað*, standi við þá skoðun, sem þar kemur fram, og einnig vænti ég þess, að aðrir í stjórnarliðinu sjái ekki ástæðu til að láta flokksagann meina þeim að samþ. þessa tiltölulega meinlausu og nauðsynlegu till. — Ég held ég þurfi þá ekki að fara fleiri orðum um þetta mál, og ég ætla ekki heldur við þessa umr. að tala um fjárl. almennt. Ég get þá gert það, ef mér sýnist svo, við 3. umr.

Ég hefi enga tilhneigingu né manndóm til þess að blanda mér inn í þá heitu deilu, sem risin er út af Halldóri Kiljan Laxness. Ég verð að játa, að á mig hefðu runnið tvær grímur, ef ég hefði ekki verið svo lánsamur að heyra hin snjöllu meðmæli hv. þm. A.-Sk. fyrir þessum manni, sem hann er að berjast fyrir. Án þess að ég mæli á nokkurn hátt með því að auka útgjöld ríkisins, þá mundi ég aldrei beita mér á móti því, að svo skáldlegur maður fengi þó ekki væri nema 200—300 kr. skáldastyrk, ef honum þætti það nokkurs virði. Alþ. hefir aldrei staðið í þeim sporum að veita þm. styrk fyrir skáldlega ræðu, en í hinum sporunum hefir það staðið. Og mér rann til hjarta, þegar ég heyrði hv. þm. segja frá því, að áður hefði það verið séra Jón á Stafafelli, sem varði Þorstein Erlingsson, en nú er það hann, sem ver Halldór Kiljan Laxness. Það eru sömu sporin, — hann stendur í sporum séra Jóns og Halldór Kiljan Laxness í sporum Þorsteins Erlingssonar. Það er sem sagt hver röðin á fætur annari, skáldið, ræðumaðurinn, ræðumaðurinn og skáldið, allt á sömu bókina lært. Ég held sem sagt, að ef ég hefði verið í mjög miklum vafa um þessa till., þá hefði þetta riðið baggamuninn hjá mér, svo snjöll var vörnin og málstaðnum samboðin. Og ég verð að játa, að þó mér sé jafnan mikil ánægja að því að heyra þennan hv. þm. tala, þá hefi ég sjaldan notið betur hans skáldlegu ræðu heldur en einmitt núna. Mér finnst það ekki nema sanngjarn vottur minnar virðingar á þessum snjalla málflutningi, að ég *hallist frekar á sveifina með honum heldur en* með flokksbróður mínum, hv. þm. Ak. En ég tek það skýrt fram, að ef ég geri það, þá er það fyrst og fremst hinum snjalla málflutningi að þakka.

Sigurður Kristjánsson: Ég ætla ekki að blanda mér neitt í þær almennu umr. um þetta frv., og ég hefi ekki haft tækifæri til sökum veikinda að koma með neinar brtt. við þessa umr. Verð ég því að fresta því þangað til við 3. umr. En það eru hér atriði í brtt. og nál. fjvn., sem mér þykir ástæða til að biðja um skýringar á. Það er sérstaklega eitt atriði, sem ég tel, að snerti mig að nokkru leyti og mér er ekki fullkomlega ljóst, hvernig n. meinar. Það er 17. brtt. n., við aths. við launauppbætur til símafólks. Þar stendur svo: „Uppbót á launum greiðist eftir sömu reglum sem verið hefir, önnur en símtalauppbót, er greiðist eftir fyrirmælum fjárveitinganefndar, enda færist þær greiðslur á framangreinda liði viðkomandi stöðva.“ — En í frv. ríkisstj. stendur, að mig minnir: „Uppbót á launum greiðist eftir sömu reglum sem verið hefir, enda færist þær greiðslur á framangreinda liði viðkomandi stöðva.“ Ég á sæti í svokölluðu ráði, sem á að *hafa athugun á nokkrum ríkisstofnunum* og þar af leiðandi símanum. Við þessir ráðsmenn höfum sérstaklega athugað launakjör og reynt að gera nokkurn samanburð á launum, miðað við það, sem menn þurfa að hafa fyrir lífinu, bæði hér í Reykjavík og annarsstaðar, og einnig gert samanburð á launum einstakra starfsgreina, sem talið er, að okkur komi við í þessu ráði. Og við höfum verið alveg sammála um það, að þegar launalögin verði samin, verði breytt launakjörum ýmsra manna, sérstaklega við símann, til þess að laun þeirra verði ekki annar eins reytingur og þau eru nú. Frumlaunin eru svo lág, að þau eru ekki í nokkru samræmi við starf þessa fólks né lífsskilyrði, sem það verður við að búa. Hinn kaldi veruleiki hefir þess vegna leitt það í ljós, að það hafa mátt til að koma ýmsar uppbætur á launum þessa fólks, sem þess vegna hafa orðið, eins og ég sagði áðan, sannkallaður reytingur. Þessar uppbætur eru að mestu leyti fyrir aukavinnu, en vinnutími símafólks er tiltölulega mjög langur, þegar það er athugað, hvað þetta er ákaflega þreytandi starf. Og það er sérstaklega athugavert, að þessar uppbætur eru fyrir aukavinnu, sem að mestu leyti er eftirvinna og beinlínis nætur- og helgidagavinna. En ég geri ráð fyrir því, að þegar fjvn. segir, að launauppbætur skuli vera þær sömu og verið hefir, önnur en símtalauppbót, þá eigi hún þar með við, að sú uppbót eigi að lækka, því annars hefði þess sjálfsagt verið getið sérstaklega, hvaða upphæð n. vildi láta ætla til viðbótar. Ég vil nú í fyrsta lagi benda á það, að það er afareinkennilegt, að n. skuli sérstaklega fara að krukka í launakjör starfsfólks við þessa einu ríkisstofnun, sérstaklega vegna þess, að þetta er ein elzta ríkisstofnunin, sem verulegt starfslið hefir og mörg undanfarin ár hefir gefið ríkissjóði allríflegar tekjur, og vegna þess, að fólkið við þessa stofnun er nú yfirleitt búið að vera lengi í sínu starfi og þess vegna orðið valið *fólk, og svo að lokum af því, að fyrir dyrum* stendur að semja upp launalögin fyrir allt það fólk, sem vinnur á vegum ríkisins. Fyrir allar þessar sakir finnst mér þessi till. n. sérstaklega merkileg, og það er ennþá merkilegra við hana, að þessi símtalauppbót á að fara eftir fyrirmælum fjvn. Ég skil ekkert í því, að fjvn. kæri sig nokkuð um það, ef hún hugsar sig um, að ákveða laun nokkurra starfsmanna ríkisins. Það væri þá a. m. k. einkennileg löngun til þess að blanda sér í sakir, sem manni kæmi ekki beinlínis við. Ég veit ekki, hvort hv. þm. hafa almennt athugað, hver launakjör þessa fólks eru, en ég vil rétt nefna örfá dæmi um dýrustu menninа við þessa stofnun, að undanskildum sjálfum stöðvarstjóranum, sem hefir til uppbótar á sín laun húsnæði, ljós og hita. En sá maður, sem gengur næst landssímastjóranum, hefir í föst laun með dýrtíðaruppbót 4100 kr. Þetta er gam-

all starfsmaður og hefir á hendi mikið trúnaðarstarf. Sýnist nú mönnum, að þessi maður þurfi ekki að fá uppbætur á launum sínum og að hann sé þess verðugur í svona mikilli ábyrgðarstöðu? Nú fær hann þær uppbætur, að hann kemst upp í 7100 kr. Þetta er sem sé næsthæsti maðurinn við landssímann, og þessi laun eru ekki hærri heldur en þau, sem yfirbókarar hafa í skrifstofum hér við sumar aðrar ríkisstofnanir, og meira að segja talsvert lægri. Aðalgjaldkeri landssímans, sem veltir milljónum króna, hefir í laun 4155 kr. Þetta er maður, sem er búinn að vera lengi í starfi sínu, og er mjög vandfundinn maður í slíka trúnaðarstöðu. Skrifararnir í aðalskrifstofu landssímans, sem eru valdir menn og gamlir í sínu starfi, hafa þetta frá 2500—3500 kr. í frumlaun með dýrtíðaruppbót. Finnst nú mönnum undarlegt, að þessir menn þurfi að fá uppbætur? (**Fjmrh.**: Þeir hafa þær líka). Já, en það er meiningin að krukka í það. Sá maður, sem gengur næstur stöðvarstjóranum á stærstu landssímastöð landsins, stöðinni hér í Reykjavík, hefir í föst laun og dýrtíðaruppbót 3500 kr. Hæstu laun simritara við landssíma Íslands eru með dýrtíðaruppbót 3500 kr. Það er ekkert undarlegt, þó það skapist uppbætur á svona lúsarleg laun til manna, sem búnir eru að vinna í tugi ára í þessum stöðum og orðnir færir í sínu starfi. — Sá maður, sem gengur næst stöðvarstjóranum við bæjarsímann í Reykjavík, þ. e. a. s. gjaldkerinn, hefir í laun með dýrtíðaruppbót 3250 kr. — Þetta eru allt miklu lægri laun heldur en greidd eru við hinar nýrri ríkisstofnanir, en af þeim mönnum, sem þar eru, er ekki heimtað neitt sérfræðilegt nám. Í þessu er ekki neitt samræmi, og það er áreiðanlega óverðuglega niður borið hjá n. að fara að krukka í laun þessara starfsmanna ríkisins, enda hygg ég, að fjvn. sjái ekki fært að sneiða þar neitt af, sem verulega dregur ríkissjóð.

Það er rétt að minnast á það í þessu sambandi, að nú er búið að sameina póst og síma. Og ég skal gjarnan segja það hér, af því að ég hýst við, að ég neyðist til þess við 3. umr. þessa frv. að koma fram með till. um einhverjar bætur á launum póstmanna, að ég tel, að þeirra laun, flestallra, séu alveg óviðunandi og svo merkilega lág, borið saman við laun annara manna, að þeir eru líklega langverst launaðir af launastéttum ríkisins. Skal ég nefna sem dæmi, að maður, sem búinn er að vera við póstinn um 20 ára skeið og hefir vandasamt starf á hendi og er stórvel lærður maður, sem hann einnig verður að vera, er nú kominn upp í 4 þús. kr. laun. Þetta er maður, sem hefir sjálfsagt orðið að nema milli 10—20 ár til þess að verða fær um að taka þetta starf að sér, og hann hefir lægri laun heldur en menn, sem eiga að tappa áfengi á flöskur í alveg nýrri ríkisstofnun. Annar maður hér við póstinn í vandasamri stöðu, gjaldkerinn, sem áður hefir verið póstmeistari í 2 kaupstöðum landsins, er ekki heldur kominn nema upp í ca. 4 þús. kr., eftir að hafa unnið við póst í yfir 40 ár. Þetta er, eins og allir sjá, alveg óviðunandi. Þá hefir mér verið sagt það um bréfberana, að það hafi ekki verið nokkur leið fyrir þá annað en að ganga naktir út með póstinn, því þeir hafi ekki haft efni á að klæða sig, en í fyrra hafi þeim verið gert það til líknar, að þeir fengu spjarir á sig sem uppbót á laun sín. Það er ósæmilegt, að ríkið skuli láta þetta viðgangast, einkanlega þegar það er í fullu ósamræmi við það, sem er hjá öðrum ríkisstofnunum, og hygg ég þó, að þar sé óvíða of mikið greitt.

Þá vil ég líka benda á það sérstaklega, að ýmsar þær ráðstafanir, sem þingið er að gera, er óbein launalækkun fyrir fólkið. Það eru lagðir skattar og tollar á flestar lífsnauðsynjar manna. Þeir skattar, sem lagðir eru á laun manna, fara alltaf hækkandi. Það er óbein launalækkun. Dýrtíðin er fyrir aðgerðir löggjafarvaldsins alltaf að aukast, og það verður erfiðara og erfiðara fyrir fólkið að lifa. Það getur því alls ekki gengið að klípa nú af launum manna, sem varla hafa getað dregið fram lífið áður. Ég vil því eindregið fara fram á það, að þessi brtt. við aths. í frv. stj. verði felld og áfram standi, að launauppbætur skuli vera þær sömu og verið hefir. Og sérstaklega vil ég leggja áherzlu á það, að ekki sé verið að draga út úr einstaka starfrækslu, þegar fyrir dyrum stendur að semja almenn launalög, bæði fyrir þessa stétt og aðrar.

Þá er hér aths., sem frv. gerir við starfsmannaskrá, sem hún hefir samið. Þar talar n. um tímakaup, sem starfsmenn ríkisins margir hverjir taki. Það er rétt, þeir hafa mjög margir aukavinnu og fá greitt tímakaup fyrir. Nú hefir n. lagt til, að starfstíminn sé samræmdur hjá starfsmönnum ríkisins og yfirleitt lengdur frá því, sem verið hefir. En mér þykir það einkennilegt, hvernig n. sér sér fært að leggja til, að starfstíminn sé lengdur og tímakaupið jafnframt lækkað, því eins og ég tók fram áðan, þá er aukavinna t. d. hjá símanum yfirleitt eftirvinna, nætur- og helgidagavinna, og það er vitað um suma af þessum mönnum, sem nú eru í fjvn., að þeir hafa gert og gera kröfur um það, að menn, sem ekki hafa þurft neinn sérstakan undirbúning eða lærdóm til þess að kunna sitt verk, fengi miklu hærra tímakaup fyrir eftirvinnu, þetta 2—3 kr. um tímann. Það er því undarlegt, að jafnframt og þessir menn vilja svipta hina lægst launuðu opinberu starfsmenn yfirleitt möguleikunum til þess að fá aukavinnu, þá skuli þeir sjá sér fært að leggja til, að tímakaup þeirra fyrir aukavinnu skuli lækkað niður í kr. 1.50. Mér hefði fundizt miklu sanngjarnara, þegar n. fer fram á að svipta þessa menn yfirleitt möguleikunum til þess að vinna sér inn uppbót á laun sín, þá hefði hún lagt til, að þó skyldi tímakaup þeirra ekki verða undir 3 kr., ef þeir þyrftu að vinna aukavinnu. Hitt er vitanlega fullkomlega réttmætt, að setja einhverjar reglur um það, að vinnutíminn sé sæmilega langur hjá mönnum, sem taka föst laun hjá ríkinu.

Ég skal svo ekki bæta við þetta mörgum orðum, en aðeins minna á það að endingu, að það er miklu réttlátari stefna og skynsamlegri, að fækka heldur starfsmönnum og láta þá hafa sem fyllst að vinna heldur en að hrúga þeim saman og kvelja þá. Og það er náttúrlega ástæða fyrir fjvn., sem tekið hefir að sér að vinna hið mjög svo þarfa verk að semja starfsmannaskrá ríkisins, að leggja til verulegan niðurskurð á starfs-

mannafjöldann. Það er enginn vafi á því, að það er hægt með skynsamlegum umbótum að draga saman starfsmannahald ríkisstofnana. En ég held, að það sé röng stefna hjá hv. n. að fara að krukka í gamlar starfrækslur ríkisins, eins og símann, og lækka laun símafólksins. Aftur mætti gera miklar umbætur hjá ýmsum ríkisstofnunum með því að fækka starfsfólkinu. Ég vil minna á, að sérstaklega hjá ýmsum yngri stofnunum ríkisins er óeðlilega mikið starfsmannahald. Til dæmis mun áfengisverzlun ríkisins hafa 37 starfsmenn í sinni þjónustu. Það lítur illa út að halda uppi slíkri húskarlahjörð, en ráðast jafnframt á launamöguleika fólks, sem gerir ekki betur en draga fram lífið við gamlar ríkisstofnanir og margt hefir auk þess orðið að *stunda sérfræðinám* til þess að verða hæft til stöðunnar.

Að lokum vil ég, um leið og ég endurtek þakkir mínar til hv. fjvn. fyrir hennar myndarlegu tilraun til að semja starfsmannaskrá ríkisins — að lokum vil ég spyrja hv. n., hvernig eigi að skilja það, að hún hefir tekið upp fisksölusamlagið í þessa starfsmannaskrá. Á n. ekki þarna við Samband íslenzkra fiskframleiðenda? Veit þá hv. fjvn. ekki, að það er einkafyrirtæki, óviðkomandi ríkinu? Ríkið skipar ekki þá menn, sem þar starfa, og geldur þeim ekki laun. Er þetta af ókunnugleika hv. n., eða ætlar hún að leggja til við 3. umr., að laun þessara manna verði tekin upp í fjárl.? Ég vil ekki ætla hv. n., að hún sé að framkvæma það, sem kallað er heimildafölsun. Ætlar hún að leggja til, að þetta fólk fái laun úr ríkissjóði? Að öðrum kosti er þetta ekki annað en vitleysa. Ég vænti svars við þessari spurningu.

Jón Pálmason: Hv. frsm. I. kafla fjárl. veik í ræðu sinni í gær nokkrum orðum að brtt., sem ég á við fjárlfrv. Fór svo, og ekki að ólíkindum eftir afstöðu hans á síðasta þingi, að hann lagðist gegn henni. Kjördæmi það, sem ég er fulltrúi fyrir, var það eina á landinu, sem síðasta þing veitti ekkert fé til vegabóta. Hv. n. hefir nú tekið hér upp 6 þús. kr., sem ekki fer þó allt til þessa héraðs. Samanburður sá, sem hv. frsm. gerði á þessu héraði og sínu, Suður-Múlasýslu, leiddi ekki greinilega í ljós, hve mikið fé er veitt til þess héraðs, en það er 29 þús. kr., á móti 6 þús. En vegur sá, sem þar um ræðir, Vatnsskarðsvegur, á að vera lagður fyrir allt Norðausturland, austan Húnavatnssýslu, þar með Norður- og Suður-Múlasýslu, og er því ófært að leggja ekki meira fram til hans.

Ég hefði ekki talið það óviðfelldið, svo sem nú er háttað hag ríkissjóðs, að minna fé hefði verið varið til vegagerða þetta árið. En að skipting fjárins sé í slíkri mótsögn við grundvallarreglur þær, sem fjvn. hefir sjálf lagt í þessu efni, get ég ekki talið eðlilegt.

Ég get ekki annað en minnzt á eina brtt. hv. n. við fjárlfrv. Það er 57. brtt., um að fella niður þær 15 þús. kr., sem í frv. hæstv. stj. er gert ráð fyrir, að veittar verði til sjúkrahúsa á landinu. Hv. n. segir ef til vill, að þetta sé fram borið í sparnaðarskyni. En að þessu er enginn sparnaður, því að rekstur sjúkrahúsanna verður auðvitað að halda áfram með sama sniði og verið hefir, en þetta verður einungis til að auka gjöld sýslusjóðanna. Fyrir Alþingi hafa legið till., sem gengið hafa í þá átt að bæta hag sveitar- og bæjarfélaga. Hefir verið lagt til að lækka nokkuð gjöld sýslusjóðanna í sambandi við berklavarnirnar, en það hefir ekki náð fram að ganga, af því að ekki hefir þótt fært að bæta þeim gjöldum á ríkið. En þessi till. vill nú þar að auk svipta bæjar- og sveitarsjóði þeim peningum, sem þeir hafa fengið frá ríkinu, en þar sem nú er víða tekjuhalli hjá bæjar- og sveitarfélögum, en þetta mundi auka mjög kostnað þeirra af berklavörnum, skora ég á hv. d. að fella till.

Eiríkur Einarsson: Hv. frsm. III. kafla fjárlfrv., hv. þm. A.-Sk., veik að till., sem ég flutti ásamt tveim öðrum hv. þm., á þskj. 727, og lýtur að vegagerð á Hellisheiði. Hann lét þá ósk í ljós fyrir hönd fjvn., að við tækjum till. aftur til 3. umr. Ég segi fyrir mitt leyti, að það fer eftir því, hvers vegna þessa er óskað, hvort ég sé mér fært að fallast á, að till. verði tekin aftur til 3. umr. Ef tilgangur hv. fjvn. er sá, að þreifa fyrir sér, í því skyni að reyna að afla till. þess fylgis, að hún geti náð fram að ganga, þá er ég fús til að verða við ósk hv. n. Ef þessu er öðruvísi farið, þá sé ég hinsvegar ekki ástæðu til þess. Ég óska eftir upplýsingum um þetta, áður en ákvörðun er tekin.

Gísli Sveinsson: Herra forseti! Ég þakka hv. frsm. I. kafla fjárlfrv. fyrir undirtektir hans undir brtt. mína við 12. gr., þar sem einum hrepp í Skaftafellssýslu er áætlaður 300 kr. læknisvitjanastyrkur. Ég heyrði á hv. frsm., að hann taldi sjálfsagt, að þessi hreppur yrði með. Hann hefir sjálfsagt kynnt sér það, að þessi hreppur þarf ekki síður á styrknum að halda en margir aðrir, sem komnir eru hér á skrár.

Ég mun eftir tilmælum frá hv. frsm. fjvn. taka aftur til 3. umr. till. mínar við 22. gr. um *kaup á jörðum, sem fyrir skemmdum hafa orðið* af vatnagangi. Hv. n. hefir tekið þessum till. vel, og ég býst við, að hún nái fullu fylgi við 3. umr. Sömuleiðis tek ég aftur X. brtt. á sama þskj., við 13. gr. frv. Ég býst við, að ég verði að koma með aðra svipaða till. fyrir mitt hérað, samkv. því, sem vegamálastjóri hefir lagt til. Hann hefir í bréfi í dag mælt með því, að hækkað verði tillag til Siðuvegar, ef vegagerðin á ekki að liggja undir skemmdum. Hinsvegar hefir fjvn. sett í fjárl. vegi, sem ekki geta talizt þjóðvegir og eru ekki mjög mikilsverðir, og vegamálastjóri hefir ekki verið spurður ráða í þessu efni. Þessa till. mína mun ég taka aftur til 3. umr. Bréfið, sem ég hefi fengið frá vegamálastjóra, afhendi ég hér með hv. fjvn.

Frsm. 1. kafla (Jónas Guðmundsson): Ég vona, að mér fyrirgefist, að aths. mín verður ef til vill eitthvað lengri en menn hyggust við. En mér finnst ég ekki geta látið ómótmælt ýmsu því, sem fram hefir komið í ræðum manna hér, sérstaklega í ræðu hv. 6. þm. Reykv. En áður en ég sný mér að því, vil ég mælast til þess við hv. þm.

G.-K., að hann taki aftur til 3. umr. till. sína um sjómerki, því að enn hefir fjvn. ekki getað ráðstafað fullkomlega því fé, sem í 13. gr. C. er ætlað til vitamála og hafnargerða. Þegar fjvn. tekur þennan hluta fjárl. til athugunar, verður þessi till. e. t. v. athuguð líka.

Við hv. þm. A.-Húnv. get ég sagt það, að skiptingin á vegafé fer hjá n. eftir því, hve mikið er búið að gera af vegum í hlutaðeigandi sýslum og hve mikið er komið í vegasamband.

Hv. þm. V.-Sk. hefir tekið aftur tvær af brtt. sínum. En að því er þriðju till. hans snertir, þá um læknisvitjunarstyrkinn, er það að segja, að ég býst ekki við, að n. leggi á móti henni, og ég fyrir mitt leyti mun greiða atkv. með henni.

Þá er það hv. 6. þm. Reykv., sem réðst á fjvn. fyrir aðgerðir hennar í málum símamanna. Mér þykir undarlegt, að hann skuli vera svo ófróður um þetta mál. Hann sagði t. d., að uppbætur við símann væru aðallega greiddar fyrir aukastörf. Þetta er ekki rétt. Fyrir aukastörf er greitt sem fyrir hverja aðra aukavinnu. Launin hjá starfsfólki símans eru yfirleitt lág, en þar eru greiddar fernskonar uppbætur. Aðeins ein af þessum uppbótum er símtalauppbótin, sem hann veik að. Hann taldi það óviðurkvæmilegt að vera að krukka í einn starfsmannaflokk ríkisins. Þetta er rétt og gæti staðizt, ef n. hefði gert þetta. En starfsmannaskráin ber það með sér, að breytt hefir verið um laun að meira eða minna leyti hjá svo að segja öllum stofnunum ríkisins, allt frá stjórnarráðinu og niður úr. Þó hefir ein stofnun verið undantekin: það hefir ekki verið hreyft við póstmönnum. Til leiðbeiningar hv. þm. skal ég skýra símtalauppbótina. Hún var upphaflega sett með samþykki fjvn. og stjórnarráðsins. Af hverju símtali í landinu voru teknir 5 aurar, og var þessu skipt milli starfsmanna við 1. flokks stöðvar eftir reglum, sem samdar voru af n. og Tryggvi Þórhallsson lagði á blessun sína. Þessi uppbót var sett til þess að hvetja starfsfólkið til að gegna sem bezt starfi sínu. Það hafði viljað brenna við, að símtöl voru skakkt talin, en eftir að þessi breyt. komst á, batnaði þetta til muna, og bæði síminn og starfsfólkið hagnaðist á hinu nýja fyrirkomulagi. Nú er þessi uppbót orðin allmikil og nemur um 40 þús. kr. N. lagði nú til, að uppbótin væri lækkuð úr 5% af heildartekjunum yfir allt landið niður í 3½%, sem rynni til starfsfólksins, en eftir öðrum reglum en áður. Það, sem hefir undir 3000 kr. árstekjur, fær eins mikið af þessari upphæð eins og ef uppbótin hefði áfram verið 5%, en þeir, sem hærra kaup hafa, fá lægri uppbót. Áður rann hún öll til þeirra bezt launuðu. Að fjvn. hefir ekki tilhneigingu til að hafa afskipti af þessari uppbót fremur en öðrum, stafar af því, að hún var upphaflega sett með samþykki fjvn., en ekki þingsins. Hér liggur fyrir brtt. frá einhverjum hv. þm. þess efnis, að ráðh. skuli setja sérstök ákvæði um þessa launauppbót, og get ég fyrir mitt leyti vel fallizt á það.

Þá gerði hv. þm. samanburð á launakjörum starfsmanna Landssímans og annara ríkisstofnana. Ég hefi nú sjaldan heyrt menn fara svo ódrengilega með tölur sem hv. þm. gerði þarna. Hann vitnaði til aðalbókarans í skrifstofu landssímans og taldi hann hafa 4 þús. kr. laun. Laun hans voru þessi síðastliðið ár: Föst laun 4152 kr., föst aukalaun 1200 kr., uppbætur 1566 kr. og í aukavinnu 269 kr. Samtals 7187 kr. Þegar þess er gætt, að laun sumra þessara manna eru komin yfir 7000 kr. og tekið tillit til þess, að laun ráðh. og hæstaréttardómara eru þetta 8 til 10 þús. kr., þá er ekki hægt að segja, að þeir séu illa launaðir.

Laun aðalgjaldkera landssímans eru nákvæmlega þau sömu, nema að því leyti, að í aukavinnu hafði hann á árinu 188 kr., eða samtals 7106 kr. En hann hefir auk þess 900 kr. í mistalningarfé.

Að vísu skal ég viðurkenna, að einstaka menn hafa hærri laun en ráðherra, en ég ætla, að þeir séu þó ekki nema tveir, og ég geri ráð fyrir, að þessu verði breytt fljótlega og laun þeirra lækkuð til samræmis við þá, sem verr eru launaðir, en hafa þó sæmilega há laun hjá ríkinu. Þessir tveir menn eru síma- og póstmálastjóri og forstöðumaður tóbakseinkasölunnar; aðrir starfsmenn ríkisins hafa ekki hærri laun svo nokkru nemi. Í till. n. er gert ráð fyrir, að þessi laun lækki.

T. d. hefir aðalgjaldkeri landssímans 6 þús. og 300 kr., en hjá gjaldkera áfengisverzlunarinnar eru launin áætluð 6 þús. kr. og þar í mistalningarfé. Þessir tveir menn eru vel sambærilegir, því mikið fé fer um hendur þeirra beggja, en auk hinna föstu 6300 kr. árslauna hefir aðalgjaldkeri landssímans einnig mistalningarfé, svo hann er h. u. b. 1000 kr. betur launaður heldur en gjaldkeri áfengisverzlunarinnar, sem ég tók til samanburðar.

Þá talaði hann um, að óviðkunnanlegt væri að lækka tímakaup um leið og starfstími væri lengdur; en um starfstíma við landssímann er það að segja, að á honum verður engin breyt. Bæði er það, að þessar breyt. eru ekki fullkomnaðar nú, og hjá þessari stofnun er nú enga breyt. hægt að gera á starfstíma, enda er engin till. um það. Hitt skil ég ekki, að honum skuli finnast óviðkunnanlegt, að samræmt sé það kaupgjald, sem greitt er hjá ríkisstofnunum, og er ég satt að segja hissa á, að nokkur skuli halda slíku fram.

Hv. þm. bar saman það kaup, sem hér er ætlazt til, að greitt sé fyrir eftirvinnu, og það kaup, sem venjulegir daglaunamenn fá fyrir eftirvinnu og helgidagavinnu; en það er ákaflega mikill munur á því að vera daglaunamaður og eiga allt sitt líf undir því að fá vinnu, eða því, að vera fastur starfsmaður hjá einhverri stofnun, og allt annað, þótt sá maður inni af hendi einhver aukastörf, þegar sú stofnun, sem hann er fastur starfsmaður hjá, þarf þess með. Mér er kunnugt um margar einkastofnanir hér í Reykjavík, sem borga starfsmönnum sínum gott kaup, en greiða þeim ekkert fyrir aukavinnu, þó mikið þurfi að vinna fram yfir venjulegan tíma, til dæmis um áramót, en hver maður, sem hjá ríkisstofnun vinnur, fær borgun fyrir aukavinnu sína. Hér er ekki farið svo langt að skylda þá til að inna þessi aukastörf kauplaust af hendi, þótt það sé gert hjá ýmsum einkafyrirtækjum.

Hvað viðvíkur lækkun símtalagjaldsins og

þeirri niðurfærslu á launum starfsmanna landssímans, sem af henni leiðir, þá vil ég taka það fram, að sú niðurfærsla er eingöngu hjá þeim, sem hæstu launin hafa. Þar er farið fram á að lækka lítillega hin föstu aukalaun.

Frsm. 3. kafla (Þorbergur Þorleifsson): Það er aðeins út af fyrirspurn hv. 11. landsk. viðvíkjandi brtt. á þskj. 727, 8. brtt. Ég get í raun og veru engu bætt við það, sem ég sagði áður. Fjvn. tók ekki afstöðu til hennar, en ég hygg, að ef hv. þm. er annt um, að till. gangi fram, þá sé það ekki betra, að hún komi til atkv. nú. Að n. tók ekki afstöðu til till. nú, er m. a. af því, að við þessa gr. eru fleiri brtt., sem n. hefir ekki enn tekið afstöðu til, en væntanlega verða teknar til athugunar. (EE: Má skilja þetta svo, að n. sé brtt. velviljuð og vilji vinna að því, að hún fái framgang?). Fjvn. lætur ekkert í ljós um það að svo stöddu.

Ég þarf ekki að svara þeim ummælum, sem hér hafa fallið út af till. um ríthöfundastyrk til skáldsins Halldórs K. Laxness. Hv. þm. Ak. endurtók nokkur af þeim gullkornum, sem voru í ræðu hans á laugardaginn. En ég svaraði þeim öllum í ræðu minni og þarf ekki að fara um það fleiri orðum. Að vísu beindi hann nokkrum skeytum til mín persónulega, en ég læt mér þau í léttu rúmi liggja. Hv. þm. G.-K. fann líka ástæðu til þess að ávarpa mig með nokkrum orðum, og er það í fyrsta sinni, sem hann hefir fundið ástæðu til þess, og hann gerði það á nákvæmlega sama hátt eins og flokksblöð hans hafa ávarpað mig og aðra þá alþýðumenn, sem ekki hafa gefið sig undir það ok að vinna með íhaldinu. Þennan persónulega skæting læt ég mig litlu skipta, en er ánægður yfir því, að á þann málstað, sem ég beitti mér fyrir, hefir ekki verið ráðizt síðan.

Sigurður Kristjánsson: Hv. 6. landsk. hefði getað tekið ómak bæði af mér og sjálfum sér með því að sitja kyrr og flytja ekki síðustu ræðu sína, því það, sem hann sagði til andsvara ræðu minni, voru aðeins nokkur atriði, og öll byggð á misskilningi, og nú verð ég að ómaka mig við að reka þau ofan í hann aftur.

Hann sagði, að það hefði verið auðheyrt á ræðu minni, að ég væri ókunnur launum hjá landssímanum. En ég held, að það sé ekki ofmælt, þótt ég segi, að ég sé þeim mjög kunnugur, enda er það ekki hrósvert. Það tilheyrir mínu starfi, og ég hefi orðið að kynna mér þau mjög nákvæmlega, og ég hefi orðið að sitja við það marga daga að bera saman og athuga laun þessara stofnana, og hefi gert yfir þau nákvæmar töflur, og í þessum efnum þarf ég ekki að fara í slíkt geitarhús að leita ullar, að ég þurfi að sækja fróðleik til hans. Ef hann hefði spurt mig um þetta, þegar málið var til athugunar í fjvn., þá hefði ég getað veitt honum allar nauðsynlegar upplýsingar.

Ég þarf ekki að deila um það við hv. 6. landsk., en vil mótmæla því nú þegar, sem hann sagði, að engin þóknun væri fyrir aukavinnu hjá landssímanum, og vildi láta skilja, að við símann væru aðallega greiddar launabætur samþ. af þeim, sem nú vinna við landssímann, og að mér skildist nokkuð hátt. Starfsmenn við símann eru nú að ég held rétt 187, sem eru fastlaunaðir. Af þessum mönnum eru einir 10, sem hafa fastar launabætur. Aðrar uppbætur eru tvennskonar. Í fyrsta lagi símtalagjaldauppbótin, og í öðru lagi þóknun fyrir aukavinnu. Ég þarf ekki að vera að þræta um þetta. Ég veit, að þetta er satt, og allt annað er ósatt. Það er engin ný saga fyrir mig, þó það sé sagt, að þessar uppbætur séu ekki settar með samþykki þingsins; ég hefi vitað það vel, að þær eru settar með samkomulagi landssímastjóra og ríkisstj., eða þess ráðh., sem þetta heyrir undir. Hv. þm. var ekki þar að gefa neinar nýjar upplýsingar. Þetta vissu allir.

Ég var ekki að mótmæla því, að laun yrðu samræmd, en ég var að benda á, að þar sem ætti að semja upp og skipuleggja launakjör starfsmanna ríkisins, þá væri ekki rétt að vera að kippa út úr og krukka í laun hjá einstökum mönnum, og sýnilegt væri, að það hefði sáralitla þýðingu fyrir afkomu ríkissjóðs. Ég hefi ekki við hendina útreikning á því, hverju þetta muni nema, en ég held það muni vera um 40 þús. Ég þori ekki alveg að fullyrða þetta. Vitanlega gæti ég lagt það saman, en það mundi kosta of langa bið. Þó nú að nartað sé í svona upphæð, þá veltur það ekki á miklu fyrir ríkissjóð. En það veltur á miklu fyrir þá menn, sem uppbæturnar fá, ef af þeim er kippt 2—3 hundruð krónum á ári. Slík upphæð er mikils virði fyrir þá, þótt hún muni litlu fyrir ríkissjóð. Og þeir, sem ekki skilja þetta, hafa aldrei átt bágt með að hafa til hnífs og skeiðar. Hv. 6. landsk. sagðist aldrei hafa heyrt farið jafnrangt með tölur eins og ég hefði gert, en ég held þá, að hann hafi aldrei heyrt farið rétt með tölur. Ég las þessar tölur upp úr skrá, sem ég hefi fengið hjá aðalskrifstofu landssímans, og ég sagði, við hvað þær ættu, bæði um föst laun og dýrtíðaruppbót, og leyndi engu um, að þeir fengju uppbætur. Ég gæti lesið þetta allt upp aftur. Ég fór ekki ranglega með eina einustu tölu. Enda er það ekki neinum til góðs að gera það. Tölur eru ágætar til málstuðnings, en sá maður, sem ætlar að styðja mál sitt með tölum, verður að fara rétt með þær; annars koma þær honum sjálfum í koll.

Ég held, að hv. 6. landsk. hafi ekkert vitað, hvað hann sagði, að hann hafi ekkert fundið sér til málsbóta, og hafi þess vegna farið að röfla þetta. Á. m. k. var þetta ekki annað en röfl, og er mjög leiðinlegt, að slíkt skuli henda þann mann, sem trúað er fyrir framsögu fjárl.

Hv. 6. landsk. hélt, að það væru ekki slæm laun, sem aðalgjaldkeri landssímans hefði. Hann hefði 7000 kr. árslaun. Þetta eru nú hæstu launin, sem fundin verða með öllum uppbótum, sem greiddar eru við starfið, fyrir allan þann þrældóm, eftirvinnu og næturvinnu, sem því fylgir. Ég ætla, að hv. þm. hafi sjálfur hærri laun fyrir léttara starf, og sé þó ekki eins gamall í embætti sínu. Það verður líka að taka til athugunar, að hér er að tala um menn, sem stunda þann starfa, sem krefur sérþekkingar, og aðrir, sem eru búnir að vera mjög lengi við þessi ákveðnu verk, og vitanlega gerir það mennina miklu hæf-

ari til þessara verka en um leið óhæfari til annara verka. Á allt þetta verður að líta.

Það eru blekkingar einar, að ég hafi verið að rakka niður laun annara manna, og að ég hafi verið að taka þá til samanburðar til þess að láta þá standa í óhagstæðu ljósi. Ég sagði það, sem ég stend við, að starfsfólk ríkisverzlananna væru nýgræðingar og að þar væru menn, sem hefðu verið teknir án nokkurs undirbúningsnáms, en elztu menn landssímans hefðu orðið að ganga í gegnum margskonar þrautir. Þeir hefðu byrjað sem sendlar og síðar hefðu þeir orðið símritarar og svo fengizt við önnur störf, og eftir 20 ára starf væru þeir loksins komnir upp í þetta frá 300—400 og alhæst 500 kr. laun á mánuði.

Það er rangt, að ég hafi mótmælt því, að tímakaup mætti vera mismunandi. Það voru ekki mín ummæli. Ég sagði, að mér þætti það einkennilegt, að fjvn. skyldi sjá sér fært að leggja til, að starfstíminn lengdist, og þar með að sú aukavinna hyrfi eða minnkaði að mjög miklu leyti, sem skýlaust hefði fengizt, ef vinnutími hefði haldizt óbreyttur, og jafnframt því að lækka kaup fyrir eftirvinnu niður fyrir það, sem ég veit, að er greitt jafnvel þar, sem engrar sérþekkingar þarf við vinnuna.

Mér hefði þótt það skemmtilegra og sæmilegra, að þeir hefðu haft þann manndóm í sér að segja, að þegar horfið væri að þessu ráði, þá vildu þeir þá láta borga vel þá aukreitis vinnu, nætur- og helgidagavinnu, sem þeir neyddust til að láta vinna, og hefðu þá ekki haft kaupið lægra en 3 krónur á tímann. Um hitt hefi ég ekki talað, að tímakaup mætti ekki vera mismunandi. Ég veit, að þegar menn vinna næturvinnu eftir langan dagvinnutíma, þá er eðlilegt, að sú vinna sé hærra virt heldur en hin, sem unnin er í venjulegum skrifstofutíma. Ég hefi ekkert um það sagt, hvort eða hve mikið tímakaup eigi að vera mismunandi, en ég segi það, að það er rétt, að það er nánasarlúsalegt í þessu nál., að gera það að atriði, að tímakaup lækki í 1 krónu og 50 au., þegar vinnutími á að lengjast.

Ég vil svo að lokum minna hv. 6. landsk. á það, að hann svaraði ekki því, sem ég spurði hann um, t. d. því, hvers vegna hann telur starfsmenn S.Í.F. meðal þeirra, sem eiga að taka laun hjá ríkissjóði árið 1936. Ætlar hann að leggja það til, að ríkið borgi þessum mönnum, eða hefir hann skrifað þetta þannig niður án þess að gera sér grein fyrir, hvort það er rétt eða rangt? (JG: Það stendur í nál., af hverju þetta er gert). Mér er kunnugt að þetta er rangt, en ég vildi aðeins vita, hvort það var af yfirsjón eða af öðrum ástæðum, að hér var gefin röng skýrsla.

Ólafur Thors: Hv. 6. landsk., 1. frsm. fjvn., beindi til mín tilmælum um að taka aftur til 3. umr. brtt., sem ég flyt við fjárlagafrv. fyrir árið 1936, um 5 þús. kr. fjárframlag, fyrsta af fjórum, til að setja ljósbauju á Skaga. Ég get ekki betur skilið en að hann teldi líkur til þess, að brtt. þessi fyndi náð fyrir augum fjvn., og vil því með ánægju verða við þessum tilmælum og tek brtt. aftur til 3. umr.

Hv. þm. A.-Sk. vék að mér nokkrum orðum. Hann sagði, að ég hefði nú í fyrsta sinn fundið ástæðu til þess að ávarpa sig, og hefði ég gert það eins og blöð Sjálfstæðismanna væru vön að ávarpa hann og hans líka. Ég get vel unað þessum ummælum, en vil benda hv. þm. á það, að þau falla illa saman við það, sem hann dróttaði að blöðum sjálfstæðismanna. Allir hv. alþm. skildu það, að í mínum ummælum í hans garð voru hvorki stóryrði né illyrði. Sannast sagna svaraði ég honum eins og mér fannst hann hafa til unnið. Ég var ekki eins skáldlegur og hann, en jafnmeinlaus, — ekkert hnjóðsyrði.

Það er ánægjulegur vitnisburður um blöð vor sjálfstæðismanna, að jafnhatramur og framarlega standandi andstæðingur og þessi hv. þm. er skuli segja það, að þessi orð mínu væru töluð í sama tón og blöð sjálfstæðismanna tala í til andstæðinga sinna. Ég þakka fyrir þessi ummæli, og mér þykir vænt um, að þau skyldu falla frá jafnáberandi stjórnmálagarpi. Ég vona, að hv. þm. geri blöðum vorum sjálfstæðismanna full skil í næstu ræðu sinni og taki aftur það, sem hann hafði áður sagt um þau.

Ég hefi ekki lagt það í vana minn að ráðast á menn að fyrra bragði. Ég hefi varið sjálfan mig, þegar á mig hefir verið ráðizt, en ef einhver synd skyldi á mér hvíla fyrir það, þá er ég a. m. k. flekklaus og syndlaus gagnvart þessum hv. þm. Hann hefir snortið hjarta mitt svo að ég mundi vilja veita honum 200—300 kr. af skáldafé. Án þess að gera á nokkurn hátt lítið úr hans þingmannshæfileikum, efa ég ekki, að hann hefir svo næma skáldaæð, að hann verðskuldar eins vel 100 kr. skáldastyrk eins og 1000 kr. fyrir að sitja á þingi.

Frsm. 2. kafla (Bjarni Bjarnason): Það hefir lítið verið deilt á starfsmannaskrána, a. m. k. ekki þann hlutann, sem mér tilheyrir. Mun hv. 6. landsk. svara því, sem snertir hans kafla. Ég vil þó geta þess, að mér finnst hv. 6. þm. Reykv., sem talaði hér á eftir mér, ekki taka málið á sanngjarnan veg, þar sem hann nefnir aðeins eina stofnun og deilir á n. fyrir meðferð á henni. Hv. þm. nefndi aðeins landssímann, en það eru 3 aðrar stofnanir, þ. á. m. útvarpið, sem ekki hefði verið minni ástæða að nefna og n. hefir lækkað laun hjá. Annars skal ég geta þess, að fjvn. skipti með sér verkum við athugun á stofnunum, því tími vannst ekki til þess á annan hátt. Voru forstjórar með í ráðum, en ekki rekstrarráðin, sem þó var full ástæða til, en aðeins ekki tími. Er gert ráð fyrir, að hæstv. ríkisstj. leiti álits og umsagnar forstjóra og rekstrarráðs.

Ég skal í þessu sambandi geta þess, að þó fjvn. vildi ekki fara ósanngjarnlega að á nokkurn hátt, en aðeins færa launin til samræmis, kemur þetta óneitanlega dálítið við einstaka menn. Þó hafa margir þeir starfsmenn, sem lækkað hefir verið hjá, ekki sagt æðruorð, en telja þessa ráðstöfun eðlilega og að fjvn. hafi verið sanngjörn í sínum till. Ég verð að segja, að ég marka meira það, sem þessir menn segja sjálfir, en ummæli óviðkomandi manna, sem lítið eða ekki þekkja til. Met ég meira umsögn einstaklinganna, sem þetta beinlínis snertir, um að n. hafi sýnt eðlil. viðleitni í launasamræmingu. Þess er getið í nál., að þrátt fyrir þó n. vildi helzt losna sem mest við

eftirvinnu í ríkisstofnunum, verður ekki hjá komizt að viðhafa hana að einhverju leyti, t. d. við póst, síma og tollgæzlu. Hinsvegar verður að líta svo á, að það eftirvinnukaup, sem tiðkazt hefir, allt að 3 kr. á klst., sé óþarflega hátt, að kr. 1.50 sé sæmilegt, þegar það kemur til viðbótar við viðunandi laun. Ég sé þess vegna ekki, að það sé nein goðgá, þó sú kvöð fylgi þessum störfum, að vinna eftirvinnu fyrir kr. 1.50 á klst., þegar þörf krefur. Menn eru líka frjálsir og sjálfráðir um að breyta til og gefa frá sér starfið, ef þeim finnst þetta ósanngjarnt.

Þá eru tvö atriði enn í ræðu hv. 6. þm. Reykv., sem við erum ósammála um. Hann færði fram sem rök, að þetta væri ekki hærra en almennt verkamannakaup. Þar til svara ég því, að þetta eru engin rök, vegna þess, að verkamennirnir sumir eru fúsir til að vinna fyrir lægra kaup, ef þeim væru tryggð lágmarkslaun. En þetta verður að teljast þolanlegt, þegar það kemur til viðbótar sæmilegum launum. Sé unnið 2 stundir á dag í eftirvinnu, verður það fram undir 100 kr. á mánuði. Og það getur ekki talizt nein ofætlun, ef menn eiga kost á því.

Þá er ég ósammála hv. þm. um, að það eigi að teygja launin sem mest upp, en fækka starfsmönnunum. Þessu er ég gersamlega andvígur. Menn eiga að hafa þolanleg laun, en ekki meira, og aukastörf eiga ekki að falla á fastlaunaða menn, nema það sé óhjákvæmilegt. Hitt á að koma á aðra menn, sem minna hafa til þess að lifa á, meðan þjóðfélagið á marga velmennta atvinnulausa menn. Ég sé, að hv. 6. þm. Reykv. hristir höfuðið til marks um, að hann sé þessu andvígur. — Þá minntist hv. þm. á, að fisksölusamlagið væri ekki ein af stofnunum ríkisins, og því hefði verið óviðeigandi að hafa það með. Til þess er því að svara, að allar fastar nefndir atvinnuveganna eru teknar með. Enda voru allar þær upplýsingar, sem fjvn. óskaði eftir, góðfúslega gefnar. Með þessu yfirliti, sem fylgir nál. fjvn., eru gerðar till. til ríkisstj. um að færa meira til samræmis launagreiðslur ríkisins og atvinnuveganna.

Vænti ég, að hv. 6. þm. Reykv. nægi þetta svar og upplýsingar fyrir því, að fjvn. hafi ekki stolið neinu af þessum upplýsingum. Það má að vísu um það deila, hvort það kemur Alþingi við, hvað atvinnuvegirnir borga sínum starfsmönnum, en ég held, að það sé gott, að þjóðin sjái, hvað þar er greitt í laun. — Þá held ég, að það sé ekki annað, sem ég hefi ástæðu til að svara.

Páll Zóphóníasson: Herra forseti! Það er einn liður í till. fjvn., sem ég get ekki stillt mig um að gera aths. við. Í 162. brtt. n. er lagt til, að styrkur vegna búfjárræktarlaganna verði lækkaður úr 42 þús. í 30 þús. Eins og hv. þm. mun kunnugt, er mörg umbótaviðleitni styrkt eftir búfjárræktarlögunum. Má þar nefna kynbótafélögin, er starfa að kynbótum nautgripa og hesta, sauðfjárræktarbúin, sýningar o. fl. Í þessu öllu er vöxtur, svo styrkurinn fer hækkandi. Styrkur til kynbótafélaganna er að nokkru greiddur eftir á, og 1936 greiddur fyrir starf unnið 1935, og hafi það verið styrkhæft eftir lögunum, tel ég ómögulegt að lækka það. Lögin mæla t. d. svo fyrir, að nautgriparæktarfélag eigi 2 kr. styrk fyrir reiknaða árskú, sé gerð fitumæling í mjólkinni. Þau félög, sem þetta hafa gert 1935 og senda skýrslur um starf sitt 1936, eiga því lagalegan rétt til þessa, og hann verður ekki lækkaður eftir á. 1935 urðu útgjöld eftir búfjárræktarlögunum tæp 50 þús. Eins og áður er sagt, er félögunum að smáfjölga, og það er víst, að þessi útgjöld verða ekki undir 56—58 þús. 1936. Ég tel því, að það geti ekki komið til mála að lækka þetta, og að með öllu sé ógerlegt að lækka suma þá útgjaldaliði, sem hér heyra undir.

Ef aftur er rætt um þetta mál út frá þeirri nauðsyn að spara, eins og mér virðist fjvn. hafa gert í till. sínum, þá tel ég, að mögulegt sé fyrir eitt ár að fresta einstökum framkvæmdum búfjárræktarlaganna, og þá þeim, sem styrktar eru um leið og þær eru framkvæmdar, en ekki hinum, sem styrktar eru eftir á ákveðið eftir lögunum og ég tel eiga lagarétt til styrksins meðan lögunum er ekki breytt. Ég tel t. d., að eigi að spara, þá megi t. d. fresta framkvæmd sýninga um eitt ár, án þess að verulegur skaði hljótist af, en þær munu 1936 hafa í för með sér ca. 10 þús. kr. útgjöld. Eins væri hugsanlegt að fresta framkvæmd styrks til kynbótagripagirðinga, en aðra liði má trauðla spara, og því þarf að veita 47—48 þús. til þessa, og allra minnst 45 þús. 30 þús. kr. fjárveiting til þessa nær því engri átt.

Sigurður Kristjánsson: Það er aðeins örstutt aths. viðvíkjandi því, sem hv. 2. þm. Árn. sagði um Sölusamband ísl. fiskframleiðenda. Hv. þm. sagði, eins og ég bjóst við, fyrst hann svaraði þessu á annað borð, að starfsmenn S.Í.F. væru ekki starfsmenn ríkisins, og mundu ekki verða það á árinu 1936. Þá sagði hv. þm., að allar upplýsingar, sem fjvn. hefði beðið um, hefðu verið góðfúslega gefnar. Það mun rétt vera, en hitt datt engum í hug, þó fjvn. bæði um upplýsingar um launakjör starfsmanna, að hún færi að setja þá í opinbera skýrslu samhliða starfsmönnum ríkisins. Ég er einn í stjórn S.Í.F. og skal ekki fara dult með, að ég mótmælti, að nokkrar skýrslur væru af því heimtaðar, þar sem það er einkafyrirtæki, sem kemur Alþingi ekkert við. Þó var samþ. að lofa fjvn. að sjá þetta, ef hún hefði gaman af, en hv. 2. þm. Árn., sem hér á að standa fyrir svörum í hennar nafni, viðurkennir, að starfsmenn S.Í.F. séu ekki starfsmenn ríkisins. Ég sagði annað, sem ekki hefir heldur verið mótmælt, sem sé, að rangt væri að setja í slíka starfsskrá n., sem launaðar væru af atvinnuvegunum. Þó er það nokkuð annað en um S. Í. F., vegna þess, að þar skipar þó stj. mennina í n., suma eftir bendingum ýmsra stofnana og suma eftir eigin vild. Svo ríkisvaldið skipar þó alla mennina, og ráðh. hefir úrskurð um launagreiðslur til þeirra, þó sá þvengur sé ristur af annara skinni, því upphaflega var samþ., að þeim n. væru greidd laun úr ríkissjóði, en þegar búið er að setja allar þessar n. á laggirnar, er það hrifsað til baka og atvinnuvegirnir prettaðir um þær greiðslur. Er þá samþ. að breyta því á þann veg, að launagreiðslurnar séu teknar af framleiðendunum sjálfum. En hvernig

sem á þetta er litið, horfir það alveg ólíkt við um einkafyrirtæki, sem ræður sjálft sína starfsmenn, eða um þá menn, sem skipaðir eru af ríkisstj. og laun þeirra úrskurðuð af henni.

Frsm. 3. kafla (Þorbergur Þorleifsson): Ég tel mig ekki þurfa að bera hér af mér neinar sakir, en það voru aðeins örfá orð út af ræðu hv. 2. þm. N.-M. Samkvæmt þeim upplýsingum, sem hann gefur nú, eru þær á annan veg en þær, sem lágu fyrir fjvn. Ég hefi nú ekki umboð frá n. til þess að taka till. aftur, en n. mun athuga þetta áður en atkvgr. fer fram.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 30. fundi í Sþ., 11. des., var enn fram haldið 2. umr. um frv. (A. 1, 670, n. 671, 727, 741, 752).

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 27 shlj. atkv.
Brtt. 670,1 samþ. með 29 shlj. atkv.
— 670,2 samþ. með 33 shlj. atkv.
— 670,3 samþ. með 30 shlj. atkv.
— 670,4 samþ. með 30 shlj. atkv.
— 670,5 samþ. með 26:1 atkv.
— 670,6 tekin aftur.
— 670,7 tekin aftur.
— 670,8 samþ. með 27 shlj. atkv.
— 670,9 tekin aftur.
— 670,10 tekin aftur.
— 670,11 samþ. með 35 shlj. atkv.
— 670,12 samþ. með 27 shlj. atkv.

2. gr., svo breytt, samþ. með 32 shlj atkv.
Brtt. 670,13 tekin aftur.
— 670,14 samþ. með 28:2 atkv.
— 670,15 samþ. með 28 shlj. atkv.
— 670,16.a—b samþ. með 28 shlj. atkv.
— 670,17. I samþ. með 28 shlj. atkv.
— 752 samþ. með 25:3 atkv.
— 670,17.II.a tekin aftur.
— 670,17.II.b.1—13 samþ. með 33 shlj. atkv.

Aths. á eftir samþ. með 25:5 atkv.
Brtt. 670,17.II.c—k samþ. með 28 shlj. atkv.
— 670,18.a—b samþ. með 26 shlj. atkv.
— 670,19 samþ. með 28:1 atkv.
— 670,20.I—II samþ. með 29 shlj. atkv.

3. gr., svo breytt, samþ. með 30 shlj. atkv.
4.—5. gr. samþ. með 33. shlj. atkv.
6. gr. samþ. með 30 shlj. atkv.
Brtt. 670,21 (ný 7. gr.) samþ. með 32 shlj. atkv.
8. gr. samþ. með 29 shlj. atkv.
Brtt. 670,22 felld með 28:18 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: EÁrna EystJ, GG, GSv, GÍ, HermJ, JAJ, JÓl, JJ, MG, MJ, PHerm, PO, SigfJ, ÞorbÞ, ÞÞ, BSt, BB.
nei: EE, EmJ, FJ, GÞ, GL, HannJ, HG, HV, IngP, JakM, JJós JónP, JG, JörB, MT, ÓTh[1]), PZ, PÞ, PHalld, PM, SE, SK, SÁÓ, StJSt, TT, BJ, BÁ, JBald.

ÞBr greiddi ekki atkv.
Tveir þm. (JS, ÁÁ) fjarstaddir.

9. gr., svo breytt, samþ. með 28 shlj. atkv.
Brtt. 670,23 samþ. með 26 shlj. atkv.
— 670,24.a—b samþ. með 30 shlj. atkv.
— 670,25 samþ. með 26 shlj. atkv.
— 670,26.a—d samþ. með 31:5 atkv.
— 670,27 samþ. með 26 shlj. atkv.

10. gr., svo breytt, samþ. með 31 shlj. atkv.
Brtt. 670,28—35 samþ. með 35 shlj. atkv.
— 670,36 samþ. með 30 shlj. atkv.
— 670,37 (með aths.) samþ. með 28 shlj. atkv.
— 670,38 samþ. með 29 shlj. atkv.
— 670,39 samþ. með 30:1 atkv.
— 670,40—44 samþ. með 32 shlj. atkv.

11. gr., svo breytt, samþ. með 30 shlj. atkv.
Brtt. 670,45 samþ. með 30 shlj. atkv.
— 670,46 samþ. með 32 shlj. atkv.
— 727,I.a—b samþ. með 36 shlj. atkv.
— 727,II.a—b samþ. með 24:21 atkv.
— 670,47.a—b samþ. með 26 shlj. atkv.
— 670,48 samþ. með 26:11 atkv.
— 727,III þar með fallin.
— 670,49 samþ. með 26:1 atkv.
— 670,50 samþ. með 32 shlj. atkv.
— 670,51 samþ. með 32 shlj. atkv.
— 670,52.I—II samþ. með 35 shlj. atkv.
— 670,53—56 samþ. með 35 shlj. atkv.
— 670,57 samþ. með 29:17 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: JJ, JörB, MG, MJ, MT, PHerm, PZ, PÞ, PO, SigfJ, SE, SÁÓ, StJSt, ÞorbÞ, ÞÞ, BJ, BSt, BÁ, BB, EÁrna, EE, EmJ, EystJ, GG, HG[1]), HermJ, IngP, JG, JBald.
nei: PHalld, PM, SK, TT, ÞBr, FJ, GÞ, GSv, GÍ, GL, HannJ, HV, JakM, JJós, JAJ, JÓl, JónP.

ÓTh greiddi ekki atkv.
Tveir þm. (ÁÁ, JS) fjarstaddir.

Brtt. 670,58 samþ. með 26:3 atkv.
— 670,59 samþ. með 26 shlj. atkv.
— 670,60 tekin aftur.
— 670,61 samþ. með 28 shlj. atkv.
— 670,62 samþ. með 27:4 atkv.
— 670,63 samþ. án atkvgr.
— 670,64 samþ. með 33 shlj. atkv.
— 727,IV felld með 27:13 atkv.

12. gr., svo breytt, samþ. með 34 shlj. atkv.
Brtt. 670,65 samþ. með 30 shlj. atkv.
— 670,66 samþ. með 33 shlj. atkv.
— 670,67 samþ. með 31:1 atkv.
— 670,68 samþ. með 30 shlj. atkv.
— 727,V felld með 24:19 atkv.
— 727,VI.1 felld með 24:11 atkv.
— 670,69.a samþ. með 29:1 atkv.
— 727,VI.2 felld með 27:10 atkv.
— 670,69.b samþ. með 31:5 atkv.
— 727,VI.3 felld með 24:8 atkv.
— 670,69.c samþ. með 28:4 atkv.
— 670,70 samþ. með 35 shlj. atkv.
— 670,71.a tekin aftur.
— 670,71.b samþ. með 27 shlj. atkv.
— 670,72 samþ. með 30 shlj. atkv.

1) **ÓTh:** Í trausti þess, að gerð verði ýtarleg tilraun til þess að endurbæta þingskriflirnar, þannig að þær komi að öðru og meira liði en nú er, því að sannast að segja eru margar þingræður svo illa skrifaðar, að maður skammast sín fyrir og nennir ekki að leiðrétta þær, þá ætla ég ekki að samþ. till. og segi því nei, en áskil mér rétt til þess við 3. umr. að vera með brtt., sem lýtur að því að spara þennan lið, ef ekki verður séð fyrir einhverjum endurbótum á þingskriflunum. (**MT:** Það er ómögulegt að skrifa ræður eftir lélegum ræðumönnum).

1) **Atvmrh.:** Með tilliti til framborinnar brtt. um hækkun á efnishlið 62. brtt. fjvn., hjálparstöðvar, þá get ég fallizt á að segja já.

Brtt. 670,73 tekin aftur.
— 727,VII samþ. með 28:7 atkv.
— 727,VIII felld með 24:20 atkv.
— 670,74 samþ. með 39 shlj. atkv.
— 670,75 samþ. með 32 shlj. atkv.
— 670,76 samþ. með 30 shlj. atkv.
— 727,IX felld með 25:11 atkv.
— 670,77 samþ. með 28:3 atkv.
— 670,78.a—b samþ. með 29 shlj. atkv.
— 727,X tekin aftur.
— 670,79 samþ. með 30 shlj. atkv.
— 727,XI felld með 25:20 atkv.
— 670,80 samþ. með 31 shlj. atkv.
— 670,81 tekin aftur.
— 670,82 samþ. með 34 shlj. atkv.
— 670,83 samþ. með 30:3 atkv.
— 670,84 samþ. með 28 shlj. atkv.
— 670,85 samþ. með 28:4 atkv.
— 670,86 samþ. án atkvgr.
— 670,87.a—b tekin aftur.
— 670,88 samþ. með 25:14 atkv.
— 670,89 samþ. án atkvgr.
— 670,90.a—b samþ. með 26 shlj. atkv.
— 670,91—94 samþ. með 31 shlj. atkv.
— 670,95 samþ. með 29 shlj. atkv.
— 741 tekin aftur.
— 670,96 samþ. með 34 shlj. atkv.
— 670,97 samþ. með 28:1 atkv.
— 727,XII tekin aftur.
— 727,XIII samþ. með 31:1 atkv.
— 670,98, svo breytt, samþ. með 29 shlj. atkv.
— 670,99 samþ. með 26:2 atkv.
13. gr., svo breytt, samþ. með 31 shlj. atkv.
Brtt. 670,100 samþ. með 26:1 atkv.
— 670,101 samþ. án atkvgr.
— 670,102 tekin aftur.
— 670,103.a—b samþ. með 27:1 atkv.
— 670,104—105 teknar aftur.
— 670,106—107 samþ. með 27 shlj. atkv.
— 670,108—109 samþ. með 30 shlj. atkv.
— 670,110 samþ. með 25:16 atkv.
— 670,111 samþ. með 25:20 atkv.
— 670,112 samþ. með 27:2 atkv.
— 670,113.a—b samþ. með 28 shlj. atkv.
— 670,114 samþ. með 29:1 atkv.
— 670,115 samþ. með 27:7 atkv.
— 670,116 samþ. með 27:7 atkv.
— 670,117 samþ. með 25:3 atkv.
— 670,118—120 samþ. með 30:1 atkv.
— 670,121 samþ. með 28:2 atkv.
— 670,122 samþ. með 26:10 atkv.
— 670,123—125 samþ. með 26 shlj. atkv.
— 670,126 samþ. með 27:1 atkv.
— 670,127 samþ. með 26 shlj. atkv.
— 670,128 samþ. með 26 shlj. atkv.
— 670,129 samþ. með 25:1 atkv.
— 670,130 samþ. með 26:6 atkv.
— 670,131 samþ. með 26 shlj. atkv.
— 670,132—133 samþ. með 29 shlj. atkv.
— 670,134 samþ. með 33:1 atkv.
— 670,135 tekin aftur.
— 670,136 samþ. með 26:8 atkv.
— 670,137 samþ. með 27 shlj. atkv.
— 670,138 samþ. með 28 shlj. atkv.
— 670,139 samþ. með 24:2 atkv.
— 670,140 samþ. með 28 shlj. atkv.
— 727,XIV felld með 24:16 atkv.
Brtt. 670,141 samþ. með 34 shlj. atkv.
14. gr., svo breytt, samþ. með 34 shlj. atkv.
Brtt. 670,142 samþ. með 29 shlj. atkv.
— 670,143 samþ. með 26:3 atkv.
— 670,144—145 samþ. með 25:1 atkv.
— 670,146 samþ. með 26:1 atkv.
— 670,147 samþ. með 27:5 atkv.
— 670,148—150 samþ. með 27:4 atkv.
— 670,151 samþ. með 26 shlj. atkv.
— 670,152 samþ. með 25:2 atkv.
— 727,XV (aðaltill.) felld með 25:8 atkv.
— 727,XV (varatill.) felld með 24:9 atkv.
— 670,153.a samþ. með 24:11 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: HannJ, HG, HermJ, HV, IngP, JG, JJ, JörB, MG, MJ, MT, PHerm, PO, SigfJ, SE, ÞorbÞ, ÞÞ, BJ, BSt, BÁ, BB, EmJ, EystJ, GG.
nei: JakM, JAJ, JónP, ÓTh, PÞ, PHalld, StJSt, TT, GÞ, GÍ, JBald.
PZ, PM, SK, SÁÓ, ÞBr, EÁrna, EE, FJ, GSv greiddu ekki atkv.
Fimm þm. (GL, JJós, JÓl, JS, ÁÁ) fjarstaddir.
Brtt. 670,153.b samþ. með 27:6 atkv.
— 670,154 samþ. með 25:4 atkv.
— 670,155 samþ. án atkvgr.
— 727,XVI tekin aftur.
— 727,XVII (aðaltill.) felld með 27:2 atkv.
— 727,XVII (varatill.) felld með 26:2 atkv.
— 670,156 samþ. með 27:2 atkv.
— 670,157 samþ. án atkvgr.
15. gr., svo breytt, samþ. með 34 shlj. atkv.
Brtt. 727,XVIII tekin aftur.[1])
— 670,158.a—b samþ. með 25:3 atkv.
— 670,159 samþ. með 29:4 atkv.
— 670,160 samþ. með 32 shlj. atkv.
— 670,161 samþ. með 28:4 atkv.
— 670,162 tekin aftur.
— 670,163 samþ. með 27:3 atkv.
— 670,164 samþ. með 28:1 atkv.
— 670,165 samþ. með 26:1 atkv.
— 670,166 tekin aftur.
— 670,167 samþ. með 30 shlj. atkv.
— 670,168 samþ. með 29 shlj. atkv.
— 670,169 samþ. með 27 shlj. atkv.
— 670,170 samþ. með 25:3 atkv.
— 670,171 samþ. með 28 shlj. atkv.
— 670,172 samþ. með 29:1 atkv.
— 670,173 samþ. með 25:15 atkv.
— 670,174 samþ. með 26:2 atkv.
— 670,175 samþ. með 29 shlj. atkv.
— 670,176 tekin aftur.
— 670,177 samþ. með 27:2 atkv.
— 670,178 samþ. með 29:1 atkv.
— 670,179 samþ. án atkvgr.
— 670,180 samþ. með 26 shlj. atkv.
— 670,181 samþ. með 24:3 atkv.
— 670,182 samþ. með 26 shlj. atkv.
— 670,183 samþ. með 26:1 atkv.
— 670,184 samþ. með 26 shlj. atkv.
— 670,185.a—b samþ. með 27 shlj. atkv.
— 670,185.c—h samþ. með 40 shlj. atkv.
— 670,185.i samþ. með 24:13 atkv.

1) **EE:** Þess hefir verið farið á leit af hv. fjvn., að till. þessi verði tekin aftur til þriðju umr. Í trausti þess, að hv. n. renni svo blóðið til skyldunnar við athugun þessarar till., að hún verði henni meðmælt, tek ég hana aftur.

Brtt. 670,185.j samþ. með 27 shlj. atkv.
16. gr., svo breytt, samþ. með 31 shlj. atkv.
Brtt. 670,186 samþ. með 32 shlj. atkv.
— 670,187 samþ. með 26:9 atkv.
— 727,XIX.a—b felld með 24:14 atkv.
17. gr., svo breytt, samþ. með 30 shlj. atkv.
Brtt. 670,188—191 samþ. með 37 shlj. atkv.
— 670,192 samþ. með 28 shlj. atkv.
— 670,193 samþ. með 33 shlj. atkv.
— 670,194—203 samþ. með 34 shlj. atkv.
— 670,204 samþ. með 27:1 atkv.
— 670,205 samþ. án atkvgr.
— 727,XX (aðaltill.) felld með 26:6 atkv.
— 727,XX (varatill.) felld með 32:8 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: PZ, PHalld, PO, GSv, GÍ, JakM, JJós, JónP.
nei: ÓTh, PHerm, PÞ, PM, SE, SÁÓ, StJSt, TT, ÞorbÞ, BJ, BSt, BÁ, BB, EE, EmJ, EystJ, FJ, GG, HannJ, HG, HermJ, HV, IngP, JAJ, JÓl, JG, JJ, JörB, MG, MJ, MT, JBald.
SigfJ, SK, ÞBr, ÞÞ, EÁrna, GÞ greiddu ekki atkv.
Þrír þm. (ÁÁ, GL, JS) fjarstaddir.
Brtt. 727,XXI (aðaltill.) felld með 25:12 atkv.
— 727,XXI (varatill.) felld með 24:8 atkv.
— 670,206.a samþ. með 25:8 atkv.
— 670,206.b samþ. með 31 shlj. atkv.
— 670,206.c samþ. með 27:2 atkv.
— 670,207—209 samþ. án atkvgr.
— 670,210 samþ. með 26 shlj. atkv.
— 670,211 samþ. án atkvgr.
— 670,212 samþ. með 29 shlj. atkv.
— 670,213 samþ. án atkvgr.
18. gr., svo breytt, samþ. með 34 shlj. atkv.
19.—20. gr. samþ. með 32 shlj. atkv.
21. gr., með þeim breyt., sem á eru orðnar eftir atkvgr. um aðrar gr. frv., samþ. með 30 shlj. atkv.
Brtt. 670,214 samþ. án atkvgr.
— 727,XXII tekin aftur.
— 670,215 samþ. án atkvgr.
— 727,XXIII tekin aftur.
— 670,216.a tekin aftur.
— 670,216.b samþ. með 26 shlj. atkv.
22. gr., svo breytt, samþ. með 31 shlj. atkv.
23.—24. gr. samþ. með 28 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 40 shlj. atkv.

Á 31. fundi í Sþ., 18. des., var frv. tekið til 3. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 32. fundi í Sþ., 19. des., var frv. aftur tekið til 3. umr. (A. 773, n. 858 og 859, 881, 884, 885, 890, 895).

Frsm. 1. kafla (Jónas Guðmundsson) óvfirl.]: Þegar fjárlfrv. var afgr. hér síðast, var niðurstaða þess sú, að tekjur þess voru áætlaðar 14368 þús., en gjöldin 14729 þús. Raunverulegur tekjuhalli samkv. frv. er því þá um 360 þús. Eftir þeim brtt., sem fyrir liggja frá allri n., á þskj. 881 og 895, hækkar tekjuhliðin um 1415 þús., en það eru hinir nýju skattar, sem teknir eru upp í frv.:

Hátekjuskattur	200 þús.
Viðskiptagjald	750 —
Benzínskattur	250 þús.
Áfengisverzlunin	200 —
Landssíminn	15 —
Samtals	1415 þús.

Frá þessu dragast eftir till. n. til lækkunar á tekjuliðum, sem eru:

Tóbakstollur um	180 þús.
Verðtollur	130 —
Ríkisútvarpið	10 —
Samtals	320 þús.

Hin raunverulega tekjuhækkun samkv. áætlun n. nemur því 1095 þús. Tekjurnar nema þannig alls 15463 þús.

Eins og ég sagði áðan, nam gjaldahlið frv. eftir 2. umr. 14729 þús., og nú ber n. fram nýjar till. til útgjalda, sem nema 1147 þús. En jafnframt bar hún fram brtt. til lækkunar á útgjöldunum, sem nema alls 287 þús. Mismunurinn á hækkunar og lækkunar till. n. við þessa hlið fjárl. nemur þannig 160 þús., sem bætast við útgjöldin eins og þau voru áætluð eftir 2. umr., eða 14729 þús. Nema gjöldin þannig samkv. áætlun n. alls 15859 þús. kr. Verður tekjuhallinn þannig samkv. áætlun fjvn. 125 þús.

Við áætlun gjaldahliðarinnar ber þess að gæta, að ýmsir útgjaldaliðir eru áætlaðir mjög ríflega, eins og t. d. tillag til Alþýðutrygginga 410 þús., en þær koma ekki til framkvæmda að öllu leyti 1936. Þannig er og um ýmsa fleiri útgjaldaliði, sem eru áætlaðir mjög ríflega, má því gera ráð fyrir, svo framarlega sem tekjustofnarnir bregðast ekki, að hægt verði að reka ríkisbúskapinn tekjuhallalaust þetta næsta ár.

Um hinar einstöku brtt., sem tilheyra mínum kafla fjárl., get ég verið stuttorður, þar sem líka till. við tekjuliðina hafa allmjög verið ræddar í þinginu. Að gert er ráð fyrir tekjuafgangi hjá símanum, umfram það, sem áætlað er í frv., stafar af því, að dregið er úr tillagi til einkasíma í sveitum frá því, sem er í frv. eftir 2. umr., og jafnframt er ætlazt til, að launatillögur þær, sem n. hefir gert um laun við símann, standi óbreyttar.

Tekjuaukningin af áfengisverzluninni, sem gert er ráð fyrir, er sett með tilliti til þess, að útsöluverð á áfengi verði hækkað frá því, sem það er nú.

Þá er 9. brtt. á þskj. 881, við ríkisútvarpið. Hún gengur fyrst og fremst út á að orða þennan lið um, og auk þess er lagt til að hækka þennan lið frá því, sem hann er í frv. Hér í þinginu hefir verið á ferðinni þáltill. um lækkun útvarpsgjalds, sem n. gengur út frá, að ekki verði samþ. m. a. sakir þess, að það liggur fyrir að umbæta stöðina að miklum mun nú alveg á næstunni, því að erlendar stöðvar munu trufla allt útvarp hér, nema ef til vill í Rvík. Er því ekki annað fyrir hendi en stækka stöðina.

Þá er 10. brtt. um að auka skrifstofufé sýslumanna og bæjarfógeta. Um þennan útgjaldalið er það að segja, að n. ætlast til, að bæjarfógetar njóti eingöngu þessarar hækkunar, því að frá þeim liggur skjallega fyrir, að þeir geti alls ekki komizt af með það, sem þeir hafa haft.

Þá er stór hækkunartill. vegna landhelgis-

gæzlunnar, að í staðinn fyrir 350 þús. komi 450 þús. Eftir mjög nákvæma athugun komst n. að þeirri niðurstöðu, að svo fremi, sem halda ætti uppi sömu gæzlu og undanfarið, og það jafnvel þó að smábátar komi fyrir hin stóru strandvarnarskip okkar, þá megi ekki búast við, að þessi kostnaður verði undir 550 þús. Hvað sektarféð snertir, þá er ekki heldur hægt að búast við, að það verði meira en undanfarin ár.

Þá hefir n. tekið upp þrjá læknisvitjanastyrki. Um þá er ekkert annað að segja en það, að það er alltaf nauðsynlegt að hjálpa stórum og afskekktum héruðum, sem erfitt eiga með að ná í lækni.

Þrettánda brtt. er tekin aftur.

Þá er 14. brtt. Þar er engin breyt. á upphæð, heldur er liðurinn orðaður um. Jafnframt vil ég geta þess, að fjvn. hefir á þskj. 895 leiðrétt þessa till. Í till. stendur: „gegn ⅔ hlutum annarsstaðar að", en þar sem n. taldi, að þetta orðalag gæti valdið misskilningi, þá hefir hún lagt til á þskj. 895, að þetta orðist þannig: Gegn tvöföldu framlagi annarsstaðar að.

Þá er næst till. um hækkun á styrk til þeirra sjúklinga, sem ekki heyra undir berklavarnalögin. Hækkunartill. þessi er gerð með tilliti til þess, að fyrir fjvn. hafa legið beiðnir um styrki til þessara sjúklinga frá ýmsum sveitarfélögum. Sama er að segja um styrk til ákveðins manns, sem nú er sjúklingur á Nýja-Kleppi.

Sextánda brtt. er um Holtavörðuheiðarveginn. Eins og getið var við 2. umr., var gert ráð fyrir, að Holtavörðuheiðarvegurinn félli niður af frv., því að gengið var út frá, að þangað yrði látið af benzínskattinum nægilega mikið fé. En nú hefir það komið í ljós, að það, sem úthlutað var til þessa vegar af benzínskattinum, nægir ekki, eða er ekki í samræmi við það, sem áður hefir verið veitt til hans, sem hefir verið undanfarin ár 60—80 þús. Þótti því ekki annað fært en láta upphæð þá, sem var í fjárlfrv. standa, að frádregnum 10 þús. En með því fær vegur þessi svipað og vant er, eða um 70 þús.

Þá er 17. brtt. um Vatnsskarðsveginn. Nú er lagt til, að þessu fé verði ekki varið í Vatnsskarðsveginn sjálfan, heldur til Húnvetningabrautar frá Hólabaki norðan Vatnsdalshóla að Hnausakvísl, og er þetta gert eftir till. þm. sjálfs o. fl.

Átjánda brtt. a-liður er um Sogsveginn, að lækka hann niður í 15 þús. og fella niður klausuna, sem fylgdi þeirri fjárveitingu, að Rvík legði helming á móti. Það þótti ekki fært að halda þessari klausu lengur, því að sá hluti þessa vegar, sem Rvíkbær ætlaði upphaflega að styrkja, er nú búinn, kominn alla leið að stöðinni. Er því tæplega sanngjarnt að skylda hann til þess að leggja fé á móti ríkissjóði í veg þennan lengur. Hitt er annað mál, hvað bærinn vill gera af fúsum vilja, því að vegur þessi hlýtur að verða „túristavegur" og þá sérstaklega fyrir Rvíkinga. Er þess því vænzt, að bærinn leggi eitthvað af mörkum til hans framvegis. Þá eru og taldir upp í 18. brtt. þeir vegir, sem leggja á fyrir benzínskattinn, og mun ég ekki fara neitt út í að ræða um þá, nema sérstakt tilefni gefist til.

Þá er 19. brtt. Hana tekur n. aftur, því að hún var af vangá sett inn.

Tuttugasta brtt. er um Ríkisskip. Það fór eins og minnzt var á við 2. umr., að ekki hefir tekizt að koma í framkvæmd þeim breyt. á rekstri ríkisskipanna, að lækka mætti tillagið til þeirra um 100 þús. kr., eins og n. lagði til. Það er ekki hægt með öðru móti en því, að gefa skipum þessum eftir hafnargjöld úti á landi. En n. þótti ekki fært að leggja það til, að farið væri að höggva í tekjur hafnarsjóðanna, því að margir þeirra þurfa að standa undir miklum útgjöldum. Hefir n. því lagt til, að tillagið verði lækkað um 70 þús. í stað 100 þús. króna.

Þá er 21. brtt. Þar leggur n. til, að tillagið til h/f Skaftfellings verði fært niður í 22 þús., úr 24 þús. Ástæðan til þess, að n. flytur þessa till. er sú, að til mála hefir komið að semja við félagið, sem að skipi þessu stendur, um flutninga til vitanna, og verði það úr, er ekki nema sjálfsagt að gæta þess, að styrkurinn til þessa báts verði færður niður með tilliti til þeirra tekna, sem hann kann að hafa af þessum flutningum.

Tuttugasta og önnur brtt. n. er sú, að hún hefir tekið upp brtt. hv. þm. G.-K. um að veita 5 þús. kr. til þess að setja upp hljóð- og ljósdufl við Sandgerðissund, og á þetta að vera fyrsta greiðsla af fjórum. Aftur er vitaféð lækkað sem þessu nemur. Annars er það svo, að hér er beinlínis um að ræða vita, sem setja á á Sandgerðissundi. N. hefir viljað verða við þessari beiðni. Þess vegna hefir hún tekið þessa till. upp á sína arma.

Þá leggur n. einnig til, að breytt verði nokkuð bæði upphæð til hafnargerðar á Ísafirði, sem hækki úr 8 upp í 20 þús. kr., og færa með því til samræmis greiðslu ríkissjóðs til þessarar hafnar við greiðslu til annara hafna, og eins upphæð til Vestmannaeyjahafnar; n. leggur til að hún hækki úr 15 upp í 30 þús. kr., og skuli það vera fyrsta greiðsla af fjórum til Vestmannaeyjahafnar, til þess að dýpkva höfnina og gera uppfyllingu við hana.

Þá er 25. brtt. um fjárveitingu til Blönduóshafnar, sem ber að skoða sem leiðréttingu, því það mun hafa verið samþ. í fyrra að veita 11 þús. kr. til þeirrar hafnar, en í fjárlfrv. standa aðeins 10 þús. kr. Þetta er því leiðrétting.

Þá er 26. liður, bryggjugerðir og lendingarbætur. Við þessa brtt. ber að skoða 7. lið á þskj. 895 sem leiðréttingu, því það, sem þar er sagt, er aths., sem af vangá féll niður af þskj. 881. Þetta er í fyrsta sinni, sem upphæðinni til bryggjugerða og lendingabóta er af fjvn. skipt á milli hinna ýmsu staða. (PO: Nei, það hefir oft verið gert áður). Nú, þá bið ég afsökunar, en það var ekki gert í fyrra. En fjvn. telur þetta til þæginda fyrir starf þingsins og fjvn., að hægt sé að sjá þessa skiptingu frá ári til árs. Ég vil benda á það, að upphæðin til Hofsóss er fyrsta greiðsla af fjórum, sem lofaðar eru til þessa mannvirkis, sem nú er fyrirhugað að byrja á, ef tillag fæst frá ríkissjóði. Það eru ekki margar beiðnir um framlög til bryggjugerða og lendingarbóta, sem fyrir n. hafa komið, og hún tekur ekki upp í sínar till. N. hefir

hækkað þessa upphæð um 215000 kr., í 36500 kr. og skipt upphæðinni milli flestra þeirra staða, sem umsóknir hafa borizt frá, þó hverri einstakri umsókn hafi ekki verið hægt að sinna til fullnustu nema þar, sem um smærri framkvæmdir hefir verið að ræða.

Þá er 27. liðurinn um þann dæmalausa brimbrjót í Bolungavík. N. leggur til, að Alþingi reyni nú í eitt skipti fyrir öll að gera hreint fyrir sínum dyrum með því að ætla í raun og veru 70 þús. kr., með beinu framlagi 30 þús. kr. á þessu ári og heimild til lántöku, svo að hægt verði nú með einu átaki að gera tilraun til að gera þetta mannvirki svo úr garði, að það eyðileggist ekki í fyrsta veðrinu, sem kemur, jafnvel þó það yrði nokkuð sterkt. Þetta mannvirki hefir verið á döfinni síðan elztu menn þingsins muna. Nú er talað um að láta í það 140 þús. kr., til þess að reyna að gera það varanlegt. Fjvn. vill leggja fram helming þessarar upphæðar, þar af 30 þús. kr. á þessu ári, en 40 þús. kr. á næsta eða næstu árum, ef um það semst við væntanlega lánsstofnun og samþ. verður ábyrgðarheimildin í 22. gr. fjárl. Heima fyrir á svo að fást jafnmikið fé á móti þessu.

Ég held, að ég hafi þá ekki fleira að segja um þær brtt., sem mér tilheyra, nema á þskj. 885; þar er talað um að heimila stj. að hækka styrk til flóabáta um eitt þús. kr., og geri ég ráð fyrir, að enginn mæli á móti því. Hv. samgmn. hefir gert till. um skiptingu á þessu fé, og býst ég ekki við, að fjvn. sjái neitt við þá skiptingu að athuga.

Ég vil þá einnig benda á það, að í 20. gr., sem að nokkru leyti heyrir til þeim greinum, sem ég tala um, hafa verið leiðréttar afborganir ríkissjóðs og ríkisstofnana af erlendum og innlendum lánum. Í frv. eru þessar afborganir taldar til samans 962434 kr., en í brtt. fjvn. ekki nema 929100 kr., og er það réttara. Þetta er því bara leiðrétting, sem féll niður við 2. umr. og kemur því nú fram. Sama er að segja um tillag til vitabygginga. N. leggur til, að það lækki um 5 þús. kr., en till. hv. þm. G.-K. um byggingu ljósdufls við Sandgerðissund er tekin upp af n., og er ætlazt til, að það komi á þessum lið. Till. frá n. um skiptingu þessa fjár eru í raun og veru engar. Það er búið að samþ. áður að byggja svo marga vita, sem enn eru óbyggðir, og telur n. sjálfsagt, að fé þetta gangi til þeirra eftir till. vitamálastjóra og stjórnarinnar.

Ég sé ekki ástæðu til að svo stöddu að víkja að brtt. einstakra hv. þm. eða hv. minni hl. fjvn. fyrr en flm. þeirra hafa mælt fyrir þeim.

Frsm. 2. kafla (Bjarni Bjarnason): Hér eru nokkrar brtt. við 14. og 15. gr., sem ég ætla að gera afarstutta grein fyrir. Þær till., sem ég hefi að tala fyrir, byrja á 28. lið á þskj. 881. Ég gerði grein fyrir þeim lið við 2. umr. og sé ekki ástæðu til að endurtaka það.

29. liður er um verklegt framhaldsnám. Við 2. umr. flutti n. brtt. um að færa þessa upphæð úr 10 þús. kr. niður í 2 þús., en hæstv. atvmrh. taldi sig þá hafa reiknað með því, að þarna yrði talsvert fé veitt, svo að fjvn. hefir nú dregið úr þessari upphæð aðeins 4 þús. kr., og er hún nú 6 þús. eftir till. n.

Þá er till. um 2 þús. kr. til kennaranámskeiðs. Þetta er nýr liður, sem stendur í nokkru sambandi við annan lið, sem felldur var niður eftir till. n. við 2. umr. Það var utanfararstyrkur kennara. N. fellst á, að það sé sanngjarnt, að þessi stétt fái þessar 2 þús. kr. til námskeiðs innanlands, sem auðveldara er að veita en styrk til utanferða.

31. liðurinn er stofnkostnaður héraðsskóla. Í lögum um héraðsskóla er gert ráð fyrir, að helmingur stofnkostnaðar hvers skóla greiðist úr ríkissjóði, en hinn helmingurinn annarsstaðar frá. Nú telja Reykholtsskóli og Laugaskóli sig eiga eftir að fá greiddar 8—9 þús. kr. af ríkisframlagi þessu, og leggur n. til, að þessari upphæð verði skipt á tvö ár og að þessu sinni verði greitt til skólanna 5500 kr., og að liðurinn verði þá kr. 10500.

Þá er næst byggingarstyrkur til Flensborgarskóla. Leggur n. til, að sá liður hækki úr 15 þús. kr. í 30 þús. kr., og stafar þessi hækkun af því, að byggingunni miðar örar áfram en búizt var við. Eins og lögin um gagnfræðaskóla mæla fyrir, ber ríkissjóði að greiða ⅔ kostnaðarins, og hrökkva þessar 30 þús. kr. næstum því til þess að greiða þá lagalegu kröfu, sem Hafnarfjarðarbær á á ríkið vegna þessa skóla.

Í 33. lið er lagt til, að framlag til unglingaskóla utan kaupstaða hækki um 2 þús. kr. Upphæð þessi var í frv. 13 þús. kr., en eftir skýrslum frá fræðslumálastjóra um unglingaskóla utan kaupstaða kom í ljós, að þessi upphæð mundi reynast of lág. Fjvn. leggur til, að helmingurinn af viðbótinni, eða 1000 kr., fari til skóla Sigurðar Greipssonar í Haukadal. Þessi skóli hefir verið undir sama flokki og unglingaskólar utan kaupstaða, þó það sé eini skólinn hér á landi af þessari tegund. Má líta svo á, að sanngjarnt sé, að skólinn fái nokkurn styrk umfram hina, af því hann hefir heimavist einn þessara skóla.

34. liður, sem er nýr, er um 2000 kr. til alþýðuskólans í Reykjavík, sem er nýstofnaður. Þessi skóli hefir um 140 nemendur, og má í raun og veru segja, að hann sé sama eðlis og unglingaskólar utan kaupstaða. Telur n. rétt, ef hægt er, að styrkja nokkuð þessa kennslu, sem stunduð er yfir daufasta tíma ársins.

Þá er hér 500 kr. hækkun á styrk til Kvenfélagsins Óskar á Ísafirði, úr 5500 kr. í 6000 kr.

36. liður er nýr: Styrkur til raflýsingar á Staðarfellsskóla. Er fullkomlega réttmætt að gera allt, sem auðið er, til þess að heimavistarskólar geti orðið raflýstir. Þessi litli styrkur, 2500 kr., verður auðvitað ekki nægilegur til þess að koma raflýsingunni á, en hann er þó nokkur viðleitni í þá átt. Allir, sem nokkuð þekkja til þessara skóla, vita, að það er eitt af höfuðatriðunum í útbúnaði þeirra, að þeir séu raflýstir.

Þá er styrkur til húsmæðraskólans á Laugalandi hækkaður úr 10 þús. kr. í 15 þús.

38. liður er nýr, um að veita 2 þús. kr. til sjóvinnunámskeiðs. Við hann er brtt. á þskj. 895, um að atvmrh. skuli ráðstafa þessu fé eftir

till. frá Fiskifélagi Íslands. Þetta er ætlað til námskeiðs fyrir þá, sem sjómennsku stunda og aðra vinnu, er að fiskveiðum lýtur.

39. liður, sem er nýr, er um 3 þús. kr. byggingarstyrk til Jóns Þorsteinssonar íþróttakennara, sem er þekktur maður hér í bæ og byggði nýlega mjög myndarlegt íþróttahús. N. leggur til, að honum sé veittur þessi styrkur. Þótt hann að vísu hafi sótt um miklu meira, má telja, að þessi upphæð megi verða að nokkru liði.

40. til 41. liður og stafl. þar á milli eru nýir liðir. Þetta eru nokkrir bókmennta- og listamannastyrkir, til þeirra prófessors Árna Pálssonar, séra Jóns Thorarensens og Helga Guðmundssonar kennara, til ýmiskonar ritstarfa, og ennfremur til Tómasar Guðmundssonar skálds, söngmannanna Péturs Jónssonar og Eggerts Stefánssonar og til Gunnlaugs Blöndals listmálara. Tómas hefir að vísu ekki ort mikið, en hefir fengið ágæta dóma fyrir ljóðabók, sem hann nýlega hefir gefið út. Pétur Jónsson og Eggert Stefánsson eru þekktir söngvarar, og Gunnlaugur Blöndal er orðinn þekktur listamaður bæði innan lands og utan.

Þá hefi ég stuttlega gert grein fyrir þeim brtt., sem féllu í mitt skaut. Á brtt. einstakra þm. ætla ég ekki að minnast að svo stöddu, en má vera, að ég geri það, þegar flm. hafa gert grein fyrir þeim.

Frsm. 3. kafla (Þorbergur Þorleifsson): Við þennan 3. kafla fjárl., sem ég hefi framsögu á, eru allmargar brtt., sem að vísu margar tala fyrir sér sjálfar, vegna þess að þær eru teknar upp samkv. nýjum lögum, sem verið er að samþ. í þinginu. Flestar brtt. fjvn. við 16. og 17. gr. eru ýmist til verklegra framkvæmda eða til almennrar styrktarstarfsemi, og skal ég fara um þær örfáum orðum, eftir þeirri röð, sem þær eru í.

Fyrst er 42. liður, til nýbýla og samvinnubyggða, 180 þús. kr. Er þessi liður tekinn upp með tilliti til frv., sem liggur fyrir þinginu og væntanlega verður að lögum, og skal ég ekki fjölyrða um það.

43. liður er um styrkinn til sandgræðslunnar. N. leggur til, að við þann lið bætist svo hljóðandi aths.: Þar af 3000 kr. upp í kostnað við framkvæmdir til verndar flæðiengjum Sandsbæja í Öxarfirði. Þessar jarðir, sem eru sjö að tölu, hafa orðið fyrir miklum skemmdum á engjum og hefir verið kostað til þess miklu fé að lagfæra þær. Ábúendur sóttu um miklu hærri upphæð til mannvirkis þess, sem þarna hefir verið gert, en n. sá sér ekki fært að leggja til, að hærri upphæð væri veitt til verksins að þessu sinni.

44. liður er brtt. við 16. gr. 6. b., um að fella niður aths. um það, að helmingur af tekjum tóbakseinkasölunnar renni til búnaðarbankans. Er þetta lagt til með tilliti til þess, að veitt er til nýbýla sbr. 42. lið þessara brtt., og einnig þess, að önnur skipun er nú komin á um meðferð þessara tekna en áður var.

Þá er 45. liður, um tilbúinn áburð. N. leggur til, að styrkur sá lækki úr 45 þús. kr. í 28 þús. kr., og er það vegna þess sparnaðar, sem n. er að reyna að koma fram á ýmsum liðum fjárl., og fannst n. tiltækilegt að lækka þennan lið.

46. liðurinn er um tvær nýjar upphæðir, sem n. hefir tekið upp vegna nýrra laga frá þessu þingi, og þarf ekki að fjölyrða um þennan lið fremur en aðra slíka.

47. liðurinn er till. um tvær nýjar fjárveitingar, til ræktunarvegar í Vestmannaeyjum, 6 þús. kr., og til Halldórs Pálssonar til fjárræktarnáms, 1000 kr. Ég minntist á fyrra liðinn við 2. umr. Þá var að vísu ekki gert ráð fyrir nema 5 þús. kr. Halldór Pálsson, sem er stúdent, stundar háskólanám í fjárrækt í Englandi. Hefir hann áður notið styrks úr ríkissjóði og yrði þetta væntanlega lokastyrkur.

48. brtt. er líka tveir nýir liðir. Fyrri liðurinn er um 2 þús. kr. styrk handa læknaskólakandidat til þess að stunda dýralækningar erlendis. N. hefir tekið þetta upp samkv. till. landlæknis. Færði hann allskýr rök fyrir því, að mikil nauðsyn væri til að hafa hér á landi vísindalega menntaðan dýralækni, sem einnig væri mannalæknir, vegna hins mikla sambands, sem væri milli sjúkdóma manna og dýra. — Þá er hinn liðurinn, sem er um dálitla upphæð til að styrkja bónda einn í Húnavatnssýslu, Ágúst Jónsson, til að kaupa smásjá. Þetta er maður, sem hefir mikinn áhuga fyrir því að verða að liði við rannsókn á húsdýrasjúkdómum þeim, er steðja að landbúnaðinum. Maður þessi hefir verið hjá Dungal við þessar rannsóknir, og n. áleit, að rétt væri að veita honum þennan umbeðna styrk.

Þá er hér nýr liður til jöklarannsókna, 4 þús. kr. Hefir sænskt félag ákveðið að stofna til vísindaleiðangurs til að rannsaka íslenzka jökla, og fannst fjvn. það tæplega vansalaust, að ríkið legði ekkert til þessa leiðangurs. Eins og kunnugt er, hafa þeir, sem rannsakað hafa jökla og óbyggðir landsins, flestir verið útlendir menn, en Íslendingar hafa þar sjaldan komið nærri til hjálpar. Þótti fjvn. ekki nema vel til fallið, að ríkissjóður tæki nú litinn þátt í þessum rannsóknum.

Þá er 50. liður um Fiskifélagið. N. hefir ekki séð sér fært að taka endanlega afstöðu til hennar. — Ég skal geta þess, að það liggur fyrir brtt. við þennan lið frá hv. þm. Borgf., en n. hefir ekki enn tekið afstöðu til þess, hvort hún fellst á þá brtt., en ég mun gera grein fyrir því, þegar hann hefir talað fyrir henni.

Þá er 51. brtt., nýr liður. Það er að vísu orðað svo: „Til Helgu Thorlacius, til að útbreiða þekkingu á íslenzkum nytjajurtum". En það er leiðrétt á þskj. 895, þannig að liðurinn skal orðast svo: Til Helgu Thorlacius, í viðurkenningarskyni fyrir að útbreiða þekkingu á íslenzkum nytjajurtum. — Þessi kona hefir unnið mikið að því á ýmsan hátt að útbreiða þekkingu á íslenzkum jurtum og auka áhuga almennings fyrir því að nota þær til ætis meira en gert hefir verið. N. finnst þetta svo merkilegt starf, að hún sér sér ekki annað fært en að mæla með því, að þessi kona fái ofurlitla fjárupphæð, þ. e. a. s. 500 kr., í viðurkenningarskyni fyrir starf sitt.

52. brtt. er til mæðrastyrksnefndar. Það er nefnd með sjálfboðaliðum, sem unnið hefir

að því að hjálpa bágstöddum mæðrum, giftum og ógiftum, og unnið þarft og gott vert. Og leggur n. til, að veittar verði 2 þús. kr. til þeirrar starfsemi.

53. brtt. fer fram á að hækka styrkinn til mjólkurbúa um 22 þús. kr. Þetta er aðeins leiðréttingartill., vegna þess að það hefir komið í ljós, að það er meira, sem þarf að leggja til þeirra mála heldur en n. athugaði, þegar hún tók þetta upp við 2. umr.

Þá er 54. brtt., nýr liður, til alþýðutrygginga, kr. 410 þús., sem er tekin upp samkv. hinni nýju löggjöf, sem hér er í uppsiglingu og væntanlega kemur til framkvæmda að allmiklu leyti þegar á næsta ári.

55. brtt. er um að lækka framlagið til sjúkrasamlaga um nokkra upphæð. Þessi liður fellur væntanlega alveg niður, þegar hin nýja tryggingarlöggjöf kemur fullkomlega til framkvæmda, en þar sem ekki er búizt við því, að það geti orðið að öllu leyti á næsta ári, þá hefir n. komið sér saman um að láta standa eftir 10 þús. kr. til sjúkrasamlaganna. En tillagið til ellistyrktarsjóðanna hefir n. aftur á móti lagt til, að verði fellt alveg niður með 56. brtt., þar sem þeir renna inn í þessa nýju löggjöf.

57. brtt. fer fram á að lækka eftirlaun, sem n. hefir ákveðið að leggja til, að tekin yrðu upp til Sigurðar Thoroddsens, um 4 þús. kr., og er það vegna þess, að n. hefir nú fengið upplýsingar um það, að hann hefir notið meiri lögboðinna ellilauna heldur en n. hafði búizt við.

Þá leggur n. til með 58. brtt., að Guðfinna Jensdóttir prestsekkja fái ofurlitla hækkun, sem sé úr 183.04 upp í kr. 300.00.

59. brtt. er um að orða fyrirsögn g-liðar 18. gr. frv. þannig, að í staðinn fyrir „Rithöfundar" komi Rithöfundar og listamenn. N. leggur sem sagt til, að í þessa gr. verði tekinn einn listamaður. Það má að vísu segja, að rithöfundar séu listamenn, en það er ekki venjulega orðað þannig. A. m. k. sá n. sér ekki fært að taka þennan málara, sem ekki er rithöfundur, upp í þessa gr. án þess að breyta fyrirsögn hennar.

60. brtt. er um að taka upp í 18. gr. fjárl. þennan málara, sem ég gat um áðan, Jón Stefánsson, og Odd Oddsson, þjóðkunnan þjóðsagnasafnara og rithöfund.

Þá eru 61. og 62. brtt. um það, að 2 liðir í 18. gr. skuli falla niður, vegna þess að þeir liðir eiga við persónur, sem hafa látizt á árinu.

Í 63. brtt. er lagt til, að teknir séu upp nokkrir nýir liðir, til: Jónatans Jónssonar vitavarðar, Kolbeins Kristinssonar, Tómasar Gunnarssonar fiskimatsmanns, Helga Árnasonar fyrrv. safnahúsvarðar og Einars Markússonar fyrrv. ríkisbókara. Þessir menn eru allir teknir upp með sömu rökum og aðrir, sem í þennan lið fjárl. hafa verið teknir.

Þá hefir n. lagt til, að teknar séu upp nokkrar nýjar ábyrgðarheimildir. Og er þá fyrst heimild til að ábyrgjast allt að 35 þús. kr. lán fyrir Ísafjarðarkaupstað. Í till. n. stendur: „til greiðslu skuldar vegna hafnargerðar." En ég skal geta þess, að hér hefir slæðzt inn villa, og mun n. bera fram brtt. um það, að í staðinn fyrir: „til greiðslu skuldar vegna hafnargerðar" komi: til greiðslu lausaskulda bæjarins. — Um þessar ábyrgðarheimildir yfirleitt þarf ég ekki að fjölyrða. Þær eru allar teknar upp vegna brýnna nauðsynja viðkomandi bæjar- og sveitarfélaga, og gildir yfirleitt það sama um þær allar. — Önnur ábyrgðarheimildin er um að ábyrgjast fyrir Hólshrepp í Norður-Ísafjarðarsýslu 30 þús. kr. lán til viðgerðar á brimbrjótnum í Bolungavík. Hv. 6. landsk. minntist á þessa ábyrgðarheimild í sinni framsöguræðu, og þarf ég því ekki að fjölyrða um hana meir. — Þá er ábyrgðarheimild fyrir Stokkseyrarhrepp, til greiðslu ógoldinna vinnulauna vegna bryggjugerðar, allt að 3500.00. — Þar næst kemur heimild til að ábyrgjast fyrir tunnuverksmiðju Siglufjarðar allt að 150 þús. kr. rekstrarlán, gegn tryggingu, sem stj. metur gildar. Ég skal geta þess, að þarna vantar inn í, og mun n. flytja brtt. um það, áður en gengið verður til atkv., að bætt verði við, að Siglufjarðarkaupstaður ábyrgist þetta lán ásamt öðrum þeim tryggingum, sem stj. metur gildar, enda sé lánið greitt að fullu fyrir áramót. — Við 2. umr. minntist ég nokkuð á ábyrgðarheimild fyrir Akureyrarkaupstað viðvíkjandi tunnuverksmiðju þar. N. hafði ætlazt til, að það gæti orðið 200 þús. kr. ábyrgð, en till. var tekin aftur til 3. umr., og þar sem þessi heimild fyrir Siglufjörð hefir bætzt við, þá hefir n. ekki séð sér fært að fara eins hátt og hún hafði upphaflega hugsað sér, og færði þess vegna þá heimild niður í 150 þús. kr., svo hún er nú jöfn heimildinni fyrir tunnuverksmiðju Siglufjarðar. N. fannst það ekki fært að gera upp á milli þessara fyrirtækja, sem starfa algerlega að því sama. En það gildir vitanlega það sama um ábyrgðina fyrir tunnuverksmiðju Akureyrar, að inn í verður að bætast, að Akureyrarkaupstaður verði að ábyrgjast þetta lán ásamt öðrum þeim tryggingum, sem ríkisstj. metur gildar. — Þá er heimild til þess að ábyrgjast allt að 15 þús. kr. lán til vatnsveitu í Dalvík, gegn tryggingu, er stj. metur gildar. — Einnig leggur n. til, að heimilt sé að endurgreiða toll af vínanda, sem fluttur er inn og notaður er til sútunar á skinnum til fatnaðar, og undanþiggja þann vínanda álagningu. Einnig að heimilt sé að undanþiggja aðflutningsgjöldum 4 þús. eintök af steinprentuðum myndum, sem nokkrir menn í Reykjavík hafa látið gera eftir andlitsmyndum Jóhannesar Kjarvals málara. — Þá er heimild fyrir stj. að leggja fram á næstu 5 árum allt að 10 þús. kr. til kaupa á bókasafni Tryggva Þórhallssonar, handa Reykholtsskóla, gegn 5 þús. kr. framlagi frá skólanum sjálfum. Þetta bókasafn er mikið og merkilegt, og n. fannst eftir öllum atvikum það vera vel til fallið að heimila stj. að gera þessi kaup. — Þá er lítil heimild til að endurgreiða tolla, 150 kr., af hljóðfæri, harmoniku, sem blindur maður hefir keypt sér og notar sér til lífsframfæris. Þessi blindi maður getur séð fyrir sér með þessu hljóðfæri, og þess vegna fannst n. það sjálfsagt, að þessi tollur yrði endurgreiddur. — Þá vill n. heim-

ila að kaupa jarðirnar Keldudal, Álftagróf og Holt í Mýrdal, sem sæta ágangi Hafursár vegna fyrirhleðslu, sem vegamálastjórnin hefir látið gera þar, og liggja þær undir skemmdum. Þar sem þetta er að l. bótaskylt, og hætt er við, að sú upphæð, sem þyrfti að verja til bóta á þessum spjöllum, yrði allmikil, þá áleit n. það hyggilegt að heimila ríkisstj. að kaupa þessar jarðir. — Þá vill n. heimila að verja af tekjum landssímans allt að 5 þús. kr. til þess að smíða talstöðvar til að leigja íbúum afskekktra eyja á Breiðafirði. Það er vitanlegt um þessar eyjar, að þær eru útilokaðar frá öllu símasambandi, og þess vegna er það ekki nema sanngjarnt, þegar litið er til hinna miklu framlaga, sem ríkið hefir lagt til símalagninga viðsvegar um landið, að það hjálpi líka þessum eyjum til þess að komast í samband við umheiminn. — Þá er á þskj. 895 heimild um að ábyrgjast 18 þús. kr. lán til vatnsveitu í Skagastrandarkauptúni, gegn tryggingu, er stj. metur gilda. Það er sama um þessa ábyrgðarheimild að segja og hinar, að hún er tekin upp vegna þeirrar nauðsynjar, sem fyrir hendi er á staðnum. — Þá leggur n. til, að heimilt sé að endurgreiða úr lífeyrissjóðum barnakennara og embættismanna nokkrum mönnum það fé, sem þeir hafa lagt í sjóðina: Páli Kr. Pálssyni fyrrv. póstmanni í Reykjavík, Jónasi Hallgrímssyni fyrrv. póstmanni í Reykjavík, Gunnari Benediktssyni fyrrv. presti, Magnúsi Jónssyni fyrrv. kennara í Skógi á Rauðasandi, Þóri Tryggvasyni fyrrv. kennara í Reykjavík, Guðgeir Jóhannssyni fyrrv. kennara á Eiðum, Valdimar Sveinbjörnssyni kennara í Reykjavík, Gunnari A. Jóhannessyni fyrrv. kennara á Ísafirði, og Sólveigu Albertsdóttur fyrrv. kennslukonu á Patreksfirði. Það hefir áður verið gengið út á þá braut að endurgreiða mönnum það fé, sem þeir hafa lagt í þessa sjóði, þegar þeir hafa ekki lengur samkv. l. átt rétt til þessara sjóða, og virðist öll sanngirni mæla með því, að það sé gert. Og þó það kæmi til tals í n. að gera um þetta till., sem færi í aðra átt, þá komst það ekki til framkvæmda. En vegna fordæmisins, sem búið er að gefa um þetta, þá vildi n. ekki bægja þessum mönnum frá því að geta fengið þetta endurgreitt.

Þá leggur n. einnig til, að stjórn Búnaðarbankans sé heimilt að greiða frú Önnu Klemensdóttur, ekkju Tryggva heitins Þórhallssonar bankastjóra, 25% af launum aðalbankastjóra Búnaðarbankans og dýrtíðaruppbót að auki, — og einnig, að stjórn sama banka sé heimilt að greiða frú Aðalbjörgu Albertsdóttur, ekkju Þorsteins Sigurgeirssonar bankagjaldkera, 1000 kr.

Ég held, að ég hafi þá með örfáum orðum minnzt á allar þær brtt., sem heyra undir þennan kafla fjárl., sem ég er frsm. fyrir. En um þær brtt., sem hér liggja fyrir frá einstökum þm., vil ég ekkert segja að svo stöddu, fyrr en þeir eru búnir að tala fyrir þeim.

Jörundur Brynjólfsson: Það eru aðeins örfá orð. Ég heyrði það hjá hv. frsm., 6. landsk., að hann tók aftur 19. till. fjvn., við 13. gr. frv. Ég leyfi mér hér með að taka hana upp aftur.

Frsm. meiri hl. samvn. samgmn. (Gísli Guðmundsson): Samgmn. beggja d. hafa haldið sameiginlega fundi um úthlutun styrks til flóabáta og hafa gefið út sameiginlegt nál., sem hér er á þskj. 858, ásamt brtt. við heildarupphæðina til flóabátaferða, þar sem lagt er til, að styrkurinn verði hækkaður úr 75 þús. kr. upp í 76 þús. kr. og stendur þannig á því, að þegar n. höfðu úthlutað styrknum til hinna einstöku báta, eftir því sem þeim fannst ástæða til, þá varð heildarupphæðin 1 þús. kr. hærri heldur en sú, sem ætluð er í frv., og þótti því rétt að gera till. um þessa hækkun. — Ég skal taka það fram, að nm. eru sammála um að skipta bátastyrknum eins og hér er gert í nál., að því undanskildu þó, að hv. þm. N.-Ísf. og hv. þm. Ísaf. hafa skrifað undir það með fyrirvara. Hv. þm. N.-Ísf. hefir gefið út sérstakt nál., þar sem hann gerir grein fyrir sínum ágreiningi við n., sem er aðeins um eitt atriði. Og hv. þm. Ísaf. mun væntanlega gera grein fyrir því, í hverju hans fyrirvari er fólginn.

N. hafði við úthlutun styrksins tekið til athugunar þær skilagreinar og reikninga frá flóabátunum yfir árið, sem er að líða, sem lágu fyrir hjá forstjóra skipaútgerðar ríkisins, en í fjárl. þessa árs var sett sú aths. við flóabátastyrkina, að slíkar skilagreinar skyldu afhendast skipaútgerð ríkisins, og að hún hefði yfirumsjón flóabátaferðanna. Samkv. þessum upplýsingum, sem fyrir lágu, gerði n. sínar till. Heildarupphæðin er nú lækkuð frá því, sem var í fyrra, úr 82 þús. kr. niður í 76 þús. kr., eftir því, sem n. leggur til, og við það varð að miða skiptinguna.

N. leggur til að Norðurlandsbáturinn verði hækkaður um 2 þús. kr., úr 11 þús. kr. upp í 13 þús. kr. Stafar það af því, að gerð hefir verið rækileg grein fyrir því, að útgerð þessa báts hefir engan veginn borið sig. Þeir menn, sem þennan bát eiga, vinna á honum sjálfir, og það hefir komið tilfinnanlega niður á þeim, að reksturinn hefir ekki borið sig. Þess vegna hefir n. ákveðið að hækka þennan styrk. Hinsvegar hefir n. lagt til að fella niður styrki til Lagarfljótsbáts, Grímseyjarbáts og Rauðasandsbáts. Rauðasandsbátur er ekki starfræktur lengur, og Lagarfljótsbátur hefir verið lagður niður vegna annara samgangna, sem þar eru komnar. Grímseyjarbát taldi n. rétt að styrkja ekki lengur, heldur vill leggja þá kvöð á Norðurlandsbátinn að fara nokkrar ferðir árlega til Grímseyjar. N. hefir ennfremur lagt til — til þess að ná þeirri niðurfærslu, sem nauðsynleg þótti — að færa niður styrkinn til Borgarnesbáts, úr 20 þús. kr. niður í 15 þús. kr. Þessi till. er byggð á því, að Alþ. hefir nýlega lagt fram allmikinn styrk til þess félags, sem heldur uppi þessum ferðum milli Reykjavíkur og Borgarness, og gert því mögulegt að eignast skip, sem er á margan hátt hentugra til þessara ferða heldur en það skip, sem það áður hafði. Það má því gera ráð fyrir, að afkoma verði þar af leiðandi betri, enda sýna reikningar félagsins það nú þegar. Annars má geta þess, að lögð var sú kvöð á þetta félag að fara nokkrar ferðir á ári til Breiðafjarðar. Ég veit, að þetta er mjög óþægilegt, og vil segja það sem mína skoðun, að ef þrengist um fyrir

félaginu vegna hins lækkaða styrks, þá ætti að létta þessari kvöð af, enda efast ég um, að hún hafi komið að því gagni, sem til var ætlazt.

Þá er í till. n. ýmsar smávægilegar tilfærslur milli einstakra báta, sem ég sé ekki ástæðu til að fjölyrða um. Ég sé heldur ekki ástæðu til að fara neitt út í þann ágreining, sem hv. þm. N.-Ísf. hefir gert út af Djúpbátnum, þar eð hann hefir ekki enn mælt fyrir sínum till. En ég vil aðeins taka það fram, sem menn sjá í nál., að Djúpbátnum er ætlaður hæsti styrkurinn af flóabátunum. Honum eru ætlaðar 20 þús. kr., en þeim næsthæsta aðeins 15 þús. kr.

Magnús Guðmundsson óyfirl.: Ég var að hugsa um við 2. umr. að segja dálítið frá því, hvernig samvinnan hefði verið milli stj. flokkanna og okkar sjálfstæðismanna í n., en hvarf þá frá því, af því að mér þótti rétt að segja ekki þá sögu fyrr en lokið væri 2. umr., því að það er gömul regla að lofa ekki dag fyrr en að kvöldi, og þótti mér rétt að fara eins að um þetta. — Ég skal þá fyrst segja það, að samvinnan í n. hefir verið beinlínis allt önnur en í fyrra. Ef ég á í einu orði að segja, hvernig stjórnarstuðningsmenn hafa verið í samvinnu við okkur andstæðinga sína, þá verð ég að segja það, að samvinnan hefir verið góð, a. m. k. þangað til við 3. umr., og það var ekki hægt að finna annað lengi vel en að þeir vildu sýna fulla sanngirni. Ég varð ekki var við annað en að það væri vilji stuðningsmanna stj. að færa niður útgjöldin til mikilla muna. Formaður n. hélt margar hjartnæmar ræður við þá menn, sem komu til viðtals við n., og skýrði fyrir þeim, hvernig hag landsins væri komið, og að við mættum búast við, að dregið yrði til mikilla muna úr öllum gjöldum. Því mættu þeir ekki gera of miklar kröfur til hins opinbera á þessum tímum, og við yrðum að sætta okkur við svo og svo lítil framlög til ýmsra fyrirtækja og að allir yrðu að taka þátt í að spara o. s. frv. Þessa ræðu hélt hann svo oft og við svo marga, að ég kann hana að mestu leyti utan að, og ég verð að sega það, að við vorum honum samdóma um þetta og þótti mjög skipta um síðan í fyrra, tókum þessu fagnandi og unnum svo í n. með beztu samvinnu að niðurfærslu ýmissa gjalda, og komumst svo langt fyrir 2. umr., að við lækkuðum gjaldahliðina um nær 1 millj. kr. Með þessari samvinnu var auðvitað reynt að skera niður hingað og þangað, það sem margir og stundum allir nm. hefðu óskað, að ekki þyrfti að skera niður. En af því að svo leit út sem þetta væri sameiginlegur vilji stj. stuðningsmanna og andstæðinga hennar, og færa útgjöldin í fjárl. niður, þá var fúslega unnið að þessum niðurfærslum í n. En svo þegar kemur fram undir það, að n. ætlar að fara að skila áliti sínu til 2. umr., þá springur stóra bomban hjá stj.liðinu og fæðist eitt mikið nýtt skattafrv., og það virtist vera samkomulag hjá því um, að fram skyldi ganga ný löggjöf, sem yki gjöldin gífurlega mikið. Við minnihl.menn urðum ákaflega hissa á þessu og töldum að þetta færi beint í bága við þá stefnu, sem fjvn. hingað til hafði fylgt. Og ég er líka sannfærður um, að ýmsir af stuðningsmönnum stj. hafa gengið að þessum samningum mjög ófúsir. Ég hefi fengið að vita það síðan, að þessir samningar stóðu lengi yfir og að það hafi verið mjög erfitt að ná um þá samkomulagi, og ég hygg, að á tímabili hafi lítið út fyrir, að lif stj. væri undir þessum samningi komið. Það hefir því e. t. v. ekki verið neitt undarlegt, þótt stuðningsmenn stj. yrðu að lokum að samþ. þessa samninga. Ég skal alls ekki vera grimmorður út af því í rauninni, af því að svo stendur á, að erfitt er að ganga til kosninga um þetta leyti árs og e. t. v. varhugavert fyrir einstakan flokk, en út í það mál skal ég ekki fara lengra. Það er komið fram að 3. umr. fjárl., þegar stj.-flokkarnir báðir skipta gersamlega um stefnu í fjármálum. Til þess tíma leit út fyrir, að þeir vildu spara og færa niður gjöldin, en eftir að samningar tókust, hefir allt annað orðið uppi á teningnum. Um undirbúning undir þessa umr. málsins vil ég segja það, að hann hefir verið ólíkt öðruvísi en undirbúningurinn undir 2. umr., enda sýna þær brtt., sem hér eru fram komnar, mikla breyt. í þessu efni, því að nú eru komnar fram svo að segja eingöngu hækkunartill., en við 2. umr. var fjöldinn allur af lækkunartill. Þá var það líka svo, að í n. voru þá af stj.meirihl. eiginlega lagðar fyrir fullbúnar till. frá stj.flokkunum, sem ég geng út frá, að þeir hafi verið búnir að samþ. á sínum fundum. Þar af leiðir, að þær till., sem hér liggja fyrir, eru ekki nærri því allar fram bornar með samþykki okkar minnihl.manna. Við höfum verið samþykkir mörgum þeirra, og sumum þeirra höfum við beinlínis komið inn með samþykki meiri hl. Ég geri ekki ráð fyrir, að ég fari að telja hér upp allar þessar till., sem við hefðum ekki viljað vera með, að bornar væru fram, því að það yrði nokkuð langt mál. Það gerir heldur ekkert til, því að það kemur fram við atkvgr., hvernig við lítum á hinar einstöku till. Þó má vera, að ég síðar nefni einstakar af þessum till.

Þetta frv., sem hér liggur fyrir, er nú þannig, eftir því sem frá því er gengið samkv. till. n., að gjöldin munu verða sem næst 15½ millj. kr. Til samanburðar má geta þess, að í fjárl. í fyrra voru þau áætluð 14½ millj. kr. Ef farið verður eftir till. n. —, og ég hygg nokkurn veginn óhætt að gera ráð fyrir því, að ekki verði mjög mikið frá þeim vikið, ef dæma má eftir atkvgr. í fyrra —, þá verða fjárl. fyrir 1936 h. u. b. einni millj. og 200 þús. kr. hærri en fjárl. fyrir yfirstandandi ár. Og þegar maður tekur tillit til þess, að fjárl. fyrir 1935 eru hærri en nokkur önnur fjárl. áður, þá sér maður, að hækkunin er orðin gífurleg, enda er það ekki nema eðlilegt eftir afstöðu stj. og hennar fylgismanna, að fjárl. hækki, þegar því er yfir lýst, að eftir því sem harðni í ári og ástandið versni, þá beri að hækka gjöld ríkissjóðs. Það er þá ekki nema eðlilegur hlutur, að eftir því sem fleiri og fleiri gjaldendur ríkissjóðs heltast úr lestinni, þá verði að leggja meira og meira á þá, sem eftir eru. Og hvernig þetta endar, það hygg ég, að geti ekki orkað tvímælis. Það getur ekki endað nema með hruni, ef ekki batnar stórkostlega árferðið, og ef ekki opnast aftur mark-

aðir, sem nú eru smátt og smátt að lokast og sumstaðar jafnvel alveg lokaðir. En það lítur út fyrir, að stj.flokkarnir ætli að bíða og fljóta sofandi að feigðarósi, þangað til skeður eitthvert kraftaverk, sem bjargar okkur. Ég hefi aldrei heyrt þá kenningu fyrr, að það væri ráð fyrir mann eða menn, sem komnir væru í kröggur, að eyða sem allra mestu. En það virðist vera kenning hæstv. stj. Ég hefi alltaf heyrt, að þegar í harðbakka slær, verði að draga saman og láta ýms nytjamál bíða. Ég skal benda á, að það er hægt að setja sig á hausinn með því að framkvæma tóm nauðsynjaverk, ef maður hefir ekki ráð á að vinna þau á þeim tíma, sem maður gerir það. Þær brtt., sem gerðar hafa verið við fjárl. í þetta skipti, eru fleiri en nokkru sinni, sem ég man eftir síðan ég kom á þing. Af hálfu fjvn. hafa verið bornar fram við báðar umr. h. u. b. 300 brtt., og sumar hafa velt við heilum köflum í frv. Þetta kemur ekki vel heim við það, að fjmrh. var í fyrra hvað eftir annað að reyna að telja mönnum trú um það, að ástæðan til þess, hve há fjárl. væru þá, væri sú, að það væri í fyrsta skipti áætluð í fjárl. gjöldin eins og þau myndu verða í raun og veru. Ég man nú eftir einum 8 eða 10 fjármálaráðherrum hér á þingi, og þeir hafa alltaf sagt, að þeir vildu óska og stefndu að því að áætla fjárl. eins og þau myndu verða, en jafnan hefir það mistekizt. Þetta sama sagði svo hæstv. núv. fjmrh. í fyrra, en nú hefir komið á daginn, að áætlun hans fyrir 1935 hefir alls ekki staðizt. Mikið af þeirri lækkun, sem fjvn. varð að gera á gjaldliðum fjárlfrv. varð að fara til þess að hækka þá liði, sem fjmrh. hafði áætlað of lágt. Það er því langt frá því, að hæstv. ráðh. hafi tekizt nokkuð betur að áætla gjöldin heldur en öðrum fjármálaráðherrum. Ég segi þetta honum ekki til lasts út af fyrir sig, en það, sem ég lasta, eru hans stóru orð í fyrra um, að nú væru gjöldin í fyrsta skipti áætluð eins og þau myndu verða. (**Fjmrh.**: Það sagði ég bara aldrei). Ég veit ekki, hvort það kemur fram í þingtíðindunum, en ég hlustaði á ráðh. segja þetta, svo að hann þarf ekki að segja mér neitt um það, hvort hann sagði það eða sagði það ekki.

Ég skal þá víkja nokkuð að þeim brtt., sem hér liggja fyrir á þskj. 881. Það eru ýmist hækkunar- eða lækkunartill., bæði samkv. nýjum væntanlegum l. og eins brtt. frá ráðh. Ég skal geta þess, að fjvn. byrjaði á því að áætla tekjurnar meiri, af þeim ástæðum, að því er ég frekast veit, að ýmsar undirnefndir, sem höfðu með þetta að gera, höfðu komizt að samkomulagi við fjmrh. Hæstv. fjmrh. hafði, eins og ég lái honum ekki, mikla tilhneigingu til að lækka tekjuáætlunina sem mest, og eftir honum var látið í því efni, að ég held í öllum atriðum, nema e. t. v. einu. Honum þótti þá ekki varlegt að áætla áfengistekjurnar eins hátt og þær myndu verða 1935. Þetta lét n. eftir honum, og þess vegna voru þessar tekjur áætlaðar 200 þús. kr. lægri heldur en þær munu verða á yfirstandandi ári. Nú hefir hæstv. ráðh. aftur komið með till. um, og vitaskuld fengið samþykki n., að hækka þennan lið um 200 þús. kr., en þetta er nú ekki gert til þess að fara eftir því, sem var 1935, heldur af því, að fjmrh. hefir lýst því yfir, að hann ætli að hækka verð á áfengi, svo að ég verð að telja, að þessi liður sé samt mjög varlega áætlaður, ef ganga má út frá því, að svipað verði drukkið í landinu eins og verið hefir á þessu ári. Það er ekki lengra síðan en í dag, að ég talaði við forstjóra áfengisverzlunarinnar, og sagði hann mér þá, að ennþá hefði ekkert dregið úr áfengissölunni, svo hann sæi. Hvort úr henni dregur, þegar hækkunin kemur, um það skal ég engu spá. En það, sem var dálítil deila um milli mín og hæstv. fjmrh., var það, hversu hátt skyldi áætla vöru og verðtollinn. Hæstv. fjmrh. hélt því fram mjög ákveðið, að hann ætlaði að draga mikið úr innflutningnum 1936. Hann hélt því líka fram í fyrra, að hann ætlaði að draga afarmikið úr innflutningi 1935, en sumum hefir fundizt, að ekki hafi orðið eins mikið úr því á borði og í orði, og er ég einn þeirra. Ég hygg, að innflutningur 1935 verði h. u. b. jafnmikill og t. d. 1932, og var þó sá maður, sem þá var fjmrh., ekki neitt að stæra sig af því, hvað hann væri ákaflega slyngur í að beita innflutningshöftunum. En hluturinn var sá, að það fer nokkuð eftir árferði, hvernig fer með innflutninginn, þrátt fyrir allan áhuga um innflutningsbann og þesshættar. Þó má enginn skilja orð mín svo, að ég sé á móti takmörkun á innflutningi. Ég hefi fyrir langa löngu látið þá skoðun í ljós, strax 1920, að það gæti ekki gengið nema eitt og eitt ár í senn að flytja miklu meira inn en út. Ég tek þetta fram til þess að sýna það, að eins og það hefir brugðizt, sem hæstv. fjmrh. sagði í fyrra, eins getur það brugðizt, sem hann segir nú. En hitt skal ég játa, að mér finnst hæstv. fjmrh. vera með mjög miklar bollaleggingar um ákveðin innflutningshöft. Hvað úr þessu verður, skal ég ekki dæma um. Það gekk einu sinni svo langt hjá n., að hann vildi fá okkur til þess að færa niður kaffi- og sykurtollinn og kvaðst ætla að minnka innflutning á þessum vörutegundum um 25%. Hann hefir þó ekki haldið þessu fram síðan, hvort sem það er af því, að hann hefir skipt um skoðun í þessu efni, eða af því, að hann hafi ekki talið heppilegt að segja svona lagað opinberlega. Það er eitt, sem hefir vakið athygli mína í þessu efni, og það er, að ráðh. hefir ekki farið fram á, að lækkað verði útflutningsgjaldið úr 700 þús. kr., sem það er nú. Þetta sýnist mér benda til þess, að hæstv. fjmrh. virðist við ekki eiga mjög örðugt með að selja okkar vörur á erlendum markaði, því að stæði það t. d. fyrir dyrum, að við gætum mjög lítið selt til Spánar og Ítalíu, þá hlyti ráðh. að hafa farið fram á að fá þessa upphæð lækkaða. Það gleður mig mjög, að hæstv. ráðh. sér sér fært að áætla þessa upphæð þannig, því að það gefur mér bendingu um, að ekki muni líta eins illa út með útflutning, sérstaklega á fiski, eins og ýmsir hafa álitið nú um tíma. Það er að sönnu rétt, að þessi upphæð — 700 þús. kr. — er talsvert minni heldur en útflutningsgjaldið var, bæði á árinu 1933 og 1934, en mjög mikill munur er þó ekki á því. Það munar h. u. b. 100 þús. kr. á árinu 1934. Hvernig þetta verður 1935, veit ég

ekki, en ég geri ráð fyrir, að 1935 geti þessi liður varla orðið 800 þús. kr. svo að mér sýnist á þessu, að hæstv. ráðh. gangi út frá, að það komi a. m. k. ekki nein áberandi óhöpp fyrir útflutninginn 1936, og gleður það mig mjög.

Ég skal láta mér nægja að nefna lækkunina á tóbakstollinum. Mér er ekki ljóst, á hverju sú mikla niðurfærsla er byggð. Ég hefi fyrir satt, að hæstv. ráðh. ætla bráðlega að láta hækka verðið á tóbakinu og ætti það þá innan skamms að geta komið upp í væntanleg innflutningshöft á tóbakinu, innflutningshöft sem ég trúi raunar ekki á, þó að ég viðurkenni, að þetta er vara, sem hægt er draga úr að allmiklu leyti, eða ætti a. m. k. að vera hægt.

En að því er snertir áætlanirnar gjaldamegin, þá tel ég að þeir liðir séu sæmilega áætlaðir, en þó er ég viss um, að þar koma fyrir liðir, sem eru of lágt áætlaðir. Hinsvegar eru þarna sumir liðir of hátt áætlaðir, t. d. útgjöldin samkv. þessari nýju tryggingalöggjöf. Ég er sannfærður um, að þetta er allt of hátt áætlað í brtt. fjvn., því að þessi löggjöf getur ekki lagzt á árið 1936 með öllum þunga sínum. Í fyrsta lagi öðlast hún ekki gildi fyrr en 1. apríl, eftir að liðinn er fjórði hluti ársins, og í öðru lagi verður ekki lokið öllum undirbúningi fyrr en komið er fram á mitt árið.

Einn liður er enn, sem ég vildi nefna: berklavarnakostnaðurinn. Hann er hér færður upp um 5 þús. kr., að ég ætla, frá því, sem var í frv. stj. En í aths. við tryggingafrv. stendur, að þegar þau l. séu komin til framkvæmdar, muni mjög draga úr berklavarnakostnaði. Nú er það rétt, að berklavarnakostnaður hefir stundum orðið meiri en 850 þús. kr. En samkv. upplýsingum, sem fram hafa komið, lítur út fyrir að 1934 og 1935 hafi tekizt að draga úr þessum kostnaði, og ættu þá 850 þús. kr. að nægja til að greiða þennan kostnað eftir sömu reglum og gilt hafa. Það eru þær reglur, sem n. miðar við, því að þessi áætlun var gerð áður en vitað var, að þessi nýja löggjöf um sjúkravarnir ætti að ganga fram. Ég held því, að þó að þetta frv. yrði samþ. með nokkrum tekjuhalla, þá ætti ekki á sínum tíma að þurfa að verða halli á landsreikningunum, ef ekki koma fyrir óvænt óhöpp í utanríkisverzlun okkar. En ef það verður, þá er líka óvíst um fleiri liði. Því hefi ég látið í ljós ánægju mína yfir því, að hæstv. ráðh. hefir talið nægja að áætla útflutningsgjaldið 700 þús. kr.

Ég undirstrika það, sem hv. frsm. I. kafla fjárlfrv. sagði, að um vitabyggingar gengur n. út frá, að farið verði eftir l., sem um þær gilda. Tel ég svo ekki þörf á að fara frekar út í það mál.

Ég skal svo minnast á nokkrar af brtt. þeim, sem fyrir liggja á þskj. 881 og meiri hl. n. kom með tilbúnar og lagði fyrir n. sem ákvörðun meiri hl.

Fyrst nefni ég brtt. við 11. gr., liðinn um skrifstofukostnað sýslumanna og bæjarfógeta. Þar er farið fram á 10 þús. kr. aukningu á þessum lið, og skiptist sú aukning milli bæjarfógeta. Ég er ekki viss um, að þessi till. sé sanngjörn. Ég get ímyndað mér, að til séu sýslumenn, sem engu síður þurfa þessarar uppbótar við, en eins og till. er orðuð, nær hún eingöngu til bæjarfógeta.

Þá er till. um ferjuna á Hvítá hjá Auðsholti. Hún hefir verið tekin aftur af n., af því að hún fékk upplýsingar um, að þetta væri lögferja, en l. samkv. eiga sýslurnar sjálfar að halda uppi slíkum ferjum. Annars var þarna um lítla upphæð að ræða, aðeins 100 kr.

Þá er till. um fjárframlag til strandferða, sem er lækkað um 70 þús. kr. Ég vil minna á, að við, sem vorum í minni hl. fjvn. í fyrra, sömu menn og nú eru í minni hl. n., komum fram með 100 þús. kr. lækkun á þessum lið. Við komumst þá ekki upp fyrir moðreyk, og þótti þessi till. okkar ganga glæpi næst. Nú er liðið tæpt ár, og nú er meiri hl. n. kominn á okkar skoðun og flytur nú alveg samskonar till. og þá, sem þeir kölluðu fjandskap við Austfirði, þegar við fluttum hana.

Sama er að segja um aðra till., sem við komum með í fyrra um að byrja á byggingu gagnfræðaskóla í Reykjavík. Nú voru allir í n. sammála um, að þetta væri rétt. Ég geri mér því von um, að ef það ætti fyrir okkur að liggja, þessum sömu mönnum, að vera í fjvn. 4—5 ár, þá fengjum við meiri hl. yfir til okkar að því er snertir allar till. okkar frá í fyrra.

Þá nefni ég till. um hafnargerð á Ísafirði. Er lagt til að hækka tillagið úr 8 þús. upp í 20 þús. kr. Við sjálfstæðismenn vorum á móti þessu, því að við teljum, að þarna sé ekki gætt samræmis við aðrar hafnir. Margar af þessum höfnum eiga ógreitt tillag hjá ríkissjóði, svo að miklu nemur. Ef Ísafjörður á að fá vexti greidda, þá er það ranglæti gagnvart ýmsum öðrum höfnum, sem sjálfar eru látnar bera vextina.

Viðvíkjandi till. um Vestmannaeyjahöfn er það að segja, að ég tel tvísýnt, að þessi hækkun, sem farið er fram á í till., komi að gagni. Tel ég rétt að athuga, hvort ekki sé rétt að hækka framlagið enn meira, svo að full not geti orðið að. Annars vil ég taka það fram, að minni hl. hefir óbundnar hendur um þessa till.

Þá er brtt. um stofnkostnað héraðsskóla. Ég ætla ekki að gera það að neinu kappsmáli, að hún verði felld, en vil þó taka það fram, að ekki má láta viðgangast, að alþýðuskólarnir byggi án þess að samþykki ríkisstj. komi til, og heimti síðan helming framlagsins endurgreiddan.

Ég hjó eftir því hjá hv. frsm. síðasta kafla fjárlfrv., að liðurinn viðvíkjandi Ísafjarðar kaupstað væri rangt orðaður, ætti að vera ábyrgð á allt að 35 þús. kr. láni til greiðslu á lausaskuldum bæjarsjóðs, en ekki skuldum vegna hafnargerðar, eins og í brtt. á þskj. 881 stendur. Mér finnst nú meira en lítið undarlegt, ef fara á að ábyrgjast lausaskuldir einstaks kaupstaðar, á meðan verið er að undirbúa frv. um skuldaskil bæjar- og sveitarfélaga. Mér þykir það óskiljanlegt, ef þetta getur verið meiningin. Það er þá bara gert til þess að taka einn kaupstað út úr, til að láta löggjöfina ekki ná til þessa kaupstaðar. Ég leyfi mér að óska, að hv. frsm. þessa kafla fjárlfrv. geri grein fyrir þessu atriði.

Þá skal ég nefna till. um ábyrgð fyrir tunnuverksmiðjur á Akureyri og Siglufirði. Ég tel ábyrgðina handa Akureyri ekki hættulega. En skilriki fyrir hinni ábyrgðinni hefi ég ekki séð. Það er annað að hafa á bak við sig félag einstakra manna eða heilt bæjarfélag, eins og Akureyri. Mér er ókunnugt um, hve stöðugt þetta félag á Siglufirði er.

Þá er g-liður þessarar till., um endurgreiðslu á tolli af vínanda og menguðum vínanda til sútunar á skinnum og að undanþiggja þann vínanda álagningu. Ég hefi ekki fengið upplýsingar um það, hve miklu sú upphæð nemur, sem þarna er um að ræða, en annars mun ég láta þessa till. afskiptalausa. Kannske hv. frsm. þessa kafla geti gefið nánari upplýsingar og sannfært mig um, að þessi till. sé hættulaus.

Ég kem þá að brtt. okkar minnihlutamanna, þ. e. sjálfstæðismannanna í n. Þær eru aðeins þrjár, á þskj. 884. Um þessar till. er það að segja, að ef þær verða samþ., þá lækka þær útgjaldahlið fjárl. um 65 þús. kr. Fyrsta brtt. er um að færa atvinnubótafé úr 500 þús. kr. niður í 300 þús. Ég efast reyndar um, að við hefðum flutt þessa till., ef það hefði ekki orðið uppi á teningnum að hækka stórlega benzínskattinn og verja honum til verklegra framkvæmda. Benzínskatturinn er áætlaður 250 þús. kr., en hann nemur að líkindum 300 þús. kr., þegar til kemur. Þetta fé fer svo að segja allt til vinnu innanlands. Nú stendur þar að auki yfir vinna við mesta mannvirki landins, Sogsvirkjunina. 1935 var unnið minna að þessu mannvirki en ráð hafði verið fyrir gert, vegna verkfallsins í fyrra, og verður því settur fullur kraftur á þá vinnu árið 1936, meiri en upphaflega var búizt við. Þar fá vinnu á þriðja hundrað manns, vonandi mestan hluta ársins. Við teljum því unnt að færa niður þennan lið, sérstaklega með tilliti til þess, að búið er að leggja á benzínskattinn, sem varið verður til innlendrar vinnu. — Gert er ráð fyrir því í till. okkar, að bæjar- og sveitarstjórnir verji ¼ af atvinnubótafé, sem þær hafa til umráða, til kaupa á innlendum matarafurðum, til greiðslu upp í verkalaun við atvinnubótavinnuna. Það er hætt við því, að okkur gangi erfiðlega að losna við hina innlendu framleiðslu á erlendum markaði, og gæti þá þetta fyrirkomulag aukið markaðinn að nokkru. Þetta er ekki annað en gagnkvæm hjálp milli þeirra, sem vinnu þiggja og vinnu borga.

Þá er önnur till. okkar, að veita 15 þús. kr. upp í bátatjón á Ólafsfirði, sem varð síðastl. sumar. Erindi um þetta lá fyrir Alþingi, og gat meiri hl. n. ekki sinnt þeirri beiðni, sem okkur minni hluta mönnum þótti hafa við svo mikil rök að styðjast, að ekki væri hægt að ganga fram hjá henni. Ekki aðeins út af því, að menn hafa verið styrktir vegna svipaðs tjóns, sem varð af ofviðri á Norðurlandi í fyrra. Raunar er ekki við því að búast, að ríkið geti alltaf hlaupið undir bagga með styrki, ef tjón verður af ofviðri. En þarna stendur alveg sérstaklega á. Þeir menn, sem áttu báta þá, er eyðilögðust, höfðu ekki getað vátryggt þá, af því að ríkið breytti löggjöfinni um vátryggingu báta, og þegar þeir fengu heimsenda óstaðfesta reglugerð um bátavátryggingar, voru bátarnir þegar eyðilagðir. Má því segja, að löggjafarvaldið hafi óbeinlínis orsakað tjón þessara manna. Það má gera ráð fyrir því, að komið hefði verið í veg fyrir skaðann, ef þeir hefðu í tæka tíð fengið reglugerð, sem þá hefði verið búin að fá náð fyrir augum stjórnarvaldanna. Því er ósanngjarnt, ef ríkið neitar nú að taka lítinn þátt í þessum mikla skaða, sem verður einmitt meðan vertíðin er að byrja. Það, sem hér er farið fram á, er ekki nema lítill hluti af þeim skaða, sem varð. Ég mundi ekki hafa orðið með að flytja þessa till. sem þm., ef ekki hefði staðið svo á, að það eru aðgerðir löggjafarvaldsins, sem valda því, að krafan um þessar bætur kemur fram.

Þá kem ég að 3. lið till. á þskj. 884, en hann gengur út á það, að bæta upp verð á kjöti af framleiðslu ársins 1935 með 120 þús. kr. Þessi till. á sér einkennilega sögu. Hún var sem sé samþ. í fjvn. með 6:2 atkv., en einn nm. áskildi sér rétt til að athuga, hvað hann ætti að gera, og þess vegna var till. samþ. með 6:2 atkv., en um þetta var ekkert bókað, og stóð þannig á því, að hv. 9. landsk. var skrifari n. og honum var ekki betur en svo við till., að hann neitaði að bóka hana. Okkur var nokkurnveginn sama um það og álitum, að það hefði ekki neina sérstaka þýðingu, hvort till. væri bókuð eða ekki, en svo næstu daga fóru stuðningsmenn stj. að falla frá einn og einn á dag, og var ég ekki í vafa um, að þeir voru knúðir til þess af jafnaðarmönnum. Við, sem vorum í minni hl., sáum enga ástæðu til þess að vera tindilfættir vegna afstöðu jafnaðarmanna. Við töldum, að till. ætti fyllsta rétt á sér og okkur datt ekki í hug annað en að flytja hana hér. Það er kunnara en frá þurfi að segja, að framleiðsla bænda borgar sig alls ekki og að þeir fá ekki það verð fyrir kjötið, sem framleiðsla þess kostar. Það er því auðsætt, að framleiðslan hlýtur að dragast saman og að síðustu að hætta. Að þessu athuguðu, og ekki síður því, að á þessu þingi hafa verið samþ. stórkostleg útgjöld, sem eiga að koma til góða öðrum stéttum þjóðfélagsins, sem ég efast um, að séu verr settar en bændur með sína framleiðslu, og sýnist það þá ekki nema einföld jafnaðarmennska — og ættu þess vegna jafnaðarmenn ekki að vera á móti því — að láta svolítið í pokahornið til annars aðiljans, þegar hinsvegar er tekinn svo að segja fullur poki.

Ég ætlast til, að þessari upphæð, sem farið er fram á í brtt., verði skipt þannig, að henni verði jafnað niður á kjötframleiðslu bænda á árinu 1935, því það er sýnt, að jafnvel þótt sæmilega takist til um sölu á kjöti, þá verður það ekki selt með svo góðu verði, að framleiðslan borgi sig.

Þá er eftir aðeins ein brtt., sem ekki er frá minni hl. fjvn., heldur aðeins frá mér og öðrum hv. þm. til. Hún er viðvíkjandi hafnargerð á Sauðárkróki og er fyrirferðarlítil, aðeins það að bæta aftan við till.: „ef unnt er“. Það var síðast sett í till., að lánið skyldi tekið innanlands, en við viljum setja þar til viðbótar, ef

unnt er. Er það til þess, að ef ómögulegt reynist að fá lán til hafnargerðarinnar innanlands, þá sé ekki loku fyrir það skotið, að það megi taka erlent lán. Ég óska eftir því, að lánið fáist innanlands, og vil vinna að því að fá innanlandslán, en eftir því sem útlitið er nú, er vafasamt, að það takist. Nú þykir mér fráleitt, að þetta nauðsynjamál dragist um ófyrirsjáanlegan tíma vegna þess að ekki væri hægt að fá 270 þús. kr. að láni innanlands, og þess vegna vil ég fá þessa heimild inn, svo að ekki sé loku fyrir það skotið, að taka megi lánið erlendis, eða part af því. Ég geri ráð fyrir, að öllum hv. þm. sé það kunnugt frá umr. fyrr um þetta mál, að það er almennt áhugamál og fer ekki eftir pólitískum flokkum, heldur er jafnmikið áhugamál allra flokka. Þess vegna vænti ég þess, að hv. þm. amist ekki við þessari brtt., hún er ekki annað en heimild fyrir hæstv. ríkisstj., en ég lofa því að gera allt, sem í mínu valdi stendur, til þess að lánið fáist innanlands, og það munu fleiri gera. Þetta er því aðeins til að greiða fyrir framkvæmd málsins, ef algerlega reynist óframkvæmanlegt að fá lánið innanlands.

Líka vil ég segja það, að ég hefi ákveðna von um, að hægt verði að semja við verkfræðingafirma, sem byggir höfnina, þannig að það leggi fram fé gegn ákveðinni tryggingu og til ákveðins tíma, og ég verð að segja það, að þegar svo er ástatt eins og nú er hjá okkur, að tilfinnanleg vöntun er á erlendum gjaldeyri, þá sé það heppilegt að geta dreift greiðslunni á mörg ár, og er þá heppilegra að fá erlent lán, sem borga má á mörgum árum, heldur en að taka lánið innanlands og þurfa svo strax að yfirfæra það í erlenda mynt til þess að greiða allt efni, sem til hafnargerðarinnar þarf.

Ég vona því, að hv. þm. og hæstv. ríkisstj. verði ekki á móti þessari till.; ég vona, að hv. þm. sjái, að það getur orðið unnið fyrir gýg að veita heimild viðvíkjandi Sauðárkrókshöfn, ef þessu er ekki bætt við.

Ég er hv. þm. þakklátur fyrir þær undirtektir, sem þetta mál hefir fengið hjá þeim, og vona, að þeir geri afskipti sín af málinu ekki endaslepp með því að fella þessa till., því meiningin með henni er aðeins sú, að möguleiki sé til að taka erlent lán, ef ómögulegt reynist að fá lánið innanlands.

Umr. frestað.

Á 33. fundi í Sþ., 20. des., var fram haldið 3. umr. um frv. (A. 773, n. 858 og 859, 881, 884, 885, 890, 895, 909, 912).

Frsm. minni hl. samvn. samgmn. (Jón Auðunn Jónsson): Ég á hér brtt. á þskj. 890. Fyrsta brtt. er um dálitla hækkun til flóabátaferða frá því, sem gert er ráð fyrir í till. samgmn. Það þarf ekki langa ræðu um þetta efni. Ég fer hér fram á 3 þús. kr. styrk til þess að kaupa bát á Djúpið, og hefi ég á þskj. 859 fært nokkur rök fyrir því, að þetta er ákaflega sanngjörn krafa frá Norður-Ísfirðingum, og útdráttur úr ýmsum skýrslum, sem eru á þskj. 859, gæti sannfært alla um sanngirni þessarar kröfu og hvað henni er mjög í hóf stillt, ekki síst þegar litið er á það, að ekki er hægt að nota nein samgöngutæki í þessari sýslu nema þau, sem á sjó eru.

Eftir skýrslum vegamálastjóra hefir á árunum frá 1876 til 1933 verið varið alls til samgöngumála á landinu $17\frac{1}{2}$ millj. kr. Þar er lægst Norður-Ísafjarðarsýsla, með tæpar 26 þús. kr., sem mestmegnis hefir verið varið til brúargerða. En þetta er eðlilegt vegna þess, að þarna verða ekki þau not af vegagerð eins og í öðrum héruðum.

En þá er á hitt að líta, að nauðsynlegt er að styrkja samgöngur á sjó í þessu héraði. Ég hefi gert samanburð á þessu framlagi til N.-Ísafjarðarsýslu og framlögum til annara sýslna, og það sýnir, að Ísafjarðarsýsla er með lægri sýslunum í því efni af þeim, sem annars hafa nokkrar samgöngur á sjó. Eins og allir vita, hefir N.-Ísafjarðarsýsla engin not af strandferðaskipunum.

Það er eina sýslufélagið, sem ekki hefir not af strandferðunum, en til þeirra er varið margfalt meira fé en til allra bátaferða. Útkoman verður því sú, að N.-Ísafjarðarsýsla hefir einnig á þessu sviði fengið miklu lægri styrk og miklu minni hjálp frá ríkissjóði heldur en nokkur önnur sambærileg sýsla. Hinsvegar hefir þetta sýslufélag og Ísafjarðarkaupstaður verið þriðja hæsta sýslufélagið með framlag til ríkissjóðs. Þegar þetta er athugað og þörfin fyrir bættar samgöngur í þessari sýslu, virðist það undravert, að hún skuli ekki hafa fengið neinn styrk og enga hjálp til þess að kaupa betri farkost um Ísafjarðardjúp.

Þá hefi ég leyft mér að koma með lið, sem felldur var við 2. umr., um styrk til tveggja sjúkra- og styrktarsjóða, 150 kr. til hvors. Hefi ég fært þetta niður um helming. Styrkurinn til sjúkrasjóðsins í Reykjarfjarðarhreppi er að nokkru leyti miðaður við það, að vera læknisvitjunarstyrkur, því að það er ákaflega litið, sem þetta hreppsfélag fær til læknisvitjana. Eftir að breytt var um læknisbústað í Ögurhéraði, þá hefir orðið miklu erfiðari sókn til læknis, en styrkurinn, sem hefir verið veittur, hefir ýmist farið til þess að kosta fátæka menn á spítala eða að borga læknisvitjun fyrir þá, og þar með þann kostnað, sem læknisvitjunin hafði í för með sér. Ég vil því vænta þess, þar sem þessir styrkir eru nú færðir svo langt niður, niður fyrir alla sambærilega styrki í fjárl., að þeir geti orðið samþ.

Hv. frsm. sagði, að allir styrkir yrðu felldir niður, þegar búið væri að samþ. alþýðutryggingafrv. En það er engin sanngirni, að það sé gert, því að það er engin skylda að stofna sjúkrasamlög í sveitum, og það verður ekki gert meðan erfitt er í ári og gjaldendur hafa litla getu til þess að inna af hendi aukagreiðslur, jafnvel þó það eigi að tryggja sjálfa þá fyrir skakkaföllum af sjúkdómum. Það mun því verða svo fyrstu árin, að sjúkrasamlög verða ekki stofnuð í sveitum landsins, nema þá mjög óvíða.

Þá hefi ég leyft mér að taka upp eina till. um viðbótarstyrk til ekkju Jóns læknis Þor-

valdssonar. Landlæknir hefir gefið meðmæli með þessari umsókn. Jón læknir Þorvaldsson var læknir í einhverju erfiðasta og tekjurýrasta læknishéraði landsins, nefnilega Hesteyrarhéraði, um 32 ára skeið. Það er óhætt að segja, að héraðsbúar muna ekki annan eins gæðamann og Jón heitinn Þorvaldsson, sem alltaf var boðinn og búinn að hjálpa utan sinna læknisstarfa, en var þó með afbrigðum skyldurækinn læknir. Samkv. lögum á ekkjan að hafa 550 kr. eftirlaun, en ég hefi lagt til, að hún fengi 340 króna viðbót, svo það gæti orðið alls um 900 kr., sem hún fengi. En ég hefi veitt því nánari eftirtekt nú, að hún þarf að fá 348 kr. til þess að ná 900 kr. Það er óhætt að fullyrða það, að öðrum læknisekkjum með sömu ástæður hefir verið veitt þessi upphæð, og meira til. Þannig munu vera til læknisekkjur, sem fá um og yfir 1000 kr. á ári, og það ekkjur eftir lækna, sem hafa setið miklu skemur í embætti og þar að auki verið í betri héruðum, að því er snertir tekjur og alla erfiðleika, því að þetta hérað er eitt af þeim erfiðustu á landinu, jafnframt því, að það er hið tekjurýrasta.

Þá hefi ég á þskj. 912 leyft mér að bera fram till. um, að eitthvað verði ætlað til utanferða héraðslækna. Læknafélagið mæltist til þess, að ég flytti þessa till. af því að ég flutti till. um það við 2. umr. Ég sagði, að það mundi ekki blása byrlega, því að till. um 2 þús. kr. styrkinn hefði verið felld. En eftir þeirra ósk ber ég fram till. um aðeins 1200 kr. Þeir telja það ótækt, að þetta falli niður með öllu, jafnvel að 3 þús. kr. væri það minnsta handa tveimur læknum á ári. Nú er það sjáanlegt, að þessi liður verður að færast niður eins og aðrir, ef á að lækka útgjöldin, og það er líka gert með þeirri till., sem hér liggur fyrir. En hinsvegar er það nauðsyn, að læknar fari utan til þess að kynna sér nýjar lækningaaðferðir, og þá ekki síst þeir læknar, sem eru úti á landi og síður hafa tækifæri til þess að fylgjast með nýjungum, sem alltaf eru að ske á sviði læknavísindanna. Þetta er því einskonar hjálp til hinna sjúku, því að í mörgum tilfellum geta læknarnir hjálpað og dregið úr kostnaði sjúklinga með því að veita þeim hjálp heima í héraði. Hefðu þeir ekki fylgzt með á sviði sjúkdómsins, sem um er að ræða í hverju tilfelli, hefði getað farið svo, að þeir treystu sér ekki til þess að ráða bót á meini sjúklingsins, og yrði þar af leiðandi meiri kostnaður við að leita læknishjálpar en annars hefði orðið. Ég er sannfærður um, að í flestum tilfellum geti þetta orðið til miklu meiri hagsbóta fyrir sjúklingana, að læknarnir fari utan, heldur en sem nemur því fé, er til þess fer úr ríkissjóði að styrkja þessa lækna.

Gísli Sveinsson: Herra forseti! Það er ekki langt mál, sem ég að þessu sinni mun flytja fram út af brtt. þeim, sem fram eru komnar við fjárl. og ég hefi nokkuð með að gera.

Ég get verið hv. fjvn. þakklátur fyrir, að hún hefir séð, að sanngjarnt var að taka upp till. þá, sem áður var flutt um kaup á jörðunum í Mýrdalnum, er sæta ágangi Hafursár. Nú er till. komin sem bókstafur k undir 64. brtt. á þskj. 891. Hv. fjvn. hefir verið það ljóst, að ekki varð hjá því komizt, að ríkið tæki nokkra ábyrgð á þeim framkvæmdum, sem þarna voru gerðar, sem að nokkru leyti miðuðu til bóta hvað samgöngur snerti, en hafa hinsvegar orðið til þess, að þessar umræddu jarðir, þrjár að tölu, liggja undir skemmdum, nema tekið sé í taumana og býlin færð saman og búið til eitt eða tvö býli úr þeim öllum.

Annars vil ég harma það, að hv. fjvn. hefir ekki getað fallizt á að taka hinar till. með, og ekki heldur að mæla með till. frá mér, sem ég bar fram við 2. umr. fjárl., sem sé um að hækka framlagið til Síðuvegarins úr 3 þús. kr. upp í 6 þús. kr.

Það einkennilega kom til í þessu máli, að þó að vegamálastjóri legði fyrir ráðherra till. um, að til þessa vegar skyldi varið miklu hærri upphæð, þá var ekki sett í frv. stj. hærri upphæð en þessar 3 þús. kr., sem er algerlega ófullnægjandi. Hv. fjvn. hefir ekki séð sér fært, eða a. m. k. ekki treyst sér til þess að laga þetta. Ég taldi þó, að hún mundi geta tekið öðruvísi í málið, þegar henni var sýnt fram á nauðsyn þessa. Þessi till. er ekki sérstaklega borin fram til þess að hækka óheyrilega það framlag, sem lagt er í sýsluna til vegagerðar. En minni fjárhæð en 6 þús. kr. kemur naumast að notum, en með 6 þús. kr. framlagi má ætla, að þessi vegarkafli, sem nú er hálfgerður, verði fullgerður.

Hv. 1. frsm. fjárl. er því miður ekki viðstaddur, en ég hafði ætlað mér að hafa nokkur ummæli um þennan veg og reifa málið á ný, og vænti ég, að hinir aðrir flokksmenn hans, sem hér eru viðstaddir, skili því til hans.

Það blandast engum, sem til þekkir, hugur um, að brýn nauðsyn ber til þess að fullgera þennan veg, og sama máli gegnir um hina aðra brtt., 10. lið á þskj. 890, þar sem farið er fram á að hækka framlagið til Mýrdalsvegarins úr 5 þús. kr. upp í 8 þús. kr. Þarna í Mýrdalnum stendur einnig svo á, að þetta framlag kemur ekki að haldi nema það sé hækkað eins og ég legg til.

Það getur meira að segja komið til, að þegar allur vegurinn frá Rvík austur í Skaftafellssýslu er fær og engar hindranir af vötnum, þá verði ekki á vissum kafla í Mýrdalnum komizt áfram. Þessar 5 þús. kr. eru alls ónógar, en það minnsta er 8 þús. kr.

Ég hafði vænzt þess, að fjvn. tæki þessar till. upp, en hún hefir enn þá ekki gert það. Sérstaklega hefði mér fundizt það vel við eigandi, eins og ég benti á við 2. umr., samanborið við það, að n. hefir tekið upp allmikla vegakafla, fyrir áhrif frá hinum og þessum þm., sem að vísu hafa haft þetra eyra hjá hv. fjvn. heldur en þm. V.-Sk. Ég veit, að vegamálastjóri hefir ekki verið um þetta spurður, en það er lagt til þessara vega í þúsundatali. Ég vænti þess, að hv. frsm., sem fær þessi orð mín send, taki vel í þessi atriði, þó að nokkuð sé orðið áliðið hjá nefndinni til þess að taka upp till.

Þá skal ég aðeins með fáum orðum víkja að till. minni undir XXXII. lið við 16. gr. 34. lið, þar sem farið er fram á lítilsháttar styrk til

handavinnukennslu í Vestur-Skaftafellssýslu. Á undanförnum árum hafa verið veittar um 500 kr. einu kvenfélagi til þess að halda uppi námskeiði í handavinnu. Nú hafa risið upp kvenfélög víðar, sem taka þetta sama fyrir og hafa haldið uppi námskeiðum án þess að fá styrk til þess. Það eru eitthvað 3 eða 4 kvenfélög, sem hafa risið upp á síðustu árum, og hafa þau öll beitt sér fyrir kennslu í handavinnu. Tel ég því sjálfsagt, að þeim sé veittur styrkur til þessarar starfsemi sinnar og fer fram á 500 kr. hækkun, og skuli styrkurinn veittur til kvenfélaga í V.-Skaftafellssýslu, í staðinn fyrir þessu eina kvenfélagi, sem naut hans áður óskipts. Ég vænti þess, að hv. fjvn. líti sanngjörnum augum á þetta og lofi till. að ná fram að ganga.

Ég býst við, að þessi till. eða aðrar líkar þessari nái fram að ganga, þó að þær komi svona seint fram. Ég lýsti því við 2. umr., að svona till. gæti komið fram, svo að það má segja, að hv. fjvn. sé hún ekki ókunnug. Ég sé svo ekki ástæðu til að hafa lengra mál; ég á sjálfur ekki fleiri brtt. heldur en nú hafa verið greindar og vil því lofa öðrum að fá orðið, sem eftir eiga að tala.

Jörundur Brynjólfsson: Ég hefi leyft mér að bera hér fram brtt. við 22. gr. fjárl. ásamt hv. samþm. mínum, um að heimila ríkisstj. að kaupa Kaldaðarnestorfuna í Árnessýslu, ef aðgengilegir skilmálar fást um verð og greiðslu. Þetta er eitt af höfuðbólum sýslunnar, liggur vel í héraði og ríkið á þarna lönd við, sem það hefir tekið á móti upp í áveitukostnaðinn og tilætlunin mun vera að reisa á nýbýli. Land jarðarinnar er mjög stórt og frjótt og liggur vel, svo þarna væri hægt að koma fyrir fjölda nýbýla, ef það væri keypt til viðbótar við það land, sem ríkinu hefir þegar verið afhent á þessum slóðum. Tel ég því vel til fallið, að ríkið kaupi þessa jarðeign, ef aðgengilegir skilmálar fást, einmitt með tilliti til býlafjölgunar. Ég skal geta þess hér sem aukaatriðis, þó það kunni að hafa nokkra þýðingu á sínum tíma, að í landi jarðarinnar er hinn bezti sjálfgerði flugvöllur, sem til er á landinu, og mætti með litlum tilkostnaði gera hann vel úr garði. Þegar frá líður er ekki gott að segja, hverja þýðingu það kann að hafa.

Ég sé ekki ástæðu til að fjölyrða meira um þetta. Vona ég, að stólarnir skili þessum orðum mínum til þeirra, er þá eiga að skipa, er þeir koma, og efast ég þá eigi um áhrifin, ef í engu er brenglað mínum röksemdum.

Atvmrh. (Haraldur Guðmundsson) óyfirl.: Ég ætla að drepa á það, er hv. 1. þm. Skagf. sagði í gær í sambandi við brtt. n. um framlagið til hafnargerðar á Ísafirði. Taldi hann, að með 20 þús. kr. framlagi væri Ísafjarðarhöfn mun betur sett heldur en aðrar hafnir, og mundi þó jafnvel eiga að fá greidda vexti af skuldum hafnarsjóðs að einum fjórða hluta, eða sem svarar ríkissjóðsframlaginu. Ég vil ekki láta þessi ummæli standa ómótmælt í þingtíðindunum. Því fer fjarri, að hér sé rétt frá skýrt. Þegar ríkisábyrgð var heitið og samningar gerðir um lántöku, mun hafa komið til orða, að dreift yrði á langt tímabil framlagi ríkissjóðs, eða allt að 12 árum, sem er sá tími, er lánið á að greiðast á. Ég held það sé ekki ofmælt, þó sagt sé, að bæjarstj. hafi verið veittur ádráttur um, að ríkissjóður tæki þátt í vaxtagreiðslum hlutfallslega við sitt framlag; um þetta eru þó ekki til bréf í ráðuneytinu. Ég átti tal um þetta efni við fjvn., og hún var því mótfallin, að ríkissjóður færi inn á þá braut að taka þátt í slíkum vaxtagreiðslum. Var því horfið að því ráði að hækka framlagið til þessarar hafnargerðar og stytta þannig þann tíma, sem ríkið greiðir á sitt framlag, en greiða ekki neitt upp í vexti. Fjvn. mun hafa talið það varhugavert fordæmi að fara inn á þá braut að taka þátt í slíkum vaxtagreiðslum; viðurkenni ég, að hún hefir þar nokkuð til síns máls, enda fer fjarri því, að um nokkuð slíkt sé að ræða í sambandi við þessa till. Kostnaðurinn við hafnargerðina á Ísafirði mun vera um 400 þús. kr. Upp í það er ríkissjóður enn ekki búinn að greiða nema 5000 kr. Ógreitt er því af framlagi ríkissjóðs, sem á að vera ¼ kostnaðar, um 100 þús. kr. Til þess að sýna, að það fer fjarri því, að Ísafjörður njóti í þessu efni betri kjara en aðrir staðir, skal ég benda á nokkur dæmi.

Á Akranesi er kostnaður við bryggjugerðina talinn 590 þús. kr. Af því er ríkissjóður þegar búinn að greiða 125 þús. kr.; ógreitt mun vera um 111 þús. kr., ef allt er tekið með, en samþykki ríkisstj. mun ekki liggja fyrir um síðara hluta verksins.

Til hafnarinnar á Ísafirði á ríkissjóður eins og áður er sagt að greiða 100 þús. kr., eða 20 þús. á ári í fimm ár.

Til hafnargerðarinnar á Skagaströnd er búið að kosta um 200 þús. kr., og þar af hefir ríkissjóður þegar greitt 50 þús., og í þessum fjárl. er gert ráð fyrir 8 þús. kr. framlagi.

Framlag ríkissjóðs til Sauðárkrókshafnar er gert ráð fyrir, að skiptist á 10 ár, enda er þar um margfalt meira verk að ræða. Á framlagið að nema 25 þús. kr. á ári.

Hafnargerðin á Húsavík er áætlað, að kosti 450 þús. kr. Til hennar eru ætlaðar 25 þús. kr. í þessum fjárl. og gert ráð fyrir, að það haldi áfram.

Ég vildi benda á þessi dæmi til að sýna, að það er rangt, að Ísafjörður sé nokkuð sérstaklega vel settur í þessu efni; hann er það ekki, nema síður sé.

Ég hygg, að ég geti látið vera að ræða hér einstakar brtt. að svo stöddu, a. m. k. þangað til sérstakt tilefni gefst til.

Jónas Jónsson óyfirl.: Út af ræðu hv. 1. þm. Skagf. sérstaklega og út af fjárl. í heild sinni vildi ég segja nokkur orð, þó ég sé eigi frsm.

Hv. 1. þm. Skagf. lýsti fyrir sitt leyti skoðun sinni á störfum fjvn., erum við þar sammála um margt, en þó ekki um allt. Ég get fyrst tekið það fram, að n. hefir starfað á nokkuð óvenjulega hátt. Af því þingið hefir verið svo langt og af því að slá varð nokkuð inn á nýjar leiðir, þá hefir n. haft miklu fleiri fundi og

lagt á sig miklu meiri vinnu heldur en venja er til. Og mér virðist, að þegar litið er yfir þennan langa starfstíma, þá megi lýsa starfi n. á þann hátt, að hún hafi komið sér saman um eins mikið eins og skynsamlegt var að búast við, að hún gæti komið sér saman um. Þau atriði voru, eins og eðlilegt er, miklu fleiri, sem hægt var að vera einhuga um, heldur en hin, sem ekki varð um samkomulag. Það, sem n. vann að yfirleitt af alvöru allan tímann, var hið almenna viðhorf fjárl., sem allir nm. voru frá því fyrsta til hins síðasta nokkurnveginn samdóma um, hvernig ætti að taka á. Að síðustu kom aftur á móti fram það, sem ómögulegt var að gera ráð fyrir, að hægt væri að ná samkomulagi um, viðhorf þeirra, sem eru með stj., og þeirra, sem eru á móti henni, því þar er um nokkuð djúptækan skoðanamun að ræða hér á landi, þar sem tveir umbótaflokkar standa að núv. stj. og hennar starfi, en á móti henni er aftur aðallega einn flokkur, getur maður sagt, sem hét áður *íhaldsflokkur, en af praktiskum* ástæðum í sambandi við það, að hann fékk inn í sig tvo menn, breytti um nafn. Hann hætti að kalla sig íhaldsflokk og tók upp annað nafn, sem ekki setti lit á hann á sama hátt, en vitanlega breytti flokkurinn ekki eðli sínu á nokkurn hátt, þótt inn í hann kæmu tveir menn, sem kunnu betur við annað nafn. Þess vegna er það ósamræmi, sem hv. 1. þm. Skagf. lagði áherzlu á, að komið hefði fram einkum í því, sem kalla mætti hið stærra, þó lítið reyndi á þá skiptingu, aðeins hin eðlilega afleiðing af skoðanamun stjórnarsinna og stjórnarandstæðinga.

Ef sá flokkur, sem hv. 1. þm. Skagf. tilheyrir, með sinni undirdeild — sem ég vil ekki telja að hafi neina beina sérstöðu, heldur standi í raun og veru í svipuðu hlutfalli við Sjálfstfl. eins og tunglið við jörðina, fylgir sínum móðurhnetti án þess að geta gert mikið að sjálfstæðu lífi — hefði verið í meiri hluta eftir síðustu kosningar, þá er fullvíst, að þau mál, sem telja má aðalnýmæli þessa þings, hefðu ekki verið hreyfð. Það hefði yfirleitt ekki komið til mála að leggja fé til landnáms í sveitum eða í alþýðutryggingar. Og á sama hátt er fullvíst, að mestu hitamál þingsins í fyrra, skipulagning *afurðasölunnar innanlands*, hefðu heldur ekki verið hreyfð. Það sést á því, hvernig aðstöðu þeir menn, sem nú eru í stjórnarandstöðu, höfðu á árunum 1932—1934 án þess nokkur forganga væri af hálfu þáv. stj., hvorki í hinum stóru áhugamálum síðasta þings eða þessa þings. Hinsvegar komu þeir tveir flokkar, sem nú mynda stj., sér saman um opinberan samning um það árið 1934, að þeir skyldu vinna saman að þessum málum. Það var meira að segja tímabundið, þannig að í samningunum var gert ráð fyrir, að þau mál, sem samþ. voru í Ed. í gær, tryggingarnar og samvinnubyggðirnar, skyldu einmitt verða samþ. á þingi yfirstandandi árs. Auðvitað er vel hægt að hugsa sér, að það hefðu getað verið þær ástæður í landinu, að stjórnarflokkarnir hefðu að einhverju leyti orðið að endurskoða þessa samninga, en það lá ekki fyrir, að þeir kæmust að þeirri niðurstöðu nú. Undrunin, sem hv. 1. þm. Skagf. lýsti yfir því, þegar þessi mál komu fram, er e. t. v. eðlileg að því leyti, að þeim, sem eru á móti slíkum málum, getur vitanlega gleymzt það, sem um þau hefir verið sagt, þegar þeir hafa það ekki ávallt fyrir sér, en allir, sem lesið hafa samning stjórnarflokkanna, vissu, að þeir voru bundnir við að koma þessum málum fram nú, ef þeir breyttu ekki samningnum. Og jafnreyndir þm. eins og hv. 1. þm. Skagf. er, hlutu að vita, að ef málin áttu að komast fram, hlaut það að kosta peninga. Þá voru tveir kostir fyrir hendi, að leggja á nýja skatta, eða gera niðurskurð það kröftugri en þann, sem framkvæmdur hefir verið, að hann einn nægði til að halda jafnvæginu milli tekna og gjalda ríkissjóðs. Ríkisstj. komst að þeirri niðurstöðu, að ekki væri hægt að skera niður hin venjulegu útgjöld fjárl. það mikið, að tekjurnar hrykkju einnig fyrir hinum nýju útgjöldum, og því lagði hún til við fjvn., sem hefir slík mál með höndum, en ekki fjvn., að taka upp þá skatta, sem umræddum málum fylgja. Hinsvegar kemur það vitanlega stjórnarandstæðingum einum við, hvort þeir reikna með því, að stjórnarflokkarnir haldi sér við sín plön.

Raunar skildist mér hv. 1. þm. Skagf. vilja segja, að allir væru sammála um, að hin normölu útgjöld fjárl. væru of há. Það er rétt, og því hefi ég haldið fram bæði í n. og blaðaskrifum, og mun ég koma nokkuð að því síðar, að ég álít þau vera það enn. En það útilokar alls ekki, að komið geti fram einhverjir hlutir, sem einhverjir menn eða flokkar álíta svo nauðsynlega, að það verði að gera þá. Ég get tekið dæmi úr reynslu hv. 1. þm. Skagf. sjálfs sem ráðh. Haustið 1932 urðu hér óeirðir nokkrar í bænum út af kaupgjaldsspursmáli, þannig að stj. fannst ekki verða hjá því komizt að auka lögregluna. Sú ráðstöfun mun þó hafa kostað allmikið fé. Ég efast ekki um, að hv. 1. þm. Skagf. hefði ekki undir neinum kringumstæðum óskað eftir að þurfa að leggja í þennan aukna kostnað, vegna fjármálaafkomu þjóðarinnar. En hann mun hafa litið svo á, að þörfin á auknum ráðstöfunum til þess að vernda líf og eignir borgaranna væri svo rík, að hætta yrði á að fá þær gerðar, jafnvel milli þinga, heldur en að láta reka á reiðanum. Þess vegna veit ég, að hv. 1. þm. Skagf. og þeir, sem líta á málin eins og hann, geta vel skilið, að framkvæmdir eins og alþýðutryggingar og samvinnubyggðir þurfa ekki að vera í neinu ósamræmi við almennan sparnað. Hv. 1. þm. Skagf. hélt áfram árið 1932 því, sem fyrirrennari hans var búinn að undirbúa, að draga úr kostnaðinum við landhelgisgæzluna. Hann lét skipin liggja um sumarið, og var það sparnaðarráðstöfun, sem vitt var af ýmsum. En stj. tók þarna það ráð að spara á landhelgisgæzlunni, af því hún vildi spara, en jafnframt eyddi hún í varalögreglu, af því hún áleit það óhjákvæmilegt. Þannig fara einnig saman þau tvö eðlilegu viðhorf hjá okkur í meiri hl., að við viljum spara þar, sem hægt er að spara, en eyða þar, sem við álítum ekki hægt að komast hjá því. Í sambandi við þetta get ég bent hv. 1. þm.

Skagf. á það, að þó ég sé ekki þm. Skagf., þá höfum við verið samdóma um svo að segja allt, sem hann hefir flutt hér á þingi til framfara fyrir sitt hérað nú og í fyrra. En skoðanir okkar um það að hjálpa þessu héraði til þess að fá þetta eða hitt hafa verið mjög fordæmdar af mörgum hér á þingi. Það hefir t. d. verið sagt, að það væri vitleysa að hugsa sér að leggja út í að gera höfn á Sauðárkróki nú; ekki af því, að það væri ekki gott í sjálfu sér, það væri bara ekki tími til þess nú. Svipað er að segja um aðrar hafnarbætur. Það hafa t. d. margir verið óánægðir yfir því, að það skyldi vera byggð bátahöfn á Ísafirði. Menn segja, að þetta sé bezta höfn á landinu, og í hana er búið að setja 400 þús. kr. Hv. 1. þm. Skagf. veit vel, að flokkur hans og Alþfl. bundu sig í því máli með áskorun milli þinga, þó hann sé nú, að ég hygg, óánægður yfir því, þegar ríkissjóður þarf að fara að greiða kostnaðinn. En svona eru hlutirnir, sömu mennirnir vilja spara og eyða, mönnum kemur bara ekki saman um, hvernig á að fara að því. Ég get bent hv. þm. á það, að hans flokksbræður, án þess ég sé nokkuð að ásaka þá fyrir það, langaði mjög mikið í ýmiskonar eyðslu, sem þeir töldu réttmæta. Hv. þm. Vestm. hefði t. d. mjög óskað eftir, að hægt hefði verið að fá 90 þús. kr. í þessum fjárl. til hafnarinnar þar. Fyrir slíkum till. eru ýms rök, meira og minna sterk, svo það er ekki annað en fjárhagsástæður landsins, sem getur hindrað menn í að greiða þeim atkv. Þess vegna er enginn grundvöllur undir ásökunum hv. frsm. minni hl., því jafnvel sá flokkur, sem hét íhaldsflokkur og hefir væntanlega enn meira íhaldseðli en stjórnarflokkarnir, er með sínar eyðslukröfur samhliða því sem hann vill spara almenn útgjöld ríkissjóðs. Og þær kröfur eru það stórtækar og hvetjandi fyrir aðra til að ganga í sömu átt, að það er enga línu hægt að draga milli stjórnarandstæðinga og stjórnarsinna í því efni. Það er aðeins sá munur, að stjórnarandstæðingar hafa vissa hluti, sem þeir vilja eyða í, og stjórnarsinnar vissa hluti aðra, sem þeir vilja eyða í.

Ég býst við, að hv. 1. þm. Skagf. taki hér til máls aftur, og af því mér finnst það skipta máli, vil ég benda honum á, ef honum þykir með öllu óviðurkvæmilegt að hækka skatta á vissum hlutum — ég er ekki viss um, að hann sé svo mikið á móti benzínskattinum, hans flokkur hefir a. m. k. ekki verið það áður, en við getum t. d. tekið hátekjuskattinn —, að hér í bænum, þar sem hans flokkur er í meiri hl., er stöðugt lagður á hærri og hærri hátekjuskattur, sem er útsvörin. Ég óska eftir, að hv. þm. útskýri það, hvernig hann getur áfellt núv. stj. og þingmeirihluta, þó skattar séu hækkaðir nokkuð, úr því hans eigin menn, sem bera ábyrgð á stjórn Reykjavíkur, ekki aðeins nú í ár, heldur ár eftir ár, hækka stöðugt skattana í bænum, án þess þó að leggja í sérstakar framkvæmdir á sama hátt og ríkið. Því það er ómögulegt að neita því, ef litið er yfir framkvæmdir Reykjavíkurbæjar og framkvæmdir ríkisins, að þær eru næsta ólíkar. Ég man ekki eftir, að Reykjavíkurbær hafi eina einustu framkvæmd, sem verulegu máli skiptir, á dagskrá sinni nú. Engar áberandi framkvæmdir a. m. k., sem sambærilegar eru t. d. við vegagerðir ríkisins úti um allt land; sérstaklega þá nýjung, sem nú á að taka upp í sambandi við benzínskattinn, að hrinda á stað tveimur nýjum þáttum í okkar vegamálum, annarsvegar malbikun eða steinsteypu mest förnu veganna hér á landi, sem aldrei hefir verið lagt út í fyrri, hinsvegar byggingu stærsta og alnauðsynlegasta vegar á landinu, vetrarvegarins austur, þessa öryggisvegar milli Suðurlandsundirlendisins og Reykjavíkur. Meira að segja, þó að lítið hafi verið gert að byggingum, þá hefir þingið styrkt tvær skólabyggingar, aðra í Eyjafirði og hina í Hafnarfirði, fyrir utan það, sem það styrkir nokkrar minni barnaskólabyggingar. En Reykjavík byggir ekki eitt einasta hús, — og á þó engin hús, — ekki spítala, ekki gagnfræðaskóla, ekki gamalmennahæli eða barnahæli, svo að teknir séu til dæmis örfáir hlutir, sem allir almennilegir bæir eiga til. Þetta er ákaflega leiðinlegt, ef hv. 1. þm. Skagf. getur ekki útskýrt, hvers vegna hans flokksbræður hækka stöðugt gjöldin í Reykjavík, með báðum þeim aðferðum, sem stjórnarflokkarnir leggja til á Alþingi, viðskiptagjaldinu og hátekjuskattinum. Reykjavík hækkar útgjöldin stöðugt, bæði á fátæklingunum með nefskatti og á efnamönnunum, eins og gert er með hátekjuskattinum.

Ég hefi gert grein fyrir því, sem hv. 1. þm. Skagf. gerði að umræðuefni, að það væri ósamræmi hjá stjórnarliðinu að vinna að sparnaði og leggja í nýja eyðslu, sem hér er um að ræða.

Þá er eitt atriði úr gagnrýni hv. þm. á starfi fjvn., en það er sú till., sem kom þar til orða, og sem ég áleit koma til mála að setja í fjárlögin, en hvarf síðan frá, eftir að fengnar voru nýjar upplýsingar, að sett yrði inn núna, vegna þess að það væri eiginlega ekki hægt að ákveða um það nú sem stendur. Mér var þá ekki kunnugt það, sem þeir Páll Zóphóníasson og Jón Árnason upplýstu, að það hefði orðið nokkuð öðruvísi kjötsalan en í fyrra. Og þessir menn, sem standa hvor fyrir sinni deild, annar fyrir sölu á frosnu kjöti og saltkjöti erlendis en hinn fyrir sölunni innanlands, álitu hitt óheppilegt. Í þessu efni fer ég þannig að, sem ég hygg, að flestir þm. myndu gera, að ef ég fæ nýjar upplýsingar, þá geri ég ekki málinu ógagn með því að taka það fyrir strax, meðan það er óundirbúið. Ekki sízt í fjvn. verður hver maður að fara þannig að, að taka nýjum upplýsingum og seinka eða flýta málunum eftir því, hvort það er til bóta eða ekki.

T. d. má taka, að eftir upplýsingum frá fjármálastjórninni, þá hallaðist n. að vissum áætlunum um suma tekjuliði í vetur, en eftir breyttar upplýsingar frá Spáni og annarsstaðar frá urðum við að treysta sjónarmiði okkar. Í staðinn fyrir að hafa getað fram að þessu fengið greitt í reiðum peningum frá Ítalíu það, sem keypt var fram yfir, þá komu þær fréttir, að við gætum ekki treyst á annað en vöruskipti þar. (MG: Ég man ekki, að þetta kæmi fyrir í fjvn.). Ég veit ekki, hvort hv. 1. þm. Skagf. hefir verið

viðstaddur, en við vissum þetta í stjórnarflokkunum, og ég skýrði frá því í n. og samtalinu við Hálfdán frá Steinnesi. Það getur verið, að hv. þm. hafi ekki verið við. En þetta var a. m. k. ákvarðandi fyrir mig. Og við í meiri hl. breyttum því um vissa liði frá því á vetrarþinginu snemma og þangað til nú, eftir þessum upplýsingum, sem við fengum. Á sama hátt breytti ég viðhorfi um að setja ekki inn í fjárl. þessa kjötuppbót nú, til að vita, hvort salan reyndist ekki betri, hvort það gæti ekki viljað til, að frosna kjötið seldist betur en hægt er að hafa upp úr kjötinu á markaðinum innanlands. Ég veit, að hv. 1. þm. Skagf. skilur, að það gætu komið fyrir þær ástæður, að það hafi þýðingu, hvernig slík till. er orðuð. Þetta var það atriði, sem hv. þm. sérstaklega gagnrýndi sem verandi óskynsamlegt í vinnubrögðum n.

Þá er hinn þátturinn, þar sem við allir í n. höfum unnið saman og við hyggjum allir, að við höfum unnið gott og gagnlegt verk, þó ég játi, að þar þurfi að halda áfram. Ég tók það fram, að sú vinna, sem við lögðum í niðurskurð, var mjög mikil, og við leggjum til, að hann verði um eina millj. kr. Það fer nokkuð eftir atkvgr. í dag, hvað mikill hann verður. En jafnvel þó sumt af þeim till., sem við komum með, verði ekki samþ. hér, eins og t. d. um barnaskólana, þá eru það afarmikil framtíðarmál í sparnaðarátt, sem verður að leysa á næstu þingum eftir sömu línu og n. hefir lagt.

Að okkur úr þrem ósamstæðum flokkum tókst að koma okkur saman um þessa millj. kr. lækkun, það er ekki aðeins til hróss fyrir okkur, heldur fyrir flokkana, sem við vorum fulltrúar fyrir, og til hróss fyrir þingið, því að þetta starf er bergmál af því, sem þingflokkarnir vildu.

Ég álít þessa byrjun — ég vil ekki kalla þetta niðurskurð eingöngu, heldur var það byrjun á því, sem kalla má, reyndar með fremur leiðu orði, endurskipulagning., — ég álít þetta það merkilegasta, sem þingið hefir slegið inn á, merkilegra en frv., sem samþ. voru í gær. Fjvn. er hér í umboði þingflokkanna byrjuð að ganga kritiskt að eldri ákvörðunum þings og þjóðar, sem byggðust á varanlegum viðhorfum, sem nú eru orðin önnur við vaxandi erfiðleika út á við, sölutregðu, innilokunarstefnu, minnkandi tekjur einstaklinga, bæjarfélaga og ríkis, sem leiðir til þess, að viðhorfið síðan um stríð, sem hefir verið byggt á hækkandi tekjum ríkis og einstaklinga, verður að breytast. Það hafa verið gerð mörg lög, berklavarnalögin o. fl., sem eru með ótilteknum útgjöldum. En þetta er sú mesta hætta, sem vofir yfir fjárhag ríkisins, sú stefna, sem vaxin er upp í góðærinu og allir flokkar hafa stutt fram að þessu, að hafa þessi ótilteknu útgjöld. Ríkissjóður er að þessu leyti eins og maður, sem hafa verið opnaðar æðar á nokkrum stöðum líkamans, svo að blóðið streymir þar út; þannig er með berklalögin, strandvarnarlögin, mikinn hluta uppeldismálanna. Viðvíkjandi jarðrækt má nefna lögin um búfjárrækt, sem n. leggur til, að sett verði hámark á. Sama gildir um innflutning tilbúins áburðar, þar sem í fyrsta skipti er horfið að því ráði að setja hámark. Sfj. vildi ekki í fyrra setja hámark á kostnaðinn við tilbúinn áburð, og margir þm. eru ef til vill óánægðir með þetta, en viðhorfið er þannig breytt, að menn finna nauðsyn þessa, og ég álít, að allt þingið sé að nálgast þá skoðun, að í stað þess að hafa margar opnar æðar á þjóðarlíkamanum, þá verði að hafa hemil á því, að ekki streymi út meira blóð en þjóðin þolir, en þess hefir ekki verið gætt hingað til.

Ég get nefnt t. d., að það er enginn vafi, að framlagið til berklavarna ætti að vera ákveðin upphæð. Upphaflega var áætlaður kostnaður við berklavarnirnar 100 þús. kr., en nú er hann kominn á aðra millj. kr. Hvernig á ríkisstj. að geta haldið yfirlit um fjárhaginn, þegar svo er komið.

Við framsóknarmenn, sem höfum beitt okkur fyrir frv. um landnám og samvinnubyggðir, höfum tekið fram, að við álítum sjálfsagt, að það ætti að vera ákveðin upphæð, sem til þessa er varið. Það hefði mátt byggja frv. þannig, að ríkið hefði lagt fram ákveðið hlutfall móti því, sem aðrir aðilar legðu fram. En þetta hefir ekki verið gert.

Ég geri ráð fyrir, að þessi litla byrjun fjvn., að það verði sem mest af útgjöldum ríkissjóðs lögbundið eða hámarksbundið, verði sú stefna, sem heldur áfram, því að lífið heimtar hana.

En fyrst ég minnist á þessa liði og hvernig mér finnst lífið vera að þvinga okkur inn á nýjan skoðunarhátt, þá tek ég landhelgisgæzluna, sem við í fjvn. höfum komið með till. um, sem ef til vill verður limlest í þinginu, en stendur ekki lengur en til næsta þings, að gengið verði inn á hana. Ég þarf ekki að eyða að því mörgum orðum, ef landhelgisgæzlan á að kosta það að hafa 3 skip og allmarga báta, þá getur það orðið upp undir millj. En ef aftur er hallazt að því skipulagi, sem hv. þm. Borgf. hefir nánar tiltekið í brtt. sinni í gær, að hafa 4 vopnaða báta og eitt varðskip, þá lítur út fyrir, að hægt sé að hafa eins góða gæzlu eins og nokkurn tíma hefir verið fyrir 400 þús. kr. Sú endurskipulagning eftir minnkandi getu þjóðarinnar hefir þann sparnað í för með sér, sem er munur á einni milljón og hinsvegar 400 þús. kr. Það er álitið af mönnum, sem hafa hagsmuni af að veiða í landhelgi, að munurinn við að hafa marga báta eða 2 varðskip sé svo mikill, að það muni þá svo miklu fjárhagslega, að þeir segja, að þeir geti ekki lagt í sama kostnað við útgerðina og áður, ef það væri.

Ég vil víkja að því aftur, af því það er eitt af því, sem við í fjvn. vorum flestir samdóma um, og það er endurskipulagning barnafræðslunnar. Í okkar sparnaðarfrv., sem ég bar fram í Ed. f. h. meiri hl., er gert ráð fyrir því sama og með landhelgisgæzluna, að endurskipulagningin spari mikla upphæð. Er gert ráð fyrir til muna færri kennurum, að fræðslan verði að nokkru leyti léttari, og auk þess gerðar minni þekkingarkröfur en áður hefir verið, og er byggt á því, að það koma á ári um eitt þúsund unglingar í héraðskóla á landinu, svo að mikill hluti barna fær líka þessa unglingafræðslu, svo að ekki er ástæða til að kenna þeim ýmislegt af því, sem þau læra síðar á heppilegri aldri.

Ég veit, að það vakir líka fyrir ríkisstj. að undirbúa skipulagsbreytingu á jarðræktarlögunum fyrir næsta þing. Það er svo, að 3000 jarðir á landinu hafa til samans ekki fengið styrk til móts við 100 jarðir. Af því sést, að full þörf er að taka þetta atriði til athugunar. Ég skal ekki segja, hvort það yrði til sparnaðar, en það yrði þó sú breyting, að litlu jarðirnar, sem hafa fengið of lítið hingað til, fá að njóta sín betur.

Ég vil ennfremur gera grein fyrir því hér, að eitt af því nýja, sem fjvn. hefir lagt til, er launaskráin. Ég tel það, hvað henni hefir verið vel tekið, vera sönnun fyrir því, að hún hafi þótt eðlileg bót. Ég vil segja það til hróss hv. andstæðingi mínum, sem ég er að svara hér, hv. 1. þm. Skagf., að hann beitti sér sérstaklega fyrir því, að hún yrði tekin fyrir. Með þeim hætti er ekki skoðanamunur í n. N. hefir unnið án afbrýðisemi um það, að þessi till. kæmi frá þessum þm., en önnur frá hinum. Og við getum viðurkennt, að launaskráin er komin frá honum.

Við höfum á síðasta fundi komið okkur saman um að skrifa stj. og farið fram á, að hún héldi áfram að samræma launalistann, því að hann er mjög á byrjunarstigi, eins og eðlilegt er. Við skoðuðum okkur ekki vera að gera launalög. En við reyndum að koma með samræmingu launa og lækkanir. Við höfum hvergi hækkað laun, því við skoðum okkur ekki sem launanefnd, en við höfum stundum bent á tilfærslur, en allt af án þess að auka útgjöldin og þar sem laun eru lögákveðin, höfum við látið þau halda sér.

Nú er það hinsvegar þannig, og rétt að segja það, þó að ekki séu fleiri þm. hér til staðar, að eins og launaskráin ber með sér, höfum við ekki tekið til athugunar önnur laun en þau, sem eru hreyfanleg, ekki heldur hjá ríkisstofnunum, sem eru undir sérstökum lögum. Því höfum við ekki tekið fyrir laun við ýmsar nefndir, sem starfa eftir lögum, ekki heldur fisksölunefnd, sem er í raun og veru landsnefnd, því hún starfar fyrir tilverknað þings og banka. Við höfum ekki heldur tekið til meðferðar laun hjá síldarverksm., þar sem þau eru þó í talsverðu ósamræmi við það, sem gerist annarsstaðar. Við höfum þó tekið flestallar þær stofnanir, sem við náðum til, og látið launin koma fram í launaskránni, til þess að kjósendur og þingmenn sjálfir geti tekið þau til meðferðar seinna meir.

Ég skal játa, að hálaunaskattur stj. kemur inn í þetta starf okkar, ekki samt eins og ég hefði óskað, en þó þannig, að hann jafnar ýms laun og dregur úr hærri launum.

Í stuttu máli, við í fjvn. höfum skrifað ríkisstj. og förum fram á, að hún haldi áfram þessu verki og styðji næstu fjvn. til að fullkomna það. En það er í raun og veru stj., sem verður að gera þetta, því að það verður með skattabreytingum eða lagabreytingum að koma endurbótunum á.

Ég vil taka sem dæmi um það, hvað ósamræmið er mikið frá fornu fari, að húsameistari ríkisins, sem hefir byggt meiri hlutann af húsum bæjarins og gæti haft 50—60 þús. kr., hefir 6 þús. kr. laun hjá ríkinu, en aftur á móti hefir teiknimeistari bæjarins 9 þús. kr. Bókhaldari síldarbræðsluverksmiðjunnar hefir 8000 kr. laun, þ. e. hærra en biskupinn og aðrir embættismenn. Sá háttur í launafyrirkomulaginu, sem mest er að, er, að fyrirtæki eins og Eimskipafélag Íslands og bankarnir greiða sínum forstjórum óhæfilega há laun. Eimskipafélagið leyfir sér að borga sínum forstjóra helmingi meira en landið borgar forstjóra sínum, forsætisráðherra.

Bankastjórarnir hafa um og yfir 20 þús. kr. laun, en ráðherrar og aðrir æðstu starfsmenn ríkisins aðeins 10 þús. kr. eða minna.

Þessir hlutir eru ein af erfðunum, sem við eftirlátum eftirmönnum okkar að bæta úr. Við í fjvn. höfum byrjað á því verki. En meðan svo er, að þetta ósamræmi helzt, þá verður aldrei friður í launamálunum, þá finnur þjóðin, að byggt er á óskiljanlegu ranglæti um launagreiðslurnar.

Ég vil ennfremur segja frá því, að við, sem eigum sæti í fjvn., höfum komið okkur saman um það, sem er kannske hálfgerð uppreisn móti forsetum Alþ., en það er það, að við höfum skrifað þeim bréf, þar sem við með hógværum orðum bendum þeim á, ef þeir verða áfram í þeim tignarsætum, sem þeir nú skipa, að þá sé æskilegt, að breytt sé að ýmsu leyti til frá því, sem verið hefir viðvíkjandi Alþ. Við höfum flestir í fjvn. hallazt að því að hætta að prenta þingtíðindin, en það er vafasamt, hvort nokkuð verður úr því nú. Við lítum svo á, að þar sem á Alþ. eru alltaf að hlaðast stærri og stærri störf, og það því farið að standa miklu lengur en áður — en þetta er nú þriðja árið, sem þing stendur nærri allan veturinn —, og þar sem þm. eru að mestu hættir að leiðrétta ræður sínar, vegna þess að leiði þeirra er svo mikill yfir hinu allt of langa þinghaldi, að þá sé það næstum sjálfsagður hlutur að hætta að prenta þingtíðindin. En það er ekki aðeins þetta, að þingin eru orðin svona löng, heldur er alltaf að stækka starfsmannahópurinn við Alþ. og í vaxandi atvinnuleysingjahópi hafa menn hneigzt að því að gera Alþ. að nokkurskonar atvinnubótastofnun. Í bréfum til forseta bendum við á, hvort ekki muni vera hægt á næsta þingi að komast af með færri dyraverði, og hvort það sé ekki nóg, að einn skrifi þingræður í einu, og einnig bendum við á, hvort ástæða sé til þess, að ýmislegt annað starfsfólk sé eins margt og verið hefir undanfarið. Ennfremur förum við í bréfinu fram á það, að á næsta þingi sé hafður strangari vörður um frið þingsins, og sá mikli straumur af áheyrendum, sem gengið hefir um deildarsalina sé stöðvaður. Það er ekki með þessu verið að ásaka forseta eða þá menn, sem haft hafa gæzlustarf með höndum hér, heldur er þetta orðið svona af gömlum vana. Það er nú komið svo, að menn utan úr bæ ganga í gegnum Ed. eins og þeir vilja og eru jafnvel farnir að taka sér stöðu upp við veggina. Ég hygg, að Nd. hafi sloppið betur í þessum efnum, og það er líklega af því, að hún þykir meiri af þessum tveim d. En ég hefi aldrei séð, að þetta hafi gerzt í Nd. á þennan hátt, sem ég

gat um áðan. Þetta er að vísu lítið atriði, en ég vona, að forsetar sjái, að þetta á ekki við, og að í byrjun næsta þings verði það lagt fyrir gæzlumennina að hindra þennan mannstraum. *Við í fjvn. álítum, að í hinni friðsamlegu end*urskipulagningu allra verðmæta, sem nú er verið að reyna að koma á, sé nauðsynlegt að taka þessi atriði, sem ég nefndi, til athugunar. Ennfremur vil ég benda á einn hlut, sem kemur okkur öllum við, en það er sú mikla ókyrrð, sem þingið hefir af hinni miklu símanotkun. Þegar beðið er um þm. í símann, þá er sjálfsagt hægt að viðhafa þá aðferð, að símavörðurinn skrifi nafn þess manns, sem hringir upp, og sendi svo miðann til þm., og getur hann þá séð, hvort hann þarf að tala við manninn eða ekki. Nú er þessu þannig háttað, að það er komið inn í þingsalinn og þm. heimtaðir í símann, svo að það lag er komið á, að símastofan er oft eins full og deildarsalir þingsins. Í þessum óskum, sem komið hafa fram frá fjvn. og eru studdar af mönnum úr öllum flokkum, er fólgin nokkur sparnaðarráðstöfun, en þær eru fullt svo mikið almenn umbótamál eða óskir um það, að vissir hlutir séu hafðir öðruvísi í starfshaldi þingsins en nú er, úr því á annað borð er farið að end*urmeta margt af því, sem okkur kemur við.*

Ég býst ekki við, að það sé ástæða til að tala um eitt atriði þinghaldsins, af því að það er búið að fella það áður, en það er, hvort eigi að hætta að rita og prenta þingræður. Frá mínu sjónarmiði eru tveir mögu leikar fyrir því að hætta að skrifa og prenta ræðurnar nú, sem ekki voru fyrir hendi áður. Annað atriðið er það, að verulegur hluti af stjórnarandstæðingum er nú fylgjandi því, en það var ekki 1924, því að þá voru allir stjórnarandstæðingar á móti því. Ég verð að álíta, að þó nokkuð margir af þeim séu með þessu, því að hver og einn einasti af stjórnarandstæðingum í fjvn. telur þetta ágætt mál. Ég hefði ekki viljað vera með þessu, ef andstöðuflokkur stj. væri á móti því, en sú ástæða er nú horfin. Það kom þó í ljós við atkvgr. í Sþ., að nokkuð margir af þeim eru á móti málinu. Þetta, sem ég nú hefi nefnt, er annað atriðið. En hitt atriðið er það, að þingtíðindin eru orðin svo stór, að fólk er almennt hætt að lesa þau. En það er *gagnstætt því, sem áður var. Svo er það eitt* atriði, sem hér kemur til greina, en ekki var til að dreifa 1924, en það er útvarpið. Og verð ég að segja, að það er mjög ákvarðandi atriði hvað mig snertir. Þegar ég í vor er leið var að halda leiðarþing í kjördæmi mínu, þá var það á Svalbarðsströndinni, að það kemur á fundinn gamall bóndi, sem var blindur. Þegar ég var búinn að segja helztu þingfréttir, þá stendur hann upp, þessi gamli, blindi maður, og kemur inn á fjöldamörg mál, sem ég hafði ekki minnzt á, og spurði mig að því, hvort það hefði ekki verið svona og svona, og hvort þessi eða hinn hefði ekki greitt atkv. eins og hann tiltók. Ég var að reyna að dylja fáfræði mína, því að ég mundi ekki helminginn af þeim atkvgr., sem blindi maðurinn norður á Svalbarðsströnd mundi gegnum útvarpið. Útvarpið er búið að breyta þessu svo eftirminnilega, að fólkið úti um allt land, og það óendanlega fleira fólk en það, sem las þingtíðindin, fær að vita á hverjum degi um niðurstöður mála gegnum útvarpið, ef það hefir áhuga á því að vita um slíkt. Nú fá menn þannig daglega að vita um það, sem menn 1845 gátu ekki veitt sér nema gegnum hið prentaða orð. Nú berast fréttir af þinginu daglega til fólksins gegnum loftið. Ég þykist því geta fullyrt, að það fari svo innan skamms, að það verði fleiri en ég, sem sjá, að við þessar breyttu kringumstæður er full ástæða til þess að athuga, hvort þessar ágætu ræður, sem við flytjum hér, eru svo dýrmætar, að nauðsynlegt sé að gefa þær út.

Ég held, að ég hafi í því, sem ég nú hefi sagt, komið inn á flest þau atriði, sem ég hefi viljað taka sérstaklega fram.

Hv. þm. V.-Sk. sveigði að því í ræðu sinni, að það myndi ekki hafa verið nægilega sterk löngun hjá fjvn. til þess að gera rétt upp á milli héraða um skiptingu vegafjárins. Ég held, að dómur tímans muni verða sá, að þing og stj. hafi aldrei nálgazt fullkomnun í þessu efni eins mikið og nú. Það var reynt í fjvn. að gera þessa jöfnun milli héraða eftir fullkomnu skipulagi. Það er lagt til, að kjördæmi hv. þm. V.-Sk. *fái 8 þús. kr., en það er satt*, að það er ekki í bezta flokki, því að sum héruð hafa dálítið meira, allt upp í 15—16 þús. Ég veit, að hv. þm. V.-Sk., hv. þm. Mýr., hv. þm. V.-Húnv. og hv. þm. A.-Húnv. er það kunnugt, að í þeim 4 sýslum, sem þeir eru fulltrúar fyrir, hefir verið lagt óhemjumikið fé í vegi undanfarin ár. Þessir menn ættu því að geta sætt sig við það, að Húnavatnssýslur og Mýrasýsla eru hinar lægstu í skiptingu vegafjárins, en svo kemur Vestur-Skaftafellssýsla, síðan Rangárvallasýsla og Norður-Þingeyjarsýsla með 10 þús. kr. hvor. Svo eru nokkrar sýslur, sem við töldum, að hefði minna verið sinnt áður, nokkuð hærri. Ég veit, að þegar hv. þm. V.-Sk. athugar, hvað mikið hefir verið lagt í vegi og brýr í hans kjördæmi undanfarið, og ber það saman t. d. við Barðastrandarsýslu, þá er ég sannfærður um, að þegar gert er ráð fyrir hinum óhjákvæmilega ófullkomleika, sem loðir við öll mannanna verk, að það verða tiltölulega fá % til staðar hjá fjvn. við úthlutun vegafjárins. *Ég hallast í þessu efni að þeirri skoðun, sem* fram kom hjá hv. þm. Dal., en hann sagði í fyrra í fjvn., að hann liti svo á, að ef ekki væru einhverjar opinberar framkvæmdir í hverri sýslu, þá vantaði menn möguleika til þess að fá skotsilfur upp í nauðsynleg gjöld. Á þessari skoðun höfum við í fjvn. byggt aðaltill. fyrir 2. umr., og reynt að hafa vissa jöfnun milli héraða til þess að veita þar atvinnu, sem mætti kannske kallast atvinnubótavinna. En það er ekki hægt að hafa fullkominn jöfnuð milli sýslnanna, því að sumar sýslur eru nú fyrst að fá vegalagningu, eins og t. d. Múlasýslur, Strandasýsla og Barðastrandarsýsla, og því er ekkert vit í að stefna að því að hafa engan mun á upphæð þeirri, sem veitt er til hverrar sýslu. Stj. veitir núna 650 þús. kr. í vegaviðhald, og skipting á því fé fer aðallega eftir því, hvar vegamálastjóri álítur, að sé mest þörf fyr-

ir það. Ég get glatt hv. þm. V.-Sk. með því, að til Mýrasýslu eru aðeins veittar 6 þús. kr. í vegi, en þar er líka búið að leggja tvo höfuðþjóðvegi gegnum sýsluna, og þar voru eitt árið veittar 70 þús. kr. til þess að leggja þjóðveg um sýsluna. Ég man ekki glöggt, hvað Vestur-Skaftafellssýsla hefir fengið undanfarið, en sum árin býst ég við, að upphæðin hafi numið um 40 þús. kr. En það, sem kemur til greina við úthlutun vegafjárins, er það, hvar mest er búið að gera af vegum og hvar minnst er búið að gera af þeim. Þess vegna mega hv. þm. ekki vera hissa á því, þó að Múlasýslur og Vestfirðir fái hærri upphæðir til vegalagningar heldur en þær sýslur, sem búnar eru að fá vegina. Tökum t. d. Gullbringu- og Kjósarsýslu, sem er búin að fá eitthvert bezta vegakerfið. En n. áleit rétt, að veittar væru 10 þús. kr. í Kjósarveginn, ekki af því að sýslan hefði ekki gott vegakerfi, heldur til þess, að hún hefði líka sína atvinnubótavinnu í vegalagningu.

Ég vil ennfremur að lokum minnast á eitt verk, sem fjvn., sú, sem nú hefir starfað tvö þing og verið skipuð sömu mönnum hefir nú byrjað á, en það verk hefir mætt nokkurri gagnrýni. En það er, að fjvn. hefir farið inn á þá braut, að binda fjárframlög til vissra fyrirtækja við fleiri ár. Ég vil þar fyrst og fremst nefna höfnina á Sauðárkróki og raunar líka hafnarvirkið í Vestmannaeyjum. Ef góðæri er í landinu, þá þarf ekki að hafa þetta fyrirkomulag, því þá er hægt að ákveða í fjárl. ábyrgðarheimild fyrir höfninni, og síðan er tekið lán erlendis. En það sást, þegar Jón Þorláksson var að taka rafmagnslánið í Svíþjóð, að þeir, sem réðu þar þessum málum, vógu það nákvæmlega, hvort við hefðum möguleika til þess að borga í erlendri mynt afborganir af láninu. Þess vegna hreyfðu þeir því, hvort við vildum ekki gefa vörutryggingu fyrir láninu. En þeim, sem að láninu stóðu, tókst að komast hjá þessu. Á þessu sást, hver ábrif heimskreppan hafði haft. Sú stefna ríkisstj., að reyna að komast hjá erlendum lánum, hlaut að leiða af sér stöðvun á mörgum stærri atvinnufyrirtækjum, ef ekki væru sérstök úrræði fundin. Þegar svo er komið, þá hygg ég, að það sé rétt að vissu leyti að færa fjármálatillitið í það horf, sem það var í milli 1880 og 1890, þegar menn urðu að velta fyrir sér hlutunum.

Í fyrra var það ákveðið af þinginu að veita 25 þús. kr. í höfnina á Sauðárkróki, og var þá ágætt samkomulag um það í fjvn. Það var ljóst þegar í vetur, að það var hætta á því, að ekki yrði byrjað á verkinu sjálfu, en það hefir verið lagður vegur við höfnina. En þegar mér þótti sýnt, að svo gæti farið, að verkið yrði að bíða, þá kom ég í fjvn. með uppkast að till., sem gekk út á það, að skora á ríkisstj., að ef ekki yrði byrjað á verkinu í sumar, þá væru þessar 25 þús. kr. lagðar til hliðar og notaðar síðar til þess að styðja verkið. En svo kom hv. 1. þm. Skagf. og breytti ofurlítið orðalaginu á till., og svo var hún samþ. svo breytt. En það, sem réð minni aðgerð í þessu máli, var það, að ég álít, að svo geti farið, að kreppan standi lengi, og því sé þetta rétta aðferðin, ef það á að vera hægt að gera höfnina á Sauðárkróki, sem er svo aðkallandi fyrir héraðið. Ég get líka nú nefnt 70 þús. kr., sem á nú að leggja í veginn austur yfir fjall. Með þessum tveimur fjárframlögum vinnst það, að tvö verst settu héruðin fá þarna hjálp til þess að atvinnulífið þar geti í framtíðinni staðið á traustum fótum. Þar sem samkomulag er um það, að taka sem minnst erlend lán, þá er ekki annað að gera en fara þessa leið, sem farin hefir verið að því er höfnina á Sauðárkróki og veginn austur snertir, þannig að binda fjárframlagið við mörg ár. Að því er Sauðárkrók snertir, þá hefir fjárveiting til hafnarinnar þar verið bundin við víst framlag á ári í 10 ár. Fjvn. byrjaði á þessu með því að leggja til, að fyrsta fjárveitingin væri lögð til hliðar, og stuðla með því að því, að þessi 10 ára samningur gæti orðið.

Magnús Torfason óyfirl.]: Ég á ekki nema eina brtt. við fjárl. að þessu sinni, og sú brtt. er ekki til hækkunar á útgjöldunum. Hún er þess efnis, að við 43. lið 16. gr. frv. bætist aftan við liðinn þessi aths.: Þar af 1200 krónur til Árnýjar Filippusdóttur. En alls eru veittar á þessum lið 2500 kr. til sambands sunnlenzkra kvenna. Hugsunin er sú, að þetta fé verði notað til húsmæðrafræðslu á Suðurlandsundirlendinu, eða fyrir þrjár sýslur: Árnessýslu, Rángárvallasýslu og Vestur-Skaftafellssýslu. Ástæðan til þess, að ég flyt þessa brtt., er sú, að það eru nokkuð skiptar skoðanir í stjórn samb. sunnl. kvenna um kennslukonuna. Sumar í stjórninni mæla með henni, en aðrar ekki. Til þess liggja vitanlega sérstakar ástæður, en það er einkamál félagsstj., sem ég fer ekki út í, eða geri upp skáar hér á þingi. Ég skal aðeins geta þess, að sumar konurnar, sem eru í stjórninni, mæla fastlega með þessari kennslukonu, svo sem vænta mátti. Hún er ein af þeim fáu konum, sem stundað hafa verklegt nám bæði utanlands og innan. Og ég hygg mér sé óhætt að segja, að hún sé langfjölkunnugust af kennslukonum í þeim greinum. Ekki aðeins í matartilbúningi og allskonar handavinnu, heldur er hún ágæt við fimleikakennslu og til að kenna ýmsar sérgreinar í handiðn og listiðnaði. Svo að hún er einhver fullkomnasti kennari, sem völ er á í þessum greinum. Auk þess er hún ágætlega vel fallin til þess að kenna börnum og umgangast fólk yfirleitt, þannig að öllum, sem kynnast henni, þykir vænt um hana. Hún er sérstaklega góð í sér, einkanlega við þá, sem veikir eru eða vanmegna, og auk þess frábærlega væn kona og mæt á allan hátt, og þykist ég í engu ofmælt hafa. — Ég vænti því, að þessi brtt. mín verði samþ., og þar með létt áhyggjum og ábyrgð af stjórn samb. sunnl. kvenna í þessu efni.

Þetta er, eins og ég áður gat um, eina brtt., sem ég flyt einn. En svo á að heita, að ég lafi aftan í brtt. þeirra stórfurstanna, Jóns Baldvinssonar og Jónasar Jónssonar, á þskj. 890, XXXIX, um að heimila stj. að verja fé úr ríkissjóði til launagreiðslu tveggja dómara í hæstarétti, ef dómurum verður fjölgað á árinu 1936 samkv. lögum um hæstarétt. Þessi till. er því

beint áframhald af því, sem samþ. var í lögum frá síðasta þingi um skipun hæstaréttar. Þar stendur, að dómarar skuli vera 5 í hæstarétti, og ég skil það sem beint loforð um, að svo eigi að verða í framkvæmdinni, hvenær sem því verður við komið. Nú verð ég að játa, að það horfir að vísu ekki byrlega um fjárhag ríkissjóðs, og því nokkur ástæða til þess fyrir stj. að hliðra sér hjá þeim kostnaði, sem af því leiðir. Hinsvegar er svo margt á reiki um fjárhag ríkisins, að vel gæti það komið fyrir, þegar líður á næsta ár, að svo rætist úr um fjárhaginn, að þessa ráðstöfun mætti framkvæma. Þess vegna tel ég rétt að setja slíka heimild inn í fjárl., á meðan þessir dómarar eru ekki skipaðir. En ég get lýst því yfir, að ef hinar fjárhagslegu horfur skyldu eitthvað vænkast, þá mun ég flytja beinharða till. um, að þessir dómarar verði skipaðir í réttinn samkv. hæstaréttarlögunum. Ég ætla svo ekki að hafa fleiri orð um þetta, það er svo einfalt mál.

En að síðustu þykir mér rétt að geta þess, að við framh. 1. umr. fjárl. fór hv. 1. fékjörinn þm. nokkrum orðum um 1. þingkjörinn þm. Það hefði máske verið ástæða til þess fyrir mig að svara því nokkrum orðum, en ég ætla ekki að gera það í þetta sinn, jafntímafátt og orðið er fyrir þinginu, enda væri mér sama, þó að fleiri hlustuðu á það en þessar fáu hræður, sem hér eru á pöllunum. Þess vegna mun ég sleppa því nú, ef ekkert sérstakt tilefni gefst til þess frekar.

Fjmrh. (Eysteinn Jónsson) óyfirl.: Ég vil ekki láta þessari umr. ljúka svo, að ég segi ekki nokkur orð, og er það þá sérstaklega í tilefni af því, sem hv. 1. þm. Skagf. vék að mér í ræðu sinni hér síðast. Ég vil þó byrja með að þakka hv. fjvn. fyrir starf hennar við fjárlfrv.; ég tel það allgott, enda hefir hún gert margar sparnaðartill., sem Alþingi hefir þegar fallizt á, en nokkrar af þeim eiga enn eftir að koma undir atkv., og vænti ég, að þær verði samþ.

Hv. 1. þm. Skagf. talaði hér, að mér virtist, með nokkurri beiskju um það, að þó fjvn. hefði staðið saman um það hlutverk að koma fram nokkrum sparnaði á fjárl., þá hefðu jafnframt komið frá stjórnarfl. allskonar till. um aukna eyðslu, og það í mjög stórum stíl, og ennfremur skildist mér á hv. þm., að það hefði verið farið framhjá fjvn. með þessar till. Út af þessu vil ég taka það fram, að sparnaðartill. fjvn. hafa hlotið fylgi mitt og einnig meiri hl. þingsins að miklu leyti, svo að hv. fjvn. hefir engu yfir að kvarta í því efni.

Og hvað viðvíkur þeim till. um aukna eyðslu, sem hv. þm. sagði, að stjórnartl. stæðu sérstaklega að, þá vil ég mótmæla því kröftuglega, að þær heyri undir venjulega eyðslu ríkissjóðs. Það hefir verið sparað á flestum liðum í rekstri ríkisins, þannig að hin árlegu útgjöld hafa verið færð niður á frv., sem svarar 1 millj. króna.

Hinsvegar er þess að gæta um hinar nýju till. stjórnarflokkanna um tekjuöflun og gagnlegar framkvæmdir, að þær eru að nokkru leyti tilfærsla á fjárgreiðslum frá einni stétt til annarar, og fer ég ekki út í það hér að gera grein fyrir því, en leyfi mér að vísa til grg. fyrir frv. um bráðabirgðatekjuöflun til ríkissjóðs, þar sem skýrt er frá því, hvernig hinum væntanlegu tekjum verður varið og teknir upp í lögin ákveðnir útgjaldaliðir. — Þá sagði hv. þm., sem að vísu er rétt, að fjvn. þyrfti að flytja allmargar brtt. við frv. til að færa áætlunarupphæðir betur til samræmis við það, sem reynslan hefði sýnt, að þær þyrftu að vera, enda hefðu ýmsir liðir á núgildandi fjárl. farið fram úr áætlun. Og sagði hann, að þetta stafaði af því, að ég hefði brugðizt því loforði eða yfirlýsingu, sem ég hefði gefið á síðasta þingi um það, að fjárhagsáætlunin fyrir árið 1935 skyldi standast. Hv. þm. getur ekki fundið þessari fullyrðingu sinni nokkurn stað, hversu vel sem hann leitar í ræðum mínum frá síðasta þingi. Ég sagði, að hækkun fjárl. árið 1935 stafaði að miklu leyti af því, að ýmsir stórir útgjaldaliðir hefðu verið hækkaðir til þess að komast sem næst því, er þeir hefðu raunverulega orðið áður samkv. landsreikningi. Og þetta ætla ég að standa við. — Það er vitanlegt, að fjárl. 1935 eru fyrsta sporið, er stigið hefir verið að gagni í áttina til þess að minnka mismuninn á fjárl. og landsreikningi. Og þeirri viðleitni hefir verið haldið áfram við undirbúning þessara fjárlaga. Þetta veit hv. þm. Ég hefi verið á mörgum fundum hjá fjvn. og reynt að beita mér fyrir því, að í þessum fjárl. yrði það á ýmsan hátt tryggt sem bezt, að mismunurinn á fjárl. og landsreikningi gæti orðið ennþá minni næsta ár en orðið hefir á þessu ári. Og nú get ég vel búizt við því, að hv. 1. þm. Skagf. standi hér upp á næsta þingi og segi, að ég hafi nú hér með lofað því, að fjárlagaáætlunin fyrir næsta ár skuli nákvæmlega standast í framkvæmdinni. Þetta eru alveg samskonar rangfærslur og útúrsnúningur og beitt var í eldhúsumræðunum á ummælum mínum frá síðasta þingi um verzlunarjöfnuðinn. Ég skal geta þess, að samvinna mín við hv. fjvn. hefir yfirleitt verið góð, en þó finnst mér, að þessi hv. þm. hafi ekki með góðum vilja gengið inn á að hækka ýmsa gjaldaliði, eftir því sem reynslan hefir sýnt, að var óhjákvæmilegt til þess að minnka mismuninn á fjárl. og landsreikningi. Að vísu hafa ekki verið mjög mikil brögð að þessu, en áhuginn var ekki eins mikill hjá hv. þm. í þessu efni í n., og hann vill nú láta á sér skilja.

Hv. þm. sagði, að ég hefði gengið svo langt í ummælum mínum í fyrra, að ég hefði þá lýst því yfir, að gjöldin væru áætluð í fjárl. eins og þau yrðu á árinu 1935. Ég skora á hv. þm. að finna þessum ummælum sínum stað, og mig furðar á, að hann skuli leyfa sér að viðhafa þessi orð. Annars grunar mig, að hv. þm. þykist ekki hafa miklar átyllur til ásakana á stj. fyrir umframgreiðslur úr ríkissjóði eða fjársöfun, hann býst auðsjáanlega ekki við, að hún hljóti ámæli fyrir það. Hitt mun sönnu nær, að hann óttist, að þessar tilraunir, sem nú eru gerðar til þess að hafa fjárl. sem næst því raunverulega, muni auka traust kjósenda á þeirri stj., er kemur því til leiðar. Og þess vegna er hv. þm. mjög annt um að láta það líta svo út, sem tilraunirnar hafi engan árangur

borið, eftir því sem þessir gortarar í ríkisstj., sem hann svo kallar, hafi ætlazt til og lofað berum orðum, að hans dómi. Ég vænti hinsvegar, að reynslan muni sýna hið gagnstæða, og bíð óhræddur þess úrskurðar.

Þá fór hv. 1. þm. Skagf. nokkrum orðum um tekjuáætlun fjárl. Ég ætla nú ekki að fjölyrða mikið um hana, en vil þó láta þess getið, að eftir núv. útliti að dæma álít ég, að teflt sé á fremsta hlunn með tekjuáætlunina í heild. Hv. þm. sagði, að ég hefði ekkert hreyft því við fjvn., að útflutningsgjald af sjávarafurðum væri of hátt áætlað í frv., en ég tók það einmitt fram við undirnefnd fjvn., sem hafði tekjuáætlunina til sérstakrar athugunar, að sá liður væri of hátt áætlaður, af því að búast mætti við enn meiri takmörkun á saltfisksölunni næsta ár. En þrátt fyrir það geri ég ekki ráð fyrir, að hróflað verði við þessum lið, heldur treyst á hitt, að aðrir tekjuliðir verði það riflegri en áætlað er, að þeir vegi það upp.

Hv. þm. sagðist ekki vita, á hverju það væri byggt, að áætla lægri tekjur af tóbakstolli og áfengis í fjárlfrv. heldur en nú eru á þessu ári. Ég skal skýra þetta, svo að hv. þm. verði það skiljanlegt. Það mun verða reynt á næsta ári að spara eitthvað gjaldeyri til innkaupa á þessum vörutegundum, en jafnframt gerðar ráðstafanir til þess að hækka útsöluverð þeirra, þannig að ríkissjóður missi einskis í um tekjur af þeim. Þá verður innflutningurinn minni og tollurinn þess vegna lægri. Þá sagði hv. þm., að ýmsir útgjaldaliðir á fjárl. væru of hátt áætlaðir. Ég skal ekki fara langt út í að deila við hann um það. En hinsvegar veit ég um nokkra liði, sem eru of lágt áætlaðir. Hv. þm. nefndi kostnaðinn við framkvæmd tryggingarlöggjafarinnar og berklavarnakostnaðinn, og taldi þá liði of háa. Ég vil benda honum á, að þessir liðir eru áætlaðir með það fyrir augum, að á næsta ári verður sama og enginn sparnaður á berklavörnunum vegna tryggingannna, því að það þurfa að liða 6 mánuðir frá því að tryggingarnar hefjast án þess að nokkur sparnaður verði á berklavarnakostnaðinum þeirra vegna. Og lögin um alþýðutryggingar ganga ekki í gildi fyrr en 1. apríl næstk. Það er því ekki hægt að búast við neinum sparnaði á berklavörnunum næsta ár. Hinsvegar verð ég að telja, að jafnvel þótt einstöku liðir séu fullhátt áætlaðir, þá veit ég um ýmsa aðra, sem eru of lágir. Og munu hinir gefa sízt meiri varasjóð en þarf til þess að vega á móti þeim.

Þá sagði hv. 1. þm. Skagf., að eins og nú væri gengið frá fjárl., þá mætti búast við hallalausum ríkisbúskap á næsta ári, ef ekkert óvænt kæmi fyrir. Mér þótti vænt um að fá þessa yfirlýsingu úr andstöðuflokki, og tel hana ákaflega mikils virði fyrir stj. og stuðningsflokka hennar. Hún gefur til kynna, að fjárl. séu ákaflega gætilega áætluð, að dómi hv. þm.; þó hann telji skattana of háa, þá er það engu að síður mikilsvert að fá þessa yfirlýsingu. En ég tel, að með tilliti til tekjuáætlunarinnar, sem mun vera fullhá, sé alveg teflt á fremsta hlunn. Ég læt þessar aths. til hv. þm. nægja um fjárl. almennt, af því að umr. eru orðnar svo langar, og fer ekki um þau fleirum orðum að sinni.

Þá kem ég að nokkrum einstökum atriðum í ræðu hv. þm. Hann taldi það mjög einkennilegt, að meiri hl. fjvn. skyldi bera fram till. um 35 þús. kr. ríkisábyrgð á lausaskuldum fyrir Ísafjarðarkaupstað, vegna hafnargerðar, og hélt því fram, að með þessu væri verið að taka hann einan út úr og gera upp á milli hans og annara bæjarfélaga, með því að láta hann njóta þessara sérréttinda. Ég verð nú að segja það, að mér þykir þessi hv. þm. nokkuð gleyminn, ef hann man það ekki, að á tveimur síðustu þingum hefir stj. verið gefin heimild til þess að veita tveimur bæjarfélögum ríkisábyrgð fyrir samskonar skuldum og hér er um að ræða, önnur fyrir Vestmannaeyjar og hin fyrir Hafnarfjörð. — Þá var hv. þm. að gefa það í skyn, að þessi ráðstöfun væri gerð til þess að forða því, að Ísafjarðarkaupstaður kæmi undir hin nýju lög um skuldaskil bæjar- og sveitarfélaga. Ég fæ ekki skilið, að Ísafjarðarkaupstað væri neinn hagur að því. Samkv. þeim lögum mun bærinn geta fengið hærra lán og með betri kjörum en ella. Með þessari till. er því alls ekki verið að hjálpa bæjarfélaginu til að komast framhjá þeim lögum. (MG: Hverjum er þá verið að hjálpa með þessu?). Það er verið að hjálpa með þessu móti Ísafjarðarkaupstað til þess að losna við sínar lausaskuldir, og skal ég gefa hv. þm. upplýsingar um það, að stj. hefir lofað að beita sér fyrir á sama hátt ábyrgð fyrir brimbrjótinn í Bolungavík. Og út af þessu loforði var svo lánið tekið. Ef hv. þm. finna eitthvað að því, að slíkt hafi verið gert, þá má segja, að það er langt frá því að vera einsdæmi þetta með lánið fyrir Bolungavík, og ekki ætti að vera um pólitískar ástæður að ræða í þessu tilfelli, þar sem þessi greiði var gerður fyrir stjórnarandstæðinga.

Ég ætla ekki að fara út í fleiri till., sem hv. þm. hafa talað um, nema aðeins eina, og vera stuttorður, og það er brtt. hv. þm. og hv. 7. landsk. um að breyta ábyrgðarheimild fyrir Sauðárkrók. Í þessari brtt. er farið fram á, að því er mér skilst, að heimilt verði einnig að ábyrgjast erlent lán til hafnargerðar. Ég geri það ekki að kappsmáli, hvort till. verður samþ. eða ekki, en vildi þó heldur, að hún yrði ekki samþ. En ég get tekið það fram, að eins og sakir standa nú um allar yfirfærslur á lánum, sem ríkissjóður stendur í ábyrgð fyrir, þá tel ég alls ekki forsvaranlegt að taka slíkt lán erlendis með ríkisábyrgð.

Það kann að vera, að eitthvað fari að breytast til bóta í þessu efni, en við verðum að miða við ástandið eins og það er. Ég veit ekki heldur betur en að ýmsum hafnargerðum hafi tekizt að fá allmikil lán innanlands til hafnargerða. Ég man ekki betur en Akraneshafnargerðin hafi tekið tóm innlend lán til sinna framkvæmda, Skagstrendingar tóm innlend lán og Húsvíkingar sömuleiðis, a. m. k. að mestu leyti.

Mér þykir það mjög miður, að hvorugur hv. þm. Bændafl. er viðstaddur hér. En mér finnst það satt að segja ekki benda til þess, að þeir hafi mikinn áhuga fyrir þeim till., er flokkur-

inn stendur að, að hvorugur þessara flokksmanna á þingi skuli vera viðstaddur nú. Ég sé, að aðrir flokkar hafa fulltrúa hér, þó að fáskipað sé. En þó að þessir hv. þm. séu ekki viðstaddir, held ég, að ég verði að minnast nokkrum orðum á þá till., sem flokkurinn í heild ber fram á þskj. 890, XXVI. a. Á b-lið skal ég ekki minnast, af því að hæstv. atvmrh. gerir það. Þessi till. er alveg einstök í sinni röð, og ég varð mjög hissa, þegar ég sá hana. Þó að ég hafi eitt og annað séð úr þessari átt, þá hefi ég ekki annað séð, sem ég hefi orðið meira hissa á.

Till. fer fram á, að sauðfjáreigendum skuli bættur upp með 300 þús. kr. úr ríkissjóði sá halli, sem þeir hafa beðið vegna þess að þeir fengu ekki að selja vörur til Þýzkalands. Ef hv. flm. þessara till. hugsa sér að færa nokkur rök fyrir henni, þá ættu rökin að vera þau, að það lægi fyrir, að vegna hamla á útflutningi til Þýzkalands hefði markaður fyrir vörur bænda notazt verr en ella hefði orðið. Rökin geta ekki orðið önnur en þau.

Í þessu efni er ekki mikið að miða við, en það er þó eitt, sem hægt er að miða við að verulegu leyti, og það er, hvernig þessi viðskipti hafa gengið á þeim tímum, þegar ástandið var svipað og nú, nema að því leyti, að frjálst var að selja til Þýzkalands. Nú er það kunnugt, að bæði 1933 og 1934 var frjálst að selja hvaða vöru sem var til Þýzkalands, og því engar hömlur aðrar heldur en þær, að 1934 þurfti að kaupa þýzkar vörur fyrir andvirði allra íslenzkra útflutningsvara, sem þangað voru sendar. Nú er fróðlegt að athuga í þessu sambandi, hvað bændur hafa notað vel markaðinn í ár, miðað við hvað þeir hafa notað vel markaðinn meðan allt var frjálst, en ástandið að öðru leyti svipað. Ég hefi látið taka þetta upp, og hefir atvmrn. séð um það fyrir mig með tilstyrk hagstofunnar. Ég hefi hér skýrslur yfir árin 1933, 1934 og 1935. Þær sýna, að 1933 voru seldar landbúnaðarafurðir til Þýzkalands fyrir 541 þús. kr., 1934, voru landbúnaðarafurðir seldar til sama lands fyrir 617 þús. kr., og 1935, á því ári, sem Bændaflokksmennirnir halda fram, að bændum hafi verið gerður stór skaði með því að halda þeim frá markaði þarna, voru seldar landbúnaðarafurðir til Þýzkalands fram að 1. okt. fyrir 648 þús. kr. Og í nóv. hefir bætzt við þessa upphæð, eftir því sem Gunnlaugur Briem hefir tekið upp, gærur fyrir 432 þús. kr. og ull fyrir 391 þús. kr. M. ö. o., það er viðurkennt, að á þessu ári hefir verið selt fyrir ca. 1½ millj. kr. til Þýzkalands, eða þrisvar sinnum meira en árið 1933 og meira en helmingi meira en 1934.

Nú er ákaflega fróðlegt að athuga, hvernig á því stendur, að það tekst fyrir bændur að ná meiri viðskiptum á þessu ári heldur en áður, og hvort aðgerðir ríkisstj. í þessu máli réttlæta þessar skaðabætur, eins og hv. Bændaflm. halda fram. Sannleikurinn er sá, að árið 1935 var málið tekið þeim tökum af ríkisstj. í samráði við innflutnings- og gjaldeyrisnefndina, að reynt var að halda til Þýzkalands innkaupum á öllum þeim vörum, sem þar fengust, og það jafnvel þó að þær væru dýrari þar heldur en annarsstaðar. Þetta var gert til þess að skapa markað í Þýzkalandi fyrir íslenzkar framleiðsluvörur, bæði sjávarafurðir og landbúnaðarafurðir. Þetta var skipulagt á þann hátt, að Landsbankinn fékk fyrir atbeina ríkistj. samvinnu við þýzkan banka um að mega skulda framan af árinu fyrir vörur, sem síðan var hægt að borga seinni hluta árs með andvirði íslenzkra vara. M. ö. o., það liggur fyrir sem staðreynd í þessu máli, hvernig sem Bændaflm. reyna að bera stj. tortryggni í þessu máli, að beinlínis fyrir atbeina stj. og innflutnings- og gjaldeyrisnefndar hefir tekizt að afla möguleika fyrir bændur til þess að selja þrisvar sinnum meira á þýzkum markaði af vörum sínum heldur en þeir gerðu á því ári, sem hv. fyrri flm. till. sat á ráðherrastóli. Ef það eru einhverjir, sem hafa bakað sér skaðbótaskyldu í þessu máli, þá er það ekki núv. stj. heldur þeir, sem fóru með völd framan af árinu 1934. Þeir hefðu haft tækifæri til þess að skipuleggja þetta, ef þeir hefðu haft viðsýni til þess. En þeir létu það undir höfuð leggjast. Sá, sem þá var landbúnaðarráðh., þegar skipulagningin þurfti að fara fram, er einmitt sami maðurinn og er fyrri flm. þeirrar till., er hér liggur fyrir.

Vitanlega getur enginn skynbær maður, sem kynnir sér þetta mál, tekið till. alvarlega. En till. sýnir betur en nokkuð annað, sem fram hefir komið á Alþingi, vesaldóm þeirra manna, sem nú telja sig sitja í flokki, sem þeir telja bændaflokk, og hvernig allar þeirra till. snúast gegn þeim sjálfum, þegar framkvæmdir hv. 10. landsk., sem nú er fyrri flm. þessarar till., eru bornar saman við þær till., sem hann leyfir sér að bera fram í minni hl., í trausti þess, að þær verði felldar, til þess svo að geta sagt, að hann hefði getað komið þeim fram, ef hann hefði haft aðstöðu til þess að framkvæma þær. Ég vænti þess fastlega, að einhver af þeim hv. þm., sem hér eru viðstaddir, vilji flytja till. Bændaflm. kjarnann úr þeim ummælum, sem ég hefi hér viðhaft.

Jóhann Jósefsson: Hv. fjvn. hefir tekið upp till. um framlag til Vestmannaeyjahafnar, til dýpkunar og uppfyllingar, fyrstu greiðslu af fjórum, 30 þús. kr. Þetta er sú úrlausn, sem n. hefir séð sér fært að veita við þeim tilmælum, sem ég hefi flutt við n. og flutti þegar í byrjun starfstímabils þessa þings. En þá sendi ég hv. fjvn. málaleitun um 80 þús. kr. framlag og 90 þús. kr. ríkisábyrgð til mannvirkis í Vestmannaeyjum í sambandi við dýpkun og uppfyllingu hafnarinnar.

Þetta mannvirki stendur í sambandi við framhaldsbyggingu hafnarinnar, og ég hefi lýst því hér, og eins var því lýst í ræðu hv. 3. landsk., hver nauðsyn væri á, að þetta mannvirki væri unnið.

Áætlunarútboð, sem vitamálaskrifstofan hefir látið gera um þetta mannvirki, nemur um 316 þús. kr., og þetta er þannig mannvirki, að það verður ekki slitið í sundur, og var meiningin að reyna að ljúka við það á næsta ári.

Nú var það svo, að í fjárlfrv. stj. eins og það

var lagt fyrir þingið voru ekki veittar nema 15 þús. til dýpkunar. Í þeim viðtölum, sem fram hafa farið milli okkar bæjarmanna í Vestmannaeyjum, min. bæjarstjóra, hv. 3. landsk. og hafnarnefndarmanns annarsvegar og ríkisstj. hinsvegar, höfum við farið fram á, að þessar fjórar árlegu afborganir yrðu hafðar eins og þær standa í frv., og þar að auki yrði ekkert hróflað við 15 þús. kr. fjárveitingunni, sem stj. hefir ákveðið til dýpkunarinnar, vegna þess að þá hefðum við 45 þús. kr. af ríkisfé til þessa mannvirkis. En það er ekki nema rúmlega helmingur af því, sem við hefðum átt eftir fyrri venju að eiga von á úr ríkissjóði, sem sé $^1/_3$.

Nú er það svo, sem ég hefi þegar lýst, að n. hefir ekki séð sér fært að taka upp öðruvísi þennan lið en að breyta þessum 15 þús. kr. í 30 þús., og verður því raunverulega framlagið úr ríkissjóði til þessa mikla mannvirkis ekki nema 15 þús. kr. þetta ár. En vegna þess að gera má ráð fyrir, að bætist við þá áætlun, sem vitamálaskrifstofan hefir látið gera, þá er það sýnilegt, að þetta verður mjög óaðgengilegt fyrir kaupstaðinn, að leggja út í þetta mannvirki með svona litlu fjárframlagi úr ríkissjóði. Að vísu hefir hafnarsjóður handbærar um 70 til 80 þús. kr. á ári, en hér er um svo mikinn kostnað að ræða, sem kemur allur á sama sumarið, og þess vegna hefi ég leyft mér að bera fram brtt. eða viðaukatill. við till. fjvn., þannig lagaða, að fyrsta árið verði þetta 30 þús. kr. framlag hækkað um þær 15 þús. kr., sem n. upphaflega ætlaði til dýpkunar í Vestmannaeyjum, áður en nokkur heildaráætlun lá fyrir.

Ég skal ekki eyða fleiri orðum að því að tala um nauðsyn þess, að höfnin komist í sæmilegt horf. Ég er búinn að leiða rök að því áður og vona, að hv. þdm. skilji þau og sjái sér fært að styðja þetta fyrirtæki.

Þá vildi ég minnast á það, að hv. fjvn. hefir tekið upp 6 þús. kr. fjárveitingu til ræktunarvegarins í Vestmannaeyjum. Það hefir í rauninni ekki komið fram fyrr en við 3. umr., en var þó samþ. og fyrirhugað við 2. umr., en hafði fallið burt af vangá. En hv. frsm. n. tók það þá þegar fram, að þetta væri ákveðið og yrði lagt fram formlega við 3. umr.

Ég er hv. fjvn. þakklátur fyrir, að hún leggur þetta til með ræktunarveginn, svo langt sem það nær, þó að þetta sé að vísu sú lægsta upphæð, sem þessi vegur hefir fengið úr ríkissjóði. En síðan hafa þeir atburðir gerzt, að hér hefir verið borið fram frv. um aukinn skatt á benzíni, og í sambandi við þennan aukna skatt till. um vegabætur á landi hér, fyrir það fé, sem skattinum nemur að nokkru leyti. Og eru þær vegabætur nánar tilteknar í frv. til l. um bráðabirgðatekjuöflun til ríkissjóðs, sem nýlega hefir verið afgr. Þá bar ég fram brtt. um það, að benzínskatturinn, sem til félli í Vestmannaeyjum, yrði notaður á sama hátt og annarsstaðar til þess að bæta vegina þar. Eins og allir vita, er landfræðileg afstaða Vestmannaeyja þannig, að það er greinilega afmarkað, að bifreiðar þar hafa ekki gagn af vegabótum hér í landi. Eins og allir sjá, mælti öll sanngirni með því, að við fengjum tiltölulega eins og aðrir landsmenn að nota þennan aukna skatt í okkar þarfir. Þá var það, að hv. þm. Mýr., sem ekki hafði fylgzt með í því, sem gerzt hafði í fjvn., og vissi ekkert um yfirlýsingu frsm. fjvn., tók þá afstöðu eingöngu af misskilningi og tók fram í fyrir mér og sagði, að það væri ræktunarvegurinn, sem Vestmannaeyjar fengju fyrir benzínskattinn. Nú hefir hv. þm. Mýr. fengið það upplýst, að hann hefir hér farið með rangt mál, en því miður fékk hann ekki þær upplýsingar fyrr en um seinan, þannig að búið var að fella till., sem ég flutti við frv. um bráðabirgðatekjuöflun til ríkissjóðs. Og ég býst við, að hv. þm. Mýr. hafi með sinni ótímabæru frammítöku dregið þó nokkur atkv. frá minni till., sem á allan hátt var réttmæt og sanngjörn.

Ræktunarvegurinn hefir verið styrktur um mörg undanfarin ár án þess að benzínskatturinn hafi komið þar til greina. Þess vegna fór ég fram á, þegar skatturinn var hækkaður og honum átti einmitt að verja til vegabóta, að við fengjum hlutfallslega við aðra landsmenn að nota þennan skatt í okkar þarfir.

Ég hefi nú lýst því nokkuð, hvernig það bar til, að misskilningur komst inn í það mál, þegar afgr. var frv. um bráðabirgðatekjuöflun til ríkissjóðs. En það verður ekki aftur tekið, en á hinn bóginn er hægt að bæta úr þessu með því að hækka lítilsháttar það framlag til ræktunarvegarins, sem n. hefir stungið upp á. Brtt. mín á þskj. 890 fer í þá átt, að þetta verði gert. Mér sýndist það eina leiðin til þess á þinglegan hátt að leiðrétta það misrétti, sem átti sér stað við afgreiðslu hins málsins.

Ég vil taka það fram, að sú viðbót, sem ég fer fram á til ræktunarvegarins nú, er langt um lægri heldur en í till., sem ég flutti við bráðabirgðatekjuöflun til ríkissjóðs, því að hún hljóðaði upp á 5 þús. kr., og var það eftir því, sem ég komst næst, nálægt þeirri upphæð, sem bifreiðaeigendur koma til með að borga í aukinn benzínskatt, en til þess að gera það aðgengilegra fyrir hv. Alþingi að samþ. þetta, þá stilli ég kröfunni mjög í hóf og fer ekki fram á nema 3 þús. kr. viðbót. Ég vona því, að hv. þm. sjái sér fært að taka til greina þessa litlu leiðréttingu, sem ég er að reyna að koma á það misrétti, sem á að beita Vestmannaeyinga.

Á sama þskj. hefi ég leyft mér að bera fram brtt. við 18. gr., um nokkurn styrk til Þórarins Jónssonar tónskálds. Ég er í rauninni ekki einn um að bera fram till. um styrkveitingu til handa þessum manni, því að það hafa margir gert áður, og hefir þeim alltaf verið sinnt af þinginu. Ég held, að ég fari rétt með, að á síðasta ári hafi styrkveitingin til þessa manns numið um 1500 kr., en þá var hann í 15 gr. En nú er það alsiða, að þegar menn hafa um nokkurt skeið verið í þeirri grein, hafa þeir verið fluttir yfir í 18. gr., ef þeir þykja styrks verðir.

Hv. þm. er öllum kunnugt, að þessi maður hefir dvalið erlendis að mestu um 9 ára bil. Hann er fátækur og umkomulaus, og því miður, þrátt fyrir gáfur sínar, illa fallinn til þess að auglýsa sjálfan sig eða að koma sér á framfæri. Ég hefi talsvert náin kynni af honum persónulega og veit, að þetta háir honum mjög

í því að komast áfram. Skapgerð hans er þannig, að hann er ákaflega dulur og óáleitinn og *hefir sig því lítið í frammi*. Þegar svo þar við bætist féleysið, háir þetta honum mjög á þeirri þyrnibraut, liggur mér við að segja, sem hann verður að ganga. Það dylst engum, sem vit hefir á, það sér maður m. a. af blaðadómum, að Þórarinn tónskáld er mjög mikilhæfur á sínu sviði. Það eru ekki alltaf bezt gefnu og í rauninni hæfustu mennirnir, sem bezt komast áfram; þar þarf meira til, og aðrir eiginleikar vega oft meira í þeim efnum að fleyta mönnum áfram, þó þeir hafi ekki meiri gáfur heldur en snillingarnir, sem lítið ber á. Það þarf engum getum að því að leiða, að með þeim litla styrk, sem Þórarinn hefir fengið að undanförnu, á hann við mjög þröngan kost að búa, og það er ógnar vel kunnugt þeim, sem þekkja hann persónulega, að hann á oft á tíðum mjög bágt. Hann er löngum algerlega félaus, og ég held satt að segja, að það féleysi geti jafnvel orðið honum að *fjörtjóni, ef ekki* er lítið meira til hans en gert hefir verið, og má þvínær fullyrða það, ef sleppt verður af honum hendinni nú. Menn hafa stundum sagt sem svo: Því kemur maðurinn ekki heim? Margir vinir hans og velunnarar vilja, að hann komi heim. Ég hefi líka talað um þetta við Þórarin tónskáld. En hann er ákaflega þrautseigur maður og dulur og talsvert erfitt við hann að eiga um þá hluti, sem snerta hans prívatlíf. Svo er það nú einu sinni svo, að listamenn, og það ekki síst á þessu sviði, lifa og hugsa í rauninni allt öðruvísi heldur en við leikmenn á andans sviði. Ég veit það af persónulegri kynningu, að Þórarinn elur þá von í brjósti, að þó hann e. t. v. njóti aldrei ánægjunnar af að sjá verk sín hljóta viðurkenningu, þá muni þó land hans einhverntíma njóta frægðar af þeim, þegar hann er kulnaður út einsamall úti í heimi. Það er sú von og vissa, sem vakir alltaf í huga hans og virðist gefa honum þrek til að mæta ýmsu mótlæti, sem ekki þarf að lýsa, en menn vita, að eltir oft févana útlendinga úti í heimi. Ég tók það fram, að það er ekki vottur þess, að Þórarinn sé iðjulaus, þó lítið heyrist frá honum. Það er svo fjarri eðli hans, eftir því sem ég hefi komizt næst, að reyna til þess að vekja á sér athygli, að það er hálfgerð raun að því fyrir þá, sem vita, hvers virði maðurinn er. Ég vonast til, að bæði þeir, sem heyra þessi orð mín, og hinir aðrir, sem ekki eru hér viðstaddir, en þekkja sögu þessa fátæka sjómanns af Austurlandi, sem réðst í að fara út í heim efnalaus til þess að vinna að því að fullnuma sig í tónlagasmíði, styðji að því, að hann þurfi þó ekki að sálast úr hungri, liggur mér við að segja, meðan hann er að koma áleiðis þeim verkum, sem hann hefir með höndum.

Síðasta brtt., sem ég vildi minnast á, er á sama þskj., en hafði misritazt nokkuð, og er því prentuð upp á öðru þskj. Hún er við 22. gr. og fer fram á, að ríkið ábyrgist 40 þús. kr. lán fyrir Vestmannaeyjakaupstað, sem ætlunin er að verja til þess að bærinn geti eignazt hús fyrir gagnfræðaskólann. Það hefir verið haldið uppi gagnfræðaskóla í Vestmannaeyjum í nokkur ár, og eins og menn geta nærri, er þar nóg af ungu fólki, sem þarf að ganga í skóla, til þess að fylla eitt skólahús. Skólinn naut í fyrstu heldur lítilla vinsælda, en hann hefir þroskazt og eflzt að vinsældum eftir því sem honum hafa aukizt starfskraftar, og er óhætt að fullyrða, að húsnæðisleysi er farið að há honum mjög. Fyrst var hann hafður í barnaskólahúsinu, en sökum þrengsla þar neyddist bæjarstj. til að byggja honum út og leigja handa honum húsnæði annarsstaðar, en nú er varla hægt að koma honum í viðunanlegt horf, nema hann fái nýtt húsnæði. Það hefir komið til mála, að bærinn eignaðist stórt og allveglegt hús, sem mun losna innan skamms, og er meiningin með þessari till., að Alþingi hjálpi bænum til að koma skólanum á þann hátt í sæmileg húsakynni, svo hann geti orðið að því gagni, sem hann þarf að vera, og til þess vænti ég liðsinnis hv. þm.

Einar Árnason: Ég hefi ásamt samþm. mínum flutt hér brtt. þess efnis, að heimila ríkisstj. að kaupa Syðstabæ í Hrísey. Ég býst nú við, að allir hv. þm. viti, hvar Hrísey er, að hún er á *miðjum Eyjafirði*, en það kann *ýmsum* að vera ókunnugt um staðhætti þar og ásigkomulag eyjarinnar. Hún liggur þarna í skipaleið og er talin vera um 12 km² að stærð, svo þetta er ekki svo *lítið land*, og skiptist það á *milli* tveggja jarða, sem heita Syðstibær og Yztibær, þar sem annar bærinn er norðarlega á eynni, en hinn syðst. Jörðinni Syðstabæ, sem hér er um að ræða, fylgir nálega ¾ af eynni, eða 9 km² lands, og er mikið af því vel fallið til ræktunar. Í landi Syðstabæjar hefir nú risið upp allfjölmennt þorp. Íbúar eyjarinnar eru um 400, og búa þeir allir í þessu eina þorpi, þar sem komin eru upp um 60 íbúðarhús og um 30 útgerðarhús. Ennfremur er þar hafskipabryggja og stórar síldarstöðvar, enda hefir verið þar síldarsöltun flest undanfarin ár. Þorpið liggur suðvestan á eynni, þar sem höfnin er bezt; yfirleitt liggur eyjan mjög vel fyrir útgerð, enda hefir um langan aldur verið mikil útgerð þaðan, bæði á síldveiðar og þorskveiðar. Nú ganga þaðan til fiskveiða 12—14 stórir vélbátar, og auk þess um 20 minni opnir bátar. Útflutningur *sjávarafurða hefir verið mjög mikill frá Hrísey*, svo andvirði þeirra hefir jafnvel komizt upp í eina millj. kr. yfir árið. Á síðustu árum hefir verið hafin allmikil ræktun á eynni, enda er hún vel til þess fallin, svo búpeningi hefir fjölgað mjög. Einnig er byrjað að leggja veg um eyna, sem liggur að ræktunarlandinu. Það er því ekki annað hægt að segja heldur en að þarna sé mjög álitlegur framtíðarstaður, bæði með tilliti til ræktunar og útgerðar, enda hefir þorpið vaxið mjög hin síðustu ár, og er nú orðið sérstakur hreppur.

Nú stendur svo sérstaklega á um þessar mundir, að eigandi Syðstabæjar vill gjarnan selja jörðina með öllu, sem henni fylgir. Og það mun vera vilji hreppsbúa yfirleitt, að ef sala fer fram, þá komist þessi eign í hendur þess opinbera, því það mundi vera mjög óheppilegt, ef þessi jörð, með öllum gögnum hennar

og gæðum, lenti í braski. Lóðaleiga er þarna allmikil, sem gengur vitanlega til eiganda jarðarinnar, og mundi því falla í hlut ríkissjóðs, ef hann keypti jörðina. Það er farið fram á í till. okkar, að kaupin fari því aðeins fram, að það náist sæmilegir samningar um verð og aðra skilmála. Ég hygg, eftir því, sem ég bezt veit, að einmitt nú sé gott tækifæri til þess að fá þessa álitlegu eign keypta. Ég þykist þess fullviss, að ef þetta tækifæri er látið ónotað, þá muni seinni tíminn sýna það, að þessi jörð kemst í hátt verð. Ég vænti, að hv. alþm. geti fallizt á að veita ríkisstj. þessa heimild, þar sem ganga má út frá því sem vísu, að hún ráðist ekki í kaupin nema fullkomlega sé fyrir því séð, að ríkissjóður hafi engin þyngsli eða skaða af þeim. — Ég skal svo ekki fjölyrða um þetta meira, en vænti þess, að till. fái góðar undirtektir.

Garðar Þorsteinsson: Eins og hv. þm. er kunnugt, þá urðu Ólafsfirðingar fyrir því tjóni síðastl. vor, að óveður skall þar á þeim að óvörum, þannig að þeir gátu hvorki komið bátum sínum inn á Eyjafjörð né náð þeim á land. En eins og menn e. t. v. vita, þá er á Ólafsfirði ákaflega hættuleg höfn að því leyti, að bátar geta ekki legið þar í aftakaveðrum. Það fór því svo, að það rak á land eða eyðilögðust á annan hátt 5 stórir vélbátar og 14 minni bátar. Þetta var á þeim tíma, þegar menn annars hafa aðallega stundað útgerð í Ólafsfirði, þannig að af þessu leiddi stórkostlegt atvinnutjón fyrir þá, sem að útgerð þessara báta stóðu; munu ekki færri en 122 menn hafa misst atvinnu við þetta slys. Tjónið af eyðileggingu bátanna var metið 35 þús. kr., en þar er vitanlega ekki að neinu leyti tekið tillit til þess atvinnutjóns, sem menn urðu fyrir, hvorki beint eða óbeint. Það vildi nú svo illa til, að nær allir þessir bátar voru óvátryggðir, og eins og hefir verið upplýst hér af hv. frsm. minni hl. fjvn., hv. 1. þm. Skagf., þá var ekki hægt fyrir Ólafsfirðinga að hafa bátana vátryggða eins og á stóð. Það hafði verið breytt löggjöfinni, sem um þessi mál fjallar, og Ólafsfirðingar höfðu gert samþykkt um að hafa hjá sér sérstaka vátryggingardeild innan fjarðarins, en til þess að koma því í kring þurfti að fá samþykkta reglugerð o. s. frv. Að vísu hafði verið gert uppkast að reglugerð, en það hafði ekki náð staðfestingu yfirvaldanna. Ólafsfirðingar áttu því ekki sök á því sjálfir, að bátarnir voru óvátryggðir; löggjafarvaldið hafði beinlínis valdið þessu með því að setja ný lög um þetta efni. Þetta tjón Ólafsfirðinga er því alveg sérstakt að þessu leyti, að þeir höfðu það ekki á sínu valdi að hafa bátana vátryggða. Slysið vildi til í júnímánuði, og eins og kunnugt er, þá er mjög óvenjulegt, að slík óveður komi á þeim tíma árs, svo hér er ekki um að kenna neinu fyrirhyggjuleysi, þó bátarnir væru ekki dregnir á land eða komið inn á Eyjafjörð.

Minni hl. fjvn. hefir nú að nokkru leyti orðið við ósk Ólafsfirðinga um að fá þetta tjón bætt, með því að bera fram till. um, að þeim verði greiddar 15 þús. kr. Ég tel nú þessa upphæð allt of lága og geri brtt. um að hækka hana upp í 21500 kr. Miða ég þar við, að greitt verði sem næst ⅔ af hinu beina tjóni, og er þá sleppt öllu tjóni vegna atvinnumissis, bæði beinu og óbeinu.

Síðan ég bar fram þessa till. hefir mér orðið það ljóst, að hún muni ekki geta náð samþykki, en hinsvegar geri ég mér miklar vonir um, að till. minni hl. fjvn. verði samþ. Til þess að verða því ekki að neinu leyti valdandi, beint eða óbeint, að till. minni hl. fjvn. nái ekki fram að ganga, ætla ég þess vegna að taka mína till. aftur. Ég tek það fram, að ég geri það ekki vegna þess, að ég telji ekki fyllilega réttmætt að bæta þetta tjón að sem mestu leyti, heldur aðeins af því að mér er kunnugt um, að mín till. nær ekki fram að ganga, en atkvgr. um hana gæti á hinn bóginn að einhverju leyti truflað framgang till. hv. minni hl. fjvn., sem ég vil mjög eindregið mæla með, að verði samþ.

Ég bar hér fram við 2. umr. till. um það, að manni að nafni Jón Einarsson í Rauðhúsum væri veittur 1000 kr. styrkur vegna kostnaðar af fávita, sem hann hefir á sínum vegum. Þessi till. var felld. Ég hefi nú leyft mér að bera fram aðra till. um að veita þessum manni 300 kr. Það er sú upphæð, sem er mjög algeng, þegar veittur er slíkur styrkur. Sé ég ekki ástæðu til að lýsa högum þessa manns frekar heldur en ég gerði við 2. umr.; ég skal aðeins geta þess, að þessi fáviti er unglingur, sem hann hefir orðið að sjá fyrir, þó hann hafi fleiri börn á heimili sínu og sé bláfátækur. Vænti ég því, að Alþingi hiki ekki við að samþ. þennan litla styrk til manns, sem hefir hingað til frekar kosið að berjast áfram með þennan aumingja heldur en að senda hann á framfæri hins opinbera.

Eiríkur Einarsson: Þótt maður vildi nú lítils háttar skýra till. sínar hér, er það e. t. v. ekki til mikils, því ég sé, að það er orðið fámennt í salnum, svo að eftir sitja á þingbekkjunum aðeins þeir allra þaulsætnustu.

Á þskj. 890 á ég skylt við fjórar till., og vil ég minnast á þær í þeirri röð, sem þær eru þar skráðar. Fyrst er þá að nefna brtt. II., sem er um nýja símalínu frá Ásum í Gnúpverjahreppi að Ásólfsstöðum. Sú lína, sem er 10—12 km. löng, er áætluð að kosti 5500 kr. Það mun vera öllum hv. þm. kunnugt, að hér er um að ræða leiðina hið efra um Gnúpverjahrepp, sem er töluvert langsótt þar upp til fjallanna, en þýðingarmikið fyrir ferðafólk að sumrinu að vita þar af síma að Ásólfsstöðum, með því að þar er fjölsótt gistihús, sem margir leita til um helgar. Veldur þá oft trafala, að símalaust er, þegar fólk vill spyrjast fyrir um, hvort það geti fengið gistingu; er það jafnbagalegt fyrir þann, sem rekur gistihúsið, eins og fólkið, sem þangað vill leita. Þó ekki væru aðrar ástæður fyrir hendi, ætti þetta að nægja til þess, að þessi lína yrði lögð á næsta sumri, eins mikið og gert er til þess af Alþingi að hjálpa fólki til að komast á líklegustu staðina til að skemmta sér og njóta hvíldar að sumrinu. Nú eftir að Geysir

var endurvakinn ætlar t. d. þing og stjórn að leggja fé til þess að gera góðan veg þangað upp eftir. Þykir mér mjög vænt um það, en það, sem hér er um að ræða, vil ég segja, að sé nokkuð hliðstætt því. Þarna í Þjórsárdalnum er líka margt merkilegt og yndislegt að sjá fyrir sumargesti, er þangað leita. Auk þessa er sveitinni mjög mikil nauðsyn að fá þennan síma, því að erfitt er til samgangna, en mikil þörf á öllu því, er tengir hin strjálu heimili til samneytis. Því hefir nú verið lofað frá ári til árs að framkvæma þessa símalagningu. Sé ég því ekki ástæðu til að ætla annað en að nú verði þessu loforði fullnægt og till. samþ.

Þá er önnur brtt., sem ég á á sama þskj., XI. brtt. Við 2. umr. fjárl. fór ég fram á það, að tillagið til Gnúpverjahreppsvegar yrði hækkað úr 5000 kr. upp í 6500 kr., en sú till. fékk ekki náð fyrir Alþingi. Nú læt ég mér nægja að fara fram á 1200 kr. hækkun, að tillagið hækki upp í 6200 kr. Virðist það ekki ósanngjörn krafa, með tilliti til þess, að fjárveiting til Hrunamannahreppsvegur hefir verið hækkuð úr 5000 upp í 8000 kr. eftir till. fjvn., sem var í alla staði sanngjarnt. En þangað náði réttlætið, og ekki lengra. Hefi ég áður minnzt á sviplaða aðstöðu þessara nágrannasveita. Fjvn. bar að minnast beggja þessara sveita og hækka tillagið til Gnúpverja, þó að ekki væri jafnmikið. Ég geri því ráð fyrir, að réttlætistilfinningin knýi menn til að samþ. þessa lækkuðu till. mína.

Þá er 3. brtt. mín, sú XIX. á sama þskj., þar sem farið er fram á 5000 kr. til lendingarbóta á Stokkseyri. Stokkseyringar báðu reyndar um 6000 kr., en ég hefi klippt þarna 1000 kr. af, til þess að biðja áreiðanlega ekki um of mikið. Sá aðili, sem stendur að umbótum á innsiglingunni þar á staðnum og þessari beiðni, er fiskifélagsdeildin á Stokkseyri, og þá fyrst og fremst Jón Sturlaugsson hafnsögumaður. Ég hefi það eftir vitamálastjóra, að nóg sé að heyra nafn Jóns Sturlaugssonar í sambandi við þessa beiðni til að sannfærast um, að um nauðsyn sé að ræða og kröfunni í hóf stillt. Þó hefir hv. n. ekki tekið beiðnina til greina. Þarna er erfið innsigling, og hafa margir verið hætt komnir þar á sundinu, en frá þessum stað er sjóróður sóttur af Stokkseyringum, öðrum Árnesingum og fleirum. Alþingi hefir áður veitt fé til þessara aðgerða, og er það þakkarvert. Hefir það verið vel hagnýtt, og hefir verið staðið við allar skuldbindingar um framlög, sem koma skyldu á móti. Efast ég ekki um, að fiskifélagsdeildin þar á staðnum myndi að þessu sinni standa eins vel við allt eins og áður og fullnægja settum skilyrðum. Þarna þarf að brjóta grjót í brimgarðinum og hreinsa lausamöl á bátaleiðinni innan við sundin, og er það talsvert verk. Vænti ég þess, að hv. þm. sjái, hver nauðsyn er að hjálpa sjómönnum Stokkseyrar í þessu nauðsynjamáli þeirra. Til þess að hin aukna útgerð á Stokkseyri geti notið sín, er frumskilyrðið, að sú aukning sé tryggð með því að bæta brimlendinguna og innsiglinguna betur en orðið er, þótt mikið hafi verið lagfært. Mér þykir gleðilegt, að hv. fjvn. heyrði bænina um hjálp til að fullgera bryggjuna þarna á staðnum, en því meir undrast ég, fyrst hún varð við þeirri beiðni, að hún skuli hafa daufheyrzt við þessari. Vona ég því, að hún sýni þann drengskap að ljá einnig þessari beiðni lið og tryggi henni framgang.

Þá er 4. till. á sama þskj., sem ég á skylt við, sem sé sú XXV. Ég flutti þessa till. við 2. umr. fjárl. ásamt báðum hv. þm. Rang. Ég skal ekki endurtaka það, sem ég sagði þá um nauðsyn þessara samgöngubóta. Aðaluppástunga okkar er sú, að af atvinnubótafé sé varið 150 þús. kr. til Hellisheiðarvegar. Í sambandi við benzínskattinn nýja hefir komið fram till. um að leggja 70 þús. kr. af honum til þess vegar á árinu 1936, eða jafnvel meira, ef mikið fé kemur inn á þennan hátt. En ég vil benda á það, að til þess að framlagið fyrir árið 1936 sjái staði, veitir ekki af 150 þús. kr. Hinn nýi vegur á að beygja frá þjóðveginum út Ölfusið til Vindheima. Það er um 14 km. Er þetta óumdeild leið. Nýjar uppástungur um breytt vegarstæði koma ekki til greina fyrr en komið er úr Ölfusbyggð. Þessi 14 km. vegur út Ölfusið mun kosta nál. 150 þús. kr. Sést á þessu, að till. okkar, 150 þús. kr. framlag, er í hóf stillt, ef á annað borð er miðað við, að það, sem unnið er, sjái fljótt nokkra staði. Sé nú spurt, hvort þetta sé gerlegt, þá verður að svara því bæði játandi og neitandi. Ef miðað er við hið erfiða fjárhagsástand, sem nú er, gæti svarið orðið neitandi. En ef litið er á sérstaka mögúleika til þessara framkvæmda, verður að svara því játandi, og kemur þá að því, að verja beri fyrirhuguðu atvinnubótafé til þessara hluta. Ég hefi tekið það fram áður og endurtek það, af því að mér er þetta sannfæringarmál, að við fé, sem ríkið leggur fram til atvinnubóta, er ekki neitt að segja, ef það er í réttri merkingu atvinnubótafé, sem fullnægir þörfum fátæklinganna, og ef því er varið með þvílíkri forsjálni af þingi og stj., að fyrir það séu unnin raunverulega nytsöm verk. Ef þessa er gætt, hætta slíkar fjárveitingar að valda hneykslum og yfirfærast í það form, að tryggt sé, að þeir sitji fyrir þessu fé til vinnulauna, sem helzt þurfa þess, og að ríkið láti framkvæma þau verk, sem nauðsynleg eru. Með tilliti til þess, að fjárveitingar til atvinnubóta færist í þetta form, þá tek ég það fram, enda þótt mikil nauðsyn sé á að spara, að ég get ekki greitt þeirri till. atkv. mitt að færa atvinnubótafé úr 500 þús. niður í 300 þús. Ef byrjað verður á þessum framkvæmdum á Hellisheiði fyrir atvinnubótafé, hlýtur það að vera hinu háa Alþingi til léttis við samþykkt svo hárra framlaga, að svo nauðsynlegu verki á að hrinda á stað með þeim. Ég greiði atkv. á móti benzínskattinum, þrátt fyrir þá gylltu flugu, að verja eigi 70 þús. kr. af honum til vegabóta á Hellisheiði. Það hefir mikið verið rætt um skatta- og tollaþunga þann, sem nú hvílir á almenningi, en af þeim held ég, að benzínskatturinn yrði einna þungbærastur. Ýmsar aðrar vörur er oft hægt að neita sér um, jafnvel kaffi og sykur, en benzínið er nauðsyn, sem ekki verður komizt hjá, sízt af þeim, sem erfiðast eiga. Þó að þeir, sem aka í bílum sér til

skemmtunar, geti látið af þeim ferðum, þá geta langferðamenn, er ferðast vegna nauðsynja, og bændur við flutning vöru sinnar eftir löngum akvegum ekki neitað sér um bílanotkunina. Þetta hefir tekið af skarið um það, að með benzínskattinum get ég ekki verið. En hinsvegar er atvinnubótafé veitt, með því á Hellisheiðarveginn að byggjast, en ekki af benzínskatti, er ekki má ná samþykki Alþingis. Þeirri viðbáru, að Reykjavík, sem sjálf leggur fé til atvinnubóta, eigi að hafa hönd í bagga um það, hvernig atvinnubótafénu sé varið, vil ég að lokum svara því, að ef forráðamenn Reykjavíkur vildu gera það upp með sér, hverju henni riður mest á af verklegum framkvæmdum, þá myndu þeir komast að þeirri niðurstöðu, að ekki væri annað þýðingarmeira en þessi vegagerð. Allir vita, hvað samgöngurnar austur gilda fyrir Reykjavík. Reykjavík er nú búin að tryggja öryggi samgangnanna á sjó með góðri höfn, en ennþá vantar hana þetta sama öryggi með tilliti til samgangna á landi. Einn ef framsýnustu Reykvíkingum, Jón heitinn Þorlákssson, sá þetta og játaði þörf Reykjavíkur fyrir þessar vegabætur.

Að lokum vil ég snúa mér til hæstv. stj. og benda á, að þar sem ríkið á allmikil lönd í Árnessýslu, sem hagnýta á til nýbýlastofnunar, þá ætti henni að vera fullt áhugaefni að fá þessar vegabætur, því að hvað verður um aumingja fátæklingana, sem þessi nýbýli stofna, ef þeim eru ekki sköpuð skilyrði fyrir sæmilegum samgöngum? Til þess að þessar nýbýlastofnanir verði ekki tóm vitleysa og hreinasta hermdargjöf, verður að tryggja þessar samgöngur þegar í byrjun, en þá ættu líka hinir vantrúuðu að geta séð og sannfærzt um, að hér getur verið um nytsemismál að ræða.

Thor Thors: Ég á nokkrar brtt. á þskj. 890. Sú fyrsta er merkt V., brtt. við 12. gr., í tveim liðum; a-liðurinn er um 300 kr. hækkun á læknisvitjunarstyrk, sem gangi til Neshrepps utan Ennis. Er full ástæða til að taka þennan hrepp með í 12. gr. Þó að ekki sé þarna mjög langt að fara til læknis, er það mjög erfitt á vetrum, yfir tvær ár að fara, og oft ekki hægt að fara landveg, en sjóferðir mjög dýrar. Þorpsbúar hafa átt við mikil veikindi að búa undanfarið, t. d. hefir barnaveiki geisað þar á staðnum. Þessi upphæð, 300 kr., er svo lítil, að ekki ætti að þurfa að eyða fleiri orðum um málið.

Þá er VIII. brtt. um vegabætur á Snæfellsnesi. Þessi sýsla hefir orðið mjög afskipt um vegafé. 1. brtt. er um það, að framlagið til Stykkishólmsvegar hækki úr 7500 kr. upp í 15000 kr. Vegalagning frá Borgarnesi til Stykkishólms var hafin um aldamót og er um 100 km. að lengd, en á þessum 35 árum, sem síðan eru liðin, hefir vegagerðinni ekki miðað áfram betur en það, að enn eru ca. 15 km. eftir. Er þarna um torfæru að ræða á Kerlingarskarði, sem hefjast þarf handa um að bæta strax á næsta sumri, og yfir Gæshólamýri þarf að koma veginum, en það getur ekki kostað minna en 15000 kr.

2. brtt. á þessum lið er um hækkun framlagsins til Ólafsvíkurvegar úr 3000 kr. í 4000 kr. Ég reyndi við 2. umr. að fá þetta hækkað upp í 5000 kr., en varð fyrir vonbrigðum, og stilli ég því till. að þessu sinni í hóf eins og hægt er. Í þessari sömu brtt., b-lið, er farið fram á 7500 kr. framlag til Hellusandsvegar. Þetta er eitt af stærstu kauptúnum landsins, með yfir 600 íbúa, en það er alveg sambandslaust við önnur héruð. Í vegal. hefir nú verið ákveðið að leggja veg milli Ólafsvíkur og Sands, og er því vonandi, að ekki verði þess langt að bíða, að þetta kauptún komist í samband við umheiminn.

Þá er XVI. brtt. á sama þskj., að fyrir 5000 kr. til hafnarbóta á Sandi komi 7000 kr. Hafnargerð þarna hefir staðið lengi, og hafa verið lagðar fram til hennar 77 þús. kr. samtals. Þegar hv. fjvn. samþ. að leggja fram þessar 5000 kr., var talið líklegt, að 15000 kr. myndu nægja til að fullgera höfnina, en í sumar hefir farið fram ný mæling, og hefir það sýnt sig, að 21 þús. kr. muni þurfa til að ljúka við verkið. Þessi till. mín miðar því að því, að hægt verði að fullgera þetta verk, sem fjvn. hefir nú í rauninni samþ., að skuli lokið. Hér er ekki um neina nýja fjárveitingu að ræða, heldur aðeins nauðsynlega leiðréttingu, til þess að vilji hv. fjvn. geti náð fram að ganga.

Síðasta brtt. mín á þskj. 890 er merkt XXXIII. Er þar farið fram á hækkun styrks til Sambands breiðfirzkra kvenna úr 250 kr. í 400 kr. Er sú hækkun í sambandi við styrk, sem öðrum kvenfélögum hér á landi er veittur. Þetta kvennasamband hefir m. a. beitt sér fyrir garðyrkjunámskeiðum í héraðinu. Alþingi sýnir nú mikinn áhuga fyrir því að auka garðyrkju í landinu, og vona ég, að sá áhugi komi einnig fram í því, að þessi styrkur verði veittur. Þó að hækkunin sé lítil, sem hér er farið fram á, þá býst ég við, að hún nægi til þess, að sambandið geti haldið áfram að starfa að þessu og jafnframt hafið samskonar kennslu norðan Breiðafjarðar, í Barðastrandarsýslu. En það hefir það ekki getað ennþá vegna fjárskorts. Ég treysti því, að þeir hv. þm., sem eiga hagsmuna að gæta í því kjördæmi, Barðastrandarsýslu, sjái sóma sinn í því að stuðla að því, að þessi brtt. verði samþ. Ég á svo ekki fleiri brtt., sem ég þarf að mæla fyrir. Það sýnist líka næsta tilgangslaust að mæla fyrir brtt., þegar það er aðgætt, hversu fáir það eru, sem hlýða á mál manna.

Jón Pálmason: Ég skal ekki eyða tíma í að ræða um fjárl. almennt, enda er ekki ástæða til þess að gera það núna. En ég ætla að víkja með örfáum orðum að þeim brtt., sem ég hefi leyft mér að bera fram á þskj. 890, en þær snerta allar mitt kjördæmi. 1. brtt. rómv. 4. a. og b., við 12. gr., 3, fer fram á, að læknisvitjanastyrkur hækki um 200 kr. og þeim verði varið til læknisvitjana í Vindhælishreppi fyrir norðan Björg. Það hefir á undanförnum árum verið veittur styrkur til þeirra héraða víðsvegar um land, sem erfitt eiga um læknisvitjun. Og í þessu tilfelli hagar svo til, að það er um 50—80 km. frá Blönduósi til þess héraðs, sem hér er farið fram á að veita styrk til. Ég hefi átt tal við landlækni um þetta, og hefir hann gefið mér þær upplýsingar, að víða sé veittur læknisvitjanastyrkur

þar, sem er þægilegri aðstaða heldur en á þessum stað. Ég skal svo ekki fjölyrða um þetta. En ég veit, að hv. þm. sjá, að þeir eru í ósamræmi við sjálfa sig, ef þeir greiða atkv. gegn því, að styrkur sé veittur til þeirra, sem eru verr settir heldur en sumir þeir, sem þegar hafa hlotið styrk í fjárl. þeim, sem nú liggja fyrir.

Næsta till. *mín er undir rómv. 14*, og er hún um það, að til Skagastrandarhafnar verði veittar 12000 kr. í staðinn fyrir 8000 kr. Mér er sagt, að fjvn. hafi ákveðið þessa upphæð svo lága, vegna þess að miðað hafi verið við skuldir þær, sem standa upp á ríkissjóð fyrir hafnargerðir, sem byggðar hafi verið undanfarin ár. Ég lít svo á, að þessi regla sé ekki sanngjörn, þegar litið er á það, að þær hafnargerðir fá hæstan styrk, sem byrjað hefir verið á áður en kreppan skall á. En í því tilfelli, sem hér er um að ræða, var ekki byrjað á verkinu fyrr en kreppan var skollin á, og hefir orðið að vinna það með lánsútvegun. Það hefir sýnt sig, og mun sýna sig betur síðar, að það eru meiri líkur til þess, að hafnargerðin komi að tilætluðum notum, eftir því sem mannvirkið hefir betri aðstöðu. Og þar sem það er meira vit í því að leggja töluvert fé í hafnargerð þarna heldur en á mörgum öðrum stöðum, þá er því fremur ástæða fyrir þingið að vera ekki tregt á framlög til þessa mannvirkis, enda er ekki farið fram á meira en það, að framlagið sé hækkað um ⅓. Allar till. til hækkunar framlags til þessa mannvirkis voru felldar í fyrra, en einar 8 þús. voru veittar fram yfir það, sem ákveðið var í byrjun aukaþingsins 1933.

Ég er þakklátur fjvn. fyrir að hafa tekið upp í 22. gr. ábyrgðarheimild fyrir 18 þús. kr. láni til vatnsveitu á Skagaströnd, og er þar svo stillt í hóf, að ég vona, að það komi að fullum notum. Ég skal svo ekki fara um þetta fleiri orðum, en ég vænti þess, að þessi brtt. mín fái góðar undirtektir.

3. brtt. mín er undir rómv. 17 á þskj. 890, og fer hún fram á hækkun á framlagi til endurbóta á bátabryggjunni á Blönduósi, sem skemmdist í ofviðri um veturnætur 1934. Það er ákveðið, að veittar verði 11 þús. kr., sem áætlað er að sé ⅓ af viðgerðarkostnaðinum. Þó að upphæðin sé í fjárlagafrv. 10 þús. kr., þá hefir fjvn. bætt við 1 þús. í samræmi við það, sem ákveðið var í vor leið. Viðgerðin, sem framkvæmd var í sumar, kostaði 34 þús. kr., og það er áætlað, að til viðbótar þurfi 25 þús. kr., 5 þús. til viðgerðarinnar og 20 þús. kr. til þess að setja framan við bryggjuna. En samkv. upplýsingum, sem legið hafa fyrir fjvn., er brýn þörf á því, að þetta sé gert sem fyrst, svo að menn verði ekki í vandræðum með mannvirkið. Aðgerðin á bryggjunni mun fara 6 þús. kr. fram úr áætlun þeirri, sem gerð var í fyrra, og mundi þá framlag ríkissjóðs eiga að nema 2 þús. kr. Aðaltill. mín er miðuð við það, að verkinu sé lokið og lagt sé í að gera bryggjuhausinn framan við bryggjuna. Í sumar var talsvert til af við frá aðgerðinni, og mætti nota hann. En varatill. er miðuð við það, að ljúka við að steypa bryggjuna fram úr, og miða ég við það, þar sem ég geri það að till. minni, að 13 þús. komi í staðinn fyrir 11 þús. Ég veit, að hv. dm. skilja, hvernig á stendur, og að þeir muni haga atkv. sínum eftir því.

Síðasta brtt. mín er undir rómv. 22, og er hún um það, að taka upp 1500 kr. fjárveitingu til fjós- og hlöðubyggingar við kvennaskólann á Blönduósi. Á síðasta þingi var styrkur til skólans lækkaður um 3 þús. kr., en 1500 kr. veittar til þessara bygginga, sem þarf að framkvæma þar. En nú var áætlað, að sú bygging kostaði 6—8 þús. kr., og þar sem styrkurinn til skólans var lækkaður á síðustu fjárl. og ekki hærri styrkur veittur til þessarar byggingar, þá varð það úr, að byggingunni var frestað þangað til á komandi vori, en lengur er það ekki hægt. Með þessari brtt. er farið fram á, að sama upphæð, 1500 kr., verði veitt aftur, svo að fjárveitingin yrði þá alls 3 þús. kr. Og verður þá það, sem ríkið veitir, tæpur helmingur af því, sem byggingin kostar. Það er skiljanlegur hlutur, að þegar búið er að lækka styrkinn til skólans, — en það mun vera einsdæmi, að slíkt hafi verið gert, því það hefir ekki átt sér stað um aðra skóla, — að þá er ekki þægilegt fyrir hann eða sýslufélagið að ráðast í nýjar framkvæmdir, sem nauðsynlegar eru. Ég skal játa, að ég hafði ekki athugað, að þetta hafði verið fellt niður, fyrr en svo seint, að ég átti ekki kost á því að bera mig saman við fjvn. í heild. Ég hefi átt tal við nokkra fjvnmenn og einnig hæstv. fjmrh., og skildist mér á þeim, að þeir álitu þetta sanngjarnt. Ég vænti því þess, að till. verði samþ. af hv. Alþ.

Ég skal svo ekki fara fleiri orðum um þessar till. mínar. Ég mun ekki heldur eyða tíma í að ræða fjárl. í heild, enda mun það hafa litla þýðingu, því það mun ráðið, hvernig afgreiðsla þeirra á að vera, og það mun því ekki hafa breyt. í för með sér, þó að þm. ræði þau yfirleitt við þessa umr. Ég vona að lokum, að þessar smávægilegu brtt. mínar fái góðar undirtektir hjá hv. Alþ.

Umr. frestað.

Á 35. fundi í Sþ., 21. des., var enn fram haldið 3. umr. um frv. (A. 773, n. 858 og 859, 881, 884, 885, 890, 895, 909, 912, 929, 932).

Pétur Ottesen: Ég vil leyfa mér að benda á, hvort ekki sé viðeigandi, þegar fjárl. eru rædd hér á Alþingi, að frsm. fjvn., sem þm. þurfa að beina máli sínu til, séu viðstaddir. Mér virðist það vera sú lágmarkskrafa, sem gera verður í þessu efni. Ég vil því skjóta þeirri fyrirspurn til hæstv. forseta, hvort honum þyki það sóma þingsins samboðið að láta þm. tala yfir tómum stólum og að frsm. séu ekki einu sinni viðstaddir, að ég ekki tali um hæstv. stjórn.

Forseti (JBald): Það er rétt hjá hv. þm. Borgf., að frsm. fjvn. ættu jafnan að vera við, þegar fjárl. eru rædd, og skal ég því gera ráðstafanir til að ná í frsm. Að ég hefi ekki séð mér annað fært en að láta hefja umr. um fjárl. nú þegar, enda þótt fáir séu mættir, er sakir þess, hve stuttur fundartími er ætlaður til umr. um fjárlfrv. að þessu sinni.

Pétur Ottesen: Ég á hér þrjár brtt. Hin fyrsta er um það, að framlagið til flótabáta hækki um 1500 kr. og að hækkunin bætist við Akranesbátinn Fagranes. Þetta er eini flóabáturinn, sem engan styrk hefir fengið síðastl. ár. Hélt þessi bátur þó uppi daglegum ferðum milli Akraness og Reykjavíkur lengst af á síðastl. sumri, en fór annars þrisvar í viku, en þessar tíðu ferðir eru fyrst og fremst farnar vegna þarfa mjólkurframleiðenda á svæðinu utan Hafnarfjalls. Ferðir Hvalfjarðarbátsins, sem notið hefir nokkurs styrks að undanförnu, hafa nú lagzt niður, en flutningar þeir, sem hann annaðist, færzt yfir í Fagranesið. Samgmn. hefir því fært styrk þann, sem Hvalfjarðarbáturinn hefir haft, yfir á Fagranesið, 1500 krónur. Þessi bátur annast nú, auk alls annars, alla flutninga fyrir bændur í neðri hluta Borgarfjarðarsýslu, en til þess að koma mjólkinni í söluhæfu ástandi á markaðinn, verður að flytja hana daglega meðan heitt er í veðri, en sá flutningur er dýr. Ég hefi því flutt brtt. um að hækka styrkinn til Fagranessins upp í 3 þús. kr. Eins og áður er sagt, er það vitanlega mjög áríðandi fyrir bændur að geta komið mjólkinni daglega hingað til Reykjavíkur, því að þá er hægt að selja hana beint til neytendanna, og það gildir þá 8—9 aura meira á hvern lítra, því að annars verður að vinna úr mjólkinni. Að senda mjólkina svona daglega verður vitanlega mun dýrara en ef hún væri ekki send nema annan eða þriðja hvern dag, en eins og ég tók fram, þá er það bændunum óumflýjanleg nauðsyn vegna verðmismunarins.

Þá á ég enn brtt. á þskj. 890, við brtt. á þskj. 881,50, viðvíkjandi Fiskifélaginu. Þegar fjvn. var að gera ráðstafanir til að færa niður útgjaldaliði fjárl., þá hafði sézt yfir tvennt, er snerti Fiskifélagið. Í fyrsta lagi það, að styrkurinn til þess var lækkaður um 5 þús. kr. á síðastl. ári, en sambærilegur styrkur til Búnaðarfélags Íslands var þá látinn standa óhreyfður. Auk þessa var þess ekki gætt, að það kostaði 3 þús. kr. útgjöld fyrir félagið, að söfnun aflaskýrsla var færð yfir á það. Þetta sást fjvn. yfir, en ef þetta hefði verið athugað, geri ég ráð fyrir, að það hefði haft áhrif gagnvart niðurfærslu n. hjá félaginu. Nú hefði ég viljað tala við hæstv. atvmrh. um þetta, en hann er ekki mættur á fundinum. (MG: Það eru takmörk fyrir því, hvað menn geta vakað). Ég skil varla í því, að ekki megi leggja sömu vökur á ráðherra og aðra þm., og ég fæ alls ekki séð, að þeir geti á nokkurn hátt skorazt undan að taka þátt í þeirri vinnu, sem forseti telur forsvaranlegt að leggja á þingmenn yfirleitt.

Það verður mjög þröngt fyrir dyrum hjá Fiskifélaginu að bera uppi þá starfsemi, sem það hefir með höndum fyrir fiskimenn þessa lands, ef styrkurinn verður færður niður eins og tillögur liggja fyrir um. Því er svo háttað, að félagið hefir þrjá fasta starfsmenn í þjónustu sinni, fyrir utan þá menn, er í skrifstofu vinna, fiskifræðing, vélfræðing og efnafræðing. Það, sem ég nú vildi skjóta til hæstv. atvmrh., fyrst hann er nú kominn, er það, hvort hann sæi sér ekki fært að láta t. d. einhverja aðra stofnun taka þátt í launagreiðslu einhvers þessara manna, til þess að létta á Fiskifélaginu. Þetta vænti ég, að hæstv. ráðh. taki til athugunar.

Þá hefi ég og flutt brtt. um það, að eftirlit og birting veðurfregna verði lögð undir Fiskifélag Íslands. Að undanförnu hafa verið veittar 5 þús. kr. til þessa. Ég legg því til, að upphæð þessi renni til Fiskifélagsins, og að liðurinn sem slíkur falli niður. Þetta vænti ég, að hæstv. Alþingi geti fallizt á.

Þriðja brtt. mín er um það, að endurgreiða skemmtanaskatt af þeim skemmtunum, sem Slysavarnafélagið heldur til ágóða fyrir slysavarnir.

Eins og ég benti á í öðru sambandi, er nú á síðari árum mjög unnið að því að efla og auka slysavarnirnar. Er mikill áhugi vaknaður fyrir þessu starfi, og er allmikið orðið ágengt í málinu. Ein aðalleiðin til öflunar fjár, sem síðan er notað til þess að koma upp björgunarskipum og setja upp björgunarstöðvar, er sú, að halda skemmtisamkomur og verja ágóðanum til slysavarnanna. Nú hvílir á öllum slíkum skemmtisamkomum nokkuð hár skattur til ríkissjóðs. Fjvn. hefir borizt erindi frá kvennadeild Slysavarnafélags Íslands um það, að þessi skattur verði felldur niður af nefndum samkomum. Félagið munar þetta allmiklu, en mér finnst þessi félagsskapur eiginlega yfir það hafinn að borga þennan skatt, og þess vegna sé réttmætt að fella hann niður. Ég vænti því, að hv. Alþingi geti fallizt á þessa ósk kvennadeildarinnar. — Ég hefi svo ekki fleira að minnast á, því hv. 1. þm. Skagf. hefir f. h. okkar sjálfstæðismanna í fjvn. lýst viðhorfi okkar til fjárl.

Atvmrh. (Haraldur Guðmundsson) [óyfirl.]: Út af fyrirspurn hv. þm. Borgf. í sambandi við lækkun styrks til Fiskifélagsins skal ég taka það fram, að ég lít svo á, að eins og rekstri Fiskifélagsins er nú hagað, þá tel ég ekki líkur til, að félagið geti haldið áfram í sama horfi og það hefir starfað, ef lækkun styrksins verður samþ. og að öðru óbreyttu. Mér er kunnugt um það, að fjárupphæð sú, sem Fiskifélagið fær, er mjög vel notuð. Forseti félagsins telur og, að ekki sé hægt að halda alla núv. starfsmenn félagsins, en ég tel mikinn skaða að hverjum þessara manna fyrir sig. Fiskifélagið hefir starfað með framsýni. Það hefir stutt beint og óbeint tvo efnilega menn til vísindanáms erlendis, sem komnir eru nú í þjónustu þess, og má vænta, að verði að góðu gagni. Ég segi fyrir mitt leyti, að ég geri allt, sem í mínu valdi stendur, til þess að Fiskifélagið geti haldið áfram að njóta þeirra starfskrafta, er það nú hefir, þrátt fyrir það, þó styrkur til félagsins lækki, og ég hefi hugsað mér það helzt á þann hátt, að ýmsar stofnanir, sem ýmist eru opinberar eða háðar því opinbera, kaupi vinnu þessara manna hjá Fiskifélaginu að einhverju leyti, svo félagið þurfi ekki að fækka sínum mönnum.

Hannes Jónsson: Ég á hér eina litla brtt. á þskj. 890, um 500 kr. árlega upphæð til Jóns Hanssonar. Það kann máske ýmsum að þykja það nokkuð undarlegt, að ég skuli flytja þessa

till., því kannske er ekki öllum í fersku minni, hver afdrif þessi maður hefir hlotið vegna ráðstafana hins opinbera. Ég ætla ekki að rekja þá sögu hér, en ég hygg, að marga muni reka minni til hins svokallaða Móakotsmáls, og að þeir hinir sömu muni vilja með mér viðurkenna þann órétt, sem þessi maður varð að þola af hálfu hins opinbera í sambandi við það mál.. Mál þetta var höfðað á hendur öðrum manni, en Jón dróst inn í málið og varð saklaus fyrir hinum þyngstu ásökunum, sem maður getur orðið fyrir. Í þrjú ár lágu á honum hinar þungu ásakanir án þess hann gæti hreinsað sig af þeim, vegna þess hve rekstur málsins gekk seint og hver rannsóknardómarinn tók við af öðrum. Ég hygg, að hver maður geti stungið hendi í sinn eiginn barm og fundið það og skilið, hvernig honum sjálfum hefði orðið við slíkum röngum ásökunum, og ég álít, að hvað sem að öðru leyti má segja um þennan mann, þá eigi hann að fá einhverja uppreisn. Ég skal benda á það, ef einhverjir kynnu að vera búnir að gleyma því, að undir þessum málarekstri var hann sviptur umráðarétti yfir börnum sínum, og gat sú ákvörðun ekki byggzt á öðru en ákærunum. En svo þegar grundvöllurinn fyrir þessum ákærum er hruninn og þar með ástæðurnar fyrir sviptingu þessa réttar, þá sýnist svo sem hann hefði átt að fá sinn rétt aftur, en það hefir enn ekki verið leiðrétt. Þessi maður er nú orðinn áttræður og er því sýnt, að ekki getur verið um þunga byrði fyrir ríkissjóð að ræða, þó honum væri veitt þessi upphæð þau ár, sem hann á eftir. Ég veit ekki, hvort það hefir verið rétt hjá mér, en ég setti hér aðra till. til vara, ef einhverjum þætti þessi upphæð of há. Þá er með henni gefinn möguleiki til þess að veita nokkra viðurkenningu. Ég verð að segja fyrir mig, að mér finnst peningarnir sjálfir ekki aðalatriðið fyrir þennan gamla mann, þó hann vissulega hafi þörf fyrir þá, heldur sé það viðurkenning fyrir því, að hann hafi orðið hart úti fyrir barðinu á þeim, sem með völdin fara.

Ég tel það ekki rétt í sambandi við þessa till. að rifja upp allan þann leiðinlega málarekstur, sem átti sér stað í þessu máli. Ég vona, að þeir, sem ekki eru málinu kunnir áður, kynni sér það áður en þessi till. kemur til atkv. Ég er þess fullviss, ef hv. þm. athuga þetta mál rólega og skoða það niður í kjölinn, að þeir sannfærist um, að það er skylda Alþingis að gera yfirbót gagnvart þessum manni fyrir þann órétt, sem hann hefir verið beittur af hinu opinbera, sem þó er kannske ekki hægt að saka neinn sérstakan mann um.

Forsrh. (Hermann Jónasson) (óyfirl.): Það eru nokkrar brtt., sem ég vil minnast á áður en atkvgr. fer fram. Það er þá fyrsta brtt. á þskj. 884, frá minni hl. fjvn., á þá leið, að af því atvinnubótafé, sem veitt er úr ríkissjóði samkv. fjárl., skuli varið ¼ til þess að kaupa innlendar mataraurðir til greiðslu upp í verkalaun við atvinnubótavinnu. Um þessa till. vil ég það segja, að ég tel það tvímælalaust æskilegt, að hægt sé að greiða eitthvað af atvinnubótavinnu í framleiðsluvörum að nokkru leyti, en ég held það sé dálítið vafasamt að ákveða í fjárl., að greiða skuli vissan hluta vinnulaunanna í vörum. Það er nú svo, að þetta er nokkuð misjafnt, eftir því hvar atvinnubótavinnan er unnin, hvernig er að koma þessu fyrir. Það er eðlilegt og sjálfsagt eins og nú árar að taka upp þessa greiðsluaðferð, en mér finnst óhjákvæmilegt að athuga fyrst, hver hlutföll eru eðlileg í þessu efni, áður en nokkru er slegið föstu um það í lögum. Það mætti benda á í þessu sambandi, að eftir slíka athugun gæti maður hugsað til að láta slíka aðferð ná til fleiri launagreiðslna en atvinnubótakaupsins. Það er kunnugt, að ríkissjóður hefir að greiða mikið meira af vinnulaunum en til þeirra, er vinna í atvinnubótum, þar á meðal til hins stóra starfsmannahóps ríkisins, og mundi það muna miklu, ef hægt væri að koma þeirri reglu á að greiða yfirleitt laun úr ríkissjóði í framleiðsluvörum að einhverjum hluta. Ég tel hreint ekki fráleitt að athuga þetta. Ég sé ekki í þessu efni mun á þeim launum, sem brtt. ræðir um, og öðrum launum, sem greidd eru úr ríkissjóði. Þessa vegna held ég, að málið verði að bíða nánari og viðtækari athugunar.

Þá er brtt. á sama þskj. um að verja 120 þús. kr. til þess að bæta upp verð á kjöti af framleiðslu ársins 1935. Í þessu sambandi má jafnframt minnast á brtt. frá hv. 10. landsk. og hv. þm. V.-Húnv. um sama efni. Um þessar báðar brtt. er það að segja, að það er vitað mál, og hefir áður verið tekið fram undir umr., að um þær er eins ástatt og brtt. sama efnis, sem borin var fram við fjárl. í fyrra, að það er ekki eðlilegt, að uppbót á kjöti sé ákveðin meðan mikill hluti vörunnar er enn óseldur og verður ekki seldur fyrr en eftir áramót, og þess vegna ekki vitað um fullnaðarútkomu sölunnar, þar sem ókunnugt er um verð á því kvantum, sem óselt er um áramót. Eins og hv. þm. muna, var mikið um þetta deilt á síðasta þingi, og þá færðar fram gildar ástæður fyrir því, að ákvörðun kjötuppbótarinnar ætti að bíða þar til varan væri seld. Þau rök eiga við nú engu síður en þá. Hv. fyrri þm. Skagf. var að segja, að eðlilegt væri, að bændur fengju eitthvað af þeim skattahækkunum, sem nú væru lögleiddar. Ég álít varla þörf á því að endurtaka það, að það er alls ekki rétt, að bændur fái ekki neitt af hinum nýju tekjuliðum. Það má benda á, að til fóðurtrygginga eiga að fara 25 þús. kr., til nýbýla 200 þús. kr., til kartöfluverðlauna 30 þús. kr., til mjólkurbúa um 55 þús. kr., til frystihúsa 20 þús. kr. og til greiðslu af fasteignaveðslánum bænda 75 þús. kr. Það er því í meira lagi ofsagt, að ekkert fari til bænda, svo þau rök geta ekki gilt fyrir þessari till. minni hl. fjvn. En sem sagt, ég tel, að sömu rök gildi nú til þess að fresta beri ákvörðun á verðuppbótinni og ég bar fram í fyrra og reyndust þá að vera rétt.

Þá er það ein brtt. á þskj. 890, XXV. liður, frá þeim hv. 11. landsk., hv. 1. og hv. 2. þm. Rang., um að verja 150 þús. kr., en til vara 80 þús. kr. af atvinnubótafé til Hellisheiðarvegar, og er gengið út frá, að sú vegagerð skuli byrjuð austan frá, við Suðurlandsbraut í Ölfusi. Það

er út af fyrir sig að ýmsu leyti gott um till. að segja. Hér kemur fram meiri áhugi fyrir vegagerðinni en þegar verið er að ræða um benzínskattinn sem fjáröflunarleið fyrir austurleiðina. Ég tel alveg sjálfsagt, að varið sé til Austurvegar af atvinnubótafé eftir föngum, án þess að það sé bundið í lögum. Það hefir talsvert verið um það rætt, hvort heldur leggja skuli veginn um Urðir eða Þrengslin, en enn hefir ekki verið ákveðið, hvor leiðin farin verði. Sérstaklega ef vestari leiðin er farin, er hér um að ræða mjög nærtæka vinnu fyrir Hafnarfjörð og Rvík, og ætti því að vera auðvelt að verja atvinnubótavinnunni allmikið til þessa vegar. Og ég vil segja það, að ég mun stuðla að því, að svo verði gert sem verða má án þess nokkur lagaákvæði heimti það. Ég hefi alltaf talið Suðurlandsveg mikið lífsspursmál; hann er ein af lífæðum þjóðfélagsins, því meðan ekki fæst öruggt vegasamband milli Suðurlandsundirlendisins og Rvíkur er hvorttveggja mjög illa sett.

Þá eru ekki fleiri brtt., sem ég ætla að tala um. Það skal verða athugað um greiðslu einhvers hluta af launum úr ríkissjóði með framleiðsluvörum. Um kjötuppbótina er sama að segja og í fyrra, og atvinnubótavinnunni verður beint til Suðurlandsvegarins svo sem hægt er, þó ekkert verði lögfest um það.

Atvmrh. (Haraldur Guðmundsson) [óyfirl.]: Í brtt. III. á þskj. 929 er gert er ráð fyrir heimild handa ríkisstj. til þess að verja 25 þús. kr. atvinnubótafé til atvinnubóta fyrir unga menn og konur, gegn hlutfallslegu framlagi frá bæjar- og sveitarfélögum. Í sambandi við þessa till. skal ég geta þess, að það hefir komið greinilega í ljós, að óhjákvæmilegt hefir verið að miða úthlutun atvinnubótavinnu við heimilisástæður manna. Hinsvegar hefir mörgum verið það áhyggjuefni — mjög að vonum—, hversu mikill fjöldi af ungum mönnum fær hvergi að komast í vinnu. Á síðastl. ári var tilraun gerð í þessu efni og varið af atvinnubótafé um 10 þús. kr. fyrir unga menn, og ég teldi mjög vel fallið, ef hægt væri að halda því áfram. — Einnig er það svo í kaupstöðum, að konur, sem hafa fyrir heimilum að sjá, börnum sínum og öðru skylduliði, hafa um langan tíma árs litla sem enga atvinnu. En með því að koma upp t. d. saumastofum, þar sem saumaðar væru algengar flíkur, sem ekki þyrfti sérstaka kunnáttu við, mætti sjá þessum konum fyrir nokkurri atvinnu.

Þá er á þskj. 884 till. frá minni hl. fjvn., þess efnis, að framlagið til atvinnubóta sé lækkað úr 500 þús. niður í 300 þús. kr. Um þessa till. þarf ég ekki að fara mörgum orðum. Það kemur öllum saman um, að atvinnuástandið er mjög óskyggilegt og litlar líkur eru til, að það fari batnandi á næsta ári. Mér er um það manna kunnast, hversu erfitt hefir verið að láta þetta framlag, sem í fjárl. er, hrökkva til, og ég sé því fram á það, að þessi upphæð, sem þarna er áætluð, er með öllu ófullnægjandi. Mér er kunnugt um, að mörgum bæjarfélögum hefir beinlínis verið hjálpað með atvinnubótaframlagi til þess að komast úr vandræðum með sína þurfamenn. Verði því af atvinnubótaframlaginu skorið eins og þarna er lagt til, þá er það víst, að það hlýtur að leiða til mikilla óþæginda fyrir bæjarfélögin, auk þess sem það eykur atvinnuleysi og vandræði fólksins. Um síðari hluta till., að bæjar- og sveitarstjórnir skuli verja ¼ af atvinnubótafé því, sem þær hafa til umráða, til þess að kaupa innlendar matarafurðir til greiðslu upp í verkalaun við atvinnubótavinnu, þarf ég ekki heldur margt að segja. Ég held, að þetta mál sé þannig vaxið, að það þurfi að athugast betur, og séu slíkar ráðstafanir gerðar, þá þurfa þær að vera sem almennastar, en ekki aðeins einn hópur manna tekinn út úr, atvinnuleysingjarnir, og sagt, að þeir skuli fá sitt kaupgjald greitt á þennan hátt. Ég álít, að það megi taka það til athugunar, hvort ríkið geti að einhverju leyti bundið greiðslur til starfsmanna sinna við það, að þeir noti íslenzkar afurðir fyrir vissan hluta af kaupi sínu, en að ætla sér að setja þetta sem skilyrði fyrir atvinnubótavinnu, hvernig svo sem ástatt er, það álít ég, að komi ekki til nokkurra mála. Ég vil því eindregið skora á hv. þm. að greiða atkv. gegn þessari till. í heild, af þeim ástæðum, sem ég nú hefi greint.

Þá er hér 25. till. á þskj. 890, um að 150 þús. kr. skuli varið af atvinnubótafé til vegagerðar. Nú er það svo, eins og menn vita, að atvinnubótavinna er yfirleitt unnin á tímanum frá því í janúar og fram í apríl og frá því seint í september og fram undir áramót. Síðari hluta vetrar, frá því í janúar og fram á vor, er ekki hægt að gera ráð fyrir því með neinni skynsemi, að hægt sé að stunda vegagerð til atvinnubóta, a. m. k. þá ekki nema rétt niður við sjó, sem er hæpið þó. Aftur á móti mætti vel stunda vegagerð fyrri hluta vetrar, þegar svo viðrar. Mun það verða tekið til athugunar, og ef fært þykir, mun verða reynt að verja einhverju af atvinnubótafénu í þessu skyni. En að gefa nokkurt loforð um það, hvað miklu skuli varið í þessu skyni, er ekki hægt. Það er undir svo mörgu komið, tíðarfari og öðru slíku. — Hinsvegar vil ég benda á það, að eins og hv. þm. er kunnugt, þá hefir verið tekið upp myndarlegt framlag til þessa vegar, 70 þús., af því fé, sem af benzínskattinum kemur.

Þá er næsta brtt. á sama þskj. um það, að bæta sauðfjáreigendum þann halla, sem þeir hafa orðið fyrir vegna takmörkunar á útflutningsleyfum á ull og gærum héðan til Þýzkalands. Af öllum vitlausum till. er þetta sú vitlausasta. Hvernig á að reikna þennan halla út? Með því að bera saman það, sem flutt var héðan til Þýzkalands á árinu 1935, og það, sem flutt var þangað árið áður? En þá mundi það sýna sig, að markaður hefir verið miklu meiri nú í ár til Þýzkalands heldur en í fyrra, og það verð, sem bændur hafa fengið fyrir sínar afurðir, miklu hærra. Að þessir möguleikar hafa verið fyrir hendi á sölu til Þýzkalands, stafar af því, að stj. hefir beinlínis beint kaupunum þangað og þannig skapað aukna verzlunarmöguleika þar. — Um framlag til kjötverðjöfnunarsjóðs vil ég segja það, að sem betur fer hefir verið greiðara um kjötsöluna nú í ár

heldur en síðastl. ár, og að fullnaðarniðurstöður eru enn ekki fengar. Að þessu hvorutveggja athuguðu sé ég ekki ástæðu til að ákveða þetta framlag, hvað sem upp verður, þegar fullnaðarniðurstöður eru fengar.

Sigurður Einarsson: Ég hleyp hér í skarðið fyrir fjarverandi menn, til þess að minnast nokkrum orðum á brtt. á þskj. 932, þar sem 5 þm. Nd. fara fram á, að styrkur til Þorbergs Þórðarsonar sé færður á 18. gr. fjárl. Þorbergur er löngu orðinn kunnur maður af ritstörfum sínum, og er ekki um það að deila, að hann er einhver pennafærasti maður, sem ritar bækur hér á landi. Hann hefir löngum átt erfitt uppdráttar fjárhagslega, því það er um hann eins og aðra, sem lagt hafa það fyrir sig að rita hér heima, að hann hefir ekki haft mikið upp úr því. Hinsvegar hefir hann á undanförnum árum notið nokkurs styrks frá Alþ., og eru flm. þessarar till. þeirrar skoðunar, að vel færi á því, að hann væri færður yfir á 18. gr. fjárl. og hefði þar sinn styrk framvegis. Ég vildi vænta þess, að það verði ekki mikill ágreiningur um það, að þessi ráðstöfun sé réttmæt, því ef Þorbergur er borinn saman við þá menn aðra, sem í 18. gr. eru, þá er með engu móti hægt að segja, að hann sé afkastaminni eða ómerkilegri rithöfundur heldur en margir þeir, sem þangað eru komnir. Það má t. d. benda á, að honum er sú gáfa gefin fram yfir flesta íslenzka rithöfunda, ef ekki alla, að hann er mjög gamansamur í ritum sínum og fjölbreyttari heldur en tíðkast um íslenzka rithöfunda. Og þó að hann hafi skrifað hluti, sem einstaka mönnum kann að hafa sárnað í bili, þá hverfur það við hliðina á hinum miklu fræðiverkum og öðru, sem eftir hann liggur. — Ég ætla sem sagt að vænta þess, að hv. Alþ., sé sammála um að færa þennan rithöfund yfir í 18. gr. fjárl.

Frsm. 2. kafla (Bjarni Bjarnason): Í framsöguræðu minni hér á dögunum gleymdist mér ein till. á þskj. 895, við 14. gr., um styrk til sundskólahússins á Sveinseyri, 500 kr. Þessi staður er nú orðinn einskonar miðstöð fyrir unga fólkið þarna í grenndinni. Fyrir 4 árum var þar byggð mjög myndarleg heit laug og heimavistarhús til sundkennslu, sem tekur 32 nemendur. Hefir þetta unga fólk lagt á sig mikið erfiði og peningaútlát til þess að koma þessu húsi upp, sem hefir flest þau þægindi, sem krafizt er nú á tímum. Var styrkur veittur til þess á yfirstandandi ári, 5 þús. kr., og vill n. mæla með því, að þetta myndarlega framtak fái nú 500 kr. styrk á næsta ári.

Þá er till. á þskj. 909 um kvennaskólann í Rvík. Samkv. till. er ætlazt til þess, að skólinn fái þann styrk, sem honum hefir þegar verið ákveðinn fyrir næsta ár, þ. e. a. s. að svo miklu leyti sem hann hrekkur, en framvegis greiðist styrkur til skólans eftir þeim reglum, sem segir í till., að ⅔ úr ríkissjóði gegn því að Rvíkurbær greiði ⅓. Þetta er sama fyrirkomulagið og gildir um gagnfræðaskólana.

Ég vildi þá minnast örfáum orðum á nokkur atriði, sem fram hafa komið. Og skal ég þá fyrst minnast á till. hv. 11. landsk. um hafnarbætur á Stokkseyri. Nú liggur fyrir hjá fjvn. bréf, þar sem það er viðurkennt, að ríkissjóður hafi greitt það tillag, sem honum ber, til hafnarbóta á Stokkseyri samkv. till. vitamálastjóra, en hinsvegar eigi Stokkseyringar ógreiddar um 8 þús. kr. af sínu eigin tillagi og auk þess óunnið við bryggjuna fyrir 1300 kr. Nú er það svo, að þrátt fyrir það, að þessi staður sé alls góðs verður, þá verður að miðla því litla fé, sem yfir er að ráða, og fjvn. hefir fallizt á að veita Stokkseyringum ábyrgðarheimild fyrir allt að 3500 kr. til greiðslu ógoldinna vinnulauna, og hæstv. atvmrh. hefir sagt við mig, að hann hafi lofað af atvinnubótafé til þess að fullgera þessa bryggju.

Þá flytur sami hv. þm. till. um hækkun á framlagi til símalagninga, og á sú hækkun að fara til nýrrar símalínu frá Ásum í Gnúpverjahreppi að Ásólfsstöðum. Það er rétt, að það er mesta nauðsyn á þessari símalínu. En fyrir nokkrum dögum var Páll Stefánsson á Ásólfsstöðum staddur hér í bænum, og átti hann tal við mig um það, hvort ekki mundi heppilegra að geyma þessa till. til næsta þings og leggja þá meiri kraft í þetta, og varð þetta að samkomulagi milli okkar þriggja, hans mín og landssímastjóra. Ég get því ekki stutt þessa till. hv. 11. landsk.

Þá er hér loks till. frá þm. Rang. og hv. 11. landsk. um það að verja af atvinnubótafé 150 þús. kr. til vegagerðar á Hellisheiði. Ég verð nú að segja það um þessa hv. þm., að þeir hafa haft aðstöðu til þess um alllangan tíma að gera meira fyrir þennan veg heldur en raun er á orðin. Ég minnist þess ekki, að jafnkappsamlegar kröfur í þessa átt hafi komið frá þessum hv. þm. á undanförnum þingum eins og núna, þrátt fyrir það, að aldrei hafi verið gert eins mikið fyrir þennan veg eins og nú er komið á daginn. Ég get sagt hv. þm. það, að á síðastl. sumri voru lagðir 3 km. í Ölfusinu í þá átt. sem vegurinn á að liggja, og nú er búið að lögfesta, að verja skuli a. m. k. 70 þús. kr. í Hellisheiðarveg á næsta ári, og auk þess hafa bæði hæstv. atvmrh. og hæstv. fjmrh. haft velviljuð orð um að bæta við þetta af atvinnubótafé, ef auðið yrði. Ég viðurkenni fúslega, að það þyrfti miklu meira en 70 þús. kr. í þessu skyni. Þó vænti ég þess, að hv. þm. sé það ljóst, að það verður ekki tekið allt, sem maður óskar, og ég held, að kröfur þessara þm. séu ekki sanngjarnar, þegar tekið er tillit til þess, hverju þeir hafa komið í framkvæmd á undanförnum þingum þrátt fyrir góða aðstöðu.

Frsm. 1. kafla (Jónas Guðmundsson): Það er hvorki langt né merkilegt, sem ég hefi að segja að þessu sinni. Ég vil þó segja það um allar brtt., sem fram hafa komið frá einstökum þm., að n. hefir ekki sem slík tekið afstöðu til þeirra. Nm. hafa því óbundnar hendur um þessar till., og það verður að fara um þær eins og þingheimur vill vera láta.

En það, sem ég vildi helzt vikja að, eru nokkur atriði í ræðu hv. 1. þm. Skagf., sem hann flutti hér fyrir stuttu sem frsm. minni hl. fjvn.

Að vísu hefir form. n., hv. þm. S.-Þ., tekið mörg þeirra atriða til athugunar, svo ég tel ekki ástæðu til að minnast á nema fáein. — Hann minntist fyrst á samvinnu þá, sem verið hefði í n., og taldi hana góða. Ég er honum alveg sammála um það, að ólíkt skárra samkomulag hafi verið nú í n. heldur en í fyrra, enda bera fjárl. þess vott, og sérstaklega umr. andstæðinga stjórnarliðsins. En hv. þm. minntist á það, að þessi stefna, sem stjórnarflokkarnir hefðu fylgt, leiddi að algerðu hruni og að þeir „flytu sofandi að feigðarósi". Það hefði verið meiningin að spara á fjárl., en svo þegar búið hefði verið að færa þau niður um 1 millj., þá hefði aftur verið rokið til að hækka þau. En þetta er dálitið villandi hjá hv. þm. Það var sem sé þannig, að þó ekkert nýtt væri tekið inn í fjárl., þá bar samt fulla nauðsyn til þess að lækka útgjöldin um 1 millj. kr., ef ekki ætti að verða fyrirsjáanlegur tekjuhalli á ríkisbúskapnum, gangandi út frá því, að svipaðar tekjur yrðu á árinu 1936 eins og á árinu 1935. Þess vegna var þessi niðurskurður gerður. Svo var hitt annað mál, hvort heppilegt væri nú á þessum tímum að ráðast í að setja löggjöf um alþýðutryggingar og nýbýli og annað slíkt, sem hefði í för með sé aukin útgjöld upp á fleiri hundruð þús. kr. — Um benzínskattinn, sem líklega er sérstakur liður í öllu þessu og mikið er búið að ræða um, er það að segja, að hann er fyrst og fremst settur til þess að geta aukið atvinnu á þeim tíma, þegar atvinnureksturinn dregst saman hjá einstaklingunum, bæði fyrir utan að komandi áhrif og eins fyrir það, að þegar erfiðir tímar eru um sölu á afurðum, þá dregur ósjálfrátt úr öllum atvinnurekstri. Atvinnurekendur draga saman seglin til þess að forða sjálfum sér frá tjóni, og verður ekkert við því sagt. Hin hliðin er sú, að bættir vegir á þeim slóðum, þar sem bifreiðaumferðin er mest, er beinlínis gróði fyrir þá, sem bifreiðar eiga. Þessi skattur er því í rauninni einskonar utanveltuskattur á fjárl., kemur að vísu inn sem tekjur, en gengur út upp í gjöld ákveðinna framkvæmda, sem hafa þetta tvennt sem hlutverk. Ég skal ekki segja, hvort hv. 1. þm. Skagf. telur það að „fljóta sofandi að feigðarósi" að gera þær tilraunir, sem hægt er að gera til að auka atvinnu fólksins, en það er í raun og veru ekkert annað, sem verið er að gera með þeim útgjaldahækkunum, sem gerðar eru á fjárlfrv., en að auka atvinnuna annarsvegar og tryggja fólkið hinsvegar. Allar hækkanir n. ganga út á þetta, og það má vel vera, að það sé að „fljóta sofandi að feigðarósi" að fylgja þessari stefnu, sem hv. 1. þm. Skagf. segir, að leiði að hruni. En hvorki ég eða meiri hl. n. hefir getað fallizt á, að þetta sé röng stefna. Þetta er sú stefna, sem þessir flokkar hafa fylgt frá því þeir tóku við völdum, og hún kemur skýrast fram í þessum till.

Hv. 1. þm. Skagf. sagði, að ef við ættum eftir að vera nokkur ár saman, þá mundu allir vera komnir á sama mál, og færði þar til, að í fyrra hefðu þeir viljað draga úr strandferðastyrknum. Ég get sagt það sama; ég hefi ekki orðið var við neinn sérstakan mótþróa hjá nokkrum minni hl. við þær till., sem við höfum komið inn í fjárl. um tryggingar og aukna atvinnu af hálfu ríkisins. En þetta er stefnumál þeirra flokka, sem nú standa að stj., og mér finnst það ákaflega gleðilegar framfarir hjá sjálfstæðismönnum að fallast nú á þetta. (MG: Höfum við fallizt á þetta?). Já, með því að gera ekki neinn ágreining. Hitt hafa þeir sagt, að það gæti orkað tvímælis, hvort ráðlegt væri að byrja á þessum framkvæmdum á þeim tímum, sem nú eru. Ég hefi a. m. k. ekki skilið þá svo, að þeir væru á móti því, að teknar væru inn í fjárl. stórar fjárhæðir til alþýðutrygginga. Þeir hafa bara haldið fram, að það væri óheppilegt að gera það á þessum tíma. Þetta hefir komið fram í umr. í fjvn., í umr. í Nd. og jafnvel í umr. hér í Sþ.

Hv. 1. þm. Skagf. minntist á áfengistekjurnar og hækkunartill. n. við þann lið. Það er gert ráð fyrir að hækka verðið á áfengi, og stafar hækkunartill. fyrst og fremst af því.

Þá skal ég minnast á nokkrar af till. hv. þm. En ég vil taka það fram, að ég tala ekki um þær í nafni n., heldur aðeins sem þm.; þó geri ég ráð fyrir, að skoðanir meiri hl. n. séu svipaðar mínum.

Það hafa komið fram á tveimur þskj. till. um að bæta nokkrum mönnum í Ólafsfirði bátatjón. Það væri ákaflega æskilegt, að hægt væri að bæta slík tjón, en ef fara á út á þá braut að bæta yfirleitt tjón einstakra manna af völdum náttúrunnar, þá getum við fengið inn í fjárlögin allóþægilegan lið. Það er ekki lengra síðan en í haust, að 10 bátar brotnuðu og sukku á Norðfirði, og voru sumir óvátryggðir. Ég hefi eigi leyft mér að fara fram á, að þetta væri bætt. Mér er og kunnugt um, að á sveitabæjum hér í Borgarfirði hrynur svo niður bústofn bænda, að nú eru orðnir nær félausir menn, sem áttu fleiri hundruð fjár. Væri minni ástæða til að bæta þeim tjónið heldur en þessum mönnum í Ólafsfirði? Þannig mætti lengi telja, og ef fara ætti inn á þessa braut, mundi oft illt að gera upp á milli manna. Ég veit, að hv. þm. munu svara, að hér hafi átt sér stað sérstakt tjón vegna þess að ekki hafi verið búið að koma í lag vátryggingu. En fyrir öllu svona er hægt að færa einhverjar sérstakar ástæður; hvort þær eru meiri í einu tilfelli en öðru er ekki svo gott að dæma um. Þó ég viðurkenni þörfina á að hjálpa þessum mönnum, vil ég samt ekki fallast á að fara inn á þessa braut, því það væri þá eftir að bæta margan skaðann.

Þá minntist hv. þm. á kjötuppbótina og meðferð þess máls í fjvn. Ég skal ekki fara langt út í það efni, en það er náttúrlega með þetta eins og hvert annað mál, sem fær heldur ógreinilega afgreiðslu í n., að það má segja á eftir, að það hafi verið svona og svona með það farið. En hin raunverulega niðurstaða um kjötuppbótina var sú, a. m. k. að því er Alþfl. snertir og ég held Framsfl. líka, að fyrst verði að sjá, hvað mikils þarf við til þess að bæta upp kjötið, og taka svo ákvörðun um, eins og gert var á síðastl. ári, hvort ekki eru aðrir liðir í fjárl., sem mætti taka þetta af, og bæta svo þar við, ef á þarf að halda.

Um atvinnubótafé hefir hæstv. atvmrh. talað, en út af brtt., sem fram eru bornar við þann lið, vil ég segja þetta: Atvinnubótafé er hugsað og beinlínis ákveðið af þinginu til þess að vera einskonar varasjóður, sem stj. geti á hverjum tíma úthlutað til hjálpar þeim byggðarlögum, þar sem atvinnan bregzt. Ef nú á að fara inn á þá braut, að þingið ákveði, hvert þetta fé skuli veitt, þá getur farið svo, að ekkert fé verði fyrir hendi til að veita þangað, sem þörfin er mest í hvert skipti. Það er kunnugra en frá þurfi að segja, að utan Suðurlandsundirlendisins, Faxaflóa og Vestmannaeyja hefir atvinnuleysið síðasta ár verið þannig, að til vandræða horfir og hallæris í mörgum sjávarplássum, og jafnvel sveitum. Ef binda á ríkisstj. með ákvæðum um að verja þessu fé til eins eða annars, getur farið svo, að ekkert verði eftir til þess að hjálpa þessum sveitarfélögum. Nú leggur minni hl. fjvn. til að lækka atvinnubótafé niður í 300 þús. kr. Við skulum segja, að það yrði samþ. Fulltrúi bændaflokksins leggur til, að ef ekkert fé verði ákvarðað í fjárl. sérstaklega til kjötuppbótar, þá skuli taka 150 þús. kr. af atvinnubótafénu til þess að bæta með kjötverðið til bænda. Hv. 11. landsk. leggur til, að 150 þús. verði teknar af atvinnubótafénu til Hellisheiðarvegar, sem áður er gert ráð fyrir, að fái 60 þús. kr. Þá er ekki einn einasti eyrir eftir til þess hlutverks, sem þessu fé er ætlað að inna af hendi. Þess vegna má ekki samþ. svona till. Það, sem fyrir mér vakir, er það, að ekki megi lækka atvinnubótafé vegna þess, að það er eina framlagið, sem ríkisstj. getur gripið til og hjálpað með þeim bæjum og sveitarfélögum, þar sem brýnust nauðsyn kemur fram. Þó vegna annara aðgerða þingsins og aðgerða Reykjavíkurbæjar megi búast við meiri atvinnu heldur en að undanförnu hér í grenndinni, þar sem Sogsvirkjunin stendur sem hæst á næsta ári og gert er ráð fyrir að láta vinna fyrir mestan hluta benzínskattsins í nágrenni Reykjavíkur, þá er nauðsyn annara bæjar- og sveitarfélaga úti um landið ennþá meiri í þessu efni heldur en nokkru sinni fyrr. Ég vil því ekki, að þetta fé sé á neinn hátt skert; enda væri alveg horfið frá því, sem á að vera tilgangur þessa framlags, sem sé að geta greitt fyrir bæjar- og sveitarfélögum, sem fyrir mestum atvinnubresti verða af ýmsum ástæðum, ef brtt. eru samþ.

Um vegatill. get ég verið fáorður; ég geri ráð fyrir, að fjvn. sé á móti þeim öllum, a. m. k. meiri hl. Vegafénu var með góðu samkomulagi skipt í n. þannig, að tillit var tekið til hvers héraðs. Þó svo virðist, að Vestur-Skaftafellssýsla fái hér einna minnst fé, þá hefir á undanförnum árum verið varið þangað geysimiklu fé, á síðasta ári t. d. hvorki meira né minna en 40 þús. kr. Það hefir verið talað hér um, að í Síðuveg þurfi 1000 kr. á ári til þess að halda honum færum eins og öðrum þjóðvegum, en ekki mundi þurfa nema 6 þús. kr., eða 3 þús. meira en lagt er til í frv., til þess að fullgera hann svo hann verði góður. Ég verð að segja, að ef þessum 1000 kr. væri bætt við þær 3000 kr., sem veittar eru til þessa vegar samkv. frv., þá hefir vegamálastjóri oft leyft sér annað eins, þó hann tæki 2000 kr. til viðbótar af viðgerðafénu til þess að geta klárað veginn. Ég get ekki séð annað en það væri skynsamlegt, og hann mun hafa svo frjálsar hendur um meðferð viðhaldsfjársins, eins og skýrsla hans ber með sér, að það getur farið upp í 70 þús. í einni sýslu, þó þangað séu ekki áætlaðar nema 30 þús. kr.

Ég skal svo láta máli mínu lokið. Mér fannst betur viðeigandi að segja eitthvað um þessar till. og vona, að það verði ekki til þess að umr. lengist mikið. En fjvn. hefir raunar ekki sem slík tekið afstöðu til neinna af till. einstakra þm., og býst ég því við, að einstakir nm. telji sig óbundna við atkvgr.

Frsm. 3. kafla (Þorbergur Þorleifsson): Ég sé ekki ástæðu til að tala mikið um þær brtt. frá einstökum þm., sem hér liggja fyrir; bæði eru flm. margra þeirra fjarverandi, og svo er það um þær allar að segja, að fjvn. sem slík mælir ekki með þeim. Hinsvegar hafa nm. óbundnar hendur um flestar till. og geta því greitt atkv. eins og þeim sýnist.

En út af ummælum hv. 1. þm. Skagf. í framsöguræðu sinni fyrir minni hl. ætla ég að segja örfá orð. Hv. þm. talaði nú svona nokkuð á víð og dreif um starf og stefnu fjvn.; hv. þm. S.-Þ. hefir tekið það efni til athugunar, og skal ég ekki fara frekar út í það. Ég get aðeins tekið undir með öðrum frsm. n. um það, að í rauninni var bezta samstarf og samkomulag í n.; það voru teknar til greina till. minni hl., enda virtist mér koma fram hjá hv. frsm. minni hl., að hann hefði ekki upp á neitt að klaga um samstarfið í n. yfirleitt. Hinsvegar er það vitanlegt, þar sem um þann reginstefnumun í stjórnmálum er að ræða, eins og er hér milli meiri og minni hl., að þá hlýtur að vera að ýmsu leyti staðfest allmikið djúp milli þeirra aðferða, sem slíkir aðilar vilja hafa um ýms atriði fjárl.

Hv. 1. þm. Skagf. minntist ofurlítið á eitt atriði viðvíkjandi þeim klofningstill., sem minni hl. kom hér fram með í fyrra. Ein þeirra var um að lækka styrkinn til samgangna á sjó. Nú segir hv. þm., að meiri hl. hafi fallizt á slíka lækkun, þó hann í fyrra teldi hana árás á Austurland. Ég býst við, að ég hafi látið falla einhver ummæli í þessa átt á þingi í fyrra. En ég vil benda hv. þm. á það, að nú er viðhorfið allbreytt hvað þetta snertir. Í fyrsta lagi voru ekki á þingi í fyrra gerðar till. um slíka heildarniðurfærslu á öllum liðum fjárl., þar sem því er mögulegt að koma við, eins og nú. Þó nú sé færður niður styrkurinn til strandferða, þá er það ekkert annað en hliðstæð niðurfærsla við niðurfærslu fjöldamargra annara liða, en í fyrra tók hv. minni hl. þennan lið alveg út úr. Auk þess má benda á, að aðstaða Austurlands til samgangna hefir breytzt síðan í fyrra að því leyti, að bílvegakerfi landsins hefir verið bætt svo, að nú er hægt að nota bíla alla leið milli Reykjavíkur og Austurlands, sem ekki var hægt þegar gengið var frá fjárl. í fyrra. Að þessu leyti hefir viðhorfið breyzt. Einnig munu verða

gerðar sérstakar ráðstafanir til þess, að þessi niðurfærsla styrksins til strandferða komi sem minnst niður á þeim stöðum, sem verst eru settir með samgöngur hér á landi, en til slíks hafði hv. minni hl. ekki ætlazt, þegar hann kom fram með till. sínar í fyrra. (PO: Hvaða sérstöku ráðstafanir eru það?). Það var samkomulag um það milli samgmn. og fjvn., eins og hv. þm. veit, að þetta skyldi látið koma tiltölulega minnst niður á Austurlandi. (MG: Mátti ekki gera það í fyrra líka?). Það lá ekkert fyrir um það þá, svo þetta er ekki rétt, að meiri hl. hafi skipt um skoðun; það er viðhorfið í þessu efni, sem hefir breytzt; það er allt og sumt.

Þá ætla ég að víkja með örfáum orðum að því, er hv. 1. þm. Skagf. sagði um meðferð till. þeirrar, er fram kom í fjvn. um að bæta upp kjötverð til bænda. Mér datt í hug, þegar hv. þm. var að segja frá þessu, að sjaldan er nema hálfsögð sagan er einn segir frá. Ég ætla ekki að mótmæla því, að hv. þm. hafi sagt rétt frá, það sem það náði, en hann gleymdi að geta um það, að á fund n. kom hv. 2. þm. N.-M., sem einmitt er form. kjötverðlagsnefndar, og benti hann n. á, að það væri ekki rétt að taka upp neina ákveðna upphæð til þess að bæta með kjötverðið, vegna þess að það væri mjög óvíst um það ennþá, hvernig salan yrði á erlendum markaði. Hann skýrði n. frá, að salan á frysta kjötinu hefði gengið mjög vel það sem af væri, og líkindi væru til, að hún gengi vel áfram, þó ekkert væri hægt að segja um það með vissu. Því áleit hann, og yfirleitt þeir, sem hafa þetta með höndum, að ekki væri hyggilegt að taka upp í fjárl. ákveðna fjárhæð í þessu skyni, meðan ekki væri hægt að segja um, hvað hún þyrfti að vera há. Þessi aðferð var líka viðhöfð á síðasta þingi, að það var ekki tekin upp sérstök fjárveiting í þessu skyni, en hæstv. forsrh. lýsti því yfir fyrir hönd Framsfl., að hann mundi beita sér fyrir því, að þessi kjötuppbót yrði veitt síðar á árinu, ef þörf væri á. Var í rauninni ekki nema sjálfsagt að taka þetta til greina, og því var það, að við, sem áður vorum því fylgjandi í n. að taka þegar upp sérstakt framlag til kjötuppbótar, féllumst á að láta þetta bíða þangað til séð væri, hvað mikið þyrfti við.

Þá er það út af aths. við heimildartill. um endurgreiðslu á tolli af vínanda til verksmiðju á Akureyri, sem ég vil gefa nokkrar upplýsingar. Ég skal viðurkenna, að í framsöguræðu minni gaf ég ekki neina skýringu á þessari till., og er því eðlilegt, að hv. þm. vilji fá upplýsingar um hana. En ég er sannfærður um, að þegar hv. þm. hafa heyrt, hvernig málavextir eru, þá muni þeir ekki verða þessari tollendurgreiðslu andstæðir. Þessu er þannig varið, að S. Í. S. hefir hugsað sér að koma upp verksmiðju á Akureyri til að vinna fatnað úr skinnum. En til þess hægt sé að keppa við erlenda framleiðslu í þeirri grein hvað verð snertir, þá þarf að skapa þessari fyrirhuguðu verksmiðju sömu aðstöðu til útvegunar þeirra hráefna, sem til þessa iðnaðar þarf, eins og erlendu verksmiðjurnar hafa. M. a. þarf að nota allmikið af vínanda við verkun skinnanna. Erlendu verksmiðjurnar fá þann vínanda, sem þær þurfa að nota, fyrir 50 aura lítrann. En tollurinn á ómenguðum vínanda er hér kr. 6.25 pr. lítra, og kr. 2.25 pr. lítra af menguðum vínanda. Nú er að vísu betra að nota ómengaðan vínanda til þessara hluta, en má þó nota mengaðan. Hér er um það að ræða, að ef ekki fæst þessi tolleftirgjöf, verður alls ekki lagt í að koma þessum iðnaði á fót, og þess vegna tapar ríkissjóður í raun og veru engu, því það mundi aldrei koma til þess, að neinn vínandi væri fluttur inn í þessu skyni, ef tollurinn er ekki gefinn eftir. Í öðru lagi yrði hér ekki nema um lítla upphæð að ræða. Í byrjun er gert ráð fyrir 100 lítrum af vínanda, en þörfin mundi vitanlega aukast fljótt, ef framleiðslan heppnaðist vel. Fyrst í stað mundi eftirgjöfin því ekki nema meiru en 225 kr., en þó hún kæmi til með að nema svo þúsundum skipti, þá er ekki nokkur vafi á því, að hér er um svo merkilegan iðnað að ræða, að ekki er nema sjálfsagt, að ríkið gefi eftir þennan toll.

Ég man þá ekki eftir fleiri atriðum, sem ég þarf að svara.

Þorsteinn Briem [óyfirl.]: Ég vil fyrst leyfa mér að segja nokkur orð um þá till., sem ég ber fram einn. Hún er á þskj. 890, 9. liður 1—3, um Laxárdalsveg, að framlag til hans verði hækkað úr 1500 kr. upp í 2500 kr. Þessi vegur hefir að ófyrirsynju verið olnbogabarn nú síðustu árin, og er hans þó hin mesta þörf, því að svo hagar til þarna, að það er þegar kominn allgreiður vegur yfir Laxárdalsheiði, en Laxárdalurinn sjálfur innan til er ófær. Er hin mesta nauðsyn að geta lokið við veginn, einkanlega á miðkafla dalsins, þar sem verður að fara yfir ána til þess að komast leiðar sinnar; en í ánni eru sandbleytur, og þegar miklar rigningar eru, getur hún verið ófær. Hreppsbúar hafa lagt mikið á sig til þess að leggja af mörkum á móti því, sem greitt er úr ríkissjóði, og þeir hafa sýnt það í verkinu, hvað mikið áhugamál þessi vegur er þeim. — Annar liður í þessari till. minni er um Suðurdalaveginn, að framlagið til hans hækki úr 6000 kr. upp í 8000 kr. Um þann veg er sama að segja, að hans er hin mesta þörf, en því má bæta við, að hans er ekki aðeins nauðsyn fyrir héraðið sjálft, heldur og fyrir vesturkjálkann. Strandasýsla og Barðastrandarsýsla, eða austurhluti hennar, hafa mjög mikið gagn af þessum vegi. En svo hagar til einmitt í Suðurdölunum, að stór á, Miðá, sem hefir mikið vatnssvið og vex ört á sumrin og getur verið ófær haust og vor, rennur þarna, og hafa bílar teppzt við hana. Þessi vegabót, sem nú á að gera, er einmitt gerð með það fyrir augum, að komizt verði hjá að fara yfir Miðá sjálfa, heldur verði lagðar smá brýr á nokkrar ár, sem í hana renna. Er þess vegna hin mesta nauðsyn, ekki aðeins fyrir það hérað, sem þessar vegabætur eru gerðar í, heldur og fyrir Strandasýslu og austasta hluta Barðastrandarsýslu, að þessi vegur komist á. Ég hefi því lagt til, að upphæð til þessa vegar verði hækkuð lítilsháttar.

Í 3. lið IX. er talað um Saurbæjarveg. Þeirrar

vegabótar er eigi aðeins þörf vegna þeirra byggða, sem vegurinn liggur um, heldur og vegna nokkurra héraða, sem verða að flytja eftir þessum vegi. Ég hefi því lagt til, að sú upphæð verði hækkuð um 1500 kr.

Þá hefi ég borið fram brtt., sem er merkt XXVIII., við 16. gr. 12, um 800 kr. til Ingólfs Daviðssonar grasafræðings til framhaldsnáms í jurtasjúkdómafræði. Ég bar fram till. um þennan námsstyrk í fyrra, og var hann þá samþ., en því miður hefir þessi maður ekki komizt að í fjárl. fyrir næsta ár. En ég tel hina mestu nauðsyn á að hafa sérfróðum mönnum á að skipa viðvikjandi jurtasjúkdómum, með því að það skiptir mjög miklu máli fyrir alla þá, sem lifa á jarðrækt. Það er vitanlegt, að fjölmargir hafa orðið fyrir geysimiklum skaða á undanförnum árum af völdum kartöflusýkinnar. Vera má, að ef við hefðum haft sérfræðing í jurtasjúkdómum, þá hefði mönnum þegar tekizt að vinna bug á þessum vágesti, en við höfum ekki haft einn einasta jurtasjúkdómafræðing, en orðið að leita til erlendra manna í því efni, en slíkum mönnum er ekki ávallt að treysta, og verður ekki hjá því komizt að veita nokkurn styrk til þess að þjóðin geti átt kost á því, að hér heima sé jafnan sérfróður maður, þegar um jurtasjúkdóma er að ræða. Ég vænti því, að Alþ. taki vel undir þessa till., eins og henni var vel tekið í fyrra.

Þá hefi ég ásamt öðrum flutt brtt. við 22. gr. um að á eftir II. lið komi nýr liður um að heimila ríkisstj. að festa kaup á jörðunum Vorsabæ, Yxnalæk og Saurbæ í Ölfusi, ef viðunandi samningar takast um þær, til viðbótar við Reykjatorfueignina, svo að hægt verði að reisa þar nýbýlahverfi. Þegar Reykjatorfan var keypt, munu margir hafa hugsað, að þar væri góður staður til að reisa nýbýlahverfi. En við nánari athugun hefir það komið í ljós, að landrými Reykjatorfunnar sé ekki nægilega stórt til að hægt sé að reisa þar nýbýlahverfi að ráði. Hinsvegar liggja þessar þrjár jarðir að Reykjatorfueigninni, sem er eign ríkissjóðs, og ef hann tryggði sér eignarhald á þessum þrem jörðum, myndi þar vera fenginn einhver allra ákjósanlegasti staður til þess að reisa nýbýlahverfi. Á þessu landsvæði er ekki aðeins sá kostur, að þar er nægur jarðhiti, heldur og allgóð aðstaða til að virkja fallvatn, sem jarðirnar eiga rétt á, og hafa þannig hvorttveggja: jarðhita og aðstöðu til rafvirkjunar. Hygg ég, að slík aðstaða sé allfágæt og þess vegna ekki forsvaranlegt að sleppa slíku tækifæri, þar sem nú mun hægt að komast að allgóðum kjörum um þetta. Um Vorsabæ hefir þannig borizt ágætt tilboð um samninga. Og þar sem ekki hefir verið leitað úr annari átt heimildar Alþ. til að nota það tilboð, þá er þessi till. fram borin. Auk þessa mikla landsvæðis fylgja því 400 ha. af nytjalandi og fjalllendi, sem mun vera um 200 ha.

Þá skal ég víkja að till., sem við hv. þm. V.-Húnv. flytjum á þskj. 890, merkt XXVI, við 16. gr. 1. Það eru 2 nýir liðir; annar er um framlag til kjötverðjöfnunarsjóðs 150000 kr. Eins og öllum er kunnugt, þá getur svo farið, að bændur á 1. verðlagssvæði verði jafnvel að lúta að því að fá lægra verð fyrir sínar kjötafurðir en fyrr, og munu þó margir bændur vera svo á vegi staddir, að það verð sé ekki um of. Erlenda salan hefir að vísu, eftir þeim gögnum, sem ennþá eru fram komin, gengið betur en í fyrra, en niðurstaðan verður sú, að bændur, sem hafa aðallega notað innlenda markaðinn, fá jafnvel lægra verð en í fyrra. Það er upplýst, að till., sem gengur í þessa átt, hafi þegar verið búin að ná samþykki fjvn., en sökum andstöðu fulltrúa eins flokks hefir till. af einhverjum óupplýstum ástæðum verið tekin aftur. Nokkrir menn úr fjvn. hafa borið fram till., sem miðar að þessu sama, að varið verði 120 þús. kr. til þess að bæta upp kjöt af framleiðslu ársins 1935, og er það í samræmi við þá till., sem búið var að samþ. í fjvn. En nokkrir, sem upprunalega voru þessu fylgjandi, féllu frá því, fyrir hvaða fríðindi sem það hefir nú verið. Sem aths. við þessa till. okkar stendur, að ef ekki verði fé fyrir hendi í ríkissjóði til þess að greiða þetta, megi greiða upphæðina af því fé, sem veitt er til atvinnubóta. Gert er ráð fyrir, að óvenjulega miklar vegabætur verði unnar fyrir opinbert fé hér í námunda við Rvík, samkv. sérstökum l., þar sem atvinnubótaþörfin er jafnan mest. En þessir vegir eru Hafnarfjarðarvegur, vegurinn að Elliðaánum og vegurinn austur yfir Hellisheiði. Lítum við svo á, að atvinnubótafé geti að þessu meðtöldu orðið eins mikið og venja er til. Auk þess er öllum vitanlegt, að við Sogsvirkjunina verður um meiri atvinnu að ræða á næsta ári heldur en síðastl. sumar, bæði af því að sú atvinna getur byrjað fyrr, því að við væntum þess, að ekki komi fyrir verkfall af sama tægi og í fyrra til þess að hindra atvinnu í landinu, og auk þess mun vinnunni verða hagað þannig, að gert mun ráð fyrir, að atvinna verði alveg sérstaklega mikil við þetta fyrirtæki. Með tilliti til þess, að sérstaklega mikil og stór mannvirki verða unnin í landinu einmitt á næsta sumri, höfum við talið það mjög forsvaranlegt að láta þessa aths. fylgja till. okkar. Við teljum þess fulla þörf, að þessi till. verði samþ. nú, en ef hún nær ekki fram að ganga, þá munum við flm. hennar að sjálfsögðu greiða atkv. með þeirri till., sem einnig hefir komið fram um sama efni, þó að hún sé þrem tugum þúsunda lægri.

Þá höfum við sömu þm. borið fram brtt. við 16. gr. um að stj. greiði til sauðfjáreigenda fyrir þann halla, sem þeir hafa orðið fyrir vegna takmörkunar á útflutningsleyfum til Þýzkalands á ull og gærum, 300 þús. kr. Ég skal nú gera nokkra grein fyrir því, hvers vegna við höfum borið þessa till. fram. Það er upplýst, a. m. k. eftir þeim gögnum, sem við höfum átt kost á að fá, að ullarverðið í Þýzklandi framan af ári hefir verið rúmlega 1½ mark fyrir kg., en það hefir líka verið hámarksverð í Þýzkalandi og allt niður í 1.40 mark, eða um kr. 2.50. En hinsvegar er vitað, að í Danmörku t. d. hefir markaðsverð á ull naumast verið yfir 2 kr., og jafnvel lægra á sumum sendingum. Það mun því vera um 50 aura verðmunur á kg. miðað við Danmörku. Um það, hve mikið verði flutt

út á þessu ári af ull, liggja ekki fyrir fullnægjandi skýrslur, vegna þess að á undanförnum árum hefir ullarútflutningurinn verið nokkuð mismunandi, sökum þess að menn hafa stundum geymt ullina til næsta árs, og er því stundum munur milli ára. Hefir ullarútflutningur stundum komizt upp yfir 1 millj. kg. Við gerum ráð fyrir, að útflutningurinn verði varla minni en 700 þús. kg. Og ef miðað er við það, að ekki hafi fengizt útflutt héðan til Þýzkalands meira en 50% af ullinni, þá mun það vera um 175 þús. kr. verðmunurinn á þýzka markaðinum miðað t. d. við Danmerkurmarkað. — Um gæruverðið er það að segja, að í Þýzkalandi hefir gærumarkaðurinn verið þannig, að ég hygg, eftir upplýsingum, er ég hefi átt kost á að fá, að verð á gærum pr. kg. hafi verið sem næst 1.44 kr., en í Danmörku 1.19 kr. Er því þarna um 25 au. mun að ræða. Og ef miðað er við, að út sé flutt samtals 1 millj. kg. af gærum, sem mun láta nærri, og að ekki sé leyft að flytja til Þýzkalands nema helming af því, þá verður skaðinn á því, sem afgangs er, um 125 þús. kr. Hér hefir, með þeim hömlum, sem settar hafa verið að opinberri tilhlutun á þessar afurðir til Þýzkalands, íslenzk bændastétt orðið fyrir halla, sem nemur allt að 300 þús. kr. eftir þessum tölum. En auðvitað geta komið nýjar upplýsingar um það efni og hallinn getur þess vegna orðið meiri eða minni. Hér er því sett aðeins hámark 300 þús. kr. Við lítum svo á, að það séu harðir kostir fyrir íslenzka bændastétt, eins og hennar högum er nú háttað, að verða fyrir því, af því að hömlur eru settar að opinberri tilhlutun, að fá slíkan skaða. Þess vegna teljum við rétt, að hinu opinbera, sem hömlurnar setur, sumpart og að mestu leyti með tilliti til annara atvinnuvega og neytenda, beri að bæta a. m. k. að mestu leyti þeim, sem verða fyrir mestu tjóni.

Það mun vera þingvenja, að stj. og frsm. nefnda rísi ekki gegn till., sem fram eru bornar, fyrri en flm. hafa mælt fyrir þeim, en hæstv. stj. hefir brugðið út af þeirri venju í þessu tilfelli. Hæstv. stj. hefir verið svo brátt, að hún hefir talað á móti þessari till. áður en mælt hafði verið fyrir henni, og svo sem vænta mátti ekki tekið henni vinsamlega, og hæstv. fjmrh. hefir að því er mér er sagt, mælt á móti henni á þeim grundvelli, að mér virðist hann hafi borið það í sjálfan sig, að á árinu 1933 hafi verið frjáls sala á þessum vörum til Þýzkalands, og þá hafi salan þangað verið miklu minni í krónutali en nú þetta ár. Það er náttúrlega sök sér, þótt hæstv. fjmrh. reyni nú að villa mönnum sýn með því að tiltaka krónutölu í stað þess að tiltaka kg. tölu, því að verðmunurinn er allmikill á milli þeirra ára og þess vegna mjög villandi að tala um krónutölu, en ekki kg. tölu. Þá vildi hæstv. ráðh. áfellast fyrrv. ríkisstj. fyrir það að hafa leyft frjálsa sölu á ull og gærum til þeirra landa, sem þessar vörur vildu kaupa. Hann hefir gefið í skyn, að fyrrv. ríkisstj. væri í stórri sök fyrir það, að hafa ekki skipulagt ullarsöluna 1933, en beitt þvingunarráðstöfunum gegn þeim, er seldu til Þýzkalands. En hvaða ástæður voru þá fyrir hendi? Hann gengur út frá, að þá hafi verið eins ástatt og nú, sama hlutfall markaða. En þá var verðið hvað lægst á Þýzkalandi. T. d. var ullarverðið 1933 31 eyri hærra í Danmörku en Þýzkalandi, á Englandi var það svipað, en í Bandaríkjunum, þar sem markaðurinn var mestur, 26 aurum hærri. Það er eins og hæstv. fjmrh. gefi fyrrv. ríkisstj. það að sök, að hún hafi ekki beint ullarsölunni þangað, sem markaðurinn var lægstur, og beitt þvingunarráðstöfunum gegn framleiðendum til þess þeir skyldu selja þangað, sem markaðurinn var lakastur.

Sama er að segja um gærurnar, að markaðurinn í Danmörku var 13 aurum betri á hvert kg. 1933 en á Þýzkalandi sama ár.

Það er því svo, að það, sem hæstv. fjmrh. gefur fyrrv. ríkisstj. að sök, að hún hafi ekki gert, hefir verið, ef hún hefði gert það, mörg hundruð þús. króna tap fyrir landbúnaðinn, ef hans ráð hefðu verið tekin. Þá hefði einnig mátt krefjast skaðabóta, ef fyrrv. ríkisstj. hefði neytt nokkra til að selja gærur eða ull til Þýzkalands.

Hann var og, hæstv. fjmrh., að hrista hnífana að fyrrv. stj. fyrir að hafa ekki leitað beztu kjara-samninga við Þýzkaland um sölu á íslenzkum afurðum þangað. En sannleikurinn er, að þessir samningar um sölu til Þýzkalands voru gerðir fyrir atbeina fyrrv. stj. Samningarnir 1933 og framhaldssamningarnir 1934 voru undirbúnir af ráðuneyti Ásgeirs Ásgeirssonar. Þeir samningar voru um almenn vöruskipti, og fengust, eins og ég gat um áður, fyrir atbeina fyrrv. stj. Þar var veitt ótakmarkað leyfi til sölu á afurðum okkar, nema togarafiski, sem sérstakir sölusamningar voru gerðir um 1933. Núv. ríkisstj. hefir ekki gert annað en framlengja þessa samninga, að vísu með nokkrum breyt., sem reynslan hefir leitt í ljós, að væri heppilegra. En þó hafa ekki borizt upplýsingar um, hvort þar hafi ekki böggull fylgt skammrifi. Það má því segja, að sú aðstaða, sem við höfum fengið í Þýzkalandi, sé nærri öll að þakka fyrrv. stj., en framkvæmdir á þeim samningum og þeirri aðstöðu, sem hún hafði útvegað í Þýzkalandi, hefir verið mjög ábótavant, þar eð ekki hefir verið notaður sá möguleiki, sem til var, til að selja landbúnaðarvörur, ull og gærur, nema að hálfu leyti til Þýzkalands, þar sem markaður er betri en í öðrum löndum.

Má því segja eins og um afurðasölulögin, að fyrrv. stj. hafi búið góðan hlut í hendur núv. ríkisstj., en framkvæmdirnar hafa orðið svo, að árangur hefir orðið minni en lítill.

Ég veit ekki, hvort núv. ríkisstj. þykist geta látið vera að greiða bændum fyrir það tjón, sem þeir hafa orðið fyrir af aðgerðum hennar. Ég veit ekki, hvort hæstv. ríkisstj. þykist standa betur að vígi til að neita bændum um þessar bætur vegna þess, að hún sendir þeim aðrar nýársgjafir. Hún sendir þeim lækkun á framlagi til ræktunarsjóðs, lækkun á framlagi til verkfærakaupa, lækkun á styrk til búfjárræktar, stórum lækkað framlag til kaupa á erlendum áburði og lækkað framlag til sýsluvegasjóða, lækkaðan styrk til sandgræðslu og Búnaðarfélags Íslands, og svo mætti lengi telja. Þetta eru

svörin, sem ríkistj. gefur við þeim beiðnum, sem fram hafa komið fyrir hönd annarar aðalstéttar landsins. Og þau svör eru stj. lík.

Forseti (JBald): Borizt hefir skrifl. brtt. frá hæstv. atvmrh. Það þarf tvennskonar afbrigði fyrir till., því að hún er skrifl. og of seint fram komin.

ATKVGR.
Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 946,I) leyfð og samþ. með 20 shlj. atkv.

Atvmrh. (Haraldur Guðmundsson) [óyfirl.]: Ég hefi flutt hér skrifl. brtt. og hefir hæstv. forseti fengið afbrigði fyrir henni. Í því sambandi vil ég minnast á, að styrkurinn til Eimskipafélags Íslands hefir enn verið lækkaður um 50 þús. kr., niður í 150 þús. En á síðasta þingi var hann einnig lækkaður um 50 þús. kr., úr 250 þús. kr., og hefir því samtals á tveim þingum verið lækkaður um 100 þús. kr.

Ég mæli ekki gegn því, eins og hagur félagsins er samkv. skýrslum þess, að telja megi líklegt, þó þessi lækkun verði gerð, að hún muni ekki valda rekstrarörðugleikum fyrir félagið á næsta ári. Hinsvegar er þess að gæta, að starfsemi félagsins er mjög þýðingarmikil fyrir landsmenn, og Eimskipafélagið hefir á síðustu árum verið mjög innanhandar ríkisstj. og landsmönnum, hefir hagað ferðum skipa sinna með tilliti til óska landsmanna. Félagið hefir á þessu ári veitt stórkostlega hjálp með því að flytja allslaust fólk heim úr síldarvinnu frá Norðurlandi. Ég beindi tilmælum til félagsins síðsumars um að hjálpa þessu fólki. Félagið tók drengilega þessari málaleitan og flutti ókeypis 800—900 manns og sá fyrir aðbúnaði og fæði. Ef borgað hefði verið úr ríkissjóði, þá hefði það verið nálægt 20 þús. kr.

Auk þess vil ég benda á, að við væntum þess að félagið reyni og geti fært út kvíarnar á næstu árum. Í því efni er gagnlegt að styrkja félagið, og er því till. frá mér, að ekki verði skorið meira af tillaginu til félagsins, enda nemur sá niðurskurður svo lítilli upphæð. Ég flyt brtt. mína í því trausti, að ef hún verður samþ., þá sjái félagið sér fært að halda uppi ferðum eins og áður. Vona ég, að hv. þdm. fallist á þessa brtt.

Magnús Guðmundsson [óyfirl.]: Ég hefði haft ástæðu til að tala langt mál, en ég vil ekki verða valdur að því, að þm. utan af landi komist ekki af stað heim til sín, og skal ég því takmarka ræðutíma minn.

Ég vil fyrst víkja að því, sem hæstv. atvmrh. sagði viðvíkjandi höfninni á Ísafirði. Ég get ekki skilið, að það sé rétt hjá honum, að sama regla sé látin ganga yfir Ísafjörð og aðra staði, þar sem byggðar hafa verið hafnir. Því að Ísafjörður hefir fengið fyrirfram samninga um allt það fé, sem höfnin hefir kostað, en aðrir staðir hafa orðið að útvega sér lán sjálfir og leita samninga um þau jafnóðum, líka því, sem ríkissjóður á að greiða. Það er því ekki sama máli að gegna um Ísafjörð og aðra kaupstaði.

Út af því, sem hv. þm. S.-Þ. sagði fyrst í ræðu sinni, vil ég segja fáein orð. Hann talaði mikið um það, að ég yrði að athuga, að hér á þingi væru tveir umbótaflokkar, sem ynnu saman, en á móti væru tveir íhaldsflokkar, eða einn með tungli, eins og hann orðaði það. En ég vil segja hv. þm., að ef það eru umbætur, sem hann hefir flutt, t. d. í „bandorminum", þá þætti mér ekki heiður að því að vera í umbótaflokki. Það er ekki nóg að samþ. svonefndar umbætur og verða svo næsta ár að setja lög um að hætta við framkvæmd þeirra vegna fjárskorts. Það hafa komið hér tvenn lagafyrirmæli, annað í fyrra og hitt nú á þinginu, um að fresta umbótum, sem þessir tveir flokkar hafa komið á. Í staðinn fyrir að koma fram umbótunum og efna loforð sín, þá renna þessir menn frá þeim og koma með ný loforð um nýjar umbætur, sem þeir segja, að séu meiri en þær fyrri.

Ef heldur áfram sama árferði og nú er, sem búast má við, að fari versnandi, þá rekur að því, að þessir flokkar verða á næsta þingi að koma með nýtt bandormsfrv. um að nema úr gildi þær umbætur, sem þeir eru að burðast með nú. Það er eins gott, að þeir reyni að sjá fótum sínum forráð og hlaði ekki á sig meiri byrðum af loforðum en þeir geta risið undir.

Hv. þm. S.-Þ. sagði, að við sjálfstæðismenn myndum ekki hafa komið á atvinnuleysisstyrkjum, ef við hefðum ráðið. Ég býst ekki heldur við því. En þó þeir hafi verið samþ. hér, er það ekki fyrir það, að meiri hluti þm. hafi verið með þeim. Margir framsóknarmenn greiddu þar nauðugir atkv. Þeir hafa sjálfir sagt mér það.

Hv. þm. sagði einnig, að við myndum ekki hafa sett mjólkurlög eða kjötlögin. Það er undarlegt, að hann skuli segja svo, þar sem búið var að undirbúa þá löggjöf af fyrrv. ríkisstj., eins og oft hefir verið sýnt fram á, og nú síðast af hv. 10. landsk.

Hv. þm. játaði, að fjárl. væru há. Það undrar mig ekki. Hann hefir haldið í fjvn. ræðu um að hækka ekki fjárl., en samt eru þau hækkuð stórkostlega. Hann getur ekki fóðrað þetta með öðru en því, að það hafi verið nauðsynlegt til að halda saman stjórnarfylkingunni hér á þinginu. En hvernig fer, ef haldið verður áfram á sömu braut, ef hækka verður fjárl. ár frá ári? Hann sagði, og ég er honum þar sammála, að þessi kreppa myndi verða löng, standa enn mörg ár. Og ef svo er, þá er auðséð, að smátt og smátt heltast fleiri atvinnufyrirtæki úr lestinni, og ef haldið er áfram á sömu braut og nú, þá hækka fjárl. og skattarnir með hverju ári. Og hverjir eiga svo að bera byrðarnar? Það fer eftir því, hvað kreppan verður löng, en ef hún stendur t. d. í 5—10 ár ennþá, þá verður ómögulegt að rísa undir þessum byrðum, og það vofir yfir algert hrun.

Það er eftirtektarvert, að í fyrra var tekjuskatturinn hækkaður mikið, en samt hefir hann nú orðið um 400 þús. kr. lægri en hæstv. fjmrh. áleit, er hann bjó til fjárlagafrv. Þetta er af því, að atvinnuvegirnir ganga illa. Þessi hækkun verður bara til smáslátrunar á fyrir-

tækjunum, er hafa að síðustu ekkert til að láta af mörkum í ríkissjóðinn, í staðinn fyrir að vera honum hinar beztu mjólkurkýr.

Hv. þm. talaði um varalögreglu, að við vildum eyða fé í hana. Ég vil svara því með örfáum orðum. Jafnvel hæstv. atvmrh. leyfði sér að tala eins og ekkert hefði verið gert í tíð fyrrv. stj. til að draga úr þessum kostnaði. En hvað var þá gert í tíð fyrrv. stj.? Varalögregan var afnumin, og það löngu áður en stj. fór frá, eftir að komið var lag á lögregluna í Reykjavík. En það var ekki undarlegt, þó að gripið væri til varalögreglu, þegar uppreisn hafði orðið og allt lögregluliðið lá flakandi í sárum.

Hv. þm. spurði mig einnar spurningar, sem hann hafði áhuga á, að ég svaraði. Hann spyr, hvernig standi á því, að skattarnir séu hækkaðir í Reykjavík, þar sem meiri hl. í bæjarstjórn séu sjálfstæðismenn. Þessu er létt að svara. Skattarnir fara ekki eingöngu eftir því, hvað bæjarstj. ákveður, heldur líka eftir því, hvað þingið ákveður. En það hefir á síðustu árum hrúgað stórum útgjöldum á bæjar- og sveitarfélögin, og þó sérstaklega á Reykjavík. Á þessu þingi hefir verið aukin skattabyrðin alveg stórkostlega. Auk þess er rangt að bera saman skatta í Reykjavík við skatta ríkisins, taka bara útsvörin í Reykjavík og tekjuskatt ríkisins. Ef bærinn hefði eins mikla tekjustofna eins og ríkið, þá hefðu útsvörin ekki hækkað. En bæirnir hafa ekki aðra tekjustofna, að undanskildum fasteignasköttum, en útsvörin. Og þegar öll hækkunin kemur niður á einn lið, öll útgjöldin, sem lögboðin eru af Alþingi, eiga að koma niður á þetta, verður hann líka að hækka.

Hvað halda menn, að nemi miklu fyrir ríkissjóð hækkun allra tolla og beinir og óbeinir skattar? Ef þetta væri borið saman við Reykjavík, þá yrði annað uppi á teningnum, þá myndi sjást, að gjöldin hafa vaxið minna hjá Reykjavíkurbæ en hjá ríkissjóði. Ég get sannað þetta, en ég vil ekki eyða hér löngum tíma, því að ég vil ekki hindra, að þm. komist heim til sín, þegar þingið hefir nú staðið á annað hundrað daga.

Hv. þm. sagði, að Reykjavík hefði engin ný mál á dagskrá, svo sem ýms vegamál, alþýðutryggingar o. fl. Það er nú helzt, að Reykjavík hafi ekki ný mál á dagskrá. Hvað er um Sogsvirkjunina? Er hún ekki mesta fyrirtækið, sem ráðizt hefir verið í hér á landi? Hvað er hitaveita Reykjavíkur? Er hún ekki með stærstu fyrirtækjum? Jú, Reykjavík hefir stærri mál með höndum heldur en ríkið, svo að það er hart, að geta staðið hér upp og sagt, að Reykjavík hafi engin stórmál með höndum. Og Reykjavík hefir meira að segja sín eigin vegamál, sem eru stærri en þeir vegir, sem á að byggja fyrir þennan nýja benzínskatt.

Þá kem ég að kjötuppbótinni. Hann fór um hana vægum orðum og áræddi ekki að vefengja skýrslu þá, sem ég gaf í n. viðvíkjandi því máli. Hann segir, að það hafi komið upplýsingar frá hv. 2. þm. N.-M., um það, að ekki verði séð, hvað mikið þurfi í því skyni. Ég hefi líka fengið upplýsingar frá hv. 2. þm. N.-M., og sagði hann þá, að bændur þyrftu að fá 100 þús. kr. í viðbót til þess að það liti sæmilega út fyrir þá. Ég sagði við hann, að ég skyldi styðja að því, að þeir fengju það. Og þykir mér gaman að sjá, hvort hann styður till. mína, þegar hún kemur til atkv. Það hefir verið talað um, að það væri ekki víst, hvort salan erlendis yrði verri en salan innanlands. Ef innlenda salan verður verri en salan á erlendum markaði, þá sýnir það, að verðið á kjötinu hefir verið sett of lágt innanlands. Það er víst, að það, sem bændur fengu fyrir kjötið á innlendum markaði, er ekki fyrir framleiðslukostnaði þeirra, og því full ástæða til þess að bæta þeim upp verðið, þar sem nú er varið stórfé til annara stétta þjóðfélagsins bæði með atvinnuleysistryggingum og öðrum hlunnindum. Hann talaði nokkuð um, að það væri hættulegt að hafa ótiltekin útgjöld, og það ætti að ákveða hámark. Þetta er rétt, og það hefir verið gert að því er snertir nýju tryggingarlöggjöfina. En hefir þess verið gætt, þegar farið var inn á þá leið, að takmarka þá líka, hvað bæirnir ættu að borga? Nei, það hefir gleymzt. Bæirnir verða að greiða ótiltekna upphæð, en ekki ríkissjóður. Ef þessi regla er tekin upp, þá verður hún að gilda fyrir alla aðila. En það er ekki hægt að fastákveða öll gjöld, því það er oft ómögulegt að vita fyrirfram, hvað mikil þau muni verða. Það er því staðleysa, að hægt sé að ákveða öll gjöld fyrirfram.

Þá ræddi hann nokkuð um landhelgisgæzluna og sagði, að reynslan hefði sýnt, að það væri betra að hafa við hana smábáta heldur en venjuleg varðskip. Ég er þar á öndverðri skoðun. Reynslan hefir ekkert um það sýnt, að betra sé að hafa smábáta. Og ég er alveg viss um, að bezt er að hafa okkar góðu skip, sem við höfum núna. Hitt má auðvitað deila um, hvort við höfum ráð á að eiga skipin. Það sýnir bezt, hvernig komið er fjárhag þjóðarinnar, þegar í alvöru er farið að tala um það, að selja þessi góðu skip, sem voru keypt fyrir fáum árum og eru talin alveg nauðsynleg til þess að verja landhelgina í þessu landi.

Um barnafræðslutill., sem er einn af liðum „bandormsins“, ætla ég ekki að tala. Það er auðsætt, að það má ná sama marki með því að taka málið upp á næsta ári og setja um það lög.

Þá vil ég segja fáein orð út af ræðu hæstv. fjmrh. Hann sagði, að það hefði ekki verið farið á bak við fjvn., þó að fram hafi komið hækkunartill. hér um bil um það leyti, sem hún var að ljúka störfum fyrir 2. umr. fjárl. Ég held því fram, að fjvn. hafi verið vandlega dulin þess, hvað var í aðsigi. Ég held því fram og er sannfærður um það, að ýmsir, sem áttu sæti í n., höfðu ekki hugmynd um, hvað var á seiði, og mér er næst að halda, að formaður n. hafi ekki vitað það. Um þetta má kannske deila. En ég kalla það að fara á bak við n., sem er að leggja sig í líma, eftir beiðni allra flokka, til þess að reyna að spara sem mest, þegar svo er verið að búa til útgjöld, sem nema stórfé, bak við tjöldin. Sú hækkun, sem stjórnarflokkarnir hafa komið á á gjöldum til ríkissjóðs síðan þeir tóku við stjórn landsins, nema 3½ millj., að ég hygg. Ef þetta er borið saman við t. d. Danmörku, sem er 30 sinnum fólksfleiri, þá svarar

það til 105 millj. kr. þar. Nú er mér spurn: Hvaða halda menn, að hefði orðið í Danmörku, ef stj. þar hefði komið með till. um að færa svona upp gjöldin? Ég hefi séð það í dönskum blöðum, að ef hækka hefir átt gjöldin um 3—4 millj., þá hefir orðið út af því hin mesta rekistefna, svo að hvað myndi þá hafa orðið, ef það hefði átt að hækka þau á annað hundrað milljónir?

Þá er það viðvíkjandi áætlun gjaldanna. Hæstv. ráðh. sagði, að ég hefði sagt, að hann hefði gefið loforð um það, að útgjaldaliðirnir stæðust. Ég sagði ekki, að hann hefði gefið loforð um það. Ég sagði, að þegar hann hefði verið í fyrra að gera grein fyrir hækkuninni á fjárlagafrv., þá hefði hann sagt, að hækkunin stafaði aðallega af því, að hann áætlaði útgjöldin eins og þau myndu verða. En nú hefir þessi áætlun ekki staðizt, því þau hafa orðið miklu hærri. Það er rangt hjá honum, þegar hann heldur því fram, að þetta sé í fyrsta skipti, sem það hafi verið reynt að láta útgjaldaliðina standast. Það hefir oft verið reynt áður, en ekki tekizt. Og ég ætla, að þó að það hafi verið reynt núna, þá muni koma fram liðir, sem eru of lágt áætlaðir. Og ef ég lifi það að sjá landsreikninginn fyrir árið 1936, þá mun þetta koma í ljós. Ég veit líka, að ef allt veltur ekki um hrygg, þá eru ýmsir tekjuliðir áætlaðir of lágt. Hann kvaðst hafa sagt við mig í undirnefnd, sem sett var til þess að athuga tekjubálkinn, að útflutningsgjaldið væri of hátt áætlað. Ég man ekki eftir því. En hvers vegna kom ráðh. þá ekki með brtt.? Hann hefir sannarlega verið ófeiminn við að gera það, enda fékk hann tekjubálkinn lækkaðan um a. m. k. ½ millj. frá því, sem undirnefndin hafði áætlað hann í byrjun. Ég held líka, að það sé rétt, sem ég sagði, að annaðhvort er berklavarnakostnaðurinn of hátt áætlaður, eða gjaldið samkv. tryggingarlöggjöfinni. Ég held raunar, að báðir liðirnir séu það. Ég skal geta þess hér, að ég held, að það sé útilokað, að það geti átt sér stað, að tryggingalöggjöfin verði komin fyllilega til framkvæmda 1. apríl 1936. Og þó að ríkið eigi að borga stofnkostnaðinn, þá skil ég ekki í því, að hann geti orðið nein ósköp. Það þarf að fá bækur, pappír, ritföng og svo þarf auðvitað að leigja húsnæði. Og þetta er nú svo að segja allur stofnkostnaðurinn.

Hæstv. ráðh. var mjög montinn yfir því, að ég sagði í fyrri ræðu minni, að ég gerði ráð fyrir, að landsreikningurinn fyrir árið 1936 yrði hallalaus, ef ekkert óvænt kæmi fyrir. Hann hélt, að þetta væri hrós til sín. En það er herfilegur misskilningur. En það er skoðun mín, að þetta verði svona, ef hann stjórnar áfram eins og hann hefir stjórnað. En þetta er ekkert hrós til hans, því að hann hefir skrifað upp tekjurnar, en áætlað þær svo lágt, að það er engin list að láta þetta standast, ef ekkert sérstakt kemur fyrir.

Annars vil ég segja það út af kjöttill., að það lítur út fyrir, að stj. vilji bíða með það. En ég taldi það vera í samræmi við stefnu hennar að láta það koma inn á fjárl. Stj. hefir haldið því fram, að hún vilji hafa öll gjöld á fjárl. Nú vill hún fá þál. fyrir þessu.

Þá ætla ég aðeins að nefna ábyrgðina fyrir Ísafjarðarkaupstað á láni vegna greiðslu skuldar vegna hafnargerðar. Hann sagði, að þetta væri sama og gert hefði verið fyrir Hafnarfjörð og Vestmannaeyjar. En það er ekki það sama, af því að nú er á ferð í þinginu frv. um að koma skipulagi á lánaábyrgðir ríkissjóðs. Og af hverju getur Ísafjörður ekki beðið eftir því? Það gægðist reyndar fram hjá hæstv. ráðh., að stj. hefði lofað þessu. Hann hefir sjáanlega lofað bönkunum þessu. En hann hefði þá sjálfur átt að segja n. frá þessu, en vera ekkert að pukrast með það. (**Fjmrh.**: Nefndarmennirnir úr stjórnarflokkunum vissu um þetta). Það getur vel verið, en nefndarmenn úr stjórnarandstöðuflokknum vissu ekkert um þetta. Og ég tala hér frá mínu sjónarmiði, en ekki út frá sjónarmiði stjórnarflokkanna.

Mér þótti leitt að heyra, að hæstv. ráðh. var mótfallinn till. minni út af Sauðárkrókshöfn. En hann fór um hana vægilegum orðum, og má ég vera sæmilega ánægður með það. Hann sagðist ekki gera það að neinu kappsmáli, að hún yrði felld, svo að ég vona, að hæstv. ráðh. beiti ekki handjárnunum of stíft við atkvgr. um þessa till. En ef það er ekki gert, þá er ég viss um, að hún nær fram að ganga. En annars getur farið svo, að allt, sem unnið hefir verið, sé unnið fyrir gíg.

Út af ræðu hæstv. forsrh. þarf ég ekki mikið að segja. Hann játaði, að uppbót á kjötið þyrfti sennilega að koma á næsta þingi, og sé ég þá ekki, eftir hverju er verið að bíða.

Hv. frsm. 1. kafla þarf ég litlu að svara. Hann fór hógværum orðum um fyrri ræðu mína. Hann sagði, að það væru mismunandi sjónarmið í skattamálum, sem við hefðum, og er það satt. En ég vil benda honum á það, að jafnaðarmannaforingjarnir annarsstaðar á Norðurlöndum fara mjög öðruvísi að en jafnaðarmenn hér. Það er auðvitað stefna jafnaðarmanna að afla sem mest tekna með beinum sköttum, en þeir hafa nú brugðið út af því með hinum nýja verðtolli. Ég ætla svo ekki að fara meira út í ræðu hv. 6. landsk., frsm. 1. kafla, enda var ræða hans, eins og ég hefi áður sagt, mjög hógvær.

Hv. frsm. 3. kafla, þm. A.-Sk., talaði nú á móti kjötuppbótinni. En ég man ekki betur heldur en að hann hafi verið, þegar það kom fyrst til umr. í fjvn. að greiða bændum uppbót á kjötið, mjög fylgjandi því, og taldi hann það sjálfsagt. En svo breytti hann allt í einu um skoðun, og munu jafnaðarmenn hafa snúið honum.

Ég mun svo láta máli mínu lokið, og mun ég ekki taka til máls aftur nema alveg sérstakt tilefni gefist til andsvara.

Forseti (JBald): Það væri mjög æskilegt, ef hægt væri að ljúka umr. áður en matarhlé er gefið, þó að það verði kannke liðið eitthvað á 8. tímann. Ég vil því biðja þá hv. þm., sem eiga eftir að gera grein fyrir till. sínum, að gera það í sem stytztu máli, svo að hægt sé að ljúka umr. sem fyrst.

Guðrún Lárusdóttir: Ég get orðið við þeim tilmælum hæstv. forseta, að vera ekki margorð um till. mínar, enda eru þær hvorki margar

né stórvægilegar. Ég hefi leyft mér að bera fram 2 brtt. á þskj. 890.

Á þessum erfiðu tímum, þegar allt verður að draga saman og ríkissjóður verður að reyna að draga úr útgjöldum sem mest, þá finnst mér ekki úr vegi, að risnufé ráðh., sem er áætlað 6000 kr., sé lækkað lítið eitt. Það sýnist vera alveg óþarft að hafa það þetta hátt á svona erfiðum tímum, og ætti hæstv. ríkisstj. ekki að vera það óljúft, þegar klípa verður af svo mörgu, sem teljast má nauðsynlegt. Ég legg því til, að risnufé ráðh. sé lækkað niður í 5500 kr.

Og það, sem ég vil láta gera við þessar 500 kr., sést á sama þskj. undir rómv. 36., en þar legg ég til, að Guðrúnu Björnsdóttur séu veittar 1000 kr. í staðinn fyrir 500 kr. Guðrún Björnsdóttir er prestsekkja. Hún missti mann sinn fyrir mörgum árum. Hann var aðstoðarprestur, og vegna þess fékk hún lengi vel ekkert úr lífeyrissjóði presta. En svo leiðrétti Alþ. þetta, og nú um nokkur ár hefir hún haft nokkra upphæð á hverju ári. En vegna þess, hvað hún varð að vinna mikið til þess að sjá fyrir sér og börnum sínum á meðan hún varð einskis styrks aðnjótandi, þá er hún nú orðin útslitin og heilsulítil, og getur því ekki unnið eins og áður. Það væri því mjög vel viðeigandi, að Alþ. bætti nú fyrir þau rangindi, sem hún varð fyrir í því að fá lengi vel ekkert úr lífeyrissjóði presta, og veitti henni nú þessa uppbót, sem ég legg til, að henni sé veitt.

Ég vænti þess, að hv. alþm. sýni till. mínum þá vinsemd, að þeir samþ. þær, enda er það mjög sanngjarnt, sem þar er farið fram á.

Sigurður Kristjánsson: Ég get orðið við beiðni hæstv. forseta, og mun ég ekki lengja umr. mikið. Ég hefi á þskj. 890 flutt fáeinar brtt., sem ekki eru neitt stórvægilegar, og fara ekki fram á mikla hækkun á útgjaldalið fjárl.

Svo stendur á, að ég á að heita að vera í svokölluðu ráði, sem á að athuga um rekstur vissra ríkisstofnana, svo sem póst og síma, skipaútgerð ríkisins o. fl. Við, sem erum í þessu ráði, höfum gert nokkurn samanburð á launum manna við þessar stofnanir. Pósturinn er elzta stofnunin, en þar eru lélegust launakjör, þó bætt hafi verið úr að sumu leyti.

Ég vil leyfa mér að skýra hér frá því, að þar eru 4 menn í skrifstofunni auk póstmálastjóra. Voru þeir í fyrra gerðir að fulltrúum, til þess að koma þeim í hærri launastiga. Sömuleiðis hafa bréfberarnir fengið nokkrar bætur á sínum kjörum. En ennþá sitja sumir á lágum launum, sem hafa meira starf.

Magnús Jochumsson hefir setið í skrifstofunni í 16 ár, og hefir hann haft þá sérstöðu, að hann hefir ekki getað sinnt neinum aukastörfum, og eftirvinna hans hefir ekki verið reiknuð með eftirvinnutíma, þó hann hafi unnið ótakmarkaðan tíma. Hann hefir þurft að sjá um prentun ýmsa utan vinnutíma, eftir því sem ég hefi verið upplýstur um í Gutenberg. En hann kemst ekki yfir 4 þús. kr. laun, eða að viðbættri dýrtíðaruppbót 4600 kr., eftir 16 ára þjónustu, og er ómögulegt að telja það nokkur laun eftir að hafa orðið að stunda nám í 10—20 ár, því þetta starf útheimtir málakunnáttu.

Fyrir skipaútgerðina hefir ráðizt duglegur maður, þetta er ný stofnun, en hann er kominn upp í 9 þús., og aukastörf að auki. Þegar þetta er borið saman, finnst manni ekki sanngjarnt, að sá fyrrnefndi skuli ekki geta hækkað í launum, enda getur farið svo, að menn þreytist með þessi lágu laun og hætti við starfið.

Þá er annar maður við þessa sömu stofnun, sem ég hefi farið fram á, að fengi lítilsháttar launabætur. Það er Guðmundur Bergsson, sem nú er búinn að starfa þarna í 40 ár og er rétt kominn að því að láta af starfi. Hann hefir afarvandasamt verk, þar sem hann er aðalgjaldkeri, og hefir á hendi daglega afgreiðslu, sem er afarþreytandi og heldur taugunum spenntum, þar sem þarf að vera glöggur og vakandi allan vinnutímann. Sýnist það dálítið lagt á mann á hans aldri, og er verðugt að sýna þessum manni, sem hefir starfað þarna á 5. tug ára, á einhvern hátt, að starf hans er virt, þar sem aldrei hafa orðið misfellur á, heldur rækt með stakri kostgæfni alla tíð.

Ég hefi lagt til, að þessum manni yrði veittar 1000 kr. í persónulegar launabætur, og til vara, ef mönnum skyldi finnast það of stórbrotið, þá 600 kr., og vænti ég, að menn geti a. m. k. samþ. þá till.

Þá á ég brtt. við 11. gr. um að hækka skrifstofufé bæjarfógeta. Það er að verða launakúgun, þannig að laun þeirra ganga til skrifstofuhalds. Þessi niðurskurður er til sparnaðar, en vitað er, að til þessa gengur miklu meira fé. Veiting þessi er fyrirfram ákveðin, og er sjálfsagt, að ríkið hafi eftirlit með, hvernig skrifstofuhaldið er, og gangi eftir því, að höfð sé góð regla, en það nær engri átt, að bæjarfógetar séu látnir greiða það sjálfir.

Ég hefi talað við 3 bæjarfógeta, bæði á Akureyri, Ísafirði og Vestmannaeyjum, og hefi því aflað mér upplýsinga um þetta atriði; þess vegna geri ég þá till., að fjárveitingin sé hækkuð úr 112 í 130 þús. kr., en vitanlega verður aldrei borgað meira en eyðist til þessa, enda fylgir sú aths., að skrifstofukostnaður verði greiddur eftir reikningi, sem fjmrh. samþykkir. Ég vil, úr því ríkið sjálft rekur þessar skrifstofur í raun og veru, að þær séu teknar upp og greiðslur til þeirra eins og annara embætta eða stofnana. Heldur þessi hv. samkoma, að hún geti verið þekkt fyrir að skapa þessum embættismönnum þá aðstöðu, að þeir eigi ekki nema um tvennt að velja, annaðhvort draga og trassa sín störf eða stela af ríkisfé.

Ég veit ekki, hvort ríkisvaldinu þykir fært að ganga lengra í því að gera menn að óbótamönnum. Það er vitað, að með því að ganga inn á þessa braut er verið að eyðileggja og hefir verið eyðilagður fjárhagur og mannorð ágætismanna. Er sannarlega athugunarvert fyrir ríkisvaldið að stuðla að því, að þetta ástand haldist. Ég vona því og þykist mega treysta svo þroska hv. þm., að þeir samþ. þessa till., og mér er kunnugt um, að hæstv. ríkisstj. lítur svo á, að þetta geti verið nauðsynlegt.

Þá á ég eina brtt. við 13. gr., á þskj. 929.

Eimskipafélagi Íslands var í fjárl. 1934 veittur 250 þús. kr. styrkur, en í fyrra — eða fyrir árið 1935 — 200 þús. kr. Nú leggur hv. fjvn. til, að styrkur þessi verði lækkaður í 150 þús. kr. Ég hafði ekki athugað það, að í stjfrv. var lagt til, að styrkurinn yrði 200 þús. kr., og kom því með brtt. með þeirri upphæð, en þar sem ekki má koma með brtt. aftur shlj. þeirri, sem felld hefir verið, þá hefi ég farið meðalveginn og legg til að fjárveitingin verði 190 þús. kr. Ég heyrði, að frsm. minni hl. fjvn., hv. 1. þm. Skagf., sagði, að fulltrúar Sjálfstfl. í fjvn. aðhylltust till. hæstv. atvmrh. um 180 þús. kr. Þessi till. hefir alls ekki komið fram, og mér þykir einkennilegt, að þeir geta ekki fylgt sinni till. Ég skal taka það fram, að ég mun gjarnan fylgja till. ráðh., ef mín kemst ekki í gegn. Út af þessu get ég ekki látið hjá liða að benda á, að gerð hefir verið rannsókn af ríkisstj. hvað E. Í. legði fram í strandferðir umfram það, sem þær gefa af sér. Liggur fyrir skýrsla frá nefnd þeirri, sem að þessu vann, en í henni voru þeir Jörundur Brynjólfsson, Bernharð Stefánsson og Vigfús Einarsson. Þeir segja í skýrslu þessari, að árið 1929 hafi tap félagsins á strandferðunum numið 518 þús. kr. umfram þann styrk, sem ríkissjóður borgaði. 1930 var tap félagsins, þegar búið er að draga frá styrkinn, 718 þús. kr. Ég held þess vegna, að það sé ekki hægt að neita því, að E. Í. leggur mikið í sölurnar til þess að hægt sé að halda uppi strandferðum, og á þess vegna skilið fulla samúð Alþingis. Ég vil geta þess, að eftir skýrslu þeirri, sem ég hefi í höndum um siglingar félagsins, hafa skip E. Í. siglt hér við land 1934 61670 sjómílur, og viðkomustaðir innanlands hafa verið 905. Það er aðgæzluvert í þessu sambandi, að þetta eru stór skip og dýr í siglingum, því að félagið hefir ekkert sérstakt skip til innanlandsferða. Hefir það lagt mikið kapp á að koma sem fullkomnustum ferðum á milli landa og fengið til þess stór og góð skip, enda hafa millilandasiglingar þess aukizt stórkostlega. Jafnframt hefir félagið talið sér skylt að halda uppi siglingum innanlands, og sýnir þar aðeins óeigingirni sína að leggja í slíkar ferðir.

Ég á örlitla till. við 16. gr. Ég hefi lagt þar til, að veittar yrðu 400 kr. manni vestur við Ísafjarðardjúp, sem stundar þar dýralækningar, og er þessi till. flutt eftir beiðni frá ýmsum sveitarstjórnum. Eins og menn vita, eru dýralæknar aðeins hér í Rvík, í Sth. og á Akureyri, en að öðru leyti er landið dýralæknislaust. Sjúkdómar í húsdýrum fara mjög í vöxt, og baka bæði einstökum mönnum og landsbúum öllum tilfinnanlegt tjón. Einstaka menn hafa því lagt dýralækningar fyrir sig og gerzt einskonar homopatar í þessari grein. Þó þeir hafi ekki gert það af bókfræðilegri þekkingu, hafa þeir stuðzt við eigin athuganir og reynslu, og hefir þeim oft heppnazt furðuvel.

Þessi maður hefir verið mikið sóttur, og þykir undraverður læknir, en nú segja héraðsbúar, að þeir geti ekki sótt hann vegna þess, að hann vill ekki taka neitt fyrir þessi verk sín. Þessi maður á heima í Æðey, og það hefir kunnugur og skilgóður maður sagt mér, að hann spari héraðsbúum mörg þús. krónur með lækningum sínum. Ég flyt þessa till. hér eingöngu vegna þess, að mönnum vex þá e. t. v. einurð til að sækja hann, ef honum yrði veitt þessi litla þóknun, sem vitanlega er engin borgun, því oft fer hann 1—2 dagleiðir í þessum erindum.

Ég vil ekki lengja mál mitt, en get getið þess, að skepnuhöld í Æðey hafa verið með afbrigðum góð, og hygg ég, að hann hafi sett met. T. d. fyrir 2 árum fórst þar engin skepna fullorðin. Voru þá 150 ær á fóðrum og af þeim 96 tvílemdar og 3 þrílemdar, en aðeins dóu 2 lömb yfir árið.

Þegar ég kom þar síðast ásamt landlækni, hafði gengið þar garnapest í sauðfénaði og höfðu veikzt 40—50 fjár, en það var alveg einstakt, að engin skepna dó; svo vel var þeim hjúkrað. Var undravert, hve þessi maður var slyngur, af ekki lærðari manni, sem í rauninni aðeins hefir greind sína eða hyggjuvit og svo reynslu. Vænti ég, að till. þess nái afgreiðslu ágreiningslaust.

Það er þá ekki fleira, sem ég hefi, en vildi aðeins aftur víkja að till. um styrk til E. Í. Ég sé, að hv. þm. N.-Þ. vill binda styrkinn því skilyrði, að samræmd verði launakjör E. Í. og skipaútgerðar ríkisins. Ég veit ekki, hvernig ætti að fá slíkan samanburð. Ætti það að vera miðað við ársveltu, sjómílufjölda eða hvað? Rekstur þessara fyrirtækja er að öllu leyti svo afarólíkur, að ég held, að enginn geti leyst þann vanda að samræma launakjör þeirra. Ef ætti að miða við rekstrarveltu E. Í., sem er um 5 millj. kr., þá held ég, að yrðu lítil launin hjá Ríkisskip. E. Í. hefir millilandasiglingar og geysilegar fjárreiður, auk innanlandssiglinganna. En skipaútgerðin hefir aðeins 2 smáskip í förum innanlands.

Ég vonast því til, að þessi till. falli, þegar hv. þm. hafa lítið á þetta sjónarmið. Hygg ég, að hv. flm. hafi ekki áttað sig á því, að till. er alveg óframkvæmanleg og óréttmæt og á engu viti byggð.

Bjarni Ásgeirsson óyfirl.]: Ég á hér aðeins tvær litlar brtt. á þskj. 929, og get ég verið fáorður um þær, og það því fremur, sem þær mæla með sér sjálfar. — Önnur fer fram á að veita Kristínu Pálsdóttur ljósmóður 300 kr. eftirlaun, samskonar og veitt hefir verið öðrum undanfarin ár. Kristín er kona öldruð, um áttrætt, og hefir látið af þessum starfa fyrir mörgum árum, en hún hefir gleymzt eftir 30—40 ára starf, og ekki verið tekin upp eins og aðrar starfssystur hennar. Vænti ég nú, að hv. Alþ. bæti upp þessa vanrækslu og neiti henni ekki um þann rétt, sem hún á, enda mun nú æfi hennar fara að styttast úr þessu.

Önnur brtt. mín á sama þskj., VI. liður, er flutt af mér og hv. 2. þm. Rang. vegna ekkju Þorsteins Sigurgeirssonar bókara, um að veita henni styrk vegna tveggja barna hennar innan 16 ára aldurs, 300 kr. til hvors. Hún hefir haft eftirlaun síðastl. ár frá bankanum, 2000 kr. alls, en hv. fjvn. hefir lækkað þetta niður í 1000 kr. Ég veit, að hún muni eiga mjög örðugt, ef þetta er skorið niður, og mundi henni mikil hjálp að

fá styrk með börnunum. Þó þetta yrði samþ., þá er það ekki sambærilegt við eftirlaun ekkna skrifara Landsbankans. Vænti ég þess, að hv. Alþ. samþ. þessa fjárveitingu, og eyði ekki fleiri orðum.

Ólafur Thors óyfirl.]: Ég á fáar og heldur smáar brtt. við fjárl. Ég hefi leyft mér að flytja þrjár smátill. um fjárframlag til lendingarbóta og styrk til iðnskólans á Álafossi.

Fyrsta till. er á þskj. 890, XVIII. liður, um hækkun á styrk til bryggjugerðar í Kirkjuvogi í Höfnum. Hv. fjvn. hefir lagt til, í 4. lið 26. brtt. á þskj. 881, að til þessa yrðu veittar 3000 kr., en ég hefi leyft mér að leggja til, að í þess stað komi 5800 kr.

Ég bar fram till. um sama efni á haustþinginu í fyrra og skýrði þá frá því, að útvegsmenn þar hefðu komið sér upp bryggju af mikilli þörf og með allmiklum álögum og hefðu lagt fram $^2/_3$ kostnaðarins, þótt þeir fengju þessa upphæð. Þessi till. styðst auk þess við gamalt loforð frá fyrrv. atvmrh., hv. 1. þm. Skagf., en sú stj., sem hann átti sæti í, fór frá völdum áður en fjárlög voru afgr., og eftirmenn hennar tóku það ekki upp, en hafa lofað að vera því vinveittir. En úr því hefir ekki orðið að öðru leyti en þessu, að nú hefir verið lagt til, að veittar yrðu 3000 kr. í staðinn fyrir 5800 kr. Að öðru leyti vísa ég til þess, sem ég sagði í fyrra, og hirði ekki um að endurtaka það nú.

Þá er farið fram á smáupphæð til bryggju á Stafnesi, 2 þús. kr. Ég bar fram till. á þinginu í fyrra, að veittar yrðu í þessu skyni 4 þús. kr., en nú er ég smátækari og fer aðeins fram á helminginn af þeirri upphæð, en að hinn helmingurinn verði svo veittur síðar. Um þá nauðsyn, sem hér er fyrir hendi, vísa ég til þeirra raka, sem ég bar fram í fyrra. En höfuðatriðið er það, að útvegsbændur eiga þarna við þröngan kost að búa og verða að bera aflann á bakinu langa og örðuga leið, þangað til þeir hafa komið upp bryggjumynd, en til þess hafa þeir ekki fjárstyrk nema Alþ. veiti styrk til þess, og vil ég vona, að þessari till. minni verði vel tekið.

Þá flyt ég á sama þskj. XX. lið, till. um 5400 kr. til bryggjugerðar og lendingarbóta í Gerðavör, 1. greiðslu af 5. Ég flutti einnig till. um svipað efni á síðasta þingi og færði þá fram rök, sem að henni liggja. Nú er ég smátækari og ber nú fram till. um ⅓ þess, sem þörf er á, og ætlast til, að hitt verði svo greitt með jöfnum afborgunum á næstu 4 árum á eftir. Um þetta mál ætla ég ekki að segja annað en það, að þessi hreppur, sem þarna á hlut að máli, er mjög illa staddur, og þó hafa útvegsmenn þar brotizt í að koma upp nokkrum bátum, en standa mjög illa að vígi vegna þess, hve lendingarstaðir eru slæmir. Hér er mikið nauðsynjamál á ferð með hliðsjón af ástæðum hreppsins, og vænti ég því, að hið háa Alþ. samþ. þessa till. Að öðru leyti vísa ég til grg. fyrir svipaðri till., sem ég bar fram á þingi í fyrra.

Þá er loks smávægileg till., sem ég á á þskj. 912, IV, um framlag til iðnskólans á Álafossi, 2000 kr. Ég flutti einnig á síðasta þingi till. um framlag til þess skóla og færði þá rök fyrir þeirri till., og leyfi ég mér að vísa til þeirra nú. En að öðru leyti vil ég leyfa mér að segja það, að þessi iðnskóli er búinn að gera meira gagn en nokkur annar. Hann er t. d. búinn að kenna 1400 mönnum sund, og eigandi þess skóla er auk þess að öðru leyti alls góðs maklegur fyrir iðnið og starf sitt í þágu iðnaðarins. Hann hefir lagt mikið í sölurnar fjárhagslega af áhuga fyrir iðnaðarstarfsemi, og árangur verka hans hefir orðið meiri en nokkurs annars, sem unnið hefir að sama starfi. Fjvn. hefir lagt til, að iðnskóla Jóns Þorsteinssonar séu veittar 3000 kr., og vænti ég þess, að þeir hv. þm., sem vilja sýna þeim skóla þá vinsemd, líti líka með sanngirni á þessa till. mína.

Ég hefi ekki flutt fleiri brtt. og ætla ekki að gera fjárlagafrv. yfirleitt að umræðuefni.

Mér hefir verið sagt, að við þessa umr. hafi hv. 1. þingkjörinn (MT) eitthvað hnippt í mig. Ég hefi spurt hv. þm., hvaða ummæli hann hafi haft, en allir hafa sagt, að þeir muni ekki neitt af því og enga reiðu sé á því að henda. Það hefir sjálfsagt verið marklaust hjal þessa gamla og ellihruma manns.

Fjmrh. (Eysteinn Jónsson) óyfirl.]: Ég vil margt til vinna, að þessari umr. verði lokið fyrir mat, og mun vinna það til að svara engu af því, sem til mín hefir verið beint.

Hv. 1. þm. Reykv. þarf ég engu að svara og vísa til þess, sem ég sagði í síðustu ræðu minni, en vil víkja örfáum orðum að hv. 10. landsk., sem gaf tilefni til þess með ræðu sinni, þó ekki vegna þess, hve merkileg hún var, heldur miklu fremur vegna hins, hve fráleit og ómerkileg hún var. Hann lagði mikið upp úr því, að ég hefði borið saman Þýzkalandsmarkaðinn á árunum 1933 og 1934 við 1935. Hann lagði mikið upp úr því, að þetta væri ekki réttmætt, því verðlag á ísl. afurðum í Þýzkalandi hefði ekki verið eins hátt og í öðrum löndum árið 1933, en hann gekk framhjá því, að ég lagði ekki höfuðáherzluna á árið 1933, heldur á 1934, því þá stóð svipað á og nú og verðlag var þá hærra í Þýzkalandi heldur en annarsstaðar. En bændur gátu þá ekki notað markaðinn af því að þeir gátu ekki losað þau mörk, sem þeir fengu fyrir vöru sína. Eða m. ö. o.: Þótt þeir væru frjálsir að því að nota þýzkan markað, þá gátu þeir það ekki vegna skipulagsleysis á viðskiptunum framan af árinu. Ef bændur áttu að geta notað Þýzkalandsmarkaðinn á árinu 1934 eins og í ár, þá hefði þurft að skipuleggja viðskiptin fyrri hluta ársins á þann hátt, að það, sem flutt væri inn frá Þýzkalandi á fyrri hluta ársins, þyrfti ekki að greiða fyrr en á síðari hluta ársins og mætti þá greiðast með andvirði útfluttrar vöru; en þetta var ekki gert, og þess vegna var á fyrri hluta ársins keypt allmikið af vörum frá Þýzkalandi og þær greiddar með frjálsri valutu.

Aðalatriðið í ræðu hv. 10. landsk. var það, að ríkisstj. hefði staðið á móti því, að bændur fengju að njóta bezta verðs fyrir vöru sína, og hefði skapað sér skaðabótaskyldu með aðgerðum sínum. Þetta er svo fjarri sanni, að þvert á

móti hefir verið þannig á haldið með Þýzkalandsmarkaðinn, að bændum hafa verið skapaðir meiri möguleikar á því að nota hann nú í ár heldur en þeir höfðu á árinu 1934, þegar hann var frjáls að nafninu til.

Annað höfuðatriðið í þessu máli er það, að sú þátttaka, sem bændum hefir hlotnazt í Þýzkalandsmarkaðinum á þessu ári, er sízt minni heldur en sú þátttaka, sem öðrum atvinnugreinum hefir hlotnazt, miðað við það útflutningsmagn, sem þær atvinnugreinar hafa. Ég geri ráð fyrir, að í blöðum stj. verði gerð grein fyrir gerðum hennar í þessu máli, og tel ég það réttmætt, að málið verði sem ljósast fyrir öllum almenningi, því ég veit, að þessi till. er ekki borin fram sem þingmál, heldur til þess að geta skrafað um, hve mikið þessir hv. flm. hafi viljað gera fyrir bændur, en það hafi ekki fengizt samþykkt af ríkisstjórninni og stjórnarflokkunum.

Eiríkur Einarsson: Ég hefi áður gert grein fyrir till. minum og skal vera fáorður, en að ég stend upp úr sæti minu, er vegna þess, að sumt af því, sem tekið hefir verið fram í umr., gefur mér tilefni til þess að hreyfa nokkrum atriðum aftur.

Hæstv. landbrh. og hæstv. atvmrh. hafa báðir minnzt á aðaltill. mína um framlag af atvinnubótafé til Hellisheiðarvegar. Ég vil lýsa því yfir, að það gladdi mig að heyra, að þeir tóku báðir þessu máli hlýlega og játuðu, eins og vita mátti, aðkallandi nauðsyn þess og lofuðu stuðningi við það, svo sem við yrði komið. Ég fer ekki út í þá sálma, að tala um þau ummæli hæstv. forsrh., að áhuginn væri meiri með að atvinnubótaféð gengi til framleiðslunnar en benzínskatturinn yrði látinn fara til þessara aðgerða. Því hefir verið lýst yfir áður og þingheimi er það kunnugt, að þarna er tekið fé úr réttri hirzlu, en benzínskatturinn er neyðarúrræði. Hin rétta leið er sú, að atvinnubótafénu sé varið til þessara framkvæmda, en ekki sú, að leggja á nýja skatta, svo sem benzínskattinn. Og þetta sannast því betur sem lengra líður frá.

Jafnframt því, sem hæstv. forsrh. lýsti yfir því, að hann væri því hlynntur og vildi styðja að því, að fé yrði varið, eftir því sem föng væru á, af atvinnubótafénu til Hellisheiðarvegarins, þá lýsti hann því yfir, að hann vildi ekki lögfesta ákveðna upphæð til þessara aðgerða. Þetta skil ég ekki. Ef hæstv. ráðh. segir það af heilum huga, að honum sé hugleikið að koma þessu máli í framkvæmd, því þá ekki að leita álits Alþ., hve mikið því finnist sanngjarnt að leggja fram í því skyni? Það er ekki hundrað í hættunni, þótt heimilað sé að verja 150 þús. kr. af atvinnubótafénu til þessara athafna, því hér er ekki talað um annað en það, að ríkisstj. sé heimilt (það er ekki skuldbindandi) að verja þessu fé á þennan hátt, ef ástæður leyfa. En þótt slík heimild sé ekki bindandi, þá er hún mikil hvöt og siðferðislegur stuðningur við framkvæmd málsins og engin ástæða til þess fyrir ríkisstj. að færast undan því, að hún verði veitt með ákveðinni fjárhæð. Ríkisstj. virðist ekki heldur andæfa tilmælum um, að ákveðinni upphæð af atvinnubótafé sé varið í öðru skyni, samkv. þeim viðtökum, sem till. hv. fjvn. hefir fengið, um að 100 þús. kr. skuli varið til nýbýla. Og er þá engin ástæða til að hika fremur við að nefna ákveðna upphæð til vegagerðar á Hellisheiði. Þessi ákvæði væru algerlega hliðstæð, því hvorugt þeirra er bindandi skylda, heldur aðeins heimildarákvæði.

Ég legg áherzlu á þá velvild hæstv. ríkisstj. fyrir málinu, sem kom fram í yfirlýsingu hæstv. ráðh., og sú velvild þakkast bezt þegar hún er orðin reynd í verkunum; en það er ástæðulaust að lögfesta ekki upphæðina, og ég vona, að hún verði lögfest.

Þá var eitt atriði í ræðu hæstv. forsrh., sem mun stafa af misskilningi. Hann taldi, að það mundi vera til hagræðis að byrja veginn nálægt Reykjavík, en samkv. lögum um Hellisheiðarveg er mælt svo fyrir, að það skuli byrja á honum að austan, og þyrfti því lagabreyt. til þess að byrja á hinum enda vegarins.

Þá var eitt atriði í sambandi við ræðu hæstv. atvmrh. Hann mælti mjög í sama anda og hæstv. forsrh., en hann sagði, að það kæmi til greina, hvernig þessu yrði komið við eftir árum. Ég held, að höfuðatriðið sé að haga atvinnubótavinnu eins og öðrum vinnubrögðum, að það þurfi að sæta lagi eftir veðurfari og öðrum ástæðum, eins og við hver önnur útiverk. Atvinnubótavinna mun tæpast hugsuð, enn sem komið er, öðruvísi en útiverk. Það þarf því að efla starfsmöguleika á þeim árstíðum, þegar bezt er að vinna. Dauður starfstími á jafnt við um atvinnubætur sem önnur störf, og af þessum ástæðum á sá lifandi starfstími á sama hátt við um vegagerð og nýbýlaframkvæmdir, og engin ástæða til að greina þar á milli.

Ég ætla svo að víkja frá þessu og svara nokkru því, sem hv. 2. þm. Árn. sagði, er hann hafði framsögu að 2. kafla fjárl. af hálfu n. Hann minntist á framlag til símalínu frá Ásum í Gnúpverjahreppi að Ásólfsstöðum og sagði, að orðið hefði að samkomulagi að fresta því til næsta árs fjárlaga. Nú er það svo, að Páll Stefánsson á Ásólfsstöðum hefir verið vonbiðill um síma í mörg undanfarin ár, og nú síðast kom hann hingað suður og bað mig að gera tilraun til að koma þessu máli fram. Póst- og símamálastjóri hefir skýrt mér frá, að Páll hafi komið til sín og talað um þetta mál, og játar símamálastjóri sig hafa viðurkennt nauðsyn málsins, en segist ekki hafa lofað neinum framkvæmdum á því án sérstakrar heimildar fyrr en að ári liðnu. Hefir símalagning þessi nógu lengi verið vanrækt, þótt nú verði bætt úr og síminn lagður að fyrirlagi þingsins.

Þar sem hv. 2. þm. Árn. minntist á till. mína um framlag til lendingarbóta á Stokkseyri, óð hann svo reyk, að hann talaði um, að Stokkseyrarhreppur mundi standa í óbættri sök um framlag á móti ríkissjóðsstyrk. En því er þar til að svara um það fé, sem veitt hefir verið af Alþ. til lendingarbóta á Stokkseyri gegn framlagi, sem áskilið hefir verið á móti, að það framlag hefir verið greitt af hálfu hlutaðeigenda með fullum skilum til þessa dags. Vil ég máli mínu til sönnunar lesa hér bréf frá vita-

málastjóra, með leyfi hæstv. forseta. Það hljóðar þannig:

„Að gefnu tilefni vil ég lýsa því yfir, að framlag það, sem áskilið hefir verið á móti ríkissjóðsstyrk til dýpkunar og annara umbóta á Snepilrás o. fl. í Stokkseyrarsundi undanfarin ár, hefir fram að þessu verið greitt að fullu frá hlutaðeigendum á Stokkseyri". (**BB**: En það, sem hefir verið veitt til bryggjugerðar?). Já, það er einmitt það, sem að er. Hv. þm. blandar saman tveimur alveg óskyldum fyrirtækjum, sem ekkert koma hvort öðru við fjárhagslega. Annað er dýpkun á Snepilsrás, en hitt er bryggjan, og hefir það mál allt aðra forystumenn. Og það mun vera rétt, að bryggjan, eða félag bátaeigenda á Stokkseyri, sem þar á hlut að máli, standi í óbættum sökum um greiðslur. Þar sá hv. fjvn. sér fært að hjálpa, en þeir aðilar, sem að lendingarbótunum standa, eiga engar óbættar sakir og hafa samkv. yfirlýstum vitnisburði staðið í beztu skilum. Er engu líkara en að þeir eigi nú að gjalda þeirrar skilsemi sinnar. Ég veit, að hv. 2. þm. Árn. muni vinna að því meðal samstarfsmanna sinna í fjvn. að fá þetta leiðrétt, og treysti því, að þessu athuguðu, að till. mín fái framgang.

Það síðasta, sem hv. 2. þm. Árn. vék að, var um Hellisheiðarveginn, og fannst mér satt að segja, eftir ræðu hæstv. ráðh., að sá góði Árnesingur færi nokkuð hjá sér. Hann talaði ekki um vegagerð, heldur um pólitíska vegfarendur og hverjir hafi vanrækt að nota aðstöðu sína til að koma málinu í framkvæmd. Ég hygg, að það skipti minnstu máli, hvað þessir pólitísku vegfarendur heita, og víst er um það, að enginn okkar hefir gert meira en skyldan býður, og þótt við sennilega viljum allir vel, þá er alltaf verið að barma sér yfir því, og ekki að ástæðulausu, að minna sé gert en skyldi. Hv. 2. þm. Árn. gaf það í skyn, að nú værum við gleiðir að biðja um framlag til þessara framkvæmda, en hefðum ekki notað aðstöðu okkar til þess á fyrri tíma. Ég mun ekki svara þessu mikið, en vil þó minnast á eitt atriði, því hver er sjálfum sér næstur.

Ég sat á þingi á árunum 1920—1923, og á því tímabili var samþ. till. um að láta rannsaka brautarstæði austur. Það var þá ákveðið að fá norska verkfræðinga til að rannsaka, hvaða leið væri tiltækilegust til framkvæmda. Áður hafði verið hin mesta ringulreið á því, hvort ætti að vinna að því að fá járnbraut austur eða ekki. Þetta var það spor, sem fyrst var stigið í áttina til framkvæmda í málinu; eftir þá rannsókn voru svo loks sett lög um þessar vegabætur. Svo fór ég af Alþ. og hefi ekki síðan komið á þá háu samkomu nema á aukaþinginu 1933. Nú kem ég fyrst aftur og vil þá gera mitt til að hreyfa málinu á ný.

Hv. þm. var að tala um meðflm. mína og efaði, að þetta væri veruleikaskoðun þeirra, en ég held, að það hafi komið fram í till. í fyrra, að þeir væru einlægir til þessara aðgerða. En hv. 2. þm. Árn. verður að svara því sjálfur, hvort hann studdi till. þeirra þá eða ekki.

Að síðustu vil ég benda á nauðsyn þess að láta hér gott málefni ráða í stað flokkskergju, og er þess þar fyrst að vænta, að þeir höggvi ekki, er hlífa skyldu. Og hvað sem öllu þessu líður, hafa nú till. okkar flm. orðið til þess, að fyrst að þeim framkomnum er eins og nýtt líf að færast í málið, og er gott verk að hafa orðið til þeirrar vakningar.

Páll Hermannsson: Ég ætla ekki að verða langorður, ég á enga brtt. og ætla ekki að ræða um annara manna brtt., en ég ætla að víkja nokkrum orðum að hv. fjvn. Mér finnst, að á seinni tíma hafi orðið nokkur breyting á afgreiðslu fjárl., þannig, að það er fyrst og fremst hv. fjvn., sem er algerlega einráð um það, hvað í fjárl. stendur. Ég er ekki að lasta þessa breyt., því að ég tel hana heppilega, en ég vil vekja athygli á því, sem ég þykist vita, að hv. n. sé eins vel kunnugt um og mér, að um leið og þetta mikla vald færist yfir á hendur einnar þingn., þá fylgir því auðvitað nokkur vandi, sem sé sá, að till. hv. n. séu sem réttlátastar. Ég efast ekkert um, að sú fjvn., sem hér situr, vilji vera réttlát, og ég efast ekkert um, að mikill meiri hl. hv. nm. eru það miklir drengskaparmenn, að þeir vilja vera réttlátir; en mér finnst þeir ekki hafa verið það að þessu sinni að því er snertir úthlutun á vegafé, sérstaklega í sambandi við það kjördæmi, sem ég er þm. fyrir. Í fjárl. er gert ráð fyrir 317000 kr. til nýlagningar vega; auk þess er í sérstöku lagafrv. gert ráð fyrir ¼ millj. kr., sem telja má að gangi líka til nýlagningar á vegum. Af allri þessari upphæð, sem er hátt á sjötta hundrað þús. kr., er N.-Múlasýslu ætlaðar einar 15 þús. kr. Ég skal geta þess, að gert er ráð fyrir, að veittar verði 5000 kr. til Brekknaheiðar, sem er á takmörkum N.-Múlasýslu og N.-Þingeyjarsýslu, svo að telja má, að hluti af þeirri upphæð renni til N.-Múlasýslu. Ég skal að vísu játa það, að eins og þetta mál lá fyrir hv. fjvn., þegar hún úthlutaði þessu vegafé, þá getur verið, að færa megi rök fyrir því, að hv. n. hafi haft réttmæta ástæðu fyrir sér í þessu efni, en ef litið er á allar aðstæður, sem að þessu lúta, þá virðast Norðmýlingar hafa verið settir allverulega hjá að þessu sinni. Það er viðurkennt, að það var langsíðast byrjað að leggja þjóðvegi á Austurlandi. Ég skal náttúrlega játa það með þakklæti, að á síðustu árum, og sérstaklega á 3—4 síðastl. árum, hefir mikið verið gert til þess að lengja akfæra þjóðvegi á Austurlandi, en samt vantar mikið á, að vegakerfið þar sé orðið eins gott og í hinum stærri byggðarlögum landsins. Nú mega menn ekki gleyma því, að það fé, sem varið er til nýlagningar vega, er mikill minni hluti af því fé, sem varið er til vegagerðar í landinu í heild.

Úr því sem komið er, verð ég vitanlega að sætta mig við þessa úrlausn mála, því að það er að sjálfsögðu ómögulegt að komast framhjá vilja þessarar voldugu n. þingsins héðan af, þótt um sé að ræða lið í fjárl., sem verulegu máli skiptir fyrir hlutaðeigandi aðila, en ég vil samt láta þess getið nú, að ég er ekki ánægður með þessi málalok, enda þótt ég verði að sætta mig við þau að þessu sinni, og ég vil jafnframt geta þess, að við fulltrúar Norðmýl-

inga munum af fremsta megni leitast við að koma í veg fyrir, að samskonar hlutfall verði framvegis að því er snertir fjárveitingar til nýlagningar vega milli N.-Múlasýslu og annara landshluta; og eins munum við reyna að sporna við því, að sama hlutfall og verið hefir haldist í úthlutun á því vegafé, sem ekki er eins bundið og nýlagningafé, en það er kunnugt, að svo er um viðhaldsfé og það litla fjárframlag, sem ætlað er til brúargerða og fjallvega. Eins og mönnum er kunnugt um, er vegafé á þessum tímum engu síður kærkomið sem atvinnubótafé en sem samgöngubótafé, og það er sérstaklega með tilliti til þessa tvöfalda ætlunarverks, sem nauðsynlegt er að gæta fyllstu varúðar í úthlutun þessa fjárframlags. — Skal ég svo ekki tefja hæstv. forseta lengur.

Hannes Jónsson: Hæstv. stj. hefir ekki borið höfuðið hátt í umr. um Þýzkalandsmarkaðinn frá því fyrr á þinginu, og í blöðum sínum hefir hún reynt að setja spelkur við þetta með skítkasti til okkar Bændaflokksmanna, og hér á þingi við þessar umr. hafa þeir hæstv. atvmrh. og hæstv. fjmrh. gert sér sérstakt far um að reyna að gera till. okkar í þessu efni tortryggilegar. Það, sem við höfum bent á, er það, að okkur finnst harla undarlegt, að hæstv. ríkisstj. skuli leggja til grundvallar viðskiptin við Þýzkaland árið 1933, þegar búið er að benda henni á, að viðskiptin með þær vörur, sem hér um ræðir, voru þá miklu óhagkvæmari við þetta land en nokkurt annað land, sem þessar vörur eru sendar til. Það var ekki undarlegt, þótt lítið flyttist á þennan markað, því að það var eðlilegt, að varan leitaði þangað, sem hæst verð var hægt að fá. En það, að ekki fást full not af þessum markaði 1934, byggist vitanlega á því, að það voru ekki líkindi til þess framan af árinu, að verðið yrði eins hátt og raun varð á; ýmsir kaupmenn hafa því ekki getað komið því við að nota þennan markað, en selt vöruna á annan markað, þangað sem verðið reyndist svo lakara, þegar til kom. Af hvaða ástæðu sem það er, þá hygg ég, að S. Í. S. hafi lítið selt til Þýzkalands 1934. Ef lítið er á árin 1934 og 1935, þá kemur það í ljós, að frá Þýzkalandi flytjast vörur fyrir 5675000 kr., en til Þýzkalands flytjast vörur fyrir 4158000 kr.; en nú í ár frá janúar til október, þ. e. að undanteknum tveim síðustu mánuðum ársins, hafa verið fluttar vörur frá Þýzkalandi fyrir 5157000 kr., en til Þýzkalands hefir ekki verið flutt nema fyrir 2969000 kr. (**Fjmrh.**: Það var verið að leysa út innstæðu frá fyrra ári). Ef til vill að einhverju leyti, en það hefir verið lítið, svo að hér getur ekki verið um þá upphæð að ræða, sem hafi nokkur veruleg áhrif í þessu efni. Árið 1934 var útflutningurinn til Þýzkalands 9,4% af heildarútflutningi landsins, en í ár aðeins 8,4%, svo að útflutningurinn hefir minnkað, og fyrst hann hefir minnkað á öðrum vörum en landbúnaðarafurðum, þá hefði átt að auka innflutninginn til Þýzkalands á landbúnaðarafurðum sem svaraði því, sem útflutningurinn hefir minnkað á öðrum vörum. En þetta hefir ekki verið gert. Það liggja fyrir rök, sem ég gæti fært sönnur á, ef ég mætti, um það, að hægt hefði verið að beina kaupum meira til Þýzkalands en gert hefir verið á þessu ári. En ég skal játa, að 1934, sérstaklega framan af árinu, hefði verið hægt að beina meira kaupum á vörum þaðan en gert var, en ein ástæðan fyrir því, að það var ekki gert, var sú, að það voru ekki líkindi til, að það væri hagnaður af að selja vörur til Þýzkalands á þeim tíma. En einmitt þegar það var sjáanlegt, að markaðurinn í Þýzkalandi var betri fyrir landbúnaðarafurðir okkar en annarsstaðar, þá var það orðin skylda hæstv. stj. að beina viðskiptunum sem mest þangað og leyfa sölu á afurðum þangað, sem hefði svo haft það í för með sér, að við hefðum svo keypt vörur frá Þýzkalandi í staðinn, hvað sem verðinu hefði liðið. En það hefir sannazt, að ýmsar vörur frá Þýzkalandi eru eins hagkvæmar í kaupum eins og vörur frá öðrum löndum.

Ég verð að halda því fram, að þær skýringar, sem fyrir liggja um viðskiptin, sýni og sanni, að kaup á vörum frá Þýzkalandi hafi farið minnkandi í ár. Hvorttveggja hefði mátt auka, og það er einkennilegt, ef 2 millj. króna eiga að hafa verið yfirfærðar frá fyrra ári til 1935. Ég þori að fullyrða, að það hefir ekki verið svo mikið.

Skal ég svo verða við tilmælum hæstv. forseta og tala minna um þetta mál en ég hafði ætlað mér og ástæða er til, en ég mun taka seinna til máls, ef þörf krefur og tilefni gefst til.

Umr. frestað.

Á 36. fundi í Sþ., s. d., var enn fram haldið 3. umr. um frv. (A. 773, n. 858 og 859, 881, 884, 885, 890, 895, 909, 912, 929, 932, 933, 934, 946).

Of skammt var liðið frá útbýtingu brtt. 932, 933, 934 og 946. — Afbrigði leyfð og samþ. með 29 shlj. atkv.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 953) leyfð og samþ. með 29 shlj. atkv.

Jakob Möller óyfirl.]: Ég á hér nokkrar brtt. á þskj. 890,912 og 929. Sú fyrsta af þessum till. er við 14. gr. og er á þskj. 890, XXIV. Hún er um 5000 kr. styrk, og 3500 kr. til vara, til ólympíunefndar Íslands, til þess að íslenzkum íþróttamönnum verði unnt að taka þátt í ólympíuleikunum í Berlín á næsta ári. Um þetta hefir legið fyrir fjvn. erindi frá ólympíunefndinni, en af einhverjum mér óskiljanlegum ástæðum hefir hún ekki séð sér fært að taka það til greina. Það er um þetta að segja, að það er enginn vafi á því, að hér er um alveg óvenjulegt tækifæri að ræða fyrir íslenzkt íþróttalíf, ekki aðeins tækifæri til þátttöku í ólympíuleikunum, heldur alveg óvenjulegrar þátttöku. Forstöðunefnd leikanna í Berlín hefir nefnilega boðið öllum þjóðum, sem taka einhvern þátt í leikunum, að senda tvo 30 manna flokka íþróttamannsefna og íþróttakennara til þess að vera viðstadda leikana og læra af þeim. Þessir 60 menn eiga kost á því, að forstöðunefndin taki á móti þeim í þeim hafnarbæ, sem þeir koma fyrst til í Þýzkalandi, og kosti þá að öllu

leyti, bæði ferðirnar til Berlínar fram og til baka og dvölina þar. En það, sem þarf til þess að geta notið þessa boðs, er einhver þátttaka í leikunum af þjóðarinnar hálfu. Nú er það að vísu svo, að margir efast um, að Íslendingar séu komnir svo langt í íþróttum, að þeir geti tekið þátt í þeirri heimsstefnu íþróttamanna, sem hér er um að ræða, án þess að þjóðinni verði meiri vansi að en svo, að til þess sé stofnandi. En þeir íþróttamenn, sem þessu máli eru kunnugastir, telja, að það sé ekki vafi á því, að Íslendingar geti tekið þátt í a. m. k. tveimur íþróttagreinum á þann hátt, að þjóðinni verði áreiðanlega enginn vansæmd að. En það mundi nægja til þess, að við gætum notið þess kostaboðs að fá að senda að mestu leyti ókeypis tvo 30 manna flokka til þess að vera viðstadda leikana og kynna sér þannig íþróttaafrek annara þjóða, þeirra sem lengst eru komnar á því sviði. Ég skal taka það fram, að samskonar boð er gert öllum þjóðum, sem þátt taka í leikunum, og það er nú orðið kunnugt, að Englendingar, Frakkar og Belgir, sem eru eins og menn vita engir aðdáendur núv. stjórnarfars í Þýzkalandi, hafa tekið boðinu og ætla að senda þessa flokka til leikanna. Það er líka kunnugt, að einn af helztu mönnum þessarar starfsemi — ég held mér hafi verið sagt, að hann væri formaður í einhverri alísherjar ólympíunefnd —, sem er belgiskur, hefir farið til Berlínar sérstaklega þeirra erinda að kynna sér allan undirbúning leikanna og þar að lútandi starfsemi, og hann fullyrðir, að það muni alls ekki koma til þess, að hugsað sé til að nota þessa íþróttamannastefnu á nokkurn hátt í pólitisku skyni. Ég tek þetta fram af því, að ég og aðrir hafa orðið varir við mikla andúð gegn einmitt þessari íþróttastefnu í Berlín af þeim sökum, að Þjóðverjar myndu ætla að nota hana á einhvern hátt sem pólitíska agitation. En þessi belgiski trúnaðarmaður fullvissar íþróttamenn í öllum löndum um það, að fyrir þessu sé ekki hinn minnsti flugufótur.

Hvað kostnaðarhliðina snertir, þá er sú upphæð, sem hér er farið fram á, a. m. k. sú, sem farið er fram á til vara, ekki það há, að hún geti nokkru varðað ríkissjóð. Það, sem hinsvegar er einkum haft á móti slíkum styrkjum, sem hafa utanfarir í för með sér, er það, að af þeim leiði eyðsla erlends gjaldeyris, sem þjóðin megi ekki við. Ég vil því benda á, að utanför þeirra 60 manna, er ég talaði um, er alveg ókeypis að því leyti, er tekur til erlends gjaldeyris. Þeir mundu fara með íslenzkum skipum til Hamborgar og þaðan heim aftur; það kostar engan erlendan gjaldeyri, og í Þýzkalandi yrðu þeir kostaðir að öllu leyti. Það eru því aðeins þátttakendur í leikunum, sem mundu þurfa á erlendum gjaldeyri að halda. Það yrðu samtals 3—5 menn, sem tækju þátt í þessum tveim íþróttagreinum, svo dvalarkostnaður þeirra í Þýzkalandi mundi ekki geta numið mikilli upphæð. Ég veit, að allir stjórnmálaflokkarnir viðurkenna, að það sé ákaflega mikilsvert að efla íþróttirnar í landinu. Hinsvegar er augljóst, hvað slík kynning, sem hér er um að ræða að afla íslenzkum íþróttamönnum af heimsíþróttunum, getur haft ákaflega mikla þýðingu fyrir þróun íþróttalífsins í landinu. Og þar sem hér er um svo einstakt tækifæri að ræða, að ég er viss um, að íþróttamönnum gefst ekki kostur á öðru eins í náinni framtíð, þá tel ég það sjálfsagða skyldu Alþingis að styðja ólympíunefndina í því að geta tekið þessu kostaboði. — Ég lofaði hæstv. forseta að reyna að stytta mál mitt, og skal því ekki fara fleiri orðum um þessa till.

Þá er önnur till., sem er á sama þskj. undir næsta rómv. lið, um 2000 kr. styrk til Einars Markans söngvara, en hann sækir um þennan styrk, eða raunar nokkru meiri, í því skyni að fara utan og kynna íslenzka hljómlistarstarfsemi og sérstaklega íslenzka lagasmíð. Með umsókn sinni hefir hann sent hinu háa Alþingi meðmæli allra helztu kompónista landsins, og skal ég, með leyfi hæstv. forseta, lesa þau hér upp.

„Við undirritaðir mælum fastlega með því, að hið háttvirta Alþingi veiti herra Einari Markan söngvara styrk til að halda söngskemmtanir víðsvegar á Norðurlöndum, sem eingöngu verða helgaðar íslenzkri tónlist.

Slíkar söngskemmtanir geta haft ómetanlegt gildi fyrir okkar fámennu þjóð.

Reykjavík, febrúar 1935.

Árni Thorsteinsson (sign). Emil Thoroddsen (sign). Páll Ísólfsson (sign). F. h. Markúsar heitins Kristjánssonar, Jóhanna Gestsdóttir (sign). Sigvaldi Kaldalóns (sign). Jónas Þorbergsson (sign). Karl O. Runólfsson (sign).

Jónas Þorbergsson mun að vísu ekki skrifa þarna undir sem kompónisti, heldur sem útvarpsstjóri og í nafni sinnar stofnunar, sem mjög snertir alla söngmennt í landinu. Mér er kunnugt, að hann mun eitthvað fást við sönglagasmíði, en ég hygg, að hann komi þó ekki þarna fram undir því merki.

Það er tilgangur Einars að halda söngskemmtanir víðsvegar um Norðurlönd og syngja þar eingöngu lög eftir íslenzka kompónista. Á þann hátt er ætlazt til, að nágrannaþjóðirnar fái sem nánust kynni af því, hvað Íslendingar geta í þessari íþrótt, og að íslenzkar tónsmíðar fái meiri aðgang að þessum þjóðum en verið hefir; að þær fái þannig meiri kynni af íslenzkri listastarfsemi og réttari hugmynd um hana.

Þá er á þskj. 929, II. till. um að veita Eggert Guðmundssyni 1200 kr., eða til vara 1000 kr. Ég veit, að allir landsmenn kannast við þennan unga og efnilega málara, og Alþingi hefir margsinnis sýnt, að það vill styðja íslenzka málaralist, með því að styrkja góða málara og efnileg málaraefni. Í till. fjvn. er tekinn upp einn slíkur styrkur til hins ágæta listamanns Gunnlaugs Blöndals, og þykir mér vænt um það. En Eggert Guðmundsson er einmitt að mörgu leyti sambærilegur við þennan ágæta málara, Gunnlaug Blöndal. Báðir hafa starfað mikið erlendis, þó Gunnlaugur sé nokkuð eldri og eigi því lengri feril að baki sér. Það er tiltölulega stutt síðan Eggert átti kost á því að

fara utan, m. a. af því Alþingi hefir ekki áður þóknazt að veita honum slíkan styrk. Ég hefi áður flutt till. um, að honum yrði veittur styrkur, en af einhverjum ástæðum náði það ekki fram að ganga. Þá var maðurinn reyndar lítt kunnur og á byrjunarskeiði, en hann hefir haldið áfram að brjótast fram og hefir getið sér góðan orðstir, sem sannast með því, að honum hefir oftar en einu sinni verið gefinn kostur á að halda sýningu á ýmsum stöðum erlendis, m. a. í London. Ég hefi hér í höndum blaðaummæli um þessar sýningar hans. Þau eru í íslenzkri þýðingu, en þó ætla ég ekki að tefja *timann* með því að lesa þau upp. En blöðin eru sjálf „Times" í London og aðalblaðið í Skotlandi, „The Scotchman". Þessi ummæli eru lofsamleg, og er ekki vafi á því, að það væri Alþingi til sóma að styrkja þennan efnilega listamann. Ég hefi heyrt þau andmæli gegn þessu, að hann sé vel á veg kominn, þar sem hann hafi komizt svo langt að hafa haldið sýningar erlendis og selt nokkuð af málverkum, en þó er enginn vafi á því, að hann á erfitt uppdráttar, eins og flestir listamenn nú á tímum. Hann er sem sé bláfátækur, og faðir hans varð nýlega fyrir því óhappi að missa allar eigur sínar. — Hér er ekki gert ráð fyrir því, að þetta verði framhaldandi styrkur. Hér er aðeins farið fram á styrk á þessu ári til þessa efnilega listamanns, sem líklegur er til að gera garðinn frægan erlendis fremur en líklega flestir aðrir.

Þá á ég á þskj. 912 brtt. við 18. gr., um að hækka styrkinn til Guðríðar Helgadóttur, ekkju séra Jóhannesar L. L. Jóhannssonar, úr 132 kr. í 282 kr. Virðist þetta, sem í fjárlfrv. er ákveðið, vera óvenjulág ekkjulaun, og mun það stafa af því, að maður hennar lét af prestsskap síðustu árin, en starfaði þó í þjónustu ríkisins síðasta hluta æfi sinnar. En af þessu hafa eftirlaun hennar orðið rýrari en margra annara. Hér er aðeins farið fram á 150 kr. hækkun, og verður þó hlutur hennar talsvert rýrari en flestra annara í fjárl.

Ég hefi þá lokið við að tala um brtt. þær, sem ég hefi borið fram við fjárl. Þó verð ég að níðast á góðvild hæstv. forseta út af tveim öðrum till., sem önnur er borin fram af meiri hl. fjvn., en hin af hv. þm. S.-Þ.

Till. frá meiri hl. fjvn. er á þskj. 909 og er um það, að fjárveiting til kvennaskólans sé áætluð ⅔ af rekstrarkostnaði hans, og greiðist því aðeins öll, eða nokkur hluti hennar, að á móti komi ⅓ frá Reykjavíkurbæ. Vil ég mælast til þess við hv. n., að hún taki hana aftur.

Hin till., frá hv. þm. S.-Þ., er á þskj. 934 og fer fram á, að ríkisstj. sé heimilað að leigja eða selja skipin Óðin, Þór og Hermóð. Við hana er viðaukatill. frá hv. þm. Borgf. Við þessa till. hefi ég það að athuga, að mér virðist varla geta komið til mála, að hún verði borin undir atkv. Þetta er í fyrsta skipti sem hún er lögð fyrir Alþingi. Frv., sem m. a. fól það í sér, að þessi skip skyldu seld, fór hér milli deilda, en var fellt í Nd.

8. gr. þingskapanna mælir svo fyrir: „Lagafrumvörp, er önnurhvor deildin hefir fellt, má eigi bera upp aftur á sama þingi".

Nú þykist ég vita, að svarað verði, að þessi gr. eigi aðeins við lagafrv. En það er auðsætt, að undir sama ákvæði falla allar till., ályktanir og ályktunarefni Alþingis, sem eiga að öðlast lagagildi. Í þessari till. hv. þm. S.-Þ. er farið fram á, að Alþingi geri ályktun, sem fá eigi lagagildi. Hún hlýtur því að heyra undir þessa gr. þingskapa. Þess vegna er óheimilt að bera málið fram á ný, því að búið er að fella það áður. Það nær engri átt að hengja sig í það, að í gr. er talað um lagafrv., því að það er ekki formið, heldur efnið, sem hefir aðalþýðinguna í þessu sambandi. Þar að auki segir 35. gr. stjskr., að eigi megi selja eða með öðru móti láta af hendi neina af fasteignum landsins né afnotarétt þeirra, nema samkvæmt lagaheimild.

Hér er að vísu ekki um fasteign að ræða í venjulegum skilningi, en að miklu leyti gildir það sama um fasteignir og skip. Og þegar heimtuð er lagaheimild, nægir ekki samþykkt í sambandi við fjárl. Það er margviðurkennt, að fjárl.ákvæði geta ekki haft sama gildi og lagaheimild.

Þetta, sem hér er að ske, sýnir, að það er hugsanlegur möguleiki, að hægt sé að koma því fram á Alþingi sem ákvæðum í sambandi við fjárl., sem ekki hefði komizt fram með venjulegri lagaheimild. En það er ekki hægt, þar sem málið hefir verið fellt hér í annari d. Því er ekki heimilt að leggja þetta mál fyrir Sþ.

ATKVGR.

Brtt. 881,1 samþ. með 25:3 atkv.
— 881,2 samþ. með 26:7 atkv.
— 881,3 samþ. með 27:2 atkv.
— 881,4 samþ. með 26:3 atkv.
— 895,1 samþ. með 26:3 atkv.
— 881,5 samþ. með 32 shlj. atkv.
— 881,6 samþ. með 30:1 atkv.
— 895,2 samþ. með 30:2 atkv.
— 890,I.1 aðaltill. felld með 25:17 atkv.
— 890,I.1 varatill. felld með 25:20 atkv.
— 881,7 samþ. með 33:1 atkv.
— 890,I.2 felld með 28:17 atkv., að viðhöfðu *nafnakalli*, og sögðu

já: GÍ, GL, HannJ, JakM, JJós, JAJ, JÓl, MJ, ÓTh, PHalld, PM, SK, TT, BJ, EE, GP, GSv.

nei: HG, HermJ, HV, IngP, JS, JG, JJ, JörB, MT, PHerm, PZ, PÞ, PO, SigfJ, SE, SÁÓ, StJSt, ÞorbÞ, ÞÞ, BSt, BÁ, BB, EÁrna, EmJ, EystJ, FJ, GG, JBald.

JónP, MG, ÞBr greiddu ekki atkv.
Einn þm. (ÁÁ) fjarstaddur.

Brtt. 890,II felld með 24:24 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: HannJ, JakM, JJós, JAJ, JÓl, JónP, JS, MG, MJ, MT, ÓTh, PHalld, PM, PO, SK, TT, ÞBr, ÞÞ, BJ, EE, GP, GSv, GÍ, GL.

nei: HG, HermJ, HV, IngP, JG, JJ, JörB, PHerm, PZ, PÞ, SigfJ, SE, SÁÓ, StJSt, ÞorbÞ, BSt, BÁ, BB, EÁrna, EmJ, EystJ, FJ, GG, JBald.

Einn þm. (ÁÁ) fjarstaddur.

Brtt. 881,8 samþ. með 30:1 atkv.
— 881,9 samþ. með 31:1 atkv .
— 890,III felld með 30:4 atkv.
— 881,10 samþ. með 33 shlj. atkv.
— 890,IV.1.a felld með 27:17 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: GÞ, GÍ, GL, HermJ, JakM, JJós, JAJ, JÓl, MG, MJ, ÓTh, PHalld, PM, SK, TT, BJ, EE.
nei: FJ, GG, HannJ, HG, HV, IngP, JónP, JG, JJ, JörB, PHerm, PZ, PÞ, PO, SigfJ, SE, SÁÓ, StJSt, ÞorbÞ, ÞBr, BSt, BÁ, BB, EÁrna, EmJ, EystJ, JBald.
GSv, JS, MT, ÞÞ, greiddu ekki atkv.
Einn þm. (ÁÁ) fjarstaddur.
Brtt. 890,IV.1.b sjálffallin.
— 881,11 samþ. með 33 shlj. atkv.
— 890,IV.2 varatill. felld með 24:20 atkv.
— 890,V.a—b samþ. með 27:6 atkv.
— 881,12.a—b samþ. með 31 shlj. atkv.
— 890,VI.a—b samþ. með 33 shlj. atkv.
— 881,12.c—d samþ. án atkvgr.
— 912,I felld með 25:19 atkv.
— 895,3 samþ. án atkvgr.
— 881,13 samþ. með 35:2 atkv.
— 895,4 samþ. án atkvgr.
— 881,14 samþ. með 36 shlj. atkv.
— 881,15.a—b samþ. með 39 shlj. atkv.
— 890,VII samþ. með 25:19 atkv.
— 890,VIII.1 felld með 25:17 atkv.
— 890,VIII.2.a felld með 24:23 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: EE, GÞ, GSv, GÍ, GL, HannJ, JakM, JJós, JAJ, JÓl, JónP, JS, MG, MJ, ÓTh, PHalld, PM, PO, SK, TT, ÞBr, ÞÞ, BJ.
nei: BÁ, BB, EÁrna, EmJ, EystJ, FJ, GG, HG, HermJ, HV, IngP, JG, JJ, JörB, PHerm, PZ, PÞ, SigfJ, SE, SÁÓ, StJSt, ÞorbÞ, BSt, JBald.
MT greiddi ekki atkv.
Einn þm. (ÁÁ) fjarstaddur.
Brtt. 890,VIII.2.b felld með 25:17 atkv.
— 890,IX.1 felld með 25:17 atkv.
— 890,IX.2 felld með 25:16 atkv.
— 890,IX.3 felld með 24:16 atkv.
— 890,X.1 felld með 25:22 atkv.
— 890,X.2 felld með 25:16 atkv.
— 890,XI felld með 25:23 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: EE, GÞ, GSv, GÍ, GL, HannJ, JakM, JJós, JAJ, JÓl, JónP, JS, MG, MJ, MT, ÓTh, PHalld, PM, PO, SK, TT, ÞBr, ÞÞ.
nei: BJ, BSt, BÁ, BB, EÁrna, EmJ, EystJ, FJ, GG, HG, HermJ, HV, IngP, JG, JJ, JörB, PHerm, PZ, PÞ, SigfJ, SE, SÁÓ, StJSt, ÞorbÞ, JBald.
Einn þm. (ÁÁ) fjarstaddur.
Brtt. 881,16 samþ. með 28:6 atkv.
— 881,17 samþ. með 32:1 atkv.
— 881,18.a—f samþ. með 31:1 atkv.
— 881,19 samþ. með 32:6 atkv.
— 895,5 samþ. með 38 shlj. atkv.
— 953 felld með 24:9 atkv.
— 933 aðaltill. felld með 33:7 atkv.
— 933 varatill. felld með 29:6 atkv.
— 881,20.a—b samþ. með 41 shlj. atkv.
— 929 felld með 27:21 atkv.
Brtt. 912,II sjálffallin.
— 912,III.1 felld með 27:8 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: PZ, BJ, BB, EystJ, GG, HermJ, JJ, JörB.
nei: ÓTh, PÞ, PHalld, PM, PO, SK, SÁÓ, StJSt, TT, ÞÞ, BÁ, EÁrna, EE, EmJ, GÞ, GSv, GÍ, GL, HV, JakM, JJós, JAJ, JÓl, JS, MG, MJ, JBald.
PHerm, SigfJ, SE, ÞorbÞ, ÞBr, BSt, FJ, HannJ, HG, IngP, JónP, JG, MT, greiddu ekki atkv.
Einn þm. (ÁÁ) fjarstaddur
Brtt. 946,I.1 samþ. með 42 shlj. atkv.
— 881,21 samþ. með 30 shlj. atkv.
— 912,III.2 felld með 28:14 atkv.
— 890,XII.a—b felldar með 24:22 atkv.
— 890,XIII felld með 24:21 atkv.
— 885 samþ. með 32 shlj. atkv.
— 881,22 samþ. með 40 shlj. atkv.
— 881,23 samþ. með 27 shlj. atkv.
— 890,XIV felld með 25:21 atkv.
— 890,XV felld með 25:22 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: ÞÞ, EE, GÞ, GSv, GÍ, GL, HannJ, JakM, JJós, JAJ, JÓl, JónP, JS, MG, MJ, ÓTh, PÞ, PHalld, PM, PO, SK, TT.
nei: BJ, BSt, BÁ, BB, EÁrna, EmJ, EystJ, FJ, GG, HG, HermJ, HV, IngP, JG, JJ, JörB, MT, PHerm, PZ, SigfJ, SE, SÁÓ, StJSt, ÞorbÞ, JBald.
ÞBr greiddi ekki atkv.
Einn þm. (ÁÁ) fjarstaddur.
Brtt. 881,24 samþ. með 41 shlj. atkv.
— 890,XVI felld með 26:20 atkv.
— 890,XVII aðaltill. felld með 26:14 atkv.
— 890,XVII varatill. felld með 26:19 atkv.
— 881,25 samþ. með 32 shlj. atkv.
— 890,XVIII.1 felld með 26:19 atkv.
— 890,XVIII.2 felld með 25:18 atkv.
— 895,6 samþ. með 25:2 atkv.
— 895,7 samþ. án atkvgr.
— 890,XIX felld með 25:23 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: SK, TT, ÞBr, ÞÞ, EE, GÞ, GSv, GÍ, GL, HannJ, JakM, JJós, JAJ, JÓl, JónP, JS, MG, MJ, MT, ÓTh, PHalld, PM, PO.
nei: SigfJ, SE, SÁÓ, StJSt, ÞorbÞ, BJ, BSt, BÁ, BB, EÁrna, EmJ, EystJ, FJ, GG, HG, HermJ, HV, IngP, JG, JJ, JörB, PHerm, PZ, PÞ, JBald.
Einn þm. (ÁÁ) fjarstaddur.
Brtt. 881,26 samþ. með 36 shlj. atkv.
— 881,27 samþ. með 38:1 atkv.
— 890,XX felld með 24:21 atkv.
— 881,28 samþ. með 28:11 atkv.
— 890,XXI tekin aftur.
— 881,29 samþ. með 28:2 atkv.
— 909 tekin aftur.
— 890,XXII,a—b samþ. með 28:13 atkv.
— 890,XXIII felld með 25:12 atkv.
— 881,30 samþ. með 25:15 atkv.
— 881,31 samþ. með 28:1 atkv.
— 881,32 samþ. með 28 shlj. atkv.
— 881,33.a—b samþ. með 34 shlj. atkv.
— 881,34—37 samþ. með 32:2 atkv.
— 895,8 samþ. með 32 shlj. atkv.
— 895,9 samþ. með 31 shlj. atkv.
— 881,38 þar með ákveðin.

Brtt. 881,39 samþ. með 27:5 atkv.
— 890,XXIV aðaltill. felld með 24:15 atkv.
— 890,XXIV varatill. felld með 26:21 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: PHalld, PM, PO, SK, TT, ÞÞ, EE, GÞ, GSv, GÍ, GL, HannJ, JakM, JJós, JAJ, JÓl, JónP, JS, MG, MJ, ÓTh.
nei: PZ, PÞ, SigfJ, SE, SÁÓ, StJSt, ÞorbÞ, ÞBr, BJ, BSt, BB, EÁrna, EmJ, EystJ, FJ, GG, HG, HermJ, HV, IngP, JG, JJ, JörB, MT, PHerm, JBald.
BÁ greiddi ekki atkv.
Einn þm. (ÁÁ) fjarstaddur.
Brtt. 912,IV samþ. með 26:13 atkv.
— 881,40.a—f samþ. með 32:4 atkv.
— 890,XXIV.2 felld með 24:11 atkv.
— 881,41 samþ. með 30:3 atkv.
— 929,II aðaltill. samþ. með 25:6 atkv.
— 884,1 felld með 34:10 atkv.
— 929,III tekin aftur.
— 890,XXV aðaltill. tekin aftur.
— 890,XXV varatill. felld með 28:18 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: PM, PO, SK, ÞBr, ÞÞ, EE, GÞ, GSv, HannJ, JakM, JJós, JAJ, JÓl, JónP, JS, MG, MJ, ÓTh.
nei: PZ, PÞ, PHalld, SigfJ, SE, SÁÓ, StJSt, TT, ÞorbÞ, BJ, BSt, BÁ, BB, EÁrna, EmJ, EystJ,[1]) FJ, GG, HG, HermJ, HV, IngP, JG, JJ, JörB,[2]) MT, PHerm, JBald.
GÍ, GL greiddu ekki atkv.
Einn þm. (ÁÁ) fjarstaddur.
Brtt. 890,XXVI.a felld með 30:5 atkv.
— 890,XXVI.b felld með 33:6 atkv.
— 881,42 samþ. með 29:1 atkv.
— 881,43—46 samþ. með 35 shlj. atkv.
— 890,XXVII felld með 25:20 atkv.
— 890,XXVIII samþ. með 32:6 atkv.
— 881,47.a samþ. með 43 shlj. atkv.
— 881,47.b samþ. með 33:2 atkv.
— 890,XXIX samþ. með 29:16 atkv.
— 881,48.a—b samþ. með 34 shlj. atkv.
— 881,49 samþ. með 27 shlj. atkv.
— 890,XXX.a—b felld með 24:22 atkv.
— 881,50 samþ. með 28:10 atkv.
— 890,XXXI tekin aftur.
— 890,XXXII felld með 24:21 atkv.
— 890,XXXIII samþ. með 25:17 atkv.
— 890,XXXIV felld með 28:17 atkv.
— 895,10 samþ. með 29:5 atkv.
— 881,51 þar með ákveðin.
— 881,52 samþ. með 28:5 atkv.
— 881,53 samþ. með 27:1 atkv.
— 912,V felld með 27:14 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: EE, GÞ,[4]) GSv, GÍ, GL, HannJ, JakM, JJós, JAJ, MJ, ÓTh, PHalld, SK, TT.
nei: BJ, BÁ, BB, EmJ, EystJ, FJ, GG, HG, HermJ, HV, IngP, JÓl, JG, JJ, JörB, MT, PHerm, PZ, PÞ, PO, SigfJ, SE, SÁÓ, StJSt, ÞorbÞ, ÞBr, JBald.

1) **Fjmrh.:** Með tilliti til þess, sem hæstv. atvmrh. lét getið í ræðu sinni, að einhverju mundi verða varið af atvinnubótafé til þessa vegar, ef unnt væri, segi ég nei við þessari brtt.

2) **JörB:** Af hálfu hæstv. stj. hefir því verið lýst yfir, að atvinnubótafé mundi verða varið til þessa vegar, svo sem föng væru á, og af því að ég tek þessa yfirlýsingu trúanlega án þess að upphæðin sé tiltekin í fjárl., þá segi ég nei.

ÞÞ, BSt,[3]) EÁrna, JónP, JS, MG, PM greiddu ekki atkv.
Einn þm. (ÁÁ) fjarstaddur.
Brtt. 884,2 samþ. með 42 shlj. atkv.
— 884,3 felld með 27:17 atkv.
— 881,54—56 samþ. með 28 shlj. atkv.
— 890,XXXV.1.a—b samþ. með 25:23 atkv.
— 881,57 felld með 25:21 atkv.
— 890,XXXV.2 samþ. með 28:13 atkv.
— 890,XXXVI felld með 24:17 atkv.
— 881,58 samþ. með 34 shlj. atkv.
— 912,VI.a—b samþ. með 27:3 atkv.
— 881,59 samþ. án atkvgr.
— 881,60.a samþ. með 30:1 atkv.
— 890,XXXVII aðaltill. tekin aftur.
— 890,XXXVII varatill. samþ. með 35 shlj. atkv.
— 881,60.b samþ. með 36 shlj. atkv.
— 929,IV samþ. með 25:9 atkv.
— 881,61 samþ. án atkvgr.
— 895,11 samþ. með 26 shlj. atkv.
— 881,62 samþ. án atkvgr.
— 881,63.a samþ. með 28 shlj. atkv.
— 881,63.b tekin aftur.
— 881,63.c samþ. með 31 shlj. atkv.
— 881,63.d samþ. með 26 shlj. atkv.
— 881,63.e samþ. með 25:4 atkv.
— 890,XXXVIII aðaltill. felld með 26:8 atkv.
— 890,XXXVIII varatill. felld með 26:16 atkv.
— 932 samþ. með 25:19 atkv.
— 895,12 samþ. án atkvgr.
— 895,13 samþ. með 28:1 atkv.
— 946.2 samþ. án atkvgr.
— 890,XXXIX samþ. með 26:14 atkv.
— 912.VII samþ. með 31:4 atkv.
— 890,XL felld með 21:18 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: IngP, JJ, JörB, PHerm, PZ, SigfJ, ÞBr, BJ, BSt, BÁ, BB, EÁrna, EystJ, GÞ, GG, GL, HannJ, HermJ.
nei: JakM, JAJ, JÓl, JónP, JS, JG, MG, MJ, MT, ÓTh, PÞ, PHalld, PM, PO, SE, SK, StJSt, ÞÞ, FJ, GÍ, JBald.
JJós, SÁÓ, TT, ÞorbÞ, EE, EmJ, GSv, HG, HV greiddu ekki atkv.
Einn þm. (ÁÁ) fjarstaddur.
Brtt. 895,14 samþ. með 30 shlj. atkv.
— 912,VIII samþ. með 31:1 atkv.

Forseti (JBald): Hv. 3. þm. Reykv. hefir haldið því fram, að till. á þskj. 934, við 22. gr. V, um heimild fyrir ríkisstj. til að selja varðskipin, ætti ekki að geta komið til atkv. vegna þess að till. um þetta efni hafi verið felld í Nd. Alþ., þegar til umr. var frv. til l. um bráðabirgðabreyt. nokkurra laga. Nú get ég ekki fallizt á það, að till. beri að vísa frá, þó að þetta hafi verið fellt í Nd., og tel ekki, að þingsköp geri ráð fyrir því, heldur þvert á móti. Í 32. gr. þingskapanna segir svo: „Breytingartillögu um atriði, sem búið er að fella í deild, má eigi bera upp aftur í sömu deild á sama þingi, en heim-

3) **BSt:** Með því að hv. flm. tók till. aftur, greiði ég ekki atkv.

4) **GÞ:** Þar eð ég tók ekki aftur till., greiði ég atkv. með henni og segi já.

ilt er að bera hana upp í hinni deildinni, ef tækifæri er til þess eftir þingsköpum".

Nú held ég, að það sé tækifæri til þess eftir þingsköpum að bera upp þessa till. og hún geti því komið til atkv. — Till. er í 3 liðum, og verður að sjálfsögðu borin upp hver liður fyrir sig. Mér skilst einmitt, að þingsköp geri ráð fyrir þessu, að það, sem hefir verið fellt í deild, megi bera upp í hinni d. eða Sþ. Ég sé því ekki ástæðu til að vísa þessari till. frá og læt hana koma til atkv.

Brtt. 934,a samþ. með 26:12 atkv.
— 934,b felld með 24:20 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: ÞÞ, BJ, BSt, BÁ, BB, EÁrna, EystJ, HermJ, JakM, JAJ, JÓl, JónP, JS, JJ, JörB, MG, PHerm, PO, SigfJ, ÞorbÞ.
nei: ÞBr, EE, EmJ, FJ, GÞ, GSv, GL, HG, HV, IngP, JJós, JG, MJ, MT, ÓTh, PÞ, PHalld, PM, SE, SK, SÁÓ, StJSt, TT, JBald.
GG, GÍ, HannJ, PZ greiddu ekki atkv.
Einn þm. (ÁÁ) fjarstaddur.
Brtt. 934,c samþ. með 30:1 atkv.
— 946,II samþ. með 33 shlj. atkv.
— 934,a—c, svo breytt, samþ. með 29:9 atkv.
— 912,IX samþ. með 25:12 atkv.
— 929,V felld með 26:17 atkv.
— 890,XLI felld með 24:24 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: TT, ÞBr, ÞÞ, BJ, EE, GÞ, GSv, GÍ, GL, HannJ, JakM, JJós, JAJ, JÓl, JónP, JS, MG, MJ, ÓTh, PHalld, PM, PO, SigfJ, SK.
nei: StJSt, ÞorbÞ, BSt, BÁ, BB, EÁrna, EmJ, EystJ, FJ, GG, HG, HermJ, HV, IngP, JG, JJ, JörB, MT, PHerm, PZ, PÞ, SE, SÁÓ, JBald.
Einn þm. (ÁÁ) fjarstaddur.
Brtt. 912,X felld með 24:10 atkv.
— 890,XLII tekin aftur.
— 912,XI.1.a samþ. með 27:19 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: IngP, JAJ, JG, JJ, JörB, MT, PHerm, PZ, PÞ, SigfJ, SE, SÁÓ, StJSt, ÞorbÞ, BJ, BSt, BÁ, BB, EÁrna, EmJ, EystJ, FJ, GG, HG, HermJ, HV, JBald.
nei: JakM, JÓl, JónP, JS, MG, MJ, ÓTh, PHalld, PM, PO, SK, TT, ÞBr, ÞÞ, EE, GÞ, GSv, GL, HannJ.
JJós, GÍ greiddu ekki atkv.
Einn þm. (ÁÁ) fjarstaddur.
Brtt. 912,XI.1.b samþ. með 30:1 atkv.
— 912,XI.2 samþ. með 33:2 atkv.
— 881,64.a kom ekki til atkv.
— 881,64.b samþ. með 35 shlj. atkv.
— 881,64.c samþ. með 28:2 atkv.
— 881,64.d kom ekki til atkv.
— 881,64.e samþ. með 34 shlj. atkv.
— 881,64.f samþ. með 29 shlj. atkv.
— 881,64.g tekin aftur.
— 881,64.h samþ. með 30 shlj. atkv.
— 881,64.i samþ. með 31 shlj. atkv.
— 881,64.j samþ. með 31 shlj. atkv.
— 881,64.k samþ. með 26 shlj. atkv.
— 881,64.l samþ. með 31 shlj. atkv.
— 895,15 samþ. með 30:1 atkv.
— 881,65.a kom ekki til atkv.

Jakob Möller: Ég vil leyfa mér að gera fyrirspurn um, hvort þetta ákvæði í b-lið 65 brtt. á þskj. 881 valdi lækkun á fjárveitingu þeirri, sem þar er um að ræða. Búnaðarbankinn greiðir nú 2 þús. kr., og ef sú greiðsla á að lækka niður í 1 þús. kr., greiði ég atkv. gegn till.

Bjarni Ásgeirsson: Greiðsla Búnaðarbankans fellur alveg niður, ef till. er felld.

Brtt. 881,65.b samþ. með 32 shlj. atkv.
— 929,VI samþ. með 35 shlj. atkv.
Frv., svo breytt, samþ. með 32:1 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 954).

2. Fjáraukalög 1933.

Á deildafundum 23. okt. var útbýtt frá Sþ.: **Frv. til fjáraukalaga fyrir árið 1933** (stjfrv., A. 412).

Á 21. fundi í Sþ., 13. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

Fjmrh. (Eysteinn Jónsson): Frv. þetta er samið eftir tillögum endurskoðenda landsreikninganna, og sé ég ekki ástæðu til að skýra það nánar og legg til, að því verði vísað til fjvn. að aflokinni umr.

Hannes Jónsson [óyfirl.]: Ég vildi strax við þessa umr. og áður en fjvn. fær frv. til athugunar láta fylgja þau orð til n., að hún færi rækilega gegnum frv. og bæri það saman við samskonar frv. frá undanförnum árum.

Það er ekki að ástæðulausu, að ég vek máls á þessu, ég hefi farið yfir frv. og hefi séð, að þar eru settar inn samskonar **upphæðir** og tvisvar sinnum áður hafa verið settar í fjáraukalög, en í bæði skiptin teknar út af þeim aftur.

Það er mjög óheppilegt, ef ekki er hægt að fara eftir föstum reglum um það, hvaða tölur séu teknar upp í fjáraukalög. Ef verið er að hringla með það frá ári til árs, er ekki hægt að hafa fjáraukalög undanfarinna ára til hliðsjónar, og verður það þá handahóf eitt, sem ræður, hvaða tölur eru teknar upp í hvert skipti, ef ekki er hægt að binda sig við þær reglur, sem gilt hafa í 12—13 ár. Þá gæti komið til álita, hvort ekki ætti að taka upp sömu reglu og Danir hafa, þannig að tekin séu upp öll gjöld, sem á landsreikningum eru frávikin fjárhagsáætlun, hvort sem það eru heldur aukin útgjöld eða lækkuð og hvort sem greiðslurnar eru gerðar samkv. ófrávíkjanlegum lögum eða samkv. stjórnarákvörðun. En ég vil benda á, að það er hægt að fylgja þeirri reglu að taka ekki upp á fjáraukalögum þær tölur, sem tvisvar sinnum áður er búið að fella út af þeim.

Það eru hér sjálfsagt 2—4 liðir, sem svo er um, t. d. í 5. gr. Að vísu eru það smáupphæðir, en við staflið 18 eru a. m. k. 2 slíkar tölur.

Þá vil ég benda á annað. Ég hygg, að í þessu frv. séu ýmsir nýir liðir, liðir sem nú fyrst koma fyrir í fjárl., en ekki eigi heima í þessu frv. En fjáraukalög eru ekki annað en humbug, ef ekki er fylgt föstum reglum um gerð þeirra.

Fjmrh. (Eysteinn Jónsson): Út af þessum ummælum vil ég taka það fram, að við samningu frv. hefir verið farið eftir till. endurskoðenda landsreikninganna, eins og venja er til, og tel ég sjálfsagt, að það verði athugað, hvort um einstök atriði hefir verið breytt frá settum reglum og þá lagað, ef svo hefir verið, svo afgreiðsla málsins geti orðið samkv. venju.

Magnús Jónsson [óyfirl.]: Það er satt, sem hv. þm. V.-Húnv. sagði, enda talar hann af reynslu, þar sem hann hefir sjálfur verið yfirskoðunarmaður landsreikninganna. Það hefir mjög verið á reiki, hvaða upphæðir af umframgreiðslum væru teknar upp í fjáraukal.frv. og hverjum væri sleppt. En ég hygg, að þegar sleppt hefir verið að taka sumar umframgreiðslur upp í fjáraukal.frv., þá sé það vegna þess, að gengið sé út frá því, sem regla er að setja í síðustu gr. fjárl., og það eru ákvæði um það, sem upphæðir breytast eftir því sem lög koma til framkvæmda, og er þá álitið, að þegar með fjárl. sé búið að heimila þær umframgreiðslur, sem þessi ákvæði ná til, og séu þær því ekki á valdi ríkisstjórnarinnar. Ég skal taka til dæmis dýrtíðaruppbót embættismanna. Ef reynslan sýnir, að hún verður hærri en áætlað er, þá er litið svo á, að sú umframgreiðsla sé ákveðin í fjárl. og þurfi því ekki að taka hana upp í fjáraukal.; en ef sú heimild er ekki til, þá ber tvímælalaust að taka greiðsluna upp, því það er ákveðið í stjórnarskránni, að enga greiðslu megi inna af hendi úr ríkissjóði nema eftir fjárl. eða fjáraukalögum.

Það getur vel komið til mála að fara að á þann veg, sem hv. þm. V.-Húnv. minntist á, að taka hreinlega allar þær umframgreiðslur, sem fyrir koma í landsreikningum, skrifa þær niður eins og vél og setja þær allar í fjáraukalög. Það er þá tryggt, að ekkert er greitt á móti þessu ákvæði stjskr., ef allir aukapóstar eru þannig settir í fjáraukalög.

Ég skal játa það, að þó ég hafi verið með í því að semja það álit, sem fjáraukalögin eru samin eftir, þá hefi ég ekki tekið eftir því, að þar hafi verið tekið upp það sama, sem Alþ. hefir áður óskað, að ekki væri þar með. En ég sé ekki, þó þetta væri þannig, að það væri nokkur goðgá. Þótt hið háa Alþ. felli einhverja till. frá mér, get ég vel borið hana fram aftur. Yfirskoðunarmaður getur vel haldið áfram að hafa sína skoðun á málinu og haldið áfram að gera tillögu samkv. henni, þótt þingið hafi fellt þær; og það Alþingi, sem nú situr, getur samþ. það, sem fyrra Alþ. felldi, og haldi einhver yfirskoðunarmaður fram tillögum, sem fyrri Alþ. hafa fellt, þá er það á valdi ríkisstj., hvort hún þess vegna beri tillögurnar ekki fram aftur.

Annars tel ég það réttara, að endurskoðendur geri till. sínar heldur um of en van. Því það er þá á valdi Alþingis að ákveða um þær.

Ég vildi aðeins láta þessi ummæli fylgja af hálfu okkar yfirskoðunarmanna, út af ræðu hv. þm. V.-Húnv.

Hannes Jónsson [óyfirl.]: Ég skal viðurkenna það, að það hefir verið regla, að ríkisstj. tæki tillögur yfirskoðenda til greina, og bæri fram frv. samkv. því, sem þeir hafa lagt til. Ég hefi áður fundið að þessu; ég álít, að ríkisstj. eigi að tryggja sér það, að endurskoðendur fylgi alltaf þeim reglum, sem áður hefir verið gengið inn á af Alþingi.

Þótt einn yfirskoðunarmanna sé sá sami og áður hefir verið, er ekki tryggt, að farið sé eftir sömu reglu og verið hefir í þessu efni, og þarf það ekki að vera vegna þess, að honum hafi yfirsézt eða hann hafi ætlað sér að fara inn á nýjar brautir, því eins og verkum er skipt, getur auðveldlega komið fyrir, að það falli ekki í hans hlut að gera tillögur um, hvað taka skuli upp á fjáraukalög.

Út af því, sem hv. 1. þm. Reykv. sagði, að ekki væri nema eðlilegt, að yfirskoðendur fylgdu skoðun sinni, vil ég segja, að ég vænti þess fastlega, að hann fylgi þeirri skoðun, sem hann hafði þegar við vorum saman endurskoðendur, þ. e. a. s. þeirri skoðun, sem þá kom fram í tillögum hans, því um aðra skoðun var ekki að ræða.

Sú skoðun, sem nú kom fram hjá honum, hlýtur að vera alveg meingölluð, því hún er önnur en sú, sem hann hafði þegar við vorum saman, svo ég vænti, að hann fallist á þetta, sem ég hefi nú sagt.

En þetta er aukaatriði. Það, sem mestu varðar, er, að þegar nýir liðir koma fyrir, þá séu þeir samkv. eðli sínu rétt flokkaðir í annanhvorn þessara tveggja flokka, sem til eru: Þann, sem sloppið hefir frá því að vera tekinn upp í fjáraukalög, og þann, sem upp hefir verið tekinn.

Það eru þessir liðir, sem skipta mestu máli, og að mínu áliti eiga þeir að skiptast þannig, að þeir, sem greiddir eru eftir skýlausum lagafyrirmælum, eiga ekki að koma á fjáraukalög, heldur einungis þeir, sem eru á valdi ríkisstj. og telja má hennar sök, hvort greiddir eru eða ekki. Sé greiðslan gerð samkv. skýlausum heimildum og ekki hefir verið áætlað nægilegt fé, þá á umframgreiðslan ekki að koma á fjáraukalög. Þessi regla var upp tekin 1923 og endurtekin 1929, og ég ætla, að það sé auðvelt að fara eftir henni.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 30 shlj. atkv. og til fjvn. með 28 shlj. atkv.

Á 31. fundi í Sþ., 18. des., var frv. tekið til 2. umr. (A. 412, n. 818).

Frsm. (Sigurður Einarsson) [óyfirl.]: Fjvn. hefir haft þetta frv. til meðferðar og leggur til, að það verði samþ. með einni breyt. Það

er við 5. gr. 14. II, að í staðinn fyrir „34858,24“ komi „43858,24“. Þetta er gert til samræmis við landsreikninginn. Er það auðsjáanlega prentvilla í frv., að þessi tala er svona, og er því í raun og veru ekki nema um leiðréttingu að ræða.

Án þess að vilja stuðla að því, að efna til langra umr. um þetta frv., þá get ég samt ekki látið hjá líða að segja um það nokkur orð, auk þess að gera grein fyrir þessari brtt. fjvn.

Á þessum fjáraukal. er upphæð, sem er ekki svo allskostar lítil, eða samtals 2017211.76 kr. Nú er það út af fyrir sig enginn prófsteinn á réttmæti stjórnarráðstafana eða þá, sem stjórna yfir höfuð, hvort verður að fara fram úr fjárveitingunum. Til þess liggja ýmsar ástæður, að svo verður oft að gera, en ástæðurnar eru misjafnlega réttmætar.

Það er einn gjaldliður í þessu frv., sem í sjálfu sér er ekki hægt að bindast orða um, vegna þess að það er álit fjölmikils meiri hl. alþýðu manna í landinu, að þar hafi á mjög óviðurkvæmilegan og óréttmætan hátt verið gripið til þess að eyða stórfé úr ríkissjóði. Í 4. gr. þessa frv., 13, er sakamálakostnaður og lögreglumála m. m. 420334 kr. Þetta er eins og menn sjá einhver allra stærsta gjaldaupphæðin, sem þetta frv. hefir inni að halda á einum lið. Og orsökin til þess er sú, að á því fjárhagsári, sem hér ræðir um, var tiltekin stjórn að borga fé til þess að koma sér upp að ástæðulausu miklum her manna. Árið 1925 kom í fyrsta sinn hér á þingi viðleitni til þess að koma upp vopnuðu og vel búnu liði til þess að beita gegn samtökum verkamanna og alþýðu, ef á þyrfti að halda að dómi valdhafanna. Sú till. fékk þá útreið hér á þingi, að margir mundu hafa ætlað, að ekki yrði aftur reynt að fara þá braut. Sú viðleitni var sem sé algerlega felld. En sá munur er þó á þeim valdhöfum, sem þá vildu stofna til þessarar fjáreyðslu, að sú stj., sem hér á hlut að máli, hikaði ekki við að grípa til þessarar fjáreyðslu og koma upp þessum her í algerðu lagaleysi.

Við fjvnm. Alþýðuflokksins höfum ekki gert aths. við frv. í heild, og það er vegna þess, að við erum þess fullvissir, að þjóðin sjálf, almenningur í landinu, óski þess ekki að gera ráðstafanir til að koma fram refsingu á þeim ógæfumönnum, sem stóðu að þessu fyrirtæki. Þjóðin hefir sjálf skorið úr þessu, og gert það á þann hátt, sem réttast og drengilegast var, með því að taka aðstöðuna til að fara þannig með ríkisfé af þeim mönnum, sem treysta ekki stjórnarráðstöfunum sínum betur en svo, að þeir þurfa að hafa her manna til þess að verja sig. M. ö. o., þetta mál er að vissu leyti úr sögunni, því að þjóðin hefir tekið í taumana og óskar ekki eftir neinni refsingu á hendur þeim mönnum, sem gerðu sig seka um þetta gáleysi.

En þetta tiltæki allt kemur til með að standa í endurminningu alþýðu manna hér á landi sem eftirminnilegur, stórkostlegur og iskyggilegur minnisvarði yfir þá hættu, sem er því samfara að trúa þeim fyrir almennum málum, er grípa til slíkra ráða. Þetta er miklu meiri kostnaður en þjóðfélagið á venjulegum tímum ver til þess að halda uppi lögboðnum fangelsum og varúðarráðstöfunum, sem þjóðfélagið telur sig þurfa að gera til þess að tryggja líf og limu borgaranna fyrir misendismönnum.

Ég heyri, að margir menn eru búnir að biðja um orðið, og geri ég ráð fyrir, að þessi fáu orð mín, þetta bergmál af tilfinningum þjóðarinnar fyrir þessu, hafi komið við tilfinningar þeirra manna, sem hér eru sekir beint og óbeint. En það vil ég segja þeim hv. þm., sem hér ætla að tala og verja þetta tiltæki, að þeirra hlutur verður því verri og þeirra framkoma því varhugaverðari sem meira er um þetta talað. Það er því engin ástæða til þess fyrir þá að fagna því, að sorfið verði til stáls um þetta mál.

Sigurður Kristjánsson [óyfirl.]: Það er sagt, að sá sé ekki allheimskur, sem þegja kann. Ég hygg, að ef hv. 9. landsk. hefði kunnað að þegja um þetta mál, þá hefði það verið talið honum til skynsemdarauka, en hann hefir nú ekki borið gæfu til þess fremur en svo margs annars, sem honum er þörf á.

Ég hélt satt að segja, að það þyrfti talsverða einurð til þess fyrir menn, sem vitanlegt er, að þjóðfélagið verður að standa á verði fyrir með talsverðum kostnaði og mikilli varúð til þess að tryggja það, að þeir gangi ekki á rétt annara, ekki aðeins með venjulegri frekju, heldur með ofbeldisverkum, sem gjarnan geta kostað líf manna, — það þarf einurð fyrir mann úr þeim flokki að vaða hér uppi með jafnósönnum ásökunum eins og hv. 9. landsk. gerði í því máli, sem honum var trúað fyrir illu heilli og óverðskuldað að leggja hér hlutlaust fyrir.

Ég þarf ekki að rifja upp þá atburði, sem gerðust hér fyrir þremur árum og eru einna ljótastir og iskyggilegastir af öllum þeim atburðum, sem hér hafa skeð í manna minnum. Þegar stofnað var til að misþyrma mönnum og limlesta og jafnvel myrða og talsvert af þessu var framkvæmt, a. m. k. að misþyrma og limlesta, og þeir, sem að þessu stóðu, höfðu fengið sinn dóm, þá var strax hlaupið til með samþykki allra annara en illræðismannanna að skapa öryggi í þessum bæ með því að kalla til lögreglu, og það held ég, að fyrst og fremst hafi verið gert fyrir forgöngu þáv. lögreglustjóra í Rvík á fyrsta stigi málsins, núv. hæstv. forsrh. landsins. Og það var virkilega gert af því, að það var ekki grunur, heldur vissa, að hér voru blóðþyrstir menn tilbúnir til hryðjuverka og til glæpa, og þeir höfðu sýnt það í verki, hvert innræti þeirra var. Og ég skal geta þess strax, að ég frétti til eins þokkapilts, sem hafði ekki kjark til þess að vera við þessi hryðjuverk, en hafði iðað í skinninu aftan við hina eins og bleyður gera, en svo á eftir kom hann á vettvang, þessi skepna í mannsmynd, til þess að geta séð fallinn val. Þessi maður var nýbúinn að slíta af sér messuskrúðann, það sýnir, að innræti mannsins var það sama og hinna, en þegar hann kom til, sá hann minni ummerki sinna flokksbræðra en hann hafði vænzt og vonað.

Það er engum minnsta vafa bundið, að ein fyrsta skylda hvers ríkis er að vernda líf og

limi borgaranna. Það dettur engu siðuðu ríki annað í hug en að því beri skylda til að vernda borgara sína og gera ráðstafanir til þess, að menn njóti þess réttar, sem l. áskilja þeim. Sá réttur er fyrst og fremst sá, að enginn annar maður með ofbeldi ráðist á þá til hryðjuverka. hvorki til þess að taka sér ímyndaðan eða virkilegan rétt sinn, og því síður, til þess að af algerðri árásargirni og ofbeldi að misþyrma mönnum og ganga á þeirra rétt, ekki aðeins hagsmunalegan, heldur líkamlegan. Það, sem gerðist 9. nóv. 1932, var ekkert annað en það, að nokkrir menn illa innrættir æstu upp fjölda manna, sem vitanlega var ekki hægt að heimta jafnmikla ábyrgðartilfinningu af. Þeir æstu þá beinlínis þangað til fólkið trúði því, að það væri að sækja rétt sinn og ætlaði að taka þann rétt með valdi. En þessi réttur, sem það ímyndaði sér, að það hefði, var að ganga yfir aðra menn með ofbeldi og drepa þá, ef með þyrfti. Þessir menn voru svo blygðunarlausir, að þeir hafa haldið þennan dag hátíðlegan. Þeir byrjuðu á því að gera þennan dag að hátíðisdegi, og meira að segja hafa þm. hlaupið úr þessum sal til þess að halda minningu þessa þokkalega dags. En þeir kváðu hafa sligazt undir þessari tilraun sinni, því að fólkið hefir ekki viljað taka undir þessa gleði. Það hefir orðið einskonar smánarblettur, sem þessir menn eru að lokum flúnir undan, en það er sýnilegt, að það eru þó til svo ófyrirleitnir menn í þessum hópi, að þá langar til að rifja þetta upp, menn, sem sjá ekki smán sína. Og það er það, sem hér hefir skeð, þegar þessi svokallaði hv. 9. landsk. dregur þetta mál alveg að óþörfu inn í d. Ég hefi yfir höfuð hvorki utan þings né innan sagt mikið um þessa atburði, og ég stóð ekki upp til þess að deila um þetta mál, því að þetta er ekki umdeilanlegt efni, það er svo vitanlegt, að hryðjuverk og ofbeldi eru fyrirlitlegir hlutir, og þeir hafa líka fengið sinn dóm hjá dómstólunum. Ég stóð upp til þess að veita þessum hv. þm. áminningu, þó að það hefði fremur verið verk hæstv. forseta. En þegar hingað koma menn með þann stráksskaparsið að hrósa hryðjuverkum og ódæðisverkum og snúa þeim til ádeilu á saklausa menn, þá vil ég láta þá vita, að ég hefi dýpstu andstyggð á slíku framferði.

Forseti (JBald): Þá verður þessum efnilegu umr. frestað um stund.

Umr. frestað.

Á 32. og 34. fundi í Sþ., 19. og 21. des., var frv. tekið til frh. 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 36. fundi í Sþ., 21. des., var fram haldið 2. umr. um frv.

Magnús Guðmundsson [óyfirl.]: Ég hefði kosið, að kl. hefði verið orðin 6 þegar ég byrjaði, og það er vegna þess, að núna kl. 6 hefir verið boðið út lögregluliði til þess að halda uppi reglu, og eru þeir sjálfsagt núna að klæða sig í „uniformin".

Verður ekki betur svarað hv. 9. landsk., því er hann gusaði hér úr sér, og sveikst á þann hátt aftan að fjvn., sem fól honum að hafa hlutlausa framsögu og leggja til f. h. n., að frv. yrði samþ. Hann sveikst aftan að fjvn. og notaði framsögu sína til árása, sérstaklega á mig og hv. þm. G.-K., og get ég lýst því yfir, að það var ekki gert í umboði fjvn.

Öllum er kunnugt um, að þetta lögreglumál hefir verið notað til svívirðilegrar „agitationar". Er merkilegt, að þeir, sem þá stóðu að ríkisstj. og gengu með til samþ. á l. þessum, geti látið sér slíkar umr. sæma í þeim tilgangi að sverta fyrrv. ríkisstjórn. Það vita allir, hvernig stóð á því, að ríkislögreglan var sett á 1933, en hvernig stendur á nú? Nú er hér öflugt lögreglulið, en samt er verið að kalla saman lið til vara.

Ástandið er ekkert líkt og eftir 9. nóv. 1932, þegar margir lögreglumanna voru limlestir, og svo leyfir hv. 9. landsk. sér að koma hér fram með svívirðingar, — hann, þetta pólitiska rekald, sem hefir flækzt aftur og fram á milli flokka, en hver flokkur hefir orðið feginn að losna við hann, þegar hann hefir orðið þess var, að þar var aðeins maðksmogið rekald.

Til þess að sýna, að það voru ekki sjálfstæðismenn einir, sem stóðu að þessari lagasetningu, vil ég láta þingtíð. tala, og hirði ég ekki um, þó að líði nokkur stund áður en ég er búinn. Ég ætla þá fyrst að lesa upp kafla úr umr. eftir þáv. forsrh., Ásgeir Ásgeirsson, það er úr umræðuparti um lögregluna frá þingi 1933. „Lögreglustjórinn hafði hreyft því áður, í sumar sem leið, og óskað þess, að bæjarlögreglan væri aukin stórlega með varaliði. Hann fullyrti að það væri ekki öruggt að halda uppi reglu í bænum, nema slíkt varalið, sem væri skipað a. m. k. 100 mönnum, kæmi til".

En hver var þá lögreglustjóri? Það var núv. hæstv. forsrh. Og er það í samræmi við skoðun hans þá, er hann nú kallar saman lögregluliðið? Ef eitthvað kemur fyrir vill hann vera tilbúinn. Það er bezt, að hv. þm. G.-K. segi til um, hvort ekki var stofnað til varalögreglu 1932 með samþ. þáv. lögreglustjóra.

Til að sýna, hvernig þm. tóku undir þetta, ætla ég að lesa upp nafnakall í báðum deildum. Atkv. hafa fallið svo. Í Ed. sögðu já: IP, JakM, JónJ, JónÞ, MT, PHerm, PM, BSn, EÁrna, GL, HSteins, GÓ. — Nei sagði JBald, núv. forseti Sþ. aleinn.

Og þá er hér nafnakall við 3. umr. í Nd. Já sögðu: JÓl, JónasÞ, LH, MG, MJ, ÓTh, PHalld, PO, StgrS, SvbH, SvÓ, ÞorlJ, ÁÁ, BJ, BSt, BÁ, BKr, GÍ, HStef, HannJ, IngB, JJós, JAJ, JörB. Nei sögðu: VJ, HG, HV.

Frv. samþ. með 24:3 atkv. Það voru þeir einir jafnaðarmennirnir í deildunum, sem greiddu atkv. gegn frv., þar á meðal Haraldur Guðmundsson, sem nú er í stj., er kallar saman lögreglu til þess að vera við öllu búinn, ef eitthvað skyldi ske í verkfalli bifreiðastjóra. M. ö. o., allur þingheimur var sammála um að setja lögreglu á fót.

Það var gengið út frá því og þegjandi samkomulag um, að þegar lögreglan hóf starf sitt, yrði hún viðurkennd af þinginu, enda var því

lýst yfir út af þál. frá hv. 2. þm. Reykv., sem hann flutti um að varalögreglan yrði uppleyst fyrir árslok 1933, og hann var þá alls ekki óánægður með, að hún yrði lögð niður aftur þegar ekki þætti hennar þörf. (HV: Fóru ekki fram greiðslur til hennar á árinu 1934?). Það skal ég taka fram, að einhverjar smávægilegar greiðslur fóru fram á því ári (ÓTh: Fara fram greiðslur nú?), og það var af því, að þeir voru sviptir atvinnu af þessum hv. þm.

Er ég tilbúinn að deila um það í þessum umr., sem hv. 9. landsk. hleypti tilefnislaust af stað með uppbelgingi og fítonsanda. Er gaman að sjá hann nú, því ekki hefir hann búizt við, að eftir nokkra daga yrði sú stj., sem hann styður, búin að setja af stað varalögreglu algerlega að tilefnislausu.

Forsrh. (Hermann Jónasson): Hv. fyrri þm. Skagf. (MG) virtist vera mjög kampakátur yfir því, að ríkisstj. neyddist nú til þess að endurreisa ríkislögregluna, sem hann hefði orðið að stofna á sínum tíma. Núna með morgunsárinu hefði ríkislögreglan verið endurreist. Ég get fullvissað hv. þm. og hv. Alþingi um það, að þetta er alger uppspuni.

Nokkrum mönnum verður bætt við bæjarlögregluna, eins og gert hefir verið og gert var öll þau ár, sem ég var lögreglustjóri, hvort sem nokkur varalögregla var sitjandi eða ekki. Þetta er óumflýjanleg nauðsyn, þegar vaktir eru langar og sumir lögregluþjónarnir forfallaðir.

Þessi ráðstöfun á því ekkert skylt við það, að velja svo að segja af handahófi hundrað manna hóp, allmisjafnra manna — svo ekki sé meira sagt, og hafa þá á föstu mánaðarkaupi um langan tíma.

Ég var frá upphafi óánægður með varalögregluna, eins og henni var fyrir komið. Og ég hefi fært ýtarleg rök fyrir því í bréfum, er ég sem lögreglustjóri ritaði báv. ríkisstj. Ekkert var því sjálfsagðara en það, að ég vildi losna við ríkislögregluna í þessu formi.

Hinsvegar lagði ég sem lögreglustjóri áherzlu á það, að lögreglan yrði aukin á annan hátt. Skyldi það vera aukning á hinni föstu bæjarlögreglu, og þá af völdum og vel æfðum mönnum. Auk þess áttu nokkrir menn að vera þessari lögreglu til aðstoðar, jafnframt því, sem þeir voru tiltækir fyrir ríkið og í þjónustu þess. Lög um þetta voru samþ. hér á Alþingi, og vann ég að undirbúningi þeirrar löggjafar. Alþingi gekk þó nokkru skemmra í þessari aukningu heldur en ég hafði lagt til. Og viti menn, þegar bæjarstj. Rvíkur átti að framkvæma þessa löggjöf, trássaðist bæjarstjórnarmeirihlutinn við, og hefir ekki enn þann dag í dag fullnægt ákvæðum laganna um aukningu bæjarlögreglunnar. Þannig hefir Sjálfstfl. staðið gegn hæfilegri lögregluaukningu hér í Rvík. Kemur það því í ljós, og reynslan hefir skorið úr því til fullnustu, að ágreiningurinn milli flokkanna er ekki um það, hvort lögreglan í þessu landi eigi að vera veik eða sterk. — Heldur er hann um það, hvernig eigi að beita þessu valdi.

Það kann að vísu að vera einhver ágreiningur um það, hvernig eigi að haga skipulagi lögreglumálanna og hverjir eigi að bera kostnaðinn. En takmarkalínan milli flokkanna í átökunum um þessi mál hefir verið og er sú, hvort heimilt skuli að beita lögreglunni í kaupdeilum.

Deila sú, sem nú er risin hér í bænum og dregin hefir verið inn í umr. hér á Alþingi, er ekki kaupdeila. Mikill hluti bifreiðastjóranna er á föstum launum hjá stóratvinnurekendum í bifreiðarekstri. Og ekkert liggur fyrir um það, að kaupkjörum þeirra eigi að breyta. Hver getur leyft sér að halda því fram að verkfall þessara manna sé kaupdeila. Vörubílastjórarnir, sem margir eiga bifreiðar sínar sjálfir, fá benzínskattinn, sem þeir koma til með að greiða, margfaldlega endurgreiddan, því allur benzínskatturinn, þar á meðal sá hluti hans, sem hinn mikli fjöldi fólksflutningsbifreiða greiðir, verður allur látinn ganga til vegavinnu, sem stóreykur atvinnu vörubifreiða. Má geta þess til, að með þessu eina móti geti vöruflutningsbifreiðar, eins og nú horfir, gert sér vonir um viðunandi atvinnu.

Við þetta bætist svo það, að þeim bifreiðastjórum og bifreiðaeigendum, sem kynnu að þurfa að breyta taxta sínum í sambandi við hækkun benzínskattsins, hefir verið boðið, af sterkum aðila, sem er þeim vinveittur, að veita þeim alla aðstoð sem þarf, til þess að fá ökutaxta sínum sanngjarnlega breytt. Svo fjarri fer því, hv. þm., að hér sé um kaupdeilu að ræða.

En þrátt fyrir allt þetta hafa bifreiðastjórarnir, eða nokkur hluti þeirra, kosið að rísa gegn þeim lögum, sem löglegur meiri hl. Alþ. hefir sett.

Er það vilji yðar, háttv. þingmenn, að þau lög, sem þér hafið sett og falið ríkisstj. að framkvæma, séu framkvæmd? Eða er það vilji yðar, að þessi lög séu fótumtroðin og virt að vettugi?

Því það, sem bifreiðastjórarnir eru að aðhafast, er ekki kaupdeila, ekki snefill af kaupdeilu, eins og ég hefi með rökum sýnt fram á. Heldur uppreisn gegn löggjafarvaldinu, uppreisn gegn Alþingi. Það er tilraun til þess að þvinga Alþingi til að hverfa frá að samþ. þau lög, sem meiri hl. þess er sannfærður um, að sé rétt að setja. Og það er tilraun til þess að þvinga ríkisstj. til þess að framkvæma ekki lögin, eftir að þau hafa verið sett.

Flest þau lög, sem Alþingi setur, snerta á einhvern hátt hagsmuni smærri og stærri heilda í þjóðfélaginu, og í mörgum tilfellum eru þessar heildir miklu stærri heldur en sú, sem nú hefir lagt út í það, að gera uppreisn gegn löggjafarvaldinu.

Ef Alþingi beygir sig, ef ríkisstj. beygir sig fyrir slíku framferði, hvar lendir þá, háttv. alþingismenn!

Alþingi er þá raunverulega þurrkað út. Er það vilji yðar, háttvirtir alþingismenn?

Ég óska eftir að fá svar við því, hvort hér er nokkur sá alþm., sem ekki er á einu máli um það, að þegar svo er að staðið, sem hér er raun á, beri ríkisvaldinu með allri gætni en fullkominni festu að yfirvinna slíka ofbeldistilraun. Því þótt menn greini á um það hér á Al-

þingi, hver afskipti ríkisvaldið eigi að hafa af kaupdeilum, þá hefi ég aldrei heyrt hér neina rödd og býst ekki við, að hér sé nokkur sá alþm., sem ekki er eindregið þeirrar skoðunar, að ríkinu beri að nota vald sitt og styrkja það sem þörf krefur til þess að koma í veg fyrir, að þau lög, sem Alþingi hefir sett, séu að engu höfð.

Thor Thors: Ég hafði hugsað mér að falla frá orðinu, til þess að hv. 1. þm. Skagf. gæti fyrst talað fyrir okkar flokk. En nú eru komin ný atriði í þetta mál, svo að ég nota mitt málfrelsi.

Þetta þing er orðið það lengsta, sem staðið hefir á Íslandi, og er á allra vitorði, að þinginu var frestað fyrst og fremst til þess, að fjvn. gæti ráðið sínum ráðum betur þegar þing kæmi saman að nýju. Hitt er og á allra vitorði, að þingið hefir orðið svo langt sem raun er á vegna þess, að fjvn. hefir ekki getað lokið störfum sínum fyrr. Það kemur því úr hörðustu átt, þegar fjvn. sendir mann af örkinni eins og hv. 9. landsk. til þess að vekja í þinglok slíkar stórdeilur eins og hann beinlínis stofnaði til með sinni óviturlegu ræðu um daginn. Í þeirri ræðu vegur hann aftan að n. í heild og ber hér inn í Alþingi það mál, sem margsinnis er rætt hér að fullu og á hverjum einasta stjórnmálafundi, sem haldinn hefir verið hér á landi að undanförnu. En úr því að formaður fjvn. hefir óskað þess að senda þennan sér samboðna og virðulega asna í herbúðir okkar sjálfstæðismanna, þá fer vel á því, að honum sé haldið þar góða stund og klórað þægilega bak við eyrað.

Hver eru nú upptök þessarar ríkislögreglu, sem þessi hv. þm. segir, að verið hafi algerlega að ástæðulausu stofnað til? 9. nóvember, það var sá dagur, sem réð upptöku ríkislögreglunnar. Og nú vil ég spyrja: Hverjir voru þeir, sem þar gengu djarfast fram fyrir skjöldu? Hvar stóð hv. 2. þm. Reykv. þann dag? Og hvern þátt átti hann í stofnun hennar, með því beinlínis að stuðla að ofbeldi og stuðla að því, að löglegri ákvörðun bæjarstj. Rvíkur væri hrundið? Það er hann og hans flokkur, sem drýgstan þáttinn hafa átt í því að neyða ríkisvaldið til að gripa til þeirra varnarráðstafana, sem gripið var til þegar ríkislögreglan var stofnuð.

Hæstv. forsrh. sagði áðan: „Ætlar þetta þing að láta þurrka sig út?“ Og þau orð eru vissulega réttmæt. Alþingi hefir gert ákveðna ákvörðun, og nú er risið gegn henni. Það er ríkisvaldsins að halda uppi þeirri ákvörðun. En það var jafnákveðið bein skylda bæjarstj. Rvíkur — og þar með ríkisvaldsins — að halda uppi þeirri ákvörðun, sem meiri hl. gerði 9. nóv. 1932. (**HV:** Það var kauplækkun!). Sama, hvort það var kauplækkun eða annað. Réttur meiri hl. í lýðræðislandi hefir rétt til að taka þær ákvarðanir, sem hann vill. (**HV:** Hvers vegna lét hann undan?). Bæjarstj. lét undan vegna þess að hún sá, að í óefni var komið; og hver veit nema það hendi líka þennan hv. benzínmann, að hann verði að láta undan, þegar hann sér, í hvert óefni er komið. En meiri hl. bæjarstj. hafði ekki ástæðu til að láta undan út frá réttum lýðræðislegum grundvelli. Þær ákvarðanir, sem þeir fulltrúar þjóðarinnar, sem kosnir eru á lýðræðisgrundvelli, gera, hversu óvinsælar og hversu órökstuddar sem þær eru, eiga að standa, ef lýðræði á að lifa í þessu landi. Það er um þetta, sem var deilt 9. nóv. 1932, og það er um þetta, sem verður deilt næstu daga hér í Rvík.

Hæstv. forsrh. sagði, að hér skipti allt öðru máli. Og hv. 2. þm. Reykv. sagði það, að hér skipti allt öðru máli, því að nú sé ekki kauplækkun á ferð. En veit nokkur um það, nema þessi hækkun á rekstri bifreiða leiði óhjákvæmilega til kauplækkunar hjá bifreiðarstjórum? Hvað veit hæstv. ráðh. um það? En ef um réttmæta árás gegn lýðræðinu er að ræða, bæði gegn bæjarstj. Rvíkur og gegn Alþingi, ef kauplækkun er annarsvegar, þá má hann vara sig, að hann hafi ekki talað of stórt hér.

Það hefir oft verið á það bent, að það kæmi úr hörðustu átt, þegar menn, sem lifa beinlínis á verkalýðnum í landinu, eins og hv. 9. landsk., staðhæfa, að allt lögregluliðið í landinu beinist sérstaklega gegn verkalýðnum. Það eru vissulega órökstudd ummæli. Verkalýðurinn í landinu er ekki óhlýðnari við lög landsins en aðrar stéttir. Og það hefir aldrei komið til þess, að þær stéttir mótmæli þeim gerðum, sem á lýðræðisgrundvelli eru byggðar, nema þær séu hvattar til þess af öðrum mönnum, sem utan þeirra standa.

Það er alveg augljóst mál, að þó að hv. 9. landsk. hafi sagt, að ríkislögreglan hafi verið stofnuð að ástæðulausu, þá var hún stofnuð af fyllstu nauðsyn. Það er vitað, að kommúnistar ætluðu að gera byltíng í þjóðfélaginu; og þeir hefðu gert það, ef þeir hefðu ekki óttast þær varnarráðstafanir, sem ríkið hafði gripið til.

Það kemur hinsvegar ekki svo einkennilega fyrir sjónir, að þessi maður skuli segja þetta. Því að það er margupplýst, að hann rann á eftir eins og rakki, til þess að vita, hvort hann fyndi ekki einhvern blóðþef (Forseti hringir).

Það er miklu alvarlegra mál heldur en hægt sé að ræða hér á þessari stundu, hver nauðsyn er á því, að lögregla sé til í landinu. Hvað þýðir fyrir Alþingi að setja lög, — lög sem oft og tíðum eru óvinsæl og margir verða til að mótmæla, ef ekki er á hverjum tíma í þjóðfélaginu eitthvert afl., sem stendur bak við þessi lög og getur framfylgt þeim, ef nauðsyn krefur? Það eru aðeins tvær hliðar á sama máli: lög og lögvernd. Öll lög eru einskis virði, ef á þau er ráðist, ef ekki er á bak við þau á hverjum tíma sterk lögvernd. Og það er svo einkennilegt, að næstum í sömu andránni og hv. 9. landsk. hafði haldið þessa ódrengilegu ræðu sína, varð hann einmitt til þess að staðhæfa á Alþingi, að nauðsyn væri að hafa lögvernd bak við lögin. Fyrir Nd. lá þá frv. um tugthús. Og til hvers eru þessi tugthús? Ekki til annars en að refsa þeim, sem ráðast gegn lýðræði og þingræði. Þessi þm. sýndi þá, að nauðsyn var á þessari hlið málsins. Hann greiddi atkv. með tugthúsunum. Og reynslan hefir líka sýnt það, að þeir sósialistar eru afar fegnir, að til er

einhver lögregla, því að í hvert sinn sem þeir verða hræddir og komast í vanda, þá er fyrsta boðorðið hjá þeim að kalla á lögregluna. Og við skulum sjá, hvernig fer fyrir þessari hæstv. ríkisstj., sem barizt hefir svo voðalega gegn varalögreglu á sínum tíma. Ætli hún verði ekki fegin að nota hana nú næstu daga, ef í harðbakka slær?

Það þótti allt annar grundvöllur til að ræða þetta mál á þingi 1933, og ég minnist þess með ánægju, að þá deildi ég við núv. hæstv. atvmrh. Þá taldi hann hina mestu svívirðu að hafa slíkt lið, sem stofnað hafi verið gegn verkalýðnum í landinu. Nú skulum við sjá, hvernig hæstv. ráðh. lítur á það, að til sé eitthvert lið, sem ég segi, að ætti að vera til þess að halda uppi valdi meiri hlutans með þjóðinni.

Hv. 1. þm. Skagf. hefir svo kröftuglega lýst, hver afskipti þingsins voru af þessum lögreglumálum. Hann hefir sýnt fram á, að lög um lögreglu voru samþ. svo að segja einróma af framsóknarmönnum og sjálfstæðismönnum. En hv. 9. landsk. segir, að það hafi verið gengið til kosninga um lögreglumálin síðan. Ég verð að segja, að ef gengið hefir verið til kosninga um lögreglumálin, þá er það málstaður lögregluvaldsins í landinu, sem hefir unnið mjög glæsilegan sigur. En jafnvel þó að þessir núv. stjórnarflokkar hefðu báðir staðið gegn því að halda uppi nægilegu lögregluvaldi, hefir samt sú stefna, sem heldur fram, að bak við ríkisvaldið verði jafnan að vera til lögregluvald, sigrað í þessum kosningum. Því að það er vitanlegt, að andstæðingar stj., sem eru á þingi, fengu um 25 þús. atkv., en núv. stjórnarflokkar aðeins um 22 þús. Svo kemur hv. 9. landsk. öllum að óvörum og að baki þeim, sem höfðu falið honum að segja nokkur orð um fjáraukal. og segir, að þjóðin hafi áttað sig á, að ekki hafi verið óhætt að trúa núv. stjórnarandstæðingum fyrir neinu. Atkvæðatalan sýnir greinilega, hverjum þjóðin vildi trúa fyrir valdinu. Það var ógæfa hennar, að svo fór sem fór. En meiri hl. þjóðarinnar var jafnskýr og raun ber vitni.

En annars ætti þessi hv. þm. manna sízt að tala um það, að þjóðin snúi baki við einstökum flokkum og frambjóðendum; því að í hvert sinn, sem hann hefir sýnt sig frammi fyrir kjósendum, hefir hann jafnan — þrátt fyrir allt sitt glamur og þrátt fyrir allt sitt lýðskrum — fengið sama svarið: Þjóðin vill ekki líta við honum. Það var óhapp Alþfl., að einn bezti og greindasti maður flokksins, Vilmundur Jónsson landlæknir, afsalaði sér þingsæti, og þess vegna komst þessi hv. þm. í óþökk flokksins og þjóðarinnar inn á þing. Þegar hann svo er kominn hingað inn, verður honum tíðrætt um það, að kjósendur snúi baki við einstökum flokkum og einstökum mönnum. Já, honum fórst!

Ég vék að því áðan, að nú er líkt viðhorf í þjóðfélaginu og var 9. nóv. — 9. nóv. 1932 gerði bæjarstj. Rvíkur, kosin af meiri hl. borgaranna, ákvörðun með öllum greiddum atkv. Sú ákvörðun hlaut að standa í hverju því þjóðfélagi, sem viðurkenndi lýðræði. En hún var vefengd af þeim mönnum, sem nú þykjast vera að verja lýðræðið í landinu. Nú hefir Alþingi tekið ákvörðun, sem er mjög óvinsæl og hefir sætt andmælum hjá vissri stétt í þjóðfélaginu. Mér er sagt, að sú stétt vilji halda uppi mótþróa gegn meiri hl. Alþingis og búist nú til atlögu. Að mínu viti er sá mótþrói jafnvitlaus og jafnóverjandi og mótþróinn var 9. nóv. Þeir menn, sem réðu hér á landi árið 1932, hafa verið hundeltir og ofsóttir látlaust, og þetta mál var kannske álitið einhver feitasta kosningabeita þeirra, sem nú fara með völd. En nú spyr ég: Hvað hyggjast þeir sjálfir að gera? Ætlar það Alþingi, sem hefir samþ. hér löglega ákvörðun, að láta þurrka sig út? Ef ráðizt er á það af afli nokkru, hvernig ætlar það að verja sig? Ætlar það að taka einhverja lögreglu, sem á að berja á verkalýðnum, sem nú er óánægður með gerðir Alþingis? Ég hygg, að það fari svo, að hv. 9. landsk. og aðrir menn, sem digurbarkalegast tala um þessi mál, fái svo duglega húðstrýkingu, að þeir biði hennar aldrei bætur.

Forseti (JBald): Mér þykir rétt að láta ræður fara að styttast.

Héðinn Valdimarsson [óyfirl.]: Hér eru ekki margir áheyrendur og nokkuð áliðið nætur, svo að ég ætla ekki að tala hér langt mál. En ég get ekki látið vera að segja hér nokkur orð út af ræðu hv. 1. þm. Skagf. og hv. þm. Snæf., sem hér hefir talað sérstaklega um 9. nóv. 1932 og þá samlíkingu, sem hann hefir gert við viðburðina í dag. 9. nóv. 1932 er dagur, sem er merkur í sögu verkalýðsins hér. Og það er líka dagur, sem merkari er í sögu Sjálfstfl. en á nokkurn annan hátt.

Þá um haustið hafði undirbúningur verið gerður af atvinnurekendum hér í bænum til þess að lækka stórkostlega kaup verkalýðsins hér á öllum sviðum; ekki aðeins óbreyttra verkamanna, heldur sjómanna, verkakvenna og iðnaðarmanna, og sendu bréf til ýmissa félaga í þessu skyni. Nokkru áður en búizt var við aðalhríðinni, sem átti að vera um áramótin, þá skeður það undur, að bæjarstj. Reykjavíkur, sem á að stjórna bænum til hagsmuna fyrir alla menn, sem í honum lifa — ekki sérstaklega fyrir atvinnurekendur eða þá, sem mest hafa fé undir höndum —, þá skeður það undur, að hún tekur svo algerlega taum atvinnurekenda, að með ásettu ráði gerir hún það, sem í hennar valdi stendur, til þess að hjálpa áfram þeirri kauplækkun, sem ákveðin var af atvinnurekendum í bænum. Hún ræðst á garðinn þar, sem hann er lægstur, fátækustu verkamennina í bænum, sem verða að nota atvinnubótavinnu sér til lífsframdráttar. Hún neitaði að fjölga í vinnunni og krafðist, að þeir lækkuðu kaupið. Það var auðvitað, að slíkt svívirðilegt tilræði gagnvart fátækasta fólkinu í Reykjavíkurbæ myndi hljóta að vekja mikla reiði. Og það er satt að segja undursamlegt, að það skipulag var á verklýðsfélagsskapnum hér í bæ, að ekki varð meira úr óeirðum út af þessu máli. Það er haldinn skipulegur fundur og farin kröfuganga til bæjarstj. og ríkisstj. um að fjölga í atvinnubótavinnunni og halda kaupinu óbreyttu. En þegar

það fæst ekki, þegar ákveðið er, að kaupið lækki og samþ. á bæjarstjórnarfundi, þá er hér um það sama að ræða og í hverri annari vinnudeilu, því að þarna er bærinn ekkert annað en stærsti atvinnurekandinn. Þá er líka gert verkfall af mönnum í atvinnubótavinnunni til þess fyrst og fremst að hlusta á, hvernig þessir fulltrúar bæjarmanna í bæjarstj. standa sig í máli þeirra, hvort það væri virkilega satt, að fulltrúar Sjálfstfl. væru að ráðast á fátækasta fólkið í bænum með því valdi, sem þeim er gefið í bæjarstj. til þess að hjálpa öllum bæjarmönnum, en ekki til þess að liggja á því lúalagi að reyta allt af þeim, sem fátækastir eru. Það, sem skeður á þessum fundi, er það, að haldnar eru margar æsingaræður af hálfu sjálfstæðismanna, sem heyrast í gjallarhornum til manngrúans fyrir utan. Vil ég fyrst og fremst nefna hv. 3. þm. Reykv. og þær svívirðingar, sem hann lét dynja á verkamönnum og þeim, sem tóku þeirra málstað. Þetta verður til þess, að sá hluti af þessum áheyrendum, sem voru æstastir, sem auðvitað voru kommúnistar, ráðast inn fyrir grindurnar og gera ómögulegan bæjarstjórnarfundinn. Það var vitað, að Alþýðuflokkurinn hugsaði sér ekki að hleypa upp fundinum á nokkurn hátt, og Alþýðuflokksmenn stóðu ekki fyrir þessu.

Við það að bæjarstjórnarfundinum var hleypt upp var enginn meiddur. Bæjarfulltrúarnir komust undan um bakdyr, án þess að þeir meiddust á neinn hátt. T. d. hv. 3. þm. Reykv., sem þá var einna mest hataður maður í bænum af hinum fátækari hluta borgaranna, komst burt ómeiddur. Eftir eru þá Alþýðuflokksþm. og núv. borgarstjóri; man ég ekki, hvort það voru fleiri fulltrúar Sjálfstfl. Þau áflog og ryskingar, sem síðan verða, eru eingöngu vegna þess, að lögreglan reyndi að ryðja salinn. (**JakM**: Hver stjórnaði því?). Það getur þm. sagt sér. Og eftir að salurinn er ruddur og fjöldi verkamanna er blóðugur og barinn og komið er út fyrir, er það, að lögreglan ræðst aftur á manngrúann. Þá er tekið á móti. Ég verð að segja fyrir mitt leyti — og ég hefi borið það fyrir rétti og mun standa við það hvar sem er —, að ég sé ekki, að fjöldi af verkamönnum verði fyrir árás að saklausu, af hálfu lögregluliðsins, án þess að ég áliti það rétt, að þeir verji sig, þó að það sé gegn lögreglunni. Hver, sem verður fyrir óréttmætri árás, hann hefir rétt til þess að verja sig með samskonar vopnum og í árásinni er beitt. (**GÞ**: Og stólfótum!). Já, með stólfótum líka.

Eftir bardagann, sem þarna átti sér stað, þar sem margir meiddust, bæði verkamenn og lögregluþjónar, hvar sést þá, að uppreisn sé í aðsigi? Allt var rólegt. Og eftir að sjálfstæðismenn höfðu gegnið inn á að halda kaupinu óbreyttu, fer hver maður til sinnar vinnu og engin deila er lengur. Þegar vinnudeilan er búin, þá taka sjálfstæðisherrarnir, sem stóðu fyrir kauplækkunartilrauninni, eins og hv. þm. G.-K. (**ÓTh**), að bjóða út liði. Og til hvers annars en að nota tækifærið seinna til þess að ná því takmarki, sem ekki náðist í fyrra skiptið? Hverskonar lið var það? Ég mun geta sannað það fyrir utan þinghúsið, að fjöldi þeirra manna voru áður dæmdir af lögreglunni fyrir þjófnað eða vínsölu eða annað þvílíkt. Þó að auðvitað væru skikkanlegir menn innan um, þá var það mikið af úrþvættum þessa bæjar, sem sjálfstæðismenn tóku í sitt málalið. Og það merkilega við þetta er nú það, að einmitt í þeirri deilu, sem nú er að koma upp og ekki er kaupdeila, en snýst beinlínis gegn þinginu og ríkisstj., þá er uppistaðan í því liði menn úr varalögreglunni sælu, sem hv. þm. G.-K. kom upp og hv. 1. þm. Skagf. hélt áfram með. Er enginn vafi á því, að á bak við þessa hreyfingu þeirra standa sömu menn, sem komu upp þessu liði á sínum tíma. Það er því Sjálfstfl., sem ber ábyrgð á þessum mótþróa, og enginn annar.

Ég veit, að hv. þm. eru ekki svo einfaldir að halda, að það séu bílstjórarnir, sem eiga sína eigin bíla og geta sett sína taxta víða sjálfir, án þess að nokkur reyni að hindra þá. Og annarsstaðar þar, sem um mótstöðu er að ræða, geta þeir haft sterkan félagsskap og haft sterkustu samtökin í landinu, Alþýðusamband Íslands, á bak við sig. Ég veit, að þessir menn halda ekki, að þeir muni bera tapið sjálfir, þó að benzínið hækki. Sérstaklega þegar þessi skattur nemur aðeins á milli 3 og 5% af þeirra taxta. Hvort halda þeir, að það muni ekki vera hægt að koma þeirri hækkun fram án mótstöðu frá notendum, sem vita, hvernig stendur á þessari hækkun? Nei, ástæðan er eingöngu sú, að ráðandi menn í Sjálfstfl., sem hafa völdin í bænum, hafa komið þessu af stað í pólitískum tilgangi og til þess að koma upp óeirðum. Og ég er viss um, að verkalýðsfélögin mæta þessu með jafnmikilli festu eins og þau mættu liðinu í annari mynd á sínum tíma, þegar ríkislögreglan var sett á stað.

Gísli Sveinsson [óyfirl]: Herra forseti! Ég kann ekki við annað en að láta nokkur orð falla um þetta mál áður en gengið er til hvílu, fyrst ég kvaddi mér hljóðs, þegar hvirfilbylurinn skall yfir þingið frá hv. 9. landsk. Málið er að vísu komið inn á nokkuð breiðan grundvöll, en hv. þm. hefir sjálfsagt ætlazt til þess, því að það, sem hann virtist hafa í huga, var aðeins nokkur skammaryrði til þeirra, sem staðið höfðu áður að því að halda uppi reglu hér í bænum, og sérstaklega til þeirra, sem áttu þátt í því, að stofnað var til varalögreglu hér. — (**Forseti (JBald)**: Ég sé, að nokkrir þm. utan af landi eru að kveðja hér, og vil ég óska þeim og öðrum utanbæjarþm., sem seinna fara, góðrar ferðar, gleðilegrar hátíðar og nýárs).

Mér finnst það ekki tiltökumál, þótt þessi hv. þm. rausi nokkuð, því að það er hans eiginleiki að láta nokkuð svarkalega, þegar hann fær ráðrúm til þess að tala. Það er að vísu dálítið einkennilegt, að hann skyldi nota þetta tækifæri á þennan hátt, því að hv. fjvn. hafði kosið hann til þess að vera frsm. í máli, og hann hefði getað gert aths. við einstaka liði fjáraukal. án þess að koma svona hastarlega inn á þetta atriði eins og hann hefir leyft sér. Nú veit ég ekki, af hverjum þessi hv. þm. er sendur til þess að hreyfa þessu máli á þennan hátt; það getur ver-

ið, að það standi einhver á bak við hann, en ég get varla trúað, að hv. meiri hl. fjvn. sé hér að verki. Það getur líka verið, að það sé hann sjálfur, sem fundið hefir upp á þessu ráði, og þá hefir hann vitanlega gert það í forboði allra annara sæmilegra manna, því að engum dylst nú, að hann fór langt fram yfir það, sem honum var leyfilegt.

Þetta stafar ef til vill af þeim sökum, sem maður sagði mér, að mundi vera þessum hv. þm. eiginlegt, að þegar vonzka og gremja hefir safnazt fyrir í honum, þá verður hann að sprengja þetta út, og það verkar svo þannig á hann, að það er alveg eins og maðurinn sé að springa. Það er því ekki von á góðu, þegar þessi köst koma, og tel ég ekki, að aðrir hv. þm. þurfi að gefa því mikinn gaum, því að bæði hér á þingi og alstaðar annarsstaðar, þar sem menn koma nálægt honum, verða menn þess varir, að hvergi er hann mikilsvirtur. Hér á þingi er eins og loftið í kringum hann sé óhollt og tómt, jafnvel myrkt, menn sneiða hjá honum, jafnvel hans eigin flokksbræður. Það lýsir manninum bezt. Það má því með fullum rétti segja að því er þetta mál snertir, að þessi skammaryrði hv. 9. landsk. í garð þeirra, sem stóðu fyrir því að halda uppi lögum fyrir 3 árum, séu ómerk, því að þetta mál er alvarlegt mál, og það hefir sýnt sig, að þeir aðrir hv. stjórnarþm. og hæstv. ráðh., sem talað hafa í þessu máli, hafa tekið þetta mál alvarlega, sem er rétt. Ég býst við, að hæstv. ráðh. hafi fundið sig nokkuð snortinn af því, sem hér hefir verið talað, og líklega hefir hann verið mest snortinn af sinni fortíð og nútíð, sem hlýtur að verða honum áhyggjuefni, og hann verður að sjálfsögðu að reyna að samræma nútíð sína, fortíð og framtíð í þessu efni. Það er fullvíst, að þegar þessi hæstv. ráðh. var lögreglustjóri, þá hrósaði hann sér af því að vera faðir varalögreglunnar. Ég taldi honum það og tel enn til lofs. Ég býst við, að hann hafi komizt að raun um, að nauðsynlegt var að auka lögregluna að miklum mun. En af sérstökum ástæðum, vafalaust pólitiskum, snerist hann í þessu máli. Nú er svo komið, sem kunnugt er, að í dag eða á morgun geta komið fyrir mörg atvik, sem gera það að verkum, að það þarf á meiri lögreglu að halda heldur en þeirri, sem daglega er við hendina; það þarf ekki mikið út af að bera til þess, að sú lögregla, sem hér er á götum bæjarins daglega, sé algerlega ófullnægjandi. Það er ekkert athugavert við það, þótt þessi hæstv. ráðh. noti nú vald sitt til þess að tryggja og halda uppi lögum í bænum. Þetta er náttúrlega jafnsjálfsagt og eftir 9. nóv., þegar stjórnarvöldin gerðu það og hann tók þátt í því. Fyrir þetta var stj. löstuð, sérstaklega af einum flokki, og það var eðlilegt, því að sá flokkur var ekki flokkur þáv. ráðh., en ég er viss um, að Framsfl. var í hjarta sínu samþykkur því, að stofnuð yrði varalögreglu; það sýndi sig við atkvgr. um þau lög, sem komu á ríkislögreglu. En þeir ógæfusömu menn, sem stóðu að óeirðunum 9. nóv., gátu ekki verið ánægðir með stofnun ríkislögreglu eða yfirleitt lögreglu hér í bæ, til þess að skakka leikinn, þegar þá langaði til þess að stofna til óspekta og óeirða. Þetta voru þeir menn og sá flokkur, sem nú er samvinnuflokkur hæstv. ráðh., og fyrir honum hefir hæstv. ráðh. orðið að beygja sig. Er illt til þess að vita, því að hann hefir upplag til þess að halda lögreglumálunum í réttu horfi. Sósíalistar leiddust út í þessi heimskupör af ótta við kommúnistana, því að við þá eru þeir hræddir; þeir hlupu fram fyrir skjöldu kommúnistanna til þess að berjast við lögregluna. Það er því hinn mesti misskilningur að halda því fram, að 9. nóv. hafi bæjarstj. Rvíkur framið nokkuð það, sem gat gefið tilefni til þessa uppþots. Það er fullvíst, að bæjarstj. hafði fullt vald til þess að skipa þessu máli eins og hún gerði. Það orkar hinsvegar tvímælis, hvort það var vinsælt, sem hún gerði, eða ekki. Það er algerður misskilningur hjá hæstv. ráðh. og skoðanabræðrum hans í þessu máli, að nú sé allt öðru máli að gegna heldur en 9. nóv., vegna þess að það er ómögulegt að neita því, að ályktanir bæjarstjórna hafa sama gildi og eru að öllu leyti eins löglegar og það, sem Alþingi gerir. Sannleikurinn er sá, að þótt bílstjórar hafi gert verkfall, þá ráðast þeir ekki á Alþingi, því að þessi lög eru farin frá þinginu til hæstv. stj., og ég vil biðja hv. þm. og hæstv. stj. enn einu sinni að gæta þess, að þessi lög eru ekki fyrirskipun, sem þeir þurfa að fylgja, því að hér er aðeins um heimild að ræða. Þess vegna getur hæstv. stj. gert það, sem henni sýnist rétt til þess að koma á friði í bænum; hún getur fallið frá þessu deiluatriði í framkvæmdinni.

Það er vitanlega mesta fjarstæða, sem hæstv. ráðh. sagði, að það hafi verið um vinnudeilu að ræða 9. nóv., því að þetta uppþot var að allra dómi ólöglegt athæfi. Það var ekki lýst yfir neinu verkfalli, það var ekki mótmælt neinu því, sem búið var að taka upp. Uppþotið var gegn löglegri ályktun, sem ef til vill orkar tvímælis, hvort hefir verið heppileg eða ekki. En hún var lögleg engu síður en lög þau, sem þingið hefir samþ. og nú er verið að deila um. En hvað gera þessir menn, sem eru óánægðir með þessi lög? Ekki hafa þeir barið hv. þm. Þeir gripu til þess ráðs að gera verkfall, eins og þeim hefir verið kennt; þeir hefja verkfall í mótmælaskyni til þess að reyna að fá einhverju um þokað, og þeir geta byggt mótmæli sín á því, að slík verkföll í mótmælaskyni eru lögleg, hvort sem þau eru samþ. af Alþýðusambandinu eða ekki. Það er annað mál. En þetta verkfall er allt annars eðlis en það, sem gert var 9. nóv.

Ég tel það sjálfsagt, að lögreglan í landinu sé nægilega sterk, og ég tel óhjákvæmilegt, að þessi bær hafi lögreglu, sem er svo vel skipuð, bæði fasta lögreglu og varalögreglu, að hún geti hvenær sem er skakkað leikinn, ef með þarf.

Nú sjáum við, hvernig hæstv. stj. gengur að koma þessu í lag, og það er náttúrlega æskilegt, að það gerist sem fyrst og sem bezt, en hitt er vandræðalegt fálm, þegar hv. 2. þm. Reykv. og blað hans slær því föstu, að „íhaldið“ og kommúnistar standi að þessu verkfalli í sameiningu. Allt það, sem gert hefir verið í þessu máli af

hálfu verkfallsmanna, er í samræmi við kenningar sósialista. Ég vil benda hv. 2. þm. Reykv. á það, að hann hefði getað leyst þetta spursmál fyrirfram með því að lækka benzínið, svo að skatturinn kæmi ekki eins hart niður. Og það er það, sem þessir menn krefjast, sem nú eru á móti honum, hvernig sem hann reynir að leyna því, sem hann getur ekki, því að hann er ekki lengur álitinn neinn kóngur í þeirra félagsskap, þótt hann vilji bera nafnið benzínkóngur.

Jakob Möller [óyfirl.]: Ég ætla ekki að bæta á þá ofanígjöf, sem hv. 9. landsk. hefir fengið hér að maklegleikum. Ég ætla aðeins að gera samanburð á því, sem nú er að ske, og því, sem skeði 9. nóv. 1932. Hæstv. forsrh. sagði, að það, sem nú væri að ske, væri aðeins uppreisn. En það lá a. m. k. í orðunum — ég man ekki, hvort hann sagði það beinlínis —, að 9. nóv. 1932 hefði verið um vinnudeilu að ræða. Þetta er fullkomlega rangt. Það var ekki vinnudeila, það var heldur ekki venjulegt verkfall; það var aðeins aðför að bæjarstjórn Reykjavíkur. Munurinn á þessari uppreisn 9. nóv. og nú er þess vegna ekki annar en sá, að bílstjórarnir hafa lagt niður vinnu, en hinsvegar enga tilraun gert til þess að beita hinn aðilann, sem er Alþingi, og hæstv. ríkisstj., neinu ofbeldi til þess að koma sínu máli fram. En vilji menn hinsvegar líta á málin frá sjónarmiði verkamanna, þá verður ákaflega líkt upp á teningnum 9. nóv. og nú. Það er rétt, að bæjarstj. hafði ákveðið fyrir 9. nóv. að lækka kaupið í atvinnubótavinnunni vegna þess að hún hafði ekki fé til þess að standa straum af kostnaðinum við vinnu með svo mörgum mönnum til ársloka, en hinsvegar hafði hún gert tilraun til þess að afla fjár í þessu skyni, og gerði hún skýra grein fyrir því á fundinum 9. nóv. Það var bæði reynt að fá lán í bönkunum, sem gáfu afsvar, og eins var leitað til ríkisstj. án árangurs. Þessi kaupgjaldslækkun var því bein afleiðing af því, að bæjarstj. hafði ekki fé. En hvað hefir nú skeð? Það, að Alþingi hefir aukið benzínskattinn um 4 aura á lítra, sem er samkv. upplýsingum hv. 2. þm. Reykv. frá 1930 sama sem 8 aura hækkun á verði benzínsins. (ÓTh: Hann sagði, að það væri sama og 8 aura skattur á landsmönnum; þar af kæmi nokkuð niður á bílaeigendum og nokkuð á bílstjórum). Það er gott, að ég hefi dálítið upp á að hlaupa, því að ég ætla að halda samanburðinum áfram. Hvaða þýðingu hefir þá þessi tollhækkun? Ef við höldum okkur t. d. við 6 aura hækkun og gerum ráð fyrir, að billinn noti 50 lítra á dag, þá nemur þessi hækkun 3 kr. á dag. (HV: Billinn eyðir alls ekki 50 lítrum á dag). Jú, samkv. upplýsingum, sem ég hefi fengið. (HV: Hann eyðir 30 lítrum). Það er náttúrlega mismunandi; nýir bílar eyða t. d. minna, en við vitum, að fjöldinn af þessum bílum eru gamlir skrjóðar, sem eyða miklu benzíni. (HV: Þeir eyða að jafnaði 30 lítrum á dag). 6 aura hækkun nemur því 3 kr. á dag, eins og ég sagði. Hvar eiga bílstjórar að taka það? Þeir geta hvergi tekið það annarsstaðar en af kaupi sínu. Kaup þeirra lækkar því um 3 kr. á dag. Þess vegna er nákvæmlega eins ástatt í þessu efni nú eins og 9. nóv. 1932. (HV: Með þessum rökum má alveg eins segja, að verðlækkunin verði hjá benzínsölunum). En þeir taka þessa peninga aftur af þeim, sem kaupa benzín af þeim, og eftir því, sem hv. þm. sagði 1930, taka þeir það ríflegan skatt af þeim, sem kaupa benzínið, að þeir skaðast ekkert sjálfir. Þetta lendir aftur á móti á bílstjórunum, því að þeir geta ekki hækkað kaupið. Það er því um verulega lækkun að ræða á kaupi bílstjóranna nú, eins og það var um lækkun að ræða á kaupi verkamanna 1932, 50 aura lækkun í 6 tíma á dag í atvinnubótavinnunni nemur 3 kr. á dag, og 6 aura hækkun á 50 l. nemur líka 3 kr. á dag. Það er um kauplækkun að ræða í báðum tilfellunum, og sú kauplækkun er mjög svipuð. Hver er þá munurinn á 9. nóv. 1932 og því, sem skeður nú? Ég get ekki komið auga á hann. Sósialistar hafa haldið mikið upp á það slagorð, að það, sem beri að keppa að, sé að búa svo að verkalýðnum, að hann þurfi ekki að kvarta. Þeir sögðu, að bæjarstj. hefði brotið á móti þessu 9. nóv. 1932, en alveg á móti þessu sama brýtur hv. meiri hl. þingsins og hæstv. stj. með því að taka hluta af kaupi þessara verkamanna til þess að afla ríkissjóði tekna.

Þannig er enginn vafi á því, að sök hv. meiri hl. Alþ. og hæstv. stj. er nú í öllu eðli sínu nákvæmlega sú sama og sök bæjarstj. 9. nóv. 1932, ef þörfin fyrir að afla fjár hefir verið eins mikil nú eins og nauðsynin á því að lækka kaupið var 1932. Það er sannað, að bæjarstj. hafði ekki fé til þess að borga kaupið með, en er það sannað, að það hafi verið óhjákvæmileg nauðsyn fyrir þingið að hækka benzínskattinn eins og gert hefir verið? Mér skilst, að svo sé ekki, og þess vegna er sök þings og stj. nú gagnvart bílstjórunum þeim mun meiri en bæjarstj. gagnvart verkamönnum 1932.

Það hefir verið fundið að því, að ríkisstj. kom upp varalögreglu 1932, sem hæstv. forsrh. upplýsti nú, að ekki hafi í sjálfu sér verið gert eftir 9. nóv., heldur hafi verið búið að gera löngu áður, og get ég staðfest það með honum, því að mér er kunnugt um það, að þáv. lögreglustjóri hafði varalið, sem hann bauð út, þegar hann taldi þess þörf; og það, sem gert var eftir 9. nóv. í sambandi við lögreglustjóra, var því ekkert annað en stjórnarstaðfesting á því, sem hann hafði framkvæmt upp á eigin eindæmi. Þörfin fyrir þetta skapaðist, þegar meiri hl. af lögreglunni var barinn niður, þannig að hann lá í sárum, og bærinn var varnarlaus á eftir. Ég hygg, að það sé rétt hjá hv. 2. þm. Reykv., að ekkert hafi verið að óttast af hálfu almennra verkamanna 9. nóv., en það var áreiðanlega ástæða til þess að óttast aðgerðir þeirra manna, sem hv. 2. þm. Reykv. sagði, að valdið hefðu skemmdarverkunum 9. nóv., því að bæði mér og honum er kunnugt um það, að í langan tíma eftir 9. nóv. var viss flokkur manna hér í bænum reiðubúinn til þess að halda þessum skemmdarverkum áfram, og hefði gert það, ef ekki hefði verið varalögregla við hendina.

Það var ekki haldinn neinn fundur hjá bæj-

arstj. fyrstu dagana eftir 9. nóv., því að það var viðbúið, að allstór hópur manna gerði aðsúg að bæjarstj. Þetta veit hv. þm. jafnvel og ég. (HV: Þetta er mesta vitleysa). Heldur hv. þm. að þeir, sem börðu niður lögregluna 9. nóv., hafi batnað mikið við þessi hryðjuverk? Hann viðurkenndi, að þessi hryðjuverk hefðu verið framan af hálfgerðum strákaskril. Heldur hv. þm., að þessi strákalýður hafi bætt ráð sitt eftir 9. nóv.? Mig minnir, að það mætti lesa annað úr orðum hans.

Ég sé ekki ástæðu til að fara að leiðrétta sögu hv. 2. þm. Reykv. um aðdraganda þess, að bæjarstj. Rvíkur ákvað að lækka kaupið í bæjarvinnunni. Það vita sjálfsagt allir, að það voru staðlausir stafir frá upphafi til enda, sem hann fór með. Mér er algerlega ókunnugt um nokkra ráðagerð þá um allsherjar kauplækkun, og þó svo hefði verið, þá stóð ákvörðun bæjarstj. Rvíkur ekkert í sambandi við neina slíka ráðagerð, enda hefi ég sýnt fram á það, að lækkun kaupsins átti sér fullkomnar ástæður í öðrum hlutum, sem sé þeim, að fé var ekki fyrir hendi. Það tókst fyrst að fá það fé eftir 9. nóv., og veit hv. 2. þm. Reykv. manna best um það, með hvaða hætti það var fengið.

Nú hefir það, sem gerðist 9. nóv., endurtekið sig mjög eftirminnilega. Alþingi staðfestir nú ákvarðanir bæjarstj. þá, og stj. kveður saman varalögreglu til þess að halda bílstjóraverkfallinu í skefjum. Stj. hefir því gert nákvæmlega hið sama nú og stj. gerði eftir 9. nóv. um árið, og það áður en nokkurt hryðjuverk er framið, án þess þeir, sem fyrir verkfallinu standa, hafi sýnt nokkrum manni líkamlegt ofbeldi. Það var því óheppilegt fyrir stjórnarflokkana, að hv. 9. landsk. skyldi halda þessa ræðu um daginn, úr því þetta átti eftir að koma fram. Það var óheppilegt, að þessi þm. skyldi fara að álasa stj. fyrir ríkislögregluna á sínum tíma, og hv. 2. þm. Reykv. skuli nú fara að ráðast á einstaka menn í þeirri lögreglu, þar sem allir þessir sömu menn, að því er mér er sagt, eru nú kvaddir til aðstoðar af hæstv. stjórn. Meiri háðungarför get ég ekki hugsað mér en stjórnarinnar og stuðningsflokka hennar, þó einkum Alþýðufl., í þessu máli. Þeir bera það fyrir sig, að nú sé uppreisnin gerð gegn ríkisvaldinu. Það var að vísu ekki hið háa ríkisvald, sem uppreisnin var gerð gegn 1930, heldur bæjarstj. Rvíkur, en uppreisnarefnið var nákvæmlega sama eðlis. Það er gengið á hag verkamanna í báðum tilfellum, og það gerir sömu verkanir.

Ég gæti sagt miklu meira um skyldleika atburðanna 9. nóv. og þeirra, sem nú eru að gerast, en ég læt þetta nægja að sinni.

Forsrh. (Hermann Jónasson) [óyfirl.]: Það eru nokkur atriði í ræðum hv. þm., þeirra er talað hafa síðast, sem ég vildi svara. Hv. þm. V.-Sk. sagði, að ég hefði báglega afstöðu gagnvart lögreglumálunum og lítið samræmi í skoðun minni á lögreglunni nú og áður, en hann færði engin rök fyrir sínu máli. Hann hélt því fram, að ég væri faðir ríkislögreglunnar, en það er mörgum hv. þm. kunnugt, og þó bezt foringja hv. þm. V.-Sk., hv. þm. G.-K., að ég er ekki faðir ríkislögreglunnar. Ég býst við, að hann muni það, að hann fékk á sínum tíma bréf frá mér, þar sem ég lagði til, að lögreglan væri allt öðruvísi skipuð. Um þetta liggja fyrir í stjórnarráðinu ótvíræðar sannanir. Það var farið allt öðruvísi að við stofnun lögreglunnar heldur en ég lagði til, og var ég óánægður með marga þá menn, sem í lögregluna voru teknir. Ég get nefnt tvo menn þar, sem báru vitni á móti mér í þekktu máli, og einn af þeim mönnum berst nú í bifreiðaverkfallinu, sem reyndi mikið til þess að fá fleiri vitni gegn mér í þessu máli. Hv. þm. G.-K. veit vel, að ég var aldrei ánægður með þessa menn í ríkislögreglunni. Ég hefi alltaf haldið því fram, að það ætti að vera til lögregluvald í landinu; um það liggja bréf frá mér í stjórnarráðinu. Ég veit ekki til þess, að Alþfl. hafi heldur verið á móti bættri lögreglu í því formi, er þeir héldu fram, að rétt væri. Ég vildi alltaf hafa ríkislögreglu til vara, og hélt þeirri skoðun alltaf fram. En ríkislögreglan var sett upp sem sérstök stofnun og sérstakur fulltrúi settur yfir hana. Lögregluþjónarnir voru skipaðir beint frá stjórnarráðinu, en ég lét þessa stofnun afskiptalausa að mestu. Ég hefði ekki verið ánægður með suma þessa menn. Ég hefi alltaf álitið það mjög mikilsvert að hafa góða og vel valda menn í lögreglunni. Þess vegna eru ummæli hv. þm. V.-Sk. til mín sögð alveg út í bláinn.

Þá var það hv. 3. þm. Reykv., sem hélt því fram, að nú væri eins ástatt og 9. nóv. 1932 að því leyti, að nú vantaði fé eins og þá. Ástæðan fyrir ráðstöfun bæjarstj. 1932 hefði verið sú, að bæinn hefði vantað fé, og nú vantaði Alþingi peninga. Þessu var haldið fram af bæjarstj. fyrst eftir 9. nóv. og sagt, að bæjarstj. hafi áður en hún ákvað að lækka kaupið leitað bæði til bankanna og ríkisstj. um fé, og árangurslaust. En á Alþingi næst á eftir segir þáv. fors.- og fjmrh., Ásgeir Ásgeirsson, að aldrei hafi verið til sín leitað í þessum efnum fyrr en eftir 9. nóv. (JakM: Þetta er ósatt; ég get sannað það með vitnum). Þessu hefir Ásgeir Ásgeirsson haldið fram á hvaða vettvangi sem verið hefir. (JakM: Það er því leiðinlegra fyrir hann). Grundvöllurinn undir ræðu hv. 3. þm. Reykv. er því fallinn. Bæjarstj. vantaði ekki fé 9. nóv. Ég sagði í fyrri ræðu minni, að aðaldeiluatriðið út af ríkislögreglunni milli flokkanna hefði verið um það, hvort lögreglan ætti að blanda sér inn í vinnudeilur. Eftir því, sem ég veit bezt, hefir Alþfl. verið ríkislögreglunni fylgjandi, en deilan hefir um það staðið, hvort sú lögregla ætti að blanda sér inn í vinnudeilur, eins og hv. sjálfstæðismenn vilja láta vera. Þessvegna koma ummæli hv. 3. þm. Reykv. mér ekkert við. Það er ekki deilt um það, hvort eigi að halda lögunum uppi með lögregluvaldi, þegar vinnudeilunum sleppir, þegar farið er að brjóta lög, þegar farið er með ofbeldi að stöðva umferð á vegum, þegar jafnvel er farið að ræna bifreiðir. (TT: Og drepa menn). Það er ekki gert og hefir ekki verið gert, en það er enginn maður, sem heldur því fram, að það

eigi ekki að halda lögunum uppi með lögregluvaldi. Spurningin gagnvart ríkislögreglunni var ekki um þetta, heldur um vinnudeilurnar. Þá sagði hv. þm., að stj. mundi nú kalla saman alla gömlu varalögregluna, en ég get sagt honum það, að hún tekur þó ekki forsprakka verkfallsins núna. Í varalögreglunni voru 100 menn. Ég hefi aldrei haldið því fram, að þeir hafi allir verið óhæfir. Það voru til þess að gera ekki nema fáir menn í þessum hóp, sem voru lögreglunni til vansa. Margir voru starfinu vaxnir, þar á meðal þeir 12 menn, sem ég benti á og teknir voru í varalögregluna, en sumir, sem þar voru, höfðu ýmislegt á samvizkunni. Þetta er nú aukaatriði, sem hv. 3. þm. Reykv. hefir dregið inn í umr. og ég þurfti þess vegna að svara. Það var nokkurt ósamkomulag um það, hve fjölmenn varalögreglan ætti að vera, og eins hitt, hvort hún ætti að vera ríkislögregla eða bæjarlögregla, en hitt hefir aldrei verið um deilt, að það bæri að halda uppi lögum í landinu.

Frsm. (Sigurður Einarsson) [óyfirl.]: Allverulegur hluti af ræðum þeim, sem haldnar hafa verið, hafa snúið að mér persónulega. Mér skilst, að þeim aðdróttunum, sem til mín hefir verið beint, megi skipta í tvo flokka. Annar flokkurinn er aðdróttanir um það, að mér hafi eitthvað orðið á, eitthvað fatazt um rétta meðferð í framsögu, miðað við réttar þingvenjur. Hinn eru aðdróttanir um það, sem hv. þm. telja mér persónulega áfátt. Ég ætla þá að rekja fyrra atriðið, að hverju leyti ég hafi brugðizt minni skyldu sem framsögumaður fjvn. Ég skal játa, að það geti verið, að ég hafi máske ekki tekið nægilega skýrt fram, hvað ég sagði um sérstaka liði málsins frá eigin brjósti. Hafi ég ekki gert það nógu vel, þá skal ég vera sá maður að þora að kannast við það og taka á mig persónulega þau ummæli mín um ríkislögregluna, sem Sjálfstfl. vill ekki fallast á. Það er margtekið fram af Sjálfstfl., að lögreglumálið hafi verið stórmál. Og ég vildi heldur tala opinskátt um það mál, þó mér yrði það á að tala það, sem öllum líkaði ekki, heldur en segja ekki það, sem mér fannst þurfa að segja, heldur en fremja hin þöglu svik. (PM: Það var þá það voðalegasta). Ef ég ætti að tala um, hvað er hið voðalegasta, sem komið hefir fyrir okkur, sem hér sitjum á þingi þjóðarinnar, þá geng ég þess ekki dulinn, að hlutur sumra hv. þm. er þar stærri en minn.

Skal ég þá víkja að því, sem til mín hefir verið beint persónulega. Ég vil þá fyrst minnast á það, að hv. þm. Snæf. taldi, að ég hefði komizt inn á þing í óþökk míns flokks og kjósenda flokksins. Ég ætla að leggja svo góðan skilning í þessi ummæli hv. þm. sem hægt er. Ég ætla að álíta, að hann hafi meint það, að flokksmenn mínir og kjósendur hefðu fremur viljað, að Vilmundur Jónsson hefði komið í minn stað. En ég get svarað honum því, að ég er sjálfur á þessari skoðun. Ég hefði sjálfur fremur viljað Vilmund í mitt sæti; hann hefði haft betri tíma og aðstöðu en ég til að sinna þingstörfum. Hv. þm. talaði um, að ég væri eins og rakki á eftir kommúnistum og gengi á blóðþefinn. Hvað á hv. þm. við? Er hann að drótta að mér, að ég sé morðingi?

Þá ætla ég að víkja nokkrum orðum að hv. 1. þm. Skagf., en þar sem hann er farinn af fundi, mun ég svara honum lauslega. Hann sagði, að ég hefði leyft mér að svívirða vissa menn fyrir varalögregluna, — þessi maður, sem væri maðksmogið rekald allra flokka. Hvað hefir komið fyrir þennan hv. þm.? Ég hafði ekki í frammi neinar svívirðingar. Hv. þm. sagði, að við jafnaðarmenn værum allt af á móti lögreglu og teldum hana ónauðsynlega. Þegar við förum að meta nauðsyn ríkislögreglunnar, þá skulum við bara líta á staðreyndirnar. Hverju fékk hún afrekað meðan hún starfaði? Það kom ekkert atvik fyrir í landinu meðan hún lifði, er sýndi, að hennar væri þörf, en það hefir verið talað um, að hún hafi ekki verið allskostar góður skóli. Það er sannað, að margir af uppreisnarmönnunum núna eru einmitt úr þessum skóla. Þannig var efnið í lögregluliði þessa hv. þm., og þetta var uppeldið.

Hv. 1. þm. Skagf. sagði, að ég hefði risið upp og talað af fítonsanda. Þetta er ekki rétt; ég talaði af hógværð og stillingu. Ég túlkaði staðreyndir. En þegar hv. 1. þm. Skagf. er að tala um fítonsanda, þá vil ég minna hann á einn flokk manna í þessu landi, sem er skyldur hans eigin flokki. Þessir menn tala um, að dagur hefndarinnar sé í nánd. Allir vita, að margir þræðir tengja þessa tvo flokka, flokk hv. þm. og mennina með „hreinu hugsjónirnar“, sem hinn látni foringi sjálfstæðismanna nefndi svo. Ég sagði í ræðu minni, að við óskuðum engrar hefndar yfir stofnendur varalögreglunnar. Við vitum, að hún er fallin á sinum eigin verkum.

Mér er sagt, að ég hafi komið seint á vettvang til hernaðar. Ég svara því einu, að ég er enginn hernaðarmaður og langar ekki til að vera það.

Þá hefir verið talað um það, að nú væri líkt ástatt og 9. nóv. Þetta er ekki rétt. Það er alveg ósambærilegt, að ríkið setur sér lög eða að bæjarstj. ákveður að lækka kaup. Bæjarstj. ákvað að stórlækka kaup þeirra, sem lægst voru launaðir. Hvert mannsbarn vissi, að ekki kom til mála að lækka laun þess fjölda manna, sem störfuðu hjá bænum á háum launum. Mannúðarleysi bæjarstj. átti að bitna á verkamönnunum einum. Ég get fullvissað hv. þm. Sjálfstfl. um það, að fjölda manna í þeirra eigin flokki ógnaði þessi ráðstöfun og óskaði að þetta yrði ekki gert. Og mannfjöldinn 9. nóv. sannar þetta. Hann var vottur um hina mestu samúð, sem sýnd hefir verið í þessum bæ. Svo vil ég benda hv. þm. á það, að bæjarstjórn er enginn löggjafi; hún er því ekki sambærileg við Alþingi, og kaupákvarðanir hennar ekki sambærilegar við lagasetningar Alþingis. Þetta eru alveg ósambærilegir hlutir, hvað mörg rök sem reynt er að leiða að.

Það átti að þurrka út bæjarstj. Reykjavíkur, sagði hv. þm. Snæf., eða eitthvað á þá leið. (TT: Hvað sagði forsrh. um það að þurrka út þingið?). Hvenær og hvar? (TT: Áðan hér, þegar hann talaði um mótmæli á gerðir þingsins). Ég sagði í þessu sambandi: Það var ekki ætlun

neinna manna að þurrka út bæjarstj. Rvíkur. Það var ætlun þessara manna að kenna henni einfalda mannasiði og einfalda mannúð.

Það var áberandi í ræðu hv. þm. Snæf. sá dulbúni ótti um það, að lögfestur vilji þingsins muni að þessu sinni verða brotinn. Er það til þess að styrkja þingið, að vera með dulbúinn ótta inni í sjálfu þinginu um það, að vilji þess verði niður brotinn og virtur að vettugi? Það er vitað af mörgum ræðum sjálfstæðismanna hér, að þeir standa að einhverju allverulegu leyti á bak við þá uppreisn, sem verið er að reyna að koma á stað gegn ríkisvaldinu.

Ég hefi ekki hirt um að punkta niður mikið af ummælum hv. þm. Snæf., sem hann beindi að mér persónulega. En m. a. sagði hann: „Þessi maður, sem lifir beint á verkalýðnum". — Hvernig ég lifi á verkalýðnum öðrum fremur, gat hann ekki um. En á hverju lifir hv. þm. Snæf. Hvor okkar er líklegri til að lifa á verkalýðnum í nokkurn veginn réttri merkingu þess orðs, stór atvinnurekandi eða verkamaður í þjónustu hins opinbera. (TT: Af hverju hefir hv. þm. reynt að lifa á mér?). Ekki veit ég til, að mikil brögð séu að því.

Þá sagði hv. þm., að ég hefði greitt atkv. með tugthúsinu. Ég greiddi atkv. með þessu frv. og dettur ekki í hug að fara í neinar felur með það. Í n. upplýstist, að í mörgum tilfellum er ekki hægt að koma lögum yfir vandræðamenn af löggæzlumanna hálfu, vegna þess að ekki er hægt að einangra þá um stundarsakir meðan á rannsókn og yfirheyrslu stendur

Hvað snertir afnám ríkislögreglunnar og hvers vegna hún var gerð að kosningamáli, þarf ég ekki að fræða hv. þm. Snæf. um, — að afnám hennar í þeirri mynd, sem hún var í, var eitt af því, sem kjósendur í landinu kröfðust og vildu að næði fram að ganga að loknum seinustu kosningum.

Þá vík ég nokkrum orðum að ræðu hv. þm. V.-Sk. Hann gerði sér mjög gómtaman mat úr því, að það væri mín eigind að rjúka upp með ósköpum þegar mikið hefði safnazt saman hjá mér af gremju. Það er algerlega misskilningur. þó að hann telji þessu vera svo farið. Ég tala manna minnst hér á þingi. Og rokurnar, sem öðruhverju koma hér í þingsal, koma ekki frá mér; og tóma rúmið í kringum mig er ekki heldur meir áberandi heldur en brosið í kringum þennan hv. þm., — brosið yfir því, hvernig maðurinn lítur út, sem er stórvitur maður og stór foringi í sjálfs sín vitund, en einkennilega gagnsær, innantómur og gaspurkenndur, þegar litið er á hann frá öðru sjónarmiði en hans sjálfs.

Ég vil víkja að því, sem hv. 3. þm. Reykv. var að leitast við að sanna, — að það væri nákvæmlega eins ástatt um uppreisnina, sem verið er að gera tilraun til gegn ríkisstj. og Alþingi nú, og 9. nóv. Ég spyr þá: Hvað á að koma fyrir benzínskattinn? Fyrir hann á að vinna stórfelldar framkvæmdir, sem ekki einungis koma fjöldamörgum verkamönnum að liði, heldur bifreiðarstjórum og öllum, sem hér berjast á móti. En hvað átti verkalýðurinn í Reykjavík að fá í staðinn fyrir launalækkunina, sem átti að koma á hendur honum þ. 9. nóv.? Hvaða framkvæmdir átti hann þá að vinna við? Hvaða auknar tekjur átti hann að fá, sem sambærilegar væru við þær framkvæmdir og auknar tekjur, sem skapaðar eru verkamönnum með benzínskattinum eins og frá er gengið í lögum? Þeir áttu ekki að fá nokkurn skapaðan hlut, nema sult í staðinn fyrir hagnað, hungur í staðinn fyrir peninga.

Hvers vegna leggja sjálfstæðismenn kapp á að sanna, að 9. nóv. hafi staðið eins á og nú? Þá hefir það verið skylda bæjarstj. að standa fast við ályktun sína, ef eins stóð á og nú. En hvers vegna gugnaði hún? Var hún að bregðast sinni skyldu?

Ég sé ekki nokkurn skapaðan hlut eftir þeirri morgunstund, sem fer í að ræða þetta mál. Ekki tel ég eftir mér að standa eða sitja undir persónulegum hrópyrðum og glepsum sjálfstæðismanna í minn garð. Mér finnst það ákaflega gott, að það komi greinilega í ljós í lok þessa þings, hvernig sjálfstæðismenn vilja verja fé og hvernig þeir vilja ekki gera það. Það er nú búið að koma á alþýðutryggingalögum og þrýsta þeim í gegnum báðar deildir gegn magnaðri andstöðu sjálfstæðismanna. Það er gert ráð fyrir, að þessi l. kosti í framkvæmdinni 400 þús. kr., og þannig eru þau áætluð í fjárl. fyrir 1936. Lögreglan, sem nú er verið að sanna, að hafi verið ómetanleg þjóðarblessun, kostaði líka sem næst 400 þús. kr. yfir árið. Það lítur þess vegna svo út, góðir hálsar, eins og skattþegnar landsins verði að borga 400 þús. kr. á vissan máta, hvort heldur núv. stjórnarflokkar fara með völdin eða sjálfstæðismenn hefðu gert það. En það eru gerólíkir hlutir, sem um er að ræða að verja þessum peningum til. Þessar 400 þús., sem við viljum láta borga í ákveðnum tilgangi, fara til þess að skapa meira öryggi í lífi verkamanna og allrar alþýðu. En þær 400 þús., sem sjálfstæðismenn hafa notað á sérstakan hátt og vildu gjarnan eyða framvegis, fóru fyrir barefli á alþýðuna. Þetta eru hin tvö ólíku sjónarmið. Og það mega hv. sjálfstæðismenn vita, þó að þeim kunni að láta þeirra eigin orð glæsilega í eyrum, að þjóðin er í engum vafa, að það að skapa atvinnuleysis- og örorkutryggingar, skapa möguleika til þess að komast af og lifa eins og maður yfir erfiðleikatímabil, er miklu betra heldur en að verja fénu til bareflakaupa og í lögreglu, sem þjappað er undir forustu einhvers manns og sé tiltæk jafnan þegar þarf að ráðast á réttmæt og sjálfsögð samtök verkalýðsins og borgaranna. Alþýðan vill áreiðanlega heldur fá raunveruleg lífsverðmæti, sem koma henni að haldi þegar verst stendur á.

Forseti (BÁ): Tveir þm. eru nú á mælendaskrá, og vil ég beina því til hv. þm. að reyna að stytta mál sitt, því að þetta mál er þegar töluvert rætt og ég býst ekki við, að það upplýsist mikið enn. Hinsvegar er nokkuð farið að líða á þennan drottins dag, sem yfir okkur kom á þessum fundi, en nauðsynlegt er að koma málinu nú til 3. umr., og það mun mega takast.

Pétur Halldórsson [óyfirl.]: Ástandið í bænum í augnablikinu veldur því, að í þessum umr.

er tekið að ræða almennt um það, hvernig beri að nota lögreglu í landinu. Mér skilst allir vera á einu máli um það, að í þessu ríki verði að vera til vald á bak við ríkisstj. og Alþingi, og ekki eingöngu þessar tvær stofnanir, heldur líka önnur stjórnarvöld í landinu. Þar eð menn eru á einu máli um þetta, þá er hitt aukaatriði í þessu máli, hvernig til ríkislögreglu er stofnað og varalögreglu á sínum tíma. Enn minna er um hitt vert, hvort tekizt hafi vel eða illa val á nokkrum mönnum í lögreglu. Hitt er aðalatriðið: Ætlast Alþingi til, að ríkisstj. hafi á hverjum tíma á bak við sig vald til þess að halda uppi lögum í landinu? Er svo komið, að Alþingi sé ljóst, að á þessu sé nauðsyn? Ég þykist að vísu vita, að ríkisstj., sem nú situr, sé þessi nauðsyn ljós, þar sem hún hefir, þrátt fyrir það, að hún lagði niður þá varalögreglu, sem var, tryggt það, að til væri flokkur til að halda uppi lögum og reglu þegar á þarf að halda, fyrst og fremst í bænum og í landinu yfirleitt. Ef Alþingi er sammála um þetta, að ekki komi annað til mála en að slíkt vald sé til, til verndar íslenzka ríkinu innanlands, þá er strax mikið fengið. Og ég hefi þá trú, að nú séu menn orðnir sammála um þetta að svo miklum meiri hl. í Alþingi og innan ríkisstj., að þessi vilji sé ákveðinn og tryggður.

Þá er annað: Hvernig á að nota þetta vald og hvenær á að nota það? Ég vona, að hv. þm. verði á sama hátt sammála um, að það beri að nota alltaf þegar þörf er að koma fram l. í þessu landi. Þó skilst mér, að nokkrir vilji taka undan vissa tegund af viðfangsefnum ríkisvaldsins, þar sem þeir segja, að ekki þurfi á aðstoð ríkisvaldsins að halda í vinnudeilum. Skilst mér það vera aðalatriðið, sem menn eru ósammála um.

En ég skil ekki, hvernig nokkur þm. lætur sér til hugar koma, að ekki geti þurft undir neinum kringumstæðum á valdi ríkisins að halda í vinnudeilum til þess að halda uppi lögum og því öryggi, sem ríkið á jafnan að skapa með lögreglu. Ég skil ekki, hvernig hægt er að krefjast afskiptaleysis ríkisvaldsins undir slíkum kringumstæðum sérstaklega. Ég held, að það beri fyrst og fremst að ganga út frá þeirri grundvallarreglu, að hver maður megi leggja niður vinnu þegar hann vill. Og að menn séu frjálsir að því að hafa samtök um að leggja niður vinnu; enginn geti þvingað mann til að vinna, sem ekki vill vinna, ef hann er ekki upp á aðra kominn, svo að hann þurfi t. d. að njóta stuðnings hins opinbera sér til lífsframfæris meðan hann vill ekki vinna. Þetta er vitanlega réttur verkamannsins í vinnudeilum, hvort sem hann vinnur með höndum eða huga. En réttur hans nær ekki lengra. Hann má ekki beita ofbeldi við sinn mótpart né spilla verðmætum hans. Ekki heldur beita ofbeldi gegn sínum samverkamönnum á neinn hátt né stuðla að því. Yfirleitt á ríkisvaldið að koma til að afstýra öllu ofbeldi í slíkum kringumstæðum, hvaðan sem það kemur.

Í þessu tilfelli, sem fyrir liggur, er það mín skoðun, að þeir bílstjórar, sem hætta að aka bílum sínum vegna hækkunar á benzíni, hafi fullan rétt til þess og eins lengi eins og þeir vilja. Enginn hefir rétt til að fyrirskipa þeim að taka til starfa. Nú heyrðist mér á hæstv. forsrh., að hann óttaðist — eða hefði fregnir af því nú þegar —, að þessir menn hefðu samtök um að beita ofbeldi á einhvern hátt, t. d. spilla eignum annara. Það liggur nú í augum uppi, að ríkið verður þarna að vernda réttindi þeirra manna, sem er verið að vinna tjón. Það verður að halda uppi frelsi allra aðilja í þessu sambandi; en frelsi eins má ekki verða ófrelsi annars. Ég tala nú ekki um, að það er vitanlega tvímælalaust verkefni ríkisvaldsins að sjá um, að ekki verði beitt sameiginlegu ofbeldi eins og gert var 9. nóv. við bæjarstjórn. Það er alveg sama, hverjir það eru, sem þykjast óréttí beittir og vilja rétta hlut sinn með ofbeldi, og í hvaða kringumstæðum það er. Þeir eiga ekki rétt á að hefta frelsi annara vegna þeirra eigin ímyndaða frelsis. Og allir þeir, sem á einhvern hátt hafa reynt að finna ástæðu til að bera í bætifláka fyrir framkomu ofbeldismannana 9. nóv. 1932, þeir eru ekki vinir þessa þjóðfélags, hvorki þeirra, sem yfir eru settir, né heldur hinna.

Ég er hræddur um, að það sé engin önnur regla til, sem geti gilt í þessu efni, en sú, sem ég nú hefi greint. Það má ekki heldur koma til, að þeim, sem völdin hafa á hverjum tíma, sé í sjálfsvald sett, hvernig þeir meta ástæður til ofbeldisverka. Það er engin ástæða til, sem getur réttlætt þau. Ríkið á að sjá um frelsi og réttindi allra jafnt. Og þegar á að hefta frelsi og ákvörðunarrétt hins opinbera eða einstaklinga, þá er ríkið orðið aðili í því máli. Það á ekki að velta vöngum yfir því, hvernig á þessu ofbeldi stendur og taka ákvörðun eftir því, hvort meta megi til vorkunnar í eitt skipti eða annað, að beitt er ofbeldi. Því að ef farið er út í það mál, þá er komið á hættulega braut, svo hættulega, að það hlýtur að enda með upplausn þjóðfélagsins. Ef til vill líður enn nokkur tími þar til þessi stóri sannleikur er viðurkenndur af öllum, en að því hlýtur að draga.

Þeir, sem nú þykjast óréttí beittir, hafa ekki nokkra heimild til að beita aðra ranglæti. Þeir verða að sætta sig við úrskurð ríkisvaldsins um það, sem hér er ákveðið. Neitað geta þeir að kaupa dýrari vöru en áður, en sem upphlaupsmenn eða ofbeldismenn eiga þeir ekki að fá samúð nokkurs manns. Þeir mega njóta sameiginlegs styrks til þess að fá þessari ákvörðun breytt, en eingöngu á þennan hátt, og öðruvísi ekki. Og ég veit, að það er þó svo mikið af greindum og hugsandi mönnum í þessum bæ, að þeir, sem ofbeldi beita í slíkum kringumstæðum, eiga ekki samúð bæjarmanna. En ríkisvaldið verður að gera sér það algerlega ljóst, að þetta frelsi borgaranna verður það að verja, hvað sem það kostar, en ekki fara að meta hugsanlegar málsbætur í hvert skipti, þegar þetta aðallögmál er brotið. Málsbætur eru yfirleitt ekki til, þegar út fyrir þessi takmörk er farið.

Bergur Jónsson: Hvort er hv. 9. landsk. svo nærri, að hann megi heyra mál mitt? (Rödd af þingbekkjum: Það er hann). Ég ætla ekki að

mótmæla því, sem hv. þm. sagði viðvíkjandi ríkislögreglunni, því ég er honum sammála í því, sem hann sagði um, að ekki hafi verið rétt að verja mörg hundruð þús. kr. til ríkislögreglu. En ég ætla aðeins að minna þennan unga mann, sem kallaður er dilkur minn á Alþingi, á það, að hann átti ekki sem frsm. fjvn. að fara út fyrir verksvið sitt. Verksvið hans var eingöngu það, að leggja með því, að fjáraukalög fyrir árið 1933 yrðu samþ. En hann fór nú dálítið þar út fyrir. Hann tók einn lið úr þeirri hálfu þriðju millj., sem í þessum fjáraukal. eru, og gerði hann að sérstöku umræðuefni. Ég býst ekki við, að það hafi verið samþ. nein fjáraukal. hér á Alþingi, hvorki fyrr né síðar, þar sem ekki væri hægt að taka hvern einasta lið út af fyrir sig og gera að sérstöku umtalsefni og koma með gagnrýni á, því að alltaf getur menn greint á um hluti, og ekki sízt fjárveitingar. Þess vegna ætla ég nú aðeins í þetta skipti að gefa þessum unga manni, sem telur sig jafnvel samþingsmann minn og líklega eftirmann minn, þá litlu áminningu, að hann vari sig á því í framtíðinni að hlaupa þannig á sig. Og þegar honum er falið á hendur eitthvert trúnaðarstarf, hvort sem er framsögumannsstarf í nefnd eða annað, þá fari hann ekki út fyrir það starfssvið, sem honum hefir verið markað. Hér var honum falið að mæla með því, að fjáraukal. fyrir 1933 yrðu samþ. En hann fór út fyrir takmörkin að því leyti, að hann tók einn einstakan lið í frv. og gerði hann að sérstöku umtalsefni. Þarna hljóp þessi ungi maður á sig. Þarna fór hann lengra heldur en nokkrum þm. er sæmilegt að fara. Hann gerði sig sekan í trúnaðarsvikum við þá n., sem fól honum að biðja þingið að samþ. fjáraukalögin fyrir árið 1933, og ekkert annað. Hann notaði þetta sem tækifæri til þess að ráðast á einstaka menn, sem að þessum fjáraukalögum stóðu. Þessir menn eru ekki samflokksmenn mínir — sumir fullkomnir flokkslegir andstæðingar mínir —, en samt vildi ég gefa þessum hv. þm., þessum dilk mínum, sem kallaður er, þessa áminningu, að vara sig á því í framtíðinni að hlaupa svona á sig. Ég hefi ekki vitað neinn þm. í minni stuttu þingmannstíð hlaupa svona hrapallega á sig, að nota það, að hann er frsm. fyrir stærstu n. í þinginu, um atriði, sem öll nefndin er sammála um, til þess að ráðast á einstaka þm. Þetta athæfi hv. 9. landsk. er sök í því, að við stöndum nú hér í þingsalnum eftir heils sólarhrings verk. Þessi maður, sem kallaður er hv. 9 landsk., hefir komizt hér inn af þeirri einu ástæðu, að núv. landlæknir afsalaði sér þingsæti til þess að reyna að vinna kjörfylgi í N.-Ísf., en fékk ekki nægilegt atkv.magn til þess að komast að. Þarna skjátlaðist landlækni, sem er ágætur maður og vel viti borinn, og afleiðingin varð sú, að inn á þetta þing komst maður, sem enginn vill helzt viðurkenna, hvorki hans flokksmenn né aðrir. (MJ: Hann er þó undan ykkur báðum). Já, og þó meira frá Vilmundi, vegna þess að hann fékk á 6. hundrað atkv. í N.-Ísf., en ekki nema á 3. hundrað hjá okkur. Hann er því meira þm. N.-Ísf. heldur en Barð.

Að lokum vil ég geta þess, að ég býst tæplega við, að þessi hv. þm. verði nokkurntíma þm. Barð., þótt hann, eftir framkomu hans hingað til að dæma, eigi sennilega ekki heitari ósk.

Thor Thors: Það fór sem ég spáði, að sá asni, sem leiddur var í okkar herbúðir, sjálfstæðismanna, mundi verða þar lengi. Og ég veit, að við munum halda honum það lengi, að hann verði þaðan sóttur á afturfótunum af þeim, sem sendu hann þangað inn. Þessi hv. þm., 9. landsk., talaði í allt öðrum tón núna í svarræðu sinni heldur en áður. Hann reyndi að draga sjálfan sig inn í sína skel, en hann kemst ekki hjá því, að þau ummæli, sem hann viðhafði í sinni fyrstu ræðu, hafa gefið tilefni til þess, að þingið stendur nú nokkru lengur en til var ætlazt.

Hv. þm. svaraði mér nokkrum orðum. Hann vildi mótmæla því, sem ég hafði sagt, að hann hefði komizt inn á þing í óþökk síns flokks og óþökk þjóðarinnar. Það vita allir, að staðreyndirnar tala gegn þessum manni. Sá flokkur, sem hann nú er í, var að hugsa um að víkja honum frá sér, eftir að hann skrifaði þá grein, sem gaf honum viðurnefnið „mjólkurhetjan mikla“. Og ástæðan til þess, að þessi maður komst inn á þing, var sú, að einhver gáfaðasti maður Alþfl. afsalaði sér rétti til uppbótarþingsætis.

Þá þótti hv. þm. það ómaklega mælt hjá mér, að hann hefði komið í kjölfar kommúnista til þess að leita að blóðþef. Hv. 5. þm. Reykv. varð til þess að minnast þessa atburðar, og hann mun minnast þess vel, að það var ekki mjög fjarri þessum núv. hv. 9. landsk., að þau orð voru töluð, að rétt væri að drepa Pétur Halldórsson, núv. 5. þm. Reykv. Þetta er hægt að sanna hvenær sem er, enda mun enginn draga það í efa.

Þá vildi hv. 9. landsk. snúa sér alveg frá meginatriði þessa máls, um stofnun lögreglunnar, á þeim grundvelli, að ekkert atvik frá því lögreglan hefði verið stofnuð hefði réttlætt stofnun hennar. Nú veit þessi hv. þm. eins vel og aðrir, að ástæðan til þess, að þessi liðstyrkur lögreglunnar var kvaddur, var sú eina, að 9. nóv. 1932 voru flokkar í þjóðfélaginu þess albúnir að brjóta niður þjóðfélagsvaldið. Það, að þeir höfðu sig hæga á eftir, sannar ekkert um það, að lögreglan hafi ekki verið réttmætlega stofnuð.

Þá vildi hv. þm., eins og títt er um lýðskrumara, draga einhverja sameiginlega línu milli þeirra manna, sem fylgja nazistastefnunni, og okkar sjálfstæðismanna. Honum verður ekki kápan úr því klæðinu, því það er vitað, að þeir menn, sem þessari nazistastefnu halda uppi hér, ráðast á enga menn jafngrimmilega og einmitt sjálfstæðismenn, og þeir beinlínis ala allar sínar framtíðarvonir á því, að þeir geti vélað undan Sjálfstfl. nægilegt kjósendamagn til þess að fá einhver völd í landinu. Þeir byggja sína tilveru á því, að þeir geti rægt Sjálfstfl. nægilega mikið fyrir það, að hann er lýðræðisflokkur og beitir engu öðru valdi en lýðræðisvaldi til þess

að mótmæla þeim aðgerðum, sem meiri hl. þingsins framkvæmir. En það mætti minna þennan hv. þm. á það, að hann, sem nú er í þeim flokki, sem þykist vera lýðræðisflokkur, er einmitt í félagsskap hér í Rvík, sem heitir Sovétvinafélag Íslands. Það er félagsskapur, sem dáir allt, sem fram hefir farið í Rússlandi síðasta áratug. Hvernig getur nokkur maður verið í þeim félagsskap, nema hann aðhyllist þær blóðsúthellingar, lýðræðisbrot og hermdarverk, sem þar hafa verið framin? Því verður vandsvarað. Og ég er sannfærður um það, að ef óhamingja þjóðarinnar yrði einhverntíma slík, að hv. 9. landsk. hefði einhver völd, þá mundi hann ekki vila fyrir sér að beita öllu því valdi, sem hans skaðlega ímyndunarafl gæti fundið upp á, til þess að knýja sinn vilja fram. Honum ferst því allra manna sízt að tala um það, að sjálfstæðismenn vilji ekki beygja sig undir rétt lýðræðisins í landinu.

Ég nenni ekki að taka þátt í þeim umr., sem hv. 9. landsk. boðaði til um háu launin í landinu og þau lágu. Hann vildi réttlæta allt ofbeldið 9. nóv. með því, að það hafi átt að klípa af launum þeirra lægst launuðu í landinu. En það hefir verið bent á í þessum umr., að þær aðgerðir, sem síðast hafa verið framkvæmdar af stjórnarliðinu — benzinskatturinn — geta auðveldlega orðið til þess, að klipið verði af launum bílstjóranna, sem vissulega eru ekki of há áður. Og ég vil spyrja hv. 9. landsk.: Hvað er 2—25% hækkun á öllum tollum — sem hann hefir samþ. með sínu atkv. — annað en launalækkun í landinu? Ég óska þess, að hann svari því. Og ef það kæmi nú fyrir, að þeir menn, sem yrðu fyrir því „svívirðilega athæfi“ af hendi hv. 9. landsk., að þeirra laun lækkuðu um 2—25%, heimsæktu hann og vildu berja hann eða jafnvel drepa, væri það þá fullkomlega lögmæt ráðstöfun?

Það þarf ekki lengi að ræða þetta. Öll fyrri rök sósíalista, þeirra manna, sem áður voru í stjórnarandstöðu og gátu sagt hvað sem þeir vildu án ábyrgðar, bitna nú á þeim sjálfum svo hart, að þeir tryllast og kunna sér ekkert hóf, þegar þeir eru minntir á það.

Hv. 9. landsk. sagði, að það væri einhver munur á aðgerðum Alþ. og bæjarstj., því bæjarstj. væri enginn löggjafi. En á þessu er enginn eðlismunur. Bæjarstj. er kosin á sama hátt og Alþ., og hver sú ákvörðun, sem löglega kosinn meiri hl. bæjarstj. gerir, er jafnheilög í lýðræðislandi eins og sú ákvörðun, sem Alþ. gerir. Hver, sem reynir með valdi að hnekkja ákvörðun bæjarstj., er jafnsekur um uppreisn í þjóðfélaginu eins og sá, sem reynir að hnekkja ákvörðun Alþingis.

Ég skal ekki fara langt út í þær persónulegu svívirðingar, sem hv. 9. landsk. beindi til mín. Hann sagði það, að ég lifði á verkalýðnum. Ég skal vera fús til að viðurkenna það, að ég sem framkvstj. hjá stóru atvinnufyrirtæki lifi á verkalýðnum eins og verkalýðurinn lifir á mér. Við vinnum þar sameiginlega í þágu atvinnulífsins og okkar aðstaða verður ekki aðskilin nema með lýðskrumi og lygum. En ég þekki menn, sem aldrei hafa gert neitt til þess að lyfta atvinnulífinu og á þann hátt bæta kjör verkalýðsins í landinu, en samt sem áður lifa á verkalýðnum. Einn af þeim mönnum, sem það gerir og það einna greinilegast, er hv. 9. landsk. Hann hefir aldrei haft manndáð til þess að koma að neinu nýtu starfi, aldrei haft manndáð til þess að beita sér fyrir því, að neinum manni í þjóðfélaginu, öðrum en honum sjálfum, mætti líða vel. Ef til er greinilegt dæmi um mann, sem lifir á verkalýðnum og hefir fleytt sér áfram og brotizt til mannvirðinga á svita verkalýðsins, þá er það hv. 9. landsk.

Þessar umr., sem hér hafa farið fram, hafa að nokkru leyti skýrt þann mun, sem er á milli sjálfstæðismanna og andstæðinga þeirra í þessu máli. Deilan um lögregluna, um valdið, sem stendur á bak við ríkisvaldið, fær beztu sannanirnar á næstu tímum, á þann hátt, að þeir menn, sem nú ráða, munu fagna því, að þeir hafa eitthvert vald á bak við sig, og þeir munu verða fegnir að auka það eftir því, sem þeirra þörf krefur. Og allt hjal og allar blekkingar lýðskrumaranna á undanförnum árum munu *falla eins og dögg fyrir sólu í ljósi þeirra* staðreynda, sem á næstu tímum gerast í okkar þjóðfélagi.

Sigurður Kristjánsson [óyfirl.]: Það eru aðeins örfá orð, sem ég þarf að segja. Ég sagði mína meiningu um þetta mál, þegar það var hér fyrst á dagskrá, og hafði þá engu við að bæta. En það er sérstaklega eitt atriði, sem komið hefir fram í málinu síðan, sem ég tel rétt, að skýrt sé frá sjónarmiði okkar sjálfstæðismanna. Það er sem sé það atriðið, sem mjög hefir verið haldið fast fram af þeim manni, sem hóf þetta mál, og að nokkru leyti líka af hæstv. dómsmrh., að reynslan hafi leitt það í ljós, að það hafi ekki þurft á þessari varalögreglu að halda, þar sem ekki hafi komið til neinna upphlaupa síðan 9. nóv. 1932. En það er hin herfilegasta hugsunarvilla að draga þá ályktun af þessu, að ekki hafi þurft neina varalögreglu, því það er einmitt þetta, að það var til öflug varalögregla, sem að öllum líkindum hefir valdið því, að ekki voru gerðar endurteknar tilraunir til upphlaupa og ofbeldisverka. Og ég geri ráð fyrir því, að ef þessi ályktun er rétt, — og það er meiri rökvísi að álykta svo heldur en eins og hv. sósíalistar hafa gert —, þá hafi á engri stjórnarráðstöfun grætt meira heldur en einmitt á þessari.

Ég vil svo bæta við þessi orð, að það er ákaflega áberandi, hversu mikill fjandskapur alltaf logar upp hjá sósíalistum, sérstaklega þeim, sem hærra eru settir og komnir til vegs og valda, til varalögreglunnar. En veit nokkur til þess, að þessi varalögregla hafi nokkurntíma gert nokkuð af sér sem lögregla, sem verðskuldi óvild? Vilja menn þá skýra það, af hverju þessi fjandskapur stafar, og það löngu eftir að búið er að leysa varalögregluna upp? Það stafar ekki af neinu öðru heldur en því, að þessum sömu mönnum, og þar á meðal hv. 9. landsk., er það ljóst, að tilvera varalögreglunnar kom í veg fyrir, að þeir gætu haft framhald á at-

burðunum 9. nóv. Þeir hafa komið upp um sig með þennan ásetning sinn að taka hinn ímyndaða rétt sinn og stofna til ofbeldis- og hryðjuverka í landinu. Út frá þessu séð held ég, að ekki sé hægt að segja það, að varalögreglan hafi verið þessu landi of dýr. Það hefir líklega fátt borgað sig betur fyrir þjóðfélagið heldur en einmitt varalögreglan.

Umr. frestað.

Á 37. fundi í Sþ., 23. des., var enn fram haldið 2. umr. um frv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 28 shlj. atkv.

2.—12. gr. samþ. með 26 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 28 shlj. atkv.

Á 38. fundi í Sþ., s. d., var frv. tekið til 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 30 shlj. atkv.

Hannes Jónsson óyfirl.]: Ég hreyfði því hér við 1. umr., að nokkrir liðir í frv. þessu væru þess eðlis, að þeir hefðu að ástæðulausu verið teknir upp í frv. Ég benti á, að um suma þessara liða væri þannig háttað, að þeir hefðu tvisvar áður verið teknir upp í fjáraukalög, en í bæði skiptin verið felldir niður aftur. Það var því bein afleiðing þess, sem áður hafði verið gert, að taka þessa liði nú út af frv., því það er sjálfsagt að hafa samræmi í afgreiðslu fjáraukalaga og fylgja settri reglu; og reglan var mörkuð með afgreiðslu fjáraukalaga árið 1921 eða 1922 — ég man ekki með vissu, hvort árið. Sú sama regla var svo endurtekin nokkru seinna, mig minnir árið 1929, og síðan hefir verið fylgt nokkuð fastri reglu um þessi efni, og þeirri reglu ætti að fylgja áfram, meðan engin ný regla er tekin upp, og ef tekin væri upp ný regla, ætti það helzt að vera sú, sem Danir hafa, að taka upp í fjáraukalög allt það, sem í landsreikningum víkur frá því, sem er í fjárlögum.

Ég vil nú benda á þessa liði, sem hér eru teknir upp, en eiga samkv. eðli sínu og áður viðtekinni reglu að fara út aftur. Ég ætlast þó ekki til, að þessu verði breytt nú, heldur að það verði til athugunar framvegis fyrir ríkisstj. og endurskoðendur.

Í 5. gr. eru tveir liðir, sem alltaf hafa verið teknir út af fjáraukalögum aftur, ef þeir hafa slæðzt þangað inn. Þessir liðir eru 18. d. (bólusetningarkostnaður) 450 kr., og 18. g. (varnir gegn kynsjúkdómum). Báðir þessir liðir eru greiddir samkv. ákvörðun laga, og eiga þeir ekki að takast inn í fjáraukalög. Í 7. gr. eru líka tveir liðir, sem eiga að fara út. Eru það töluliðirnir 6 og 7 undir staflið b. Embættiskostnaður presta (tölul. 6) er greiddur samkv. lögum nr. 36 1931 og á samkv. gildandi reglu ekki heima í fjáraukalögum. Sama er að segja um tölulið 7, til húsabóta á prestssetrum 24 þús. kr. Það er greitt samkv. lögum nr. 63 1931, og er greitt á þessu ári, þótt það heyri til árinu á undan, en var þá ekki hægt að inna greiðsluna af hendi. En þetta er greitt samkv. því, sem lög segja fyrir, og á því ekki að koma í fjáraukalög. — Þá er í sömu gr. XIV. stafl. 2., til héraðsskóla 4430 kr. Þetta er greitt samkv. lögum nr. 37 1929 og stj. hafði enga aðstöðu til að takmarka þessa greiðslu, sem er ákveðin með lögum. — Þá er einnig í sömu gr. XVI., til kennslu heyrnar- og málleysingja 9051.44 kr. Þetta er greitt samkv. lögum nr. 24 1922 og á ekki að koma í fjáraukalög.

Þá er einnig í 9. gr., vegna ráðstafana um tilbúinn áburð 13018 kr. og 50 au. Þetta er greitt samkv. lögum nr. 12 1922 og á samkv. eðli sínu ekki að koma í fjáraukalög, og hefir ekki heldur verið tekið þar upp fyrr. Þá er loks í 10. gr. tillag til ellistyrktarsjóðs, 3771 kr. Þessi greiðsla er einnig bundin með lögum og ekki hægt hjá henni að komast.

Ég hefi viljað benda á þetta, ef það gæti orðið til athugunar framvegis, þegar fjáraukalagafrv. eru samin, og ég vil endurtaka það, sem ég hefi áður sagt, að ég tel það ekki rétt, að stj. taki við tillögum endurskoðenda án þess að athuga þær á nokkurn hátt. Það er oft breytt um endurskoðendur, og hætt við, að þeir, sem koma nýir, fylgi ekki alltaf sömu reglum, sem áður hafa gilt. Stj. ætti því að hafa þá reglu að láta fara yfir till. endurskoðenda og taka út úr fjáraukalagafrv. alla þá liði, sem eru þess eðlis, að þeir eiga þar ekki heima samkv. þeirri reglu, sem fylgt hefir verið. Það kann nú einhver að segja, að ekki sé þægilegt að fylgja þessari reglu, því takmörkin séu óljós, en ég hygg samt, að það sé fremur vandalítið að fara svo að, að nokkurnveginn föst regla haldist.

Ef ég hefði haft tíma til þess, þá mundi ég hafa komið með brtt. við þetta frv. Ekki af því, að ég hafi nokkra tilhneigingu til að breyta þeirri upphæð, sem frv. sýnir, heldur vegna hins, að ég tel nauðsynlegt að halda þeirri föstu reglu, sem verið hefir um samningu fjáraukalagafrv., á meðan ekki er tekin upp sú rétta regla, að taka upp allar frávikningar frá fjárlögum, eins og gert er hjá Dönum, en þeir taka upp allar frávikningar, hvort heldur sem greiðslan er meiri eða minni en hún er sett í fjárl., og það er sú eina regla, sem ekki er hægt að gagnrýna. En þessi regla, sem hér hefir gilt, er búin að vinna sér hefð með því, að eftir henni hefir verið farið í 12—14 ár, og ástæðulaust að breyta frá henni á meðan ekki er horfið að öðru, sem betur fer.

Ég gat ekki látið þessa umr. líða svo, að ég vekti ekki athygli á þessum liðum, sem ég tel, að ekki eigi heima í fjáraukalögum.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 27 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 956).

3. Fjáraukalög 1934.

Á deildarfundum 8. nóv. var útbýtt frá Sþ.:
Frv. til fjáraukalaga fyrir árið 1934 (stjfrv., A. 501).

Á 21. fundi í Sþ., 13. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

Fjmrh. (Eysteinn Jónsson): Það hefir verið venja, þótt henni hafi ekki alltaf verið fylgt, að semja sérstakt fjáraukalagafrv. fyrir einstakar greiðslur áður en endurskoðun landsreikninga er lokið.

Stj. þótti rétt að halda þessari venju og hefir því samið fjáraukalög fyrir árið 1934. Þegar endurskoðun hefir farið fram, koma svo þær greiðslur á fjáraukalög, sem endurskoðendur gera tillögur um og ekki eru í þessu frv.

Ég geri þá till., að frv. þessu verði vísað til 2. umr. og fjvn. Um einstök atriði frv. læt ég nægja að vísa til aths., sem því fylgja.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 30 shlj. atkv. og til fjvn. með 28 shlj. atkv.

Á 31. fundi í Sþ., 18. des., var frv. tekið til 2. umr. (A. 501, n. 819).

Frsm. (Þorsteinn Þorsteinsson): Þetta frv. til fjáraukalaga fyrir árið 1934 er að upphæð kr. 207405.34. Ein upphæðin er sérstaklega há, eða um 145 þús. kr., en það er upphæð sú, sem veitt var vegna jarðskjálftanna norðanlands, með samþykki allra flokka. Hinar upphæðirnar nema rúmum 60 þús. Nefndin leggur til, að frv. verði samþ. og hefir ekkert við það að athuga.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 28 shlj. atkv.
2.—9. gr. samþ. með 26 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 27 shlj. atkv.

Á 34. fundi í Sþ., 21. des., var frv. tekið til 3. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 36. fundi í Sþ., s. d., var frv. aftur tekið til 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 28:1 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 955).

4. Landsreikningurinn 1933.

Á 68. fundi í Nd., 8. nóv. var útbýtt:
Frv. til l. um samþykkt á landsreikningnum 1933 (stjfrv., A. 500).

Á 70. fundi í Nd., 11. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 18 shlj. atkv. og til fjhn. með 19 shlj. atkv.

Á 81. fundi í Nd., 23. nóv., var frv. tekið til 2. umr. (A. 500, n. 588).

Frsm. (Sigfús Jónsson): Frv. um samþykkt landsreikningsins fyrir 1933 hefir legið fyrir fjhn. Hefir n. athugað landsreikninginn og borið saman við fjárl. fyrir sama ár og ekkert fundið athugavert við þann samanburð. Leggur n. því til, að frv. þetta verði samþ. eins og það liggur fyrir d.

ATKVGR.
Frvgr. samþ. með 20 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 24 shlj. atkv.

Á 83. fundi í Nd., 26. nóv., var frv. tekið til 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 22 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 80. fundi í Ed., 27. nóv., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 500).

Á 82. fundi í Ed., 29. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til fjhn. með 10 shlj. atkv.

Á 90. fundi í Ed., 9. des., var frv. tekið til 2. umr. (A. 500, n. 723).

Frsm. (Jón Baldvinsson): N. hefir athugað þetta frv. og leggur til, að það verði samþ. óbreytt.

Magnús Jónsson: Eins og menn munu sjá, eru aths. yfirskoðunarmanna landsreikninganna heldur fáar og ekki stórvægilegar. Nokkrar af þeim eru aðeins bókfærsluatriði. Það eru sérstaklega þrjár aths., sem dálítil ástæða er til að veita athygli. — Fyrst er 13. aths., en í henni er það lítið eitt einkennilegt, að mismunur sá, sem kom fram í LR. á því, sem talið er til alþingiskostnaðar, og hinsvegar því, sem hægt er að finna í bókun hjá skrifstofustjóra Alþ. og öðrum gögnum, 148.30 kr., sem greitt er meira úr ríkissjóði en yfirskoðunarmenn geta fengið heimild fyrir, enda þótt þeir hafi leitað talsvert að því í skrifstofu Alþ. Ég veit ekki, hvað yfirskoðunarmönnum er skylt að fara langt út í slíkar eftirgrennslanir. Það liggur auðvitað næst að spyrja bara bókarann, en við gerðum þó talsverðar eftirgrennslanir, en heppnaðist ekki að finna þetta. Ráðh. gaf það merkilega svar, að úr því að ekki hafi tekizt að finna, í hverju þessi mismunur liggi, megi væntanlega við svo

búið standa. Þetta mál horfir því þannig við, að ef hv. þm. vilja koma að frekari eftirgrennslun um þetta, þótti rétt að athuga það. Aðeins vil ég geta þess, að bókfærslan yfirleitt hjá skrifstofustjóra Alþ. er sönn fyrirmynd, og hann gerði sér talsvert far um að finna þessa villu, en það hefir samt ekki tekizt.

Þá vil ég vekja athygli á 22. aths. Þar er um talsvert einkennilegt mál að ræða, sem sé yfirfærslu Útvegsbankans fyrir tóbakseinkasöluna, þar sem bankinn reiknaði sér hærri provision heldur en venja er að reikna sér. Nemur þetta á nokkrum yfirfærslum um 5000 kr. Ég ætla ekki að draga þetta fram til þess að koma á stað rimmu út af því, en það er dálítið athugavert við þetta, sérstaklega þar sem bankarnir hafa einkarétt til þess að verðleggja erlendan gjaldeyri, en það er vitaskuld gert í því skyni að hagnast á þessum viðskiptum. Svar ráðh. við þessu var að því leyti alveg ófullnægjandi, að það svaraði aðeins því, að það væri nauðsyn fyrir tóbakseinkasöluna að fá þessa yfirfærslu. Yfirskoðunarmenn svöruðu aðeins því, eins og eðlilegt var, að aths. ætti ekki við tóbakseinkasöluna, heldur hitt, sem að bankanum sneri. Það hefði ekki verið óeðlilegt, þó að fram hefði komið báltill. í þessu sambandi, þar sem stj. væri falið að hafa gát á þessu og e. t. v. láta fara fram athugun á því, hvort mikil brögð væru að þessu.

Þriðja aths., sem ég vil minnast á, er um útistandandi skuldir ríkisverzlananna. Áfengisverzlunin átti útistandandi 31. des. 1933 kr. 87½ þús. og tóbakseinkasalan 94 þús. og nokkuð þar yfir. Þegar maður athugar, hve mikil umsetning þessara verzlana er, þá er þetta ekki mikið. En af því að rík áherzla hefir verið lögð á það, að þessar verzlanir rækju ekki skuldaverzlun — og útistandandi skuldir væru hvorki 87 né 94 þús. kr. — þá er þetta allt of mikið, enda þótt það sé annars hverfandi í svona stórum fyrirtækjum.

Þá er eftir að athuga 20. lið, um útistandandi skuldir ríkisprentsmiðjunnar Gutenberg, sem eru 138 þús. kr., en það er nokkuð mikið. Það, sem sérstaklega vakti athygli yfirskoðunarmanna, var það, að 31. des. næsta ár á undan voru útistandandi skuldir prentsmiðjunnar ekki nema 105 þús. kr., og hafa þær því hækkað um 33 þús. kr. Ég vil í þessu sambandi til þess að koma í veg fyrir alla ósanngirni, benda á það, að það stendur dálítið sérstaklega á fyrir ríkisprentsmiðjunni, þannig að rétt fyrir áramótin á prentsmiðjan óvenjulega mikið af ógreiddum reikningum, og nú er það yfirleitt svo, að útistandandi skuldir prentsmiðju þykja með lakari skuldum, og ég hygg, að reynslan hafi verið sú, að prentsmiðjum gangi yfirleitt illa að ná inn skuldum. Ef menn fara að safna skuldum hjá prentsmiðjum, þá sé skuldin fljót að komast í það ástand, að menn eigi fullt í fangi með hana, af því að þeir, sem skipta að ráði við prentsmiðjur, bæði blaðaútgefendur og aðrir, eru ekki betur efnum búnir en það, að ef þeir borga ekki jafnóðum, þá borga þeir aldrei.

Þá er það viðtækjaverzlunin. Um hana eru gerðar aths. þannig, að útistandandi skuldir þar séu ½ milljón. En þar stendur líka sérstaklega á, þar sem hún verzlar gegn afborgunum, og það er eðlilegt, að skuldir safnist á hlaupandi viðskiptum. Það stendur töluvert öðruvísi á um þessar skuldir en aðrar, þar sem þær eru samningsbundnar, og úr því að menn vilja láta ríkið halda uppi þessum verzlunum, sem ég varaði við á sínum tíma, þá verður náttúrlega að taka á sig svo og svo mikla áhættu út af þessu. Þetta stafar að allmiklu leyti af viðskiptum, sem ekkert er óheilbrigt við. Þó vilja yfirskoðunarmennirnir vekja athygli á einum viðskiptamanni, sem skuldar 200 þús. kr. En samanborið við hina miklu viðskiptaveltu verzlunarinnar er hér aðeins um smámuni að ræða, enda lofað bót og betrun.

Frsm. (Jón Baldvinsson): Ég vildi aðeins út af þessum aths. hv. 1. þm. Reykv. viðvíkjandi provisioninni í 22. aths. endurskoðendanna benda á það, sem hann sem bankaráðsmaður í Landsbankanum veit einnig, að þó að reyndar sé hægt að tala um venju í sambandi við provisionina, þá er það dálítið rúmt og hún ekki föst. Ég held, að þar sé sett af bankaráði hámark, og það er nokkuð hátt, og eftir því eigi báðir bankarnir að fara, þótt það fari eftir atvikum, hvað þeim verður dýrt, sem þeir þurfa að kaupa, og þó að gengi ísl. krónunnar sé fast, þá þurfa þeir að kaupa erlendan gjaldeyri, og sterlingspundið er, þótt það sé ekki hér nema 22,15 kr., þá er það í dönskum krónum 22,40 kr. Þarna kemur munurinn. Við þetta getur komið fram kostnaður, sem leiðir til þess, að provisionin verði umfram venju, sérstaklega á dönsku krónunni. Þó að bankarnir geti stundum selt fyrir það verð, sem hún raunverulega stendur í, þá verður hún þeim samt oft og tíðum dýrari vegna ýmiskonar snúninga við útvegun gjaldeyrisins. Það hefir komið fyrir, að yfirfærslum hefir verið lofað á vissum dögum, en til þess að geta staðið við það hafa bankarnir kannske orðið að gera sérstakar ráðstafanir og e. t. v. liggja með meira en annars var þörf á. En tapi af þessum ástæðum er ekki hægt að ná inn nema með hærri provision, enda er miklu lægri provision tekin hér heldur en annarsstaðar af sölu erlends gjaldeyris. Það er ótrúlega há provision tekin fyrir sölu erlends gjaldeyris annarsstaðar, enda gróði þeirra, sem það gera, ákaflega mikill.

Magnús Jónsson: Yfirskoðunarmennirnir hafa auðvitað grennslazt eftir þessu, þegar þeir gerðu þessar aths., en þeir fengu þá svipað svar og hv. 4. landsk. gaf hér áðan. Það er vitaskuld, að það getur verið dálítill munur á því, en á hinn bóginn, þá er svarið viðvíkjandi dönsku krónunni ekki nærri því fullnægjandi.

Þá fannst yfirskoðunarmönnum líka óeðlilegt, að ríkisstofnanir sættu erfiðari kjörum um yfirfærslu. Gera má ráð fyrir, að einkafyrirtæki sæki fastar á heldur en ríkisfyrirtæki, sem hafa góðar ástæður og ekki eru í mikilli fjárhagsþröng, og hætt við, að banki leyfði

sér gagnvart ríkisstofnunum að fara á fremsta hlunn með það óbeinlínis að fella íslenzku krónuna, því í raun og veru er þetta ekki annað en lækkun á íslenzku krónunni, þó það sé kallað provision. Það er enginn raunverulegur munur á því, að reikna hærri provision, eða því, að reikna lægra verð á íslenzkum gjaldeyri.

Hitt ber líka að líta á, að hér er í raun og veru algerður einkaréttur hjá þeim stofnunum, sem verzla með erlendan gjaldeyri, og menn eru hér gersamlega ofurseldir þessum tveimur peningastofnunum, og ég efast um, að í nokkru öðru landi sé eins ástatt. (**JBald**: Nationalbankinn í Danmörku). Nei, það er ekki eins strangt í Danmörku. En ég vakti athygli á þessu vegna þess, að svar ráðh. er ófullnægjandi, og mér þótti rétt að benda hv. þd. á, að hér er merkileg aths., sem ekki hefir verið svarað.

ATKVGR.
Tekjubálkurinn samþ. með 11 shlj. atkv.
Gjaldabálkurinn samþ. með 11 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 11 shlj. atkv.

Á 102. fundi í Ed., 21. des., var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 10 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 951).

---

5. Verðtollur og bráðabirgðaverðtollur.

Á 5. fundi í Nd., 18. febr., var útbýtt:
Frv. til l. um framlenging á gildi l. um verðtoll og bráðabirgðaverðtoll (stjfrv., A. 3).

Á 9. fundi í Nd., 19. febr., var frv. tekið til 1. umr.
Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 18 shlj. atkv.

Fjmrh. (Eysteinn Jónsson): Frv. þetta fer fram á framlenging laganna um verðtoll, og ennfremur laganna um bráðabirgðaverðtoll. Frv. er byggt á því, að ekki þykir fært að skerða tekjur ríkissjóðs frá því, sem þær eru áætlaðar 1935. Áður hafa lög þessi verið framlengd hvor um sig með sérstökum lögum, en þetta þykir einfaldara, að framlengja þau með einu frv. bæði.
Sé ég svo ekki ástæðu til þess að fjölyrða um þetta frekar og legg til, að frv. verði vísað til fjhn. að umr. lokinni.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 18 shlj. atkv. og til fjhn. með 22 shlj. atkv.

Á 18. fundi í Nd., 2. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 3, n. 34).

Frsm. (Sigfús Jónsson): Ég skal aðeins geta þess, að fjhn. hefir orðið sammála um að leggja til, að þetta frv., sem hér liggur fyrir á þskj. 3, um framlenging á gildi l. um verðtoll, verði samþ.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 17:1 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: ÞorbÞ, BÁ, BB, EmJ, EystJ, GG, HV, JónP, JG, MT, PZ, PÞ, PHalld, SigfJ, SE, StJSt, JörB.
nei: GÞ.
TT, GSv, GÍ, HannJ, JÓl, PO greiddu ekki atkv.
Níu þm. (ÁÁ, BJ, FJ, GTh, JakM, JJós, JS, ÓTh, SK) fjarstaddir.
2. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr
Frv. vísað til 3. umr. með 17 shlj. atkv.

Við nafnakallið um 1. gr. urðu þessar umr.:

Thor Thors: Þar sem það virtist vera stefna stjórnarflokkanna á síðasta þingi, að við sjálfstæðismenn fengjum engan þátt að eiga í því, hvernig ríkistekjunum er úthlutað, þá tel ég rétt, að skattaálögurnar séu einnig einungis á þeirra herðum, og greiði því ekki atkv.

Forseti (JörB): Þetta býst ég við, að sé nokkuð langt sótt skýring.

Héðinn Valdimarsson: Vill ekki hæstv. forseti fresta atkvgr.? (**Forseti**: Ekki að svo komnu).

Hannes Jónsson: Mér finnst það hálfgerður skripaleikur að leita hér eftir atkv., þegar hæstv. forseti lýsir yfir, að hann hirði eigi að kveða upp úr um það, hvort hann ætlar að ljúka atkvgr. eða ekki. Ef þessi atkvgr. ætti að vera gildandi, mundi ég greiða atkv., en annars ekki.

Forseti (JörB): Það væri vorkunnarmál, ef hv. þm. V.-Húnv. væri borinn í heiminn í dag og hefði aldrei neitt um þingstörf heyrt. En atkvgr. hefir hingað til ekki verið lýst fyrr en henni er lokið, og mun svo einnig verða í þessu máli.

Héðinn Valdimarsson: Ég vil alvarlega mælast til þess við hæstv. forseta, að hann fresti atkvgr. Þar sem sýnt er, að Sjálfstfl. er farinn að taka upp þá aðferð að reyna að koma fyrir kattarnef málum, sem hann er á móti, með því að greiða ekki atkv., þá er eðlilegt, að það sé beðið þangað til svo margir eru viðstaddir, að meiri hluti dm. taki þátt í atkvgr. Það er vitanlegt, að þessir menn hafa oft lýst yfir afstöðu sinni til þessa máls, og hafa því ekki aðra ástæðu til að sitja hjá við atkvgr. en þá, að þeir hafa ekki atkvæðamagn til þess að fella frv. og vilja þessvegna reyna að koma því fyrir kattarnef á annan hátt.

Forseti (JörB): Ég tók málið til atkvgr. ekki sízt vegna þess, að n., sem afgreiddi frv., var sammála um það, og í henni eru menn af öllum flokkum.

Á 19. fundi í Nd., 4. marz, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 19 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 16. fundi í Ed., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 3).
Á 18. fundi í Ed., 6. marz, var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 9 shlj. atkv. og til fjhn. með 10 shlj. atkv.

Á 22. fundi í Ed., 11. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 3, n. 94).

Frsm. (Bernharð Stefánsson): Með þessu frv. er farið fram á framlengingu á gildi tveggja laga frá síðasta þingi, laga um verðtoll og laga um bráðabirgðaverðtoll, þannig að þessir tollar gildi til ársloka 1936. Þetta frv. á þannig að koma í stað þessara tveggja laga, en fer ekki fram á neinar nýjar tekjur fyrir ríkissjóð. Ég býst ekki við, að nauðsynlegt sé að færa rök fyrir því, að ríkissjóður má ekki missa þær tekjur, sem hann hefir haft af þessum tekjustofnum, og leggur fjhn. því til, að frv. verði samþ.
Ég skal ekki segja nema einstaka nm. kjósi að gera grein fyrir afstöðu sinni sérstaklega, en f. h. n. sem heildar hefi ég ekki annað um þetta mál að segja að þessu sinni.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 10 shlj. atkv.

Á 24. fundi í Ed., 13. marz, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 9 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 128).

---

6. Tekjuskattur og eignarskattur (stjfrv.).

Á 5. fundi í Ed., 18. febr., var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á 22. gr. l. nr. 6 9. jan. 1935 [Tekjuskattur og eignarskattur] (stjfrv., A. 4).

Á 8. fundi í Ed., 20. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Fjmrh. (Eysteinn Jónsson): Í frv. að lögum um tekju- og eignarskatt, sem stj. lagði fyrir síðasta þing, var ekki á það minnzt, hvort núv. skattanefndir ættu að halda áfram að starfa eftir að hin nýju lög gengju í gildi, en gert ráð fyrir, að svo mætti verða. En undir meðferð málsins var af einum hv. þdm. flutt brtt. um, að núv. yfirskattanefndir skyldu halda áfram þar til kjörtími þeirra væri útrunninn. En það ákvæði hefði líka átt að ná til undirskattanefnda. Það féll niður við lokaafgreiðslu frv. En til þess að taka af allan vafa um þetta atriði gaf stj. út bráðabirgðalög 6. febr. síðastl., shlj. því frv., sem hér liggur fyrir. Og ástæðan til þess var sú, að ef sú ákvörðun, sem í frv. felst, hefði verið látin bíða Alþingis, þá gat það leitt til þess að tefja störf skattanefnda um skör fram.
Ég held, að það þurfi ekki lengri framsöguræðu fyrir þessu frv., bráðabirgðal. eru prentuð sem fskj. með þessu frv. — Ég óska, að þessu frv. verði vísað til fjhn. að lokinni umr.

Atvmrh. (Haraldur Guðmundsson): Ég vil mælast til þess, að hv. fjhn., sem væntanlega fær þetta mál til meðferðar, taki það til athugunar fyrir 2. umr., hvort ekki væri tiltækilegt að gera aðra lítilsháttar breyt. á tekju- og eignarskattslögunum, þess efnis, að undirskattanefndum væri falið að greina framteljendur til tekju- og eignarskatts í tvo flokka, þannig að þeir, sem aðeins greiða annan skattinn, t. d. tekjuskatt, væru taldir í öðrum flokki en þeir, sem greiða bæði tekju- og eignarskatt. Það kemur sí og æ í ljós, þegar verið er að afla upplýsinga um þjóðhagsleg efni, hversu torvelt er að vinna úr skattaskjölunum, þegar þetta er ekkert flokkað af undirskattanefndum, eða búið í hendur þeirra aðilja, sem úr skjölunum eiga að vinna. Erlendis er þeirri reglu fylgt í þessum efnum, að það er gerð nákvæm grein fyrir því, hvernig framteljendur til skatts skiptast í tekju- og eignarflokka. Ég held það sé eðlilegast, að skattanefndir hafi þetta starf með höndum. Vil ég svo biðja hv. fjhn. að athuga þetta áður en málið kemur aftur fyrir þd.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 9 shlj. atkv. og til fjhn. með 9 shlj. atkv.

Á 20. fundi í Ed., 8. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 4, n. 58).

Frsm. (Jón Baldvinsson): Þetta frv. er einskonar leiðrétting við skattalagafrv. það, sem

fram kom á síðasta þingi. Það var ætlunin, að undirskattanefndarmenn þeir, sem þá voru starfandi, héldu því starfi áfram út skipunartíma sinn. En þetta atriði var ekki nógu skýrt í lögunum, og vill fjhn. því leita samþykkis Alþ. um brtt. við það. Leggur n. til, að frv. verði samþ. með þeirri breyt., sem fyrir liggur.

Ég vil geta þess, að fjhn. hefir borizt erindi frá settum skattstjóra í Rvík, þar sem farið er fram á frekari breytingar við frv. En n. hefir ekki ennþá tekið afstöðu til þessara breytinga.

Ef n. flytur frekari brtt. við frv., þá kemur hún fram með þær fyrir 3. umr.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 10 shlj. atkv.

Á 22. fundi í Ed., 11. marz, var frv. tekið til 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 9. shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 25. fundi í Nd., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 4).

Á 27. fundi í Nd., 13. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Fjmrh. (Eysteinn Jónsson): Það er ekki alveg ljóst af lögum um tekju- og eignarskatt, sem samþ. voru á síðasta þingi, hvort undirskattanefndir eiga að halda áfram störfum sínum. En hinsvegar er það svo, að heppilegra þykir, að svo verði. Og til þess að taka allan vafa af í þessu efni, gaf ég út bráðabirgðalög í vetur, og það eru þau, sem liggja hér nú fyrir. Vænti ég þess, að hv. þdm. geti orðið við tilmælum mínum og samþ. lög þessi. Leyfi ég mér að leggja til, að frv. þessu verði að lokinni þessari 1. umr. vísað til fjhn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv. og til fjhn. með 19. shlj. atkv.

Á 37. fundi í Nd., 25. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 4, n. 237).

Frsm. (Sigfús Jónsson): Fjmrh. hefir haft þetta frv. til athugunar og leggur til, að það verði samþ. óbreytt að öðru leyti en því, að á eftir 1. gr. frv. komi ný grein, sem er till. um viðauka við 36. gr. tekju- og eignarskattslaganna frá síðasta þingi. Þessi brtt. er flutt eftir ósk skattstjórans í Rvík, og aðalástæðan, sem hann færir fram fyrir þessari till., er sú, að breytingin feli í sér svo mikinn vinnusparnað fyrir skattstofuna, ef ekki þurfi að hafa skattskrá þá, sem frammi skal liggja, svo margbrotna sem í l. er ákveðið. Ég vil nú leyfa mér, með leyfi hæstv. forseta, að lesa hér upp úr bréfi skattstjórans, sem fylgdi brtt., þær ástæður, sem hann færir fram:

„Í Reykjavík eru nú um 13. þús. skattgreiðendur, auk þess fjölda framteljenda, er eigi ná skatti, en í hinum kaupstöðunum munu þeir mest vera um 1000, enda er Reykjavík mörkuð sérstaða í skattalögunum að ýmsu leyti. Þegar síðasta þing hafði skattalögin til meðferðar, var mér eigi kunnugt um, hversu umfangsmikið og tafsamt verk það er að gera skattaskrána hér úr garði, og lét ég því afskiptalaust, þó sama væri látið gilda um Reykjavík og önnur skattumdæmi að því er fyrirkomulag skattskrár snertir. Eftir nánari athugun tel ég, að ekki verði hjá því komizt að setja sérákvæði fyrir Reykjavík um þetta atriði.

Á þeirri skattskrá, sem hér er lögð fram, hefir verið tilgreint (auk nafns, stöðu og heimilisfangs gjaldanda) tekjuskattur, eignarskattur og skattupphæðin samtals. Er ljóst, hvílík vinnuaukning það er, ef skattskráin á auk þess að innihalda: brúttótekjur, tekjufrádrátt, persónufrádrátt og skattskyldar eignir hjá 13 þús. gjaldendum. Myndi það margfalda vinnu þá, sem fer í vélritun, samanburð og allan frágang skrárinnar. Það eykur og á fyrirhöfnina, að framtöl eru að berast skattstofunni þar til í apríl, og fjöldi af upplýsingum og leiðbeiningum í sambandi við rannsókn framtala kemur fram alveg þar til skráin kemur út. Þarf því iðulega að bæta inn í skrána og breyta henni, og hjá þessu verður ekki komizt. Allt þetta yrði miklu erfiðara viðfangs, ef skráin er eins og lögin gera ráð fyrir. Yrði þá að auka mjög við mannahald skattstofunnar, ellegar skráin gæti ekki komið út fyrr en 3 til 4 vikum seinna en lögákveðið er.

Ég tel ekki nauðsynlegt, að hin framlagða skattskrá hér í Reykjavík þurfi að innihalda fleira en verið hefir, vegna þess, að í innbundnum spjaldskrám (lausblaðabókum), sem hér eru færðar fyrir alla framteljendur, og er hin upphaflega skattskrá, eru færðir allir þeir liðir, sem lögin ákveða, að skattskráin skuli innihalda. Er þessi spjaldskrá einnig til afnota fyrir yfirskattanefnd og ríkisskattanefnd, og hefir því verið gerð sú undantekning með skattstofuna, að skattskráin hefir ekki verið færð á þau skattaskrárform, sem stjórnarráðið hefir útbúið fyrir skattanefndir.

Jafnframt hinni framlögðu skrá er að vísu gerð önnur skattskrá, sem hefir að innihalda flest þau atriði, sem 36. gr. laganna ákveður, en þessi skrá er að jafnaði ekki fullbúin fyrr en seint á sumri hverju, og er hún einkum gerð vegna hagstofunnar".

Þetta eru þá höfuðástæðurnar fyrir því, að skattstjórinn í Rvík óskar eftir því, að skattskránni þar sé breytt eða ákv. um hana í l. frá síðasta þingi þannig, að hún verði ekki eins margliðuð og þar er gert ráð fyrir, en að niður verði felldar brúttótekjur, tekjufrádráttur, persónufrádráttur og skattskyldar eignir, m. ö. o., að tilgreindir verði aðeins þeir liðir, sem hingað til hafa verið taldir, sem eru tekjuskattur, eignarskattur og skattur samtals.

Eins og ég hefi áður sagt, fellst fjhn., þ. e. a. s. meiri hl. hennar, á þessa brtt. og leggur til, að hún verði samþ.

Stefán Jóh. Stefánsson: Ég hefi skrifað undir nál. með fyrirvara, eða réttara sagt brtt., því minn fyrirvari er út af henni. Ég hefði talið æskilegt, ef hægt hefði verið að útbúa skattskrána á þann hátt, sem l. gera ráð fyrir, en hinsvegar fellst ég á, meðan undirbúningur vegna breytingar á skattskránni er ekki betri en hann er hér í Rvík, þá vildi ég ekki beinlínis setja mig á móti þessari breytingu nú á þessu ári, en fyrirvari minn þýðir það, að ég tel eðlilegra og æskilegra, að skattskráin verði gerð eins og til er tekið í tekjuskattslögunum.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
Brtt. 237,a (ný gr., verður 2. gr.) samþ. með 14:7 atkv.
2. gr. (verður 3. gr.) samþ. með 19 shlj. atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: JÓl, JónP, JG, MT, PZ, PÞ, PHalld, SigfJ, StJSt, TT, ÞÞ, ÁÁ, BÁ, BB, EystJ, GG, GTh, JakM, JörB.
SE, FJ, HannJ, HV, greiddu ekki atkv.
Tíu þm. (JJós, JS, ÓTh, PO, SK, BJ, EmJ, GÞ, GSv, GÍ) fjarstaddir.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 17 shlj. atkv.

Á 39. fundi í Nd., 27. marz, var frv. tekið til 3 umr. (A. 283).
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 16:1 atkv. og endursent Ed.

Á 36. fundi í Ed., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 283).
Á 38. fundi í Ed., 30. marz, var frv. tekið til einnar umr.

Frsm. (Jón Baldvinsson): Þetta frv. var til athugunar hjá fjhn. Ed., en n. hefir ekki haft aðstöðu til að athuga það að nýju. Það voru gerðar breyt. við frv. í Nd., sem hafa verið samþ. þar. En ég segi fyrir mig, að ég er á móti því að samþ., að ekki skuli tilgreindar á skattaskránni sundurgreindar tekjur manna, hvað er af eignum og öðru.
Áður en frv. verður afgr. frá Alþ., vil ég heyra yfirlýsingu frá hæstv. fjmrh., hvort hann vill sjá um, að á skattstofunni séu til sundurgreindar tekjur manna, sem menn hafa aðgang að að skoða, þó ekki væri jafnsnemma og tekjuskattskráin er lögð fram í bæjarþingsalnum.
Ég hefði annars viljað koma með brtt. um, að slíkur listi liggi frammi í sjálfri skattstofunni.

Fjmrh. (Eysteinn Jónsson): Þessi breyt., sem gerð var á frv. í Nd., er fram komin fyrir tilmæli skattstjórans í Rvík og min. Ef skattskrá Rvíkur á að vera eins og frv. gerir ráð fyrir, þá hefir það í för með sér meiri vinnu en hingað til hefir þurft að leggja í samningu skattskrárinnar. Þótti því rétt að veita undanþágu og haga þessu eins og áður.
Út af fyrirspurn hv. 4. landsk., hvort þessi skrá með sundurliðuðum tekjum gæti ekki legið frammi í skattstofunni, vil ég taka það fram, að sú skrá hefir verið til. Hún hefir verið samin, en venjulega ekki verið að fullu lokið, þegar skráin um sjálfa skattana hefir verið lögð fram. Hún hefir verið látin sæta afgangi, því að tíminn hefir venjulega verið naumur.
Það mun því verða svo framvegis, eins og hingað til, að menn geta haft aðgang að skrá, sem sýnir þessar tekjur, í skattstofunni nokkru síðar en hin eiginlega skattskrá er lögð fram. Því er ekki ástæða til að koma með brtt. við þetta, því að það verður eins og áður, en ef brtt. kemur fram, verður málið aftur að fara milli d., og er það óþarfi.

Frsm. (Jón Baldvinsson): Að vísu er það svo, eins og hæstv. ráðh. segir, að meðan hann er ráðh. getur þetta farið þannig fram. En ef ákvæðið er ekki í lögum, þá er hætt við, að slík framkvæmd gæti fallið niður, því að í lögunum er þetta ekki heimtað. En mér hefði fundizt það eðlileg viðbót við 2. gr., að í skattstofunni skuli gerð skrá, þar sem tekjur skattgreiðenda eru greindar sundur og liggi hún frammi í skattstofunni. Það er mikilsvert, að fólk fái að vita, hvernig teknanna er aflað. Það ætti að vera eftir núv. tekjuskattalögum, að þetta sæist á skránni.

Fjmrh. (Eysteinn Jónsson): Ég tek fram, að ég tel með öllu ástæðulaust að ímynda sér, að það verði hætt að semja slíka skrá, m. a. vegna þess, að hagstofan gefur alltaf yfirlit um þetta í sambandi við upplýsingar, sem hún fær frá skattstofunni. Hagstofan heimtar alltaf þessar upplýsingar, svo að ekki er ástæða til að halda, að þessu verði hætt. Ég sé því ekki ástæðu til brtt. Ef hætt væri við samninguna, þá er alltaf hægur vandi að kippa þessu í lag með breytingu.
Það er rétt hjá hv. 4. landsk., að það er mikils virði að hafa þessa greiningu fyrirliggjandi. En það er ekki ætlazt til, að tekjuskattskráin sé sundurliðuð þannig, að sérstaklega séu tilteknar eignartekjur og tekjur af öðru, heldur aðeins heildartekjur og heildareignir.
Ég held, að hægt sé að fá fullnægjandi yfirlit af skránni, með því að haga þessu eins og verið hefir, í skattstofu Rvíkur, og það er nokkur sparnaður við það.

Frsm. (Jón Baldvinsson): Það má vera rétt, sem hæstv. fjmrh. segir, að eins og nú er í skattstofunni sé þetta fullnægjandi. En það sannar ekki, að svo verði áfram, ef engin lögskylda er fyrir því. Þær upplýsingar, sem skattstofan semur handa hagstofunni, eru út af fyrir sig fróðlegar. En þær sýna engin einstök dæmi, eins og menn vilja fá að vita.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 9 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 329).

---

7. Bráðabirgðabreyting nokkurra laga.

Á 5. fundi í Nd., 18. febr., var útbýtt:
Frv. til l. um bráðabirgðabreyting nokkurra laga (stjfrv., A. 5).

Á 10. fundi í Nd., 20. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Fjmrh. (Eysteinn Jónsson): Þetta frv. um bráðabirgðabreytingu nokkurra l. er samhljóða l. um sama efni, sem samþ. voru á síðasta Alþ. Það þykir ekki fært vegna fjárhagsörðugleika ríkissjóðs að leggja annað til en að þessi bráðabirgðabreyting verði enn gerð á nokkrum l., til þess að létta á ríkissjóði. Ég sé ekki ástæðu til að fara um þetta fleiri orðum, en vil aðeins óska þess, að málinu verði vísað til fjhn. að aflokinni þessari umr.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 19. shlj. atkv. og til fjhn. með 20 shlj. atkv.

Á 18. fundi í Nd., 2. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 5, n. 35).

Frsm. (Stefán Jóh. Stefánsson): Frv. þetta er nákvæmlega samhljóða lögum, sem afgr. voru frá síðasta Alþingi, og er því ekki um annað en framlengingu að ræða á ákvæðum, sem gilt hafa nokkur ár, um að framkvæmd vissrar löggjafar, sem hefir í för með sér nokkurn kostnað fyrir ríkissjóð, verði frestað um sinn. Og með því að fjárhagur ríkisins er á þá lund, sem hv. þm. þekkja, þá leggur fjhn. óskipt til, að þetta frv. nái fram að ganga, að framlengt verði gildi þessara laga til ársloka 1936.

ATKVGR.
Frvgr. samþ. með 21 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 22 shlj. atkv.

Á 19. fundi í Nd., 4. marz, var frv. tekið til 3. umr.

Garðar Þorsteinsson: Ég vil leyfa mér að skjóta því til hæstv. fjmrh., hvort þessi tekjuöflunarfrv. fyrir árið 1936 þurfi öll endilega að ganga fram á þessu þingi, þegar vitað er, að fresta á þingi með tilliti til afgreiðslu fjárl. Ég vil spyrja, hvers vegna megi ekki láta tekjuaukafrv. fyrir næsta ár bíða, eins og fjárl. sjálf.

Fjmrh. (Eysteinn Jónsson): Það er í sjálfu sér ekki ástæða til að svara þessu neitt. En þó vil ég taka fram, að það er náttúrlega engin ákvörðun tekin enn um þingfrestun. Þess vegna er engin ástæða til að haga nú afgreiðslu mála með tilliti til þess. Jafnvel þótt svo færi, að þingi yrði frestað, má taka ákvörðun um afgreiðslu þessa máls síðar, því að enn eru eftir 3 umr. í Ed.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 20 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 16. fundi í Ed., 4. marz, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 5).
Á 18. fundi í Ed., 6. marz, var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 9 shlj. atkv. og til fjhn. með 9 shlj. atkv.

Á 22. fundi í Ed., 11. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 5, n. 93, 104).
Of skammt var liðið frá útbýtingu brtt. 104. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

Frsm. (Bernharð Stefánsson): Það er sama að segja um þetta frv. eins og það, sem var síðast á dagskrá (frv. um framlenging á gildi l. um verðtoll), að það fer eingöngu fram á framlengingu á lögum, sem samþ. voru á síðasta þingi, þannig að þau gildi einnig fyrir næsta ár. Með sama rökstuðningi og áður, að ríkissjóður megi ekki missa þær tekjur og þurfi að losna við þau útgjöld, sem hann að nokkru leyti losnar við samkv. þessu frv., leggur fjhn. til, að frv. verði samþ.

Ég skal taka það fram, að það þarf að leiðrétta eitt orð, næstsíðasta orðið í frv., þar sem stendur á „árin" 1936, en á að standa á „árinu" 1936. Ég vona, að það þurfi ekki að gera brtt. um þessa leiðréttingu, en megi leiðrétta í prentun.

Hér á fundinum hefir verið útbýtt brtt. frá hv. 10. landsk. Eins og gefur að skilja, þá hefir n. ekki haft tíma eða tækifæri til að bera sig saman um hana, og því vitanlega enga afstöðu tekið til hennar. Ég sé ekki heldur ástæðu til að taka fram mitt persónulega álit um hana fyrr en hv. flm. hefir talað fyrir henni, en vitanlega er ekkert hægt að segja um hana á þessum fundi frá n. hálfu.

Þorsteinn Briem: Ég hefi leyft mér að bera hér fram brtt. á þskj. 104 við 7. lið frv., sem fyrir liggur. Eins og hv. þdm. muna, þá var þessi 7. liður ekki í frv. eins og stjórnin lagði það fyrir á síðasta þingi. En samflokksmenn mínir í hv. Nd. fluttu þá brtt. við frv. í svipaða átt og þessi brtt. mín hnígur nú, og þá fyrst kemst þessi 7. liður inn í frv. í því formi sem það er nú.

Ég ætla ekki að orðlengja um þessa brtt. mína, ég vænti, að hún sé öllum hv. þdm. svo ljós. Hún gengur aðeins í þá átt að gefa þdm.

kost á að velja á milli þess, hvort heldur á að styrkja jarðræktina í landinu með framlögum af þessu fé, eða götulagningu í kaupstöðum. En með því að brtt. hefir ekki verið úthýtt fyrr en nú á fundinum, þá get ég, ef n. óskar eftir því, tekið hana aftur til 3. umr., svo að n. fái tíma til að athuga hana.

Jón Baldvinsson: Hv. 10. landsk. sagði, að þessi brtt. sín á þskj. 104 væri svo ljós, að um hana þyrfti ekkert að tala. Hér væri aðeins um það að velja, hvort heldur ætti að styrkja jarðræktina í landinu með þessu fé sérstaklega eða vinna að malbikun gatna í kaupstöðum. — Það mætti nú sennilega ræða um í þessu sambandi, hvaðan þessir peningar koma, sem til þessa á að nota. En samkv. lögum um skatta af bifreiðum og benzíni, er þetta fé að mestu leyti komið frá kaupstöðunum, þó að því verði hinsvegar ekki neitað, að það er einnig að nokkru leyti runnið úr sveitunum. Ég get sagt það nú þegar, að ég er ekki samþykkur þessari brtt. og mun greiða atkv. á móti henni. Ég hefi alltaf verið dræmur að samþ. frestun á bifreiðaskattslögunum, að því leyti að frestað verði að greiða kaupstöðunum sinn hluta af þeim tekjum, sem þeim er ætlaður samkv. lögunum; en því síður get ég fylgt slíkum tillögum sem þessari um að fénu skuli varið til annara hluta, að það skuli með beinni ráðstöfun verða tekið af kaupstöðunum og varið til sveitanna. Hér er verið með þessari brtt. að reyna að ala á tortryggni og óánægju milli sveita og kaupstaða.

Frsm. (Bernharð Stefánsson): Ef hv. 10. landsk. óskar eftir því, að fjhn. taki afstöðu til þessarar brtt. hans, þá er sjálfsagt réttast af honum, eins og hann ráðgerði, að taka till. aftur til 3. umr. Eins og ég áður gat um, þá get ég ekkert sagt um hana á þessum fundi fyrir n. hönd. En án þess að ég ætli nokkuð að ræða brtt., þá vil ég taka það fram, að ég mótmæli því algerlega, sem hv. 10. landsk. sagði, að með atkvgr. þdm. um þessa brtt. ættu þeir að velja á milli þess, hvort þessu fé yrði varið til jarðræktar í sveitunum eða til gatnalagningar og malbikunar í kaupstöðunum. — Ef í þessu frv., sem hér liggur fyrir, væri eitthvert ákvæði um það, að verja fé til malbikunar í kaupstöðum, þá gætu þessi ummæli hv. þm. verið réttmæt. En nú er auðvitað ekkert um það í 7. lið frv., heldur það gagnstæða; þar er einmitt tekið fram, að frestað skuli framkvæmd á greiðslu þess fjár, sem samkv. bifreiðaskattslögunum er ætlað úr ríkissjóði til malbikunar gatna í kaupstöðum. Þess vegna getur þetta alls ekki staðizt, sem hv. þm. sagði, því að það getur vitanlega farið svo, ef frv. verður samþ., að þá verði hægt að verja meiru fé úr ríkissjóði til jarðræktar.

Ég álít, að það sé hyggilegast fyrir hv. flm. að taka till. aftur til 3. umr. og láta atkvgr. um hana bíða.

Þorsteinn Briem: Ég mun nota mér ráðlegginguna hv. frsm. og láta brtt. bíða til 3. umr. En samt sem áður get ég ekki stillt mig um að víkja nokkrum orðum að hv. andmælendum mínum.

Hv. 4. landsk. sagði, að þessar tekjur ríkissjóðs af bifreiðaskattinum væru hér um bil alveg greiddar úr kaupstöðunum, og ættu þess vegna að ganga til þeirra aftur. Ég hygg að það sé nú allvandasamt að reikna það út, hvaðan tekjurnar eru runnar. Að vísu er bifreiðanotkun meiri í kaupstöðum en sveitum, en bílanotkunin fer sívaxandi í sveitunum og benzíneyðslan er þar mun meiri tiltölulega. Og sveitamenn borga því fyllilega sinn hluta af benzínskattinum, þó að þeir eigi ekki eins marga bíla og hinir, auk þess sem bílarnir skemma fyrir þeim vegina og valda héruðunum á þann hátt miklum kostnaði. En ég vil sérstaklega mótmæla því, sem hv. 4. landsk. sagði um að þessi brtt. mín gæti komið illu til leiðar á milli sveita og kaupstaða. Það liggur alls ekkert í till. í þá átt.

Þá vil ég jafnframt beina nokkrum orðum til hv. frsm. Hann sagði, að í 7. lið frv. væri ekkert ákvæði um fjárframlög til götulagninga og malbikunar í kaupstöðum. Ég held, að það gildi aðeins um þá kaupstaði, þar sem ekkert fé er lagt fram til þess á móti. Falli slík framlög niður, þá á skatturinn að leggjast í sjóð. En ef kaupstaðirnir leggja fram fé á móti til malbikunar, þá á ríkissjóður einnig að greiða sinn hluta af bifreiðaskattinum. Ég held, að þetta sé rétt skilið hjá mér, og sé ekki, að ég hafi gefið tilefni til þeirra orða, sem hv. frsm. mælti um þetta atriði. Ég mun taka þessa brtt. aftur til 3. umr.

Frsm. (Bernharð Stefánsson): Ég vissi vel, hvernig þetta frv. hljóðar og þurfti ekki á neinni fræðslu að halda um það frá hv. 10. landsk. Ég sé ekki betur en að með 7. lið frv. sé farið fram á að draga til muna úr þeim fjárframlögum, sem samkv. bifreiðaskattslögunum eru ætluð til malbikunar í kaupstöðum. Þar er alls ekki farið fram á ný fjárframlög til slíkrar malbikunar. Þess vegna er það alveg rétt, sem ég sagði, frv. fer ekki fram á ný fjárframlög, það dregur til muna úr eldri lagafyrirmælum í því efni. Af því leiðir, að atkvgr. um brtt. er ekkert val um það, hvort heldur fénu skuli varið til jarðræktar í sveitum eða malbikunar gatna í kaupstöðum. Með 7. lið frv. er mjög dregið úr gildandi lagafyrirmælum um þessi framlög til malbikunar. Ummæli hv. 10. landsk. eru því hreinasta fjarstæða, að atkvgr. um brtt. eigi að skoðast sem val á milli þess að verja fénu til jarðræktar eða malbikunar

ATKVGR.
Brtt. 104 tekin aftur.
Frvgr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 11 shlj. atkv.

Á 24. fundi í Ed., 13. marz, var frv. tekið til 3. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 37. fundi í Ed., 29. marz, var frv. aftur tekið til 3. umr. (A. 5, 104, 143, 299, 307).

Of skammt var liðið frá útbýtingu brtt. 307. — *Afbrigði leyfð og samþ. með 9 shlj. atkv.*

Jónas Jónsson [óyfirl.]: Ég hefi flutt brtt. á þskj. 143, og svo hefir aftur komið önnur brtt. við hana á þskj. 307. Mín brtt. lýtur að því, að gerð verði sú breyt. á l. nr. 36 frá 8. sept 1931, sem fjalla um embættiskostnað presta, að því fé megi árið 1936 verja til styrktar bændum til að byggja súrheysgryfjur og safnþrær.

Ég ætla að fara nokkrum orðum um sögu þessa máls, því ég álít það mikilsvert að segja fyrst frá því, hvernig hreyfing komst á þetta mál með súrheystætturnar, því ég var áheyrandi að því. Fyrir ári síðan var ég staddur á fundi fyrir austan, og voru þar staddir Egill í Sigtúnum og Sigurður Sigurðsson fyrrv. búnaðarmálastjóri. Þá benti Egill í Sigtúnum á, hve mikla þýðingu það gæti haft fyrir bændur sunnanlands að geta stóraukið súrheystætturnar, og hann, sem hefir með annað nauðsynjamál bænda að gera, svo sem kunnugt er af umr., sem fram hafa farið hér í þinginu, sá greinilega, hverja þýðingu þetta gæti haft fyrir bændurna. Hann sagðist álíta þetta svo mikið atriði, að hann vildi gera sérstakar ráðstafanir til þess að hjálpa bændunum í Árnessýslu með því að veita þeim hentug lán gegnum sína verzlun, svo að þeir gætu hrundið málinu í framkvæmd. Það var ekki að sjá, að á þessum fundi væri neinn sérstakur áhugi fyrir þessu máli hjá þeim merka manni, sem veitti þá búnaðarmálunum forstöðu, og það var eins og honum kæmi þetta ókunnuglega fyrir, þó hann hafi sjálfsagt verið því velviljaður. Það virtist eins og þessi hreyfing kæmi eingöngu frá kaupfélagsstjóranum, en síðan hefir fregnin um forgöngu kaupfélagsstjórans í Sigtúnum fyrir þessu máli, borizt út, þannig að hv. 10. landsk. hefir frétt af þessu, máske í gegnum samflokksmann sinn, sem var staddur þarna á fundinum. Þetta hefir orðið til þess, að hann, sem ekki sýndi neinn sérstakan áhuga á þessu máli á meðan hann var landbúnaðarráðh., hefir nú sýnt áhuga á því, eftir að hann var hættur að vera við stjórn, og hefir nú komið með virðingarverða tillögu um að greiða fyrir þessu máli, en sem eins og svo margt annað aðallega rekur sig á peningavandræði yfirstandandi tíma; og af því ég er sammála hv. 10. landsk. og lít svo á, að við báðir — eða að minnsta kosti ég — séum lærisveinar Egils kaupfélagsstjóra í Sigtúnum, og af því ég sá, að hv. 10. landsk. komst ekkert áfram með sína tillögu, þar sem hann bar þannig niður í hinum slæma fjárhag ríkissjóðs, að aðeins var um aukaútgjöld að ræða, án þess að séð væri fyrir tekjum, þá hélt ég, að hans góða viðleitni mundi ekki bera nægilegan árangur, og þess vegna tók ég það ráð að bera fram þessa brtt. um launalækkun presta. Þessi liður í fjárl. er ekki mjög gamall, og má um hann segja, að hann sé ekki eins nauðsynlegur og margt annað og að vel megi komast af án hans. Ég á þar við þá launahækkun, sem hv. 10. landsk. barðist fyrir í kirkjumálanefnd og hann af dugnaði sínum kom í gegnum þingið snemma á kreppuárunum, og mun þessi launahækkun presta nema um 5 þús. krónum. Ég skal sízt neita því, að prestar eru ekki hálaunamenn. En frá mínu sjónarmiði er það svo, að ég hefði heldur óskað þess skilnings hv. 10. landsk., sem þá var formaður kirkjumálanefndar, að hann hefði heldur reynt að hækka laun presta með því að koma á samfærslu prestakalla heldur en með auknum útgjöldum úr ríkissjóði. En hann gerði þetta vafalaust út frá þeirri skoðun, að hann áleit, að prestar mættu ekki vera færri. En hann var þá formaður kirkjumálanefndar, og fyrir þann dugnað, sem hann lagði í þetta, komst þetta á. Það er nú meira og meira að verða athugunarefni, hvort þetta er ekki skökk stefna, sem hv. 10. landsk. fylgdi. Það er nú komin frá launamálanefnd tillaga um, að launahækkun presta komi í sambandi við aukið starf og fækkun þeirra. Þar sem ég álít þessa launabreytingu frá 1931 byggða á skökkum grundvelli, og þó að prestar hafi lág laun, þá eru þau þó ekki svo lág, að það standi á því að fjöldamargir læri til prests og taki brauð, þá hefi ég nú farið inn á þessa leið. Samkv. minni till. eru það aðeins fáeinir menn, sem lækka í launum, en aftur á hinn bóginn eru það náttúrlega mörg hundruð, sem standa betur að vígi. Það er lítil stétt, sem tapar launahækkun, en þeir peningar fara í almenna eyðslu hjá prestunum, en eftir minni till. er þetta fellt niður um eins árs skeið og kemur bændastéttinni allri til góða. Það er þess vegna um tvennt að velja, hvort menn vilja heldur leggja þessar 65 þús. krónur í viðbótareyðslu hjá fámennri stétt eða í framlög til hjálpar fjölmennri stétt.

Nú hefir hv. 10. landsk. sýnt það með þeirri brtt., sem hann flytur, að hann óskar ekki eftir þessari breytingu, heldur vill hann halda þeirri launahækkun, sem hann kom á. Hann hefir nú komið með fleyg, sem mér skilst, að geti ekki þýtt sérstaklega mikið að skjóta inn, um að lækka kaup okkar alþm. Það er ekki fráleitt, að ég geti athugað þessa till. um að lækka kaup alþm. með honum, sérstaklega væri það þá að lækka kaup okkar, sem búum hér í Rvík, og ef til vill þeirra, sem allra næst búa, en um hina álít ég mikið vafamál. En samkv. hans till. er um svo lítla upphæð að ræða, að það munar ekki sérlega um hana, og með henni er það, að veita þennan styrk til landbúnaðarins, gert sama sem að engu. En af því að ég vil ekki ganga á móti sparnaðartillögu hv. 10. landsk., þá vil ég, að hér komi fram hrein atkvgr. um báðar till., og kannske hvorttveggja verði þá samþ. Ég flyt þess vegna skrifl. brtt. við hans till., því að ef mín till. verður samþ., þá næst betur tilgangurinn, en þeir, sem vilja spara á þingkostnaðinum, greiða atkv. með því, og þeir, sem vilja hjálpa bændunum, geta gert það án þess að viðhorfið til þingkaupsins rugli þá. Ég ætla að leggja hérna fram brtt. og vænti þess, að afbrigði fáist.

Forseti (EÁrna): Mér hefir borizt svofelld skrifl. brtt. á þskj. 307, frá hv. þm. S.-Þ.:

„Brtt. orðist þannig:

Á eftir orðunum „á árinu 1936“ í a-lið komi:

Svo skal og frestað framkvæmd 1. og 3. gr. l. nr. 36 28. nóv. 1919, um þingfararkaup alþm., til ársloka 1936, en alþingismenn fái 8 kr. þóknun fyrir hvern dag, er þeir sitja á Alþ. eða eru á ferð þangað og þaðan, og greiðist þóknunin fyrir allt að 80 þingsetudaga á ári."

Þar sem till. er bæði skrifleg og of seint fram komin, þarf tvöföld afbrigði.

ATKVGR.

Afbrigðin leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.

Þorsteinn Briem [óyfirl.]: Ég er hv. þm. S.-Þ. sérstaklega þakklátur fyrir það, að hann hefir nú fallizt á, að það beri að styrkja jarðræktina í landinu meira en nú er gert, og ekki beinlínis tekið illa þeirri brtt., sem ég bar fram, þó að hann óski, að hún komi öðruvísi fyrir til atkv.-gr. En ég verð að gera aths. við það, sem hann sagði um, hversu miklu þessi upphæð næmi. Hann leit svo á, að með minni brtt. væri um svo litla upphæð að ræða, að ekkert væri hægt að gera með henni. En ég miðaði mína brtt. við það, að undir venjulegum kringumstæðum kæmi það sama út eins og gert er ráð fyrir í hans brtt. Eins og menn vita, þá er alþm. borgaðar 15 krónur á dag, og ef kaupið er lækkað um 7 kr., þá gerir það 343 krónur á dag, og í 80 daga verða það 27440 kr., að ég hygg vera. En auk þess er gert ráð fyrir, að það sé knúin fram stytting á þingtímanum, sem má vænta eins og nú horfir við, að ekki verði samtals skemmra en 100 dagar, og þá nemur sparnaðurinn á 20 dögum hér um bil 15 þús. kr. Þarna eru þá komnar 42 þús. kr., en nú er ætlazt til, að það nái yfir lengri tíma en árið 1936. Því er líka ætlað að ná til síðari hluta ársins, sem nú er að líða, og á þessu sparast svo mikið, að þá er komin sama upphæð, og kannske meiri, ef miðað er við dagana, sem menn eru á ferðalagi, heldur en sú upphæð, sem næst samkv. brtt. hv. þm. S.-Þ. Það vakti fyrir mér, að til þessara framkvæmda kæmi jafnmikil upphæð samkv. minni brtt. eins og með brtt. hv. þm. S.-Þ. Svo þeirri ástæðu, sem hv. þm. S.-Þ. bar fram á móti minni brtt., er þar með nægilega og tölulega hrundið. En jafnframt því, sem ég miðaði brtt. við þetta, miðaði ég hana líka við það, að þm. haldi því kaupi, sem er ekki lægra en meðalprestskaup. 8 krónur á dag mun vera hátt upp í 3 þús. kr. árslaun, en mikill þorri presta hefir kaup, sem er þar fyrir neðan, því byrjunarlaun eru 2 þús. kr. Ég ætla því, að mín till. fari sanngjarnlega leið, því kosti þm. er ekki þrengt, en hinsvegar kemur fyllilega sú sama upphæð til búnaðarframkvæmda eins og gert er ráð fyrir í brtt. á þskj. 143.

Hinsvegar má vera, þó ég skuli ekkert um það segja, en ég gæti ímyndað mér, að embættismenn, sem fengið hafa veitingu fyrir embætti síðan l. voru gefin út, eigi lagalegan rétt til þessarar launahækkunar, sem þeir ef til vill mundu vinna af ríkissjóði með dómi. En ef samþ. er brtt. á þskj. 307, þá er öruggt um, að engin skerðing verður á því fjárframlagi vegna dómsúrskurða, og er þessi upphæð, sem þar með sparaðist, því vissari fyrir ríkissjóðinn til framkvæmda. Ég vil því vænta þess, að þessi brtt. mín fái góðar undirtektir.

Jón Baldvinsson: Ég ætlaði aðeins að segja það, að við í fjhn. höfum ekki haft tækifæri til að bera okkur saman um allar þessar tillögur, en við erum sammála um að vera á móti brtt. frá hv. þm. S.-Þ. og hv. 10. landsk. Við álítum, að það sé hálfgerður skripaleikur að ætla sér að fara að lækka kaup þm. niður í 8 kr. á dag. Það hefir stundum komið fyrir, að nýliðar á Alþ. hafa vakið máls á því að lækka kaup þm., en þm. vita það sjálfir, að þeir gera ekki betur en komast af með það kaup, sem þeir hafa.

Jónas Jónsson [óyfirl.]: Ég álít, að hv. 4. landsk. hafi rangt fyrir sér, því ég álít, að það geti vel komið til mála að lækka kaup okkar þm., að minnsta kosti þeirra, sem búsettir eru í Rvík. Það, sem ég hefi helzt efnislega út á brtt. að setja, er, að mér fyndist eðlilegt að gera mun á okkur, sem búsettir erum í Rvík, eða þeim, sem búa svo nærri eins og hv. tillögumaður, og svo þeim, sem heima eiga lengra í burtu. Ég mundi með enn fúsara geði styðja slíka brtt. En ég mun þó fylgja þessari till., því ég geri ráð fyrir, að við frekari meðferð geti þetta lagazt. Ég trúi ekki öðru en hv. 4. landsk. og aðrir, sem ekki skilja þetta við fljótlega yfirsýn, muni átta sig á þessu og þá geta veitt okkur nokkurn stuðning. Annars finnst mér það næsta ótrúlegt, að hv. 10. landsk. skyldi ekki sjá, að hans brtt. er miðuð við lengra tímabil en mín og kemur því öðruvísi út, en ég bar þetta saman við sama tímabil. En ég verð að játa, að með þeirri breyt., sem ég vil koma á, en hún er sú, að þessi sparnaður nái aðallega til þeirra, sem búsettir eru í Rvík, þá verður sparnaðurinn minni heldur en samkv. brtt. hv. 10. landsk. En þar að auki geri ég ráð fyrir, ef mín brtt. verður samþ. einu sinni, þá fari eins með hana eins og flestar aðrar bráðabirgðabreyt., að það verði haldið áfram að samþ. hana og þá er hér um 60—65 þús. króna fjárupphæð að ræða á hverju ári. (**MJ**: Er nóg til í safnþrærnar? Má þá ekki gera ráð fyrir, að bæta þurfi við kúm?). Ég býst við, að Egill í Sigtúnum og hv. 10. landsk., sem aðallega hafa barizt fyrir þessu máli, hafi athugað þá hlið málsins og muni sjá fyrir því.

Ég býst ekki við því, eins og hv. 10. landsk. virtist gefa í skyn, að prestar fari að fara í mál út af þessu. Hér í þessari hv. d. er sá maður, sem uppfræðir prestaefnin, og ég býst við, að hann geri það því betur, þar sem hann er þm. líka og hefir þess vegna næmari skilning á öllu því, sem stefnir til þjóðþrifa, og þess vegna þykir mér það ólíklegt um yngstu prestana, sakir þess uppeldis, sem þeir hafa hlotið, að þeir fari í mál út af þessu. (**MJ**: Sveinbjörn Högnason er búinn að fá æfingu í að fara í mál). Þetta nær ekki til hans. Samkv. upplýsingum hv. 10. landsk. er þetta afarsterkt gagnvart eldri prestunum og nær þess vegna ekki til Breiðabólstaðarprestsins. (**MJ**: En nær það til hv. 10. landsk.?). Það er hugsanlegt, að það nái til hans. En ég treysti því vegna upp-

eldisins, sem ungu prestarnir hafa fengið, að þá komi það ekki til greina, vegna uppeldisins, að þeir fari í mál.

Annars gladdi það mig, að hv. 10. landsk. neitaði ekki því, sem voru aðalröksemdir mínar í þessu máli, að það væri meira gagn að því að láta þessa peninga ganga til bændastéttarinnar, því þar munu vera um 7 þús., sem verða þess aðnjótandi, en nú eru það ekki nema um 100 prestar. Það er enginn vafi á því, að frá hagfræðilegu sjónarmiði er mín till. rétt. Ég tek það sem samþykki hv. 10. landsk. fyrir þessum rökum, að hann hefir ekki séð sér fært að mótmæla þeim. Ég hefi orðið var við, að þessi till. mín hefir fengið góðan stuðning hjá bændastéttinni. (**MJ**: Á hvern hátt hefir það komið fram?). Það hefir komið fram á ýmsan hátt. Bændafundurinn er nú búinn og búnaðarþingið líka. (**MJ**: Væri ekki hægt að kalla saman sérstakan bændafund?). Það væri kannske rétt að spyrja hv. 10. landsk., hvort ekki ætti heldur að kalla saman aðra stétt manna, og ég treysti hv. 10. landsk. og hv. 1. þm. Reykv. til að veita mér stuðning á þeim fundi.

Ég hygg, ef samþ. yrði mín skrifl. brtt., þá væri þar með fenginn möguleiki til að styðja hina líka. En ef hún er felld, þá neyðist ég til að greiða atkv. á móti aðaltill. hv. 10. landsk. líka, því þá er ekki efnislega til í þessari hv. d. sá stuðningur, sem til þess þarf að koma fram þeim sparnaði, sem vakir fyrir hv. 10. landsk.

Þess vegna mun ég greiða atkv. á móti brtt. hv. 10. landsk., því það er eini vegurinn til þess að koma fram minni aðaltill. En með því að samþ. mína seinni brtt. er hægt að gera verulega mikið í þessu máli.

Þorsteinn Briem [óyfirl.]: Ég býst við, að mönnum hafi ekki verið fyllilega ljóst, hvað vakti fyrir hv. þm. S.-Þ. síðast í ræðu hans, og ég er ekki viss um, að honum hafi verið það ljóst sjálfum. En það var eitt atriði, sem hann talaði um í sambandi við þetta, og það var, að ef hans frumtillaga yrði samþ. nú, þá yrði hún samþ. áfram; en hann dró í efa, að ef mín till. yrði samþ. nú, yrði hún samþ. áfram. Ég sé ekki, hvaða ástæða er til þess að ætla það, að þm. séu ófórnfúsari en aðrir menn. Það hefir verið minnzt á, að í hv. Nd. er á ferðinni frv., sem fer í þá átt, að einstakar söknir verði afnumdar, og þá verða þessi lög um embættiskostnað presta úr gildi numin. Verði þetta frv. samþ. á þessu þingi áður en því er slitið til fulls, þá verður þessi brtt. hans ekki að neinum notum, og þess vegna ekkert gagn að því að samþ. hana, því þá er búið að nema lög þau, sem hún byggist á, úr gildi í sambandi við annað frv. Það er þess vegna miklu tryggara, að það verði til frambúðarhagsmuna fyrir bændastéttina, ef mín brtt. er samþ.

Viðvíkjandi yngstu prestunum, sem hafa fengið veitingu fyrir embættum síðan lögin frá 1931 voru gefin út, skal ég taka það fram, að ég sagði ekkert ákveðið um það, hvort til þess kæmi, að þeir færu í mál út af þessu, en ég drap á það sem hugsanlegan möguleika, að þeir gætu átt kröfu á hið opinbera. Ég býst síður við, að þetta kæmi fyrir, meðal annars af því, að einn fylgismaður hv. þm. S.-Þ. í prestastétt mun hafa eldri veitingu fyrir sínu embætti.

Jónas Jónsson [óyfirl.]: Ég er ánægður yfir því, að hv. 10. landsk. skuli nú hafa séð, að það er ákaflega ólíklegt, að prestarnir fari í mál. Hann er sjálfur prestur og hefir þess vegna getað miðað við sig. Hitt er annað mál, hvort prestar berjast fyrir annara hag.

Mér er ánægja að því, að ég hefi haft þau áhrif, að hann er kominn á mína skoðun. Ég leiddi rök að því, að vegna þeirrar kennslu, sem ungu prestarnir hafa notið, mætti búast við víðsýni og óeigingirni af þeim í þessum efnum.

Aftur á móti er það rangt reiknað hjá hv. 10. landsk., að það sé meiri sparnaður að hans till. en minni. Eftir hans till. sparast minni upphæð, ef miðað er við sama tíma, og það er því rétt hjá mér, að með henni þurfi lengri tíma til að fá þolanlegan árangur, og þess vegna verður því ekki fulllokið á einu ári. (**MJ**: Hve mikið á að byggja af safnbróm?). Ég skoða mig frekar sem stuðningsmann heldur en sem forgöngumann þessa máls og vísa til hv. 10. landsk. með nánari upplýsingar um þetta.

Hitt atriðið, að kennslan í prestaskólanum hafi verið mjög morölsk, álít ég sannað með þessum framslætti. (**MJ**: Og safngryfjurnar heyra þar undir).

Hv. 10. landsk. heldur því fram, að mínar tillögur séu óþarfar, ef launamálafrumvörpin nái fram að ganga. Mér finnst ekki svo miklar horfur á því, að það mál sigli hraðbyri gegnum þingið, þar sem það er ekki ennþá komið í nefnd, að ástæða sé að hafna till. minum vegna þess.

Mér þykir leitt, að hv. 10. landsk. hefir ekki séð sér fært að spara á sinni eigin stétt í þágu landbúnaðarins. Ég mun með gleði greiða atkv. með till. hans um að spara á minni eigin stétt, ef svo mætti segja, með lækkun þingfararkaupsins í þessu skyni. Ég hefði helzt kosið að spara á hv. 10. landsk. bæði sem þingmanni og presti til hjálpar ræktuninni í landinu.

Guðrún Lárusdóttir: Ég veit ekki, hvort þetta mál er rætt hér í gamni eða alvöru, en hitt veit ég, að á Alþingi er hvorki staður né stund til þess að henda gaman að jafnalvarlegu efni og hér er til umræðu.

Hv. þm. S.-Þ. var mjög ánægður yfir brtt. sínum og sagði, að almenn ánægja væri yfir þeim í landinu. Ég veit ekki, hverja hann umgengst, en ég þekki einnig allmargt fólk, og ég þori af þeirri kynningu að fullyrða, að til er fólk, og það fjöldi fólks, sem finnur vel, hvílíkt hnefahögg þessi fyrrv. kirkjumálaráðherra reiðir með þessari till. sinni í garð elztu mennta- og siðgæðisstofnunar landsins og elztu embættismannastéttarinnar í landinu.

Ég er af alhug fylgjandi ræktun landsins, en

sú ræktun verður að bíða, ef ekki er hægt að framkvæma hana nema á kostnað uppbyggingarstarfsemi prestanna. Ef engin önnur ráð eru til jarðabótanna en að klípa af launum lægst launuðu embættismanna í landinu, þá er það sú fyllsta vandræða- og gjaldþrotayfirlýsing, sem hægt er að koma með.

Nýja dagblaðið, málgagn hv. þm. S.-Þ., var að tala um það á dögunum, að hv. þm. S.-Þ. hefði sett hv. 10. landsk. í gapastokkinn með þessum till. sínum. Nú hefir hv. 10. landsk. komið með brtt. til þess að gefa hv. þm. S.-Þ. kost á að fórna hugsjónum sínum nokkru af þeim launum, sem honum ber sem þingmanni. Ég tel engan vafa á því, að sá munur sé á efnahag þingmanna og presta yfirleitt, að réttara sé að klípa eitthvað af ágóða þeirra en hinum vesölu tekjum presta.

Hv. þm. S.-Þ. sagði prestana óþarfa. Mér er kunnugt um það, að launamálanefnd leggur til að fækka þeim stórkostlega. Hv. þm. S.-Þ. sagði, að þær tillögur væru í samræmi við vilja þjóðarinnar. Hvaðan kemur honum heimild til að segja slíkt? Ég ítreka þessa spurningu og óska, að hann svari henni, ef hann getur. Það má vitanlega þræta um það, hvort meta eigi meira safnþrær eða menningar- og uppeldisstarf presta, þótt slíkt sé ekki sambærilegt. Ég óska eftir glöggum svörum frá hv. þm. um það, hvernig hann viti það, að landsmenn vilji fækkun presta fyrr en þjóðaratkvæði hefir farið fram um það. Það má líka benda honum á, að launamálanefnd leggur til, að svo verði gert, enda verður að telja það sjálfsagt, áður en það spor verður stigið, að þurrka út þá stétt, sem mest og lengst hefir unnið fyrir siðgæði og menntun í landinu.

Jónas Jónsson [óyfirl.]: Aðeins nokkur orð til að bera af mér sakir. Ræða hv. 5. landsk. var nokkuð óljós í þetta sinn. Hún sagði, að ég hefði hlotið að umgangast vont fólk, en lýsti þó yfir því, að hún ætlaði að greiða sömu brtt. atkv. og ég, brtt. frá hv. 10. landsk., sem gengur í rétta átt. Hún sagði, að það væri hnefahögg og háðung að vilja hjálpa bændum, en er þó eftir allt saman með aðalefni málsins. En aðalvillan hjá henni lá þó í því, að halda, að skrifstofufé presta væri nauðsynlegt fyrir kristindóminn í landinu. Sú launauppbót hefir aðeins staðið nokkur ár, og orkar vist tvímælis, hvort kristindóminum hefir farið fram síðan.

Ég veit, að hv. þm. er prestsigildi um allan lærdóm, og þá einkum guðfræði. En ef hún skyldi vera farin eitthvað að ryðga í Nýjatestamentinu, mætti rifja það upp fyrir henni, að höfundur trúar vorrar lagði einmitt alveg sérstaka áherzlu á það, að enginn safnaði auðæfum. Hún mætti gjarnan hafa í huga söguna um ríka unglinginn, einkum, ef einhver ríkur unglingur kynni að vera í íhaldsflokknum. Ef hv. þm. athugar anda guðspjallanna, þá mun hún sjá, að till. mín er miklu nær tilgangi kristindómsins en ræða hennar.

Ég fylgdi báðum till., um lækkun þingfararkaups og skrifstofufjár presta, til að hjálpa bændum. Hv. þm. vill aðeins lækka við þingmennina, en í þeirri skoðun kemur fram, eins og ég hefi bent á, fullkominn misskilningur á anda guðspjallanna og niðurstöðum kristindómsins, sem bannar öllum að safna auðæfum.

Af því að ég veit, að hv. þm. er lærð og skáldhneigð kona, vil ég að endingu lofa henni að heyra ofurlitla vísu, sem lærður maður kvað um vissa tegund fólks, þegar hann var hér á ferð fyrir skömmu. Versið er svona:

Ef allt þetta fólk fengi í glitsölum himnanna gist,
sem gerir sér mat úr að nudda sér utan í Krist,
þá hlýtur sú spurning að vakna, hvort mikils sé misst,
þótt maður að síðustu lenti í annari vist.

Guðrún Lárusdóttir: Hv. þm. S.-Þ. gleymdi alveg að svara fyrirspurnum mínum (JJ: Ég mátti aðeins bera af mér sakir). Hann sagði, að ég lítilsvirti ræktunarstarfið. Ég sagðist unna ræktun af alhug, en sýndi hinsvegar fram á, hversu hann lítilsvirðir andlega starfsemi prestanna með brtt. sinni. Hann sagði, að prestarnir væru ríkir menn, og fór að vitna í Nýjatestamentið. Vill hann nú halda því fram í alvöru, að margir prestar hér á landi hafi safnað auði? Einstöku prestar geta máske kallazt bjargálnamenn, af því að þeir voru þá búmenn og kunnu að hagnýta jarðir sínar, en um auðlegð er ekki að ræða hjá íslenzkum prestum yfirleitt, allra síst nú orðið.

Mér þótti annars leitt, að hv. þm. skyldi ekki svara fyrirspurnum mínum. (JJ: Ég sagði aðeins mína persónulegu skoðun). Nei, hv. þm. bar fyrir sig meiri hl. þjóðarinnar. Annars býst ég við, að hv. þm. sjálfur vildi helzt enga presta hafa. Okkur mun því ekki þýða að deila um þetta mál öllu lengur. Hann vill enga presta, en ég vil hafa þá sem flesta og sem bezta.

ATKVGR.

Brtt. 317 felld með 6:5 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: HermJ, IngP, JJ, PHerm, EÁrna.

nei: JAJ, JBald, MG, MJ, SÁÓ, GL.

ÞBr greiddi ekki atkv.

Fjórir þm. (ÞÞ, PM, BSt, HG) fjarstaddir.

Brtt. 307 felld með 7:5 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: MJ, ÞBr, GL, IngP, JJ.

nei: MG, PHerm, SÁÓ, HermJ, JAJ, JBald, EÁrna.

Fjórir þm. (PM, ÞÞ, BSt, HG) fjarstaddir.

Brtt. 143 felld með 9:2 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: JJ, PHerm.

nei: GL, HermJ, IngP, JAJ, JBald, MG, MJ, SÁÓ, EÁrna.

ÞBr greiddi ekki atkv.

Fjórir þm. (ÞÞ, BSt, HG, PM) fjarstaddir.

Brtt. 104 felld með 9:3 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: ÞBr, GL, JJ.

nei: MG, MJ, PHerm, SÁÓ, HermJ, IngP, JAJ, JBald, EÁrna.

Fjórir þm. (PM, ÞÞ, BSt, MG) fjarstaddir.
Brtt. 299 samþ. með 7:2 atkv.
Frv., svo breytt, samþ. með 9 shlj. atkv. og endursent Nd.

Á 41. fundi í Nd., 30. marz, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 319).
Á 42. fundi í Nd., 1. apríl, var frv. tekið til einnar umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 17 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 348).

---

8. Skatta- og tollaviðauki 1936.

Á 5. fundi í Ed., 18. febr., var útbýtt:
Frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina að innheimta ýms gjöld 1936 með viðauka (stjfrv., A. 2).

Á 7. fundi í Ed., 19. febr., var frv. tekið til 1. umr.
Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 12 shlj. atkv.

Fjmrh. (Eysteinn Jónsson) [óyfirl.]: Ég hygg, að hv. þdm. muni kannast við flest ákvæði þessa frv. Í því eru dregin saman í eitt ákvæði, sem áður hafa verið í nokkrum l. um að innheimta ýms gjöld með viðauka, þ. e. heimild til að leggja á þessa viðauka.
Fært þykir ekki að leggja til, að felld verði niður heimildin til þess að leggja á þessa viðauka, og mun ástæðan til þess koma fram, þegar farið verður að ræða fjárlagfrv. fyrir árið 1936, sem útbýtt hefir verið í þinginu og hv. þm. hafa þegar kynnt sér. Sjá hv. þm., að í því frv. er gert ráð fyrir, að viðaukarnir haldist, og ástæðan fyrir því liggur fyrir í fjárlagafrv. sjálfu.
Það þótti rétt að draga saman þessi ákvæði, sem áður var að finna í ýmsum l., og koma þeim sem mest í eitt, eins og hér hefir verið gert, til þess að menn gætu fengið betra yfirlit yfir þessi l. um álagningu viðaukagjalds þessa, sem gilt hafa og hér með er lagt til, að gilda skuli fyrir árið 1936.
Ætla ég svo ekki að fara lengra út í þetta mál að sinni, en legg til, að frv. verði vísað til fjhn. að umr. lokinni.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv. og til fjhn. með 11 shlj. atkv.

Á 21. fundi í Ed., 9. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 2, n. 66).

Á 27. fundi í Nd., 13. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Frsm. (Bernharð Stefánsson): Með frv. þessu er farið fram á heimild fyrir ríkisstj. til þess að innheimta skatta og tolla 1936 með sama viðauka og 1935. Það þarf engum orðum að því að eyða, að eins og nú er ástatt má ríkissjóður ekki missa þessar tekjur. Því leggur fjhn. einróma til, að frv. þetta verði samþ., aðeins með lítilsháttar breyt., sem skoða má sem leiðréttingu. Breytingin er sú, að vitnað er til laga nr. 73 29. des. 1934, því að frv. þetta snertir eitt ákvæði þeirra laga. Það eru ekki færri en 4 eldri lög, sem frv. þessu er ætlað að koma í staðinn fyrir. N. hefir borið frv. saman við öll þessi lög, og virðist rétt frá öllu gengið, er þetta snertir.
Hv. 1. þm. Reykv. hefir skrifað undir nál. með fyrirvara, og hygg ég, að fyrirvari sá sé aðeins vegna afstöðu flokks hans til málsins, en ekki sakir þess, að hann sem nm. hafi neitt að athuga við þá niðurstöðu, sem n. komst að. En því miður er hv. þm. ekki hér viðstaddur nú og getur því ekki gert grein fyrir fyrirvara sínum.

Jón Auðunn Jónsson: Að því er snertir fyrirvara hv. 1. þm. Reykv., þá er ég ekki viss um, að hann sé bundinn við afstöðu Sjálfstfl. til málsins, eins og hv. frsm. vildi vera láta. Ég hygg t. d., að honum eins og fleirum þyki kannske tekju- og eignarskattur, sem settur var á síðasta þingi, nógu hár, þó ekki verði farið að bæta ofan á hann 10%. Það er þegar farið að sýna sig, og mun eiga eftir að sýna sig enn betur, að það er erfitt fyrir bæjar- og sveitarfélögin að ná inn aðaltekjum sínum, sem eru útsvörin, þegar farið er jafnlangt niður í vasa borgaranna og gert er með tekju- og eignarskattslögunum frá í vetur. Ég fyrir mitt leyti get því alls ekki gengið inn á að hækka þann skatt um 10%.

Frsm. (Bernharð Stefánsson): Hv. 1. þm. Reykv. tók ekki neitt fram um það í n., í hverju fyrirvari hans væri fólginn. Ég gizkaði aðeins á, að hann væri gerður vegna afstöðu flokksins. En þó að það væri nú þetta atriði, sem hv. þm. N.-Ísf. minntist á, þá finnst mér það geta farið saman og allt staðizt.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 10:1 atkv
Brtt. 66 samþ. með 9 shlj. atkv.
2. gr., svo breytt, samþ. með 10 shlj. atkv.
3.—4 gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 9 shlj. atkv.

Á 22. fundi í Ed., 11. marz, var frv. tekið til 3. umr. (A. 103).
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 10 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 25. fundi í Nd., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 103).

Fjmrh. (Eysteinn Jónsson): Þetta frv. er komið frá hv. Ed. og var samþ. þar með einni lítilsháttar breytingu frá því, sem það var upphaflega. Það lítur ekki út fyrir, að ríkissjóður geti komizt af með minni tekjur 1936 en hann hafði 1935. Þess vegna er farið fram á að framlengja ýmsa viðauka við tekjuöflunarlög. Það þarf ekki að rekja efni þessa frv. hér. Öllum hv. þm. er það kunnugt frá fyrri þingum. Ég vil leyfa mér að leggja til, að frv. þessu verði vísað til fjhn. að aflokinni þessari 1. umr. Ég skal taka það fram, að viðaukar þessir hafa áður verið hver fyrir sig í sérstökum lögum, en eru hér dregnir saman í eitt og framlengdir til eins árs, eins og verið hefir. Ætla ég, að það sé fullt eins glöggt til yfirlits að hafa þá alla í einu frv.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 21 shlj. atkv. og til fjhn. með 21 shlj. atkv.

Á 31. fundi í Nd., 18. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 103, n. 140).

Frsm. (Sigfús Jónsson): Frv. það, sem hér liggur fyrir, er að efni til samskonar og nokkur tekjufrv., sem samþ. voru á síðasta þingi. Eru þessir tekjuliðir ríkissjóðs hér sameinaðir í einu frv.

Fjhn. hefir athugað þetta frv., borið það saman við hin tilvitnuðu l. og komizt að raun um, að frv. er þeim alveg shlj., og er það einróma till. n., að það verði samþ. óbreytt.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.
2.—4. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 17 shlj. atkv.

Á 33., 34. og 41. fundi í Nd., 20., 21. og 30. marz, var frv. tekið til 3. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 43. fundi í Nd., 2. apríl, var frv. enn tekið til 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 19 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 362).

9. Fiskimálanefnd o. fl. (stjfrv.).

Á 51. fundi í Nd., 18. okt., var útbýtt:

Frv. til l. um breyt. á l. nr. 76 29. des. 1934, um fiskimálanefnd, útflutning á fiski, hagnýtingu markaða o. fl. (stjfrv., A. 398).

Á 53. fundi í Nd., 21. okt., var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 18 shlj. atkv. og til sjútvn. með 18 shlj. atkv.

Á 57. fundi í Nd., 25. okt., var frv. tekið til 2. umr. (A. 398, n. 411).

Frsm. (Finnur Jónsson): Þetta frv. er ávöxtur þess samkomulags, er náðist á síðastl. vori milli atvmrh. og Sölusambands íslenzkra fiskframleiðenda, og aðeins staðfesting þeirra bráðabirgðalaga, sem atvmrh. gaf þá út.

Breytingin frá gildandi lögum er aðallega fólgin í því að lækka nokkuð það lágmarksákvæði, sem þar er sett um þátttöku, og einnig er kveðið nokkru nánar á um, hverjir geti orðið þátttakendur í slíku félagi og um réttindi þeirra. Ennfremur um íhlutunarrétt ríkisstj. og samstarf við fiskimálanefnd. Ég ætla ekki að rekja frv. nánar, því það er aðeins staðfesting á því fyrirkomulagi, sem hæstv. atvmrh. og fiskeigendur urðu sammála um. Sjútvn. er sammála um að leggja til, að frv. verði samþ. óbreytt, án þess þó að slá föstu, að einstakir nm. vilji ekki haga fisksölunni með nokkuð öðrum hætti en gert er í frv.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.
2.—4. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 20 shlj. atkv.

Á 59. fundi í Nd., 29. okt., var frv. tekið til 3. umr.

Ólafur Thors [óyfirl.]: Það er ekki af því, að ég sé ósammála þessu frv., sem hér liggur fyrir, og ekki heldur af því, að ég hafi löngun til að hefja um það langar umr., að ég kveð mér hljóðs, heldur af hinu, að ég kann ekki við, að þetta mál fari út úr d. án þess að á það sé minnzt. — Ég tel þetta frv. — eða þessi bráðabirgðal. — eins og það liggur fyrir mjög merkilega löggjöf, sem færi með sér breyt. á þeirri löggjöf um sama efni, sem samþ. var á haustþinginu 1934 — breytingar, sem ég tel allar til bóta og hafa orðið þess valdandi, að sú starfsemi, sem lagðist niður með þeirri löggjöf, hefir risið upp á ný. Tel ég mér óhætt að segja f. h. sjálfstæðismanna yfirleitt, að þetta frv. feli ekki í sér allar þær breyt., sem þeir kjósa að gera á þessum l., og því síður að það feli í sér allar þær breyt., sem Sjálfstfl. telur þurfa að gera á l. um fiskimálanefnd o. fl. En þó að svo sé, þá munu sjálfstæðism. greiða þessu frv. atkv. án þess að gera tilraun til að breyta því, vegna þess að frv. er niðurstaða langra samningaumleitana milli atvmrh. og umboðsmanna fyrir Sjálfstfl., og ég hygg einnig fyrir aðra flokka. Ég vildi láta þessa aths. koma fram hér, því að mér finnst rétt að fram komi áður en málið fer út úr Nd. upplýsingar um það, hvernig þetta frv. er til orðið, og jafnframt skýring á hinu, að Sjálfstfl. hefir ekki

borið fram aðrar breyt. á l. í sambandi við þetta frv. Hitt má vera, að flokkurinn beri fram sérstaklega aðra breyt., en þó alveg án sambands við þetta frv. — Ég ætla svo ekki að hafa þetta mál lengra, en vil lýsa ánægju minni yfir því, að svo giftusamlega skyldi takast til um þetta mál, að atvmrh. skyldi sjá sér fært að stíga þetta stóra spor í áttina til okkar sjálfstæðismanna. Má að vísu fullyrða, að sjávarútvegurinn hafi verðskuldað þessar breyt. sem bót fyrir fyrri yfirsjónir í þessu máli.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 21 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 55. fundi í Ed., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 398).

Á 58. fundi í Ed., 1. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv. og til sjútvn. með 10 shlj. atkv.

Á 63. fundi í Ed., 7. nóv., var frv. tekið til 2. umr. (A. 398, n. 460).

Frsm. (Ingvar Pálmason): Þetta frv. er shlj. bráðabirgðal. frá 28. maí s. l. og er borið fram samkv. 23. gr. stjskr. Um þessi bráðabirgðal. hefir enginn ágreiningur orðið, frv. hefir gengið slysalaust gegnum Nd., og sjútvn. leggur með því.

Mín skoðun er sú, að til mála gæti komið, að athugað yrði, hvort ekki væri ástæða til að gera fleiri breytingar á þessum l., sérstaklega með tilliti til þess, sem nú er fram komið, að nokkrar breyt. muni verða á greiðslum til markaðsleitar. Mér fyndist ekki óviðeigandi, að einhver ákvæði kæmu inn í frv. þessu efni viðvíkjandi, án þess þó að það hafi verið rætt nokkuð í sjútvn. — F. h. n. legg ég til, að frv. verði samþ. óbreytt.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
2.—4. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 10 shlj. atkv.

Á 66. fundi í Ed., 11. nóv., var frv. tekið til 3. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 67. fundi í Ed., 12. nóv., var frv. aftur tekið til 3. umr. (A. 398, 506).

Frsm. (Ingvar Pálmason) [óyfirl.]: Brtt. þær, sem ég flyt við þetta frv. ásamt hv. 4. þm. Reykv., eru á þskj. 506. Þær eru flestar að tilhlutun hæstv. stj. og samdar í samráði við hana.

Helzta breyt., eins og sjá má á aðaltill., er fólgin í því, að niður er fellt að mestu leyti gjald af saltfiski til markaðs- og verðjöfnunarsjóðs. Þetta er aðalbreytingin. Hinar breyt. eru smærri, og fjalla þær aðallega um það, hvernig fiskimálasjóður skuli stofnaður og á hvern hátt stj. er heimilt að verja fé úr sjóðnum. Stj. er heimilað að ákveða, að af útfluttum fiski og fiskafurðum skuli greiða gjald í sjóðinn, er nemi ½—¾ af hundraði af verðmæti þeirra, miðað við fob-verð, annara en síldarafurða.

Ég geri ráð fyrir, að um aðalbrtt. verði ekki mikill ágreiningur. Menn munu vera sammála um að fella niður að miklu leyti gjald af útfluttum fiski til markaðsleitar, og sumir vilja kannske afnema það með öllu. En við, sem flytjum þessar brtt., teljum ekki með öllu óeðlilegt, að sjávarútvegurinn standi að nokkru leyti undir þeim tilraunum, sem gerðar eru til þess að auka og efla markaðsskilyrðin fyrir sjávarafurðir, sérstaklega þeirra, sem verkaðar eru með nýjum aðferðum. Ég get því aðeins búizt við ágreiningi um þetta atriði, að einhverjir vilji ganga svo langt, að létta þessu gjaldi með öllu af fiskinum. Í Nd. hefir verið flutt frv. þess efnis; en við flm. þessara brtt. og ríkisstj. teljum það ekki réttmætt og því síður fært fjárhagslega séð.

Þess ber að gæta, að það stendur nokkuð misjafnlega á um sölumöguleika á ýmsum tegundum sjávarafurða. Eins og nú standa sakir má heita, að hægt sé hindrunarlítið að selja nokkurn hluta þeirra. Og þá virðist það ekki nema réttlátt, að af verði þeirra sjávarafurða, sem hafa sæmilegan markað, sé einhverju varið til þess að greiða fyrir og auka markaðinn fyrir þann hluta sjávarafurðanna, sem tregast gengur að selja.

Þá skal ég víkja að hinu aðalatriðinu í þessum brtt., þar sem ákveðið er að fella þetta frv., ef að lögum verður, inn í meginmál laga um fiskimálanefnd, útflutning á fiski, hagnýtingu markaða o. fl., og gefa út sem ný lög. Ég held, að það verði enginn ágreiningur um það á milli þeirra, sem ekki vilja fella niður starf fiskimálanefndar, að færa þessar breyt. inn í þau lög, sem fjalla um nefndina og starfssvið hennar. En við hinu má búast, að þeir, sem vilja fella niður fiskimálanefnd og kunna að telja þetta frv. óþarft, sjái ekki ástæðu til að færa þessar breyt. inn í eldri lögin. En þar greinir okkur, sem að frv. stöndum, svo mikið á við þá, að ekki er hægt að búast við neinu samkomulagi.

Hitt getur aftur á móti hugsazt, að ef ágreiningur verður um, hversu hátt gjald skuli greitt af sjávarafurðum í fiskimálasjóð, þá séu möguleikar fyrir einhverju samkomulagi um það, og gæti vel komið til tals að færa eitthvað saman mismunandi skoðanir um upphæð gjaldsins. Þar er ekki um stefnumun að ræða. Að öðru leyti sé ég ekki ástæðu til að fjölyrða um þessar brtt. í byrjun umr. Ég geri ráð fyrir, að hæstv. atvmrh. skýri nánar frá efni þeirra, þegar ég hefi lokið mínu máli, enda var samkomulag um það okkar á milli, að ég færi ekki ýtarlega út í fjáröflunartill. frv., hann er kunnugri þeirri hlið málsins og getur skýrt þær betur. Enda álít ég, að rétt sé að gera það í byrjun þessarar

umr., því það er ekki örgrannt um, að heyrzt hafi raddir í þá átt, að með þeim brtt. væri ekkert meint annað en að varpa fram gyllingum og loforðum, sem aldrei yrðu efnd. Ég geri ráð fyrir, að hæstv. atvmrh. geti fært fullar líkur og jafnvel sannanir fyrir því, að með þessum fjáröflunarleiðum, sem nefndar eru í frv., megi á næsta ári tryggja fiskimálasjóði allmikið fé til markaðsleitar og til annarar starfsemi fyrir sjávarútveginn.

Ég læt við þetta sitja að svo stöddu og vænti, að hæstv. atvmrh. skýri nánar frá þeim atriðum, sem ég þegar hefi nefnt.

Atvmrh. (Haraldur Guðmundsson) [óyfirl.]: Eins og hv. frsm. tók réttilega fram, þá er aðalefni þessara brtt. fólgið í því, að fella úr gildi lög þau, sem sett voru á Alþingi síðastl. haust, 1934, um markaðs- og verðjöfnunarsjóð, og þar með fiskskattinn illræmda, sem svo hefir verið kallaður. Mér þykir því rétt að gera nokkra grein fyrir því við þetta tækifæri, hvernig sá skattur var upp tekinn.

Við samninga þá, sem gerðir voru við Spánverja vorið 1934, kom það í ljós, að miklar takmarkanir yrðu settar um innflutning á íslenzkum saltfiski á Spáni. Í sambandi við samningana var þá ákveðið af fyrrv. ríkisstj. að leggja skatt á allan saltfisk, verkaðan og óverkaðan. Um þetta voru þó engin lög sett af fyrrv. stjórn, heldur var það gert að skilyrði fyrir útflutningsleyfum til fiskútflytjenda, að þeir yrðu að greiða 5 króna skatt af hverju skipp. fiskjar, sem út væri flutt.

Þannig var þessum málum komið, þegar núv. stj. tók við völdum. Kom þá fljótt í ljós, að fjöldamargir fiskeigendur vildu alls ekki greiða þennan skatt, og stóðu til málshöfðanir frá þeim út af þessu skilyrði um skattgreiðsluna. Þótti stj. sýnt, að ekki væri fært að innheimta skattinn nema með aðstoð laga, og samkv. ákvörðun fyrrv. stj. var ekki hægt að láta hann falla niður. Þess vegna voru gefin út bráðabirgðalög í ágústmánuði 1934 um álagningu fiskskattsins, þó þannig að skatturinn skyldi nema 5 kr. á skipp. til jafnaðar og miðaður við verðmæti fiskjarins, hærri á hvert skipp. af dýrasta fiski, lægri á verðminni fiski, en á ruslfiski og óverkuðum saltfiski var skatturinn afnuminn.

Þessi bráðabl. voru svo vitanlega lögð fyrir haustþingið 1934, og þar var gerð sú breyt. á þeim, að í stað þess að skatturinn var í brbl. 5 kr. af hverju skipp. til jafnaðar, þá var hann ákveðinn 6% af fiskverðinu. Bráðabl. voru samþ. með öllum atkv. í Ed., og í Nd. með öllum atkv. nema einu. Einn þdm. greiddi ekki atkv. Það liggur þannig ljóst fyrir, að í þinginu voru allir sammála um álagningu gjaldsins og gjaldstofninn, og voru lögin afgr. með fullu samkomulagi allra flokka. Þetta þykir mér ástæða til að benda greinilega á, vegna umr., sem nýskeð hafa orðið út af þessu utan þings og gætu gefið tilefni til misskilnings, ef of mikið yrði upp úr þeim lagt.

Ef brtt. 1. c. á þskj. 506 verður samþ., verða lögin um markaðs- og verðjöfnunarsjóð úr gildi felld og þar með fiskskatturinn til sjóðsins. Í staðinn fyrir það er samkv. brtt. 1. a. á sama þskj. ákveðið að stofna sjóð, er nefnist fiskimálasjóður, og er stj. heimilað, meðan takmarkaður er innflutningur á íslenzkum fiski til eins eða fleiri markaðslanda, að ákveða gjald til sjóðsins af útfluttum fiskafurðum, öðrum en síldarafurðum, er nemi ½—¾% — hálfum til þrem fjórðu af hundraði — af verðmæti þeirra, miðað við fob-verð. Þykir rétt, að þetta gjald verði greitt af öllum fiskafurðum, en ekki saltfiskinum einum, af því að ýmsar aðrar fisktegundir eru nú seldar með sæmilegu verði á erlendum markaði, og ekki er líklegt, að svo lítið gjald sem þetta er þurfi að hafa áhrif til lækkunar á verði þeirra fisktegunda, sem seldar eru til vinnslu í verksmiðjum. — Það er ekki hægt að segja með fullri vissu, hve miklu þetta gjald muni nema. En ef miðað er við útflutning fiskjar og fiskafurða 1934, má gera ráð fyrir, að það muni nema 180—200 þús. kr. En þess er tæplega að vænta, að á næstu árum verði fiskútflutningur eins mikill og þá var. Og má því fremur áætla þetta 140—200 þús. kr., eftir því hvort gjaldið verður ákveðið ½ eða ¾%.

Upp í brtt. er tekið efni úr 13. gr. l. um fiskimálanefnd o. fl., þar sem gert er ráð fyrir, að stj. megi verja úr ríkissjóði allt að 1 millj. króna í fiskimálasjóð, og heimilast henni að taka þá upphæð að láni. — Um ráðstöfun á fé úr sjóðnum skal ég geta þess, að kostnaður við störf fiskimálanefndar greiðist eingöngu af þeim hluta sjóðsins, sem myndast af fiskgjaldinu. Við aðrar greiðslur úr sjóðnum skal gæta þess, að minnst jafnhátt framlag komi af þeim hluta sjóðsins, sem ríkissjóður leggur fram, eins og þeim hluta, er fiskútflytjendur mynda með gjaldi af útfluttum fiskafurðum ár hvert.

Þá þykir mér rétt að gera grein fyrir því, hvað stj. hefir fengið að láni og notað samkv. þeirri 1 millj. króna lánsheimild, sem henni var veitt á síðasta þingi. Af þeim hluta lántökunnar í Bretlandi í vetur, sem tekin var samkv. heimild í l. um fiskimálanefnd o. fl. og nam 592 þús. kr., hefir fiskimálanefnd þegar fengið til ráðstöfunar 220 þús. kr. Þar af er stærsti liðurinn til fiskherzlu, efni í hjalla og þesshátt ar. Ennfremur framlag til útflutnings freðfiskjar og styrkur til karfaveiða, og svo ýmsar smærri tilraunir, sem ég hirði eigi að telja upp. Til þessa dags hefir þannig verið varið alls til starfsemi fiskimálanefndar 220 þús. kr., og er því eftir í reiðufé 372 þús. kr. auk þess sem ónotað er af lánsheimildinni, 408 þús. kr. Er það samtals 780 þús. kr., sem er óráðstafað og ganga á til þessarar nýbreytni, að viðbættu því gjaldi, sem falla á til fiskimálasjóðs samkv. brtt. og ég hefi áður drepið á.

Þetta er þá það fé, sem ríkisstj. gerir ráð fyrir, að hægt verði á næstu árum að nota til sérstakra ráðstafana í sambandi við ýmsa nýbreytni í verkunaraðferðum, sölu og aflabrögðum. Hér er þó ekki átt við það, er að síldarútveginum lýtur, því í l. um síldarútvegsnefnd o. fl. er heimiluð nokkur upphæð til hliðstæðra aðgerða að því er hann snertir.

Ég hygg, að það sé ekki fleira, sem ástæða er

til að taka fram í þessu sambandi. Ég vil mjög mæla með því, að hv. d. fallist á brtt. eins og þær liggja fyrir. Um ákvæði til bráðabirgða, sem samkv. brtt. er bætt aftan við frv., er það að segja, að þau eru í samræmi við l. um markaðs og verðjöfnunarsjóð, sem ákveða, að eftir að greitt hefir verið til verðjöfnunar skuli, ef afgangur verður í sjóðnum, úthluta honum til fiskútflytjenda eftir því hlutfalli, sem þeir hafa greitt í sjóðinn. Þeim reglum er gert ráð fyrir, að sé fylgt eftir að l. eru afnumin, og því er efni þeirra tekið upp í ákvæði til bráðabirgða.

Forseti (EÁrna): Mér hefir verið tjáð, að þessar brtt. hafi ekki komið til umr. í sjútvn., og fyndist mér því rétt að fresta umr. nú, til þess að sjútvn. fengi tækifæri til að taka þær til athugunar. Það hafa borizt til mín tilmæli um að fresta umr. og taka málið út af dagskrá, og geri ég það hér með.

Frsm. (Ingvar Pálmason): Það er rétt, að brtt. hafa ekki verið ræddar í sjútvn. Á fundi í gærmorgun var þó málinu hreyft, en óskir komu ekki fram um að ræða það frá þriðja nefndarmanninum. Hinsvegar vil ég ekki sem form. n. hafa neitt á móti því, að hún taki málið til frekari meðferðar.

Umr. frestað.

Á 69. fundi í Ed., 14. nóv., var fram haldið 3. umr. um frv. (A. 398, 506, 537).

Of skammt var liðið frá útbýtingu brtt. 537. — Afbrigði leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.

Jón Auðunn Jónsson [óyfirl.]: Brtt. á þskj. 506 mun vera frá hæstv. atvmrh., og ég get látið í ljós ánægju mína yfir því, að hún er fram komin, a. m. k. þeim lið hennar, er gerir ráð fyrir að fella niður 6% verðjöfnunargjaldið. Okkur sjálfstæðismönnum sýndist þegar í byrjun þessa þings, að grundvöllur sá, er gjald þetta var byggt á, hefði raskazt svo mjög, að full ástæða væri til að fella gjald þetta niður. Var þá af mönnum úr okkar flokki leitað samkomulags við stjórnarflokkana og hæstv. ráðh. um þetta atriði. Hefir nú hæstv. ráðh. og flokkar þeir, er að stj. standa, fallizt á þetta a. n. l., en þó ekki öllu, eins og brtt. bera með sér. Hæstv. ráðh. lýsti því yfir í byrjun þessarar umr., að allir flokkar hefðu staðið að því á þingi 1934, að gjald þetta yrði lagt á. Hafa margir tekið þessi ummæli hans sem mótmæli gegn ómaklegum árásum og svívirðilegum áburði, sem hv. þm. S.-Þ. hefir látið sér sæma að flytja um þessi mál. Er það sennilega gert í þeim tilgangi að reyna að deila ómaklega á sjálfstæðismenn og reyna að koma inn hjá mönnum, að þeir hafi átt frumkvæðið og sennilega úrslitaúrskurð um endanlega álagningu þessa gjalds. Náttúrlega hefði mátt ætla, að hæstv. ráðh. hefði strax, þegar þetta mál var þannig rætt, gert frekari ráðstafanir, þar sem vitað er, að Sjálfstfl. er bundin þagnarheiti í þessum málum, sem honum ber siðferðileg skylda til að bregðast ekki. Þegar þessi blaðaskrif hv. þm. S.-Þ. komu fyrir almenningssjónir, þar sem deilt er á einstaklinga og heilan flokk, í þeirri vissu eða með vísu trausti þess, að sjálfstæðismenn mundu ekki bregðast þagnarskyldu sinni um utanríkismál, þrátt fyrir það, þó mjög ódrengilega sé að vissum mönnum sveigt í umræddum greinum, í þeim tilgangi að reyna að hnekkja pólitisku gengi flokksins. Sem betur fer var þessi von hv. þm. S.-Þ. ekki út í loftið, og sjálfstæðismenn hafa ekki brugðizt þagnarheiti sínu, en að öðrum kosti hefði meira tjón getað hlotizt af en hann og hans flokkur er fær um að bæta fyrir.

Um brtt. mína á þskj. 537 vil ég segja þetta: Eins og öllum er kunnugt, stendur sjávarútvegurinn mjög höllum fæti, svo að með engu móti er rétt eða forsvaranlegt að leggja á hann aðrar eða meiri kvaðir en aðra atvinnuvegi, t. d. landbúnaðinn. Reyndar er það svo, að margir hafa lifað í þeirri trú á síðari árum, að sjávarútvegur væri sérstaklega arðberandi atvinnuvegur. Hefir þessu alveg sérstaklega verið haldið fram af flokksmönnum hæstv. atvmrh., að sjávarútvegur væri ákveðin gróðalind einstakra manna. Hafa þeir einkum viljað sanna þetta með því, að útgerðarmenn hafi haldið áfram að gera út þrátt fyrir meira og minna tap ár frá ári. En nú hefir með starfi mþn. í sjávarútvegsmálum verið sannað, að tap hefir verið á útgerðinni undanfarin ár, og síðan hún lauk störfum, eða þau síðustu ár, sem skýrslur hennar ná ekki yfir, er vitað, að þau töp eru stórfelldari en nokkru sinni áður. Mþn. í sjávarútvegsmálum kemur með ýmsar ábendingar og till. til viðreisnar þessum atvinnuvegi. Og það er vitanlegt, að þúsundir manna, bæði útgerðarmenn og sjómenn um allt land, skoruðu á hæstv. Alþ. að samþ. þessar till. eða frv., sem mþn. bar fram og þeir töldu, að orðið gæti til viðreisnar útgerðinni. En þetta hefir ekki orðið. Hv. þingmeirihluti hefir ekki séð sér það fært að ganga móts við þær till. um að létta gjöldum af útgerðinni eða styðja útgerðina, eins og farið var fram á, eða hingað til a. m. k. hefir það verið svo. Í þessu eiga útgerðarmenn og sjómenn — a. m. k. allir, sem ráðnir eru upp á hlut úr afla — sameiginlegra hagsmuna að gæta, og þeir bjuggust við, að eitthvað yrði gert, en því miður hefir lítið eða nálega ekkert verið gert af hálfu ríkisvaldsins.

Aðstaða okkar í samkeppninni við aðrar þjóðir, og þá sérstaklega frændur okkar Norðmenn, er svo erfið, að það er alveg undravert, að íslenzk útgerð skuli ekki vera komin í kaldakol fyrir löngu. T. d. er það svo, að ef fullverkaður stórfiskur selst á 75 kr. skp., þá fá sjómenn hér 33 kr., en Norðmenn fá með sama verði 52 kr. á skp.

Við það, að 6% verðjöfnunargjaldið verður fellt niður, batnar þessi afkoma sem svarar kr. 4.50 á skp., miðað við sama verð. En samt yrði mismunurinn 15 kr., sem íslenzkir útgerðarmenn fengju minna en Norðmenn fyrir hvert skp. Það er náttúrlega ekki hægt í fljótu bragði fyrir ríkisstj. að bæta aðstöðuna, svo að þessi mismunur jafnist til fulls, eða fullur jöfnuður náist milli þessara aðilja, en vissulega þarf svo að verða, ef við eigum að geta keppt við þá

í markaðslöndunum, sem eru að mestu leyti þau sömu.

Sumt má lagfæra með því að lækka skatta og tolla, er nú hvíla á útgerðinni, en sumt með bættri verzlun, t. d. á olíum og veiðarfærum, sem segja má kannske, að liggi utan við valdsvið þingsins. En þess verður að vænta af ríkisvaldinu, að það felli niður þá tolla, sem í þess valdi stendur, eins og t. d. útflutningsgjald af sjávarafurðum. Fyrir utan þann mismun, er ég gat um áðan að væri á verði pr. skp., er kæmi í hlut íslenzkra og norskra útgerðarmanna, bætist það svo við, að Íslendingar verða að kaupa sumar vörur hærra verði en Norðmenn, svo sem olíur og veiðarfæri, er ég gat um áðan. Veldur þar nokkru um lega landsins og staðhættir, og er erfitt úr því að bæta, svo að jöfnuður náist, en það, sem liggur í valdi þingsins, er að fella niður útflutningsgjaldið, og þó að það muni ekki nema 1—2 kr. á skp., munar það þó nokkru, og jafnvel því, sem oltið getur á til eða frá um afkomu útvegsins. Þess vegna hefi ég borið fram brtt. á þskj. 537, er fer fram á, að ákvæðinu um ½—⅛ % gjaldið verði af létt. Hefði náttúrlega mátt fella niður allan liðinn, því að í l. nr. 76 frá 29. des. 1934, um fiskimálanefnd o. fl., eru einmitt í 13. gr. ákvæði svipuð og í 1. lið a. um heimild fyrir ríkisstj. til lántöku í því skyni að greiða fyrir sölu afurða og styrkja nýjar veiðiaðferðir og verkunar.

Magnús Jónsson [óyfirl.]: Það er dálítið einkennilegt við þessar umr., að í rauninni eru hér tvö mál, sem liggja fyrir. Annarsvegar er það sjálft frv., sem er í raun og veru ekki annað en staðfesting á bráðabirgðalögum um breyt. á l. um fiskimálanefnd o. fl., sem ekki orkar tvímælis, vegna samkomulags, sem er um það mál. Annars er þetta frv. dálítið sögulegt plagg og vekur upp endurminningar frá síðasta þingi, þegar rætt var um afstöðu stj. í fisksölumálunum. Er ekki ástæða til að rifja það frekar upp; það hefir oft verið gert, m. a. á mörgum stjórnmálafundum í sumar, en það er ljóst og vitað mál, að nú er þessum málum ráðstafað á allt annan hátt en stj. ætlaðist til í upphafi, eða þegar frv. þetta kemur fyrst fyrir þingið í fyrra. Það var að vísu góðra gjalda vert af hæstv. stj., þegar hún sá, að þetta var komið í óefni og sneri frá villu síns vegar og tók það ráð að láta fisksölusambandið haldast, þótt það yrði í dálítið öðru formi, t. d. að því leyti, að stj. þess varð öðruvísi og dýrari. Samkv. þessum bráðabirgðal. og þessu frv. er stjórn fisksölusamlagsins mjög vandlega skipuð; hana skipa fulltrúar, sem aftur eru skipaðir af öðrum fulltrúum hér og hvar af landinu, og skulu þessir stjórnarfulltrúar gæta þess, að vel megi fara úr hendi sala þess fiskjar, sem við getum selt í útlöndum. Við þetta frv. er svo í rauninni tengt annað frv. með brtt. þeim, sem hér liggja fyrir. Það liggur nærri, að það sé óforsvaranleg málsmeðferð að tengja þannig, við síðari umr., alveg nýtt mál, sem ekki er neitt smámál, við annað frv., því að ég verð að segja, að þessar brtt., sem hér liggja fyrir, fara fram á nýja lausn á mjög vandasömu máli. Verði þær samþ. hér í einhverju formi, þá mun frv. fara til hv. Nd. og fá þar líka eina umr., og þetta frv., sem ekki liggur ljóst fyrir, fær aðeins eina umr. í hvorri deild, í stað þriggja umr., eins og venjulegt er. Það kann að vera, að það brjóti ekki í bága við þingsköp að tengja þannig tvö mál saman, en það er samt ákaflega óeðlilegt, eins og sjá má af því, að með þessum brtt. eru úr gildi numin l. um allt annað atriði en hér um ræðir, sem sé l. um markaðs- og verðjöfnunarsjóð, og þannig fela þessar brtt. í sér ráðstafanir um allt annað en það, sem um er að ræða í frv. sjálfu. Það hljóta talsverð veðrabrigði að vera orsök til þess, að slíkar till. koma fram, því að það er tiltölulega stutt síðan allir flokkar á þingi voru sammála um, að nauðsyn bæri til þess að leggja afarhátt gjald á útfluttan fisk, til þess, eins og mig minnir að það hafi verið orðað, að viðhalda, auka og tryggja markað fyrir saltfisk. Enda þótt þessu gjaldi hafi verið komið á, þá er ekki þar með sagt, að allir hafi verið á eitt sáttir um réttmæti þessa gjalds á útfluttum fiski og um það, hvort það hafi verið rétt ákveðið og hvort ástæða hafi verið til þess að taka svo mikið fé af fiskútflytjendum. Þótt menn væru sammála um höfuðtilgang þessa markaðs- og verðjöfnunarsjóðs, þá gátu vitanlega verið skiptar skoðanir um það, hvernig ætti að innheimta þetta fé og hve mikið það skyldi vera. Það er því í sjálfu sér ekki óeðlilegt, þótt fram kæmi frv. um breyt. á þessu, og frv. í þá átt er komið fram frá hendi þeirra, sem fóru fram á, að þessu gjaldi yrði létt af, en á hinn bóginn á að verja í þessu skyni nokkru af hinum almennu tekjum ríkissjóðs, og það er eðlilegt, að slík till. komi fram, því að það er ekki opinberlega upplýst á neinn hátt, að þörfin fyrir að tryggja og auka markaðinn í útlöndum sé nú horfin. Það er því í alla staði eðlilegt, að þeir, sem hafa áhuga á að koma sínum vilja fram í því að breyta innheimtuaðferðinni og kannske upphæðinni, sem varið er í þessu skyni, telji ekki annað forsvaranlegt en að stj. sé heimilað nokkurt fé til þess að halda uppi þessari nytsömu starfsemi. Það hefir verið deilt um þetta frv., og það hefir verið talið hvatskeytislegt að koma fram með það, en á hinn bóginn hefir það verið mjög vandlega undirbúið, bæði af þeim, sem hafa verið í stj. fisksölusamlagsins, og hv. sjútvn. Nd., svo að það kemur ekkert flatt upp á menn, þótt þessar till. komi fram. Þegar hæstv. stj. sér sér fært að fella niður gjald, án þess að taka svipað gjald í staðinn, þá eru það auðvitað í fljótu bragði gleðileg tíðindi, að það skuli ekki vera þörf á þessum gjaldeyri, og vitanlega dettur þeim, sem borið hafa fram frv. um breyt. á þessu gjaldi, ekki í hug að neyða neinni slíkri heimild upp á hæstv. stj. á móti yfirlýsingu frá henni um það, að hún þurfi ekki á þessu gjaldi að halda; en þessar brtt. hæstv. stj. verða ekki skildar öðruvísi en sem yfirlýsing frá henni um það, að hún hafi ekki þörf fyrir þetta gjald. Þessu hljóta menn að taka fegins hendi, því að satt að segja er þetta gjald á útfluttum fiski svo hátt, að það er engin furða, þótt menn séu

orðnir þreyttir á því að standa undir þessum skattabyrðum, enda þótt þeir hafi sætt sig við það hingað til í þeirri trú, að það væri óhjákvæmilegt til framhaldstilveru atvinnuvegar þeirra. Þegar búið er að taka þetta 6% gjald og það, sem stjórn þessara mála kostar, það, sem þarf til þess að jafna milli þeirra, sem fisk selja, og loks þegar búið er að taka útflutningsgjaldið, sem rennur í ríkissjóð, þá er allt samanlagt gjaldið á útfluttum fiski orðið um 14—15%. Það er því engin furða, þótt menn fagni yfir því, að hægt sé að létta af þeim verulegum hluta af öllu þessu gjaldi. En á hinn bóginn heggur það skarð í ánægjuna, ef svo er, að hæstv. stj. ætlar á einhvern hátt að vanrækja það hlutverk, sem henni með réttu ber í þessum efnum, því að það er auðvitað, að þessi tilgangur, að viðhalda,auka og tryggja markaðinn fyrir saltfiskinn, er svo nauðsynlegt verk, að menn reyna jafnvel að þola mjög þungar skattaálögur í þessu skyni, til þess að missa ekki markaðinn. Þess vegna gera þessar brtt., sem hér liggja fyrir, ráð fyrir því, að í stað markaðs- og verðjöfnunarsjóðs, sem farið er fram á að lagður verði niður, komi sjóður, sem á að heita fiskimálasjóður. Þessum sjóði á að afla tekna með tvennu móti. Í fyrsta lagi með því móti, að ríkissjóður leggur fram 1 millj. króna, sem hæstv. stj. er heimilt að taka að láni, eða jafngildi upphæðarinnar í erlendri mynt. Í þessu sambandi vil ég beina þeirri fyrirspurn til hæstv. ráðh., hvernig hann skilji þessa lántökuheimild. Hann upplýsti, að af lántökuheimildinni, sem áður var til, einni millj., sé búið að nota hér um bil 600 þús. krónur. Nú vil ég spyrja, hvort meiningin sé sú, að taka 1 millj. kr. til viðbótar við þessar 600 þús. krónur, eða hvort hér er um endurnýjun á gömlu heimildinni að ræða, þannig að þetta gildi aðeins um það, sem eftir er af lántökuheimildinni. (**Atvmrh.**: Það er um endurnýjun á gömlu heimildinni að ræða). Ef svo er, þá skilst mér, að réttara hefði verið að taka upp það, sem eftir var af hinni lánsheimildinni, og veita svo stj. heimild til þess að taka þessar ca. 400 þús. kr., sem eftir eru af gömlu lánsheimildinni. Mig rekur minni til þess, að þegar þetta frv. var á döfinni á síðasta þingi, þá vildi ég koma því á, að heimild þessara l. minnkaði um þá upphæð, sem stj. notaði í þessum tilgangi af enska láninu. Af þessu varð samt ekki. En nú, þegar á að fara að gera upp í þessu efni, þá er sjálfsagt að binda lánsheimildina aðeins við það, sem eftir var af fyrri lánsheimildinni, ef það er ekki tilgangurinn að heimila hæstv. stj. að taka nýtt millj. króna lán. Fyrir utan þetta framlag úr ríkissjóði er svo heimilt að afla tekna í þennan nýja sjóð með því að leggja ½—¾% gjald á útfluttan fisk og fiskafurðir, að vísu þó að undanteknum síldarafurðum. Hæstv. ráðh. hefir upplýst, að þetta gjald gæti numið um 200 þús. kr. á ári, eða nánar áætlað 150—220 þús. kr., og það er tekið fram í sömu málsgr. og talað er um ½—¾% gjaldið, að kostnað við störf fiskmálanefndar eigi eingöngu að greiða af þessu gjaldi. Mér hefir verið sagt, að fiskimálanefnd kostaði út af fyrir sig um 60 þús. kr. Svo það er laglegt skarð, sem höggið er í þessar tekjur, ef ⅓ af þeim fer í kostnað við fiskimálanefnd. Það væri því kannske hyggilegra, eins og minnzt hefir verið á í umr. um þetta mál, að leggja niður þessa n. án þess að neitt verulega munaði um það, en fela í þess stað stjórn fisksölusamlagsins að fara með þessi mál, með einhverjum tilkostnaði að vísu, en miklu minni heldur en nú á sér stað. Þegar búið er að taka ⅓ af þessu gjaldi, sem ég nefndi áðan, og aðeins ⅔ eru eftir af því, þá finnst mér vera lítið fé eftir til þess að vinna að því verkefni, sem hér um ræðir. Ég er hræddur um, að hér sé um eintómar kákráðstafanir að ræða, og þetta ¾% gjald verði að nýrri viðbót við útflutningsgjald á fiskinum, sem vissulega þyrfti frekar að létta af honum heldur en að hækka þannig. Ef það er á annað borð tilfellið, að horfin sé þörf fyrir gjald til þess að tryggja og auka og viðhalda markaðinum fyrir saltfiskinn, þá mun ég fyrir mitt leyti verða með till., sem ganga í þá átt að létta þessu gjaldi alveg af.

Ég hefi nú ekki ástæðu til þess að fara öllu fleiri orðum um þetta. En að lokum vil ég þó segja það, að mér finnst orka mikilla tvímæla, hvort rétt sé að bera flókið mál fram í því formi, sem hér er gert; það er vitanlega eðlilegt og sjálfsagt að bera fram frv. um þetta efni, sem fengi svo sínar venjulegu umr. í báðum deildum og nefndarmeðferð eins og önnur og miklu einfaldari mál eru vön að fá. Annars minnir mig, að við fyrri hluta þessarar umr. hafi málinu verið frestað, vegna þess að n. ætlaði að athuga þetta mál, en það hefir ekkert heyrzt frá þessari n. viðvíkjandi þessum athugunum hennar, og verð ég því að telja það einkennilega meðferð á máli, ef einstakir hv. þm. — jafnvel þótt þeir kunni að hafa umboð frá hæstv. stj. í þessu efni — bera fram svo yfirgripsmikla till. sem hér um ræðir, sem á svo að ganga nefndarlaust og með eina umr. gegnum hvora deild.

Atvmrh. (Haraldur Guðmundsson) [óyfirl.]: Þessar umr. hafa farið mjög á víð og dreif, og ég geri ekki ráð fyrir, að ég geti gert það fyrir hv. ræðumenn að elta alla þá útúrdúra, sem farnir hafa verið í sambandi við þetta mál. Ég mun þó leitast við að gera skil nokkrum atriðum, sem máli skipta. Hv. þm. N.-Ísf. komst svo að orði, að sér væri það að sjálfsögðu mikið gleðiefni, að ráðh. og ríkisstj. hefðu getað fallizt á að verða við óskum sjálfstæðismanna að létta markaðs- og verðjöfnunarsjóðsgjaldinu af. Hv. þm. veit, að hann er hér að fara með rangt mál. Það hefir ekki verið farið eftir kröfum nokkurra manna í þessu efni, hvorki sjálfstæðismanna né annara. Hv. þm. veit vel, að hann fer með rangt mál. En það skiptir minnstu máli, því að aðalatriðið er efni frv., hvernig sem það er til komið. Þá talaði hv. þm. mikið um þá hörmulegu meðferð, sem hinir „hjartahreinu“ og „göfugu“ sjálfstæðismenn hefðu orðið fyrir í blöðunum í sambandi við blaðadeilur um utanríkismál, fiskverzlunarmál o. s. frv. Ég mun ekki gera hv. þm. það

til geðs að fara að ræða um blaðadeilur við hann, enda tel ég ekki minnstu ástæðu til þess. Einn meginhluti ræðu hv. þm. var um efni, sem að vísu má segja, að komi þessu frv. nokkuð við, en er þó svo fjarri því, liggur mér við að segja, að það er ekki hægt að segja, hvernig frv. reiðir af, komi það til með að hafa veruleg áhrif í þá átt að bæta úr þeim ágöllum, sem hann benti á. Hv. þm. taldi, að því er mér skildist, að ein ástæðan fyrir því, hversu völtum fótum útgerðin stæði, væri sú, að ég og sá flokkur, sem ég telst til, hefði stöðugt talið fólkinu trú um, að gróði útgerðarinnar væri svo mikill, að til hennar mætti gera næstum taumlausar kröfur. Ég hefi nokkrum sinnum áður átt orðaskipti við menn um þetta og skal því ekki fjölyrða um það að þessu sinni. En ef útgerðarmenn telja, að það séu kaupkröfur verkamannanna á sjó og landi, sem unnið hafa við fiskinn, sem steypt hafa útgerðinni á höfuðið, þá fer þeim ekki ólíkt þeim, sem sá flísina í auga bróður síns, en gleymdi bjálkanum í sínu eigin auga. Til þess að sannfærast um, hversu margfalt meira útgerðarmenn hafa borið úr býtum heldur en verkamennirnir, sem hjá þeim hafa unnið, þarf ekki annað en að líta á mannvirkin, bæði hér í bænum og uppi í Mosfellssveit, sem næstum eingöngu hafa verið gerð fyrir fé frá útgerðinni. Það er náttúrlega í sjálfu sér ekki nema gott, að menn leggi milljónir í húsbyggingar og jarðeignir, en það fé, sem þannig er bundið, verður hinsvegar ekki notað til útgerðar, sem er á hausnum. Það er enginn vafi á því, að þessar blöðtökur hafa valdið útveginum mjög þungum búsifjum og eiga því vafalaust mjög mikinn þátt í því, hversu hagur hans er nú bágborinn.

Ég skal játa, að ég er ekki að svo stöddu við því búinn að svara útreikningum hv. þm. á verðmismun á saltfiski hér og í Noregi. Eftir því, sem hann upplýsti, er verðmunurinn 19 kr. á hvert skp., og fá Norðmenn 19 kr. meira fyrir skp. Þetta kann vel að vera, en samt hefi ég rekið mig á, að það hefir komið fyrir, að útreikningi hefir skakkað hjá þessum hv. þm., ef tölur hafa ekki verið fyrir hendi. En sé þetta rétt, þá er það ljóst, að sú brtt., sem hv. þm. flutti um að fella niður ½—¾ % gjaldið, er tilgangslaus að mestu, því að þá hefði þetta litla gjald næstum engin áhrif til þess að jafna þann mikla mismun, sem er á því verði, sem íslenzkir og norskir fiskimenn fá fyrir fiskinn.

Skal ég þá víkja nokkrum orðum að hv. 1. þm. Reykv. Hann byrjaði sína ræðu á því að tala um, að það væri mjög óviðkunnanlegt að blanda saman tveimur óskyldum málum, þ. e. a. s. þessum umr. um breyt. á l. um fiskimálanefnd annarsvegar og niðurfellingu l. um markaðs- og verðjöfnunarsjóð hinsvegar. En þetta eru ekki óskyld mál. Þau eru svo náskyld, að þegar lagt er til, að gjaldið í markaðs- og verðjöfnunarsjóð verði fellt niður, þá er vitanlega afar eðlilegt, að þetta fé sé lagt undir fiskimálanefnd, sem hefir þessi störf með höndum. Hv. þm. talaði um þá breyt., sem hér liggur fyrir á bráðabirgðal. um útflutning á fiski, fiskimálanefnd o. fl. Um hana sagði hann, að stj. væri að snúa frá villu síns vegar, því að þegar þetta mál hafi legið fyrir þinginu áður, þá hafi hún hugsað sér allt annað fyrirkomulag á fiskverzluninni heldur en síðar er tekið upp, að mér skilst, með þessum bráðabirgðal., sem hér liggja fyrir. Hv. þm. veit, að hann fer hér með rangt mál. Við allar umr. í báðum deildum um þetta mál fullvissaði bæði ég, og einnig þeir, sem stóðu að þessu frv., andstæðingana um það, að við óskuðum og vonuðum, að fiskverzlunin gæti sem mest verið á einni hendi, þannig að hægt væri að nota ákvæði löggjafarinnar um einn aðalútflytjanda. En það voru einmitt hv. andstæðingar okkar í þessu máli, sem kölluðu alla góða vætti til vitnis um, að samtök útgerðarmanna yrðu sprengd og að heiður og velferð landsins væri í veði, ef frv. yrði samþ. Frv. var samþ. og það sýndi sig, að í staðinn fyrir það mikla ófremdarástand, sem áður ríkti um fiskútflutninginn, hafa komið tiltölulega mjög öflug samtök fyrir kraft þessara laga, með meiri þátttöku en flestir gátu jafnvel gert sér von um, að yrði. (MG: Til hvers þurfti þá bráðabirgðalögin?). Ég skal koma að því. Sú breyt., sem gerð var með bráðabirgðal., er, að áður var tiltekið 75% lágmark af fiskmagninu til þess að geta orðið aðalútflytjandi og til þess að geta gengið í félag fiskframleiðenda, er gert ráð fyrir 65% lágmarki samkv. ákvæðum bráðabirgðal. Önnur breyt., sem gerð hefir verið, er sú, að samtímis því, sem breyt. var gerð og nokkuð var þröngvað kosti þeirra, sem ekki vilja taka þátt í þessum samtökum, þótti rétt að gera aðra breyt., sem er í því fólgin, að þeir, sem í félaginu væru, gætu ekki ráðið stjórnendunum öllum, heldur skyldu vera tilnefndir 2 menn af stj., sem tækju svo þátt í stjórnarstörfum vegna hinna, sem neyddir voru til þess að ganga í félagið. Og þetta eru þær tvær höfuðbreyt. á fisksölumálunum, sem gerðar voru með bráðabirgðal. síðastl. vetur. Nú skal ég játa að, að nokkuð hefir verið gengið móti fiskútflytjendum til samkomulags, með því að færa niður lágmarksákvæðið um fisksölumagn, miðað við það, sem ákveðið var í l. frá síðasta þingi, en það var gert gegn því, að ríkisstj. fengi aukin áhrif í félaginu með því að skipa tvo menn í stjórn þess. Ég tel þessa lausn málsins sæmilega viðunandi fyrir alla aðila, og hefi ekki orðið var við annað, en að flestir séu ánægðir með hana. En ef hv. þm. er einhver hugfró í því að telja sér trú um, að hans flokkur hafi borið hærra hlut í þessu máli, þá er honum það velkomið, því það er ekkert annað en hugarburður.

Í sambandi við það, sem hv. þm. var að segja um, að ríkisstj. virtist nú orðið ekki leggja mikið upp úr nauðsyn verðjöfnunarsjóðs, vil ég taka fram, að í fyrrahaust, er l. um verðjöfnunarsjóðinn voru samþ., var fullkomið samkomulag milli allra flokkanna um að stofna sjóðinn, bæði um það, hversu hátt gjaldið til hans skyldi vera, og eins hitt, hvernig það var lagt á. Þess vegna er það ekki nema leikur að látast nú vilja breyta öðrum meginþætti l., nefnilega þeim, hvernig gjaldsins er aflað. Það

er ekki annað en bein riftun á samkomulagi flokkanna frá því í fyrra, það frv., sem flokksbróðir þessa hv. þm. ber fram í hv. Nd. um það, að ríkissjóður greiði allt verðjöfnunargjaldið. Hér var um fullkomið samkomulag að ræða, það er því undarlegt, að þetta frv. skuli koma fram án þess um það sé talað að slíta gerðum samningum milli flokkanna.

Þá hélt hv. þm. því fram, að ríkisstj. teldi ekki þörf á því að halda áfram tilraunum til þess að auka markað fyrir sjávarafurðir eða leita að nýjum. Þetta er náttúrlega hinn mesti misskilningur. Hér segir í b-lið 3 á þskj. 506, að ríkisstj. hafi heimild til að veita stofnunum eða einstaklingum lán eða styrk til „að gera tilraunir með útflutning og sölu sjávarafurða á nýja markaðsstaði, svo og til að auka sölu þeirra á hinum eldri". Þetta sýnir ljóslega, að ummæli hv. þm. hafa við ekkert að styðjast. Er hér aðeins annað orðalag en í l., en meiningin er hin sama. Þær tekjur, sem vænta má, að þessi sjóður fái, eru frá 150 til 200 þús. kr., auk þess, sem eftir er af þeirri 1 millj. kr., sem heimilað var í fyrra til tilrauna um nýjar aðferðir í fiskverkun og eflingu og öflun markaða. Ég get svarað hv. þm., sem spurði, hvort hér væri um nýja lántökuheimild að ræða, því, að svo er ekki. Ég tel, að þetta sé nægilega ljóst tekið fram, en hinsvegar er ekkert á móti því að orða það ákveðnar, ef einhverjum finnst þess þurfa. (MG: Já, það er nauðsynlegt).

Þá taldi hv. þm. mikla nauðsyn á því, að leggja niður fiskimálan., þar sem Sölusamlagið sé komið á svo góðan grundvöll. Fiskimálan. sé óhæfilega dýr, og hana megi alveg spara. Ég skal játa, að hún er nokkuð dýr. Það vinna þar sjö menn, og hún kostar alls nákvæmlega jafnmikið og einn framkvæmdarstjórinn við sölusamlag ísl. fiskframleiðenda, 21 til 22 þús. kr. Það er óneitanlega nokkuð mikið fé. En það er ekki ómögulegt, að það gæti orðið eitthvað minna, og mun ég reyna að draga úr þessum kostnaði um áramótin. En það væri þá kannske ekki úr vegi að athuga um leið, hvort ekki verði hægt að draga úr fleiri liðum, er snerta fisksöluna. Hinsvegar gef ég ekkert loforð um það, að hægt verði að draga úr kostnaði við fisksölusamlagið, en hitt er aðalatriði málsins, hvort þessi stofnun á að halda áfram að starfa eða ekki. Þar er því til að svara, að samkv. l. um fiskimálan., þá er hún eina stofnunin, sem tryggt er, að sé alltaf málsvari fyrir sjávarútveginn. Fisksölusambandið er ekki löggilt nema til eins árs, og engin trygging er fyrir því, að það verði ekki lagt niður eftir árið. Það er ekki heldur hægt að setja lög um, að það eigi að starfa áfram. Þeir einstöku útgerðarmenn og félög, sem mynda það, geta þegar þeim sýnist leyst það upp og stofnað „gruppur" til þess að annast fisksöluna, og væri þá engin stofnun til í landinu, er annaðist störf fiskimálanefndar á næsta ári. En það verður að telja lífsnauðsyn, að slík stofnun sé til, til þess að jafna fiskinum á markaðina og ennfremur að auka sölu á harðfiski, freðfiski o. fl. Og ég tel ekki líkur til þess, að öðrum sé betur trúandi til þess að inna það starf af hendi heldur en þeim mönnum, sem nú eiga sæti í fiskimálanefnd.

Jón Auðunn Jónsson [óyfirl.]: Hæstv. atvmrh. sagði, að það væri alrangt hjá mér, að Sjálfstfl. hefði átt upptök að því að bera það í mál við stjórnarflokkana að leggja niður 6% útflutningsgjaldið. Þetta er alrangt hjá honum. Það var samþ. á fundi í Sjálfstfl. að fara fram á það, að þetta gjald yrði látið niður falla, af því grundvöllurinn fyrir því hefði raskazt og fulltrúar okkar í sjútvn. Nd. báru fram till. á fyrsta fundi í n. um að fella gjaldið niður. Sannar þetta afstöðu Sjálfstfl. og þarf ekki fleiri vitna við með það, en hinu get ég trúað, að hæstv. ráðh. þyki erfitt að afsaka þær blaðagreinar, sem birzt hafa í öðru dagblaði stj. undanfarið eftir hv. þm. S.-Þ. um þetta mál. (JJ: Ég er nú ekki byrjaður að tala við hv. þm. enn). Hæstv. ráðh. sagði, að þessi sparnaðartill. mín væri svo lítið korn í mæli útgerðarkostnaðarins, að ekkert munaði um það. Það er nú svo, að margt smátt gerir eitt stórt, og ef allir hinir mörgu smáu útgjaldaliðir, sem á útgerðinni hvíla, halda áfram að vera til, þá getur það orðið til þess að gera út um það, hvort þessi atvinnugrein getur haldið áfram eða ekki. Hæstv. ráðh. talaði um kaupkröfur á hendur útgerðinni og taldi, að stjórnendur hennar hefðu gert henni mest ógagn með því að nota fé frá henni til húsabygginga og til þess að koma á stofn búskap. Þetta getur átt við í einstöku tilfellum hér í Rvík, en tæplega annarsstaðar. Hann þekkir víðar til en hér og veit, að þetta er satt, og það sýnir, að útgerðarmenn hafa neitað sér um að gera margt þarflegt, af því að þeir hafa viljað halda fénu í útgerðinni. Ég get sagt honum það, að svo hefir það verið fyrir vestan. T. d. get ég glatt hann með því, að þegar ég veitti forstöðu togaraútgerð fyrir vestan, tók ég fyrir það ekki nema 6000 kr. á ári, og var það allur stjórnarkostnaðurinn. Af þessari upphæð borgaði ég skrifstofumanni 3000 kr. og fyrir ljós, hita o. fl. 1200 til 1500 kr. Ég þekki mörg dæmi um slíkan sparnað, en ég veit líka dæmi til þess, að hrúgað var upp ógnarháum gjöldum í stjórn útgerðarfélags, sem hann var við riðinn. Á ég þar við Útgerðarfélag Ísfirðinga. Þar komst stjórnarkostnaðurinn upp í 7000 kr. á ári á hvern bát. (PM: Hvað voru bátarnir margir?). Þeir voru sjö. En þegar rætt er um slíka hluti sem þessa, þá er bezt að miða við það almenna, en ekki einstök dæmi, enda hitta þau a. m. k. eins vel þau fyrirtæki, sem hæstv. ráðh. hefir verið riðinn við, eins og önnur. Annars held ég, að engum blandist hugur um það, ef útgerðin á framvegis að fleyta því, sem á henni hvílir, þá verður hún að losna við mikið af þeim opinberu gjöldum, sem á henni hvíla, fleiri en útflutningsgjaldið. Það er vitanlegt, að margt af því, sem kaupa þarf til útgerðarinnar, er hátt tollað. Er það yfirgengilegt, sem ég hefi fært sönnur á, að sumar vörur til togaraútgerðarinnar eru skattlagðar með yfir 50% háum tolli.

Hæstv. ráðh. minntist á fisksölusamlagið og þær breytingar, sem það hefði tekið eftir l. frá 29. des. s. l. Með þeim l. var þeim, sem vildu

sprengja samtök fiskútflytjenda, gefið undir fótinn með að taka upp gruppusystem, en hæstv. ráðh. sá þann kost vænstan að hverfa frá þeirri stefnu og með bráðabirgðal., sem hann gaf út í janúar, fól hann fisksölusamlaginu alla fisksöluna. Menn bjuggust við, að fresturinn, sem gefinn var með bráðabirgðal., yrði notaður til þess að koma á mörgum útflytjendum, en sem betur fór sá hæstv. ráðh. að sér í tíma. Hann sá, að hér var komið út á skakka braut, og gekk inn á það í samráði við þá menn, sem stóðu að sölusambandinu, að færa hámarkið úr 75 í 65% og opna með því möguleika fyrir því, að Sölusambandið gæti starfað áfram. En það var vitað, að ef hæstv. ráðh. vildi ekki lækka þetta skilyrði og að öðru leyti styrkja aðstöðu sölusambandsins, þá var ómögulegt, að það gæti lifað. Og það var ennfremur vitað, að margir vildu gruppusystemið heldur, og sumir af þeirri ástæðu, að það mundi leiða til ríkiseinkasölu innan skamms. Ég þakka hæstv. ráðh. fyrir stefnubreytingu hans, og það mega allir landsmenn beint eða óbeint vera honum þakklátir fyrir þá stefnubreyt., sem hann tók í apríl og maí s. l.

Hann sagði, að einhverjir menn í sölusambandinu hefðu viljað þröngva kosti hinna smærri fiskframleiðenda. Til þess að sýna fram á, hversu fjarstætt það er, þá vil ég upplýsa það, að aðeins tvö firmu misstu annað 1½ og hitt 1 atkv. við breytinguna á sambandinu, miðað við það fyrirkomulag, sem gilti 1934. Annað þetta firma var fisksölusamlag Vestfjarða, og missti það 1 atkv. Annars er það mikil fjarstæða, að búið væri að ganga endanlega frá fyrirkomulagi fisksölusambandsins 1934. Ég fyrir mitt leyti neitaði að greiða atkv. um fyrirkomulagið fyrr en ég væri búinn að bera það undir mína umbjóðendur í fisksölusamlagi Vestfjarða, og margir aðrir tóku í sama streng. Það hefðu því getað orðið breytingar á fyrirkomulagi S. Í. F. eftir að búið var að ræða lög þess í einstökum héruðum.

Jónas Jónsson óyfirl.): Ég frétti það, að hv. þm. N.-Ísf. hefði farið nokkrum orðum um blaðagreinar, sem ég hefi fyrir nokkru skrifað um fisksöluna í eitt dagblaðið. Þegar ég kom hér að, var ræða hans að fjara út. Mér skildist, að kjarninn í ræðu hans væri sá, að hann hefði sagt, að allir flokkar hefðu staðið að fiskskattinum, og í öðru lagi, að ég hefði sagt eitthvað í mínum blaðagreinum, sem ekki hefði mátt segja.

Ég vil fyrst vekja athygli hans á því, sem sagt er um stofnun skattsins í einu dagblaðinu í dag og byggt er á því, sem liggur fyrir staðfest í skýrslum fisksölusambandsins. Undir skýrsluna hafa ritað nöfn sín Richard Thors, Ólafur Proppé, Kristján Einarsson, Magnús Sigurðsson og Helgi Guðmundsson.

Í þessari skýrslu er vikið að stofnun þessa gjalds. Segir þar m. a.:

„Vegna viðskiptaráðstafana þeirra, sem nú höfðu verið gerðar á Spáni, varð auðvitað að grípa til samsvarandi ráðstafana hér heima fyrir, sem fram að þessu höfðu verið ónauðsynlegar. Þegar vitað var um innflutningsskerðinguna til Spánar, voru gefin út bráðabirgðalög þ. 26. maí um heimild fyrir ríkisstj. til íhlutunar um sölu og útflutning á saltfiski.

Samtímis ákvað ríkisstj., að fiskútflytjendur greiddu ákveðið gjald í sjóð, sem varið skal „eftir því sem með þarf, til þess að efla, tryggja og auka fiskmarkað, og til annara nauðsynja í þágu saltfiskverzlunar landsmanna á þann hátt, er ríkisstj. ákveður".

Þá kemur frásögn um, hversu hátt gjaldið var ákveðið. Segir síðan:

„Þótt viðaukabráðabirgðalögin, sem snerta sjóð þennan (verðjöfnunarsjóðinn), væru ekki gefin út fyrr en 20. ágúst, þá var þegar frá upphafi, samkv. ákvörðunum ríkisstj. haldið eftir hinu tilskilda útflutningsgjaldi".

Þá segir í skýrslunni, að meðal fiskeigenda hafi brátt risið óánægja út af þessu gjaldi. Í ágústmánuði hefði fisksölusamlaginu borizt allmörg bréf, og hefði stj. svarað þeim bréflega. Í bréfinu hefði stj. tekið fram m. a.:

„Eftir að lög þessi voru út gefin, lét ríkisstj. þegar í ljós við Sölusambandið og vafalaust einnig aðra útflytjendur, að óhjákvæmilegt myndi, vegna aðstöðu vorrar í markaðslöndunum, að stofna verðjöfnunarsjóð af andvirði útfluttrar fiskframleiðslu yfirstandandi árs. Gerði stj. ráð fyrir að setja bráðabirgðalög um þetta efni hið fyrsta.

Eftir rækilegar yfirveganir þessa máls var hnigið að því ráði að skuldbinda Sölusambandið gagnvart ríkisstj. til þess að halda eftir hinu tilskilda gjaldi. Var þá gert ráð fyrir, að bráðabirgðalögin um útflutningsgjaldið yrðu þegar sett, en þetta dróst, svo sem kunnugt er, þangað til 20. ágúst. Verður eigi hér um það rætt, hvað valdið hafi drætti þessum, en vafalaust hafa stjórnarskiptin átt þátt í þessu".

Nú vil ég beina þeirri eðlilegu fyrirspurn til hv. þm. N.-Ísf., hvað það er um fisksölumálin, sem ég hefi skrifað og ekki mátti segja. Ég býst við, að hv. þm. sé það ekki ljóst, að það, sem ég undirstrika í greinum mínum, er hvernig skatturinn var lagður á. Þeir segja, að bráðab.-lögin frá 26. maí hafi ekki verið eins og þau hefðu þurft að vera, og þeir lýsa óánægju sinni yfir því, hve langur tími leið frá 26. maí og þangað til brbl. um útflutningsgjaldið voru sett 20. ágúst. Á þessu sést, að um þetta er ekki of mikið sagt hjá mér.

Blað þessa hv. þm., Morgunblaðið, sem hann leggur mest upp úr, segir á þessa leið síðastl. laugardag:

„Eins og kunnugt er, bar núv. ríkisstj. fram frv. um að leggja 6% gjaldið á sjávarafurðir, og var frumvarpið samþ. á haustþinginu 1934.

Veit hv. þm. ekki, að það, sem hans blað segir um þessa hluti, eru tilhæfulaus ósannindi? Það er búið að ráða þessu máli til lykta 26. maí 1934, og það er þá búið að gera þær ákvarðanir, sem leiddu af sér bráðabirgðalögin. Það er auðséð á þeim skrifum, sem ég nefndi, að í þeim er þeirri stj., sem Ásg. Ásgeirsson veitti forstöðu, ámælt fyrir að hafa ekki gefið út þessi l., því að það getur sannarlega ekki verið hinni ófæddu stj. að kenna, að þessi l. koma ekki fyrr, þar sem þeir, sem í henni áttu sæti,

vissu ekkert um þetta, og sumir áttu ekki einusinni sæti á Alþ., þegar um þetta var að ræða. Þeir vissu ekkert um þessi mál fyrr en eftir að þeir voru komnir í stj. Það er ekki mér vitanlegt, að við framsóknarmenn, og ég held alþýðuflokksmenn, vissu nokkuð um þetta fyrr en eftir stjórnarskiptin. Það var allt undirbúið og átti að fara að leggja á skattinn. Hv. þm. veit, að margir af hans félögum voru sannarlega meira að hugsa um að neita að borga skattinn fram að 20. ágúst, eða þangað til gefin voru út önnur bráðabirgðalög, sem gengju út á það að gera mögulegt fyrir ríkisstj. að selja innflutningsleyfi og láta andvirði þeirra renna í verðjöfnunarsjóð. Ennfremur vil ég benda hv. þm. á það, að þetta mál — fiskiskatturinn — er til orðið fyrir 26. maí, en fær ekki lögfestingu fyrr en 20. ágúst, eftir að aðrir menn eru komnir í stj., sem verða að standa við skuldbindingar fyrrv. stj. í þessu máli. Ef þetta hefði verið mikilsvert utanríkismál, eins og hv. þm., form. Sjálfstfl. og Morgunblaðið vill vera láta, hvaða vit var þá í því af þeim mönnum, sem stóðu að þessu — en það voru fyrst og fremst nánustu flokksmenn hv. þm. N.-Ísf., að leyna þessu máli fyrir utanríkismálan.? Dettur hv. þm. í hug, að það sé utanríkismál, sem utanríkismálan. er ekki látin sjá? Ég sé ekki nokkra ástæðu til fyrir hv. þm. N.-Ísf. að vera með nokkra dýldni í þessu máli. Ég hefi svo sem ekki haft neina yfirdrifna hugmynd um gáfur þessa hv. þm., en ég hélt satt að segja, að hann myndi nú hafa vit á að þegja, því að hann má hvort eð er vita, að því meira sem hann og hans samherjar tala um þetta mál, því verr fara þeir út úr því, sem að því standa.

Sigurjón Á. Ólafsson [óyfirl.]: Það eru nokkur ummæli í ræðu hv. þm. N.-Ísf., sem gefa mér tilefni til að segja nokkur orð. — Hið fyrsta, sem stakk mig í ræðu hans, var það, að hann var að tala um, að kostnaðurinn við íslenzka útgerð, og þá sérstaklega vinnukostnaðurinn, hefði gert útgerðarmönnum svo þungar búsifjar, að svo væri nú komið sem komið væri fyrir útgerðinni. — Ég veit ekki, við hvað hv. þm. átti, en það kom þó fram nokkru seinna, að hann átti raunverulega við verkalýðinn í landinu og það, að hann hefir leyft sér á undanförnum árum að gera nokkrar kröfur til þess að geta lifað lífi sínu við fiskveiðar hér á landi. Það er einmitt út af þessu, sem ég tók til máls. — Hv. þm. fór að vísu ekki nánar út í það í fyrri ræðu sinni, en kom nánar inn á þetta í hinni síðari. Hann sagði, að margir útgerðarmenn hefðu orðið að neita sér um margt þarflegt til þess að geta staðið við skuldbindingar sínar. Heyr á endemi! Ég hefi aldrei þekkt útgerðarmann, sem hefir neitað sér um nokkurn hlut, sem talin eru lífsþægindi, hvernig sem útgerðin hefir gengið. Ég veit ekki, hvað það er, sem þessir menn hafa neitað sér um. Það hefir verið reynslan, að útgerðin hefir, því miður, oft verið rekin með halla, og þá hefir orðið að taka lán úr sameiginlegum sjóði þjóðarinnar til rekstrarins, og svo þegar ekki er hægt að standa í skilum, — hver er það þá, sem ber hallann? Er það ekki þjóðin í heild? Og í flestum tilfellum fara útgerðarmennirnir heilskinnaðir út úr þeim leik. Ég get tilfært mörg dæmi til sönnunar því, að ég fari hér með rétt mál. Það er reynslan, að þegar illa gengur, þá bitnar það fyrst og fremst á þeim, sem gefið hafa líf sitt og starf í þágu þessa atvinnurekstrar, en það eru bæði sjómenn og þeir, sem vinna að framleiðslunni í landi. Hv. þm. var að minna á, hvað hann hefði á sínum tíma tekið lítið fyrir sitt starf við rekstur togaraútgerðar fyrir vestan og nefndi í því sambandi 6000 kr., sem hann hefði fengið fyrir það. Mig furðar ekkert á þessu. Það hefir verið svo með einstaklingstogararekstur hér, að þeim hefir verið komið til framkvæmdarstjórnar í skrifstofu annara fyrir lægri upphæð, enda er umsjón með rekstri eins skips, að því er ég bezt veit, ekki svo tímafrek, að þetta sé ekki sæmileg borgun fyrir það, ekki sízt þar sem hv. þm. mun hafa haft þetta sem algert aukastarf og hafa haft fullkominn atvinnurekstur með þessu starfi. (**JAJ**: Eins og hvað?). Fisksölu o. fl. — Þá vildi hann færa sönnur fyrir sínu máli með því, að ekki væri betra umhorfs, ef farið væri að leggja í kostnað hjá fyrirtækjum, sem væru einstaklingseign. Það er vitanlegt, að samvinnufélag Ísfirðinga hefir, eftir upplýsingum, sem ég hefi aflað mér hjá manni, sem er þessu kunnugur, borgað 7000 kr. á ári fyrir skrifstofuhald og framkvæmdarstjórn. Þessi maður sagði, að hér væri farið með tölur, sem væru helber ósannindi, því að síðastl. ár hefðu framkvæmdarstjóralaun og skrifstofulaun við þessa útgerð verið 13 þús. kr. Ég hygg, að þessar tölur séu réttar, og vil að þær standi í þingtíðindunum eins og hinar tölurnar, sem ég álít helber ósannindi. Ég ætla ekki að vekja hér miklar deilur um það, hvaða ósanngjarnar kröfur hafi verið gerðar til atvinnurekenda. Ég get ekki vitnað til nema einnar tegundar útgerðar og þessara tveggja togara, sem þar eru reknir, en á þessum fiskiflota öllum er hlutarráðning og hefir verið frá byrjun, en það eru sem sé sanngjörn lán, sem á útgerðinni hvíla. Hafa menn svo veitt því eftirtekt, hvernig þetta gengur? Það gengur þannig, að menn fá meiri hlut eftir því sem betur aflast, og meira fyrir aflann eftir því sem betur selst. Hér getur því ekki verið um neinar ósanngjarnar kröfur að ræða. Það er víst, að hér á landi er þessi hlutarráðning algengust, og sé þetta óeðlileg byrði, þá veit ég ekki, hvernig á að launa starfsfólki. — Annað atriði, sem ég vildi ræða um við hv. þm., er það, þegar hann var að bera saman, hvað íslenzkir fiskimenn fá fyrir fisk sinn og hvað norskir fiskimenn fá fyrir sinn fisk. Hv. þm. segir, að ísl. fiskimenn fái 33 kr. fyrir aflann upp úr sjónum. Ég hygg þó, að hann eigi við hausaðan og slægðan fisk, en það svarar til þess, að þeir fái 8—9 aura fyrir hvert kíló. Það er að vísu lágt, en því má ekki gleyma, að haus og lifur fylgir og bætir það upp hlut fiskimannsins. Þetta er verðlagið miðað við það, sem er fáanlegt fyrir fiskinn á innlenda markaðinum. En þegar farið er að bera okkur saman við Norðmenn, þá má fullyrða, að ástandið á undanförnum árum hefir sízt verið betra þar. Þó að ég hafi ekki verið í Nor-

egi, þá hefi ég fylgzt með því ástandi, sem er meðal norskra fiskimanna, í gegnum þau blöð og þau skrif, sem hingað hafa borizt. Ég verð að segja, að aum eru kjör íslenzku fiskimannanna, en lakari reynast þó yfirleitt kjör hinna norsku fiskimanna. Og það liggur eðlilega í því, að þeir verða að búa við afskaplega lágt fiskverð. Þó varð einhver breyting á þessu síðastl. ár, sem stafaði af því, að það var lítill afli við Lofoten og verðið hækkaði þar af leiðandi, svo að hægt var að fá fyrir hausaðan og slægðan fisk frá 10 og upp í 12 kílógr., en þó var almennast 11 au. kílógr. Þetta táknar, að það er þá 56 kr. fyrir hausaðan og slægðan fisk; og þegar gengismunur er reiknaður með, verður þetta ca. 50 kr. Það má taka fram, að þetta verð er mjög óvanalegt í norskum veiðistöðvum, hvort sem þetta stafar nú af aðgerðum norskra stjórnarvalda að einhverju leyti, en þau gera mikið til að létta undir með fiskiveiðunum, jafnvel leggja fram fé af opinberum sjóðum til að bæta upp fiskverðið, og svo hitt, að meira er boðið í fiskinn heldur en venjulega. Slíkt er auðvitað ekki hægt að taka sem algilda reglu í þessu efni. Ég hygg, að hv. þm. hafi eiginlega gert rangan samanburð á norskum og íslenzkum fiskimönnum. Það eru nú því miður ekki miklar líkur til þess, að fiskverðið hækki, nema einhver óeðlileg öfl grípi hér inn í eða að stór styrjöld verði til að hækka verðið. En það, sem við verðum að gera, er að vinna fyrir markaðinn í öðrum löndum, og þá einnig öðrum löndum þar sem við höfum ekki haft sölu áður. Það er vitanlegt, að það kostar tíma og mikla fyrirhöfn að afla nýrra markaða, og verður ekki gert nema til þess sé fé fyrir hendi. Ég ætla ekki að fara út í þá hlið málsins, sem snýr að fyrri tímum, heldur láta mér nægja að líta á núv. ástand og það, hvað nauðsynlegt er að gera. Það þýðir ekki að vera að reyna að blekkja sjálfan sig. Okkur verður að vera það ljóst, að við verðum að leggja á okkur ýmsar byrðar til þess að gera okkur mögulegt að lifa.

Ég skal svo ekki fjölyrða um þetta frekar, en ég vildi ekki láta ummælum hv. þm. um verkafólk vera ómótmælt á Alþ.

Magnús Jónsson óyfirl.]: Það eru nú orðnir fáir í d., en ég ætla samt að segja nokkur orð. Hæstv. ráðh. sagði, að það væri hörmulegt, að sjálfstæðismenn hefðu slitið samvinnu við stjórnarflokkana í utanríkismálan. Það er satt, ég tek undir það, að það er illt, að slíkt skyldi þurfa að koma fyrir. Okkur var það ekki ljúft; og það má sjá af því, að eins og flokkadrátturinn hefir verið harður hér á landi upp á síðkastið, þá hefir samt samstarf þeirra í utanríkismálan. verið þannig, að ég hygg, að það hafi naumast nokkurntíma verið hægt að sjá mismun á flokkunum í því starfi. Ég hygg, að sjálfstæðismenn hafi aldrei notað sér þá stóru höggstaði, sem æfinlega hljóta að vera á hverri stj. í sambandi við ráðstafanir í utanríkisálum. Það er óhugsandi, að nokkur stj. fari svo vel með utanríkismálin, að ekki sé hægt að ná höggstöðum, sem eru meira eða minna hættulegir í málum, sem ekki er heppilegt, að skýra opinberlega. En samvinnan byggist á því, að stjórnarandstæðingar noti sér ekki þessi tækifæri. En mér þykir dálítið einkennilegt, að hæstv. ráðh. var ekkert að láta í ljós, að það væri neitt hörmulegt, sem hefði orsakað þessi samvinnuslit. Mér finnst, að það hefði legið miklu nær, að ráðh. hefði sagt, að það væri hörmulegt, að einn af fremstu stuðningsmönnum stj. og formaður stærra flokksins, sem stendur að stj., skyldi verða þess valdandi með því að skrifa svo ódrengilega, að einmitt andstæðingarnir skyldu neyðast til þess, þrátt fyrir skoðanir sínar á þessum málum, að slíta þessari samvinnu. Mér virðist það hefði legið nær, að hæstv. ráðh. hefði sett ofan í við þennan hv. þm., og það hefði haft meiri áhrif. Það er vitað, að ríkisstj. sendi menn af landi burt, og það eru þessir menn, sem hv. þm. er alltaf að reka hornin í með þeim einkennilega hætti, sem allir þekkja hjá þessum hv. þm. Það hefir verið rætt um þessi mál í sambandi við fiskveiðar og fisksölu, en það er vitað, að nauðsynlegt er, að um þessi mál ríki friður og að einn flokkur reyni ekki að nota sér þau til framdráttar. En þessu hefir nú ekki verið þannig varið að undanförnu, því að þessi hv. þm. hefir með öllu upphugsanlegu móti reynt að sýna fram á, að það séu bara andstæðingar núv. stj., sem hafi átt sök á þeim óvinsældum, sem hafa átt sér stað í sambandi við þetta mál. Ég þarf ekki að lýsa þessu neitt, því að þessi hv. þm. var svo velviljaður að standa upp og halda, ekki langa ræðu, en sem þó hlaut að gefa skýringu á því, hvað það var, sem neyddi sjálfstæðismenn til að hætta samstarfinu. Hv. þm. beindi því til annars þm. hér, að hann skyldi bara þegja, því að því meir sem hann talaði um þetta mál, því verri útreið skyldi hann fá í því. Þetta er einhver sú andstyggilegasta aðferð, sem ég get hugsað mér, að vera að tolsi í menn, sem koma nálægt manni og ekki er hægt að sanna, að hafi gert eitthvað eða ætlað sér að gera eitthvað, og vera að dylgja um það viku eftir viku, að þeir ætli auðvitað að nota sína aðstöðu til einhvers ódæðis. Ég harma mjög, að hv. þm. skuli ekki hafa getað orðið við kröfu okkar um að gera algerlega hreint fyrir sínum dyrum, eða a. m. k. að lofa að gera það, sem hann getur, og beita sínum áhrifum til þess, að annað eins og þetta skuli ekki endurtaka sig. Annars er ómögulegt að svara hv. þm. S.-Þ. Það er hvergi hægt að festa hendur á neinu í ræðu hans. Hann virðist móðgaður af því að þeir, sem voru sendir út af utanríkismálan., skyldu ekki alltaf vera að síma til n. um hvert smáatriði. En sannleikurinn í þessu máli er sá, að það er ekki heppilegt fyrir sendimenn úti um lönd að senda of mikið af bréfum og skeytum frá sér, því að það er ekki örgrannt um, að komið hafi fyrir, að skeyti hafi ekki komið fram, og það er víst, að megnið af þeim er lesið og athugað. Og ef það eru mál, sem ríkisstj. ætla að hafa sín á milli, þá er eins gott að geyma að minnast á það þangað til þeir geta talað sjálfir um það við stj. sína. Ég hygg, að utanríkismálan. hafi ekki verið leynd neinu í máli því, sem hér um ræðir. Ég veit ekki, hvað þeir, sem utan við standa, mega halda; þó að

hér sé um utanríkismál að ræða, sem talið er heppilegt, að ekki komi opinberlega fram. Hv. þm. segir, að það hafi verið búið að gera samningana áður en nokkur vissi af, og að allir í n. hafi verið bundnir við það, sem sendimennirnir höfðu aðhafzt í þessu máli áður en þeir vissu nokkuð, hvernig í málinu lægi. En nú vil ég spyrja þennan hv. þm. að einu. Af hverju endurnýjaði núv. ríkisstj. þessa samninga eftir að hægt var að segja þeim upp?

Það hefir verið þyrlað upp miklu af rógburði um þetta mál, en ég er viss um, að hver einasti heilbrigt hugsandi maður lætur það engin áhrif hafa á sig, — svo veikur er málstaðurinn.

Ég vildi taka undir orð hæstv. atvmrh., þar sem hann sagði, að það væri illt, að við sjálfstæðismenn hefðum slitið samvinnunni um utanríkismálin. En hann hefði heldur átt að segja, að sér þætti illt að við skyldum neyðast til að slíta þessari samvinnu, og ég vil beina þeirri ósk til hæstv. atvmrh., að hann taki þetta mál allt upp að nýju og verði við óskum og kröfum okkar sjálfstæðismanna og geri á þann hátt hreint fyrir sínum dyrum, og er það þó ekki vegna þess, að ég óski persónulega eftir því að taka upp starf með hv. þm. S.-Þ.

Hæstv. atvmrh. fór að tala um það fé, sem tekið hefði verið frá sjávarútveginum og lagt í búið á Korpúlfsstöðum, eins og öll útgerð á Íslandi væri mergsogin vegna þess, að einn maður, sem hefir áhuga fyrir landbúnaði, selur hlut sinn í útgerðarfélagi og setur upp myndarlegt bú. Auðvitað er þetta ekki til að auka starfsfé útgerðarinnar, en ætli fé hafi ekki nokkuð oft færzt á milli atvinnufyrirtækja og fé frá ýmsum fyrirtækjum farið til útgerðar, t. d. að menn, sem hafa verið búnir að græða á landbúnaði, hafi lagt fé sitt í útgerð? Hvor atvinnuvegurinn hefir grætt á þessu, skal ég ekki dæma um. Fé færist á milli á þennan hátt, hvort sem það þykir æskilegt eða ekki. Við slíkt er ekki hægt að ráða. En að þetta hafi haft afgerandi áhrif á útgerðina, er fjarri öllum sanni; og sennilega er það vegna fátæktar á dæmum, að alltaf er klifað á þessu eina dæmi.

Ég veit ekki, hvort ég á að verja fáeinum orðum til að tala um endurreisn fisksölusambandsins. Hæstv. atvmrh. beið nú ósigur í því máli, en hann tekur því með karlmennsku og ber sig vel, eins og rétt er. En að segja, að það, sem gert hafi verið með bráðabirgðal., sé ekki annað en áframhald af því, sem ríkisstj. hafi ætlað sér að gera á síðasta Alþ., er meira en maður með greind hæstv. atvmrh. á að láta sér um munn fara. Það er athugandi, að eftir þeirri stefnu, sem þá var tekin, átti að löggilda svo eða svo marga menn til þess að flytja út fisk. Allt átti að fara í svokallað gruppusystem. Það er að segja, útflytjendur áttu að vera margir, en ef þetta gengi í ólagi, þá átti fisksölunefnd að taka allt í sínar hendur. Þetta var stefna stj., en svo lenti í því, að stj. sá rætast þá spádóma, sem búið var að bera fram, en hún hafði ekki viljað trúa, og hæstv. atvmrh. var þá sá drengur, þegar hann sá, að voðinn var yfirvofandi, ef fisksölusambandið yrði drepið, að hann gaf þá út bráðabirgðalög til þess að það héldi áfram störfum sínum. Auðvitað ekki alveg í gamla forminu. Það er alltaf svo, að einhverju þarf að breyta, svo að það geti litið aðeins öðruvísi út, og það getur verið, að þetta sé eitthvað frábreytt um atkvæðisrétt og einhver smáatriði, en grundvallarhugsunin er sú sama og var hjá okkur Sjálfstæðismönnum á þinginu í fyrra, en þá náðist ekki samkomulag um.

Þá vék hæstv. ráðh. að 6% gjaldinu, sem nú á að fella niður, og sagði það ódrengilegt eða miður vel sæmandi að bera fram frv. í Nd. um að breyta þessu gjaldi eða fella það niður. Hann sagði, að það hefði verið samkomulag allra flokka um aðalatriði þess máls. Það er satt, það hafði verið samvinna um þessi mál og það hafði komið til tals að breyta þessu. Það var talað um, að ekki væri eðlilegt að láta sjávarútveginn einan standa undir öllu þjóðarbúinu; líka hafði það komið til tals, hvort þetta gjald væri ekki óþarflega hátt. En þetta átti að gilda til bráðabirgða. En allt þetta skraf gat ekki haft þau áhrif, að ef einhver maður sæi aðrar leiðir, þá mætti hann ekki af þessum sökum koma fram með það. Ég hygg ekki heldur, að þetta frv. hafi verið borið fram með neinu bráðlæti. Það var bæði borið undir stjórn Sambands íslenzkra fiskframleiðenda og sjútvn., og mig minnir, að komin væri yfirlýsing um það frá hæstv. atvmrh., úr ráðherrastóli, áður en þetta frv. kom til meðferðar í d., að hann og hans flokkur ætluðu að fella gjald þetta niður, og það er þá fyrst eftir að hæstv. ráðh. sjálfur hefir rofið samkomulagið, með því að segja, að hann og stjórnarflokkarnir ætli að afnema þetta gjald, og er síðan búinn að láta útvarpið birta þessi ummæli sín, það er fyrst eftir allt þetta, að hann og flokksmenn hans koma hér eins og heilagir englar, hrópa hátt og segja, að það hafi ekki mátt hrófla við þessu gjaldi nema með samvinnu allra flokka.

Ég hygg, að hv. flm. frv. hafi þótzt vera búinn að reyna til þrautar, hvort hinir flokkarnir vildu vera með í flutningi frv., og því ekki um annað verið að gera fyrir hann en bera það fram sjálfur á þann hátt, sem hann gerði. Hæstv. atvmrh. hefir höggið nærri sér með umtali sínu um flutning þessa frv., eftir þá yfirlýsingu, sem hann gaf úr ráðherrastóli og síðar í gegnum útvarpið, að hann hefði ásamt stjórnarflokkunum ákveðið að fella þetta umrædda gjald niður.

Um lántökuheimildina er það að segja, að stj. hefir heimild fyrir millj. kr. lántöku og nýja heimild fyrir annari millj., og ef þetta á ekki svo að vera, þá verður að breyta því.

Þá minntist hæstv. atvmrh. á fisksölusambandið og fiskimálanefndina og á það, hvort mögulegt myndi vera að fela fisksölusambandinu störf fiskimálanefndar. Hann sagði, að það væri satt, að laun þeirra væru gróflega há, þeir hefðu allir 7 til samans eins mikið og einn framkvæmdarstjóri, og ef borin eru saman þau laun, sem form. fiskimálanefndar hefir fyrir þetta aukastarf sitt, og laun annara opinberra starfsmanna, þá sýnir það sig, að launin fyrir þessi aukastörf eru langt fyrir ofan meðallaun embættismanna. Ég held, að prófessorar við há-

skólann fari ekki upp fyrir hann í launum fyrr en eftir síðustu launahækkun.

Þetta er óskaplegt, að þegar búið er að bæta 7 mönnum í yfirstjórn fisksölunnar, þá skuli þessari dýru nefnd vera bætt þar ofan á. Það getur vel verið, ef nógir peningar væru fyrir hendi, að þá væri ekkert á móti því að gera þetta. Það gæti a. m. k. komið sér vel fyrir þá, sem starfið fá. En þegar við erum í fjárþröng og þegar fjvn. situr vikum og mánuðum saman yfir því að klípa og skafa 1—2 hundruð krónur af tekjum þeirra manna, sem hafa sultarlaun, þá eru það merkileg flottheit að skjóta inn slíkum eyðsluliðum.

Hæstv. atvmrh. sagði, að það væri engin trygging til fyrir því, að sölusambandið héldi áfram störfum, og spurði, hvar við værum þá staddir, ef svo færi, að það hætti og fiskimálan. hefði verið lögð niður. Þetta er vitanlega hugsanlegt, en þá má líka skipa nefnd, ef svo skyldi fara. En ég tel nú mjög ólíklegt, að fisksölusambandið verði bráðkvatt. Það hefir sýnt sig, að það lifði af þau lög, sem sett voru því til höfuðs á síðasta Alþ., og það eru engin dauðamerki á því ennþá, svo það eru mjög góðar vonir um, að það muni lifa, en ef útlit er á, að það leggist niður, þá er innan handar að skipa nefnd.

Þá minntist hæstv. atvmrh. á önnur störf fiskimálanefndar og ætlaði, að ekki væri hægt að koma þeim að í fisksölusambandinu og nefndi í því sambandi t. d. harðfisk. En það er nú ekki allt lif liðið, og ég ætla, að ekki sé vitað fyrirfram, að hverju harðfiskverzlunin verður. Ég hefi hér með höndum nál., sem er undirritað af hv. þm. Vestm. og hv. 6. þm. Reykv., og ég sé ekki betur en hér sé mikill fróðleikur um þessi mál. Þetta eru tveir af þeim mönnum, sem talið er, að ekki geti haft með málið að gera, og sennilega myndi Héðinn Valdimarsson ekki heldur missa alla þá þekkingu, sem hann hefir á þessum málum, þótt hann hætti að vera formaður fiskimálanefndar.

Ég held það hafi svo ekki verið fleira í ræðu hæstv. atvmrh., sem ég hefi ástæðu til að svara, og í ræðum annara hv. þdm. kom ekki neitt það fram, sem ég hefi ástæðu til að víkja að, nema það, sem hv. 4. þm. Reykv. sagði um að eðlilegt væri að offra fé til þess að ná í nýja markaði. Í frv. sjálfstæðismanna er séð um það, að stj. bresti ekki fé til þess. Þar er ætlazt til, að tekjurnar séu kallaðar inn af almannafé. Á markaðsmöguleikunum veltur afkoma allra landsins barna, og er því sjálfsagt, að þetta fé sé tekið af almenningsfé. Það er full þörf til þess að tryggja sölu á framleiðsluvörum vorum, og þegar 6% gjaldið er fellt niður, verður ríkisstj. að hafa aðgang að ákveðnum tekjum í þess stað, og er eðlilegt, að þær tekjur séu ekki skornar við nögl. En hæstv. ríkisstj. þykist ekki þurfa á þessu að halda. Þó sjálfstæðismenn geri till. um að fella niður 6% gjaldið, er það ekki af því, að þeir hafi ekki auga fyrir því, að það þurfi að offra fé, ef það er ekki gert á þann hátt, að líklegt sé, að hvorki verði úr því fugl né fiskur og að það verði aðeins til að auka gjöld á fiskframleiðendum, heldur þannig, að það verði gagnlegt þeim tilgangi, sem það er helgað.

Atvmrh. (Haraldur Guðmundsson) [óyfirl.]: Ég hygg, að menn geti orðið mér sammála um, að þessar umr. hafi staðið nægilega lengi.

Ég veit ekki, hvort ég hefi tekið rétt eftir hjá hv. þm. N.-Ísf. Mér heyrðist hann segja, að hann teldi grundvöllinn fyrir 6% gjaldinu burt fallinn og að þess vegna væri ekki þörf á gjaldstofninum áfram. Mér heyrðist hann segja þetta, en ég veit ekki, hvort ég hefi tekið rétt eftir, og spyr hann nú að því, því mér kom þessi umsögn hans harla undarlega fyrir sjónir, eða réttara sagt fyrir eyru. Hér fyrir framan mig liggur frv., sem komið er fram í Nd. og er borið þar fram af tveimur hv. þm. úr sjálfstæðismanna hóp, og í þessu frv. er ætlazt til, að ríkissjóður leggi fram í markaðssjóð saltfisks 1 millj. króna á ári. Hafi ég skilið rétt ummæli hv. þm. N.-Ísf., þá er hér orðið æðilangt á milli skoðana þessara samflokksmanna. Annar telur grundvöllinn fyrir gjaldinu fallinn burt, en hinir vilja, að ríkissjóður leggi árlega fram 1 millj. króna í sama skyni.

Ég hefi litið svo á, að það, sem bæri á milli hjá stjórnarflokkunum og andstöðuflokkum stj., væri það, að andstöðuflokkarnir teldu rétt að leggja í verðjöfnunarsjóð svipaða upphæð og gert hefir verið að undanförnu, en í stað þess að taka það af fiskinum, þá yrði það tekið af almannafé, eins og hv. 1. þm. Reykv. sagði. Aftur á móti sjá stjórnarflokkarnir fært að fella gjaldið niður á fiskinum og taka ekki upp í þess stað álög á ríkissjóð. Annar flokkurinn vill fella gjaldið burt með öllu, en hinn flokkurinn vill færa gjaldabyrðina yfir á ríkissjóð, og þess vegna hváði ég eftir því, hvort ég hefði heyrt orð hv. þm. N.-Ísf. rétt.

Ég skal ekki ræða sérstaklega við hv. 1. þm. Reykv. um samvinnuslit sjálfstæðismanna í utanríkismálum. Hann sagði, að ég hefði orðað það betur, sem ég sagði, ef ég hefði sagt, að það væri hörmulegt, að þeir skyldu hafa neyðzt til að slíta samvinnunni. Það eru nú þeirra einkamál, hvað þeir hafa talið sig neydda til að gera í þeim efnum. Hann beindi til mín ósk um það, að ég yrði við áskorunum þeirra og sagði, að ég þyrfti að gera það, ef þeir ættu að geta tekið upp samvinnuna aftur. Þessar áskoranir voru tvær.

Fyrri áskorunin var sú, að ég gæfi yfirlýsingu um störf sendimanns til Spánar. Þessi sendimaður var sendur til Spánar 6 mánuðum áður en ég tók við ráðherraembætti, og á þeim tíma, sem ég var búsettur austur á Seyðisfirði. Ég tel það í hæsta máta ósanngjarnt að ætlast til þess, að ég fari að gefa nokkra yfirlýsingu um þennan starfsmann fyrrv. stj. Ég tel mér það alls ekki skylt og tæplega fært.

Hin áskorunin var sú, að ég fyrirskipaði réttarrannsókn á hendur allri núv. ríkisstj. og allri fyrrv. ríkisstj. og öllum sendimönnum þeirra til Spánar. Ég treysti mér ekki heldur til þess að verða við þessari kröfu og tel ekki, að ég þurfi neitt að skýra það. —

Það er óþarfi að hafa mörg orð um forsögu fiskskattsins. Um hana er ekkert annað að segja en það, sem búið er að margtyggja með mismunandi orðalagi. Skatturinn er upp tekinn af

fyrrv. ríkisstj. í sambandi við innflutning til Spánar. Fiskútflytjendum var neitað um leyfi nema þeir greiddu þennan skatt. (MG: En því fer stj. þá á eftir að gefa út lög?). Af því hún viðurkenndi nauðsynina og stóð við skuldbindingar fyrrv. stj. Þetta geta menn svo teygt og togað eins og þá langar til og verið með þær dylgjur sem þeim sýnist. Þetta er sannleikurinn, og ég segi ekki meira um þetta en ég er búinn.

Ég veit ekki, hvort ég á að fara að deila við hv. 1. þm. Reykv. um sigur minn eða ósigur í fisksölumálinu. En ég vil minna hv. þm. á fyrirspurn, sem hv. þm. N.-Ísf. gerði hér í þessari hv. d. við afgreiðslu laganna í fyrra. Sú fyrirspurn var um það, hvort til þess væri ætlazt, að umboðsmenn Sambands ísl. fiskframleiðenda seldu gömlu birgðirnar, og svaraði ég því á þá leið, að að sjálfsögðu væri svo til ætlazt, að sölusambandið seldi allan þann fisk, sem það hefði umboð til að selja. Í framhaldi af þessu voru gerðar ráðstafanir til þess, að Sölusambandið gæti ekki skotið sér undan því að selja þessar birgðir.

Að það hafi verið ætlun stj., að upp kæmust gruppusystem í fisksölu, eins og hv. 1. þm. Reykv. fullyrti, er vísvitandi rangt með farið. Hv. þm. veit það vel, að í öllum þeim ræðum, sem ég hélt um þetta mál í fyrra, var það skýrt fram tekið, að því aðeins yrði farið út í það að hafa útflytjendur marga, að ekki lánaðist að koma upp félagi um útflutninginn. Nú sýndi það sig, að það var auðvelt — og það var tilgangurinn, og fyrirfram ákveðið — að svo framarlega sem sölusambandið vildi breyta lögum sínum, þá hefði það söluna áfram. Það, sem gerzt hefir, er því ekki annað en það, að Sölusambandið hefir breytt lögum sínum í samræmi við þær kröfur, sem gerðar voru.

En ég vil segja það, að ef ákveðið hefði verið í fyrra t. d. að ríkisstj. skipaði tvo menn í stjórn fisksölusambandsins og að smáútgerðarmennirnir hefðu þeim mun rifara atkvæðamagn en stórútgerðarmenn, að þeir hefðu 3:2 atkv., miðað við sama fiskimagn, þá hefði eitthvað sungið í tálknunum á hv. 1. þm. Reykv. (MJ: Þetta er nú ekki fullkomið). Ég játa það, en það er þó stórt spor í rétta átt, og ég uni vel þeim ósigri, sem hv. 1. þm. Reykv. telur, að ég hafi beðið í þessu máli.

Um fiskimálan. hirði ég ekki að deila við hv. þm. Ég skil vel, að honum vaxi í augum þessi kostnaður. En hv. þm. má þá helzt ekki gleyma því, að líta á aðra hlið sama máls, sem næst liggur til samanburðar. En það eru laun sjálfra forstjóra fisksölusamlagsins. Hv. þm. virðist ekki vaxa þessi kostnaður í augum. Það er rétt, að fiskimálan. er nokkuð dýr. Ég hygg, að það muni láta nærri, að laun allra nm. 7 séu um það bil jafnhá og laun eins af forstjórum fisksölusambandsins. Það er rétt, að forstjóri n. hefir 450 kr. laun á mánuði, og n. öll nokkuð yfir 20 þús. kr. Þetta er vissulega miklum mun hærra en prófessorslaun. En það breytir engu í þeim samanburði, sem ég hefi gert um þetta. Það þyrfti fjóra prófessora til þess að slaga upp í einn forstjóra í fisksölusamlaginu. Annan kostnað í sambandi við fiskimálan. en laun nm. sjálfra geri ég ekki ráð fyrir, að hægt væri að minnka.

Það merkilegasta, sem gerzt hefir hjá okkur á sviði útgerðarmálanna á síðasta ári, er sumt að nokkru leyti og sumt eingöngu framkvæmt að tilhlutun fiskimálan. Má þar nefna herðingu á fiski, sem gefizt hefir vel, og veiði og vinnslu á karfa, sem einnig gefur góðar vonir. Og mér er kunnugt um, að vegna aðgerða fiskimálan. hefir S. Í. F. gert meira nú en í fyrra til þess að reyna að auka sölu saltfisks á erlendum markaði. Árangur af ferð Thors Thors virðist ætla að verða miklu betri en þeir, sem sendu hann í þessa markaðsleit, munu hafa vænt sér. Yfirleitt virðast nú vera að opnast þar smugur, sem nokkur von er um, að geti vísað okkur inn á ný markaðssvið fyrir okkar fisk, sumpart þeint, sumpart óbeint fyrir tilstilli fiskimálanefndar. Þess vegna er ekki rétt að leggja hana niður.

Jón Auðunn Jónsson [óyfirl.]: Ég ætla ekki að svara hv. þm. S.-Þ. öðru en því, að við sjálfstæðismenn metum meira það þagnarheit, sem við höfum gefið um að segja ekki frá því, sem gerzt hefir í utanríkismálan., heldur en að reka ofan í hann það, sem hann segir ósatt, þegar hann er að steyta túlann hér í þessari hv. d. Væri ekki svo, þá mundi hann fara heldur flatt í þessum ljóta leik sínum.

Hv. 4. þm. Reykv. vildi ég svara nokkrum orðum. Hann talaði mikið um kaupgjald hjá útgerðinni. Ég kom ekki inn á það, hvort það væri of hátt. En ég sagði, að blekkingarskrif jafnaðarmanna, og ekki sízt hans sjálfs, hefðu orðið til þess að afvegaleiða menn, að margir hefðu vegna þeirra skrifa haldið hag útgerðarinnar betri en hann var í raun og veru. Þau skrif voru byggð á alröngum forsendum, bæði um útgerðarkostnað og annað.

Þá sagði þessi hv. þm., að það væri vaninn, þegar tap hefði orðið á útgerðinni, þá hefðu útgerðarmenn komizt heilskinnaðir frá því, en bankarnir og þjóðin hefði tapað fénu. Mér þykir leiðinlegt, að hv. þm. skuli endurtaka hér þessi rangmæli, sem hans flokkur hefir á undanförnum árum í blöðum sínum haldið að þjóðinni, þegar víst er, að hundruð manna hafa lagt fé sitt í útgerð og tapað því. En samtímis því hafa samherjar þessa hv. þm. dregið það fé, sem þeir höfðu lagt í útgerð, frá útgerðinni í sviksamlegum tilgangi og þar með reynt að fella sína eigin útgerð. Ég skal færa hv. 4. þm. Reykv. sannanir fyrir þessu, hvenær sem hann vill.

Það er hart fyrir menn eins og mig, sem lagt hafa tugi og jafnvel hundruð þús. króna í útgerð og tapað því, að vera bornir brígzlyrðum um það, að bankarnir hafi tapað vegna þeirrar útgerðar, vitandi, að við næsta borð sitja þeir menn, sem dregið hafa fé sitt úr útgerðinni, jafnaðarmenn. Þeim hefði vitanlega verið nær, hefðu þeir borið hag útgerðarinnar fyrir brjósti, að leggja henni fram fjárhagslegan stuðning frá sér, til þess að halda henni uppi, því að margir þeirra eru hátt launaðir menn.

Umr. frestað.

Á 70. fundi í Ed., 15. nóv., var enn fram haldið 3. umr. um frv.

Magnús Jónsson [óyfirl.]: Ég kvaddi mér hljóðs út af því, sem hæstv. atvmrh. sagði um möguleika þá, sem hann hefði til þess að ná aftur samvinnu við Sjálfstfl. í utanríkismálanefnd. Hann sagði, að Sjálfstfl. hefði sett fram tvær kröfur, en hann fór ekki rétt með, hverjar þær voru. Hann sagði, að það hefði annarsvegar verið það, að fá yfirlýsingu, sem tryggði það, að þetta kæmi ekki fyrir aftur, og hinsvegar, að fram færi réttarrannsókn. Þessar kröfur voru alls ekki settar fram af okkur, þegar við slitum samvinnu í utanríkismálanefnd. Fyrri krafan var að vísu gerð, að sá ráðherra, sem með utanríkismál fer, gæfi skýrslu, sem sýndi, hvernig málið hefði gengið til. Og hinsvegar var krafa um það, að hann gerði sitt til þess að sjá um, að slíkt kæmi ekki fyrir framvegis, en það var ekki nein krafa um, að réttarrannsókn færi fram. Hæstv. ráðh. sagði, að hann gæti vitaskuld ekki gefið skýrslu um það, sem skeð hefði áður en hann varð ráðh. En hann hefir væntanlega sett sig það inn í málið eftir að hann varð ráðh., að hann hafi vitað, hvað hann samþykkti og gekkst fyrir að væri endurnýjað, og það er mjög sennilegt, að hann hafi kynnt sér málið svo frá upphafi, að hann geti gefið skýrslu um það, sem hann veit um það. Það er vitanlega ekki verið að krefjast þess, að hæstv. ráðh. segi frá neinu ríkisleyndarmáli, heldur því, sem fyrir liggur. Það er rétt eins og þegar prestur er beðinn að gefa skírnarvottorð, en hann hefir kannske verið í annari heimsálfu, þegar barnið var skírt, en hann gefur vottorðið bara eftir bókunum.

En það, sem mér finnst aðalatriðið í þessu máli, er að þingflokkarnir og þeirra fulltrúar standa allir jafnt að þessu máli. Það ódrengilega í þessu máli var, að í þessari grein, sem hér um ræðir, var reynt að velta ábyrgðinni yfir á einn ákveðinn flokk. En til þess að samvinna geti haldizt, má ekki gera það.

Um réttarrannsóknina var allt annað mál. Það var eftir að samvinnunni var slitið og áfram héldu skrif um þetta mál, að Ólafur Thors — ekki sem þm. eða form. Sjálfstfl., heldur í nafni sínu og bróður síns — gerði þá kröfu til hæstv. ráðh., að hann fríaði bróður hans, sem var sendimaður, með réttarrannsókn undan því, sem var verið að bera á hann. Þetta kom fyrst fram eftir að samvinnu var slitið, og það var því alls ekki sú krafa, sem sett var fram við það tækifæri. Annars virtist mér hæstv. ráðh. taka svo undir þessa ósk mína — því að hann einmitt þvert á móti tók upp málstað hv. þm. S.-Þ. og vitnaði í það, sem hann sagði í þessu máli —, að ég býst við, að hann óski ekki eftir því, að þessa samvinna takist aftur. Hæstv. ráðh. sagði, að það hefði alls ekki með lögunum, sem samþ. voru á síðasta þingi um fisksölusamlagið, verið stefnt til þess að hafa „gruppusystem“ á þeim málum. En ég veit þá ekki, hvað hefir falizt í því, þar sem beinlinis er ákveðið, að löggilda skuli eftir ákveðnum reglum svo og svo marga til þess að annast útflutning á fiski. Það er einmitt það, sem kallað hefir verið „gruppusystem“. En annað mál var það, að hæstv. ráðh. beygði út af þessari braut og kom á móti fisksölusambandinu, sem ekki vildi breyta sínu skipulagi. Gaf þá hæstv. ráðh. út ný lög, sem fisksölusambandið vildi ganga að. En ég vil ekki koma með neina spádóma um, hvernig hefði verið tekið undir þessi lög, ef þau hefðu verið einhvernveginn öðruvísi en þau voru. Ég get ekkert vitað um það, og hæstv. ráðh. ekki heldur. En hitt er annað mál, að hæstv. ráðh. gerði rétt, er hann kom á móti fisksölusambandinu til þess að það gæti haldið áfram sínu starfi.

Af því að þetta var aðeins stutt aths., skal ég ekki fara út í fleira af því, sem fyrir lá í ræðu hæstv. ráðh. Aðeins vil ég þó minnast á, að þar sem hæstv. ráðh. var að telja upp hin miklu afrek fiskimálanefndar, þá sýndi ég fram á, að sumt af því hefði verið orðað áður, eins og t. d. með herðingu á fiski. Og þar sem hann talaði um, að leitað hefði verið markaða í öðrum löndum, þá hefði það vitanlega verið gert af hverjum þeim, sem hefðu átt að annast þessa verzlun. En það var engin ástæða til að vera að kasta stórfé til slíkra markaðsleita meðan beztu markaðirnir voru opnir fyrir okkar fisk. En þegar takmörkunin kom á Spánarmarkaðinum, þá hlaut hver, sem átti að fara með þessi mál, að leita að nýjum leiðum. Fiskimálan. gerði þetta af því að henni var falið það, en það má ganga út frá því, að þeir sömu menn, sem unnu upp Spánar-, Ítalíu og Portúgalsmarkaðinn, mundu hafa leitað að nýjum leiðum þegar herti að. Það er ekki svo sem menn hafi haldið að sér höndum þangað til fiskmálanefnd kom fram. Það var fyrir nokkrum árum gerð tilraun, sem kostaði hundruð þúsunda, til þess að koma hraðfrystum fiski til Suður-Ameríku. Þetta hefir verið látlaust stríð hjá okkur um fiskmarkaðinn, og það er ekki nema eðlilegt, að fiskimálanefnd tæki upp þetta sama stríð. En það er villandi frásögn að láta líta svo út, sem allur þessi kraftur hafi komið í fisksöluna um leið og fiskimálanefnd var sett á stofn.

Jónas Jónsson [óyfirl.]: Ég sá í gær fyrstu merki þess, sem ég þó vissi áður, að hv. þm. N.-Ísf. muni vera eitthvað skyldur hæstv. forseta Sþ. Ég sá þá þau greindarmerki, sem ég tæplega hafði búizt við, en sem þó mátti gera ráð fyrir, að lægju leynd í einhverjum afkima vegna þessa merkilega ætternis. Enda fór svo, að hann lét þessa betri parta sína ráða og gafst upp og þagði eftir að hafa hafið árás á mig, vitandi það, að hyggilegast var að fara að mínum ráðum.

Það er ekki hægt að segja, að sömu hyggindamerkin hafi komið fram hjá hv. 1. þm. Reykv. Hann hefir haldið nokkrar ræður, þar sem hann hefir farið ýmsum orðum um þann fróðleik, sem ég hefi gefið almenningi um fisksöluna. Ég verð að segja það, sem kannske hryggir hv. 1. þm. Reykv., að það hefir verið með þessar greinar mínar eins og Guðmundur Friðjónsson sagði um Svanhvít, að það ætti enginn Svanhvít, því að henni væri alstaðar

stolið. Eins er með þessar greinar mínar, að þær hafa beinlínis verið gleyptar, og ekki sízt í kjördæmi form. Sjálfstfl. Ég býst við, að óhætt sé að segja, að ekkert lesmál hafi komið í Gullbringusýslu í mörg ár, að frádregnu því, sem lesið er af stólnum, sem fólk hefir haft meiri áhuga fyrir en einmitt þessar greinar mínar. Ég er að hugsa um það, þegar ég lít yfir þetta, hvað það er, sem hefir getað sett hv. þm. þess kjördæmis í svona vont skap. Hvað er það, sem getur glatt kjósendur þm. að vita um, en hryggt þm. sjálfan? Ég ætla að ganga í gegnum nokkra af þessum liðum til þess að vita, hvort hv. 1. þm. Reykv. getur gefið nokkra skýringu á þessu.

Ég ætla þá fyrst að taka fisksöluna til Þýzkalands. Union hefir undir forustu Richards Thors borgað Gismondi 330 þús. kr. til þess að kaupa ekki fisk frá Íslandi. Nú er hann farinn að verzla eingöngu við aðra og kenna þeim að framleiða fisk, sem hæfir Ítalíumarkaðinum. Ég vil spyrja hv. þm. að því, hvað geti eiginlega verið því til fyrirstöðu, að þetta mál sé athugað. Hvað getur hindrað Richard Thors frá því að leggja plöggin hreinskilnislega á borðið og segja: Þessi rök lágu til þess, að ég borgaði Gismondi 330 þús. kr. Þessi rök liggja til þess, að hann fekk engan fisk árið eftir, og svo ætti hann að færa einhverjar líkur fyrir því, hvers vegna Gismondi er orðinn svarinn fjandmaður Íslands, í staðinn fyrir að vera áður fiskkaupmaður. Hv. 1. þm. Reykv. hlýtur að skilja, að ef formaður getur ekki gefið neina skiljanlega ástæðu fyrir þessu, þá er það ekki sök þeirra, sem áfellast þetta, heldur er það hans sök að hafa gert stórkostlegar ráðstafanir á fé, sem hann átti ekki. Ég get vel skilið, og vil segja hv. 1. þm. Reykv. það, að þögn Ólafs Thors og Richards Thors sé skynsamleg, enda er engar varnir hægt að færa fram fyrir þessu hneyksli, sem þeir skammast sín fyrir að hafa gert, og svo látast þeir vera „fornermaðir“ og halda að með því geti þeim haldizt uppi að þegja um sín axarsköft. Þetta er fyrsti liðurinn í minu máli.

Ég skal svo taka annan lið með hv. þm., sem hann nánar getur athugað. Þeir segja, að ég hafi talað um utanríkismál, sem ekki mátti tala um, en það er sannleikurinn, að vegna samninganna við Spán þurfti að leggja verðjöfnunargjaldið á, og það stendur undirskrifað af Richarði Thors 26. maí, að Ásgeir Ásgeirsson hafi þurft að leggja á þetta gjald vegna Spánarsamninganna. Hv. 1. þm. Reykv. hlýtur að vita, að hver einasti maður vissi um þennan skatt, og þar af leiðandi var það ekkert leyndarmál. En svo kom sterk óánægja yfir því, að Ásgeir Ásgeirsson eða hv. 1. þm. Skagf. hafi ekki gefið út bráðabirgðalögin fyrr. Þeir segja, að það sé stjórnarskiptunum að kenna. En það sjá allir, að ekki getur það verið nýju stj. að kenna, sem ekki tók við fyrr en í júlí. Nú hefir hv. 1. þm. Reykv. sjálfsagt veitt því eftirtekt, að Morgunblaðið er að dylgja með, að núv. stjórnarfl. hafi sett þennan skatt á, en ég vil benda á, að þennan skatt var búið að leggja á löngu fyrir kosningar og honum var leynt fyrir öllum stjórnarandstæðingum.

Þá vil ég benda hv. 1. þm. Reykv. á það, að eftir öllum rökum hefði hv. 1. þm. Skagf. átt að gefa út þessi bráðabirgðal., en ekki Ásgeir Ásgeirsson. (MG: Hvaða bráðabirgðalög?). Um fiskskattinn. Þegar nýja stj. er búin að taka við, kemur í ljós, að þetta er hreint atvinnumál, og atvmrh. á að undirskrifa bráðabirgðalögin, en ekki fjmrh. Ég gæti bezt trúað, af því að málið er þannig rekið, að hv. 1. þm. Skagf. hafi alls ekki vitað um hið sanna eðli þess 26. maí, þegar hin lögin eru gefin út. Þess vegna er ekki hægt að áfellast hann, ef honum hefir verið haldið utan við þetta mál eins og okkur andstæðingum þáv. stj.

En hv. 1. þm. Reykv. láðist að geta þess, hvers vegna málinu var haldið leyndu fyrir öllum stjórnarandstæðingum þangað til eftir stjórnarmyndun. Þeir ætla að nota sér það, að núv. stj. varð að halda samninga, sem fyrri stj. var búin að gera. Þá fara menn að skilja, að það er ekki tómur drengskapur, sem ræður afstöðu þessara hv. þm.

Ég get ekki skilið, hvernig menn vilja fara að halda því fram, að bráðabirgðal. Ásgeirs Ásgeirssonar frá 28. maí hafi verið launungarmál. Skatturinn var lagður á í beinu framhaldi af samningum þeim, sem forstjórarnir höfðu gert.

Þá er spurningin, hvort það hafi verið brot framsóknarmanna, að þeir vissu ekki af þessum samningum fyrr en eftir að stjórnartíð þeirra var byrjuð. Er ekki brotið einmitt hjá þeim, sem leyndu framsóknarmenn þessu og fóru að öllu með mesta pukri? Ég vissi t. d. ekki um þessa ráðstöfun fyrr en 14 dögum eftir stjórnarskiptin, þegar þeir, sem þessa ráðstöfun höfðu gert, útskýrðu sínar gerðir. (PM: Hvernig var um Sjálfstfl.?). Ég er ekki á fundum þeirra og fylgist ekki með í þeirra leyndarmálum, en ég veit þó, að Richard Thors var potturinn og pannan í þessu öllu saman.

Þá vil ég spyrja hv. 1. þm. Reykv., hvort það sé leyndarmál, sem allur bærinn vissi raunar, að þegar átti að senda mann til Spánar, þá barðist Kveldúlfur gegn því með öllum ráðum, að Helgi Guðmundsson færi. Morgunblaðið hefir t. d. neitað að taka leiðréttingu frá Helga Guðmundssyni þess efnis, að þegar hann kom til Spánar, löngu eftir að Richard Thors var þangað kominn, þá var búið að gera þar ráðstafanir, sem hann vissi ekki um. Hví fær hann ekki rúm fyrir þessa leiðréttingu í Morgunblaðinu?

Ég spyr hv. þm. ennfremur, hvort það sé ekki rétt, sem er verulegt atriði í mínum greinum, að þessir herrar, sem að málunum stóðu, sköpuðu sér 24 þús. kr. laun. Mér skilst, að í því embætti, sem hv. þm. gegnir, séu launin ekki nema ¼ eða ⅕ af þessu. Ég skil því ekki í því lítillæti hv. þm., að það skuli særa hans metnaðartilfinningu, þótt bent sé á, að þessi laun séu óþarflega há.

Þá er atriði, sem ég hefi bent á í greinum mínum, sem sé það, hvers vegna þessir háu herrar, sem hafa fimmfalt hærri laun en guðfræðiprófessorarnir, reyna ekki að læra eitthvert af þeim tungumálum, sem þeir þurfa á

að halda. Ég vil í þessu sambandi skjóta því til hv. 2. þm. Rang., að S. Í. S. hefði aldrei dottið í hug að sýna þá eymd að láta ekki þá menn, sem það hefði sem fulltrúa sína í Englandi eða Pýzkalandi, læra mál þessara þjóða. Verður að leita til fisksölunnar til að finna dæmi um hliðstæðan ræfilshátt, þar sem menn, er hafa það að lífsatvinnu að selja fisk á Spáni, verða að tala þar ensku. Þjóðverjar, sem sendir eru til Finnlands í svipuðum erindagerðum, verða að eyða 2 árum í að læra finnsku, sem er líklega tíu sinnum erfiðara mál en spánska. En í þessum fisksölumönnum okkar virðist hafa sameinast frekjan og ræfilsskapurinn. Gorgeirinn heima fyrir, en lítilmennskan út á við. Þetta eru menn, sem álíta sig vera hafna yfir alla „kritik“ og hafa haft fólk í sínum flokki, sem fengizt hefir til að líta upp til þeirra, en það er leitt að þurfa að segja það, að Íslendingar geta ekki lengur verið þekktir fyrir, að því sé leynt, að menn, sem tekið hafa sér slík völd í hendur, skuli ekki standa betur undir þeim en raun ber vitni um.

Þá kem ég að þeim orðum hv. þm., að ég hafi ausið auri menn í hans flokki. En hann getur þess ekki, að hann hefir skrifað grein, sem er efni í ca. 40 meiðyrðamál, ef ég virti hana þess að höfða þau. Í minni grein eru engin stóryrði, þar er ekki verið að tala um níðingsskap eða slíkt, en þar er hinsvegar mörg þung rök, sem hitt hafa þessa háu herra. Ég vil spyrja hv. þm., hvernig standa muni á því, að mín grein er full af hógværð og rökum, en greinar andstæðinga minna hafa ekki annað að geyma en fúkyrði. Ber það vitni um góðan málstað hjá mér, en illan málstað þeirra, eða hvað?

Ég vil ennfremur spyrja hv. 1. þm. Reykv., hvort hann treysti sér til að bera saman minn drengskap og sinn. Hans drengskapur kom t. d. fram í því, að hann skrifaði undir rógbréf, meðan ég var erlendis, sem dreift var út um allt land. Þar var sagt, að ég væri suður á Spáni í landshættulegum tilgangi, ég væri þar að fremja föðurlandssvik. Reyndu þeir síðan að standa við þetta rógbréf? Nei! Þeir læddu því inn á meðan ég var fjarstaddur, en hættu svo þessum skrifum áður en ég var kominn heim aftur. Má ekki segja, að þetta sé andstyggilegt, eins og hann sagði sjálfur í sambandi, þar sem það átti ekki við? Ég hefi fyrirlitið þennan rógburð og látið hann að mestu afskiptalausan. Þeir, sem hafa sterkan málstað, þurfa ekki að stökkva upp á nef sér af hverju einu, eins og þeir, sem illan málstað hafa.

Þá vil ég enn spyrja hv. þm.: Man hann, hvernig hans blóð létu þegar við Magnús Sigurðsson unnum að því að taka lán í London árið 1930? Þá rigndi niður ásökunum frá þeim um það, að landinu væri þannig stjórnað, að ekki væri hægt að lána því. En lánið fékkst nú samt. Möller varð að snúa við „med uforrettet Sag“ frá Svíþjóð. (MJ: Sá kann nú tungumálin!). Betur en sá, sem fram í greip. Þessi stolti bær, Reykjavík, þar sem hans flokksmenn stjórna, mannsins, sem sagði, að ríkinu væri svo illa stjórnað, að það fengi ekki lán — þessi bær varð að bíða í mörg ár eftir láni, árangurslaust, þangað til ríkið gekk í ábyrgð og bjargaði.

En þetta eru föðurlandssvik, sem ekki hafa hent nokkurn flokk andstæðinga Sjálfstfl., að spilla fyrir landinu með því að úthrópa það, að ríkið sé svo illa statt, að ekki sé þorandi að lána því. En hitt er annað mál, að þessi rógburður hefir engin áhrif haft, fremur en rógurinn um mig.

Eins og mörgum mun kunnugt, kom í sumar grein í Tidens Tegn, þar sem vitnað var í orð Ólafs Thors á þá leið, að landið væri að fara á hausinn. Það er auðvitað ekki amalegt fyrir Tidens Tegn að fá svona ummæli til að vitna í. Ég get trúað, að keppinautar okkar, fiskútflytjendur í Noregi, hafi ekki orðið óglaðir af slíkum fréttum. Þessi grein var skrifuð af Íslendingi og send héðan að heiman. Þeir, sem þekkja undanfarin skrif Morgunblaðsins, geta hæglega ímyndað sér, hvert líklegast er að rekja uppruna slíkra greina.

Ef hv. þm. vill rannsaka, hvað er rógburður, þá skal hann bera saman sín ræfilslega lævíslega upplognu bréf og mín skrif. Fólkið óskar ekki annars meira en að fá meira frá mér, en sjálfstæðismennirnir þegja og flýja af hólmi, enda þótt þeim sé frjálst að svara mér og hrekja staðhæfingar mínar, ef þeir geta.

Þá get ég minnzt á það, að ef til vill er hugsanleg ein ástæða, sem komið gat formanni Sjálfstfl. til að fara úr utanríkismálan. Hans menn eru sem sé riðnir við ýms mál, sem ég get hugsað, að hann kæri sig ekki um að bera ábyrgð á. — Það getur komið fyrir, að borgarar landsins geri slíka hluti erlendis, að ekki sé föðurlandssást að þegja yfir þeim. Því hefir verið haldið fram, að ég hefði framið föðurlandssvik á Spáni. Hefði það verið satt og hefðu þeir vitað það, myndu þeir þá ekki hafa haldið áfram sem menn og reynt að koma fram ábyrgð á hendur mér? Eða væri rétt að þegja um slíka hluti? Ég álít vafasamt, að föðurlandinu sé meiri hagur að því, að þagað væri um slíka hluti, en hinu.

Að síðustu vil ég benda hv. þm. á atriði, sem var veikt í afstöðu hans í gær. Það er búið að sanna með rökum, að fyrrv. stj. hafði gert bindandi samninga, eins og ég hefi þegar getið um. Um þessa samninga vissu ekki aðrir en hún og trúnaðarmenn hennar, ekki heldur sósialistar. Þegar svo núv. stj. tók við, varð hún að gefa út bráðabirgðal. til að standa við þessa samninga.

En svo gerist það hérna um daginn, að hv. 6. þm. Reykv. kemur fram með frv., sem hann er áður búinn að leggja fyrir sjútvn., og hv. þm. Vestm. lýsir sig þessu frv. samþ. Hv. 6. þm. Reykv. kveðst áður hafa borið málið undir stj. sambands íslenzkra fiskframleiðenda. Efni frv. er nú það, að fella á niður skatt í markaðs- og verðjöfnunarsjóð, sem áður er búið að koma á, en stofna í þess stað svokallaðan markaðssjóð saltfisks, og á að neyða ríkissjóð til að leggja í þennan sjóð allt að 1 millj. kr. á ári. — (ÓTh hvíslar að MJ). Það verður skemmtilegt tilberasmjör, sem úr strokknum kemur, eftir að búið er að spýta í snakkinn, —

ég hlakka til að sjá það. — Það, sem gerist í sjútvn., er þetta, að hv. 6. þm. Reykv. rýfur þessi einu grið, sem þó hefði mátt búast við, að hann myndi halda, samningana um verðjöfnunargjaldið. Ég býst við, að hv. 1. þm. Reykv. og hans góðu vinir geti séð í fundabókum sjútvn., hvenær þetta mál var lagt þar fram. Tilgangur þeirra var þessi: Þeir ætluðu að bera fram frv. um, að verðjöfnunargjaldið yrði afnumið, og bjuggust við, að stuðningsmenn stj. myndu fella þetta. Hugsuðu þeir sér þannig að koma ábyrgðinni af því að halda uppi þessu óvinsæla gjaldi, sem þeir höfðu sjálfir lagt á, yfir á herðar ríkisstj. Úr því að svona var nú komið, að þessir herrar voru búnir að ákveða að reyna að koma þessari ábyrgð yfir á stj., þá sagði ég það, sem allir vissu. Í greinum mínum er samt margt, sem „interesserar" fólk, ef það er tekið saman á einn stað.

Fyrst hv. þm. var að hæla Kveldúlfi fyrir sölutilraunir hans á Spáni, en jafnframt að sletta úr klaufunum á S. Í. S., þá verð ég að hryggja hann með því að skýra frá hinu sanna í því máli, og þess verða þeir að standa reikningsskap frammi fyrir kjósendum. Þessar virðulegu tilraunir Kveldúlfs voru í því fólgnar, að hann lætur frysta fiskinn hér heima og senda hann síðan til Spánar. En þegar svo fiskurinn er fluttur úr skipinu í ísþúsin, og sérstaklega þó til smásalanna, skemmist hann, af því að þeir hafa ekki vit á að fara rétt með þessa vöru. Ekki getur þetta stafað af því, að þá langi til að tapa á fiskinum. Hér er einungis um vanþekkingu að ræða, sem hrópar um hæfileikaleysi þessara manna. Þess vegna gaf ég hv. þm. N.-Ísf. það vingjarnlega ráð, sem hann hefir hlýtt. Því lengur sem þeir ræða málið, því lakari verður sem sé afstaða þeirra — ekki af því, að þeir geti ekki haldið ræður. Hv. 1. þm. Reykv. getur t. d. vel haldið 12 tíma ræðu og er vel mælskur, enda þótt Jón heitinn Þorláksson kallaði það slepju, sem út úr honum kom.

Magnús Guðmundsson: Ég veit ekki, hvort ég á að þora að segja nokkur orð eftir að hafa hlýtt á hina miklu ræðu hv. þm. S.-Þ., sem bæði hafði í hótunum og skoraði á okkur stjórnarandstæðinga að þegja. Ég ætla þó að dirfast að leiðrétta það, sem hann sagði og snerti mig persónulega. Hann segir, að ég hafi 25. maí 1934 gefið út bráðabirgðalög um verðjöfnunargjaldið vegna Spánarsamninganna. Vitaskuld er þetta algerlega rangt, því að þá var alls ekki búið að semja við Spánverja og sendimenn komu ekki heim fyrr en 15. júní 1934, enda lýsti hv. þm. því yfir, að mér hefði sjálfum verið ókunnugt um innihald samninganna þegar bráðabirgðalögin voru gefin út. En hvernig á ég þá að hafa getað gefið út lög vegna þessara samninga, sem ég ekki vissi hvernig voru? (**JJ:** Hv. þm. gaf lögin ekki út). Það lítur ekki út fyrir, að hv. þm. lesi stjórnartíðindin, því ef hann gerði það, gæti hann sjálfur séð, að lögin eru undirskrifuð af mér, en ekki öðrum ráðh., eins og hv. þm. hefir haldið fram. Og hann gæti ennfremur séð, að það er útilokað, að þau séu gefin út vegna Spánarsamninganna, þar sem þeir voru ekki gerðir þegar lögin voru gefin út. Ég vissi ekki um innihald Spánarsamninganna fyrr en um eða eftir kosningar 1934, sem fóru fram 24. júní. Eftir þann tíma gat ekki verið um það að ræða að gefa út bráðabirgðalög, því að stjórnin bjóst við að leggja niður völd þá þegar. Ég hefi lesið það í grein eftir hv. þm., sem kom í N.dbl., að hann ásakar fyrrv. stj. fyrir að hafa ekki gert þetta. Ég verð að segja, að ég finn ekkert ásökunarefni þarna, enda gat ekki verið um þetta að ræða fyrir stj., sem gat búizt við að fara á hverjum degi, þó það drægist nokkuð lengur en búizt var við, að fara að gefa út bráðabirgðalög um Spánarsamningana; það kom alls ekki til mála. Hv. þm. S.-Þ. hélt því fram, að núv. hæstv. stj. hefði verið bundin við samningana, sem gerðir voru 1934. Ég skal viðurkenna, að hún gat talizt bundin við þá árið 1934, en ekki lengur, því vitaskuld þurfti hún ekki að endurnýja þá. En ef ekki hefir verið unnt að gera annað en endurnýja samningana fyrir 1935, er augljóst og sannað um leið, að ekki hefir verið um annað að gera í upphafi en að gera þessa samninga.

Þá vil ég upplýsa hv. þdm. um, að það er algerlega rangt, sem hv. þm. S.-Þ. hélt fram, að h/f Kveldúlfur hefði barizt gegn því, að Helgi Guðmundsson færi suður á Spán. Sannleikurinn er sá, að bankastjórinn vildi ekki fara, og það var afarerfitt að fá hann til að fara. Og veizlan, sem ég hélt á Staðastað og þessi hv. þm. hefir skrifað um, — en var nú raunar aldrei nein veizla, því aðeins voru þar samankomnir 4—5 menn — hún var til þess gerð að reyna að fá Helga Guðmundsson bankastjóra til þessarar farar.

Úr því að ég er staðinn upp á annað borð, vil ég segja örfá orð út af ræðu hæstv. atvmrh. í gær. Hann sagði, að fisksölusamlagið hefði ekki horfið úr sögunni, þó löggjöfin um fiskimálanefnd hefði verið sett, eins og við sjálfstæðismenn hefðum spáð í fyrra. Því er til að svara, að hann sagði sjálfur í umr. í fyrra, að „Union" gæti ekki starfað áfram. (**Atvmrh.:** Eins og hún var). Hann margendurtók það þá, að í Union væri innbyrðis ósamkomulag, svo hún gæti ekki unnið áfram, og það yrði því að koma upp nýju fyrirkomulagi, sem gæti tekið við þegar Union dræpist.

Við sögðum aftur á móti, að Union lifði vel, en hún mundi verða drepin með þessum nýju lögum eða fyrirkomulagi, sem hæstv. ráðh. ætlaði að koma á. En hvað skeður svo? Hæstv. ráðh. greip til þess að gefa út bráðabirgðalög til þess að breyta þessum nýju lögum sínum og til að bjarga þeim félagsskap, sem hann var búinn að segja, að ekki væri lífvænt, en mundi liðast í sundur vegna óeiningar og innbyrðis ósamkomulags forstjóra þess og stjórnar.

Atvmrh. (Haraldur Guðmundsson) [óyfirl.]: Það eru aðeins skýringar vegna ummæla, sem hér hafa fallið, og örfáar upplýsingar, er ég tel rétt að gefa út frá því. — Ég skal ekki ræða við hv. 1. þm. Reykv. um skírnarvottana. Því

atriði hefi ég áður að fullu svarað, og vísa aðeins til þess.

Það hafa ýmsir haldið því fram, að Spánarsamningarnir, sem gerðir voru vorið 1934, hafi verið endurnýjaðir um haustið sama ár fyrir árið 1935. Þetta er ekki rétt. Það rétta er, að samningunum var ekki sagt upp, en það eina, sem gerðist, var að Sveinn Björnsson sendiherra fór til Spánar í því skyni að fá tryggðan samkv. samningunum sama kvóta fyrir fiskinnflutning árið 1935 og við höfðum árið 1934. Annað gerðist ekki.

Að því er snertir ummæli, sem fallið hafa viðvíkjandi Union og meðferð laga um fiskimálanefnd frá síðasta þingi, skal ég ekki fjölyrða þar um. En ég vil aðeins leiðrétta ummæli hv. 1. þm. Skagf., er hann sagði, að ég hefði á síðasta þingi viðhaft þau orð eða fullyrðingar, að Union myndi drepast, þar sem hver höndin væri upp á móti annari. Þetta er alls ekki rétt. Það, sem ég sagði, og ég man vel, hvað ég sagði þá, enda hægt að sjá það í umr. frá því þingi, var á þá leið, að ef Union dæi eftir að lögin væru sett, þá væri henni ekki lífvænt og ekki lífs auðið, vegna þess að henni væru ekki tryggð sérréttindi. Þetta hefir í raun og veru algerlega sannazt. Ég hirði ekki um að gera samanburð á Union eins og hún var og fisksölusamlaginu eins og það er nú; við vitum allir, að það er gerólíkt. Union var áður aðeins samtök 3 manna, sem tóku fisk í umboðssölu, mér liggur við að segja með valdi, þ. e. hvort sem menn vildu eða vildu ekki. Nú er þetta félagsleg samtök meiri hl. allra fiskútflytjenda, þar sem réttur allra meðlima er tryggður með löglegri stjórn og félagslegum samþykktum og með jöfnun atkvæðamagns. Engar hliðstæðar trygginar voru til fyrir þátttakendur eftir stofnun Union 1932. Auk þessa er nú ríkisstj. tryggð umsjón með starfi þessa félagsskapar, þar sem tveir stjórnarmenn eru nú tilnefndir af henni.

Ég skal svo ekki teygja tímann frekar, en úr því að á þetta var minnzt, vildi ég enn einu sinni benda á þessar staðreyndir; annars nægir mér að vísa til fyrri ummæla minna í þessu máli.

Sigurjón Á. Ólafsson óyfirl.]: Það voru nokkur orð í ræðum tveggja hv. þm., sem féllu hér í þessari hv. d. í gær, sem ég vildi gera aths. við, og skal ég reyna að haga orðum mínum hógværlega. Umr. þessar eru sprottnar af ágreiningi, sem virðist vera milli Sjálfstfl. og stjórnarflokkanna um það, hvort ½ eða ¾ % útflutningsgjald skuli renna til sjóðsins eða ekki. Umr. þessar hafa nú farið nokkuð á víð og dreif, og skal ég ekki blanda mér inn í það.

Hv. 1. þm. Reykv. komst inn á það atriði í svari sínu til mín í gær, sem enginn ágreiningur er um milli flokkanna, og ekki heldur þarf að vera, sem sé nauðsynina á þessum styrk. Ágreiningurinn er aðeins um það, hvort ríkissjóður á að greiða þetta tillag, eins og farið er fram á eða ætlazt til, að verði gert í frv. sjálfstæðismanna, sem fram er komið í hv. Nd., eða hvort taka skuli þetta fé af framleiðslunni beint, — og hvaðan ætti þá að taka þetta fé? Á að taka það af atvinnubótafé, eða af þeim styrk, sem veittur er landbúnaðinum, eða af launaþegum ríkisins, eða hvaðan á að taka það? Ég veit, að þessum hv. þm. sem öðrum er vel ljóst, að nú er mestur vandinn að finna tekjustofna til að standast útgjöld ríkissjóðs. En ef þeir ætlast til að taka helminginn af ágóða fiskverzlunarinnar í þessu skyni, hvar á þá að afla fjár þess í stað? Við teljum, að þetta verði að leggja á framleiðsluna, enda kemur allt í sama stað niður, að raunverulega ber framleiðslan öll þessi gjöld. Allir eru nú sammála um að aflétta 6% gjaldinu, og þá fæ ég ekki séð, að þetta lága hundraðsgjald sé svo ýkjaþungur baggi. Annars er ekki ástæða til að deila um þetta, og ekki að öðru leyti ástæða að svara þeim hv. 1. þm. Reykv. og hv. þm. N.-Ísf., því í rauninni svöruðu þeir engu í minni ræðu í gær og hröktu ekkert af því, sem ég hefi sagt.

Hv. þm. N.-Ísf. sagðist ekki hafa verið að beina skeytum sínum til verkamanna eða sjómanna, er hann var að tala um illa afkomu útgerðarinnar, heldur til þeirra, sem hafi verið að skrifa um útgerð. Ég held við það, að tónninn í orðum hans var til allra, sem tekið hafa kaup sem óbreyttir verkamenn við útgerðina, og stend því við allt, er ég sagði þar um. Annars þakka ég honum fyrir, að hann hefir nú dregið í land hvað þetta snertir. — Þá var eitt, sem hann kastaði fram og er alveg óviðurkvæmilegt og ósæmilegt, þar sem hann sagði, að flokksmenn mínir hafi dregið sér fé frá útgerðinni, og dróttaði því að ónafngreindum mönnum, að þeir hefðu starfað að útgerð í sviksamlegum tilgangi. Ég þekki engan slíkan flokksmann minn. En ef þetta er rétt, því hefir þá ekki þessi hv. þm. dregið þessa menn fram í dagsljósið í ræðu eða riti? Ef hann getur og hefir sannanir ber honum skylda til að sanna þetta athæfi, sem varðar við lög. Ég vil því skora á hann, að hann geri fyllri grein fyrir dylgjum sínum um ónafngreinda menn, sem hann segir, að séu úr mínum flokki. Ef hann er „dauður" við umr. nú, skora ég á hann að sanna þetta síðar. Að öðru leyti sé ég ekki ástæðu til að hafa fleiri orð um þetta mál.

Magnús Jónsson óyfirl.]: Ég vil aðeins svara 4. þm. Reykv. því, að leggja fyrir hann spurningu, þegar hann spyr, hvar á að taka fé annarsstaðar en af aðalútflutningsvöru okkar. Hvar vill hann taka fé, þegar fiskurinn selst ekki? Ef við gloprum markaðinum niður, vegna þess að við stöndumst ekki samkeppnina m. a. fyrir háa tolla og skatta, hvar á þá að taka fé til að tryggja markaði? Svari hv. 4. þm. Reykv.

Ég vil svara hæstv. atvmrh. þessu, er hann bar á móti því, að Spánarsamningurinn hefði verið endurnýjaður, heldur hefði honum ekki verið sagt upp og þannig framlengdur. Þetta er ekki nokkurt svar. Hv. þm. S.-Þ. sagði, að stj. hefði verið bundin af samningnum, en hún var þó frjáls að því að segja honum upp, sem hún ekki gerði.

Það er nú engin leið að svara hv. þm. S.-Þ.

orði til orðs, en mér þótti vænt um þá kvittun, sem hann gaf mér fyrir því, að hann sveið undan því, sem ég sagði hér í gær, að hann hefði farið með andstyggilegan róg um vissa andstæðinga sína, og sannaðist hér sem oftar, að sannleikanum er hver sárreiðastur.

Þá finnst mér það leiðinlegt fyrir þennan hv. þm., sem vanur er að þykjast af því og er viðurkenndur fyrir að vera allra manna frakkastur í orði, að hann skyldi bíða með þessa ræðu sína þar til ég var búinn með minn ræðutíma, og ekki nóg með það, heldur beið hann líka þar til ég var búinn með eina aths., svo það er algerlega að þakka drengskap hæstv. forseta, að ég fæ hér tíma til andsvara.

Hv. þm. var að tala um, að ekki væri nokkur hlutur lesinn meira í Gullbringu- og Kjós en greinar sínar um fisksölumálin. Þetta er hann nú búinn að segja og margendurtaka í áratug, og ég ætla að trúa því, að þetta sé satt. En árangurinn er þá bara sá, að Gullbringa og Kjós er eitt sterkasta vígi andstæðinga hans. Þar, sem þessi hv. þm. að eigin sögn er mest lesinn og bezt er á hann hlýtt, þar eru andstæðingar hans flestir, og hefir hann sjálfur fellt þennan ágæta og sanna dóm um áhrif sín. Þ. e. skrítið, þegar þessi maður kallar alla aðra en sjálfan sig rógbera. Enda hlógu menn hátt, þegar hann fór að hafa orð á því, að einn maður hvíslaði að mér, hann, maðurinn sem áreiðanlega hefir heimsmet í hvíslingum. Honum ferst ekki að reyna að hæðast að öðrum, því allir vita, að helztu þingstörf hans eru í því fólgin að ganga á milli og hvísla, enda sést hann varla í sæti sínu hér í þessari hv. deild.

Þessi hv. þm. var enn að rifja upp Gismondimálið, og er þá rétt að rifja það nánar upp og segja rétt frá. Sannleikurinn er sá, að árið 1929 mynduðu fiskinnflytjendur á Ítalíu með sér samtök, svipuð og við hér gerðum síðar um útflutninginn, og í þessum samtökum voru allir fiskinnflytjendur nema Gismondi, hann einn stóð utan við. Þegar sendir voru menn niður til að semja við þá fyrir Union, sögðu þeir: Við verzlum ekki við ykkur, nema þið útilokið þennan skrúfubrjót. Stjórn Union varð ekki sammála um þetta atriði, en það er sláandi í þessu sambandi, að það var Richard Thors og ég ætla Magnús Sigurðsson, sem ekki vildu skipta sér af Gismondi og vildu útiloka hann, en meiri hl. var á móti því. Næsta ár var hann svo látinn eiga sig, og það sýndi sig, að Rich. Thors hafði rétt fyrir sér. En náttúrlega voru það Ítalir sjálfir, sem borguðu Gismondi skaðabæturnar. Þetta er sannleikurinn í þessu máli, þó að hv. þm. S.-Þ. hafi verið að ala á því ár eftir ár, að Rich. Thors hafi greitt 330 þús. fiskverzluninni hér til niðurdreps. Er þetta aðeins hin venjulega löngun þessa hv. þm. til þess að rægja andstæðinga sína.

Þá segir þessi hv. þm., að stjórnarandstæðingar hafi verið leyndir því, hvað var að gerast niður á Spáni. Ég held, að hann sé eitthvað ruglaður í því, hverjir hafi verið stjórnarandstæðingar og hverjir ekki. Ég veit ekki betur en þegar það var prófað, er jafnaðarmenn báru fram vantraust á MG, að þá voru 38 atkv. með stjórninni.

Þá get ég upplýst hv. þm. um, að við höfum vitað báðir jafnsnemma, hvað stóð í Spánarsamningunum, þar sem við eigum báðir sæti í utanríkismálanefnd, og ég man eftir, að hv. þm. var að vonzkast yfir, að hann hefði ekki vitað um þetta fyrr. Mun hann þá hafa þótzt sjá pólitíska möguleika til að sverta andstæðinga sína.

Þá var hann að tala um, að vissir menn hefðu verið því ógurlega mótfallnir að senda Helga Guðmundsson bankastjóra til Spánar. Þessum hv. þm. er nfl. alveg sama, hvað hlutirnir kosta, hann hefir vit á peningum, eða að ekki skuli senda fleiri en þörf er. Þeir menn, sem fóru, voru valdir úr hópi þeirra, sem þekktu fisksölumálin bezt, og bankastjóri Magnús Sigurðsson, sem hingað til hefir þótt þekkja til þeirra mála, er snerta fé og banka. Það, sem hv. þm. á við með þessu tali, er því það, að átt hafi að útiloka hann frá að fylgjast með, hvað gerðist frá upphafi. Þá vil ég minna á, að í samningunum var frá byrjun einn þeirra manna, sem bezt þekkja til, stuðningsmaður þessa hv. þm., fiskfulltrúi okkar á Spáni, Helgi Briem, sem hefir getað gefið fréttir af samningaumleitununum. Það virðist líka vera svo, að hann hafi haft aðstöðu til að fylgjast með ísfiskspökkum Kveldúlfs, þar sem hann veit upp á hár, hvernig þeir hafa grotnað sundur á leiðinni milli heildsala og smásala. Það er því svo að sjá, að hann hafi ekki vantað sambönd. Þarna átti líka hlut að máli Magnús Sigurðsson bankastjóri, sem ég býst ekki við, að skrökvi að hv. þm. S.-Þ., og auk þess sendiherra Íslands í Danmörku, Sveinn Björnsson. Það voru því ekki eintómir glæpamenn úr Sjálfstfl., sem að þessu stóðu.

Ég skal ekki fara langt út í skraf hv. þm. um tungumálakunnáttu forstjóranna. Hann talaði í því sambandi um frekju, lítilmennsku og gorgeir. Þessi bægslagangur er víst út af því, að Helgi Briem er góður í tungumálum. En slíkt er nú eins og hver annar hæfileiki, sem mönnum er misjafnlega gefinn. Ég hefi ekki hlýtt forstjórunum yfir til þess að komast að kunnáttu þeirra í þessum greinum, en mér er þó kunnugt um, að Richard Thors talar auk Norðurlandamálanna ensku, þýzku, frönsku og eitthvað í ítölsku. Slíkt þykir nú yfirleitt sæmileg tungumálakunnátta. Auk þess kann einn forstjóranna spönsku sæmilega. Hv. þm. vildi gera lítið úr þessari kunnáttu í sambandi við dönsku kunnáttu sína. Hann er sjálfsagt slarkfær í dönsku, enda þarf hann þess með. En hvernig er það t. d. með annan eins afbragðsmann í augum hv. þm. eins og Jón Árnason, forstjóra S. Í. S.? Kann hann frönsku, spönsku eða ítölsku? Það skyldi maður ætla, og sjálfsagt hebresku og grísku líka. Sennilega kann hann þó ekkert málið, og þarf ekki að vera verri fyrir það. En þetta sýnir nokkurnveginn málflutning hv. þm.

Þá varð hv. þm. mjög skrafdrjúgt um bréf, sem hann sagði, að ég hefði skrifað um sig í Mgbl. meðan hann var suður á Spáni, um afskipti hans af fisksölumálum okkar. Ja, hver

er nú eiginlega kominn til að segja, hvað hv. þm. hefir gert af sér þar? Vinur hans Helgi Briem sækir hann til Parísar, og skömmu eftir að þeir eru komnir til Spánar, fer Helgi Briem að ympra á nýjum samningum. Þeim, sem þekkja grunnfærni og framgirni þessa hv. þm., þykir sú skýring langsennilegust, að hann hafi gefið Helga Briem þessa inntöku. Svo mikið er víst, að skömmu eftir komu hv. þm. S.-Þ. þangað suður fór Helgi Briem til Madrid og fór að ympra á því, að hróflað yrði við Spánarsamningunum. Þetta var einmitt það óheppilegasta, sem hægt var að gera á þessum tíma. Hv. þm. getur gjarnan kallað þetta róg, en hann hefir ekki enn þvegið hendur sínar í þessu máli. Hv. þm. steytti hnefann að hv. þm. N.-Ísf. og sagði, að honum væri bezt að hætta. Hann kvað hv. 4. landsk., forseta Sþ., hafa þagnað, er hann hefði steytt hnefann að honum. Ég veit, að hv. 4. landsk. getur svarað fyrir sig sjálfur, en þó er víst óhætt að segja það, að vafasamt er, að hann hafi allt af þagnað, þótt hv. þm. S.-Þ. hafi steytt hnefann.

Þá fór hv. þm. að tala um lánið í Lundúnum, sem „við Magnús Sigurðsson tókum", sagði hann. Já, ég gæti nú trúað því, að það hefði munað um hv. þm. S.-Þ. á þeim stað og verið tekið eftir honum þegar hann kom. En um leið sagði hann, að maður hefði fengið afsvar um lán í Stokkhólmi handa Reykjavíkurbæ, og út af þessum samanburði óð hann nú mjög elginn. En þetta hefir sínar eðlilegu orsakir. Þótt Reykjavík sé í rauninni miklu betur stödd fjárhagslega en landið sjálft, hefir þó ríkið vitanlega meira lánstraust, meðan um nokkurt lánstraust er að ræða, og það er m. a. af því, að það hefir Reykjavík í vasanum. Lánstraust ríkisins þrýtur ekki með öllu, fyrri en allt er þrotið. Annars er það á allra vitorði, að síðustu ár hefir landið nær eingöngu flotið á sköttum og álögum, sem hið opinbera hefir lagt á í Reykjavík. Hann talaði í þessu sambandi um svívirðilegan róg sjálfstæðismanna um fjármálaástand ríkisins. En það væri nógu fróðlegt til samanburðar að fletta upp greinum í Tímanum um lántöku Jóns Þorlákssonar, eða rifja upp allan róginn um það, að Magnús Guðmundsson hefði veðsett tolltekjur landsins 1921. Eða þá það, að Jón Þorlákssson hefði orðið að fara niður í kjallaraholur til svindlara til þess að véla sér út lán. En sá sami maður, sem fyrir þessum fréttaburði stóð, kallar það róg, ef talað er um það í blöðum sjálfstæðismanna, sem sjá má í landsreikningum og alstaðar. Hv. þm. minntist í þessu sambandi á grein í „Tidens Tegn", þar sem vitnað var í útvarpsræðu eftir formann Sjálfstfl. um bágborið fjárhagsástand ríkisins. En hvor ætli sé nú sekari, Ólafur Thors, sem lýsir hinu geigvænlega ástandi í útvarpi, löndum sínum til viðvörunar, eða hv. þm. S.-Þ., sem sökkt hefir ríkinu í þetta hörmulega fjárhagsfen?

Þá eru það nú þessar afbragðsgreinar hv. þm. Hvernig stóð annars á því, að það datt alveg úr þeim botninn, þótt búið væri að lofa framhaldi um glæpi Jensenssona, og hv. þm. fer í stað þess að jórtra alveg sömu tugguna upp aftur og komin var áður? Skyldi það ekki vera af því, að einhver flokksmaður hv. þm. hafi komið vitinu fyrir hann, eða öllu heldur tekið um höndina á honum?

Þá talaði hann um tilraun Kveldúlfs til hraðfrystingar á útflutningsfiski. Þeir, sem að Kveldúlfi standa, sáu, hvílíkt nauðsynjamál var hér á ferð, og firmað lagði í þessar tilraunir mörg hundruð þúsund krónur, en hafði ekki nægilegt fjármagn til að leiða málið til fulls sigurs. Mér er ekki jafnkunnugt og hv. þm. S.-Þ. lætur að sér sé um það, hve margir pakkar af þessum fiski hafi fúlnað. En hvernig fór um sendingu fiskimálanefndar til Póllands í sumar. Þangað voru send 200 tn. af hraðfrystum fiski. Fiskurinn lá um borð mánuðum saman í pólskri höfn, og kostnaður allur við þessa tilraun hefir víst numið hundruðum þúsunda. Ég er ekki að ásaka neinn fyrir þetta, en þetta sýnir, að það þarf ekki að vera af heimsku og skorti á menntun og tungumálakunnáttu, þótt tilraunir sem þessar mistakist í fyrstu.

Jón Auðunn Jónsson: Út af fyrirspurn frá hv. 4. þm. Reykv. vil ég svara honum því, að hann getur snúið sér til hæstv. atvmrh. og fengið að sjá kæru frá mér á samvinnufélag Ísfirðinga, þ. e. á forkólfana, fyrir að hafa dregið fé út úr sínu eigin fyrirtæki til að bjarga því, og notað til þess aðstöðu sína í bæjarstjórn.

Atvmrh. (Haraldur Guðmundsson) óyfirl.]: Ég vil með nokkrum orðum svara þeirri fjarstæðu, er hv. 1. þm. Reykv. hélt fram, að mörg hundruð þúsund króna kostnaður hefði hrúgazt á þann fisk, sem sendur var í tilraunaskyni til Póllands. Fiskimálanefnd hefir hingað til lagt fram vegna þessa 42—43 þús., en hún var í helmingafélagi um þessa sendingu við íslenzkan mann, búsettan í Khöfn. Annars mun bráðlega verða birt fullkomin skýrsla um málið. Hitt er rétt, að fiskurinn var geymdur í skipinu í sumar, og var það vegna þess, að ekki var dýrara að geyma hann þar en í landi. Fiskurinn kom á óheppilegum tíma, og stafaði það af því, að fiskimálanefnd hafði fengið rangar upplýsingar. Tilraunin tókst því miður en skyldi, en læra má af þessari reynslu, þótt hún yrði nokkuð dýr.

Jónas Jónsson óyfirl.]: Hv. þm. verður að virða til betri vegar, þótt ég svari ekki þeim ræðum, sem ég heyrði ekki og fluttar voru áður en ég kom. Ég kom inn í málið í þeim svifum, er hv. þm. N.-Ísf. beindi til mín nokkrum vingjarnlegum orðum, en þá var hv. 1. þm. Reykv. að mestu búinn að eyða sínum tíma.

Það er nú sjaldgæft um hv. 1. þm. Reykv., að það þurfi að búa til ræður handa honum. En undir þessum umr. hafa aðrir sífellt verið að spýta í hann, og því var ekki illa tilfundið að tala um tilbera eða snakk í því sambandi.

Ég skal geta þess út af því, sem hér hefir verið minnzt á veizluna á Staðastað, að kunnugur maður hefir sagt svo frá, að firmað Kveldúlfur hafi ekki verið svo mjög mótfallið því,

að Helgi Guðmundsson færi til Spánar, en hv. þm. G.-K. hafi beitt sér gegn því af öllum kröftum. Hitt, að vera að reyna að lokka bankastjórann út í þessa ferð, er ekki óáþekkt því, er slóttugir náungar reyna að fá mann upp á víxil með því að gefa honum flösku. En Helgi Guðmundsson þekkti til á Spáni og vissi, að hann þekkti til þar, og vildi fara, enda var ýtt á eftir honum af þeim, sem vissu að hemil þurfti að hafa á sumum þeirra, sem fyrir voru. (MJ: Var það Helgi Briem?). Hann var valdalaus skrifari og í banni hjá íhaldinu, enda þótt vel kæmi sér fyrir Richard Thors, að hafa hann fyrir túlk. Það var einkennilegt, að hv. 1. þm. Reykv. hafði það eftir mér, að ég hefði sagt, að greinar mínar myndu vera vel virtar í kjördæmi hv. þm. G.-K. Ég sagði aðeins, að greinar mínar myndu bera ávöxt síðar meir. Hann var eitthvað að tala um, að ég myndi ekki vera rétt góður í dönsku. Það erum við hvorugur, en getum þó gert okkur skiljanlega, svo að gott mætti heita, ef forstjórar samlagsins kynnu eins vel spönsku og ítölsku.

Þá sagði hv. þm., að Richard Thors hefði engu fengið að ráða í Gismondi-málinu. Mér finnst það, satt að segja, dæmalaus fórnfýsi af Richard Thors að berjast á móti því, að Hálfdan Bjarnason fengi allan fiskinn í umboðssölu. En hvernig stendur á því dæmalausa atferli hinna forstjóranna, að þeir þrýsta öllum fiskinum inn á Kveldúlf, sem ekkert vildi hafa með hann að gera? Hv. þm. segir, að það hafi verið hreinasta vitleysa að vera að borga Gismondi, þessum banditt og kvikindi. En ég vil nú spyrja hv. þm., þótt hann sé dauður, hversvegna ekki megi ræða það furðulega fyrirbrigði, að Ólafur Proppé og Kristján Einarsson skuli bera Richard Thors svo ráðum, að Hálfdan Bjarnason fær öll umboðslaunin og Gismondi 330 þúsund? Þó þessi hv. þm. sé guðfræðikennari og of lágt launaður, þá er hann samt ekki nákvæmari í sannleikanum en það, að hann segir, að ég hafi árum saman alið á tortryggni gegn Gismondi. Nú vita allir, að það er ekki nema rúm vika síðan ég fyrst minntist á þennan mann, hvorki á mannfundum eða í blaðagreinum, en þessi vika verður hjá hv. þm. mörg ár. Ef sannleiksást hans er ekki meiri en þetta eða nákvæmari í meðferð ártala, þegar hann er að útskýra guðspjöllin fyrir sínum nemendum, þá er hætt við, að eitthvað geti ruglazt fræðslan.

Þá spurði hv. þm., hverjir hefðu verið andstæðingar stj. vorið 1934. Það var fyrst og fremst Alþfl. Svo hafði allur Framsfl. gert tilraun til að fá íhaldsmanninn út úr stj., þennan mæta mann, sem svo mikla áherzlu lagði á að fá Helga Guðmundsson til að fara suður á Spán. Það var þessi þm., hv. 1. þm. Skagf., sem Framsfl. var í fullri andstöðu við, og ennfremur hv. 10. landsk., sem óhlýðnaðist sínum flokki og gerði honum allt til bölvunar, sem hugsazt gat. Og ennfremur Ásgeir Ásgeirsson, hv. þm. V.-Ísf., sem um þessar mundir lét það fréttast vestur í sitt kjördæmi, að hann hlýddi ekki lögum flokksins. Enda hafði það þá beinlínis verið tekið fram af Framsfl., að stj. væri honum greinilega óviðkomandi.

Sú röksemd hv. þm., að það hafi verið skylda Héðins Valdimarssonar og Jóns Árnasonar að vera vel færir í spönsku, er fullmikil teyging á mínum orðum. Hann getur ekki neitað því, að sú stofnun, sem Jón Árnason er framkvæmdastjóri við, Samb. ísl. samvinnufélaga, hefir menn í skrifstofum sínum í Danmörku og Þýzkalandi, sem eru fullkomlega málfærir í þeim löndum. Jóni Árnasyni hefir ekki dottið annað í hug en að hafa þar færa menn, og vitanlegt er, að sjálfur er hann einnig sterkur á því sviði í þeim löndum, sem hann hefir viðskipti við. Í þeim efnum fullnægir hann hinum ströngustu skilyrðum, þar sem aftur á móti vinir hv. þm. eru vanmáttugir á sínu starfssviði.

Hv. þm. játaði á sig rógbréfin um mig út af Spánarför minni. Það var rétt af honum, en hann vildi ekki sanna það, sem í þeim stóð. Hann sagði, að ég hefði ekki sannað sakleysi mitt á Spáni. Hann sagði, að ég hefði ekki sannað sakleysi mitt gegn áburði bréfanna. Herra guð, eins og það sé mín skylda að afsanna það, sem hann skrökvar í vélrituðum bréfum, sem hann dreifir út um land meðan ég er fjarverandi. Hann þagði þegar ég kom heim, hann gat ekkert sannað. Hitt er annað mál, um dylgjur hans og íhaldsins gegn Helga Briem; ég hefi flett ofan af þeim, ég hefi sýnt fram á það, að honum var bannað af íhaldinu að fara til Ítalíu, og hann fór þangað ekki fyrr en í vetur, eftir að núv. stj. tók við völdum. Hann mátti ekki fara þangað fyrir Kveldúlfi, vegna þess, að því meira, sem hann upplýsti um markaðinn í Suðurlöndum, því meiri andstöðu mætti hann hjá íhaldinu, og þegar Helgi Briem fór til Madrid til þess að reyna að verða vísari um það, hvað væri á seiði hjá yfirvöldunum gagnvart okkar fiskmarkaði á Spáni, þá mætti hann hinni megnustu andstöðu frá íhaldinu. Þá risu upp þær kenningar hér á landi, að við ættum ekki að vera að hnýsast um slíkt. Íhaldið vildi, að farið væri að dæmi strútsins, sem stingur höfðinu í sandinn, þegar hann sér hættuna. Það vildi láta skeika að sköpuðu. En Helgi Briem gerði sína skyldu, og þegar hann skrifaði heim skýrslu um málið, þá lét Ásgeir Ásgeirsson bóka það í utanríkismálanefnd, að ekkert væri athugavert við framkomu Helga Briems. Til hvers er hv. þm. að halda enn uppi dylgjum í þessu máli, eftir að búið er að kveða hann svo greinilega í kútinn í þessari rógsherferð hans á hendur Helga Briem? Mér hefði fundizt honum ætti að nægja það, að vita, að ráðh. er búinn að lýsa því yfir, að ályktanir á Helga Briem voru ástæðulausar og ekkert út á starfsemi hans að setja. Ég hýst við, ef hv. þm. heldur áfram með þessar dylgjur, þá verði ég að óska eftir því, að sannanirnar verði birtar. (**Forseti**: Þetta átti að vera aths.). Já, ég er að verða búinn. Hv. þm. hefir eftir allt saman haldið það, sem Jón Þorlákssson kallaði slepjuræður, um þetta mál, og hann hefir orðið að játa með þögninni, að ég hafði rétt fyrir mér. Það ætti honum að vera nóg. Hann veit, að ég hefi ekki sagt frá því, sem kannske mundi breyta skoðunum manna um ýmsar háar persónur í landinu, og hv. þm. getur verið mér þakklátur fyrir það, að ég hefi

enn sem komið er látið náðina ganga fyrir réttlætinu, en hv. þm. á að geta skilið það, að ef hann heldur mjög langt út á þá hálu braut, sem hann nú er á, þá geti kannske orðið meiri ábyrgðarhluti fyrir mig að þegja en tala.

Hv. þm. hefir orðið að játa, að hann og hans flokkur gerðu það, sem þeir gátu, til þess að spilla fyrir ríkisláninu 1930. Hann hefir játað, að Jakob Möller gat ekki fengið lán handa Reykjavíkurbæ nema með ábyrgð ríkisins, af því Reykjavík var ekki trúað. Hv. þm. veit kannske ekki, að Gautaborg gat á þeim tíma fengið erlent lán, þó Reykjavík fengi það ekki, af því að henni var svo illa stjórnað. Í blöðum Framsfl. hefir aldrei verið gerð tilraun til þess að veikja traust landsins út á við meðan íhaldið var við stjórn. Það reynir íhaldið og Morgunblaðið eins og það hefir vit á, þegar það er í stjórnarandstöðu. Við höfum aftur á móti vitt mök íhaldsins við Kúlu-Andersen, og ég geymi enn umsögn enskra blaða um það, þegar íhaldsstjórnin gerði hann að umboðsmanni landsins við lántökuna frægu 1921. (**MJ**: Ég hefi séð það). Það er kannske rétt, að ég láti samt prenta það upp úr lánsskjölunum frá 1921, svo hv. þm. haldi áfram að liggja flatur í sínum ófarnaði í þessu máli eins og öðrum.

Magnús Guðmundsson: Ég er hissa á því, að hv. þm. S.-Þ. skuli ekki vilja viðurkenna, að það er ómögulegt, að niðurstaða samninganna á Spáni hafi verið grundvöllur bráðabirgðal. frá 26. maí 1934, af þeirri einföldu ástæðu, að þá var ómögulegt að vita, á hvaða grundvelli þeir yrðu reistir, þar sem samningarnir voru ekki gerðir. Þetta ætti hann þó að viðurkenna, því það er misskilningur hjá honum, að brbl. frá 26. maí hafi siglt undir fölsku flaggi. (**JJ**: Til hvers voru þau þá sett?). Þau voru sett vegna takmarkana á fisksölu okkar til viðskiptalandanna, samskonar og nú er á kjötsölunni; það var ástæðan.

Þá get ég ekki heldur viðurkennt, að fyrrv. stj. hafi verið Framsfl. óviðkomandi. Forsætisráðherrann var þó í flokknum þegar brbl. voru sett og samningurinn gerður á Spáni, og hafði verið þar frá upphafi, þó hann færi úr flokknum nokkru seinna. Ég get að vissu leyti tekið það til mín, sem hv. þm. sagði um ofsókn gegn Helga Briem og hann, sem á að hafa verið lagt við því, að hann ferðaðist um markaðslöndin, en hv. þm. veit, að ferðalag hans strandaði á því, að heimild vantaði fyrir fé til slíks, og fór þó kostnaður vegna þess langt fram úr áætlun. Það, sem hv. þm. kallar hér hann, er því ekkert annað en viðleitni stj. til þess að halda sér við fjárl. — Um Kúlu-Andersen þarf ég ekki að tala. Ég hefi áður tekið það fram, að hann hefir aldrei farið með neitt umboð fyrir mig og að ég hefi hvorki heyrt hann eða séð. (**JJ**: Hann fékk þó aurana). Ekki frá mér.

Jónas Jónsson [óyfirl.]: Út af orðum hv. 1. þm. Skagf. vil ég upplýsa það, að Ásgeir Ásgeirsson vissi það, að eftir að mistekizt hafði stjórnarmyndun Framsfl. á þinginu vorið 1934, þá lýsti flokkurinn því yfir, að stj. væri sér óviðkomandi. Ég ætlast ekki til, að hv. þm. muni þetta, en hitt vil ég benda á, að um stjórnarskiptin var búið að safna saman 340 þús. kr. samkv. brbl., sem hv. þm. segist hafa gefið út, og þetta fé átti að fara í markaðs- og verðjöfnunarsjóð. Brbl. frá 20. ágúst voru því ekki annað en reformering á þessum sjóði. Þetta fyrirbrigði er eins og lækurinn, sem verður að á. Gjaldið er lagt á í maí af fyrrv. stj. Það var upphafið. Það getur vel verið, að það hafi verið eins með hv. þm. og utanríkismálan., að hann hafi ekkert vitað um þetta fyrr en síðar, en Ásgeir Ásgeirsson og Richard Thors voru löngu fyrir 26. maí búnir að taka sínar ákvarðanir með þennan skatt.

ATKVGR.

Brtt. 537 felld með 9:6 atkv.

— 506,1.a samþ. með 9 shlj. atkv.

— 506,1.b samþ. með 10 shlj. atkv.

— 506,1.c samþ. með 14 shlj. atkv.

— 506,2 samþ. með 10 shlj. atkv.

— 506,3 samþ. með 13 shlj. atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 9 shlj. atkv. og endursent Nd.

Á 75. fundi í Nd., 16. nóv., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 560).

Á 77. og 78. fundi í Nd., 19. og 20. nóv., var frv. tekið til einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 79. fundi í Nd., 21. nóv., var frv. enn tekið til einnar umr.

Atvmrh. (Haraldur Guðmundsson): Þetta frv. er lagt fram til framlengingar á bráðabirgðal., sem gefin voru út milli þinga. **Hefir það legið** fyrir Ed. og tekið þar mikilsvarðandi breyt. Ég vil því mælast til þess, að umr. verði frestað og málinu vísað til n. til frekari athugunar.

ATKVGR.

Frv. vísað til sjútvn. með 24 shlj. atkv. og umr. frestað.

Á 84. fundi í Nd., 27. nóv., var fram haldið einni umr. um frv. (A. 560, 637).

Jóhann Jósefsson [óyfirl.]: Mál þetta er nú komið hingað aftur frá hv. Ed. og hefir sætt þar miklum breyt., svo miklum, að nú má telja það nýtt frv. Málið hefir legið aftur fyrir sjútvn. til athugunar, og hefir orðið samkomulag um að gefa ekki út um það nýtt nál., en hinsvegar hefir minni hl. n., ég og hv. 6. þm. Reykv., áskilið sér rétt til þess að bera fram við það brtt.

Höfuðefnið í breyt. þeirri, sem frv. hefir fengið í Ed., er það, að nú er lagt þar til, að 6% gjaldið til markaðs- og verðjöfnunarsjóðs skuli afnumið. Eins og kunnugt er, var skattur þessi lagður á með samþykki allra flokka. Þegar það varð ljóst, að verðlag á fiski gerði allt annað en hækka, var þegar sýnilegt, að sjávarútvegurinn var ekki fær um að bera þetta gjald og því farið að ræða um afnám þess. Var fyrst rætt um það í stjórn sölusambands fiskframleiðenda. Ennfremur fóru fram umr. um afnám gjaldsins á milli atvmrh. og form. Sjálfstfl. Svar hæstv.

atvmrh. við þessum málaleitunum kom svo hér í hv. d. undir umr. um afnám hins almenna útflutningsgjalds af sjávarafurðum. Eins og kunnugt er, var svarið, að stjórnarflokkarnir hefðu samþ. að fella gjald þetta niður. Við sjálfstæðismenn vorum að sjálfsögðu samþykkir þessu. Áður en þessi umsögn ráðh. fékkst, höfðum við 6. þm. Reykv. lagt fram í sjútvn. till. um afnám þessa 6% gjalds. Aðalefni þeirrar till. var auk niðurfellingar gjaldsins það, að ef stj. teldi sig þurfa fé til þeirra greiðslna, sem skatturinn var ætlaður til, þá skyldi það fé tekið af gróða áfengissölunnar. En svo er afnám þessa gjalds sett sem brtt. við frv. þetta inn í það í Ed. Við 6. þm. Reykv. erum samþykkir megininnihaldi frv., eða því, sem snertir afnám 6% gjaldsins, en inn í frv. er komið ákvæði um nýjan skatt, sem nemur ½—¾%, sem við hv. 6. þm. Reykv. erum ekki samþykkir og leggjum því til að verði fellt niður. Þá leggjum við ennfremur til, að þær framkvæmdir, sem í frv. er gert ráð fyrir að fela fiskimálanefnd, verði faldar sambandi ísl. fiskframleiðenda, og að annað orðalag frvgr. þeirrar, sem um þetta ræðir, breytist samkv. því.

Atvmrh. (Haraldur Guðmundsson) [óyfirl.]: 1.—3. gr. þessa frv. gengu hér í gegnum þessa hv. þd. og hafa ekki tekið neinum breyt. í Ed., og sé ég ekki ástæðu til að ræða um þær hér. En eins og vikið hefir verið að, þá eru 4., 5. og 6. gr. settar inn í frv. í Ed., og er meginefni þeirra það, að fiskskatturinn til markaðs- og verðjöfnunarsjóðs, sem svo hefir verið nefndur, 6% af verði útflutts fiskjar, er felldur niður, en í staðinn kemur ákvæði um, að stofnaður verði fiskimálasjóður með ½—¾% af verði útfluttra fiskiafurða. — Mér þykir rétt að greina nokkuð frá sögu fiskskattsins í stuttu máli í tilefni af þeim till., sem hér liggja fyrir. — Eins og hv. þdm. er kunnugt, var í sambandi við Spánarsamningana vorið 1934, þegar það kom í ljós, að fiskútflutningurinn var mjög takmarkaður til Spánar, ákveðið að leggja þetta gjald á útfl. saltfisk, og átti það að renna í markaðs- og verðjöfnunarsjóð. Þetta var þó ekki ákveðið með sérstökum lögum, heldur var því hagað þannig, að útflutningsleyfi á saltfiski voru bundin því skilyrði í maímán. 1934, að útflytjendur áttu að greiða 5 kr. gjald af hverju skp. af verkuðum fiski og 20 kr. af hverri smálest saltfiskjar í markaðs- og verðjöfnunarsjóð. Ég hygg, að þessi skattur hafi verið ákveðinn með ráðnum huga af fyrrverandi ríkisstjórn og í samráði við þá menn, sem störfuðu að Spánarsamningunum, og þá, sem stóðu fyrir sölu á saltfiskinum.

Þegar núv. ríkisstj. tók við völdum í júlílok 1934, var það komið í ljós, að ýmsir fiskeigendur voru mjög óánægðir með skattinn og undu þeirri kvöð illa. Mér er óhætt að segja, að stjórn samb. ísl. fiskframleiðenda óttaðist, að skatturinn fengist ekki greiddur, af það ætti að innheimta hann án lögfestingar. Voru þá gefin út bráðabirgðalög í ágústmán. 1934 og gjaldinu breytt þannig, að í staðinn fyrir, að áður hafði verið greitt 5 kr. af hverju skp. af verkuðum saltfiski, án tillits til verðmætis fiskjarins, þá var í brbl. ákveðið 5 kr. gjald af hverju skp. til jafnaðar. Og var þá greitt hærra gjald af dýrasta fiskinum, en ekki nema 2 kr. af skp. á verðminnsta fiskinum. Á haustþinginu 1934 voru bráðabl. samþ. með samkomulagi allra þingflokka, og breytt þannig, að fiskútflytjendum var gert að greiða 6% af saltfiskverðinu í markaðs- og verðjöfnunarsjóð. Mig minnir, að einn þm. í Nd. greiddi ekki atkv. um frv., hv. þm. V.-Húnv., en að öðru leyti voru allir þm. því fylgjandi.

Þetta er í stuttu máli saga fiskskattsins, að svo miklu leyti, sem hún verður sögð út frá því, sem gerzt hefir með lagasetningu og í opinberum framkvæmdum.

Hv. þm. Vestm. sagði um þá ákvörðun stjórnarflokkanna, að létta af þessi gjaldi, sem ég gaf yfirlýsingu um hér í d. á eftir lokuðum fundi í sameinuðu Alþingi, að sér hefði komið það mjög ókunnuglega fyrir sjónir, þar sem samningar hefðu þá staðið yfir á milli mín og form. Sjálfstfl. um afnám skattsins. Ég verð nú að segja hv. þm. það, að milli mín og form. Sjálfstfl. voru engir samningar um þetta. Hitt er rétt, að hv. þm. G.-K. tjáði mér, að uppástunga í þessa átt hefði komið fram í sjútvn. Nd. í frv.formi frá hv. 6. þm. Reykv., en það var þá alls ekki lagt fram opinberlega í þd., en þar var það svo flutt nokkru síðar. Þessu frv. var þá þegar svarað af stjórnarflokkunum með öðru frv., um að markaðs- og verðjöfnunarsjóður skyldi alveg lagður niður. Kom þá greinilega í ljós, að ágreiningurinn var um það, hvort ætti að halda áfram starfsemi markaðs- og verðjöfnunarsjóðs. Samkv. frv. hv. 6. þm. Reykv. átti að halda honum við með jafnháum gjöldum til sjóðsins og síðastl. ár, aðeins með þeirri einu breyt., að það átti að fella niður gjaldið af fiskinum, en greiða það aftur á móti úr ríkissjóði til markaðs- og verðjöfnunarsjóðs og verja til þess allt að helmingi af tekjum áfengisverzlunarinnar. Auðvitað yrði þetta greitt úr ríkissjóði, þó það sé talið að vera af tekjum áfengisverzlunarinnar. Þetta er meginmunurinn á frv. stjórnarflokkanna og frv. Sjálfstfl. — Þeir telja, að ekki verði komizt hjá því að greiða gjöld til sjóðsins svipað og verið hefir, en vilja létta þeim af saltfiskinum og leggja þau á landsmenn almennt.

Aftur á móti er tilgangurinn sá samkv. frv. stjórnarflokkanna, að leggja niður markaðs- og verðjöfnunarsjóð og fella að mestu leyti gjaldið af fiskinum. Þó er í þessu frv. gert ráð fyrir, að greitt verði ½—¾% af verði útfluttra fiskafurða til fiskimálasjóðs; og má ætla, að það nemi samtals c. 150—200 þús. kr. á ári. Að vísu er ekki hægt að fullyrða neitt um það, vegna þess að það fer svo mikið eftir því, hvernig afurðirnar seljast.

Ef frv. verður samþ., þá má ætla, að til umráða verði það fé, sem ríkisstj. er heimilað að útvega til láns samkv. 5. gr. Af þeirri 1 millj. króna lánsheimild, sem stj. var veitt á síðasta þingi til markaðsleitar fyrir sjávarafurðir, hefir nú þegar verið notað til lántöku sem nemur 592 þús. kr., og hefir fiskimálanefnd það til

meðferðar; af þessari upphæð var búið að nota nú um miðjan mánuðinn 225 þús. kr., og eru þá eftir ónotaðar um 370 þús. kr. Ennfremur eru eftir 410 þús. kr. af lánsheimild þeirri, sem veitt var í fyrra, og eru þá samtals eftir til ráðstöfunar af þeirri 1 millj. kr., 780 þús. kr., sem ættu að vera fyrir hendi, þegar á þarf að halda. Auk þess er gert ráð fyrir, að fiskimálasjóður fái tekjur af ½—¾% gjaldinu, sem nemi 150—200 þús. kr. Við teljum rétt, að sjóðurinn fái þessar tekjur, þar sem honum verður varið til þess að greiða fyrir sölu sjávarafurða, afla þeim nýrra markaða, reyna fjölbreyttari verkunaraðferðir og bæta yfirleitt meðferð varanna, svo sem nánar er tilgreint í þessu frv.

Hv. minni hl. sjútvn. flytur 2 brtt. við frv. Önnur þeirra hnígur að því, að fellt verði úr frv. ákvæðið um ½—¾% gjald af fiskafurðum til fiskimálasjóðs. Ég verð nú fyrir mitt leyti að líta þannig á, að það sé ekki ósanngjarnt, þrátt fyrir þá erfiðu tíma, sem nú eru, að sjávarútvegurinn leggi þetta fram, þegar það er vitað, að úr ríkissjóði verður lagt fram fé á móti þessu til helminga. Auk þess ber að líta á það, að þetta gjald, sem hér er farið fram á, verður ekki lagt á saltfiskinn einan, heldur og á aðrar fiskiafurðir; en sumt af þeim er, eins og kunnugt er, í allháu verði og hefir nokkuð öruggan markað. Og það er ekki líklegt, að þetta ½—¾% gjald hafi nein áhrif til lækkunar á því verði. Það eru meiri líkur fyrir hinu, að þetta gjald lendi ekki að öllu leyti á útgerðarmönnum.

Hin brtt. hv. minni hl. sjútvn. fer fram á það, að í staðinn fyrir fiskimálanefnd og verkefni hennar samkv. þessu frv. komi sölusamb. ísl. fiskframleiðenda. Ég hefi áður rætt um þetta atriði í hv. Ed., og einnig hér í d., og get látið mér nægja að vísa til þess. En ég vil þó benda á það, að sölusamb. ísl. fiskframleiðenda er stofnun, sem ómögulegt er að vita um, hversu lengi starfar, eða á hvern hátt. Hinsvegar er þannig um búið, að fiskimálanefnd er skipuð til þess samkv. lögum að gegna þeim verkefnum, sem eru fullkomlega samrýmanleg þeim störfum, er ákvæðin eru í 5. gr. þessa frv. En S. Í. F. er einungis ætlað að fara með saltfiskverzlunina. Hún verður að gefa sig alla við því, enda er það fullkomið verkefni. Það er óhjákvæmilegt að breyta til um verkunaraðferðir á fiskinum og leita nýrra markaða fyrir hann. Ég tel því, að ekki verði hjá því komizt, að fiskimálanefnd hafi þessi breytilegu störf með höndum, og tel því sízt til bóta að samþ. þessa brtt. Ræð ég hv. d. til að fella hana umsvifalaust. Ennfremur vil ég ráða hv. þdm. til að fella brtt. um að afnema gjaldið til fiskimálasjóðs, þar sem þetta er ekki nema ½—¾% af fiskverðinu og nemur ca. 150—200 þús. kr. árlega. Má vænta, að fyrir þetta fé megi framkvæma ýmislegt til gagns fyrir sjávarútveginn, ekki sízt þegar þess er gætt, að til viðbótar því verður varið í sama tilgangi ríflegri upphæð af því lánsfé, sem ríkisstj. er með þessu frv. veitt heimild til að útvega.

Jóhann Jósefsson óyfirl.: Hæstv. atvmrh. taldi rétt að rifja upp sögu þessa máls að nokkru leyti, sem hér er til umr., þ. e. a. s. hvernig það bar til hér á Alþingi, að þessi 6% skattur var lagður á saltfiskinn. Ég hefi ekkert við þá frásögn að athuga að því er snertir hina sögulegu hlið málsins. Hæstv. ráðh. fór að vísu lengra aftur í tímann, en hann andæfði ekki þeirri staðreynd, að þetta gjald var lagt á með samþykki og fullum vilja allra þingflokka. En hæstv. ráðh. minntist einnig á þær till. um afnám fiskskattsins, sem lagðar voru fram í sjútvn. Nd., áður en yfirlýsing hans var gefin hér í d. f. h. stjórnarfl. um að þeir ætluðu að afnema skattinn. Og hann talaði um frv. okkar sjálfstm. á þann hátt, að í því væri fólgin yfirlýsing frá Sjálfstfl. um, að hann ætlaði að halda þessu gjaldi, en aðeins flytja gjaldskylduna af fiskinum yfir á ríkissjóð. Út af þessu vil ég taka það fram, að þegar hv. 6. þm. Reykv. lagði þessar till. fram í sjútvn., þá var það gert í samráði við form. Sjálfstfl., með það fyrir augum, að þær yrðu samningsgrundvöllur flokkanna fyrir skynsamlegri úrlausn til þess að afnema 6% gjaldið af fiskinum. Við vissum þá ekki það, sem hæstv. stj. virðist hafa vitað, að engin þörf væri á því að viðhalda þeirri starfsemi, sem þessum gjaldstofni hefir verið ætlað að halda uppi. Við gerðum því eðlilega ekki ráð fyrir, að það væri hægt að hlaupa frá því nú að leggja fram fé til þess hlutverks. En hæstv. ríkisstj. virðist hafa vitað um það. Og þegar hún getur lýst því yfir, að hægt sé að fella niður gjaldið án þess að nokkuð annað komi í staðinn, þá er ekkert við því að segja. Við sjálfstæðismenn höfðum ekki aðstöðu til að vita um það. Það er því alls ekki rétt hjá hæstv. ráðh., að til sé þessi höfuðstefnumunur á till. flokkanna í þessu máli, sem hann var að lýsa í ræðu sinni, eða að við höfum viljað eyða þessum peningum á einhvern hátt. Það, sem aðallega vakti fyrir okkur minnihl.mönnum í sjútvn., var að létta þessu þungbæra gjaldi af sjávarútveginum, sem við vissum, að hann var ekki fær um að greiða; en hinsvegar var okkur ekki kunnugt um, að það mætti hverfa frá því að afla tekna í staðinn. En hæstv. stj. hefir gefið yfirlýsingu um, að sú þörf sé nú ekki lengur fyrir hendi, sem var þegar þetta gjald var á lagt, og að hún treysti sér til að afnema það án þess nokkuð komi í staðinn. Gott og vel; við erum því fegnastir, að eigi þurfi á því að halda og að hæstv. ráðh. hefir tekið af okkur allan vanda í því efni. Það er ekki nema eðlilegt, að þeim þdm., sem ekki eiga sæti í utanríkismálanefnd — og hafa ekki beinan aðgang að ríkisstj. —, sé ókunnugra um það en stj. og flokksmönnum hennar, hvernig aðstaða þjóðarinnar er gagnvart þeim erlendu þjóðum, sem við skiptum við.

Ég ætla, að þetta liggi nú ljóst fyrir; við sjálfstæðismenn treystum okkur ekki til að létta þessu gjaldi af, nema að benda á aðra leið í staðinn; en stj. treystir sér til þess, og jafnframt að varpa frá sér þeim möguleikum, sem sköpuðust á saltfisksmarkaðinum í sambandi við

fiskskattinn, án þess að hún viti, hvað af því getur leitt.

Ég neita því afdráttarlaust f. h. minni hl. í sjútvn., að okkur sé það áhugamál að viðhalda þessu gjaldi, nema brýn nauðsyn beri til. Þetta vil ég taka fram vegna þeirra getsaka, sem hæstv. ráðh. varpaði fram um þann höfuðmismun, sem væri á tillögum okkar og stjórnarfl. í þessu máli.

Um þetta nýja gjald, sem stj. leggur til, að tekið verði af fiskinum samkv. frv., vil ég aðeins geta þess, að mér finnst, að hún eigi ekki að taka aftur með vinstri hendinni það, sem gefið er með þeirri hægri. Það mun sýna sig, hvaða afdrif frv. okkar sjálfstm. fær, um afnám útflutningsgjalds af sjávarafurðum, og ef samþ. verður ákvæðið í þessu frv. um ½—¾% gjald af fiskiafurðum, þá er fyllilega til þess stofnað, að á sjávarútv. hvíli allt of þungir skattar. — Ég skal svo ekki deila lengur við hæstv. atvmrh., en ræða hans gaf tilefni til þessara skýringa frá minni hálfu.

Sigurður Kristjánsson [óyfirl.]: Ég get tekið undir það, sem hv. þm. Vestm. hefir sagt um sögu þessa máls. En út af till. okkar hv. þm. Vestm. vil ég þó segja nokkur orð til viðbótar. Vil ég þá fyrst geta þess, að úr því hæstv. ríkisstj. hefir séð sér fært að verða við kröfum okkar um afnám á fiskiskattinum, eða 6% gjaldinu af saltfiskinum, þá virðist mér sjálfsagður hlutur að fella gjaldið alveg niður. Ég geri ekki ráð fyrir, að nokkrum hv. þdm. detti annað í hug en að ½—¾% gjaldið sé grímuklædd viðbót við núv. útflutningstoll á sjávarafurðum. Ég verð að segja það, að þegar hér liggur fyrir d. svo rammlega rökstutt frv. um algert afnám á útflutningsgjaldi sjávarafurða og byggt á einróma áliti útvegsmanna um þörf útvegsins fyrir að því verði af létt, þá er það fáheyrð ofdirfska og kæruleysi af hæstv. stj. að svara sliku frv., með því að hækka útflutningsgjaldið enn um ½—¾%, því þetta er ekkert annað en grímuklædd viðbót við útflutningsgjaldið.

Í sambandi við þetta vil ég taka það fram, að það er talsvert fágæt málsmeðferð, að bera fram svo stórt mál og þetta sem brtt. við annað frv., við síðustu umr. þess í síðari þd., sem málið á að ganga í gegnum. Það ber fullkomin merki þess feluleiks, sem hér hefir verið leikinn, að smeygja þessu nýja gjaldi í grímuklæddum búningi inn á þennan aðþrengda atvinnurekstur. Ég vona, að ég sé ekki einn um þá skoðun, sem ég nú hefi lýst á þessu athæfi hæstv. stj., og vil ég því áður en ég skil við þetta atriði skora á alla réttsýna menn í þessari hv. þd., sem ég óska að verði sem flestir, að fella þetta nýja gjald úr frv. því, sem hér er til umr. — Um hina brtt. okkar í minni hl. sjútvn., þar sem lagt er til, að stjórn S. Í. F. taki við þeim störfum, sem fiskimálanefnd eru ætluð í þessu frv., er það að segja, að hér í d. er komið fram frv. um að leggja fiskimálanefnd niður, a. m. k. um stundarsakir, með þeim rökstuðningi, að n. virðist vera algerlega óþörf. — Að söluʼ ísl. sjávarafurða starfa nú fyrst og fremst 7 manna fisksölunefnd, skipuð mönnum úr þremur aðalstjórnmálaflokkum í landinu, með þremur framkvæmdastjórum; síðan 7 manna fiskimálanefnd, og þar á ofan síldarútvegsnefnd. Okkur sýnist það mörgum, að það sé nægilegum útgjöldum hlaðið á útgerðina, þó að þeim mönnum sé eitthvað fækkað, sem taka laun sín af fiskeigendum. Við höfum enga trú á því, og þykjumst hafa full rök og sannanir fyrir því, að í fiskimálanefnd sé ekki samankomin nein sérþekking fram yfir það, sem er í stjórnarnefnd sölusamlags ísl. fiskframleiðenda, eða a. m. k. getur verið í þeirri n., eftir því sem fiskeigendur vilja, því að þeir kjósa í þessa stjórn. Þar af leiðandi er það krafa okkar, að þessum kostnaði verði létt af fiskeigendum. Ef svo þetta gæti orðið, er vitanlega ekki hægt að vísa þessu máli til þeirrar n., ef hún yrði lögð niður. Ég vil leggja áherzlu á það, að þessi atvinnuvegur, sjávarútvegurinn, er þannig staddur, að ekki er forsvaranlegt fyrir ríkisstj. eða þingið að fara að leggja nýja skatta á þennan atvinnuveg, og það er ekki heldur hægt fyrir þessa sömu aðilja að þrjóskast við því að létta af þessum atvinnurekstri óþörfum gjöldum, sem ég tel fyrst og fremst það fé, sem varið er til fiskimálanefndar. Það er ekki annað en framfærslueyrir frá útgerðinni til þessara bitlingamanna, því að það hafa ekki komið nein rök fram um það, hvorki frá hæstv. atvmrh. eða öðrum, að í þeirri n. séu fólgin nein bjargráð fyrir útgerðina, eða að þar sé fyrir hendi nokkur sérþekking, sem ekki geti verið hjá stjórn Sölusambands ísl. fiskframleiðenda. Þó að hæstv. atvmrh. og aðrir hafi verið að vitna í harðfisksöluna, þá er það vitað, að það er enginn harðfisksérfræðingur í fiskimálan., enda er það ekki annað en neyðarúrræði, þessi harðfisksverkun. Það er ekki annað en fals að vera að prédika um það sem fagnaðarerindi, því að það hefir aldrei verið annað en neyðarúrræði hjá þeim, sem hafa gert það áður, eins og t. d. Norðmönnum.

Ég held, að það sé ekki fleira, sem ég þarf að taka fram í þessu máli, en aðeins endurtaka það, að það er till. mín, að Sölusamband ísl. fiskframleiðenda komi í stað fiskimálanefndar og miða alveg við það frv., sem komið er fram um að leggja þá nefnd niður.

Atvmrh. (Haraldur Guðmundsson) [óyfirl.]: Hv. þm. Vestm. vildi mótmæla því, að það hefði verið rétt, sem ég sagði, að höfuð mismunurinn á afstöðu stjórnarfl. og sjálfstæðismanna til þessa máls væri sá, að sjálfstæðismenn vildu halda áfram að afla markaðs- og verðjöfnunarsjóði tekna eingöngu á þann hátt að taka úr ríkissjóði, í staðinn fyrir að leggja gjaldið á fiskframleiðendur, en stjórnarfl. teldu eins og ástandið er nú, að ekki væri ástæða til að halda áfram slíkri tekjuöflun til markaðs- og verðjöfnunarsjóðs. Því verður ekki með neinum rökum neitað, að þetta er mismunurinn. Það sýnir gleggst frv. það, sem flutt er af hv. 6. þm. Reykv. og hv. þm. Vestm. á þskj. 448, því að þar segir, að stofna skuli sjóð, er nefnist markaðssjóður saltfisks, og í hann skuli leggja allt

að kr. 1000000 á ári. Það er því þarflaust að deila um það, að í þessu liggur meginmunurinn á afstöðu sjálfstæðismanna og stjórnarfl. til málsins. Hitt er rétt, a. m. k. getur litið svo út, sem hv. þm. Vestm. sagði, að það kann að vera, að til þessa liggi ástæður, sem ekki er nauðsynlegt, að sjálfstæðismönnum séu kunnar. Og ég vil endurtaka það, sem ég sagði í fyrri ræðu minni, að áður en sú upplýsing var gefin á þinginu viðvíkjandi afnámi útflutningsgjalds af sjávarafurðum, var haldinn lokaður fundur í þinginu og á þessum fundi mættu ekki sjálfstæðismenn, þar sem þeir völdu þann kost að slíta samvinnu um utanríkismálin og losa sig með því við ábyrgð, sem afgreiðslu slíkra mála fylgir.

Á þessum fundi var gerð grein fyrir breyttri aðstöðu í ýmsum atriðum, og eftir að hann var haldinn var sú yfirlýsing gefin hér í þinginu, sem áður er getið. Ég get sagt það, að ástæðurnar voru í haust allar aðrar heldur en munu hafa verið vorið 1934, þegar þetta gjald var lagt á, eða haustið 1934, þegar lögin voru staðfest. Ég hefi ekki annað um þetta atriði að segja.

Hv. 6. þm. Reykv. telur, að með þessari breyt., sem hér um ræðir, sé verið að leggja nýjan skatt á útgerðina, sem nemi ½ til ¾%. Hv. 6. þm. Reykv. orðaði það svo, að hér væri um grímuklætt útflutningsgjald að ræða. Ég verð að segja, að mér finnst það undarlegt að halda slíku fram, þegar samtímis sem þetta nýja gjald er lagt á er afnumið gjald, sem nemur 6%. Það geta ekki talizt aukin gjöld á útgerðinni, þegar fyrst er tekið 6% gjald af og í staðinn lagt á ½% eða ¾% gjald. Ég sé ekki annað en að með þessu sé létt a. m. k. 5% gjaldi af fiskinum. Hv. 6. þm. Reykv. taldi þetta grímuklætt útflutningsgjald og vildi gefa í skyn, að það ætti að renna til almennra ríkisþarfa eins og útflutningsgjaldið nú gerir. Þetta er ekki rétt. Um grímubúninginn þarf ekkert að ræða; það er beinlínis sagt til þess, hvernig og á hvaða hátt eigi að verja þessu gjaldi. Þessu hundraðsgjaldi á að verja í þarfir sjávarútvegsins og jafnframt á að tryggja, að á móti komi frá ríkinu nokkru meira gjald heldur en þessu nemur. Ef gert er ráð fyrir, að á næstu 2 árum komi 300 þús. kr., er það þá þreföld upphæð frá ríkissjóði. Standi gjaldið lengur, breytist hlutfallið nokkuð, en tímarnir eru svo fljótir að breytast, að ómögulegt er að sjá langt fram í tímann, hvorki í þessu efni né öðru.

Ég verð að segja, að þó að mér sé það vel ljóst, engu síður en þeim tveimur hv. þm., sem hér hafa talað, að hagur sjávarútvegsins er erfiður og litlir möguleikar fyrir hann að greiða aukin gjöld, jafnvel örðugleikar á að standa undir þeim, sem verið hafa, að þótt þetta gjald væri ekki lagt á og jafnvel þótt fært þætti að fella niður allt útflutningsgjald af fiski, þá mundi það út af fyrir sig ekki liklegt til þess að breyta svo nokkru nemi afkomu sjávarútvegsins. En hitt er miklu þýðingarmeira, að halda áfram og helzt auka við þá viðleitni, sem höfð hefir verið til þess að koma afurðum sjávarútvegsins á víðari markað, með því að breyta til um verkunaraðferðir og með því að leita nýrra sölustaða og leggja kapp á að koma vörunni út. Í þessu er meiri hjálp fólgin fyrir sjávarútveginn heldur en að fella þetta gjald niður. Það dettur engum í hug að halda því fram, að þetta gjald ráði úrslitum um afkomu sjávarútvegsins, en ef tilsvarandi upphæð er notuð til þess að skapa aukna möguleika til þess að selja vöruna, þá þarf ekki mikið að ávinnast til þess að það geri meira heldur en að bæta fyrir þetta gjald, og meira til. Ég hefi von um, að það sýni sig, að svo fari.

Hv. 6. þm. Reykv. taldi, að fiskimálanefnd væri sú bitlingahjörð, sem lægi þyngst á fátækum sjávarútvegsmönnum, og væri bezt að lóga þessum gripum með sama. Það væri helzta bjargráðið, skildist mér. Þar væru ekki heldur sérfræðingar í harðfisksverkun, enda væri þesskonar verkun neyðarúrræði. Ég býst við, að í þessum efnum séu skoðanir okkar hv. 6. þm. Reykv. nokkuð ólíkar. Það skal játað, að fiskimálanefnd er nokkuð dýr. En allir þessir 7 menn, sem í henni eru, hafa að launum eitthvað svipað og einn forstjóri fyrir Sölusambandi ísl. fiskframleiðenda. Það er óneitanlega dýr nefnd, þó að hún hafi ekki nema ⅛ af framkvæmdarstjóralaunum Sölusambandsins. En ég er ekki vonlaus um, að hægt verði að koma við einhverjum sparnaði á þessum lið, án þess að ég geti gefið um það ákveðið loforð. En það er ekki rétt að horfa eingöngu á kostnaðarhliðina, þó að mönnum kunni að vaxa í augum þessi kostnaður. Ég tel, að síðan fiskimálanefndin tók til starfa hafi ýmsir merkilegir hlutir áunnizt fyrir hennar forgöngu. Ég skal t. d. nefna harðfisksverzlunina, hvort sem hún er neyðarúrræði eða ekki. En sú byrjun, sem gerð hefir verið á harðfiskverkun, gefur þær vonir, að betra sé að halla sér að henni heldur en hrúga saltfiski ofan á saltfisk, sem litlar líkur eru til að selja.

Þá var að tilhlutun fiskimálanefndar tekin upp á síðastl. ári ný atvinnugrein, sem ýmsir gera sér vonir um, að verði arðvænleg. Það eru karfaveiðarnar. Þessi tilraun gefur von til þess, að hægt verði að létta af saltfisksveiðunum vissa tíma ársins með því að láta togarana stunda þessar veiðar. Það er og útlit fyrir, að þessar afurðir verði auðseljanlegri heldur en síldarafurðir. Fiskimálanefndin hefir einnig gert mikilsverðar rannsóknir um möguleika til sölu á hraðfrystum fiski, sem að vísu er skammt komið enn. En allt um það, þá getum við samt miklu meira í þessu efni heldur en áður og stöndum betur að vígi að halda áfram heldur en þegar starfið var hafið.

Að öllu þessu athuguðu tel ég það misráðið að leggja niður þessa nefnd. Ég held þvert á móti, að það sé sjálfsagt, að hún starfi áfram. Og ég tel vel fara á því, að saltfiskverzlunin, sem er mesta vandamál nútímans, sé hjá þeirri stofnun, sem hana hefir nú, og að tryggð sé samvinna fiskimálanefndar og Sölusambandsins með því, að einn maður úr fiskimálanefnd, sem samtímis er í stjórn Sölusambandsins, sé tengiliður þar á milli. En í l. um Sölusamband ísl. fiskframleiðenda er það skýrt tekið fram, að

það sé stofnað til þess að hafa saltfisksöluna á hendi, og annað ekki.

Ég held, að ég þurfi ekki að taka fleira fram út af ræðum hv. þm. og læt því þetta nægja.

Ólafur Thors óyfirl.]: Það er í sjálfu sér ekki mikið, sem ég þarf við að bæta það, sem hv. þm. Vestm. og hv. 6. þm. Reykv. hafa sagt. Ég get í öllum höfuðefnum vísað til þeirra málflutnings. Það er sjálfsagt líka í höfuðatriðum rétt, sem hæstv. atvmrh. sagði um sögu 6% gjaldsins, svo langt sem það náði, en ég veitti því athygli — og var ég dálitið hissa á því, úr því að hann fór að rekja gang málsins hér í hv. d. —, að hann lét nokkuð undan falla og sagði söguna ekki til enda. Hæstv. ráðh. sagði frá þeirri þörf, er lá til grundvallar því, að skatturinn var lagður á. Hann sagði frá því, að allir þingflokkar hefðu verið sammála um, að óhjákvæmilegt hefði verið að leggja þennan skatt á, en blærinn á hans málflutningi var þó sá, að þetta hefði í raun og veru verið komið að miklu leyti í framkvæmd áður en núv. ríkisstj. tók við völdum. Það er líka rétt, svo langt sem það nær. En hæstv. ráðh. átti jafnframt að láta hins getið, að að því leyti, sem þetta skattgjald stendur í sambandi við þá þrengingu markaðsins, sem kunn varð upp úr samningunum við Spánverja sumarið 1934, að þeir samningar voru með þeim hætti, að Íslendingar gátu, ef þeir vildu, sagt þeim upp á árinu 1934, þannig að öll ákvæði þeirra féllu úr gildi við áramót 1934 og 1935. Ríkisstj. leit hinsvegar svo á, að ekki væri rétt að gera þetta, og ég hygg, að hún hafi haft þar á réttu að standa. Ég hygg, að á bak við hana hafi staðið vilji þingsins óskiptur. Ríkisstj. lét sendiherrann, Svein Björnsson, fara til Spánar til þess að fá tryggingu fyrir því, að samningarnir yrðu framkvæmdir á árinu 1935 með sama hætti og þeir voru framkvæmdir á árinu 1934, með þeim kvöðum og takmörkunum, sem voru lagðar á íslenzka verzlun og viðskipti með ákvæðum samningsins eins og hann var í öndverðu gerður. Mér þykir rétt að láta þetta koma fram, svo að það sjáist í þingtíðindunum, að þegar ríkisstj. og þingheimi var kunnugt um þetta mál, voru allir sammála um að taka eðlilegum afleiðingum af því, og eftir að ríkisstj. hafði athugað það í 4 til 5 mánuði, óskar hún ekki eftir, að samningunum sé sagt upp, heldur óskaði eftir, að þeir yrðu framkvæmdir á sama grundvelli og verið hafði.

Það er í sjálfu sér ekkert aðalatriði, hvað greinilegir samningar hafa staðið í milli mín og hæstv. ráðh. um afnám þessa gjalds á öndverðu þessu þingi. Hæstv. ráðh. telur, að það hafi ekki verið um neina samninga að ræða. Hann má orða það svo, ef hann vill. En hitt veit hæstv. ráðh., að við höfum átt tal um þetta oftar en einu sinni eftir að þing kom saman á ný, og hæstv. ráðh. veit það vel, að mitt erindi var að bera fram óskir um, að við, sem stóðum að því að leggja á þetta gjald, gætum sameiginlega staðið að því að létta því af. Ég gerði þetta samkv. ályktun þingflokks Sjálfstfl., og í fullu samráði við hann. Við vorum, eins og hv. þm. Vestm. gat um í fyrstu ræðu sinni, á einu máli um það, allir þm. Sjálfstfl., að hvort sem þessi þörf væri nú fyrir hendi eða ekki, þá væri þess ekki lengur kostur að leggja þetta gjald á sjávarútveginn. Hann gæti ekki undir því risið. Ef þörfin væri enn fyrir hendi vildum við, að kostnaðinum væri dreift á landslýðinn, vegna þess að það eru fleiri en útvegsmenn og sjómenn, sem eiga afkomu sína undir sjávarútveginum — það er allur landslýður. Til þess að forðast að blanda saman því tvennu, annarsvegar gjaldgetu sjávarútvegsins og hinsvegar deilunni um það, hver þörf er fyrir hendi, þá var það, að hv. 6. þm. Reykv. lagði fram með minu samþykki samningsgrundvöll í sjútvn., sem hné að því, að ef hæstv. stj. taldi, að þessi þörf væri óhjákvæmilega fyrir hendi, þá var í þeirri samningsuppástungu bent á leið til þess að fullnægja þörfinni án þess að sérstakur skattur væri lagður á sjávarútveginn einan. Án þess að fara langt út í þá hlið málsins, þá virðist mér, að hæstv. stj. vilji í því frv., sem hér liggur fyrir, halda opnum þessum möguleika að fullnægja þessari þörf, ef hún yrði fyrir hendi að dómi ríkisstj., því að í þeirri grein, sem um þetta fjallar, hefir hæstv. ríkisstj. með orðalagi greinarinnar opnað fyrir sér nokkuð víðtæka möguleika til ráðstöfunar á þeirri lánsheimild, sem lögin endurnýja og staðfesta, og svo þeim nýju tekjum, sem hæstv. stj. ætlar að fá með ákvæðum frv.

Mig langar í því sambandi að beina fyrirspurn til hæstv. ráðh. um það, hvort hann telji þessa einnar millj. kr. lánsheimild, sem þetta frv. fjallar um, nýja lánsheimild eða eingöngu endurnýjun á þeirri lánsheimild, sem fólst í lögunum um fiskimálanefnd frá því í fyrra.

Eftir skýrslu hæstv. ráðh. er búið að ráðstafa nokkru af þessu fé, eða um 200 þús. kr. Eða er það ekki rétt? Það er búið að taka lán, sem nemur 500 eða 600 þús. kr., og ráðstafa nokkrum hluta af því eins og ég sagði áðan. Nú langar mig til að vita, hvort hæstv. ráðh. ætlast til, að þetta verði ný heimild eða aðeins áframhald af þeirri eldri. Það skiptir að því leyti ekki miklu máli, eftir þeim skýringum, sem hæstv. ráðh. hefir gefið, að nokkrum hluta þessarar millj. er ennþá óráðstafað og hæstv. stjórn hefir óbundnar hendur um þá ráðstöfun samkv. orðalagi greinarinnar eins og hún er á þskj. 560.

Það var margt í ræðu hæstv. ráðh. bæði fyrr og síðar, sem fjallaði um þessa hlið málsins, sem gæti gefið tilefni til nánari athugunar, en ég ætla þó að láta það undir höfuð leggjast, sumpart með tilvísun til þess, sem hv. þm. Vestm. og hv. 6. þm. Reykv. hafa sagt, og sumpart af því, að ég hefi áður gert þetta mál að umræðuefni og get vísað til þess.

Hæstv. ráðh. talaði með allmiklum hita og þunga um þörf sjávarútvegsins fyrir nýjar markaðsleitir og þá miklu gagnsemi, sem sjávarútveginum mætti verða að því, að undir ötulli forustu væri hafizt handa um leit á auknum saltfiskmarkaði og um framkvæmd nýrrra úrræða um meðferð og sölu sjávarafurða. Ég er sammála honum um þetta. En þessu til sönnunar vildi svo hæstv. ráðh., eða öllu heldur

þessa staðreynd notaði svo hæstv. ráðh. til sönnunar því, að það væri ekki rétt af þeim mönnum, sem teldu sig bera hagsmuni sjávarútvegsins fyrir brjósti, að rísa öndverðir gegn nýjum álögum á sjávarútveginn. Um þetta get ég hinsvegar ekki verið hæstv. ráðh. sammála. Það er alveg rétt, sem hæstv. ráðh. sagði, að sjávarútvegurinn er nú í hinum mestu þrengingum, og út frá því verða þeir menn að hugsa og hegða sér, sem þá staðreynd skilja. Það má náttúrlega segja, eins og hæstv. ráðh. sagði, að sjávarútvegurinn kikni ekki undir þessu gjaldi einu út af fyrir sig, en ef haldið verður áfram að álykta þannig, að 50 au. á skpd., króna á skpd. eða 2 kr. á skpd. geri hvorki til né frá, þá verður það þessi hugsunarháttur, sem drepur sjávarútveginn, og hann er raunar búinn að því. Það er á allra vitorði, að það er búið að hegða sér svo lengi eftir þessum hugsunarhætti, að sjávarútvegurinn er kiknaður — kiknaður undan kvöðum, sem alltaf er verið að auka. Og ef aðþrengdan sjávarútveg munar ekki um þetta gjald, þá má með sama rétti segja, að aðþrengdan ríkissjóð muni ekki heldur um það. Við vitum það, sem kunnugir erum sjávarútveginum, högum hans og háttum, af eigin reynd, að hann getur ekki lengur borið þau gjöld, sem á hann hafa verið lögð, og því síður ný gjöld. Ég fyrir mitt leyti held því þess vegna fast fram með flokksbræðrum mínum hér, sem um þetta mál hafa talað, að þó að ég viðurkenni fullkomlega þá þörf, sem er fyrir nýjar markaðsleitir og annan þann tilgang, sem lýst er í 5 gr. þessa frv., þá neita ég, að sjávarútvegurinn sé fær um að standa undir því, og treysti mér að benda á ýmislegt í fjárl., sem frekar mætti undan víkja eða létta af ríkissjóði heldur en það að leita að nýjum mörkuðum og stuðla á annan hátt að áframhaldandi þróun útvegsins.

Þá þótti mér hæstv. ráðh. mæla helzt til of mikið fyrir minni fiskimálan. Það er auðvitað mál, að vér sjálfstæðismenn viðurkennum fullkomlega nauðsyn þá og þann tilgang, sem lá til stofnunar fiskimálan. Við áttum þá líka frumkvæðið að því hér á Alþ., að hafizt var handa í þessu máli. Okkur er ljóst, að þegar svo er komið, að haftastefnan náði yfirtökunum hjá þeim þjóðum, sem við aðallega seljum okkar vörur, og braut niður ávöxt af starfi einkafyrirtækjanna um sölu afurðanna á undanförnum árum, þá skapaði það nýtt viðhorf og þörf fyrir ný úrræði. Fram til þessa tíma hafa Íslendingar getað aukið saltfiskframleiðslu sína og margfaldað án þess að af því sköpuðust veruleg vandkvæði um sölu þeirrar aukningar. Þeir menn, sem rekið höfðu saltfiskverzlun, höfðu borið gæfu til þess að afla nýrra markaða fyrir framleiðsluaukninguna, og æfinlega á þann hátt, að sækja á beztu markaðina. Baráttan hafði verið hafin af Íslendingum til árásar á áratuga gömul viðskipti annara framleiðsluþjóða í Suðurlöndum. Barátta Íslendinga var fyrst og fremst háð um þann markaðinn, sem beztur var, með þeim árangri, að aðalkeppinautunum var rutt út af þeim markaði að mjög miklu leyti. Þegar svo, eins og ég áðan gat um, ákvarðanir í sambandi við aukið fylgi innflutningshaftastefnunnar í nágrannalöndunum brutu niður árangur þeirrar baráttu, var Íslendingum ljóst, að leggja varð inn á nýjar brautir, sem nú þóttu þess verðar, að gerðar væru þessar tilraunir, þó að áður þætti ekki vert að líta við þeim. Og í því skyni var hafizt handa um þetta og Sjálfstfl. bar fram till. á haustþ. um það. — Það er rétt, sem hæstv. ráðh. sagði, að fiskimálan. hafi hafizt handa um nýjar tilraunir með harðfisk. En um þær tilraunir er það að segja, að enda þótt árferði hafi verið hagstætt að því er snertir þá vörutegund, vegna þess hve Norðmenn öfluðu miklu minna heldur en undanfarin ár og létu það ganga út yfir harðfiskframleiðslu sína, svo að framboð á harðfiski af þeirra hendi var með allra minnsta móti, þá hafa framkvæmdir hér á landi á þessu sviði verið ákaflega lítilvirkar og mjög lítið af fiski verið hert. Og þó að e. t. v. megi gera sér vonir um frekari árangur þeirrar starfsemi, þá stendur hitt eftir annarsvegar, að við höfum illa notað þá aðstöðu, sem fyrir hendi var í þessum efnum, og hinsvegar mun áframhald þeirrar starfsemi fyrst og fremst fara eftir því, hvort enn meiri þrengingar verða á saltfisksmarkaðinum. Annað atriði, sem ráðh. tilgreindi fiskimálan. til framdráttar, var það, að n. hefði átt frumkvæðið að því, að hér var byrjað á nýjum atvinnurekstri, nefnil. vinnslu á karfa í síldarmélsverksmiðjunum. Ég veit ekki, hvað mikinn heiður má ætla fiskimálan. af þessum tilraunum. Það voru hér fyrir nokkru síðan gerðar tilraunir í þessa átt, en strönduðu þá á því, að það reyndist ekki arðvænlegt. Síðan hefir ungur maður, sem unnið hefir að rannsóknum á hagnýtingu karfa undanfarin ár, skilað árangri af þeirri vinnu, en hann gefur vonir um, að þessi atvinnurekstur geti í framtíðinni orðið arðvænlegur. Ég vil þó vara menn við að gera sér of miklar vonir um þennan árangur, því að gera má ráð fyrir, að þær hillingar, sem við lifum nú í, muni fljótt falla fyrir dómi reynslunnar. Ég hika því ekki við að segja, að reynslan muni færa sönnur á það, að það muni ekki verða til baga, heldur til bóta, að leggja niður störf fiskimálan. Það myndi spara þá tugi þúsunda, sem hún nú kostar framleiðendur. Mætti fela þau störf, sem hún hefir með höndum, þeirri tíu manna yfirstjórn, sem nú fer með fisksöluna. Það skiptir vitanlega ósköp litlu máli, hvort atvmrh. sé form. fiskmálan. Við höfum fengið þá umsögn, og útvegsmenn munu almennt vera þeirrar skoðunar, og ég er sannfærður um, að sú skoðun fæst staðfest með reynslunnar dómi, ef Alþ. ber gæfu til að samþ. frv., sem liggur fyrir frá sjálfstæðismönnum um sameiningu þessara tveggja verkefna. Ég hika ekkert við að fullyrða, að ég tel verk fiskimálan. eðlilegan ávöxt þess, að forstöðumaður þeirrar n. hefir ekki komið neitt nærri sjávarútveginum fyrr en hann tók að sér formennsku í þeirri n. Ég er ekki sérstaklega að deila á hann, þótt ég segi þetta, en það liggur bara í hlutarins eðli, að menn, sem aldrei hafa komið nærri slíkum störfum, hafa ekki tileinkað sér þá þekkingu og þann hugsunarhátt,

sem nauðsynlegur er mönnum, sem veita eiga forstöðu málefnum sjávarútvegsins. Og hvað snertir þá afstöðu, sem færð var fram fyrir þeim útgjöldum, sem leiðir af fiskimálan., þá hygg ég, að væri sanni nær að sameina fiskimálan. og fisksölusamlagið. Það myndi ekki aðeins spara laun eins framkvæmdarstjóra, heldur framt að því laun þeirra allra. Eitt er víst, og því hefir ekki verið mótmælt, að kostnaðurinn, sem leiðir af störfum fiskimálan. með skrifstofuhaldi og öllu, er nærri 40 þús. kr. á ári. Það eru þannig 6 nm., sem hafa 3000 kr. laun hver, svo er form., sem hefir 5400 kr., og skrifstofustjóri með 7200 kr. Þetta verða samtals 30600 kr. við þetta bætist svo laun skrifstofumanns, 2400 kr., verða þetta samtals 33 þús. kr. og þar að auki húsnæði, ljós og hiti, og margvíslegur annar kostnaður, sem ég hygg, að gæti fallið niður, ef þetta yrði lagt undir fisksölusambandið, og auk þess störf þriggja manna með samtals 21 þús. kr. í laun, sem ég hygg, að mætti að miklu leyti spara. Það er því sannað og óvefengjanlegt, að sparnaðurinn myndi nema milli 50 og 60 þús. kr. Væri réttara að verja því fé til þess að reyna að bæta eitthvað úr því neyðarástandi, sem ríkir meðal útvegsmanna, eins og fram kom í ræðu hæstv. ráðh. í gær. Hæstv. ráðh. myndi að minni hyggju taka afleiðingunum af því með því að falla frá að halda uppi slíkri stofnun. Þó að hún sé að sumu leyti þeirra eigin verk, þá er það eigi til hneisu, þó að menn falli frá fyrri villu, ef menn sjá að það er rétt, þó að síðar sé.

Héðinn Valdimarsson óyfirl.: Ég ætla ekki að fara út í sögu fiskiskattsins. Það hefir hæstv. atvmrh. gert, og ég geri ráð fyrir, að hann svari þeim atriðum, sem að honum var beint í ræðu hv. þm. G.-K. En það eru þau orð, sem hv. 6. þm. Reykv. og hv. þm. G.-K. sögðu um fiskimálan. og þörfina fyrir að leggja hana niður, sem ég vildi svara. Það er nú svo, að ef maður tekur fiskimálan. annarsvegar og fisksölusamlagið hinsvegar, þá eru tveir menn, sem hægt er að bera saman; annar er Helgi Guðmundsson, en hinn er ég. Ég vil halda því fram, að þessir menn séu báðir jafnhæfir til þess, sem þeim er ætlað. Að vísu sagði hv. þm. G.-K., að það myndi sérstök áherzla lögð á það af hálfu útvegsmanna að mótmæla mér sem form. fiskimálan., af því að ég hefði ekki komið nærri sjávarútvegsmálum. Ég verð að segja, að af þeirri veru, sem ég hefi haft á þessum stöðum í stjórn sölusamlagsins og fiskimálan., þá finnst mér, að sú þekking á sjávarútveginum, sem þessir menn þykjast hafa, hafi gert þeim erfiðara að tileinka sér nýja hluti, sem þarf að gera, til þess að geta unnið gagn í þessum málum. Ég álít, að meira sé undir því komið, að menn séu kunnugir atvinnuvegum þjóðarinnar og verzlun heldur en að kunna að verka fisk, sem ég er þó ekki viss um, að allir, sem eru í stjórn sölusambandsins, kunni. Hv. þm. G.-K. lét svo um mælt, að ég hefði ekki tileinkað mér þá þekkingu og þann hugsunarhátt, sem nauðsynlegt væri þeim mönnum, sem veita málum sjávarútvegsins forstöðu. Það getur náttúrlega vel verið. En þá þekkingu og þann hugsunarhátt sem ég geri ráð fyrir, að hv. þm. G.-K. vildi, að ég hefði, hefi ég ekki, því að sá hugsunarháttur er ekkert annað en sá gamli íhaldshugsunarháttur, sem hefir komið okkur í það neyðarástand, sem nú er. Fyrir utan þá tvo menn, sem ég hefi nú minnzt á, þá hefir Magnús Sigurðsson verið nokkurskonar fulltrúi í Sölusamb. ísl. fiskframleiðenda f. h. Landsbankans. Sá banki hefir einnig rétt til að setja mann í fiskimálan., en það varð svo, að þeir treystu ekki bankastjórunum til þessa, en fengu til þess útgerðarmann, Júlíus Guðmundsson, og fæstir munu bregða honum um, að hann vaki ekki yfir málum útvegsmanna. Í stjórn Sölusambandsins er útnefndur maður af S. Í. S. og sömuleiðis í fiskimálan. Munurinn er aðeins sá, að þetta fyrirtæki hefir ekki álitið, að það gæti haft mann, sem gæti verið í báðum stöðunum í einu. — Þá vil ég minna á, að í stjórn fiskimálan. er fulltrúi frá Alþýðusambandinu, sem nú er Jón Axel Pétursson, og er hann að mínu áliti mjög kunnugur þessum málum, og sérstaklega því, sem lýtur að því að gæta hagsmuna sjómannastéttarinnar, og ég vil minna hv. þm. G.-K. á það, þegar hann á sínum tíma ætlaði að koma á fiskiráði, þá átti einmitt að vera í því fulltrúi frá Alþýðusambandinu. Aftur á móti átti ekki að vera nema einn útgerðarmaður í því. Þá eru eftir tveir menn, sem líka eru í fiskimálan., það er Guðmundur Ásbjörnsson, sem er útgerðarmaður og vel kunnugur þessum málum, og hinn er Kristján Bergsson, forstjóri Fiskifél. Íslands. Báðir þessir menn hafa í fiskimálan. sýnt mikinn vilja á því að vinna að þessum málum. Og á móti þessum mönnum ætla að vera þeim snjallari koma menn eins og Sigurður Kristjánsson og Jóhann Jósefsson, sem að vísu sjaldan getur mætt, en í stað hans er Jón Kjartansson. Enginn af þessum mönnum hefir gert sér fiskverkun að atvinnu á annan hátt en þann, að þeir hafa borðað fisk sem blaðamenn, og mér finnst það óneitanlega illa hugsað, ef taka á meira tillit til þessara manna heldur en flokksmanns þeirra, sem hefir vit á þessum málum. Annars vil ég benda á það, að þessar ræður hv. þm. G.-K. og hv. 6. þm. Reykv. benda á, hvað þeir hafa ákaflega lítið fylgzt með störfum fiskimálan. og verkefnum hennar, þar sem þeir álíta, að það sé tvímælalaust hægt að setja þessi störf undir stjórn fisksölusambandsins. Má í því sambandi benda á, að vinnutími fiskimálan. hefir áreiðanlega verið þrefaldur á móts við stjórn fisksölusambandsins, og er varla hægt að gera ráð fyrir, að stjórn fisksölusambandsins bæti þessum vinnutíma á sig þegjandi. Ég er sannfærður um, að ef hún ætlaði að hafa með höndum þessi störf, þá eru ýmsir af þessum mönnum, sem ekki myndu vilja sjá af þeim tíma, er gengi til þessara hluta, jafnvel þó að þeim væri borgað fyrir það eitthvað hærra en nú er. En mér finnst óliklegt, að sú greiðsla yrði hærri en 3600 kr., enda fyndist mér það vel borgað móts við þá vinnu, sem lögð hefir verið fram í sölusambandinu. Ég vil í þessu sambandi benda á það, að í stað þess að hægt sé að minnka störf fiskimálan., má búast

við mikilli aukningu á þeim, og ég skil ekki í því, að hægt sé að halda áfram lengur en til áramóta að hafa sama skrifstofustjóra í fiskimálan. og fisksölusamlaginu. Það er enginn vafi á því, að það þarf sérstakan mann til þess að standa fyrir skrifstofu fiskimálan. (ÓTh: Er nú einhver nýr maður, sem þarf að koma að?). Já, það má gera ráð fyrir því, annaðhvort í fiskimálan. eða fisksölusamlaginu. Hv. þm. G.-K. lýsti því hér með mörgum fögrum orðum, hvernig íslenzkir útgerðarmenn hefðu alltaf valið beztu markaðina, fundið hvar bezt var borgað fyrir fiskinn og farið þangað með allan sinn fisk. Ég skal náttúrlega játa, að ég er ekki vel kunnugur verði á hinum ýmsu fiskitegundum, en ég efast um, að þetta sé rétt, eða réttara sagt: ég er viss um, að þetta er rangt, sem sést á því, að harðfiskverðið hefir haldið sér á móts við hitt. Þegar harðfiskverkun var tekin upp hér á landi og af þeirri reynslu, sem fengin er af henni, bendir allt til, að verð á harðfiski verði betra en verð á saltfiski. En þessi reynsla er auðvitað takmörkuð, þar sem fiskimálan. gat ekki tekið til starfa strax í ársbyrjun. En það hefir sýnt sig við sölu, að verðið er mjög viðunandi, og ég efast ekki um, að útvegsmenn muni halda áfram á þessari braut. En það, sem gerir mesta erfiðleika á því að keppa við norska harðfiskinn, er, að því er hv. þm. sagði, að ekki sé hægt að verka samskonar harðfisk hér á landi og í Noregi, en reynslan hefir sýnt að á ýmsum stöðum hér er a. m. k. eins gott, ef ekki betra, að verka harðfisk heldur en í Noregi, enda hefir fiskimálan. fregnað það frá ýmsum harðfiskkaupendum, að þeir myndu kaupa íslenzkan harðfisk ekki síður en norskan, þegar hann kæmi á markaðinn.

Það er líka annað atriði, sem ég tel mikils virði: því fleiri verkunaraðferðir, sem notaðar eru, því meiri eru markaðsmöguleikarnir, og því minni er áhættan af fiskútflutningnum, því að þótt markaður bili á einum stað, getur hann verið öruggur á öðrum. Með því að nota fleiri en eina verkunaraðferð er ekki allt lagt undir eitt spil, eins og hjá fjárhættuspilurum.

Tilraunir hafa verið gerðar með hraðfrystan fisk, og verður nú að taka þá aðferð upp í stórum stíl. Hafa sýnishorn af þessari vöru verið send til 5 landa. Verður framtíðin að skera úr um það, hvaða árangur þessar tilraunir bera. Hér þarf mikla nákvæmni við, og býst ég ekki við, að hægt verði að spara þann mann á næstunni, sem kom fram með þessa aðferð. Þá þykir mér ekki líklegt, að hægt sé að spara þann mann, sem kom á harðfiskverkun hér á landi, en það er einn þeirra manna, sem hv. þm. G.-K. telur, að spara beri fyrir útveginn. Það þarf að lögskipa mat á harðfiskinum, svo að hann skemmist ekki í salthúsunum.

Þá ætti að halda áfram tilraunum um meðferð ísfiskjar, sem reglugerð er nú komin um. Sama er að segja um niðursuðu o. fl.

Þá eru tilraunirnar til markaðsleitar. Fiskimálan. á þakkir skildar fyrir tilraunirnar að því er snertir Suður-Ameríku. Fiskimálan. sendi sölusambandinu fyrirspurn um, hvort það myndi senda mann í markaðsleit, og lét nefndin svo um mælt, að hún myndi annars senda manninn. Sölusambandið sendi síðan mann til Ameríku, og verður að þakka það fiskimálan., að hún rak þarna á eftir. (ÓTh: Slúður). Þetta munu fleiri geta borið um.

Annars held ég, að hyggilegast sé að hafa þarna verkaskiptingu, þannig að sölusambandið sjái um saltfiskinn, að vinna honum sem beztan markað, en fiskimálan. sjái um annað. Að öðru leyti ætti að vera sem mest samstarf milli sölusambandsins og fiskimálan.

Atvmrh. (Haraldur Guðmundsson) [óyfirl.]: Hv. 2. þm. Reykv. hefir svarað því, sem drepið hefir verið á fiskimálan., og þarf ég þar engu við að bæta. En ég get ekki látið hjá líða að svara nokkrum atriðum í ræðu hv. þm. G.-K. Hann sagði, að Íslendingar hefðu getað sagt upp Spánarsamningnum, ef þjóðin hefði óskað. Þetta hefði stj. ekki gert, heldur leitað eftir endurnýjun hans. Þetta er ekki rétt. Það var gengið frá Spánarsamningunum í júlí 1934, og hefði ef til vill mátt segja þeim upp í október þá um haustið. En það hefði eitthvað alveg sérstakt orðið að koma fyrir til þess, að hægt hefði verið að segja þeim upp svona fáum mánuðum eftir að þeir voru gerðir. Samningarnir hafa ekki heldur verið endurnýjaðir, en Sveini Björnssyni sendiherra var falið að fara til Spánar til þess að leita upplýsinga um það, hver innflutningskvóti okkur yrði tryggður samkv. gildandi samningum.

Þá vil ég leiðrétta það, sem hv. þm. sagði, að hann og ég hefðum sameiginlega lagt á fiskskattinn, og því bæri okkur að hjálpast að því að afnema hann. Fiskskatturinn var nú lagður á löngu fyrir stjórnarskiptin, í maí 1934, en stjórnarskiptin urðu ekki fyrr en 1. ágúst. Það sem stj. hefir gert, er aðeins það, að setja nánari reglur um þennan skatt.

Viðvíkjandi því, að við ættum að vinna saman að því að afnema þennan skatt, get ég sagt það, að ég myndi ekkert hafa á móti slíkri samvinnu. En eina till., sem komið hefir frá hv. þm. G.-K. í þessu tilliti, gekk út á það, að leggja þetta gjald, sem lagt hafði verið á sjávarútveginn, yfir á ríkissjóð. Á þessum grundvelli gat ekki verið um samkomulag við mig að ræða.

Hv. þm. spurði líka, hver væri ætlunin með hinni víðtæku heimild, sem stj. er veitt samkv. 5. gr. til að nota fiskimálasjóð á svipaðan hátt og markaðs- og verðjöfnunarsjóður var notaður. Ég vil benda hv. þm. á síðari málsgr. 4. gr., þar sem útskýrt er, hvernig sjóðnum skuli varið.

Fleira held ég ekki, að ég þurfi að taka fram í sambandi við ræðu hv. þm.

Ólafur Thors [óyfirl.]: Ég er hissa á því, að hæstv. ráðh. skuli leyfa sér að segja, að ég fari með villandi upplýsingar, þegar ég skýri frá því, að stj. hafi getað sagt upp Spánarsamningunum í fyrra, hefði hún viljað. En svo rekur sú upplýsing þessa fullyrðingu hans, að stj. hefði getað gert þetta í okt., hefði hún viljað, en það hefði aðeins verið óviðkunnanlegt, ef ekki hefði

eitthvað sérstakt komið fyrir. En það, sem komið hafði fyrir, var þetta, að bæði hæstv. ráðh. og ég höfðum fengið nánari upplýsingar um þessa samninga og reynslu fyrir kostum þeirra og göllum. Hér var því komin fullgild ástæða fyrir uppsögn samninganna. Hæstv. ráðh. hefir því tekið á sínar herðar alla ábyrgð af viðhaldi þessara samninga. Og ég ámæli honum fyrir það. Hvenær sem um þetta er rætt, reyrist snaran að hálsi honum, ekki síður en mér og öðrum hv. þm.

Það er ekki rétt, sem hæstv. ráðh. sagði síðast í ræðu sinni, að við sjálfstæðismenn hefðum að vísu verið sammála um, að það bæri að létta af 6% gjaldinu, en við hefðum hinsvegar ekkert gert til þess annað en að bera fram till. um að koma því yfir á ríkissjóð. Við höfum borið fram till. um að létta þessu gjaldi af, en ef ríkisstj. telur sig þurfa á uppbót að halda, þá vildum við, að það yrði tekið af ágóða áfengisverzlunarinnar.

Þá kem ég að ræðu hv. 2. þm. Reykv., en ef hæstv. forseti óskar eftir, get ég frestað framhaldi ræðu minnar. [Frh.].

Umr. frestað.

Á 85. fundi í Nd., 28. nóv., var enn fram haldið einni umr. um frv.

Ólafur Thors frh.]: Ég var í miðri ræðu, þegar hæstv. forseti frestaði umr., og átti eftir að gera nokkrar aths. út af ræðu, sem hv. 2. þm. Reykv., form. fiskimálan., flutti um starfsemi þeirrar n. Hv. þm. taldi það skyldu sína að bera hönd fyrir höfuð n. og vildi sýna fram á ágæti hennar, fyrst og fremst með því að gera samanburð á starfhæfni þeirra manna annarsvegar, sem eru í stj. sölusambands ísl. fiskframleiðenda, og hinsvegar þeirra, sem eru í stj. fiskimálan. Hann gat þess réttilega, að sjálfur ætti hann sæti í báðum n. og virtist mér það eiga að benda til þess, að þyngdarpunkturinn væri nú fundinn í báðum n., þar sem hann sjálfur væri. Auk þess gat hann þess, að Helgi Guðmundsson bankastjóri ætti líka sæti í báðum n., og fannst mér það líka eiga að benda til þess, að talsvert mikið af þeim hæfileikum, sem fiskimálan. hefir yfir að ráða, væri einnig komið í hendur sölusambandsins. Að öðru leyti gerði hann þann samanburð, að f. h. Landsbankans væri Magnús Sigurðsson í fisksölusambandinu, en Júlíus Guðmundsson hefði verið valinn af Landsbankanum í fiskimálan., af því að bankinn hefði ekki treyst Magnúsi Sigurðssyni til þess. Hv. þm. hefir kannske átt við, að bankinn hafi ekki talið rétt að bæta meiri störfum á Magnús Sigurðsson, en hv. þm. sagði nú samt hitt. Ennfremur gat hv. form. fiskimálan. þess, að í fisksölusamlaginu væri Jón Árnason framkvæmdarstjóri, en Pálmi Loftsson í fiskimálan., og taldi hann þar mikinn mannamun. Ég fyrir mitt leyti álít Jón Árnason meira en mann á móti Pálma Loftssyni.

Ég skal ekki gera langan samanburð á starfhæfni Ólafs Einarssonar útgerðarmanns og Jóns Axels Péturssonar. Sá fyrrnefndi er í fisksölusamlaginu, en hinn er í fiskimálan. En Ólafur Einarsson í Hafnarfirði, sem frá blautu barnsbeini hefir fengizt við útgerðarmál, er alveg vafalaust miklu færari starfsmaður á þessu sviði heldur en hafnarlóðsinn hér í Reykjavík, sem auk þess að stunda það starf virðist vera foringi baráttuliðs sósíalista. Loks átti það að sanna, að fiskimálan. væri miklu starfhæfari og réði yfir víðtækari þekkingu heldur en fisksölusambandið, að geta þess, að Guðmundur Ásbjörnsson og Kristján Bergsson væru í fiskimálan., en Sigurður Kristjánsson og Jóhann Jósefsson í sölusambandinu. Nefndi hann þá báða bitlingamenn og ómaga á fiskimálunum, menn, sem ekki hefðu annað til síns ágætis heldur en að hafa gert sér fiskimálin að atvinnu. Því beindi hann þó, eftir því sem mér skildist, sérstaklega til Sigurðar Kristjánssonar og varamanns Jóhanns Jósefssonar, Jóns Kjartanssonar ritstjóra, og skildist mér það undanhald hv. þm. byggjast á þeirri skoðun hans, að maður eins og Jóhann Jósefsson alþm., sem kunnur er að því að hafa fengizt við útgerðarmál svo áratugum skiptir, væri ekki árennilegur og ekki gott að slá því föstu, að hann væri þekkingarlaus í þessum efnum. Hinsvegar valdi hann þessa tvo menn, Jón Kjartansson og Sigurð Kristjánsson, til þess að ráðast á þá fyrir þekkingarleysi, af því að þeir hefðu ekki stundað útgerð, en gert útgerðarmálin sér einungis að féþúfu. Það er kunnugt, að Jón Kjartansson hefir setið í stjórn útgerðarfélags hér í mörg ár. Hitt er þjóðkunnugt, að hv. 6. þm. Reykv. hefir víðtækari þekkingu á þessum efnum en flestir eða allir samstarfsmenn hans, og margfalda þekkingu á við hv. 2. þm. Reykv. Skýrsla hans um hag útgerðarinnar hefir verið lögð til grundvallar við allar umr. um þau mál, jafnt af andstæðingum sem öðrum. Ennfremur hefir hv. 6. þm. Reykv. lengi átt sæti í stjórn útgerðarfélaga, eins og J. K. Mér þykir því skörin færast upp í bekkinn, þegar hv. 2. þm. Reykv., sem hefir 9—10 þús. kr. fyrir að vera í tveim nefndum, án snefils af sérfræðiþekkingu á þeim málum, sem þær eiga að fjalla um, fer að tala um bitbein í þessu sambandi. Slíkt er aðeins hastarleg árás á hann sjálfan.

Öll „rök“ hv. 2. þm. Reykv. hafa sannað það, að stjórn S. Í. F. ræður yfir ósambærilega meiri þekkingu en fiskmálan. Auk þess ræður hún yfir starfskröftum þriggja forstjóra, sem gert hafa fisksölumálin að æfistarfi sínu. Mismunurinn á starfshæfileikum og þekkingu þessara tveggja aðilja er svo augljós, að um hann þarf ekki frekar að ræða, enda veit ég, að hv. 2. þm. Reykv. talar á móti betri vitund í þessu máli sem oftar.

Það lætur óneitanlega hálfilla í eyrum, að heyra mann eins og hv. 2. þm. Reykv., sem aldrei hefir nálægt útgerð komið, en hirðir þó 5400 kr. fyrir að mæta á fundum stutta stund nokkrum sinnum í mánuði, bregða sér margfalt hæfari mönnum um bitlingasnikjur.

Þegar litið er á starf fiskimálanefndar, verður ekki annað sagt en að það er harla lítið. Nefndin hefir að vísu reynt að framkvæma

tvennt úr frv. okkar, herðingu á fiski og hraðfrystingu, sem þó hefir tekizt heldur illa til með að þessu sinni. Hv. 2. þm. Reykv. er vafalaust duglegur við það, sem hann kann og hefir fengizt við, svo sem oliuverzlun, en hann verður að sætta sig við það, þótt efazt sé um hæfileika hans á því sviði, sem hann hefir hvorki bóklega né hagnýta þekkingu. Ég býst nú við, að hann viðurkenni það, að hver sá, sem lengi hefir fengizt við verzlun með sérstaka vörutegund, muni hafa talsverða þekkingu fram yfir þá, sem aldrei hafa nálægt slíku komið. Hv. þm. vantar því allt í þessum efnum á móts við þá, sem gert hafa fisksölumálin að æfistarfi. Auk þess er ljóst, að hann getur ekki haft neinn tíma til að setja sig inn í þessi mál, þótt hann vildi. Hann rekur stóra verzlun, er form. stærsta verkalýðsfélagsins á landinu, varaform. flokks síns og þm. hans. Auk þess mun hann hafa starfað í skipulagsnefnd fram eftir árinu. Þetta veit ég, að hv. þm. hlýtur að játa með sjálfum sér.

Störf S. Í. F. hafa heldur minnkað frá því, sem þau voru, og þó eru stjórnarmennirnir nú orðnir 10 í stað 5 áður. Því ætti að vera hægðarleikur að bæta störfum fiskimálan. við S. Í. F., og þótt meira væri. Útgerðarmenn eiga kröfur á því, að þeim óþarfa kostnaði, sem leiðir af fiskimálan., sé létt af þeim, og munu fylgja þeirri kröfu fram.

Ég tel þýðingarlaust að fara að elta ólar við ýmsar missagnir í ræðu hv. 2. þm. Reykv. Ég vil þó benda á eina missögnina, vegna þess, hve átakanlega hún leiddi í ljós þekkingarleysi hans á þessum málum. Hann hélt því fram, að harðfiskur væri yfirleitt jafnhár eða hærri í verði en saltfiskur. Hann ætti að kynna sér hagskýrslur Norðmanna til að sjá, hvað hæft er í þessari staðhæfingu. Þar sést, að það er föst regla, að ávallt þegar veiðibrestur er, dregur úr verkun harðfisksins, þótt ekki dragi úr saltfiskframleiðslunni. Af hverju? Af því að ekki er jafnarðvænlegt að verka harðfisk og saltfisk. Þegar lítið veiðist, er harðfiskurinn látinn mæta afgangi. Og það sýnir bezt, hve hv. þm. er gerókunnugur þessum málum, jafnvel fram yfir það, sem vænta má, að hann skuli taka árið í ár sem sönnun fyrir þessari staðhæfingu sinni. Því þótt harðfiskurinn hafi að þessu sinni skilað jafnvel skárra verði heldur en saltfiskurinn, þá er það af því einu, að Norðmenn verkuðu í fyrra helmingi minna af harðfiski en áður, sökum stórfellds veiðibrests. Því kann að vera, að það lítilræði, sem hér var verkað af harðfiski, seljist sæmilegu verði.

Þetta dæmi ber vott um það, í hve litt nánu sambandi þessi hv. þm. stendur við atvinnumálin. Og þó leyfir hann sér að vera með glósur í garð þeirra manna, sem hér hafa verkað saltfisk undanfarið og rutt honum braut á erlendum markaði, þar sem hann var beztur. Hann segist ekki vera neinn fjárhættuspilari, sem vilji setja allt á eitt á Suðurlandamarkaðinum. En einmitt sá markaður var beztur og tryggastur á meðan einkaframtakið réð fisksölunni, og okkar fátæka land hafði ekki ráð á að hafna þeim markaði vegna „varfærni" hv. 2. þm. Reykv. árið 1935. Alveg eins og saltfiskmarkaðurinn hefir þrengzt og brostið vegna verzlunarhaftanna, svo gat einnig harðfiskmarkaðurinn gert það, og hefir að nokkru leyti gert, t. d. markaður Norðmanna í Ítalíu. Og jafnvel þótt menn hefðu vitað fyrirfram, hve fara myndi, hefðu Íslendingar ekki haft efni á því á þeim tíma, að banda frá sér bezta markaðinum.

Ég hefi nú sýnt fram á, hve nauðalitla þekkingu hv. 2. þm. Reykv. hefir á þessum málum. Í öðru lagi eru engar líkur fyrir því, að fiskimálanefnd leysi eins vel, hvað þá betur úr þeim vanda, sem að fisksölumálunum steðja, en þeir 10 menn, sem eru í stjórn fisksölusamlagsins. Ég veit, að hv. 2. þm. Reykv. er þetta ljóst, eða að honum verður það a. m. k. ljóst áður en lýkur, að útgerðarmenn, sem eiga að borga brúsann, telja 10 manna stjórn fiskimálanna nógu fjölmenna og enga þörf á 17 manna stjórn.

Sigurður Kristjánsson óyfirl.]: Þegar ég var að víkja af fundi, hafði hv. 2. þm. Reykv. vikið sér með miklu offorsi að stjórnarnefnd S. Í. F. og mér persónulega. Flokksmenn minir skrifuðu niður nokkur ummæli hans, sem ég tel ekki rétt að láta vera alveg ómótmælt.

Hann hafði byrjað á því að halda því fram, að ég hefði farið niðrandi orðum um þá menn, sem sæti eiga í fiskimálanefnd. Þetta er hin mesta fjarstæða. Ég hefi engar persónulegar árásir gert á þessa menn og aldrei komið það til hugar. Mitt álit er, að „að undanskildum amtmanninum" séu þeir að ýmsu leyti hinir nýtustu menn. (GSv: Hver er amtmaðurinn?). Hv. þm. V.-Sk. hlýtur að vera svo lögfróður, að hann skilji það. Ég hefi aðeins haldið því fram og rökstutt það, að n. væri óþörf, en það er ekki af neinni óvild til þeirra manna, sem í henni sitja. Ég tel það sjálfsagt tillit gagnvart útgerðinni, að spara henni óþarfan kostnað, og þessvegna vil ég leggja niður þessa óþörfu n. sem sjálf er dýr og hefir mikið starfslið.

Þá hafði hv. 2. þm. Reykv. farið í mannjöfnuð, þar sem hann og Guðmundur Ásbjörnsson voru annarsvegar, en ég og hv. þm. Vestm. hinsvegar. (HV: Skelfileg vitleysa). Ég ætla eigi að taka þátt í þeim mannjöfnuði, nema að því leyti sem hann snertir okkur hv. 2. þm. Reykv.

Það er rétt, að ég er enginn sérfræðingur í útvegs- eða fisksölumálum. En ég hefi þó dvalið langvistum í útvegsbæ, haft mína takmörkuðu afkomu af sjávarútvegi og setið alllengi í stjórn útgerðarfélags. Ég skal játa, að þetta eru ekki mikil skilyrði fyrir því að hafa vit á þessum málum, enda veit ég manna bezt sjálfur, að ég þyrfti að hafa meiri þekkingu á þeim. En þó er það nú svo, að ég er kosinn í stjórnarnefndina, en hv. 2. þm. Reykv. hefir látið þröngva sér þangað inn með valdboði. Nú mætti spyrja, hvers vegna ég, sem sjálfsagt stend ýmsum að baki um þekkingu á þessum málum, hefi verið kosinn í n. Ég held það sé af því, að fiskframleiðendur hafa treyst því, að ég bæri yfir-

leitt velvildarhug til útgerðarinnar og myndi vinna eins vel fyrir hana og ég gæti. En hinsvegar hafi orðið að troða hv. 2. þm. Reykv. inn í hana, af því að enginn, sem þarna á hagsmuna að gæta, hafi haft trú á því, að hv. þm. vilji verða sjávarútveginum að liði.

Ég vil nú gera hv. 2. þm. Reykv. tilboð, sem hlýtur að vera kostaboð frá hans sjónarmiði. Ef hann getur fengið ¼ fiskframleiðenda til þess að óska þess, að ég víki úr n., þá mun ég gera það, en ef hann getur ekki fengið helming þeirra til þess að óska eftir, að hann verði þar kyrr, þá dragi hann sig í hlé frá þessum málum. Ég veit að vísu, að honum muni verða sárt að skiljast við þessar 5400 kr., sem hann fær í fiskimálanefnd, og von sína um svipaða upphæð í stjórnarnefnd S. Í. F. Ég veit, að það er jafnan sárt fyrir menn að skiljast við sína nánustu. En ég veit, að hv. þm. er svo þroskaður maður og hefir svo oft orðið að láta á móti sér, að hann muni taka þessu með þolinmæði og skilningi.

Hv. 2. þm. Reykv. sagði, að það hefði orðið að neyða S. Í. F. til þess að senda mann til Suður-Ameríku, *og frumkvæðið að því hafi* komið frá fiskimálanefnd. Ég athugaði því gerðabók stjórnarnefndarinnar frá 15. ágúst síðastl. Þar er þetta bókað: Form. lagði fram svohljóðandi tillögu: „Stjórnin samþykkir að senda nú þegar sendimann til Suður-Ameríku og Cuba, til þess að athuga markaðshorfur og sölumöguleika í þessum löndum". Tillagan var samþ. í einu hljóði.

Það var því ekki hv. 2. þm. Reykv., heldur form. n., sem bar þessa till. fram. En þó kemur hann við þessa sögu. Hann gerir tillögu í sömu n., sem einnig er bókfærð. Hún er á þessa leið: „Framkvæmdastjórninni er falið að semja við Runólf Sigurðsson starfsmann S. Í. F. um að fara f. h. S. Í. F. í markaðsleit til Cuba, Bandaríkjanna og annara ríkja þar um slóðir sem líklegt þykir, að selja megi *til íslenzkan* fisk". Samþykkt var að fresta ákvörðun um tillöguna. Það, sem hér skilur þá á milli, er það, að það er form. stjórnarnefndar S. Í. F., sem fyrstur ber fram till. um að láta leita markaða í Ameríku, og sú till. er að formi alveg ólastanleg, eins og búast mátti við af svo víti bornum manni. En svo þegar hv. 2. þm. Reykv. fer að krafsa í þetta á eftir, þá er markaðsleitin ekki lengur aðalatriðið, heldur það, að ákveðinn maður sé sendur. Ég taldi það til *minnkunar, að slík tillaga væri samþ. af stjórn* S. Í. F. og lagði því til, að ferðin yrði falin framkvæmdastjóra Kristjáni Einarssyni. Sú tillaga var samþykkt, þrátt fyrir andmæli hv. 2. þm. Reykv.

En svo kom frá fiskimálan. eftirtektarvert svar, sem skoða má sem áframhald af taktleysi hv. 2. þm. Reykv., sem fram hafði komið hjá honum, er hann krafðist þess, að sendur yrði einn ákveðinn maður, áður en ákveðið var, hvort nokkur maður yrði sendur. Ég vona, að hæstv. forseti leyfi mér að lesa hér þetta bréf. þó það sé nokkuð langt, af því það upplýsir svo vel, með hvernig hug þessi hv. þm. tekur samstarfstilboði S. Í. F. Bréfið er svo hljóðandi:

„Út af heiðruðu bréfi fisksölusambandsins, dags. 10. október þ. á., leyfum vér oss að tilkynna yður, að vér munum, ef vér fáum samþykki atvinnumálaráðherra til þess, vera fúsir að leggja til hálfan ferðakostnað og hálft kaup manns, sem færi í markaðsleit til Cuba, Bandaríkjanna og annara ríkja í Vesturheimi, sem líklegt þykir, að selja megi til íslenzkan fisk, að þessu tilskyldu:

að vér samþykkjum fyrirfram sendimanninn og starfssamning við hann,

að umsamið sé fyrirfram um hóflegt kaup, og takmark sett við upphæð ferðakostnaðar sendimanns,

að sendimaðurinn sé ráðinn til þess að starfa að minnsta kosti 6—12 mánaða tíma og hafi ekki önnur störf með höndum,

að vér fáum mánaðarlega skýrslur um starfsemi sendimannsins,

að hann athugi markaðshorfur fyrir allskonar fiskiafurðir, þar með talinn harðfiskur og síld, og standi í beinu sambandi við oss hvað snertir annan fisk og fiskiafurðir en saltfisk.

Hinsvegar viljum vér taka fram, að ef svo skyldi *fara*, að framkvæmdastjóri eða starfsmaður S. Í. F. yrði sendur stutta ferð, t. d. 2—3 mánuði, í sölucrindum til þessara eða annara landa, þá munum vér telja slíka ferð heyra beint undir S. Í. F. og ekki telja gerlegt að taka þátt í þeim kostnaði, sem þar af flyti".

Það er m. ö. o., ef fiskimálanefnd tæki þátt í sendingu manns í markaðsleit, þá var það bara til þess, að ákveðinn maður fengi að ferðast þetta, og hann skyldi endilega vera 6—12 mánuði í ferðinni. S. Í. F. skyldi engu ráða um það, hvað sá maður ætti að gera, hvert hann færi eða hver hann væri, þá sem sagt ætlaði fiskimálanefnd að kosta för hans að hálfu leyti. En ef sendur yrði forstöðumaður eða starfsmaður S. Í. F., sem vit hefði á starfinu og færi í ákveðnum tilgangi, þá sér fiskimálanefnd sér alls ekki *fært að taka þátt í sendiförinni. Er ekki tíma*bært að leggja niður n., sem þannig skilur sitt hlutverk? Forstjóri S. Í. F. svaraði því, að ómögulegt væri fyrirfram að gera grein fyrir því, hver ferðakostnaðurinn yrði né hve langan tíma ferðin myndi taka. Sendimaðurinn færi til þess að reka ákveðin erindi og yrði að fá greiddan ferðakostnað samkv. reikningi, sem samþykktur yrði eftir á. Fiskimálan. krafðist þess, að ákveðinn maður yrði sendur, en það mætti ekki vera framkvæmdastjóri, sem hefði vit á starfinu, og ennfremur krafðist hún að fá upplýst fyrirfram, hver ferðakostnaðurinn yrði, sem ómögulegt var þó að vita. Ég hefi fundið mér skylt að skýra frá því, hvernig þessi n. hefir komið fram í því máli, sem hún átti að fjalla um, og hefi svo raunar engu við þetta að bæta. Ég hefi sýnt fram á þetta til þess að hnekkja ranghermi og misskilningi hv. 2. þm. Reykv. Ég vil þó ekki ljúka máli mínu án þess að hnekkja einu í ræðu hans, sem snerti utanþingsmann, en það er form. stjórnar S. Í. F. Hv. þm. var með svigurmæli í garð þess manns. Sá maður er að vísu meir en fær um að svara, en hann á ekki sæti hér á Alþingi. Hv. þm. sagði á þá leið, að hann hefði þau kynni af form.

S. Í. F., að hann teldi betur farið, að málum S. Í. F. væri stjórnað á öðrum stað, þ. e. a. s. hjá fiskimálanefnd. Ég ætla að taka mér til fyrirmyndar orð eins hins vitrasta manns, er setið hefir hér á þingi, Jóns Magnússonar, er hann viðhafði við svipað tækifæri og hér er fyrir hendi, þegar einn þm. fór að bera brigzl á utanþingsmann, sómamanninn Björn Jónsson ritstjóra. Við bankastjóri þjóðbankans og ég höfum verið og erum það ég bezt veit andstæðingar í stjórnmálum. Þrátt fyrir það hefir mér aldrei eitt augnablik dottið í hug annað en telja hann einn hinn mikilhæfasta mann þessarar þjóðar. Og þegar hv. 2. þm. Reykv. fer í mannjöfnuð á sér og honum, þá tek ég mér í munn orð þess manns, er ég áður gat: að þessi maður gnæfi yfir hv. 2. þm. Reykv. eins og himinhátt fjall yfir hundaþúfu.

Héðinn Valdimarsson óyfirl.: Þeir flokksbræðurnir hv. þm. G.-K. og hv. 6. þm. Reykv. hafa nú veitzt að mér með nokkrum orðum út af þeirri stuttu ræðu, er ég flutti um þetta mál hér í gær. Það er þó ekki sérstaklega margt í ræðum þeirra, er ég þarf að svara. Svo virðist, sem þeir hafi ekki gert sér ljóst, a. m. k. ekki hv. 6. þm. Reykv., hvaða samanburð ég gerði á mannavali í nefndirnar. Það var ekki svo, að ég væri að bera mig saman við hv. 6. þm. Reykv., það hefir mér aldrei komið til hugar að gera. Ég bar mig saman við sjálfan mig, þar sem ég á sæti í báðum n., og geri ráð fyrir, að ég sé sami maður, í hvorri n. sem ég starfa. Svo lagði ég að jöfnu þá fulltrúa, sem Samband ísl. samvinnufélaga og Landsbankinn réðu í nefndirnar. Ennfremur gerði ég ekki upp á milli fulltrúa Alþfl. í báðum n. Þeir hafa að vísu mjög ósvipaða reynslu í þessum málum, en hvor fyrir sig mjög ómissandi reynslu í sjálfu sér. Annar þeirra er sjósóknari, þaulkunnugur fiskiveiðunum og hlutverki sjómannanna í þeim, hinn hefir aftur á móti reynslu af stórútgerðinni. Ég álít, að þekking þessara manna hvors um sig sé nauðsynleg, og geri því ekki upp á milli þeirra. Mannjöfnuðurinn, sem ég var að gera í gær, var á milli hinna tveggja fulltrúa Sjálfstfl. í hvorri n. fyrir sig, en það eru annarsvegar hv. 6. þm. Reykv. og hv. þm. Vestm., sem oft er fjarverandi vegna atvinnu sinnar og heimilisfangs, en þá situr í hans stað Jón Kjartansson, og hinsvegar Jón Ásbjörnsson og Kristján Bergsson. Ég ætla ekki í þessari ræðu að fara langt út í þennan samanburð, en ég hygg, að Sjálfstfl. muni treysta betur hinum síðartöldu heldur en þeim hv. 6. þm. Reykv. og Jóni Kjartanssyni, sem settir voru inn í n. eins og hver önnur bitlingadýr.

Það kann að vera, að þessum hv. þm. þyki kaup mitt í fiskimálanefnd nokkuð hátt, en þar til hefi ég því að svara, að svo vill til, að tveir þriðju af því renna í bæjarsjóð og ríkissjóð, en ekki nema þriðjungur þess í minn eiginn vasa. En þeir, sem þekkja til starfa fiskimálanefndar, vita það, að þau eru ekki einn til tveir fundir í viku, sem standa yfir tvo tíma í senn, eins og hjá stjórn S. Í. F., heldur miklu meiri. Og kaup fulltrúanna í fiskimálanefnd er ekki hátt, miðað við það, að þessir hv. þm. halda því fram, að fulltrúar í stjórn S. Í. F. eigi að hafa 3500 kr. hver fyrir sitt litla starf. Mér hefir aldrei dottið í hug, að þeir ættu að fá svo há laun fyrir starf, sem þeir ættu að geta unnið alveg ókeypis. (**ÓTh:** Það væri nær að fiskimálanefnd ynni ókeypis). Ég hygg, ef störfum fiskimálanefndar yrði bætt á stjórn S. Í. F., þá þættist hv. 6. þm. Reykv. hafa heldur minni tíma til ritstarfa en hann nú hefir.

Þá sagði hv. 6. þm. Reykv., að S. Í. F. hefði fleiri mönnum á að skipa en fiskimálanefnd. Það kemur líklega af því, að þeir, sem starfa hjá fiskimálanefnd, hafa sérþekkingu bæði um frystingu og herzlu fiskjar, en menn S. Í. F. hafa ekki sérþekkingu. Nú er það ákveðið af S. Í. F., að félagið skuli hafa þrjá framkvæmdastjóra, af því starfið sé svo mikið, en ef þessir menn hafa nægan tíma til þess að taka að sér starf fiskimálanefndar, sem er mjög mikið og fer árciðanlega vaxandi, þá væri betra að leggja tvo þeirra niður, því þeir eru vissulega miklu dýrari en fiskimálanefnd.

Viðvíkjandi því, sem hv. þm. G.-K. sagði, að beztu markaðirnir, sem völ væri á að vinna fyrir útgerðina, væru í Suðurlöndum, skal ég taka fram, að ég álít, að hann geti ekki sannað þetta. Ég hygg, að ef saga sölu sjávarafurðanna væri brotin til mergjar og tekið tillit til allra þeirra stóru tapa, sem orðið hafa á fisksölu til Suðurlanda, og þeim jafnað upp á móti hagnaðinum til þess að fá út nauðsynlegar jafnaðartölur, þá geti farið svo, að þessi fullyrðing hv. þm. G.-K. verði nokkuð hæpin. Norðmenn hafa a. m. k. kappkostað að halda við sínum harðfiskmarkaði, og þeir, sem hér á landi hafa reynt að selja harðfisk til útlanda, hafa horfið frá því og stundað saltfiskverkun einungis af því þeim þótti það umfangsminna. Norðmenn, sem stunda bæði saltfisks- og harðfiksverkun, hafa verið mjög á verði um hvorntveggja markaðinn, og reynsla okkar á þessu ári sýnir það, að verð harðfisksins er hærra en verð saltfisksins. Það má geta þess, að fyrir togaraveiðina — nema ufsann — skiptir harðfiskmarkaðurinn ekki eins miklu og fyrir smáútgerðina.

Annars má segja það, að hversu miklum hæfileikum, sem fisksalar togaraútgerðarinnar eru gæddir, þá hafa þeir alls ekki reynt að afla markaða fyrir harðfisk, heldur aðeins fyrir saltfiskinn. Þeir hafa ekki heldur gert þá einföldu og sjálfsögðu tilraun, að fá kunnáttumenn frá Noregi til þess að leiðbeina um harðfiskverkun. Yfirleitt má segja það um þessa menn, að þó þeim hafi komið einhver ráð í hug til þess að bæta eða afla markaða, að þá hafa þeir ekki framkvæmt sínar hugmyndir eða þá hætt við sínar tilraunir á miðri leið. (**JJós:** Þeir hafa ekki haft takmarkalaust ríkisfé til umráða). Nei, en þeir hafa haft takmarkalaust milljónafé til þess að eyða í töp í markaðslöndunum.

Ég efast ekki um það, að Sigurður Kristjánsson, hv. 6. þm. Reykv., mundi geta safnað sér fleiri atkv. meðal sjálfstæðismanna en ég. Ég hefi aldrei hrósað hér af kosningafylgi innan Sjálfstfl. og mun ekki reyna að seilast eftir

því, enda er mín staða í fiskimálanefnd ekki sú, að gæta hagsmuna stórútgerðarmanna, heldur hagsmuna ríkis og alþýðu, sem ég er kosinn af. Þá las hv. 6. þm. Reykv. og gerði að umtalsefni bréf frá fiskimálanefnd til S. Í. F. Ég gæti vel unað því, að tekin væri til umr. starfsemi S. Í. F. Þar er margar veilur að finna. Hv. þm. vísaði til till., sem kom fram frá stjórnarformanni S. Í. F., Magnúsi Sigurðssyni bankastjóra, 16. ágúst, um að senda mann í markaðsleit til Suður-Ameríku og Cuba, en henn gat ekki um það, að ég hafði áður flutt stjórn S. Í. F. orð frá fiskimálanefnd um, að hún vildi láta senda mann í markaðsleit til Cuba og Suður-Ameríku. Ég ítrekaði þetta á fleiri fundum, þó það væri ekki bókað, en ég veit, að fundarmenn bera mér vitni í þessu efni. Svo var þetta auðvitað samþ., þegar till. kom frá form., Magnúsi Sigurðssyni. Hinsvegar dróst það lengi, að nokkuð væri gert, en þegar búið var að samþ. að senda mann, en ekki búið að ákveða, hver fara skyldi, kom fram till. frá mér um að senda óðýran mann, sem gæti varið löngum tíma í ferðina og kynnt sér vel þá möguleika, er hann kynni að finna. Það liggur í augum uppi, að framkvæmdarstjóri fyrir allri saltfisksölunni hefir minni tíma og ferðast öðruvísi og dýrar en óbreyttur maður, þó vel hæfur sé, sem getur í góðu næði kynnt sér markaðinn og síðan, ef svo ber undir, sezt að í þeim löndum sem umboðsmaður okkar. Þannig hafa Norðmenn það. Sá maður, sem við stungum upp á í fiskimálanefnd, var maður, sem enginn gat fundið að. Hann hafði nægilega málakunnáttu og hafði sem starfsmaður hjá S. Í. F. reynzt mjög vel. Því mótmælir ekki hv. 6. landsk. (**SK**: Ég er 6. þm. Reykv.). Hann verður það ekki næst, því þá fellur hann, aðeins von, að hann verði 6. uppbótarþm. Nei, hv. 6. þm. Reykv. kom því til leiðar, að sendur var framkvæmdarstjóri í þessa ferð, af því það væri svo nauðsynlegt, að einmitt slíkur maður væri við opnun markaðanna, væri fyrsti maður við samningana. Þessa ástæðu gátum við ekki fallizt á.

Eftir að það var ákveðið í S. Í. F. að senda framkvæmdarstjóra í þessa ferð, fór S. Í. F. fram á það, að fiskimálanefnd tæki þátt í sendikostnaðinum að einhverju leyti. Við því gaf fiskimálanefnd það svar, sem hv. þm. las, og ég er þess fullviss, að almenningur er samþykkur því svari. Þar buðum við að vissu leyti meira en beðið var um. Við buðum að greiða ekki einasta hálfan ferðakostnað, heldur líka hálft kaup sendimanns, þ. e. a. s. ef gengið væri að þeim skilyrðum, sem nefnd eru í bréfinu, að við samþykktum manninn, að hann hefði hóflegt kaup og ferðakostnað, og svo það, að hann dveldi í löndunum 6 til 12 mánuði. Ef menn eru sannfærðir um, að rétt sé að kynna sér markaði í svo stórum löndum, er nauðsynlegt, að maðurinn komist vel inn í hlutina. Það er lítið gagn að því, að hann stanzi 1—2 daga í hverri borg, tali við einhvern einn fisksala og semji við hann um að gerast umboðssali. Nánari kynni af allri aðstöðu er nauðsynleg. Það er auðséð, að á 2—3 mánuðum er ekki hægt að vinna þetta verk, ef það á að koma að gagni fyrir útgerðina í heild. Aftur á móti skýrði fiskimálanefnd frá því, að hún mundi ekki taka á sig kostnað við venjulega markaðsleit fyrir saltfisk, venjulegan rekstrarkostnað S. Í. F. En ef um bókstaflega kynningu markaðanna væri að ræða, þá var fiskimálanefnd reiðubúin til þess, enda væri þessu þá hagað skynsamlega, bæði með kaupgjald og annað.

Ég ætla ekki að fara út í það, hvernig störfin hafa gengið hjá Sölusambandinu, en ég vil þó algerlega mótmæla því, sem hv. 6. þm. Reykv. var að tala um, svigurmæli mín um Magnús Sigurðsson bankastjóra og formennsku hans í stjórninni. Ég hefi ekki minnzt einu orði á þetta. Aftur á móti get ég staðið við það, að samkomulag innan þessarar stjórnar meðal forstjóranna er mjög fjarri því, sem það ætti að vera, og það er verra samstarf milli manna þar heldur en í fiskimálanefnd, og eru þó á báðum stöðum menn af mismunandi pólitískum flokkum. Ég hefi ekki kennt formanni stjórnarinnar þetta. Þar liggja ýmsar aðrar ástæður til, sem of langt mál yrði að rekja, svo lengi sem ekki er farið út í eldhúsumr. um S. Í. F. En ég hygg, að meðan ekki er meiri eining í starfsemi Sölusambandsins heldur en nú, sé ekki á það bætandi verkum frá því, sem nú er.

Jóhann Jósefsson óyfirl.]: Það má nú segja, þegar hlustað er á hina löngu ræðu hv. 2. þm. Reykv.: Mikill spámaður er hér upp risinn. Annars hefir þessa manns verið getið meira að öðru heldur en að hann væri líklegur til þess að hafa forustu í því að koma fiskinum í peninga. Hann hefir verið ötull til forustu í því að rífa niður þá menn, sem að framleiðslu fiskjarins hafa staðið.

Ég ætla mér ekki að blanda mér inn í deilu þá, sem risið hefir milli hv. þm. G.-K. og hv. 6. þm. Reykv. annarsvegar og hins mikla manns, hv. 2. þm. Reykv., hinsvegar. En mig langar til þess að beina þeirri fyrirspurn til hæstv. forseta, hvort honum finnst það sæmandi að hlusta á það hér á Alþ., að ráðizt sé á utanþingsmenn með niðrandi orðum og uppnefnum, án þess að forseti sjái svo mikið sem ástæðu til þess að depla augunum. Maður hefir að vísu verið sjónarvottur að því á undanförnum árum, að virðing Alþ. fer minnkandi, og það eru augljósar ástæður til þess að mörgu leyti. En mér virðist, að það sé einn augljósasti vottur þess, hversu mjög þessari samkomu hefir hnignað, að það á sér stað óátalið af hæstv. forseta dag eftir dag, að menn, sem ekki eiga hér sæti, eru lítilsvirtir og svo að segja svívirtir fyrir störf sín í opinberum málum.

Við hv. 2. þm. Reykv. vil ég segja það, að mér þykir hann á undarlegri braut, ef hann álítur það réttmætt að vekja þann ugg hjá þinginu, að það sé eitthvert ósamkomulag innan stjórnar Sölusambandsins. Ég verð að segja það, að ég kannast ekki við þetta ástand, og það er hætt við því, að hv. 2. þm. Reykv. hafi verið að hugsa um aðra mikilsverða stofnun hér á landi, þar sem mikið óstand er innan stjórnarvébandanna.

Hv. þm. gaf mér þann vitnisburð, að ég kæmi

sjaldan á fundi í stjórn S. Í. F., og má það að vísu rétt heita, að ég hafi ekki komið á alla fundina, en svo er mál með vexti, að ég var kosinn í þessa stjórn meðan ég var erlendis í öðrum erindagerðum, og það voru liðnar margar vikur af starfstímabili S. Í. F., þegar ég kom heim. Hinsvegar hefi ég ekki látið undir höfuð leggjast að sækja fundi, þegar ég hefi fengið fundarboð, og svo marga fundi hefi ég sótt, að ég held, að ekki hefði getað farið framhjá mér þetta ósamkomulag, sem hv. 2. þm. Reykv. er að tala um, ef um slíkt væri að ræða. En það getur á engan hátt talizt ósamkomulag, þó allir séu ekki á einu máli eða greiði ekki atkv. eins, t. d. um það, hvort bjóða eigi út í dag eða á morgun fyrir þetta verð eða hitt. Það er að mínu viti algerlega út í bláinn að vera að tala um ósamkomulag innan stj. S. Í. F.

Hv. 2. þm. Reykv. hefir ráðizt hér dag eftir dag á varamann minn í stjórn S. Í. F., Jón Kjartansson, og fullyrt það, að hann hefði enga hæfileika til þess að starfa í þessari stjórn og kallað hann bitlingahít í því sambandi. Ég vil lýsa því fyrir hv. dm., á hverju hv. þm. byggir þennan sleggjudóm sinn um varamann minn. Hann byggir hann á því, að Jón Kjartansson sé ekki alinn upp við fiskvinnu né hafi rekið útgerð, en hann mun nú þó vera í stjórn eins útgerðarfélags. En látum það nú gott heita, að hv. 2. þm. Reykv. byggi þennan sleggjudóm sinn um varamann minn og hv. 6. þm. Reykv. á því, að þeir séu engir fagmenn í fisksölumálum. Og ef þetta á við um þessa 2 stjórnarnefndarmenn, hvað má þá segja um hv. 2. þm. Reykv. sjálfan? Hann er enginn fagmaður í fisksölumálum. M. ö. o., sá dómur, sem hv. 2. þm. Reykv. hefir kveðið upp um varamann minn í stjórn S. Í. F. og hv. 6. þm. Reykv., er um leið af hans eigin vörum felldur um hann sjálfan. Séu þeir bitlingamenn af því að þeir eru ekki fagmenn í þessum málum, þá er hv. 2. þm. Reykv. það engu síður. En sá stóri munur er á, að þessir 2 menn, Jón Kristjánsson og hv. 6. þm. Reykv., eru kosnir í þessa stjórn af fiskeigendum, en hv. 2. þm. Reykv. er látinn þangað af ríkisstj. Ég get alls ekki látið það standa ómótmælt, að farið sé ómaklegum orðum um varamann minn; ég hefi enga ástæðu til að kvarta undan því, sem hann hefir gert, og ég hefi heldur engan meðstjórnarmanna hans heyrt segja, nema nú hv. 2. þm. Reykv., annað en að hann ynni starf sitt með trúnaði. Og ég er alveg undrandi yfir því, að menn, sem eru settir til opinberra starfa, skuli alveg að tilefnislausu nota þingsalinn til þess að lítilsvirða og svívirða samverkamenn sína, sem enga aðstöðu hafa til þess að bera hönd fyrir höfuð sér.

Forseti (JörB): Út af ummælum hv. þm. Vestm. vil ég segja það, að ég hefi þrásinnis beint því til þm. að gæta hófs í umr., ekki sízt í garð utanþingsmanna, og mundi það gleðja mig fyrst og fremst, ef þm. gættu þess jafnan að viðhafa þingleg orð hver í annars garð, þó nokkur munur sé þar á, að þm. eiga kost á að verja sig. Þó að minni háttar ummæli hafi fallið, hefi ég talið til lítils að benda þeim á það, þar eð mér virðist sem þm. sé tamt að vera nokkuð orðþungir. En mættu þau straumhvörf verða, að þm. yrðu aðgætnari í umr., fyrst og fremst í garð utanþingsmanna og einnig í orðasennum hver við aðra innan þings.

ATKVGR.

Brtt. 637,1 felld með 17:13 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: SK, TT, EE, GÞ, GSv, GÍ, HannJ, JakM, JJós, JónP, ÓTh, PHalld, PO.

nei: StJSt, ÞorbÞ, BJ, BÁ, BB, EmJ, EystJ, FJ, GG, HV, JG, MT, PZ, PÞ, SigfJ, SE, JörB.

Þrír þm. (ÁÁ, JÓl, JS) fjarstaddir.

Brtt. 637,2 felld með 17:16 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: EE, GÞ, GSv, GÍ, HannJ, JakM, JJós, JónP, ÓTh, PHalld, PO, SK, TT.

nei: EmJ, EystJ, FJ, GG, HV, JG, MT, PZ, PÞ, SigfJ, SE, StJSt, ÞorbÞ, BJ, BÁ, BB, JörB.

Þrír þm. (ÁÁ, JÓl, JS) fjarstaddir.

Frv. samþ. með 26:1 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: EmJ, EystJ, FJ, GG, GÍ, HannJ, HV, JJós, JónP, JG, MT, ÓTh,[1]) PZ, PÞ, PO, SigfJ, SE, SK,[2]) StJSt, TT, ÞorbÞ, BJ, BÁ, BB, EE, JörB.

nei: JakM.

GÞ, GSv, PHalld, greiddu ekki atkv.

Þrír þm. (ÁÁ, JÓl, JS) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (A. 653).

10. Sala og útflutningur á ýmsum afurðum.

Á 47. fundi í Ed., 18. okt., var útbýtt:

Frv. til l. um heimild fyrir ríkisstj. til íhlutunar um sölu og útflutning á ýmsum íslenzkum afurðum (stjfrv., A. 397).

Á 49. fundi í Ed., 21. okt., var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv. og til fjhn. með 9 shlj. atkv.

Á 61. fundi í Ed., 5. nóv., var frv. tekið til 2. umr. (A. 397, n. 439).

Frsm. meiri hl. (Jón Baldvinsson) [óyfirl.]: Með bráðabirgðal. 8. maí síðastl. voru l. þau gefin út, sem prentuð eru sem fskj. með þessu frv., og eru þau nú lögð fyrir Alþ. skv. fyrir-

1) **ÓTh.**: Ég er óánægður með einstök ákvæði þessa frv., og sérstaklega með það, að brtt. hv. þm. Vestm. og hv. 6. þm. Reykv. skyldu ekki ná fram að ganga. En samt sem áður tel ég, að frv. hafi inni að halda ákvæði, sem séu mikilsvarðandi og til bóta, og segi því já.

2) **SK**: Með skírskotun til grg. hv. þm. G.-K. segi ég já.

mælum stjskr. Þessi l. voru sett vegna ýmsra viðskiptaörðugleika á erlendum markaði, eins og segir í grg. l., og til þess að ríkisstj. gæti séð um, að vörum væri deilt niður á löndin sem réttlátast, og svo sem þægilegast væri fyrir íslenzk vörukaup. Annars hefði getað farið svo, ef þessi l. hefðu ekki verið til, að til sumra landa, eins og t. d. Þýzkalands, hefðu hrúgazt vörur og við orðið að kaupa þar meira en hagkvæmt var fyrir landið. Og í þeim takmörkunum, sem gilda hjá flestum þjóðum, verður þetta að skoðast sem óhjákvæmileg heimild handa ríkisstj. Mér er ekki alveg kunnugt um, hvernig þetta hefir verið notað í framkvæmd. en það hefir a. m. k. orðið til þess, að ríkisstj. hefir getað fylgzt með því, hvert vörurnar fara. Ég sé svo ekki ástæðu til þess að orðlengja meira um þetta frv., en ég álít, að það sé óhjákvæmilegt að hafa þessa heimild handa ríkisstjórninni vegna viðskiptaörðugleika á erlendum markaði.

Magnús Jónsson [óyfirl.]: Eins og hv. dm. sjá, hefi ég ekki skrifað undir nál. Á hinn bóginn hefi ég ekki gefið út sérstakt nál., því það virðist dálítið erfitt að taka þetta mál eitt út af fyrir sig. Það er ekki hægt að neita því, að þetta mál er einn liður í stórri keðju, og því erfitt að einangra það. Það er alveg rétt, að vegna samninga okkar við aðrar þjóðir, eins og t. d. Þýzkaland, er erfitt að komast hjá því að gera ráðstafanir til þess að ríkisstj. geti fylgzt með, hvað flutt er út. Á hinn bóginn hefi ég ekki mælt með frv., af því, að þetta er miklu alvarlegra og viðtækara mál en gerð hefir verið grein fyrir, því það kemur inn á mörg hagsmunamál, eins og t. d. þeirra, sem selja gjaldeyri eða kaupa hann. Við skulum taka eitt dæmi. Það getur verið góður markaður í einu landi fyrir útflutningsvörur okkar, þó að það bjóði ekki eins aðgengileg kjör á kaupum á móti. En þessi heimild gæti orðið til þess, að þarna væri hindruð mjög heppileg sala. Þetta getur snúizt þannig, að það verði útflutningi okkar til tjóns og að sá, sem vöruna kaupir, hagnist á kostnað þess, sem út flytur.

Það er alkunnugt, að útflytjendur hafa orðið fyrir þungum búsifjum af gjaldeyrisskömmtuninni, og enginn ber á móti því, að í raun og veru er íslenzka krónan ekki eins há eins og hún er skráð. En ef þeir fengju gjaldeyrinn lausan, þá gætu þeir selt vöruna hærra verði heldur en þegar gjaldeyririnn er skammtaður. Ef þessu er svo bætt ofan á, þá er þungri kvöð bætt ofan á þá kvöð, sem fyrir er. Ég vil ekki segja, að hægt sé að komast hjá þessu, en ef þetta er nauðsynlegt, þá þarf, er til framkvæmda kemur, að vera búið svo um þetta, að allir geti verið vissir um, að á engan sé hallað. Í frv. segir, að ríkisstj. sé heimilt að skipa svo fyrir, að leyfi atvmrh. þurfi til þess að mega selja eða flytja til útlanda hverskonar lýsi, síldarmjöl, fiskmjöl, beinamjöl, fiskbein, hrogn, gærur og skinn, ull og harðfisk. Og í 2. gr. frv. segir, að ríkisstj. geti falið ákveðnum embættismönnum, stofnunum eða nefndum úthlutun útflutningsleyfa og aðra framkvæmd laga þessara og sett um þetta nánari reglur, eftir því sem þurfa þykir.

Hér er ekkert búið um hagsmuni þeirra, sem vöruna selja, eða m. ö. o. útflytjendanna. Það er að vísu sagt, að hægt sé að fela einhverjum stofnunum umsjá útflutningsleyfa. En ég álít, að þetta sé óvenjulega laust orðað, og það ætti að útbúa þetta þannig, ef leggja þarf þessa kvöð á útflytjendur á annað borð, að skipuð væri sérstök nefnd í þessu skyni, þar sem í væru fulltrúar þeirra, sem hefðu mestra hagsmuna að gæta í þessum efnum.

Það getur vel verið, að það mætti segja sem svo, að ég ætti að bera fram ákveðna till. um þetta, en ég veit ekki hvort það er bein nauðsyn á löggjöf um þetta efni eins og hér um ræðir. En ég treysti mér ekki til þess að bera fram till. um svo yfirgripsmikið mál sem þetta er. En hinsvegar hefir stj. ýms tækifæri til þess að afla sér upplýsinga um það, sem hér er um að ræða. Ég hefi af þeim ástæðum, sem ég hefi nefnt, ekki treyst mér til þess að fylgja meiri hl. n. að málum.

Atvmrh. (Haraldur Guðmundsson) [óyfirl.]: Það má vel vera rétt hjá hv. 1. þm. Reykv., að það ætti að hafa fyllri reglur um það, hvernig úthluta skuli leyfunum. Það gæti líka verið eðlilegt, að ákveðnar stofnanir, sem þetta snertir mest, hafi fulltrúa í nefnd, sem úthlutaði leyfunum. Hvorttveggja þetta er heimilt eftir bráðabirgðal. og þessu frv. En það hefir ekki verið tekið upp í l., eftir hvaða reglum leyfunum skuli úthlutað. Ég get skýrt frá því í höfuðatriðum, við hvað miðað hefir verið við úthlutun leyfanna. Úthlutunin liggur nú hjá atvmrh., og ég hefi ekki séð ástæðu til að breyta því. Að því er snertir nokkuð af vörunum, svo sem fiskbein, hrogn og harðfisk, hefir heimildin ekki verið notuð, og hefir verið frjáls útflutningur á þeim vörutegundum. Aftur á móti hefir heimildin verið notuð að því er snertir síldarmjöl, lýsi, gærur, skinn og ull. Þær reglur, sem eftir hefir verið farið, eru í stuttu máli þær, að til þeirra landa, sem borga hærra verð en hið algenga markaðsverð, hefir útflutningurinn verið ákveðin hundraðstala af magni því, sem hlutaðeigandi hefir átt yfir að ráða undanfarin ár. Að sjálfsögðu hefir verið tekið tillit til þess, á hvaða vöru hefir verið mestur munur á heimsmarkaðsverði og verði í ákveðnu landi. Það er að sumu leyti býsna hart að banna að selja vöru til þess lands, sem býður hæsta borgun. En þó er það oft svo, að það stoðar lítið, þó að varan sé seld fyrir hátt verð, ef óvissa er um, hvenær greiðslan kemur. En ef l. heimiluðu ótakmarkaða sölu á þessum vörum, gæti það orðið til þess, að seljendur yrðu að bíða 6—12 mán. eftir að fá greiðslu. Á þeim tíma gætu gerzt tíðindi, sem röskuðu verðmæti peninganna. Ég vil benda á, að með eftirlitinu eru gerðar ráðstafanir til þess að tryggja það, að seljendur fái andvirði varanna borgað sem fyrst, og áður en nokkur sveifla hefir átt sér stað á verðmætum peninganna. En hinu verður ekki neitað, að þau fríðindi, sem útflytjendur fá, eru borguð af þeim mönnum, sem vöruna

kaupa í viðkomandi landi. En ég get ekki séð, að við fáum reist rönd við þessu. Við verðum að nota sem bezt sölumöguleika okkar, og kaupa jafnframt vörur þar, sem bezt gegnir fyrir okkur. Og þessari reglu hefir verið reynt að fylgja.

Ég skal geta þess, að fyrir ull og gærur, sem menn héldu, að væru útilokaðar frá því landi, sem borgar hæst fyrir þær vörur, hefir verið leyfður innflutningur fyrir hærri upphæð en á síðastl. ári.

Það er líka nauðsynlegt að taka tillit til þess, hverjar líkur eru fyrir því, að hægt sé að selja vöruna í öðrum löndum en aðalinnflutningslandinu. Það er t. d. svo með ísfiskinn, að sá ísfiskur, sem kemst ekki á „kvóta" í Englandi, má heita óseljanlegur nema í Þýzkalandi. Og til þessa verður ríkisstj. að taka tillit við úthlutun leyfanna.

Ég get líka sagt, þó að það verði kannske skoðað sem raup af minni hálfu, að ég held, að yfirleitt hafi menn verið ánægðir með úthlutun leyfanna, og mér virðist að fullur skilningur hafi verið á því hjá útflytjendum, að nauðsyn hafi verið á, að gripið var til þessa ráðs.

Ég sé ekki, að ástæða sé til þess að kveða nánar á en gert er í bráðabl., en ef það sýnir sig, að það getur ekki gengið sæmilega á þennan hátt, þá er hægt að fela þetta sérstakri stofnun og setja reglugerð um úthlutun leyfanna samkv. þessum lögum.

Jón Auðunn Jónsson [óyfirl.]: Það er rétt hjá hæstv. ráðh., að það er þörf á því að hafa eftirlit með utanríkisverzluninni. Ég held, að það sé nauðsynlegt, að í innflutnings- og gjaldeyrisnefnd eða þeirri nefnd, sem úthlutaði leyfunum, gæti meira áhrifa frá útflytjendum landsins. Ég álít, að það þyrfti að hafa eina yfirnefnd, sem hefði með þessi mál að gera, og að það sé nauðsynlegt, að framleiðendum sé ekki bægt frá áhrifum í þeirri nefnd. En það eru þeir, sem eiga erfiðasta afkomu nú á þessu landi.

Það verður líka að líta á það, að þó að varan sé dýrari í einu landi en öðru, þá er það kannske svo miklu meira, sem við fáum fyrir okkar vöru, að það borgi sig að selja þar. Ég hefi dálitið kynnt mér þetta mál og veit, að það eru margir vöruflokkar, sem eru kannske 10—15% dýrari en markaðsverð annarsstaðar, en þar er kannske hægt að selja okkar vöru fyrir 25% hærra verð heldur en það, sem við fáum annarsstaðar, og þó að það yrði að kaupa vörur fyrir 18% hærra verð, þá fengist þó þarna inn í landið 7%—15% meira andvirði en annars.

Það er rétt, sem hæstv. ráðh. sagði um ísfiskinn, að sala á þeim fiski, sem ekki er seldur í Englandi, er útilokuð, ef ekki er hægt að selja til Þýzkalands. En það er ekki rétt, sem hæstv. ráðh. sagði, að það hefði ekki gætt óánægju með úthlutun leyfanna. Mér er kunnugt um, að í mínu kjördæmi hefir verið kvartað undan því, að ekki væri hægt að selja vöruna þar, sem mest fæst fyrir hana. Ég hefi þá bent þeim á, að það er ekki hægt að hafa þetta allt frjálst.

En ég held, að það sé alveg nauðsynlegt, að framleiðendur hafi fulltrúa í þeirri n., sem á að sjá um útflutning og innflutning til landsins. Það er nauðsynlegt að gæta hagsmuna þeirra eins og hægt er, vegna þess, hvað þeir eiga við mikla framleiðsluörðugleika að stríða. Ég held, að það væri bezt á þann hátt, að af þeirra hálfu væri tilnefnd n. til þess að hafa þetta með höndum ásamt gjaldeyrisnefndinni.

Ég vil benda á þetta, en ég mun ekki greiða atkv. á móti frv. því, sem hér liggur fyrir.

Magnús Jónsson [óyfirl.]: Ég hefi litlu við að bæta það, sem ég sagði áður. Það er rétt, sem hæstv. atvmrh. sagði, að eftir l. er heimilt að skipa n., þar sem eigendur varanna hafa fulltrúa. L. eru yfirleitt svo rúm, að eftir þeim er allt heimilt. Í l. stendur, að ríkisstj. geti falið ákveðnum embættismönnum, stofnunum eða nefndum úthlutun útflutningsleyfa. Þetta getur yfirleitt ekki verið rýmra. Það er hægt samkv. þessu að skipa n. til þess að hafa þetta með höndum. En þegar um svona mikið hagsmunamál er að ræða, þá vilja menn vita, ef á annað borð á að skipa n. til þess að fjalla um þessi mál, hverjir eigi að skipa hana. Þessi úthlutun hefir verið hjá atvmrn. En ég get ímyndað mér, að þó að það væri falið innflutnins- og gjaldeyrisnefnd, þá væri það samt á valdi stj., því hún hefir meiri hl. í n. Mér finnst eðlilegt, að útflytjendur séu dálítið hræddir við svona skipulag. Það er auðvitað gott, ef það hefir gengið óánægjulítið undanfarið. — Ég skal svo ekki fjölyrða frekar um þetta.

Þorsteinn Briem [óyfirl.]: Ég stend ekki upp til þess að tala á móti þessum l. Ég þykist skilja, að hjá því verði ekki komizt að hafa ákvæði í líka átt. En ég stend upp til þess að leggja áherzlu á það, að framkvæmd l. verði hagað svo, að þess verði gætt, að þrengja ekki kosti framleiðenda til hagnaðar fyrir neytendur, því að framleiðslan er undirstaða undir afkomu lands og þjóðar.

Nú stendur svo á, að eitt af viðskiptalöndum okkar þarf að kaupa hráefni, en selur aftur iðnaðarvörur, en að vísu munu þær vera nokkru hærri en annarsstaðar, en framleiðsluvörur okkar munu vera keyptar þar fyrir allmörg % hærra verð en þeim mismun nemur. Og ef hindraður er innflutningur á okkar framleiðslu til þessa lands, þá er iðnaðarvörukaupmönnum ívilnað á kostnað framleiðendanna. Ég vil vænta þess, að hæstv. ríkisstj. gæti þess, að slíkt þurfi ekki að vera, og að hún leiti allra bragða til þess að nota þann gjaldeyri, sem safnast fyrir í því landi, fyrir okkar framleiðsluvörur.

Ég hygg, að það sé svo, að ferðamenn frá Þýzkalandi eigi ekki kost á að hafa með sér nokkuð að ráði af gjaldeyri hingað, vegna gjaldeyristakmarkana. Aftur á móti mun það vera svo, að þegar Þjóðverjar koma til annara landa, þá hafa þeir góða aðstöðu til þess að flytja með sér miklu meira af gjaldeyri inn í

viðkomandi land. Ég hefi ástæðu til þess að halda, að Þjóðverjar, sem ferðast til Danmerkur, megi hafa með sér allt að 500 mörk, en það er ekki nema lítill partur af þeirri upphæð, sem þeir mega hafa með sér hingað. En annars mun hæstv. atvmrh. geta gefið nánari upplýsingar um þetta. En ég vil vænta þess, að hæstv. ríkisstj. láti ekkert tækifæri ónotað til þess að okkar samansparaði gjaldeyrir í Þýzkalandi geti komið að sem beztum notum. En ef lagðar eru hömlur á það, að framleiðendur megi selja nema örlítið í því landi, sem býður hæst verð, þá er þar um grímuklædda gengishækkun að ræða, sem getur verið okkur mjög óhagkvæm.

Það gladdi mig, að hæstv. atvmrh. gaf þær upplýsingar, að nú í haust hafi verið hægt að veita útflutningsleyfi á gærum og ull til Þýzkalands. Ég vona aðeins, að ullarinnflutningsleyfið hafi ekki komið of seint, svo að búið hafi verið að selja ull til annara landa.

Sumir hv. þm. hafa talað um, að æskilegt væri, að skipuð væri sérstök n. til þess að hafa úthlutun útflutningsleyfanna með höndum, og hygg ég, að sú ósk sé ekki að ófyrirsynju fram komin. En það, sem ég vil leggja áherzlu á, er, að framleiðendur fái sem flesta fulltrúa í þeirri nefnd.

Atvmrh. (Haraldur Guðmundsson) [óyfirl.]: Það er í rauninni litið tilefni til þess að bæta miklu við umr. Það er misskilningur hjá hv. þm. N.-Ísf., þar sem hann gerði ráð fyrir, að innflutnings- og gjaldeyrisnefnd hefði haft með úthlutun leyfanna að gera. Um þetta hefir ekki verið annað samstarf við innflutnings- og gjaldeyrisnefnd en það, að fá sem gleggstar upplýsingar um, hvað hægt væri að flytja inn frá vissum löndum, eins og t. d. Þýzkalandi. Það hefir verið lagt fyrir hana að beina kaupum eins mikið og unnt er til þeirra landa, þar sem við seljum vörur okkar. Mér finnst ekki rétt, að innflutnings- og gjaldeyrisnefnd hafi þessa úthlutun með höndum, því þar eiga framleiðendur engan fulltrúa.

Hv. þm. N.-Ísf. gat þess, að það myndi vera ofmælt hjá mér, að engin óánægja hefði verið með úthlutun leyfanna. Ég skal nú ekki bera á móti því, að þetta geti verið rétt hjá hv. þm. Ég átti við það, að ekki hefði verið óánægja með það, hvernig leyfunum hefði verið úthlutað. Hitt er auðvitað eðlilegt, að ef hærra verð er borgað í einhverju einstöku landi heldur en annarsstaðar, þá vilji menn nota sér það. En eins og ég sagði áður, þá er engin bót að því að fá hærra verð, þegar lengi verður að bíða eftir greiðslu, og þar hrúgast því fyrir innstæða, sem ekki er hægt að fá nærri strax. Það fer því fjarri, að þetta frv. sé til þess að þyngja hlut útflytjenda og framleiðenda, heldur losar það þá við áhættu þá, sem því er samfara að selja meira en fæst borgað strax.

Ég sagði í fyrri ræðu minni, að ég myndi taka það til athugunar, ef uppástunga kæmi frá sjálfstæðismönnum eða hv. 10. landsk. um að skipa ákveðna n. til þess að hafa þetta með höndum. En stj. hefir ekki séð ástæðu til þess að stofna til slíkrar n., en þessu er svo háttað, að það liggja oft fyrir margar beiðnir, og það er ekki hægt að draga að svara þeim, heldur verður að gera það strax, og þyrfti þá að hafa sérstaka skrifstofu, og yrði þá að ráða menn til þess að hafa það starf með höndum.

Ég held, að það sé misskilningur hjá hv. 10. landsk., að iðnaðarvörukaupmönnum sé í vilnað á kostnað framleiðenda. Þetta er ekki rétt að því er snertir framkvæmd þessara l., því það hefir þvert á móti verið öfugt, því framleiðendum hefir verið ívilnað á kostnað iðnaðarvörukaupmanna. En það verður auðvitað að gæta hófs í hverjum hlut.

Þá sagði hv. 10. landsk., að Þjóðverjar, sem ferðuðust hingað, fengju minni gjaldeyri en þeir, sem færu t. d. til Danmerkur. Ég get nú ekki gefið fullkomnar upplýsingar um þetta, en til skamms tíma hefir því farið fjarri, að þeir Þjóðverjar, sem til Danmerkur hafa farið, hafi fengið þá upphæð, sem hv. 10. landsk. nefndi. Þeir hafa fengið víst hámark á viku, og það hefir oft verið bundið við ákveðinn tíma, sem þeir mættu vera, og sú upphæð, sem þeir hafa fengið, hefir aldrei farið fram úr 100 dönskum krónum á viku. Það hafa yfirleitt verið vandkvæði á því að fá þýzkan gjaldeyri til utanferða. Í samningum þeim, sem er milli okkar og Þjóðverja, eru engin ákvæði um þetta, og munu þau hvergi vera, því þetta heyrir undir gjaldeyrisákvæði þeirra innanlands.

En það, sem vakir fyrir hv. þm., mun vera það, hvort ekki sé hægt að nota innstæðu okkar á „clearingkonto“ þannig, að ferðamenn geti fengið peninga í gegnum hana til þess að nota hér. En það er ekki hægt, því að tilgangurinn með clearingkonto er sá, að keyptar séu þýzkar vörur, framleiddar í Þýzkalandi, svo að atvinna fáist fyrir þýzka menn. Og ég hygg, að það séu engar líkur til þess, að breyting fáist á þessu.

Hinsvegar hefir verið reynt að fá peninga handa íslenzkum námsmönnum, sem dvelja í Þýzkalandi, færða yfir í viðskiptakonto. Og er það sannarnjarnt af okkar hálfu, því það eru peningar, sem notaðir eru í landinu sjálfu, og skapa því atvinnu fyrir innlenda menn.

Ég held, að ótti hv. þm. við það, að útflutningsleyfi á ull hafi komið of seint, sé ástæðulaus. Ég veit um eitt firma, sem hafði sent ull til Danmerkur, en það fékk leyfi til þess að taka þaðan eins mikið af ull og það vildi.

Magnús Jónsson [óyfirl.]: Það var aðeins eitt atriði í ræðu hæstv. ráðh., sem ég vildi minnast á. Hann sagði, að kaupendum iðnaðarvara hefði verið íþyngt til þess að létta fyrir útflytjendum. Það er rétt, að það má snúa dæminu þannig við. Það er auðvitað, að þegar útflytjendur selja í landi, sem býður hæst verð, þá eru kaupendur iðnaðarvara neyddir til þess að kaupa vörur fyrir hærra verð en þeir þyrftu annars að sæta.

Það er þetta, sem ég og hv. 10. landsk. viljum, að sé gert meira að. En hæstv. ráðh. skilur vel, að það má snúa dæminu við um leið og útflytjendum er meinað að selja í því landi,

sem þeir fá mest fyrir vöruna. Dæmið er því rétt hjá báðum. Það, sem ég óttast mest, er, að þetta verði beinlínis notað til þess að hindra sölu t. d. til Þýzkalands. Ef slík verzlun er hindruð, þá er það rétt, sem hv. 10. landsk. sagði, að þar er um grímuklædda gengishækkun að ræða, og getur slíkt komið sér mjög ónotalega. Ég heyrði t. d. nú nýlega um mann, sem er að byggja hús, og þurfti hann að fá sér í það miðstöð, sem hann ætlaði að fá frá Þýzkalandi, og ætlaði hann að selja ull í staðinn, en nú fær hann ekki að selja ull til Þýzkalands, heldur verður hann að láta hana til Danmerkur. Og þessi hætta vofir æfinlega yfir. En hvenær sem þarf að leggja hömlur á, þá er það nauðsynlegt, að stjórnin sé í höndum þeirra manna, sem hafa þessi mál sérstaklega með höndum.

Hæstv. ráðh. sagði, og kimdi um leið, að það ætti kannske að fara að stofna nýja n. En það er nú ekki hægt að bera á móti því, að lagaráðstöfunum eins og þessum fylgir ávallt það, að það þarf að setja á stofn n., sem kostar eitthvað. Og ef á að fara út í það, þá hafa ýmsar n. verið skipaðar af litlu tilefni eða engu. Og held ég, að það væri þá nær að leggja niður einhverja af þeim nefndum.

En mér hefir nú dottið í hug, að það væri mögulegt að fela þetta starf innflutnings- og gjaldeyrisnefnd, og bæta þar við 2 mönnum, sem útflytjendur tilnefndu. Ég held, að innflutnings- og gjaldeyrisnefnd hafi svo margar upplýsingar þessu viðkomandi, og þetta sé svo skylt hennar verkefni, að það sé ekkert óeðlilegt, að sömu menn hefðu með þetta að gera, að viðbættum 2 mönnum, sem væru fulltrúar frá landbúnaði og sjávarútvegi. Ég mun reyna að bera fram brtt. um þetta, og ég vona, að hæstv. ráðh. líti með velvild á hana.

Þorsteinn Briem [óyfirl.]: Ég vil þakka hæstv. ráðh. fyrir þær upplýsingar, sem hann gaf um það, að reynt hefði verið að koma gjaldeyri þeim, sem fer til íslenzkra námsmanna í Þýzkalandi, yfir á „clearingkonto“, þó að það hefði ekki tekizt að fullu. En ég vænti þess líka, að hann vildi vinna að því, að sá gjaldeyrir, sem þýzkir ferðamenn nota, kæmist líka inn á „clearingkonto“. Og það var það, sem fyrir mér vakti í fyrri ræðu minni. Ég lít svo á, að iðnaðarvörukaupendurnir, eins og aðrir, sem vörur kaupa, eigi allt undir framleiðendunum, því að það eru framleiðendurnir, sem skapa verðmætin og eiga kröfu til að fá að selja þau þar sem bezt gegnir. Annars verð ég að leyfa mér að halda því fram, að iðnaðarvörukaupendur fái ívilnanir á kostnað framleiðendanna í þessu efni, og sé ekki tekið hið fyllsta tillit til hagsmuna framleiðendanna hvað þetta snertir, þá er hér um grímuklædda gengishækkun að ræða. En að sjálfsögðu teldi ég æskilegt, að framhjá þeim skerjum yrði siglt eins og kostur væri.

Að lítt athuguðu máli finnst mér ég geta fellt mig við þá till., sem komið hefir fram um það, að innflutnings- og gjaldeyrisnefnd hefði hönd í bagga með úthlutun á útflutningsleyfunum, ef framleiðendunum yrði tryggt þar nægilegt vald.

Atvmrh. (Haraldur Guðmundsson) [óyfirl.]: Ég skal að sjálfsögðu taka til velviljaðrar athugunar till. hv. 1. þm. Reykv. um að bæta mönnum í innflutnings- og gjaldeyrisnefnd, og fela henni svo þetta starf. Annars skal ég taka það fram, að þetta hefir komið til tals í stj., að spara t. d. skrifstofuhald með því að fela gjaldeyrisnefnd úthlutun útflutningsleyfanna, og fjölga jafnframt í henni, svo þessi till. er ekkert nýmæli fyrir mig.

Annars ber þess að gæta í sambandi við slíkar umr. sem þessar, þegar rætt er um það, að kaupendur séu látnir kaupa ýmsar vörur í einu ákveðnu landi, þar sem þær séu dýrari en annarsstaðar, þá liggur eitthvað sérstakt til grundvallar fyrir því, eins og t. d. í þessu tilfelli, þá eru það verzlunarsamningar á milli tveggja ríkja. Þó er það alls ekki svo, að iðnaðarvörukaupendunum hafi verið eingöngu beint til Þýzkalands. Það hefir í ýmsum tilfellum ekki verið hægt, því að verðmismunurinn hefir verið svo mikill.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 9:1 atkv.
2.—4. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 10 shlj. atkv.

Á 63. fundi í Ed., 7. nóv., var frv. tekið til 3. umr. (A. 397, 475).

Magnús Jónsson [óyfirl.]: Brtt. þær, sem ég hefi borið fram á þskj. 475, eru í samræmi við það, sem ég sagði hér þegar þetta mál var til 2. umr. Ég lýsti því þá sem minni skoðun, að ef ætti að herða þannig á þeim böndum, sem eru nú á sölu á ýmsum vörum til útlanda, þá yrði um leið að tryggja, að það stjórnarvald, sem færi með þessi mál, væri þannig skipað, að fulltrúar þeirra, sem vöruna eiga, væru þar til staðar. Ég hygg, að ég hafi þá beinlínis skýrt frá því, hvernig ég hefi hugsað mér, að sú n., *sem hefði með þessi mál að gera*, yrði skipuð, og það er í samræmi við þessar brtt., sem ég ber hér fram.

Ég hygg, að ríkisstj., sem hefir haft þessi mál með höndum, hafi oft og einatt ráðgazt við innflutnings- og gjaldeyrisn. um þessi mál, og það er ekki nema eðlilegt, því að hún verður að hafa það yfirlit og kunnugleika á þessum málum öllum, sem nauðsynlegt er fyrir þá, sem hafa þessi mál með höndum.

Þar að auki er sá kostur við að fela þessari n., eða nokkrum mönnum úr henni, meðferð þessara mála, að það mun að sjálfsögðu geta orðið kostnaðarminna. Þessi n. hefir allmikla skrifstofu, og ég hygg, að hún mundi geta annazt þessi aukastörf, og e. t. v. án mikils aukakostnaðar.

Ennfremur er, eins og hæstv. ráðh. sagði við síðustu umr. þessa máls, ekki ástæða til að fjölga nefndum, heldur er réttara að fela þeim

n., sem fyrir eru og hafa skrifstofur, að annast þessi nýju störf, sem þarf að inna af hendi. Ég sé ekki neina ástæðu til þess, að fulltrúar bankanna, sem eru í innflutnings- og gjaldeyrisn., væru í ráði um þessa hluti, því að það er að sjálfsögðu vegna gjaldeyrisspursmálsins, sem þeir eiga sæti í þessari n., og sé því ekki ástæðu til að hlaða á þá þessum aukastörfum, enda yrði n. þá svo fjölmenn og þar af leiðandi starfa þyngra, eins og fjölmennar n. gera yfirleitt.

Ég hefi því gert þá till., að í stað þeirra tveggja fulltrúa, sem eru í innflutnings- og gjaldeyrisn. af hálfu bankanna, komi tveir fulltrúar, sem tilnefndir eru af eigendum vörunnar. Það er að sjálfsögðu landbúnaðurinu og sjávarútvegurinn, sem þarna hafa hagsmuna að gæta. Þá er um að ræða, hvaða fulltrúar þessara tveggja atvinnuvega eru eðlilegastir til þess að útnefna þessa tvo menn. Ég hefi farið þá leið að velja Sölusamband ísl. fiskframleiðenda og Samband ísl. samvinnufélaga til þesa sð velja þessa fulltrúa. Ég held, að það orki varla tvímælis, að þessir tveir hlutaðeigendur eru eðlilegastir aðiljar. Sambandið hefir svo mikla sölu á landbúnaðarafurðum til útlanda, að það verður að teljast eðlilegur aðili, og sjávarútvegsmenn gætu sjálfsagt vel unað því, að Union útnefndi mann af þeirra hálfu. Það mætti reyndar hugsa sér, að annar maðurinn væri skipaður af verzlunarráðinu, en þó virðist eðlilegra, að sölusambandið skipi hann. Eins og kunnugt er, er stjórn sölusambandsins orðin mjög víðtæk. Í henni sitja 7 menn, kosnir víðsvegar á landinu. Ættu því hjá sölusambandinu að vera saman komnir fulltrúar fyrir alla hagsmuni útvegsins.

Atvmrh. (Haraldur Guðmundsson) [óyfirl.]: Ég get fallizt á margt af því, sem hv. flm. brtt. sagði í ræðu sinni. En hinsvegar tel ég hæpna þá leið, sem hann vill fara um kosningu þessarar n. Vörur þær, sem aðallega kemur til mála, að sótt verði um útflutningsleyfi fyrir, eru ísfiskur, freðfiskur og harðfiskur. En saltfiskurinn er, samkv. l. um fiskimálan., í höndum þeirrar n. Vörur, sem ennfremur falla undir þennan lið, eru síld, síldarmjöl og fiskimjöl, ull, gærur o. fl. Mér finnst nú, að eðlilegast sé, að fiskimálan. skipi þarna mann. Í henni á sæti einn maður skipaður af ríkisstj., en aðrir eru fulltrúar verzlunarstéttarinnar, sem gerir innkaupin, neytenda o. s. frv. Er eðlilegast, að þessir fulltrúar fjalli um þau mál, sem hér er um að ræða. Einnig er eðlilegt, að þeir, sem hafa mestra hagsmuna að gæta um útfluttar vörur, fjalli þarna um. Er því enginn aðili líklegri en Sambandið, að því er landbúnaðarafurðir snertir. Hinsvegar gengur ekkert af sjávarafurðum gegnum hendur Sölusambands ísl. fiskframleiðenda. T. d. er síldin hjá síldarútvegsn., að öðru leyti en því, að þessi n. myndi ákveða, hvert magn mætti flytja til Þýzkalands. Er því fiskimálan. eðlilegri fulltrúi útgerðarinnar en sölusambandið. Ég vil því gera þá brtt. við brtt. hv. 1. þm. Reykv., að í stað orðanna „Sölusamband ísl. fiskframleiðenda“ komi: fiskimálanefnd.

Magnús Jónsson [óyfirl.]: Mér virðist augljóst, að ef mín brtt. verður samþ., þá er þetta heimild fyrir ríkisstj. til að ákveða, hvort leyfi þurfi til að mega flytja út þessar vörutegundir. Breytingin, sem till. mín fer fram á, er aðeins sú, að ef stj. notar þessa heimild, þá fellur valdið til leyfisveitingar ekki til atvmrh., heldur til n., skipaðrar samkv. l.

Um það, hvort fiskimálan. eða Union skuli skipa mann í n., er rétt að láta atkv. skera úr. En ég sé ekki betur en að stj. Sölusambandsins, sem kosin er af fiskframleiðendum, sé eðlilegasti fulltrúinn fyrir þeirra hagsmuni í n. Það er vitanlega rétt, að þessar vörur ganga ekki gegnum samlagið, en þar eru þó saman komnir hinir réttu fulltrúar. Hér er auðvitað ekki um það að ræða að fela fisksölusamlaginu að veita leyfin, heldur aðeins að leggja til mann í n. þá, sem það á að gera. Um fiskimálanefnd er hinsvegar það að segja, að mér finnst tilvera hennar orðin hálfgerð skuggatilvera, síðan þessi demókratiska stj. var mynduð, og er enginn vafi á því, að stj. sölusambandsins fylgist betur með þessum málum öllum en fiskimálanefnd.

Atvmrh. (Haraldur Guðmundsson) [óyfirl.]: Það er raunar ástæðulaust að þjarka mikið um þetta mál, en það er þó ekki rétt hjá hv. flm., að stj. Union sé öll skipuð af útvegsmönnum. 2 eru t. d. skipaðir af ríkisstj., en í fiskimálan. þó ekki nema 1 tilnefndur af henni. Hinir eru tilnefndir af botnvörpuskipaeigendum og öðrum kjósendum. En aðalatriðið er, að sölusambandið hefir ekki kynni af og fjallar ekki um annað en saltfiskútflutninginn, þar sem fiskimálan. fjallar um allar sjávarafurðir yfirleitt. Ég held því, að till. mín eigi við meiri rök að styðjast en hin.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. frá atmvrh. (sjá þskj. 495) leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

Brtt. 475, 1.a—b samþ. með 9 shlj. atkv.

— 495 samþ. með 8:6 atkv.

— 475,2, svo breytt, samþ. með 13 shlj. atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 9 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 68. fundi í Nd., 8. nóv., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 497).

Á 71. fundi í Nd., 12. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

Atvmrh. (Haraldur Guðmundsson) [óyfirl.]: Þetta frv. er að mestu leyti shlj. bráðabirgðal., sem samþ. voru á fyrri hluta þessa þings, sem nú stendur yfir. Sá munur er á bráðabirgðal. og þessu frv., sem hefir orðið fyrir breyt. í hv. Ed., að það gerir ráð fyrir því, að veiting útflutningsleyfa verði í höndum n., sem skuli vera skipuð hinum þrem stjórnskipuðu meðlimum innflutnings- og gjaldeyrisnefndar auk annara manna.

Ég þarf ekki að fjölyrða um þetta mál. Það ætti að vera öllum ljóst, að það er með öllu

ótækt, að hending ein sé látin ráða um það, hvernig útflutningi íslenzkra afurða sé skipt á einstök lönd. Við þurfum að reyna að sveigja útflutninginn þangað, sem mestir möguleikar eru fyrir því, að gjaldeyririnn verði notaður til kaups á nauðsynjum fyrir okkur, og jafnframt verður að fyrirbyggja það, að útflutningnum sé úr hófi fram veitt til landa, þar sem sérstakir örðugleikar eru á því að notfæra vörur. Hér er eitt land í álfu, sem nokkuð hefir borið á, að hafi á þessu yfirstandandi ári og jafnvel á síðasta ári selt einstakar vörutegundir fyrir hærra verð en markarðsverði nemur fyrir sömu vöru á sama tíma. Það liggur því í augum uppi, að afleiðingin yrði sú, að sala okkar útflutningsvara mundi mjög beinast til þessa lands, ef sérstakar ráðstafanir væru ekki gerðar til þess að hindra það. Nú er þess að geta, að þó vörur seljist í þessu landi fyrir nokkuð hærra verð en í öðrum löndum, þá getur ekki annað verið en að einhverjir ágallar séu á viðskiptunum við þetta land, því sjálfsagt mundi verðið vera hið sama þar og í öðrum löndum, ef greiðslu- og viðskiptakjör væru hin sömu þar og annarsstaðar. Enda hefir það brunnið við, að dráttur hefir viljað verða á greiðslum þaðan, þannig t. d. að vörur, sem seldar voru þangað í nóv. 1934, fengust ekki afreiknaðar gegnum banka hér fyrr en í apríl s. l. Er því örðugra vegna þessara takmarkana að nota valutu til vörukaupa frá þessu landi en öðrum, og því fremur, sem Þjóðverjar hafa aðallega iðnaðarvörur að bjóða, en minna af þeim vörutegundum, sem okkur eru mest nauðsynlegar.

Þetta er í stuttu máli ástæðan fyrir brbl., sem stj. óskar nú að fá staðfest með þessu frv.

Ólafur Thors [óyfirl.]: Það er sjálfsagt ekki hægt að synja fyrir nauðsyn þessa frv. Það liggur í augum uppi, að Íslendingar eru neyddir til þess að fara að dæmi annara þjóða með takmörkun á innflutningi vara frá öðrum löndum. Það er einnig rétt, að þeir, sem ríkisstj. felur stjórn utanríkisviðskipta okkar, verða að vinna að því að beina útflutningi okkar til hinna ýmsu viðskiptaríkja nokkuð eftir því, hvernig aðstaða er með vörukaup frá þeim ríkjum hverju fyrir sig. Eins og menn vita, hlýtur mikill hluti af þeirri fjárfúlgu, sem við höfum yfir að ráða í erlendum gjaldeyri, að ganga til kaupa á hreinni nauðsynjavöru, sem ekki verður komizt af án þess að fá, ef framleiðslan á að geta haldið áfram í sama horfi og ef fólkið á að geta fengið hinar brýnustu lífsnauðsynjar. Ég viðurkenni, að af þessum ástæðum verður hið opinbera að hafa einnig hönd í bagga með um það, hvert okkar framleiðsluvörur eru seldar. En ég vil vekja athygli á því, að allmikil vandkvæði eru fyrir stj. með að halda vel á því valdi, sem hér er tekið af útflytjendum. Það má ekki fara eftir því einu, hvort þær notaþarfir, sem þjóðin þarf að kaupa frá öðrum þjóðum, eru dýrari í einu landi en öðru. Það þurfa að liggja fyrir frá þjóðhagslegu sjónarmiði upplýsingar um það, að notaþarfir okkar í því landi, þar sem verðlag á útflutningsvörum okkar er bezt, séu hlutfallslega dýrari í því landi heldur en því, sem munar á verðlagi á nauðsynjavörum, er við þurfum að kaupa í þessu landi, miðað við önnur þau lönd, er lægra borga fyrir okkar útflutningsvörur, til þess að rétt sé að hindra útflutning til þessa lands. M. ö. o.: Það er ekki rétt að draga úr sölu útflutningsvara okkar til þess lands, er borgar þær hæst, nema um ávinning sé að ræða fyrir heildarviðskiptin, miðað við sölu og kaup í öðrum löndum. Þetta er aðalatriði, sem allir geta verið sammála um. En ágreiningur getur risið um það, hvort þetta sjónarmið eitt beri að leggja til grundvallar við sölu útflutningsvaranna. Ég er þeirrar skoðunar, að þetta sé ekki einhlítur grundvöllur, vegna þess að ef á þetta eitt er litið, þá er hér ekki um hreina gengishækkun að ræða, heldur er beinlínis verið að svipta framleiðendur þeim rétti að geta selt sínar vörur þangað, sem þær eru bezt borgaðar, í því skyni að tryggja neytendum það lægsta verð á nauðsynjavörum, sem hægt er að fá. Það er vitanlega mjög nauðsynlegt fyrir neytendur að geta fengið nauðsynjar sínar með sem lægstu verði, en eins og nú er háttað högum framleiðenda, þá veitir þeim sannarlega ekki af að fá það hæsta verð fyrir sínar vörur, sem fáanlegt er. Mér þótti nauðsyn á að vekja athygli á því, hvaða skilning eigi að leggja í frv., og það hefi ég nú gert. Eins og það var fyrst lagt fyrir Alþingi vantaði tryggingu fyrir því, að útflutningsvörunum yrði beint til viðskiptalandanna með hagsmunum framleiðenda fyrir augum, en með breytingum, sem gerðar voru á frv. í hv. Ed., hefir þetta verið fært til betra vegar, þó nokkuð skorti enn á fullkomið öryggi fyrir því, að réttur framleiðenda sé ekki fyrir borð borinn.

Það er ákveðið, að tveir þeirra fulltrúa, sem skipa gjaldeyris- og innflutningsnefnd, skuli vera fyrir aðalatvinnuvegina, landbúnaðinn og fiskiveiðarnar, og að þeir séu skipaðir af Sambandi ísl. samvinnufélaga og fiskimálanefnd, sem ég get ekki viðurkennt, að sé fulltrúi fyrir sjávarsíðuna, og enn síður þar sem ég flyt frv. um að leggja þá n. niður. En hvað sem verður um framkvæmd þessa frv., sem ég geri nú ráð fyrir, að verði samþ. í einhverju formi, annað verði ekki talið fært, þá mun ég miða fylgi mitt við frv. við það, hvort hv. d. treystir sér til að tryggja betur þau atriði, sem ég hefi nefnt. Og ég lýsi því yfir, að stuðningur minn við þetta mál í framtíðinni veltur á því, hvort þeir menn, sem falin hefir verið framkvæmd þessara mála, taka þau réttum tökum eða ekki, en það gera þeir ekki, ef þeir líta á það eitt við sölu afurðanna, hvar hægt er að fá ódýrastar neyzluvörur.

Atvmrh. (Haraldur Guðmundsson) [óyfirl.]: Mér skildist á hv. þm. G.-K., að hann sé mér sammála um það, að ómögulegt sé að láta það með öllu afskiptalaust, hvert útflutningurinn beinist. Hinsvegar fannst mér hann halda því fram, að þær ráðstafanir, sem gerðar væru til þess að beina útflutningnum að vissum löndum, mætti ekki eingöngu miða við það, hvar hægt væri að fá ódýrastar vörur fyrir gjaldeyr-

inn. Ég er honum að nokkru leyti sammála um þetta, enda hefir verið við úthlutun gjaldeyris- og innflutningsleyfa tekið fyllsta tillit til hvorratveggja, framleiðenda og neytenda, í þessu efni. En það er annað, sem þarf að athuga, og það er það, hvaða vörur eiga að ganga fyrir sölu í hverju landi. Þeirri reglu hefir verið fylgt óskorað að láta þær vörur, sem hafa þröngan markað, sitja fyrir öðrum vörum í þeim löndum, þar sem þær eru seljanlegar. T. d. hefir sá ísfiskur, sem ekki hefir selzt í Englandi, verið seldur til Þýzkalands, því til annara landa er ekki hægt að selja hann. Það, sem selt er til Þýzkalands af ísfiski, má því kalla fundið fé. Þess vegna er sjálfsagt að nota söluheimild þangað fyrir ísfisk svo sem hægt er.

Þar næst er athugað um þær vörur, sem selja má til fleiri landa, hvar hægt er að fá hæst verð fyrir þær. Söluheimild í Þýzkalandi er fyrst og fremst notuð fyrir ísfisk. Ennfremur hefir verið gert ráð fyrir að selja þar mikinn hluta af síldar- og fiskimjöli, af því markaður fyrir þær vörur er þar beztur. Á síðasta ári hefir og verið selt nokkuð mikið af ull og gærum þangað. Hefir sú aðferð verið notuð við úthlutun vöruleyfa þangað, að leyfa sölu á svo miklu af ísfiski sem hægt var, þar næst svo miklu af mjöli, sem fært þótti, og síðan ull og gærum eftir því sem ástæður leyfa. Við höfðum ótta af því, ef mikil síldveiði yrði í sumar, þá yrði ekki hægt að veita söluleyfi fyrir landbúnaðarafurðir, en með síldveiðina fór eins og menn vita, að hún varð lítil, svo að sala á gærum og ull gat orðið mikill á þessu ári. (JS: En bændum hefir átt að blæða). Það gat farið svo, að einhverjum yrði að blæða, og þá var sjálfsagt að láta það ráða, hvaða vörutegundir voru þar í hlutfallslega hæstu verði, miðað við verðlag annarsstaðar. Þá skal ég taka það fram viðvíkjandi kaupum á vörum frá Þýzkalandi, að það hefir verið beint þangað viðskiptum á vörutegundum, sem hafa verið þar miklu dýrari en annarsstaðar, ef sá verðmunur hefir ekki verið meiri en það, sem íslenzkar vörur seldust þar hærra. Þetta hefir verið talið sjálfsagt, og þýðir ekki að reyna að draga fjöður yfir það, að útflytjendur hafa þannig þotið nokkurra fríðinda á kostnað þeirra, er nota innfluttu vörurnar.

Mér skildist það á hv. þm. G.-K., að hann teldi heppilegt, að í n. þeirri, er ræður yfir útflutningnum, væri fulltrúi frá Sölusambandi ísl. fiskframleiðenda, en ekki frá fiskimálanefnd; en ég vil benda honum á, að það hafa flokksbræður hans í hv. Ed. ekki viljað samþ., heldur að fulltrúi fiskimálanefndar skyldi sitja áfram í þessari n. Ástæðan til þessa er sú, að S. Í. F. hefir ekki með að gera sölu á öðru en saltfiski, og af saltfiski fer því nær ekkert til Þýzkalands. Hinsvegar fer mikið af ísfiski þangað, og ennfremur er nokkur von til þess, að nýbreytni sú, er hafin var á þessu ári um verkun og sölu á sjávarafurðum, beinist kannske allverulega til Þýzkalands. Ég álít því í alla staði eðlilegt, að fulltrúi sjávarútvegsins sé einmitt frá fiskimálanefnd, eins og líka hv. Ed. hefir álitið vera réttast.

Jóhann Jósefsson [óyfirl.]: Ég verð að taka undir það með hv. þm. G.-K., að þó það kunni að þykja nauðsynlegt, að ríkisstj. fái heimild til að takmarka útflutning til ýmsra landa eða beina honum aðrar leiðir en hann vill leita, þá hljóti skoðanir manna á því efni að fara nokkuð eftir því, hver heimildin verður og hvernig hún verður notuð. Það er eðlilegt, að innlendir framleiðendur bæði til sjós og sveita óski þess að fá að selja sínar vörur þar, sem þeir fá bezt verð fyrir þær.

Hér hefir verið minnzt nokkuð á eitt af okkar markaðslöndum, og mér liggur við að segja kannske nokkuð óheppilega mikið af hæstv. ráðh. svona í opinberum umr. Það verður með allri varfærni af stjórn í opinberum umr. að halda því fram, að mikil nauðsyn beri til að draga úr útflutningi vara til ákveðins lands. Ég hefði ekki farið að tala um þetta, ef hæstv. atvmrh. hefði ekki látið sér svo tíðrætt um nauðsyn á því að takmarka útflutning til Þýzkalands.

Þá taldi hæstv. ráðh., að sá ljóður væri á sölu til Þýzkalands, að bankarnir afreiknuðu peninga fyrir vörur, sem þangað væru seldar, ekki fyrr en seint og síðarmeir. Þetta er rétt; það var svo. En á þeim tíma, sem þetta ástand var verst, var ekki að mínu viti ástæða fyrir Landsbankann að haga þessu svo sem hann gerði. Það mun vera fyrst nú vegna gjaldeyrisskortsins, að bankinn er farinn að afreikna hraðar en áður fyrir vörur seldar til Þýzkalands, og líklega farinn að nálgast það, sem viðgengst hjá bönkum í öðrum löndum, en meðferð bankans á þýzku ríkismörkunum hingað til hefir verið í ósamræmi við það, sem viðgengst hjá bönkum í öðrum löndum með samskonar valútu. Ég gæti t. d. nefnt Nationalbankann danska og ríkisbankann norska.

Ég tel, að ekki hafi verið ástæða til þessarar framkomu bankans, áður en hann breytti um stefnu, sem ég ætla, að hafi verið á síðastl. sumri. Ég held líka, að þó benda megi á, að einhverjar vörur, sem keyptar eru í Þýzkalandi, séu eitthvað dýrari þar en annarsstaðar, þá megi í því sambandi líta á það, að viðskipti okkar við Þýzkaland eru samt í raun og veru miklu hagstæðari fyrir okkur heldur en við sum önnur lönd, t. d. Danmörk og England, sem við kaupum frá mikið meira en við getum selt þangað. Þá vil ég segja það, að verið hafa mikil mistök, ég vil ekki segja hjá ríkisstj., heldur þeim mönnum, sem þar hafa um fjallað fyrir hana, á því að nota þá beztu kaupmöguleika í Þýzkalandi, sem völ var á. Ég hefi ekki orðið var við það, að þaðan hafi verið keyptar vörur til óhagnaðar, svo miklu nemi, en vegna innflutningshamla á vörum þaðan og tregðu á yfirfærslum, hefir gengið erfiðlega að kaupa þaðan vörur í stórum stíl, fyrir þeim mönnum, sem lagt hafa vinnu í að útvega hin beztu viðskiptasambönd þar, sem auðvitað eru eins og annarsstaðar bundin við stór kaup. Stundum hafa leyfin blátt áfram ekki fengizt.

Ég tel það vorkunnarmál fyrir framleiðendur, þó þeir leiti á að selja vörur sínar þangað, sem þeir fá mest verð fyrir vörurnar, og það er ekki

vinsælt að sporna við útflutningi til þeirra staða, sem bezt borga.

Hér hefir nokkuð verið rætt um nýja skipun innflutnings- og gjaldeyrisnefndar í sambandi við 2. gr. frv., þar sem gert er ráð fyrir, að bætt verði tveim fulltrúum í n. Með því fær eitt sérstakt verzlunarfyrirtæki fulltrúa í n. Ef það á að verða að l., þá sýnist mér vera sanngjarnt, að það verzlunarfyrirtæki, sem sér um sölu meiri hluta sjávarafurðanna, eigi þar einnig fulltrúa, en það er Sölusamband ísl. fiskframleiðenda. Samband ísl. samvinnufélaga er beinlinis verzlunarfyrirtæki, sem selur fyrir mörg smærri félög, alveg á sama hátt og S. Í. F. gerir. Ef eitthvert jafnrétti ætti að vera milli þessara tveggja stofnana, þá ætti S. Í. F. að hafa fulltrúa í þessari n. í staðinn fyrir fiskimálan., eins og hv. þm. G.K. benti á.

Hæstv. ráðh. minntist á útflutning á ísfiski til Þýzkalands og sagði frá því, sem ekki var nema góðra gjalda vert, að ríkisstj. hefði greitt fyrir og leyft þessa sölu til Þýzkalands. Þessi ísfiskur, sem vitanlega var engin leið til að selja í nokkru öðru landi fyrir nokkuð sambærilegt verð. Ég tel það næsta eðlilegt, að hæstv. ráðh. sæi engan hag í því að bægja honum frá markaði í Þýzkalandi meðan við eigum þess engan kost að selja fiskinn annarsstaðar. Það hefir hangið á veikum þræði hingað til, og þegar bent er á þetta land sem sérstaklega óhentugt markaðsland fyrir okkur hér, þá miðar það í sjálfu sér ekki að því að afla okkur samúðar og bættrar aðstöðu í því landi.

Atvmrh. (Haraldur Guðmundsson) [óyfirl.]: Mér skildist á hv. þm. Vestm., að hann hefði tekið að sér það hlutverk að veita mér ákúrur fyrir aðgerðir mínar í sambandi við innflutningsleyfin frá Þýzkalandi. Ég neita því alveg að verðskulda slíkar ákúrur frá honum. Það er ekki til neins að stinga höfðinu ofan í vatn og neita því, sem hver maður veit, að það hefir verið sótt meira eftir sölu til Þýzkalands heldur en hægt hefir verið að veita leyfi fyrir. Það, sem gert hefir verið í þessu efni, er það, að hverju skipi hefir verið úthlutað leyfi til að selja fyrir vissa upphæð. Ég hefi engan heyrt hafa á móti þessu eða að nokkur ágreiningur hafi verið um þetta. — Það, sem ég hefi á móti Þýzkalandsmarkaðinum, er ekkert annað en það, sem hver maður veit, að markið er svo hátt. Þetta er ekki annað en það, sem ýms önnur lönd, sem eru í sömu kringumstæðum og við, verða að sætta sig við. — Ég get látið þetta nægja hér, en það er vitað, að blöðin gera þetta mál daglega að umræðuefni, og þess vegna hlýtur öllum, sem þau lesa, að vera kunnugt um „kvótann" til Þýzkalands. — Hv. þm. Vestm. vildi telja, að meðferð bankanna á ríkismörkum hefði verið mjög slæm. (JJós: Ég átti við Landsbankann). Ég veit ekki, hvaða ástæða er til að draga það inn í þessar umr., en hitt veit ég, að bankarnir afreikna mörkin um leið og þau eru noteruð í Þýzkalandi. Mér er ekki vel ljóst, hverjar ráðstafanir bankarnir út af fyrir sig geti gert til þess að flýta fyrir greiðslu á þessum vörum, annað en það, að þeir keyptu mörkin um leið og þau koma í konto í Þýzkalandi. Mér skilst, að hv. þm. telji, að það hafi ekki verið sýnd nægilega mikil umhyggja fyrir því að beina vörukaupunum til Þýzkalands. Hv. þm. veit, að gjaldeyrisnefndin hefir fyrirmæli um þetta frá ríkisstj. og gerir allt, sem í hennar valdi stendur, til þess að beina viðskiptunum þangað, jafnvel þó að talsverður munur sé á verði þar og annarstaðar; þannig hafa verið veitt leyfi fyrir vörum frá Þýzkalandi, sem ekki hefir fengizt leyfi til að flytja inn frá öðrum löndum. Ég hefi gaman af að vita, hvort hv. þm. veit um nokkurt tilfelli, þar sem þetta hefir ekki verið svona. En ástæðan til þess, að gengið hefir verið afreiknað fljótar í haust en í fyrra, ætla ég, að hv. þm. Vestm. ætti að vera kunnug. Það er engin launung, að Landsbankinn fær um þann tíma, sem „dauður" er, að safna skuldum, sem svo eru greiddar, þegar afurðir okkar fara að seljast í Þýzkalandi. Þetta ætti hv. þm. Vestm. að vera sérstaklega vel kunnugt um, því að hann hefir töluvert kynnzt þessum málum, bæði af viðræðum við menn í Þýzkalandi og svo hér heima. En þetta breytir ekki því, sem er höfuðatriði þessa máls, sem sé því, að ef áætlunin hefði staðizt, þá var fyllsta ástæða til að óttast, að fyrir safnaðist meiri gjaldeyrir í Þýzkalandi heldur en skynsamlegt væri að gera ráð fyrir, að hægt væri að kaupa fyrir með því vöruverði, sem við eigum kost á. Ég vil benda á það, að það er ástæða til að ætla, að ef síldveiðin hefði reynzt sæmileg í ár, þá hefðum við þurft að selja að mjög miklu leyti til Þýzkalands 12—14 þús. tonn af síldarmjöli auk fiskjarins fyrir um 200 kr. tonnið. Hefði það út af fyrir sig numið meiru en tveim millj. króna. En það, sem mestu munaði um útflutninginn til Þýzkalands, var það, að síldarmjölsframleiðslan var miklu minni, og þannig var það tryggt, að hægt var að selja matjessíld fyrir töluvert hátt verð. Ég skildi ekki almennilega niðurlagsorð hv. þm. Hann leiddi, svo sem við mátti búast, hjá sér að minnast á þær ráðstafanir, sem gerðar hafa verið af ríkisstj. til þess að reyna að selja ísfisk til Þýzkalands. Ég tók svo eftir, að hv. þm. segði, að ýmsir menn, sem hefðu viljað kaupa vörur frá Þýzkalandi, hafi fengið synjun um leyfi. Ég hygg, að þetta geti ekki verið rétt, nema í þeim tilfellum, að ekki hafi þótt yfirleitt fært að leyfa innflutning á þessum vörutegundum. Ég hefi aldrei fengið neina staðfestingu á því, að mönnum hafi verið neitað, ef á annað borð hefir þótt fært að leyfa innflutning á vörunni, og ef maðurinn hefir ekki verið búinn að nota sinn innflutningskvóta.

Ólafur Thors [óyfirl.]: Það er aðeins ein setning í fyrri ræðu hæstv. ráðh., sem mér þótti ástæða til að gera að umtalsefni, sérstaklega af því, að mér þótti þar gæta misskilnings á eðli málsins. Hæstv. ráðh. sagði, að það þýddi ekki að vera að draga neina fjöður yfir það, að útflytjendur hefðu átt friðland með sölu í Þýzkalandi, og þess vegna eðlilegt, að þeir, sem vörur þurfi að kaupa, kaupi þær þar. Þetta er frá minu sjónarmiði grundvallarskekkja. Sannleikurinn

í þessu máli er, að það er eðlilegt, að útflytjendur fái, að öðru jöfnu, að selja vörur sínar þar, sem þeir fá hæst verð fyrir þær. Ég skal ekki að svo stöddu kveða upp neinn dóm um það hvort gengið hafi verið svo langt sem heppilegast hefði verið í því að reyna að beina vörukaupum íslenzkra notaþarfa til Þýzkalands. Um það þori ég ekki að dæma, en hitt veit ég, að eftir því sem maður, sem ætti að vera þessu langkunnugastur — hv. þm. Vestm. —, segir, að mönnum hafi verið meinað að kaupa vörur frá Þýzkalandi, þá er það satt. Verðlagið á okkar vöru í Þýzkalandi er hærra en í nokkru öðru landi. Það kemur greinilega fram á fisksölunni. Ég hygg, að ekki sé ofmælt, að verð á íslenzkum fiski í haust hafi verið fjórum sinnum hærra en fengizt hefir fyrir þá vöru í Englandi. Það er af þeim ástæðum, að þessar vörur eru í raun og veru fyrsta flokks vörur. Það eru þess vegna hagsmunir íslenzkra framleiðenda annarsvegar að beina vörukaupum sem mest til Þýzkalands, og hinsvegar að forðast til hins ýtrasta hverja þá ráðstöfun, sem þýzk stjórnarvöld skyldu taka upp sem tilraun til þess að draga úr eðlilegum viðskiptum milli þessara landa. Ég hefi í þeim efnum tilhneigingu til að hlusta á, hvað hv. þm. Vestm. segir, því að mér er kunnugt, að það er fyrir óvanalega samningalipurð hans, hve Íslendingar njóta einstaklega góðra kjara í Þýzkalandi nú sem stendur. Og hvað sem öðru líður, þá veit ég, að íslenzkir togaraútgerðarmenn eru honum mjög þakklátir fyrir það, hvernig honum hefir tekizt að efla markað fyrir íslenzkan fisk. — Ég vil svo aðeins segja það — út af þeim ummælum hæstv. ráðh. í sambandi við það, að það væri eðlilegt, að umboðsmenn sjávarútvegsins ynnu saman í n., sem fjallaði um ákvarðanir í þessu efni, en að það væri fiskimálan., en ekki fisksölusamlagið —, að mér er óhætt að fullyrða, að útvegsmenn eru þar á öðru máli. Og ég er alveg sannfærður um, að eins og komið er stjórn og framkvæmdastjórn fisksölusamlagsins, þá er þeim aukakostnaði, sem leiðir af fisksölun. og bætt er á framleiðendur sjávarafurða, algerlega á glæ kastað og ætti að verða af létt sem allra fyrst.

Jóhann Jósefsson [óyfirl.]: Það eru aðeins örfá orð. Hæstv. ráðh. var eitthvað að tala um ákúrur frá mér. Mér finnst það óþarfi að taka það sem ákúrur, þó að þm. láti uppi álit sitt á máli, sem fyrir liggur. Ég kannast ekki við að hafa gert það. Hitt veit ég, að hér er verið að draga viðskiptasamninga milli landa inn í umr. Hæstv. ráðh. tók það svo greinilega fram í sinni fyrstu ræðu, að ekki var hægt að sjá annað en að honum hafi legið það mjög þungt á hjarta, að það yrði ekki allt of mikið umr.-efni, að þessu frv. er mest stefnt gegn einu landi. Ég hefði ekki haft tilhneigingu til að taka til máls um þetta, ef hæstv. ráðh. hefði ekki sérstaklega undirstrikað þetta í sinni seinni ræðu. Hæstv. ráðh. sagði, að ég hefði ekki undan neinu að kvarta, en mér skildist sem privatmaður. Ég er ekkert að tala um mig persónulega í því sambandi. Ég veit ekki, hvort hæstv. ráðh. hefir meint það, en ég hefi ekki talað um þetta öðruvísi en almennt. — Þá vil ég benda á það, að ísl. ríkisstj. lagði mikla áherzlu á það í vor, að ekki yrði takmarkaður útflutningur af haframjöli frá Þýzkalandi til Íslands fyrr en í apríl. En eins og kunnugt er, hafa Íslendingar að undanförnu keypt mikið af haframjöli í Þýzkalandi. Þegar um það fréttist, að bannaður væri útflutningur af haframjöli frá Þýzkalandi, bað ísl. ríkisstj. mig að reyna að kippa þessu í lag, og það var að nokkru leyti fyrir mína milligöngu, að þetta fékkst lagað. Þýzka ríkisstj. gerði sérstaka ráðstöfun til þess, að þýzkir haframjölsframleiðendur gætu flutt út til Íslands, þó að þeir gætu ekki flutt til annara landa. Auðvitað var þeim ekki bannað það, heldur hafði ríkisstj. kippt að sér hendinni með það að styðja útflytjendur með tollaeftirgjöfum. En fyrir tilmæli ísl. ríkisstj. voru gerðar sérstakar ráðstafanir til að greiða fyrir útflutningi á tilteknu magni. Ég varð þess var eftir að ég kom hér heim, að stórir haframjölsnotendur höfðu ekki haft tækifæri til þess að birgja sig, en ég benti þá einmitt á, að við þyrftum að birgja okkur upp í tíma, því að viðbúið væri, að það kæmi „dauður" tími hjá mjölsútflytjendum fram yfir uppskerutíma. Ég fékk þau svör frá haframjölsinnflytjendum, að þeir hefðu fengið innflutningsleyfi fyrir 10 tonnum. Svona var þetta nú þá, en verið getur, að innflutningsn. hafi tekið sig á og lagfært þetta, e. t. v. þegar það var orðið of seint.

Annað dæmi skal ég nefna í þessu sambandi. Það voru nokkrir kaupsýslumenn hér í Reykjavík, sem lögðu sig eftir því að fá upplýsingar um kaup á þakjárni í Þýzkalandi. Þetta komst svo langt, að stórt firma hér átti kost á að fá góð kjör, ef það tæki nógu mikið. Það var vitaskuld eðlilegt, að þegar framleiðsa á nýja vörutegund, þá sé ekki hægt að gera það með góðum kjörum nema því aðeins, að það sé gert í nokkuð stórum stíl. Var því gert að skilyrði, að tekin væru nokkur hundruð tonn af járni, en íslenzku kaupsýslumennirnir sögðust ekki geta fengið leyfi nema fyrir nokkrum tugum tonna. Það kann að hafa verið um þetta eins og hitt, en mér er ekki kunnugt um það. Það má í þessu sambandi benda á, að ef það er stefna ríkisstj. að bæta markaðsmöguleika okkar í einhverju landi með því að kaupa af því landi vörur, sem við höfum áður keypt annarsstaðar, þá er það ekki leiðin til þess að umleggja viðskiptin að hamla þeim mönnum að kaupa verulegt magn af vörum, sem hafa mesta kaupmannsþekkingu og hafa lagt vinnu í að fá hin beztu sambönd og eiga kost á að fá vörur fyrir sæmilegt verð. Frá mínu sjónarmiði er það eðlilegast, að innflutningsn. skipti jafnt og í réttu hlutfalli innflutningsleyfunum milli manna.

Ég vona, að hæstv. ráðh. skilji, hvað ég á við í þessu efni. Ég hafði ekki ætlað mér að gera þessi viðskipti að almennu umtalsefni, og hefði ekki gert það, ef ekki hefði verið gefið tilefni til þess.

Atvmrh. (Haraldur Guðmundsson) [óyfirl.]: Ég ætla aðeins að segja nokkur orð út af ummælum hv. þm. G.-K.

Það eðlilega og sjálfsagða er, að útflytjendur fái að selja þar, sem verð er hæst. Nú má oft deila um það, hvaða verð sé hæst eða hvar. Segjum, að um sé að ræða ákveðið verð í clearingvalútu og að tilsvarandi verð í sterlingspundum sé lægra, þá er það viðurkenning á því, að clearingvalutan er ekki eins mikils virði og pundin, svo að verðið verður hærra, miðað við hana. Það segir sig sjálft, að enginn fer að borga hærra verð fyrir vöru, keypta á ákveðnum markaði, en hann þarf að borga annarsstaðar. Ef hann greiðir hærra verð á einum stað en hann myndi þurfa að greiða á öðrum, þá er það sönnun þess, að á síðari staðnum er annaðhvort gjaldeyririnn hærri eða viðskiptin örðugri á einhvern hátt. Það gerir enginn að gamni sínu að kaupa vörur utanlands hærra verði en á heimamarkaðinum.

Ef ekki er trygging fyrir því, að menn fái andvirði seldrar vöru með skilum innan sæmilegs tíma, þá er lítið gagn að viðskiptunum. Þessar hömlur eru settar til að tryggja það, að gjaldeyririnn komi á tiltölulega skömmum tíma, því að það er mönnum lítil bót að fá hann ekki fyrr en hver veit hvenær, að þurfa ef til vill að bíða upp undir ár.

Þar sem um er að ræða sölu á vöru, sem ekki er hægt að koma út nema í einu ákveðnu landi, er sjálfsagt að reyna að greiða fyrir innflutningi frá því landi og reyna að hafa hann ekki miklu minni en útflutningurinn þangað. Þetta hefir verið sú meginlína, sem lagt hefir verið fyrir gjaldeyrisn. að starfa eftir. Mér skildist á hv. þm. G.-K., að hann áliti, að við fengjum ekki eins mikið fyrir okkar gjaldeyri og hann er verður, og mér skildist á honum, að hann teldi viðskipti okkar við Þýzkaland mundu verða auðveldari, ef krónan yrði felld. Ég skil ekkert í, að hv. þm. skuli álíta þetta. Lækkun krónunnar myndi ekki hafa minnstu áhrif í sambandi við þetta frv.

Þá sagði hv. þm., að kröfur útgerðarmanna um allt land færu í þá átt, að fiskimálan. yrði lögð niður og verkefni hennar fengin sölusambandi ísl. fiskframleiðenda, og því væri það skylda, samkv. öllum lýðræðisreglum, að leggja niður fiskimálan. Ég veit nú ekki, hvernig honum getur verið kunnugt um hug allra útvegsmanna á landinu. Ég veit a. m. k. um marga, sem eru allt annarar skoðunar.

Í stj. sölusambandsins eru 2 menn skipaðir af ríkisstj., en í fiskimálan. er þó ekki nema einn skipaður af þessari illu ríkisstj. Hinir eru skipaðir af félagi togaraeigenda o. fl. Ég skýt þessu aðeins að hv. þm. til hugleiðingar.

Viðvíkjandi dæminu, sem hv. þm. Vestm. drap á, er ég ekki undir það búinn að leggja fram gögn í málinu. Þó þykir mér ósennilegt, að í staðinn fyrir 2000 tonn af haframjöli hafi ekki fengizt innflutningsleyfi fyrir meira en 20. Að því er snertir þakjárn, liggja fyrir skilríki um það, að einn innflytjandi, sem vildi kaupa stórt „parti", fékk ekki leyfi fyrir nema nokkrum tonnum, af því að hann var búinn að nota sinn kvóta.

Örðugleikar þessara viðskipta liggja í því, að þótt menn vilji beina viðskiptum til ákveðins lands, þá er ekki hægt að gera það örar en beiðnir manna um innflutningsleyfi koma fram, því að ekki er hægt að láta einn eða fáa fá allan innflutninginn á kostnað annara.

Hinsvegar get ég bent á, að til er líka önnur leið, sú, að láta ríkisstj. vera heimilt að gera þessi innkaup, þegar ástæður eru svo, að þau væru heppileg fyrir þjóðarheildina. Það segir sig sjálft, að því myndi engin áhætta fylgja, þó að ríkisstj. hefði keypt 2000 tonn af haframjöli á heppilegum tímum. En hitt er ekki gert á hálfum mánuði eða þrem vikum, að taka saman öll þessi leyfisbréf, þar sem ekki er fyrirfram vitað, hvernig greiðslumöguleikum umsækjenda er háttað, þó að þeir vilji kaupa.

Hv. þm. lét svo um mælt, að innflutnings- og gjaldeyrisn. mætti ekki setja það fyrir sig, þó að einn fengi að flytja inn öðrum meira; hún yrði að líta stórt á hlutina. Ég vildi óska, að þetta væri hægt, en svo er því miður ekki. Það er gallinn á þeim verzlunarháttum, sem við búum nú við.

Umr. frestað.

Á 72. fundi í Nd., 13. nóv., var fram haldið 1. umr. um frv.

Jón Sigurðsson [óyfirl.]: Ég kvaddi mér hljóðs í gær, því að ég vildi fá tækifæri til þess að segja nokkur orð við þessa umr. Fulltrúar sjávarútvegsins hafa látið töluvert til sín heyra undir þessum umr. og þykir mér því rétt, að einhver sveitamaður láti og eitthvað til sín heyra í þessu máli, því að það skiptir sveitamenn nokkru, enda þótt ég játi, að við séum smáir samanborið við sjávarútvegsmennina.

Hæstv. atvmrh. upplýsti í gær undir þessum umr., að sala á ull og gærum til Þýzkalands hefði orðið leyfð, aðeins lítilsháttar, ef síldveiðin hefði ekki brugðizt. M. ö. o., ef allt hefði verið með felldu, hefði sama sem ekkert fengizt flutt af landbúnaðarafurðum til Þýzkalands, þrátt fyrir það, þó að verð á ull og gærum hafi nú verið miklu hærra þar en undanfarið. Hæstv. atvmrh. sagði einnig, að því aðeins væri rétt að selja vörur til lands eins og Þýzkalands, ef ágóðinn af sölu varanna þangað, samanborið við að selja þær annað, næmi meiru en því, sem vörur þær, sem það an væru keyptar aftur, væru dýrari en annarstaðar. Þegar slíku sem þessu er haldið fram, þá verður manni á að spyrja, fyrir hvað framleiðandinn eigi að kaupa sínar nauðsynjar, þegar svo mjög er þrengt að honum fyrir neytandann, að hagsmunir hans eru alveg látnir víkja. Ég leyfi mér jafnframt að spyrja: Er ríkisstj. tilbúin til þess að taka á móti t. d. stórum hóp sveitamanna, sem óhjákvæmilega hlýtur að flosna upp frá búum sínum, ef haldið verður áfram á þessari braut? Þegar svo við þetta bætist, að fá ekki að selja framleiðsluvörurnar þar, sem beztur er markaðurinn. Þar sem við verðum að horfast í augu við, að gjaldeyririnn er tekinn frá okkur, eins og öðrum framleiðendum, fyrir lægra verð en raunverulega er rétt, þá finnst mér fokið í flest skjól, og verður tæplega ann-

að sagt en að við séum látnir sæta afarkostum. Í fyrra var samþ. að veita úr ríkissjóði 150 þús. til verðuppbótar á útflutt kjöt, af því að nauðsynlegt þótti að rétta bændum hjálparhönd, en núna, nokkrum mánuðum síðar, skilst mér, að hin sama ríkisstj., sem var með þessu aukaframlagi til bændanna, sé nú reiðubúin til þess að gera samning, sem sviptir þá tvöfaldri þessari upphæð. Vægast sagt finnst mér þetta mjög vafasöm ráðstöfun.

Hvað síldarsölua til Þýzkalands snertir, þá greip forsjónin þar í taumana. Síldin veiddist ekki, því miður, en afleiðingin varð aftur sú, að ull okkar og gærur hafa verið seldar til Þýzkalands, að mestu leyti að minnsta kosti, og það fyrir nokkru hærra verð en hægt var að fá fyrir þær vörur annarsstaðar.

Ég skal játa, að eins og nú standa sakir er ekki hægt að komast hjá því að hafa nokkra íhlutun um sölu afurðanna, en dæmi það, sem ég hefi rakið hér, sýnir ljóslega, hve hættulegt það getur verið, ef afskiptum hins opinbera af þessum málum er hagað þennig, að eingöngu sé litið á hag neytendanna, en ekkert á þarfir framleiðendanna.

En framleiðendur verða þá líka að hafa tryggingu fyrir því, að ekki sé gengið á hlut þeirra. Að n. sé þannig skipuð, að þeir megi treysta því, að þeirra hlutur sé ekki fyrir borð borinn. Sé það ekki, vænti ég mér ills eins af þessari ráðstöfun f. h. okkar bændanna.

Ólafur Thors [óyfirl.]: Mér hefir satt að segja liðið úr minni fjöldi af þeim aths., sem ræða hæstv. atvmrh. í gær gaf tilefni til. En það, sem mér þótti aðalmáli skipta, var þó það, að mér þótti nokkuð á skorta, að hæstv. ráðh. gerði fullnægjandi skil fyrir þeirri stefnu, sem hann taldi eðlilegt, að væri lögð til grundvallar í viðskiptamálunum út á við.

Hæstv. ráðh. fór mörgum orðum um það, að ástæðan fyrir því, að Íslendingar gætu ekki notið hærra verðlags á útflutningsvöru sinni í ákveðnu landi, sem hann nánar tilgreindi, væri sú, að sá gjaldeyrir, sem þar fengist fyrir vöruna, væri háður ýmsum þeim annmörkum, að öllum viðskiptaþjóðum þess sama lands þætti ekki tilvinnandi að selja þangað framleiðsluvöru sína nema hún væri goldin hærra verði þar en annarsstaðar. Þetta væri hin raunverulega orsök til hins háa verðlags, sem þar ríkti. Þetta getur í fljótu bragði séð sýnzt eiga við rök að styðjast, en það, sem ég vil benda á og leggja áherzlu á, enda þótt þetta almennt talað kunni að hafa við rök að styðjast, þá þarf það engan veginn að vera þess eðlis, að réttmætt sé af þeim ástæðum að bægja viðskiptum okkar frá þessari þjóð, því að það getur verið sú sérástæða fyrir okkur Íslendinga, að verðmunurinn í þessu landi miðað við það, sem er í öðrum löndum, sé svo mikill, að við með okkar sérstöku þarfir getum keypt í þessu landi nauðsynjavörur með verðlagi, sem ekki er hærra en svo, að það sé hagur fyrir þjóðarheildina að skipta við þessa þjóð. Frá mínu sjónarmiði er þessu þannig varið, að ég er sannfærður um, að það sé rétt að beina viðskiptunum meira til þessarar ákveðnu þjóðar — Þjóðverja — heldur en verið hefir. Og ég vil leggja áherzlu á og beina til þeirra manna, sem samkv. lögunum með áorðinni breytingu eins og þau liggja nú fyrir hv. d., fara með þessi mál, að þeir taki til athugunar, hvort ekki sé hægt að auka viðskiptin við Þýzkaland meira en verið hefir.

Mér er kunnugt um, að Þjóðverjar geta boðið okkur kol við að vísu ofurlítið hærra verði heldur en við fáum þau annarsstaðar, en þetta eru kol, sem til togaraútgerðarinnar hafa reynzt með afbrigðum vel, miklu betur heldur en beztu ensk kol. Ég tel því mjög æskilegt, að það sé tekið mjög gaumgæfilega til athugunar að beina viðskiptum okkar til Þýzkalands meira heldur en gert hefir verið.

Viðvíkjandi því, sem hæstv. ráðh. sagði um aths. mína út af því, að hann hefði átt tilhlutun um það, að umboðsmaður sjávarútvegsmanna í n., sem á að hafa ákvörðunarvaldið í þessu, er valinn af fiskimálanefnd, en ekki sölusambandi ísl. fiskframleiðenda, vil ég taka það fram, að ég held fast við það, og það er engum vafa undirorpið, að það er almennur vilji sjávarútvegsmanna, að fiskimálan. fari þar ekki með umboð, heldur verði það S. Í. F. Mér er kunnugt um hug margra í þessu máli, en vitanlega ekki allra, eins og hæstv. ráðh. sneri út úr mínu máli í morgun. Það var eftirtektarvert, þegar hæstv. ráðh. var að rökstyðja ágæti fiskimálan., að þar ættu fulltrúa félög og stofnanir eins og t. d. Fiskifélag Íslands, Félag ísl. botnvörpuskipaeigenda og fleiri. En hverjir eru þessir „fleiri“? Það er m. a. Alþýðusamband Íslands og Samband ísl. samvinnufélaga og fleiri, sem ekki geta talizt umboðsmenn sjávarútvegsins. En þar sem S. Í. F. er stofnað samkv. vilja meiri hl. sjávarútvegsmanna, en þeir hafa engan vilja látið í ljós um starfsemi fiskimálan., þá er ekki óeðlilegt, þó að þeir vilji fremur S. Í. F. sem sinn rétta málsvara heldur en fiskimálan., og það liggur líka fyrir yfirlýstur vilji sjávarútvegsmanna um, að stjórn S. Í. F. sé þeirra rétti aðili í þessu máli. — Að öðru leyti skal ég ekki við þessa umr. málsins orðlengja frekar um það, enda þótt ýmislegt í ræðu hæstv. ráðh. gæti gefið tilefni til frekari aths.

Fjmrh. (Eysteinn Jónsson) [óyfirl.]: Ég get ekki látið málið fara svo hjá, að segja ekki um það nokkur orð.

Grundvöllurinn undir þessum umr. verður að vera sú staðreynd, að við þurfum að kaupa í Þýzkalandi — en þessi umr. hefir snúizt svo mikið um Þýzkaland, að ég sé ekki ástæðu til að tala neinu rósamáli — vörur fyrir andvirði allra þeirra vara, sem þangað eru seldar. Þess vegna er það staðreynd, að möguleikar til þess að selja framleiðsluvörur okkar þangað fer eftir því, hvað okkur tekst að kaupa mikið af vöru þaðan. Sú gagnrýni, sem hér ætti að geta komizt að í þessu máli út af fyrir sig á hendur þeirra, sem hafa farið með þessi mál, væri því sú, að þeir hefðu ekki reynzt nógu duglegir að beina vörukaupunum til Þýzkalands.

Að þessu leyti fannst mér hv. þm. Vestm. ræða málið á réttum grundvelli. Svo er það annað atriðið, hvernig eigi að skipta þessum markaðsmöguleikum milli framleiðenda í landinu.

Ég skal taka það fram, eins og hæstv. atvmrh. hefir áður lýst yfir, að af hálfu ríkisstj. hefir gjaldeyrisn. haft þau fyrirmæli að beina til Þýzkalands öllum þeim vörukaupum, sem ekki væru bundin, til þess að gera þann markað sem stærstan, vegna þess að við fáum þar markað fyrir vörur, sem við getum ekki selt annarsstaðar, og þar getum við yfirleitt fengið hærra verð fyrir okkar vöru heldur en á öðrum mörkuðum. Hv. þm. Vestm. vildi halda því fram, að þetta hefði ekki tekizt eins og skyldi. Var hann að sönnu ekki mjög harðorður og nefndi sem dæmi, að menn hefðu óskað eftir að fá vöru frá Þýzkalandi, en ekki fengið leyfi til þess. Til þess geta legið tvær ástæður. Það getur verið, að menn hafi óskað eftir leyfi á óþarfa vörum, sem þjóðin getur verið án á þessum vandræðatímum, og það sjá allir, að við getum ekki látið okkar framleiðsluvöru fyrir slíkan varning. Í öðru lagi geta komið fyrir þau tilfelli, sem hv. þm. vitnaði í, að óskað sé eftir innflutningi á meira magni en viðkomandi maður getur haft rétt á eftir þeirri reglu, sem höfð er um úthlutun leyfa. Hv. þm. Vestm. nefndi tvö dæmi. Í öðru tilfellinu hafði maður ekki fengið flutt inn eins mikið af haframjöli eins og hann óskaði, en hinn maðurinn ekki fengið flutt inn eins mikið þakjárn eins og hann óskaði. Þetta hvorttveggja stafar af því, að innflutningsleyfi er veitt með tilliti til þess, hvað mikil viðskipti þessir menn hafa haft áður.

En ég álít, að í þessum tilfellum hafi þetta ekki komið að sök, því að þrátt fyrir þetta er meginið af haframjölinu keypt í Þýzkalandi, og sama er að segja um þakjárnið.

Ég skal taka undir með hv. þm., að það beri vitanlega að athuga við úrskurð um þessa hluti, að binda sig ekki allt of einskorðað við þá reglu, að menn fái innflutningsleyfi eftir því, sem áður hefir verið. En það verður að hafa það sem meginreglu, til þess að forðast rangindi í þessum efnum.

Ég skal taka það fram, úr því að ég er farinn að tala um þetta á annað borð, að að mínu áliti hefir gjaldeyrisn. með aðgerðum sínum, með því — ef svo má að orði komast — að neyða innflytjendur til þess að kaupa vörur með hærra verði í Þýzkalandi heldur en annarsstaðar, beinlínis skapað möguleika til þess að nota þann markað, sem verið hefir fyrir íslenzkar vörur í Þýzkalandi nú í ár. Það má kannske í einstökum atriðum, til þess að hallmæla því, sem gert hefir verið, finna eitthvað til, en heildarvinnubrögðin hafa verið þau, að hægt er að þakka þeim, að nú er hægt að selja á þessum markaði um 50% af gærum og ull. Innflytjendur hefðu ekki, ef því hefði ekki verið haldið að þeim, farið að kaupa vöru þar, sem hún var dýrari heldur en þeir gátu keypt hana annarsstaðar.

Ég skal taka það fram, að ríkisstj. mun, eins og hún hefir gert, leggja fyrir innflutningsog gjaldeyrisn. að halda því sama áfram um að beina vörukaupunum til Þýzkalands, og mun fylgjast með í því, að þessu verði framfylgt svo stranglega sem kostur er á, því að henni er það ljóst, hversu mikils virði það er að geta haldið þessum markaði.

Þá er það hitt atriðið, sem hv. 7. landsk. kom inn á, það er um skiptingu þessara markaðsmöguleika, sem opnir eru í Þýzkalandi, á milli útflytjenda í landinu. Það er vitanlega vandamál, en ég held, að allir geti orðið sammála um eitt meginatriði, sem sé, að það verði að sitja fyrir að selja þangað vöru, sem ekki er hægt að selja annarsstaðar. Það er töluvert af útflutningsvöru landsmanna, sem ekki hefir verið hægt að selja annarsstaðar, og svo getur orðið enn. Við vitum um sumar vörur, eins og t. d. ísfiskinn og síldarmjölið. Það er þess vegna ætlun stj. að fylgja þeirri reglu að veita útflutningsleyfi fyrst og fremst fyrir þær vörur, sem vitað er, að ekki er hægt að selja í öðrum löndum. Ég held að ekki sé hægt að deila um, að þessi regla sé eðlileg frá sjónarmiði heildarinnar.

Ég veit, að það er hægt að koma af stað tortryggni í kringum atriði eins og þetta. Það hefði verið hægt að segja í þessu tilfelli við bændur, ef gærur og ull hefðu ekki komizt þarna að: Þarna situr nú ykkar góða ríkisstj. og neitar ykkur um að selja afurðir ykkar þar, sem þið fáið hæst verð fyrir þær. Það er hægt að nota sér þetta, en varla er það sæmandi.

Það er ómögulegt, að nokkrum manni detti í hug, að það sé sú rétta regla að láta þessi viðskipti fara svo úr hendi, að við sitjum uppi með vörur, sem við alls ekki gætum selt annarsstaðar, en fylla markaðinn með vörum, sem við gætum selt annarsstaðar. Það er því mjög langt frá því, að ummæli hv. 7. landsk. séu réttmæt. Enda fullyrti hann ekkert um þetta; hann sagði bara, að það væri rangt, ef neytendur hlifðust við að kaupa vörur frá Þýzkalandi. Ég er honum sammála í þessu, og það er einmitt þetta, sem ekki hefir verið gert. Það hefir verið unnið að því, eins og ég sagði, að láta menn kaupa vörur frá Þýzkalandi, þó að þær væru dýrari en annarsstaðar, og það hefir verið gert að innflytjendum nauðugum, vegna þeirrar nauðsynjar að halda þessum markaði. Það fer því fjarri, að óeðlilega mikið tillit hafi verið tekið til neytendanna. Hinsvegar verð ég að álíta það rétt hjá hæstv. atvmrh., að ef það liggur þannig fyrir, að það er meiri verðmunur á vöru, sem þarf að kaupa frá Þýzklandi hingið inn, en þeirri vöru, sem hægt er að selja þangað, þá sé réttara, að láta þessi viðskipti ekki fara fram, ef hægt er að selja vöruna annarsstaðar. Öðru máli er að gegna um vöru, sem ekki er hægt að selja í öðru landi. Þá sjá allir, ef framleiðendur bæru skarðan hlut frá borði, að þá væri réttlátt að bæta þeim það upp með einhverju fjármagni innanlands.

En vonandi kemur ekki til þess, að þetta þurfi að gera. Við skulum vona, að möguleikarnir til innkaupa frá Þýzkalandi verði svo rúmir á næsta ári, að hægt verði að koma þess-

um viðskiptum vel fyrir. En það má búast við, að við getum ekki selt til Þýzkalands allar þær vörur, er við óskum að geta selt þangað, vegna þess að ekki er hægt að fá þar nema takmarkað vöruval til að flytja hingað til landsins.

Ég vil beina því til manna, að þeir athugi vandlega við gagnrýni sína á hvaða grundvelli þessi viðskipti eru byggð. Það er nokkuð sérstakt, sem hér er um að ræða, og mér finnst það aðallega vera tvö atriði; annað, að hve miklu leyti skuli halda innflutningi okkar til Þjóðverja, og hitt, hvernig eigi að skipta markaðsmöguleikunum milli framleiðenda hér.

Atvmrh. (Haraldur Guðmundsson) (óyfirl.): Ég hefi engu að bæta við það, sem hæstv. fjmrh. tók fram um þær reglur, *sem fylgt er í* úthlutun innflutningsleyfa, né heldur um þá viðleitni, sem innflutnings- og gjaldeyrisn. hefir haft með að beina vörukaupunum til Þýzkalands. Ég tel það sjálfsagða skyldu að beina þeim vörukaupum, sem hægt er, þangað, því að með því skapast sölumöguleikar fyrir okkar vörur.

Hv. þm. G.-K. var að benda á eina vörutegund, sem við gætum keypt frá Þýzkalandi, nefnilega kolin. Eins og mönnum er kunnugt, eru þeir samningar við Breta, að við erum skuldbundnir að kaupa 77% af okkar kolum hjá þeim. En þau 23%, sem eftir eru, hafa allt fram að þessu verið keypt að mestu leyti í Póllandi. Ýms kolafélög hafa þar sambönd. Við höfum líka selt þangað talsvert af léttverkaðri síld, og þótti því ekki heppilegt að draga úr kolakaupum þaðan. Á síðasta ári var búið að gera samninga um síldarsölu til Póllands, en þegar minna varð úr síldveiðinni en búizt var við, var nokkuð dregið úr kolakaupunum frá Póllandi, en þeim viðskiptum aftur beint til Þýzkalands. Þetta verður tekið til athugunar í sambandi við Þýzkaland, að svo miklu leyti sem hægt er vegna skuldbindingar okkar við Breta og viðskiptajafnaðarins við Pólverja með tilliti til síldarsölunnar þangað.

Hv. þm. taldi, að fiskimálan. væri ekki til þess fallin að skipa mann í n., sem sér um úthlutun þessara leyfa, vegna þess að þar ættu sæti fulltrúar frá S. Í. S. og Alþýðusambandi Íslands. Ég get ekki verið honum sammála um þetta, og mig minnir, að á síðasta þingi hafi þessi hv. þm. komið með frv. um fiskiráð, sem átti að leysa allan vanda sjávarútvegsins. Þetta fiskiráð átti að vera skipað fulltrúum úr S. Í. S. og Alþýðusambandi Íslands. Ég hygg því, að hv. þm. hafi þá ekki talið óeðlilegt, að þessir aðilar hefðu þar einhver afskipti. Ef þetta er misminni hjá mér, mun hv. þm. væntanlega leiðrétta það.

Annars þýðir ekkert að vera að karpa um þetta atriði, því að ég býst við, að hv. þm. komi með brtt. við þetta atriði við næstu umr.

Jóhann Jósefsson (óyfirl.): Ég tók eftir því í ræðu hæstv. fjmrh., að hann hafði skilið það, að þegar um það er að ræða að umleggja viðskipti með einhverja vöru á milli landa eða til annars lands, þar sem þessi vara hefir ekki verið tekin áður, og jafnvel ekki verið búin til við hæfi okkar Íslendinga, þá sé það afarmikil þröngsýni að binda sig eingöngu við eitt sjónarmið við veitingu innflutningsleyfa. Sem sé það, hvað strangt til tekið sá, sem ætti kost á að fá þessa vöru, ætti að fá mikið af henni. Þetta getur mjög staðið í vegi fyrir því, að við getum numið ný lönd í þessu efni, þó að við vegna aukins útflutnings þurfum að gera það, því að aðstaða manna til þess að ryðja braut á þessu sviði er vitanlega mjög misjöfn, og þeir hafa einkum fagþekkingu í þessu efni, sem í mörg ár hafa staðið fyrir innflutningi í stórum stíl á vöru, eins og átti sér t. d. stað um þakjárn, sem ég minntist á áðan. Hinsvegar veit ég, að það er ekki almennt talið hægt fyrir innflutnings- og gjaldeyrisn. að líta burt frá hinu sjónarmiðinu, sem hæstv. ráðh. bar líka fyrir brjósti og ég veit, að á rétt á sér. En höfuðnauðsynin í þessu máli er sú, að við getum fengið sambönd í þeim markaðslöndum, sem við verðum að kaupa vörur frá á annað borð.

Að því er snertir aths. hæstv. atvmrh. um valútuna þýzku, þá verð ég að segja, að það er nokkuð hæpið af honum að halda fram eins og hann gerði og segja, að ríkismarkið sé í raun og veru minna virði en önnur valúta. Það er fyrst á það að benda, að hér úr ráðherrastóli er verið að halda því fram, að peningagildi annars lands sé minna virði heldur en það er nóterað. Í því sambandi vil ég benda á það, að hvar í heiminum, sem hæstv. ráðh. vildi kaupa ríkismörk — og þau eru nóg til í öllum kaupstöðum heimsins —, þá er enginn annar opinber „kurs“ á þeim markaði. Það stendur að því leyti jafnfætis myntum annara þjóða. Í vor varð ég þess var, að sótt var eftir að selja síldarmjöl til Þýzkalands, ekki einasta frá Íslandi, heldur voru Norðmenn einnig þar á ferðinni með 5 manna n. sinna beztu manna á viðskiptasviðinu. Ennfremur voru útsendarar frá Englandi í sömu erindagerðum, sem ég var raunar í líka, en það var að fá ákveðið sæmilegt hámarksverð á síldar- og fiskimjöl til innflutnings í Þýzkalandi. Um þetta stóð, eins og hæstv. ráðh. er kunnugt, talsverð barátta af hálfu innflytjendanna. En í öllum þeim viðræðum, sem ég átti við þessa fulltrúa annara kapitalsterkari landa heldur en Ísland er, heyrði ég aldrei orð í þá átt, að þeir kæmu fram með það til stuðnings málstað sinna ríkja, að ríkismarkið væri neitt verri borgun heldur en aðrir peningar. Voru þarna þó mjög færir fjármálamenn á ferðinni.

Það er eðlilegt, að menn sækist eftir að selja sína vöru þar, sem hún er bezt borguð, og að því leyti eru skiljanlegar þær raddir, sem hér hafa komið fram um að láta, eftir því sem hægt er, íslenzkar afurðir sitja fyrir góðu verði, hvar sem það er að fá. Má benda á í því sambandi, að Norðmenn, *sem sennilega eru eins miklir* fyrir sér á fjármálasviðinu eins og við, sýnast ekki víla fyrir sér að selja vörur til Þýzkalands; eru þeir þó háðir ekki betri söluskilyrðum heldur en við þar. Ég sá t. d. í blaði um daginn, að þeir væru að semja um sölu þangað á hvallýsi fyrir 40 millj. kr., og þó þeirra velta sé mikil,

samanborið við okkur, þá er það geipileg upphæð.

Í sambandi við þetta tel ég rétt að benda á það, að ríkisstj. sjálf hefir látið rannsaka sérstaklega viðskipti okkar við annað land, Danmörku. Árið 1933 lét stj. gera yfirlitsskýrslu yfir viðskipti okkar við Dani, hvaða vörur við kaupum frá þeim og líka hvaðan þeir kaupa sömu vörutegundir, sem þeir selja okkur. Af þessari skýrslu kemur í ljós, að mikið af þeim vörum, sem við kaupum frá Dönum, eru einmitt þýzkar vörur. Þetta ár mun innflutningurinn frá Danmörku hafa numið 70 millj. kr. Ég hefi það eftir verzlunarráðinu, að telja megi um 4 millj. kr. virði af þeim innflutningi þýzkar vörur. Ég hefi hér fyrir framan mig þessa skýrslu stj., sem ég nefndi áðan. Ég vil ekki þreyta hæstv. forseta með því að lesa hér upp úr henni, en það væri efni í langa ræðu, ef telja ætti upp þær vörutegundir, sem við kaupum frá Dönum, en þeir kaupa aftur frá Þýzkalandi í stórum stíl samkv. skýrslu ríkisstj. sjálfrar. (Fjmrh.: Síðan hvenær er skýrslan?). Hún er miðuð við árið 1933, en ég hefi fyrir satt, að hæstv. stj. hafi látið hana frá sér fara á þessu ári. Enn þann dag í dag veit ég, að lyfjavörur eru mestmegnis keyptar hingað frá Danmörku, en það vita allir, að aðalinnflutningurinn á lyfjavörum til Danmerkur er frá Þýzkalandi. Einnig mun mikið af þýzkum rafmagnsvörum vera keypt hingað frá Danmörku.

Það heyrist oft nefnt af hálfu hæstv. stj., að hún telur viðskiptin við Þýzkaland óhagstæð vegna þess, að það verði að kaupa vöru fyrir vöru. Ég get ekki skilið, að það sé hagstæðara að skipta við þau lönd, sem við kaupum frá tvisvar eða þrisvar sinnum meira heldur en við getum selt þeim, þó ekki sé að vísu beinlínis um slíka samninga að ræða, heldur en land, sem kaupir fyrir krónu á móti krónu. Ég veit raunar, að það er nokkrum örðugleikum bundið að breyta til með viðskipti og flytja þau milli landa; sízt af öllu er hægt að gera slíkt á skömmum tíma svo miklu nemi. En það er líka mjög torveldað, ef viðhafðar eru út í yztu æsar þær reglur innflutningsnefndar, sem hæstv. fjmrh. lýsti, að yrði að leggja til grundvallar við úthlutun innflutningsleyfa.

Ég átti víst ekki rétt til langrar ræðu og verð því að láta hér staðar numið. Um þetta mætti þó margt fleira segja, og er nauðsynlegt að það sé rætt til hlítar. Einkum virðist mér ríkja misskilningur í huga hæstv. atvmrh., þegar hann vill halda fram, að galdeyririnn, sem við fáum frá Þjóðverjum, sé minna virði heldur en annar gjaldeyrir.

Fjmrh. (Eysteinn Jónsson) [óyfirl.]: Það eru aðeins örfá orð út af ræðu hv. þm. Vestm. Hann benti á það, að samkv. skýrslu fyrir árið 1933 væru ýmsar vörur keyptar hingað af Dönum, sem þeir aftur flyttu inn frá Þýzkalandi. Ég ætla ekki að bera móti þessu. En við það er þó tvennt að athuga. Þessi skýrsla, sem hv. þm. vitnaði í, er orðin nokkuð gömul. Það er ólíkt, hvað miklu meiri vinna er lögð í það nú að beina vörukaupunum til Þýzkalands heldur en gert var 1933. Í öðru lagi eru, eins og hv. þm. líka drap á, miklir örðugleikar á því að flytja til viðskipti milli landa í fljótu bragði. Það hefir komið fram, að vissar vörutegundir, sem við kaupum frá Dönum, koma frá Þýzkalandi. Þegar farið var að grennslast eftir þessu frekar, kom í ljós, að dönsk verzlunarfyrirtæki höfðu sérstaka aðstöðu frá hinum þýzku útflytjendum til þess að selja vöruna til Íslands. Beinum kaupum á þessum vörum frá Þýzkalandi er ekki hægt að koma á nema fá þessu breytt. Þannig eru ótal ljón á veginum, þó vel sé að þessu unnið, svo það hlýtur að taka tíma að ryðja viðskiptunum braut. Hinsvegar hefir með eðlilegum hætti töluvert færzt af viðskiptum frá Danmörku yfir til Þýzkalands á árinu, sem leið, eins og vera á, þar sem viðskiptin milli Íslands og Danmerkur eru svo ójöfn sem raun er á.

Það er rétt, sem hv. þm. sagði um lyfjavörurnar, að mjög æskilegt væri að flytja innkaup til Þýzkalands, því mikill hluti þeirra mun þaðan kominn. En á því er sá örðugleiki, sem nú er þó verið að reyna að yfirvinna, að þau firmu, sem hér er um að ræða, hafa það sölufyrirkomulag, að sölufirmu þeirra í Danmörku hafa umboð fyrir öll viðskiptin við Norðurlönd. Nú er einmitt verið að athuga, hvaða möguleikar eru á að fá úr þessu bætt fyrir næsta ár í þá átt, sem hv. þm. fór fram á.

Hvað snertir rafmagnsvörurnar er því til að svara, að ég veit ekki til, að nú sé keypt sem nokkru nemur af þeim annarsstaðar en í Þýzkalandi. Þessa hefir verið gætt svo vandlega, að rafmagnsvörur hafa í sumum tilfellum verið keyptar dýrara í Þýzkalandi heldur en hægt hefir verið að fá þær annarsstaðar, bara til þess að halda uppi viðskiptum við þetta land.

Hv. þm. var að skýra hér frá því, að Norðmenn seldu mikið af vörum til Þýzkalands, og efast ég ekki um, að það sé rétt. En það er þá aðeins af því, að þeir geta keypt þaðan mikið aftur. Ég veit ekki betur en þeir verði að taka út andvirði þeirra vara, sem þeir flytja til Þýzkalands, í vörum eins og við. Ef þeir selja mikið þangað, er það vegna þess, að þeim hefir tekizt að ná þaðan miklum vörukaupum á móti, en það er einmitt það, sem við erum að reyna.

Vitanlega eru mér og stj. kærkomnar allar upplýsingar og leiðbeiningar um, hvað hægt væri að kaupa frá Þýzkalandi, hvaðan sem þær koma. Og eins og hv. þm. veit, hefir ekki staðið á því, að þær till. væru athugaðar, sem fram hafa komið um þetta.

Einn erfiðleiki enn er á þessu sviði, sem ég hefi ekki minnzt á, og hann er sá, að innflytjendur eru ekki eins viljugir að kaupa vörur frá Þýzkalandi eins og annarsstaðar að, af því að þær eru í mörgum tilfellum dýrari þar. Þar af leiðandi eru innflytjendurnir tregir til að skýra frá þeim möguleikum, sem þeir kunna að hafa til vörukaupa í Þýzkalandi. Oft eru það einmitt þeir, sem kunnugast er um, hvaða vörur hægt er að fá frá Þýzkalandi, en þeir eru e. t. v. ekki alltaf útfalir á þeirri þekkingu, ef þeir hafa orðið varir við, að varan væri dýrari þar en annarsstaðar. Ég er ekki að segja, að þetta sé neitt óeðlilegt. En það gerir það að verkum, að stj.

verður gegnum innflutningsnefnd að hafa öll spjót úti eftir því, hvaða vörur er hægt að kaupa frá Þýzkalandi og hvaða verði, en fær ekki æfinlega til þess þann stuðning, sem æskilegur væri, frá þeim, sem bezt þekkja til.

Ólafur Thors [óyfirl.]: Það er náttúrlega ekki furða, þó hæstv. atvmrh. viti lítið um frv. mitt um fiskiráð frá síðasta þingi, því hann hefir sjálfsagt verið svo önnum kafinn í þinginu, að hann hefir ekki haft tíma til að kynna sér það að ráði, þó hann að vísu hnuplaði hugmyndinni, sem ég bar þar fram, og færði hana aftur tötrum klædda inn í þingið. Enda báru orð hans áðan vott um, að hann vissi ekki, hvernig fiskiráðið átti að vera skipað, því þar átti enginn maður að vera frá S. Í. S., heldur frá Sölusambandi ísl. fiskframleiðenda, Félagi ísl. atvinnurekenda, Alþýðusambandi Íslands, Sambandi ísl. matjessildarframleiðenda og Fiskifélagi Íslands. Fulltrúum allra þessara stofnana var bægt burt með hans till., því þær voru gerðar með það fyrir augum að ná pólitísku valdi í málinu, en minar till. miðuðu að því að sameina þá krafta, sem að haldi gætu komið því viðfangsefni, sem um var að ræða.

Þetta skiptir raunar ekki máli í sambandi við það mál, sem hér er til umr. En af því hæstv. atvmrh. þóttist hafa náð svo góðum höggstað á mér, að hæstv. fjmrh. kom hlaupandi til að dást að því, hvílíku steinbítstaki hann hefði tekið mig, þá vildi ég sýna, hvað auðveldlega ég smeygði mér úr því, eins og venjulega er vandalaust, þegar hæstv. stj. er annarsvegar.

Jóhann Jósefsson [óyfirl.]: Ég stend eigi upp til mótmæla í þetta sinn, heldur aðeins til að árétta þessar umr., sem nú hafa sérstaklega snúizt að viðskiptunum við Þýzkaland. Það virðast allir sammála um, sem hér hafa tekið til máls, að það sé mjög æskilegt, að gott samkomulag haldist áfram um verzlunarmálin milli Þýzkalands og Íslands, og að mönnum sé gefinn greiður aðgangur að því að selja til Þýzkalands þær vörur, sem við sjáum okkur fært að selja þangað. Í þessu sambandi vil ég minna á það, sem ég ímynda mér, að sendimaður þýzku stj., sem hér var í vor, hafi vikið að í viðtölum sínum við ríkisstj., að það er ekki nóg, að einhverjar vörur séu keyptar frá Þýzkalandi. Þeir óska, að tekið sé tillit til þeirra gömlu viðskiptasambanda, sem átt hafa sér stað milli landanna. Okkar viðskipti við Þjóðverja eru svo hverfandi lítil á þeirra mælikvarða, að þau gera engan verulegan mun á þeirra inn- og útflutningi. Hitt sagði hinn þýzki sendimaður, að þeir óska mjög eftir því, að ekki sé kippt stoðunum undan þeim viðskiptagreinum, sem átt hafa sér stað, með því að banna algerlega innflutning á einhverjum vörutegundum, jafnvel þó ekki séu taldar beinlínis nauðsynlegar. Það vegur ekki upp á móti því, þó við kaupum e. t. v. tvöfalt eða þrefalt magn af öðrum vörum, sem við höfum ekki keypt þaðan áður. Það, sem óskað er eftir, er, að viðskiptin geti gengið sem hávaðalausast, án truflana og óþæginda. Það, sem óþægindum hefir valdið, er það, að hér hefir verið neitað um innflutningsleyfi fyrir vöru, sem þó hefir verið gefinn fullur ádráttur um, að keypt yrði. Slíkt verður mjög að forðast. Því aðeins getum við notið hagnaðar af viðskiptum við aðrar þjóðir, að við reynum að fara eftir því, sem óskað er og um er samið. Hér má ekki eingöngu fara eftir því, hvort við lítum á þá vöru, sem um er að ræða í hvert skipti, sem lúxusvöru eða ekki.

Hannes Jónsson [óyfirl.]: Það var eitt atriði í ræðu hæstv. atvmrh., sem hæstv. fjmrh. tók líka undir, er ég vil ekki láta vera ómótmælt. Og það var fullyrðing þeirra um það, að ef verðmunurinn á innfluttum vörum frá einhverju landi er meiri heldur en verðmunurinn á útflutningsvörum þangað, samanborið við verðlag í öðrum löndum, þá eigi það að ráða úrslitum um, hvort bægja eigi útflutningnum á annan markað frá þeim markaði, þar sem verðið er bezt. Þessu vil ég mótmæla fyrir hönd framleiðenda landbúnaðarafurða. Þeir eiga fullan rétt til þess að selja sína vöru þar, sem hún selst fyrir bezt verð. Þeir, sem kaupa inn vörur, geta það því aðeins, að þeir fái til þess gjaldeyri, og því verða þeir að sætta sig við það, þó þeir fái minna vörumagn fyrir sama verð. Hæstv. fjmrh. sagði, að það væri réttara að bæta útflytjendunum það eitthvað upp innanlands, ef þeir fengju ekki að selja þar, sem verðið er bezt. Þetta á ekki að orða svo. Hitt er það eina rétta, að framleiðendurnir fái að selja þar, sem þeim er hagkvæmast. En ef nauðsynlegt þykir að fullnægja neytendum með því að láta þá fá að kaupa þar, sem þeir fá mest vörumagn fyrir gjaldeyririnn, þá er það sjálfsögð skylda að bæta útflytjendunum það upp. Það eru ekki þeir, sem eiga að líða fyrir það, að ekki er eins gott að kaupa vörur í þessu landi eins og öðru.

Ég vil ennfremur benda á, að í þessu tilfelli, þar sem um er að ræða útflutning til Þýzkalands, þá hygg ég, að að undanförnu hafi verið flutt svo lítið af landbúnaðarvörum á þennan markað, að þeir, sem að þeirri framleiðslu standa, hafi flutt fullkomlega inn á móti þeirri sölu, og meðan þeir kaupa vörur frá þessu landi fyrir svipaða fjárhæð eins og þeir selja fyrir þangað, þá er ekki forsvaranlegt að draga úr sölumöguleikum þeirra þangað.

Eftir þeim upplýsingum, sem fram hafa komið, mun óhætt að fullyrða, að nú sé hægt að selja 50% af ull og gærum okkar til Þýzkalands. En þá þykir mér bregða einkennilega við, að leyfin, sem veitt voru útflytjendum milli 15. og 20. sept. síðastl. til sölu á þessum vörum í Þýzkalandi, námu ekki nema 25% af vörumagninu. Ef sjáanlegt er nú, að selja má 50% af þessari framleiðslu í Þýzkalandi, þá ætti það að hafa verið sjáanlegt um miðjan sept., því þá var séð, hvernig fór um síldarbræðsluna og síldarsöltunina. En svo stranglega hygg ég, að leyfi hafi verið ákveðin, að menn máttu ekki láta fram yfir brot úr balla, þó svo stæði á sendingu. Að þessum bráðabirgðalögum hefir verið framfylgt gagnvart landbúnaðinum með svona harðvítugum ráðstöfunum, virðist benda

á það, að þau hafi ekki eingöngu verið sett til þess að sjá heildarhagsmunum þjóðarinnar borgið, heldur hafi einhver partiska legið þar á bak við. E. t. v. er nú að rætast það, sem einn *nákominn maður hæstv. stj.* sagði *snemma* á árinu, þegar talað var um þann mikla mun á verði, sem var hjá útflytjendum landbúnaðarvaranna. Hann sagði, að það skyldi verða séð um, að þeir hefðu ekki aðstöðu til þess framvegis að borga þær eins háu verði eins og þeir hefðu gert nú. Ef l. eru ætlað að vinna í þessa átt, þá mega þau sannarlega heita skaðsemdargripur, og ég er hræddur um, að eitthvað sé þeim ætlað að verka þannig. Á þeim tímum, sem nú standa yfir, þegar landbúnaðurinn á mjög í vök að verjast, þá er óforsvaranlegt að ganga fram með sliku offorsi gagnvart útflytjendunum eins og hér hefir verið gert, þó ekki sé um stærri liði í framleiðslu landbúnaðarins að ræða heldur en hér er.

Þetta vildi ég láta koma hér fram hvorttveggja. Verði þessi l. staðfest, þá ber brýn skylda til þess, að þeir, sem með framkvæmd þeirra fara, séu samvizkusamir í því að láta þau ekki koma óeðlilega þungt niður á þessum umræddu framleiðsluvörum, sem þarna hafa svo mjög mikilla hagsmuna að gæta. Ég hygg, að í fyrra hafi þeir útflytjendur getað greitt 50% hærra verð fyrir þessar afurðir, sem notuðu þýzka markaðinn, heldur en þeir, sem annarsstaðar seldu. Um slíkt munar ekki svo lítið, þó ekki sé um meira vörumagn að ræða heldur en hér er.

Fjmrh. (Eysteinn Jónsson) [óyfirl.]: Ég er hissa á því, hvað hv. þm. V.-Húnv. kom seint með þessa ræðu við þessa umr., því ég vissi, að hún hlaut að koma. Þetta var einmitt gott tækifæri fyrir þennan hv. þm., sem æfinlega gjammar fram í til þess að reyna að vekja tortryggni á gerðum núv. stj., þegar hægt er að koma því við.

Hann var að gera ríkisstj. þær getsakir, að bráðabirgðalögin hefðu verið sett til þess að koma í veg fyrir, að bændur gætu fengið að nota þýzkan markað. Það þarf ekki annað en að setja þessa hugsun hv. þm. fram eins og ég geri, til þess að sýna, hvað mikil fjarstæða er að bera slíkt fram hér í hv. d.

Hv. þm. segir, að bráðabirgðal. hafi verið framfylgt af svo mikilli hörku gagnvart landbúnaðinum, að við slíkt sé ekki unandi. Það þýðir nú ekkert að vera að snakka um þetta fram og aftur. Ég vil bara spyrja hann, hvort hann ætlast til, að þær vörur, sem hvergi er hægt að selja annarsstaðar heldur en í Þýzkalandi, séu látnar sitja hér verðlausar, til þess að hægt sé að selja þangað ull og gærur, sem hægt er að selja annarsstaðar. Ef hann ætlast ekki til þess, þá verður hann að sjá, að fyrst verður að selja þangað fiskinn, sem ekki er hægt að selja annarsstaðar, og er þá bezt fyrir hann að tala ekki aftur.

Hannes Jónsson [óyfirl.]: Ég skal segja hæstv. fjmrh. það, að ég fer ekki eftir neinum forskriftum frá honum, ég spyr hann alls ekki að því, hvenær ég tek til máls, né hvenær ég hirti hann fyrir þau glappaskot, sem hann er alltaf að fremja, og ég vil ekki sízt nota tækifærið nú til að benda þessum hæstv. ráðh., sem sérstaklega telur sig hafa það verk með höndum að gæta hagsmuna bændanna, á hans klaufalegu aðferðir, þegar hann er að reyna að staga saman sína gatslitnu stjórnmálaflík.

Ég vil benda hæstv. ráðh. á það, við hvað ummæli þess manns áttu að miðast, er sagði að það verði séð svo um, að þessir menn hafi ekki aðstöðu til að borga eins hátt fyrir vörurnar og síðast. (**Fjmrh.**: Hvaða maður var það?). Hæstv. ráðh. getur farið til þeirra, sem eiga að hafa framkvæmd þessa með höndum, og vitað, hvort hann finnur ekki sér samlita sauði. (**ÓTh**: Ætli það hafi ekki verið formaður nefndarinnar?).

Það er óþarfi fyrir hæstv. ráðh. að telja þá mína skoðun, að ekki eigi að selja til Þýzkalands þær vörur, sem óseljanlegar eru annarsstaðar. Það er hægt að sýna fulla sanngirni við úthlutun landbúnaðarafurða á þýzkan markað, þó að hinu sé fullnægt. En hvort þetta harðræði gegn landbúnaðinum er gert af beinum fjandskap við þá menn, sem að þessari atvinnugrein standa, eða hvort það er af einhverjum öðrum ástæðum, skal ég ekki segja. En auðvitað er hæstv. ráðh. ekki svo hreinlyndur að skýra rétt frá þessu hér í þinginu, heldur reynir hann að klóra yfir axarsköft sín, annaðhvort vísvitandi eða af fákænsku.

Eysteinn Jónsson [óyfirl.]: Ég vil benda hv. ræðumanni á það, að hann hefir ekki svarað því, sem ég spurði hann að, því, sem hér var aðalatriðið, hvort hann ætlaðist til, að vörur, sem ekki væri hægt að selja annarsstaðar en á Þýzkalandi, væru látnar liggja eftir óseldar, til þess að hægt væri að selja þangað ull og gærur. Hann hefir ekki svarað þessari spurningu, og meðan hann hefir ekki svarað þessu, er umr. ekki lokið.

Hv. þm. sagði annars, að einn maður úr gjaldeyrisnefnd hefði sagt, að það yrði séð um, að einhverjir ákveðnir menn gætu ekki borgað eins hátt fyrir íslenzkar afurðir og í fyrra. En þessi ummæli eru ósönn, ég veit, hvað hv. þm. á við, og sýnir það bezt, hvað heiðarlegur hann er. Eins og mönnum er kunnugt, þurfti ekki í fyrra leyfi til að selja til Þýzkalands, og var markaðurinn því notaður mjög misjafnt af útflytjendum. Einn útflytjandi seldi t. d. gærur eða ull að fullu, en aðrir komust svo ekki að. Af þessu varð mesti glundroði, líka hvað snerti verð á þessum vörum. Það er þess vegna, að ef form. gjaldeyrisn. hefir sagt nokkuð um þetta atriði, þá hefir hann átt við það, að útflytjendur með gærur og ull ættu að hafa jafnrétti til að nota markaðinn. Það fyrirkomulag, sem við höfum nú tekið upp, verður til þess, að markaðinum er réttara skipt. Ég hygg, að það sé ekki til nokkur maður hér í hv. d., sem finnist það óeðlilegt, þó að útflytjendur skipti jafnt með sér markaðinum til Þýzkalands. Síðan þetta fyrirkomulag var tekið upp, hafa verið látin ganga jafnmörg %

yfir útflytjendur, svo að markaðurinn væri notaður sem jafnast.

Þetta litla dæmi sýnir, hvernig þessi hv. þm. notar málin og ætlar sér að snúa út úr ummælum, ef einhver hafa verið, eða hann hefir sagt ósatt sér í vil eða til að ásaka stj. Hann er að reyna að koma því inn, að þessi ráðstöfun hafi verið gerð til að lækka vöruverð bænda. Ég öfunda hv. þm. satt að segja ekki af þessu fleipri hans. Hann fær engan til að trúa því, að ríkisstj., sem styðst að miklu leyti við bændur, hafi áhuga á því að lækka vöruverð þeirra.

Ég krefst þess að fá skýrt svar hjá hv. þm., hvort hann ætlast til þess, að vörur séu látnar liggja hér óseldar, en Þýzkalandsmarkaðurinn notaður fyrir vörur, sem hægt er að selja annarsstaðar.

Hannes Jónsson [óyfirl.]: Það gleður mig, að hæstv. ráðh. hefir nú lært nokkuð. Nú vill hann fá mig til að tala, en áður vildi hann, að ég talaði ekki oftar. Hann vill, að ég endurtaki alltaf það, sem ég er búinn að svara. (**Fjmrh.**: Það er ekki komið ennþá). Ég vænti því, að hæstv. forseti verði ekki knifinn á ræðutíma handa mér, ef ég verð við kröfum hæstv. ráðh. oftar.

Ég tók það fram nægilega skýrt, að hæstv. ráðh. ætti að geta fullnægt fyllilega þeirri þörf á útflutningi á þeim vörum, sem ekki er hægt að selja annarsstaðar en á Þýzkalandi, þó að landbúnaðurinn sé látinn njóta réttar síns. 1933 var af þessum vörum ekki selt til Þýzkalands nema fyrir ½ millj. Heildarsalan á þessum vörum, ull og gærum, er því ekki svo afskaplega mikil, að ekki sé hægt að fullnægja henni að öllu leyti.

Þá er það broslegt, þegar hæstv. ráðh. gerir upp orð manni, sem talaði við mig, slær fyrst föstu, hvað hann hafi sagt við mig, en segir síðan, að þetta sé allt haugalýgi, hann hafi ekki talað við mig. Hann gerir ráð fyrir, að þetta samtal hafi verið eftir að lögin voru sett. En þetta var áður en ríkisstj. setti bráðabirgðalögin. Honum var kunnugt, hvað ríkisstj. ætlaði að gera og hvað rak hann til að setja l. í þessu efni. En allt þetta sýnir, að hæstv. ráðh. á ekki hreint mjöl í pokahorninu.

Hæstv. ráðh. hefir ekki heldur svarað, hvernig stendur á því, að svo harkalega var farið á stað með leyfin, að ekki var hægt að fá leyfi, ef varan fór fram úr 25%, og erfitt var oft að fá útflutt, þó ekki væri nema nokkur kg., fyrir sláturtíð eða fram um miðjan september, og sumir urðu að flytja yfir aðrar hafnir. Var þó ástæða til að veita leyfið riflega á þessum tíma. Hæstv. ráðh. ætti að svara, hvers vegna haldið var svona í þessi leyfi, og aðeins veittur partur af því, sem nú er. Mér virðist þetta benda á, að nota eigi löggjafarvaldið harkalega gegn þessari framleiðslu, og það get ég ekki sætt mig við.

Að ég hefi ekki tekið til máls um þetta fyrr, er af þeirri ástæðu, að mér er örðugt um að tala vegna hæsi. Ég hefi ekki ástæðu til þess nú að rekja málið nánar. Það hefir verið tekið fram ýmislegt af því, sem ég er að benda á. En ef á að nota þessa löggjöf sem grímuklædda árás á framleiðsluna eða sem dulbúna gengishækkun, þá er verr farið en heima setið, jafnvel þó nokkrir örðugleikar hafi verið að koma framleiðsluvörunum fyrir á eðlilegan hátt hér í landinu. En það er dulbúin gengishækkun, ef á að hindra útflutninginn á þessum vörum til Þýzkalands, af því að ekki sé hægt að fá þaðan vörur með jafngóðu verði og annarstaðar.

Fjmrh. (Eysteinn Jónsson) [óyfirl.]: Hv. þm. V.-Húnv. hefir enn skotið sér hjá því að svara spurningu minni, heldur fer hann í kringum hana eins og köttur í kringum heitt soð, í stað þess að svara spurningunni beint, hvort hann ætlast til, að vörur séu látnar liggja óseldar í landinu, sem hægt er að selja til Þýzkalands, til þess að geta selt til Þýzkalands gærur og ull. En þar með er allt hans tal um harðræði gegn landbúnaðinum niður fallið. Hann var nú að reyna að halda því fram með sínum venjulegu stóryrðum, að útflutningsleyfið til landbúnaðarafurðanna hafi komið of seint. Þetta er ekki rétt. Útflutningsleyfið fyrir hinum fyrstu 25% kom nógu snemma til þess að útflytjendur gætu notað sér það. Ástæðan til þess, að hin leyfin komu svo seint, var sú, að það þarf að vera nokkuð vitað um útflutningsmöguleikana, til þess hægt sé að gefa leyfin út.

Hv. þm. sagði, að þetta væri mikið harðræði gagnvart landbúnaðinum, sem beitt hafi verið í ár, og gæfi ástæðu til harðrar gagnrýni, en sjálfur upplýsti hann, að árið 1933, þegar ekkert þann var, hafi markaður verið fyrir ½ millj. Ég get upplýst, að þetta harðræði gegn landbúskapnum er ekki meira en það, að nú er selt fyrir margfalt hærra en þegar allt var frjálst.

Ef hv. þm. á enn eftir að tala, þá vil ég enn mælast til þess, að hann gefi skýrt svar við því, hvort hann vill láta svo vera, að framleiðsluvörur af öðrum atvinnugreinum, ef ekki eru seljanlegar annarsstaðar en í Þýzkalandi, liggi óseldar, en samt sé leyfður innflutningur á öðrum vörum til Þýzkalands. Ég spyr enn, og ég krefst svars. Ef hann svarar ekki, þá er öll gagnrýni þessa hv. þm. fallin fyrirfram. Af því hann segist hafa flutt gagnrýni sína á þessum grundvelli, þá heimta ég svarið beint. (**ÓTh**: Hæstv. fjmrh. ætti að mæta í úniformi).

Hannes Jónsson [óyfirl.]: Ég fer ekki að því, hvað hæstv. ráðh. heimtar, því að það er ekki hægt að fullnægja honum án þess að lítilsvirða þingheim. Ef hann getur ekki skilið það, sem ég hefi sagt, þá er ekki hægt að gera honum þennan hlut skiljanlegan. Hæstv. ráðh. er að verja sig með því, að ekki hafi verið hægt að leyfa 50% í haust, því að það hafi ekki verið hægt að sjá þá, hvort hægt væri að nota þessi 25%. Þvílík endileysa og fjarstæða, að halda því fram, að þessi 25% skipti svo miklu máli, að ekki hafi verið hægt að gefa út leyfið fyrir 50% strax. Þetta er svo mikil fjarstæða, að það er ekki frambærilegt, og ekkert annað en veikburða tilraun til að klóra í bakkann, þegar

hæstv. ráðh. er kominn út á hálan ís. Hann er hér að klóra yfir það, sem verið hefir misnotað. Þegar hæstv. ráðh. segir, að þessi 25% séu svo stór liður, að við höfum orðið að vinna tíma til þess að vita, hvað fengist útflutt af vörum, þá er það ekkert annað en yfirklór.

Það er í sjálfu sér ekki mælikvarði á það, hvað flutt er út nú, þó að ég nefndi áðan tölurnar frá 1933. Landbúskapurinn hefir þess fulla þörf, að notað sé hvert markaðsland á hverjum tíma. Það er rétt, að það hefir verið gert mikið að því að útvega markað, en það hefði verið gert miklu meira, ef þessi hindrun hefði ekki verið. Og þessi ráðstöfun er órétt-mæt gagnvart landbúnaðinum, eins og ég hefi sýnt fram á með rökum, því að þessi framleiðslugrein hefir keypt vörur frá Þýzkalandi fyrir allt, sem hefir fengizt útflutt, og það er ekki ógætilega áætlað um hlutföll milli sveita og kaupstaða, að vörurnar skiptist þannig, að sveitirnar beri sitt hlutfall, sem svarar útflutningsverðinu á þessum vörutegundum.

Fjmrh. (Eysteinn Jónsson) [óyfirl.]: Ég vil ekki þreyta þingheim með því að hafa spurninguna yfir oftar, en ég vil taka það fram, að henni er ósvarað ennþá. En það er eitt atriði hjá hv. þm., sem ég vil koma inn á. Hann vill láta líta svo út, sem ríkisstj. hafi torveldað möguleikana fyrir því, að hægt væri að selja landbúnaðarafurðir til Þýzkalands, og ef frjálst hefði verið um markaðinn og leyfið hefði verið veitt, þá hefði mátt kaupa inn þaðan fyrir sama verð eða upphæð og flutt hefði verið út. Ég vil fræða hv. þm. á því, að í fyrra voru engar hömlur, en þó gátu ekki landbúnaðarútflytjendur notað Þýzkalandsmarkaðinn, því að þeir gátu ekki keypt vörur þaðan í staðinn. Ef gjaldeyris- og innflutningsn. hefði ekki þetta ár haldið innflutningnum til Þýzkalands svo sem gert hefir verið og látið kaupa þar vörur, þó með dýrara verði væru, þá hefði verið miklu verra og ekki hægt að selja afurðir til Þýzkalands á þessu ári. Það er því beinlínis gjaldeyris- og innflutningsn. að þakka, að hún hefir þokað því svo til, að hægt hefir verið að leyfa útflutning til Þýzkalands, eins og nú hefir verið gert. **(PHalld:** Þetta er misskilningur). Nei, þetta er ekki misskilningur. Gjaldeyrisn. hefir orðið að hóta fjölmörgum, að þeim yrði ekki veitt innflutningsleyfi, ef þeir keyptu ekki vörurnar í Þýzkalandi. Menn gera það ekki að gamni sínu að kaupa vörur dýrari en þeir þurfa. En menn geta gert það eftir valdboði. Þetta hefir ekki verið vefengt fyrr en af þessum hv. þm., hvort sem hann gerir það af illgirni eða ókunnugleika.

Ég vil svo að endingu bara minna hv. þm. á það, að ef hann ætlar að tala oftar, þá óska ég svars við spurningunni, sem ég hefi margoft haft upp.

Hannes Jónsson [óyfirl.]: Hæstv. ráðh. gerir sér leik að því að fara með vísvitandi ósannindi hér á þinginu (forseti hringir). Það er gott, ef hæstv. forseti vill undirstrika það með tveim hringingum, og ég vona það komi feitletrað í þingtíðindunum. Mér er þetta mál vel kunnugt, því að ég átti sæti í innflutningsn. 1932, og þá beindi hún innflutningnum til Þýzkalands, og það var ekki haldið neitt í, en bankastjórarnir sögðu þá, að hér yrði að vera stopp, því að þeir hefðu ekki gjaldeyri. Hæstv. ráðh. ætti ekki að vera að koma með ósannindi í þessu máli, sem hægt er að reka strax ofan í hann.

Þá vildi hæstv. ráðh. halda því fram, að gjaldeyrisn. hafi skapað þessi viðskipti við Þýzkaland. Þetta er ekki rétt nema að því leyti, að úr því búið er að taka réttinn yfir gjaldeyrismálunum frá seljendunum, þá er ekki óeðlilegt, að hún gangi þá leið, sem þeir myndu sjálfir gera. Þeir myndu kaupa vörurnar í Þýzkalandi, vegna þess að þeir hefðu þá ekki annan gjaldeyri og ekki aðra möguleika en þar, sem gjaldeyririnn er. Við þetta eitt miðast svo innflutningúrinn, hvar gjaldeyririnn er fyrir. Varan er keypt, þó hún sé dýrari, þar sem hana er að fá, og hún er aðeins fáanleg þar, sem gjaldeyririnn er til að borga hana með. Þetta eru því ekki nein gustukaverk af hálfu gjaldeyrisnefndar fyrir útflytjendurna. Þeir verða að verzla þar, sem varan er til, annarsstaðar geta þeir það ekki. Ef bankarnir geta ekki tekið að sér yfirfærsluna frá einu landi til annars, þá er ekki annað hægt. Innflytjendur hafa alltaf sætt sig við þetta, ef ekki hefir verið hægt að fá billegri vörur öðruvísi. Það er verið að fullnægja réttmætum kröfum framleiðenda, ef varan er mest bundin við þau lönd, sem bezt er að selja framleiðsluvörurnar í.

Fjmrh. (Eysteinn Jónsson) [óyfirl.]: Ég verð að segja, að það er erfitt að ræða þetta mál við hv. þm., því þegar búið er að ganga frá einu atriði, þá hleypur hann yfir í annað nýtt, og gerir þetta það að verkum, að umr. verða langdregnari en æskilegt er. Hv. þm. sagði, að ég hefði vísvitandi farið með ósatt. Ég gat nú ekki vel séð það af ræðu hans, í hverju þau ósannindi væru fólgin, en mér skildist helzt, að hann ætti við það, að ég hefði sagt, að gjaldeyri hafi ekki verið beint til Þýzkalands til vörukaupa árið 1934. Þetta sagði ég aldrei.

Ég sagði ekki annað en það, að útflytjendur íslenzkra afurða hefðu ekki getað keypt út á sína vöru, ef þeir hefðu átt að sjá einir um það. Árið 1934 var það svo, að útflytjendur landbúnaðarafurða gátu ekki notfært sér Þýzkalandsmarkaðinn, vegna þess að þeir gátu ekki fengið mörkin innleyst. Ég vil benda á, að Samband ísl. samvinnufélaga, sem er einn stærsti útflytjandinn, gat ekki nema að litlu leyti notfært sér markaðinn við Þýzkaland, vegna þessa örðugleika. Og get ég útvegað sannanir í þessu máli, ef tóm gefst til. En úr því að farið er út í að ræða, hvernig þetta var í fyrra og hvernig það er nú, þá skal ég benda hv. þm. á, að í fyrra var þetta skipulagt þannig, að framan af árinu var greidd stór upphæð í frjálsri „valutu“ til Þýzkalands fyrir innfluttar vörur, og var það vegna þess, að þá var ekki kominn útflutningur frá okkur, svo að við ættum þar innstæðu, því að viðskiptum

okkar við Þýzkaland er þannig háttað, að innflutningur okkar þaðan er nokkuð jafn allt árið, en útflutningur okkar þangað kemur aðallega á seinni hluta ársins. Í fyrra var það þannig, að framan af árinu var borgað í pundum, en seinni hluta ársins sátu mörkin föst. Nú í ár hefir þetta verið skipulagt þannig af Landsbankanum, að ríkisstj. hefir útvegað leyfi í Þýzkalandi til þess að skulda þar framan af árinu, eða þangað til útflutningsvörur okkar koma á móti, svo að við þurfum ekki að borga innfluttu vörurnar í frjálsri valutu. Þetta hefir orðið til þess, að nú er hægt að selja landbúnaðarvörur þangað og fá mörkin leyst inn.

Að lokum vil ég segja það, að ef hv. þm. á eftir að taka til máls, þá svari hann fyrirspurn minni, því henni er ósvarað ennþá, en hún er aðalatriðið í þessu deilumáli okkar.

Hannes Jónsson [óyfirl.]: Hæstv. fjmrh. var að reyna að slá sig til riddara og sýna, hvað hann stæði traustum fótum, með því að skýra frá því, að í fyrra var nokkuð af viðskiptum okkar við Þýzkaland greitt með frjálsri „valutu“. En þetta sýnir aðeins öfugt það, sem hæstv. ráðh. vill láta það sýna. Það sýnir, að í fyrra var ekki einungis hægt að fá flutt inn frá Þýzkalandi fyrir vörur, heldur var líka hægt að fá flutt inn fyrir frjálsa „valutu“, til þess að innflytjendur fengju að flytja það inn, sem þeir vildu. Þessi „valuta“ kemur í viðbót við það, sem hægt er að flytja inn fyrir framleiðsluvörur okkar. Það kemur ekki þessu deilumáli okkar við að tala um skipulagið á þessum viðskiptum, enda er það gert fyrir atbeina sendimanns okkar, sem fór til Þýzkalands.

Með þessu er búið að slá því föstu, að í fyrra var hægt að nota alla þá „valutu“, sem skapaðist fyrir framleiðsluvörur okkar, sem fluttar voru út til Þýzkalands. En nú verður að setja takmarkanir á innflutning frá Þýzkalandi, vegna þess að það vantar „valutu“ og að við fáum ekki að selja vörur til Þýzkalands. Mér skilst, að það verði að draga úr sölu til Þýzkalands, vegna þess að ekki er hægt að beina viðskiptum þangað og fá innflutning þaðan á móti.

Ég nenni svo ekki að svara hæstv. ráðh. oftar, því ég er búinn að gera það í tveimur eða þremur ræðum.

Fjmrh. (Eysteinn Jónsson) [óyfirl.]: Það er ekki gott að svara hv. þm., því að þegar búið er að svara einu, þá kemur hann alltaf með eitthvað nýtt. Það nýjasta hjá hv. þm. er að greiða fyrir viðskiptum við Þýzkaland, svo að hægt sé að leysa andvirði útfluttra vara, þannig að vörurnar séu greiddar í frjálsri mynt. Þetta eru nú sannkölluð öfugmæli. Dettur nokkrum í hug, að það geri það auðveldara að ná mörkunum inn, að borga töluvert af innflutningnum frá Þýzkalandi með „valutu“. Það yrði auðvitað til þess að draga úr útflutningnum, svo að hann yrði minni en ella. Í þessum viðskiptum hefir það sýnt sig, að það hefir verið komið fram í aprílmánuð, þegar hægt hefir verið að leysa út andvirði íslenzkra vara, og sumir togarar hafa orðið að bíða til þess tíma til þess að fá vöru sína greidda.

Ef hv. þm. hefir ekki annað en þetta að leggja til þessara mála, þá vil ég mælast til þess, að hann hlífi hv. þm. og öðrum áheyrendum við því að hlusta á sig.

Hv. þm. sagði, að það vantaði útflutning til Þýzkalands. Eins og hv. þm. viti ekki, að það hefir staðið þar inni innstæða frá okkur, af því að það hefir vantað vörur, sem við gætum keypt frá Þýzkalandi. (**PHalld:** En það hefir verið neitað um innflutningsleyfi frá Þýzkalandi). Já, ég veit það, en það er vegna þess, að við höfum ekki efni á að kaupa þaðan aðrar vörur en þær, sem okkur eru nauðsynlegar. (**PO:** Er tóbak og áfengi nauðsynjavara?). Það hefir verið ákveðið með þjóðaratkvæði, að áfengið skyldi flutt inn í landið, og verður innflutningurinn því að vera eftir því, sem eftirspurnin er.

Ég skal svo ekki hafa þessi orð mín fleiri, en ég býst við, að hv. þm. komi með nýtt atriði, ef hann tekur aftur til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 17 shlj. atkv. og til sjútvn. með 15:5 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: ÞorbÞ, BÁ, BB, EmJ, EystJ, FJ, GÍ, JÓl, JG, PZ, PÞ, PHalld, SigfJ, SE, StJSt.

nei: GG, HannJ, JónÞ, JS, PO.

JJós greiddi ekki atkv.

Tólf þm. (JörB, ÁÁ, BJ, EE, GÞ, GSv, HV, JakM, MT, ÓTh, SK, TT) fjarstaddir.

Á 82. fundi í Nd., 25. nóv., var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 83. fundi í Nd., 26. nóv., var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 497, n. 592).

Frsm. (Jóhann Jósefsson) [óyfirl.]: Sjútvn. hefir athugað þetta frv. Eins og menn muna, urðu þegar við 1. umr. hér í d. nokkrar umr. um það og jafnvel ágreiningur um það, hvernig n. sú, sem gert er ráð fyrir í frv., skuli saman sett. Þegar frv. var fyrst lagt hér fram, var ekki gert ráð fyrir neinni sérstakri n. til þess að hafa veitingu útflutningsleyfanna með höndum, en það komst inn í frv. í Ed. Nú er það svo, að atvmrn. veitir leyfi til að flytja út þær vörur, sem ríkisstj. er heimilað að hlutast til um útflutning á. Þó er síld þar undanskilin, því síldarútvegsnefnd veitir útflutningsleyfi fyrir hana, og útflutningsleyfi fyrir fisk veitir fiskimálanefnd. Nú leit svo út, að þó n. yrði skipuð eins og frv. gerði ráð fyrir eins og það kom til sjútvn., þá væri ætlazt til, að síldarútvegsnefnd og fiskmálanefnd héldu áfram að veita útflutningsleyfi fyrir síld og fisk, og sá n. þá ekki, að það væri til neinna bóta að fara að skipa sérstaka nefnd í þetta. Hinsvegar sá hún, að það mundi ekki geta orðið kostnaðarlaust að hafa sérstaka stofnun til að veita útflutningsleyfin, og taldi mega una við það fyrirkomulag, sem er, að síldarútvegsnefnd og

fiskimálanefnd veiti leyfi fyrir þær vörur, sem beinlínis heyra undir þær, en ráðuneytið veiti leyfin að öðru leyti. N. hefir því leyft sér að færa þetta í einfaldara horf frá því, sem er í frv., og komið með brtt. í þá átt, eins og nál. á þskj. 592 ber með sér. Samkv. þeim á að koma á eftir orðunum „að leyfi“ í 1. gr.: atvinnumálaráðherra, — og aftan við greinina bætist það ákvæði, að ráðh. geti sett nánari fyrirmæli um framkvæmd þessara laga. En sem sagt er það aðalatriðið, að niður falli að hafa eigi sérstaka n. til leyfisveitinganna og það starf falli undir ráðuneytið og þá aðra aðila, sem það heyrir undir nú.

ATKVGR.

Brtt. 592,1.a—b samþ. með 20 shlj. atkv.

1. gr., svo breytt, samþ. með 19 shlj. atkv.

Brtt. 592,2 (2. gr. falli burt) samþ. með 20 shlj. atkv.

3.—4. gr. (verða 2.—3. gr.) samþ. með 19 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. visað til 3. umr. með 17 shlj. atkv.

Á 85. fundi í Nd., 28. nóv., var frv. tekið til 3. umr. (A. 634).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 18 shlj. atkv. og endursent Ed.

Á 81. fundi í Ed., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 634).

Á 83. fundi í Ed., 30. nóv., var frv. tekið til einnar umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 9 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 662).

---

11. Eftirlit með matvælum o. fl.

Á 8. fundi í Ed., 20. febr., var útbýtt:

Frv. til l. um varnir gegn vörusvikum (stjfrv., A. 7).

Á 10. fundi í Ed., 22. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Atvmrh. (Haraldur Guðmundsson) óyfirl.: Eins og hv. þdm. er kunnugt, var á síðastl. hausti gerð nokkur rannsókn á allskonar matvælum og neyzluvörum, sem seldar voru í Reykjavík, sumpart framleiddar hér og sumpart innfluttar frá útlöndum, og komu í ljós við þá rannsókn allalvarlegar misfellur á tilbúningi þessara vara. Því var lýst yfir á síðasta þingi af hálfu stj. í tilefni af fyrirspurn, sem fram kom út af þessum misfellum, að frv. væri í undirbúningi hjá stj. snertandi þetta efni. Frv. það, sem hér liggur fyrir, er fram borið til þess að efna það loforð, og á frv. að fyrirbyggja, að slíkar misfellur, sem komu í ljós í nóv. síðastl., endurtaki sig í framtíðinni. Í sambandi við þær misfellur, sem komu í ljós í haust, var farið að athuga þau ákvæði, sem snerta þetta efni í gildandi lögum, og kom þá í ljós, að löggjöfin var harla fátæk í þessum sökum og ófullkomin. Aðeins eru til ein lög, sem eingöngu tilheyra heilbrigðislöggjöf, en það eru lög um tilbúning og verzlun með smjörlíki, nr. 32 frá 19. júní 1933, þar sem skipað er fyrir um eftirlit með tilbúningi þessarar vöru. Hefir komið í ljós, að laga þessara var full þörf. Í nóvember í haust var manni þeim, sem settur hafði verði samkv. þessum lögum til þess að hafa eftirlit með smjörlíkisverksmiðjunum, falið að gera rannsóknir á fleiri tegundum matvæla í samvinnu við landlækni og aðstoðarlækni hans, og það kom í ljós við þessa rannsókn, eins og áður er sagt, að um allalvarlegar misfellur var að ræða á tilbúningi ýmsra matvæla. Svo var látið heita um sumar tegundir matvæla, að í þeim væru efni, sem varan dró nafn af, en þar voru ekki. Aftur á móti voru önnur lakari efni í vörunum, sem höfðu minna gildi. Í þriðja lagi kom það fyrir, að í neyzluvörum voru beinlínis skaðleg efni eða óholl. Ég hygg, að flestar menningarþjóðir hafi talsvert ýtarleg lagaákvæði um eftirlit með hollustu matvæla og neyzluvara, sem seldar eru. Hér á landi vantar að mestu leyti slíka löggjöf. En þörfin fyrir þá löggjöf fer stöðugt vaxandi, eftir því sem vex iðnframleiðsla á ýmsum matvælum. Þessum iðnaði er hollt að vaxa upp við ákveðnar reglur og eftirlit, svo hann leiðist ekki til að vanda minna en æskilegt er þær vörur, sem framleiddar eru.

Ég skal geta þess, að landlækni hefir verið falið að semja þetta frv., og hefir hann til þess notið aðstoðar eftirlitsmannsins með smjörlíkisgerðunum. Frv. er ekki ýkjamargbrotið eða yfirgripsmikið, en í 6. og 7. gr. eru heimildir fyrir ráðh. til þess að setja með reglugerð ákvæði um ýms atriði, er ekki eru ákveðin með lögunum. Á þennan hátt er ætlazt til, að hægt verði að auka gildi laganna eftir því sem þörf gerist, en frv. er sá rammi, sem nauðsynlegt er að setja upp til þess að binda þau ákvæði, sem síðar kann að verða nauðsynlegt að sett verði.

Ég vil svo óska þess, að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til hv. allshn.

ATKVGR.

Frv. visað til 2. umr. með 10 shlj. atkv. og til allshn. með 11 shlj. atkv.

Á 54. fundi í Ed., 28. okt., var frv. tekið til 2. umr. (A. 7, n. 418).

Frsm. (Magnús Guðmundsson): Það er ekki þörf á langri framsögu, því að n. er sammála um að samþ. frv. með örlitlum breyt., sem ég sé ekki ástæðu til að fara í gegnum, því að þær eru svo litlar og auðsæjar að undantekinni brtt.

við fyrirsögn frv. Frv. er nú nefnt frv. til l. um varnir gegn vörusvikum, en n. leggur til, að frv. sé nefnt „frv. til l. um eftirlit með vörum“. N. fannst það ná betur innihaldi frv., því að frv. nær til svo margra tegunda á vörum og þannig lagaðra galla, að ekki væri alltaf hægt að tala um svik í því sambandi. T. d. ef seld eru leikföng, sem sjáanleg hætta er fyrir börn að leika sér að, þá er ekki hægt að kalla það svik að hafa slíka vöru á boðstólum, þegar allir geta séð, hvernig hún er.

Það varð annars nokkur ágreiningur í n. um það, hversu langt ætti að ganga í þessu eftirliti. Það varð þó ofan á að samþ. það, sem stungið er upp á í frv., sem sé að allar þær vörur geti verið háðar þessu eftirliti, sem falla undir ákvæði 1. gr., og 2. og 3. gr. skilgreina svo nánar, hvað hún inniheldur.

Ég geri ráð fyrir, að þetta frv. sæti ekki neinum andmælum hér, og sé ég því ekki ástæðu til að fara um það fleiri orðum, en ég vil þó taka það fram, að ég hygg, að það hafi verið samhljóða álit allra nm., að frv. ætti að framkvæmast með varkárni og ekki að demba á ríkissjóð mjög miklu eftirlitsbákni, a. m. k. ekki fyrst um sinn. Ég fyrir mitt leyti er ekki heldur hræddur um, að það verði gert, og get þess vegna gengið inn á að samþ. frv. eins og það liggur fyrir með þessum litlu breyt., sem n. hefir borið hér fram.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
2.—5. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Brtt. 418,1 samþ. með 10 shlj. atkv.
6. gr., svo breytt, samþ. með 10 shlj. atkv.
Brtt. 418,2 samþ. með 10 shlj. atkv.
7. gr., svo breytt, samþ. með 10 shlj. atkv.
8.—11. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
Brtt. 418,3 (ný 12. gr.) samþ. með 10 shlj.
Brtt. 418,4 (ný fyrirsögn) samþ. með 10 shlj. atkv.
Frv. visað til 3. umr. með 10 shlj. atkv., með fyrirsögninni:
Frv. til l. um eftirlit með vörum.

Á 56. fundi í Ed., 30. okt., var frv. tekið til 3. umr. (A. 431).
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 10 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 60. fundi í Nd., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 431).
Á 62. fundi í Nd., 1. nóv., var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. visað til 2. umr. með 17 shlj. atkv. og til allshn. með 18 shlj. atkv.

Á 98. fundi í Nd., 13. des., var frv. tekið til 2. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.

Á 99. fundi í Nd., 14. des., var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 431, n. 766, 768).

Frsm. (Stefán Jóh. Stefánsson) [óyfirl.]: Allshn. hefir lesið og athugað þetta frv. og einnig átt samtal um það við nefnd frá Verzlunarráði Íslands, sem gerði nokkrar aths. við frv. Að lokum hefir allshn. orðið sammála um nokkrar smávægilegar brtt., sem hún flytur í nál. sínu á þskj. 768. N. telur þetta frv. yfirleitt til bóta, og eftirlit það, sem gert er ráð fyrir í frv., nauðsynlegt, en telur hinsvegar rétt, að gerðar séu þær breyt. á frv., sem áður er getið.

N. leggur til að tvær breyt. verði gerðar á 7. gr. frv., og eru þær eftir till. frá þeirri nefnd frá Verzlunarráðinu, sem áður er getið. Þetta eru aðeins tiltölulega lítilfjörlegar orðabreytingar við 2. málsgr., þar sem sagt er: „Ráðherra má auk þess fela sérstökum eiðsvörnum kunnáttumönnum eða stofnunum, sem hafa kunnáttumönnum á að skipa, einstakar greinir eftirlitsins, og jafnvel stjórn þess í heild“. Leggjum við til, að upphaf mgr. orðist svo: „Ráðherra má auk þess, svo sem nauðsyn krefur, fela sérstökum eiðsvörnum kunnáttumönnum“ o. s. frv., og síðar í sama málsl. á undan orðinu „stofnunum“ komi orðið „opinberum“. Þetta er engin efnisbreyt., en á það var fallizt, að breytingin gerði ákvæði þessi viðkunnanlegri. Þá kom nefnd Verzlunarráðsins með nokkrar fleiri breyt., sem allshn. fannst ekki brýn ástæða til að taka til greina. Þá leggur allshn. til, að 12. gr. frv. orðist um eins og hún var í frv., þegar það var lagt fyrir hv. Ed. Hv. Ed. breytti þessari gr. eða setti aðra nýja, sem allshn. telur óheppilegri en hina upphaflegu 12. gr. Í þeirri gr., sem allshn. hefir tekið upp, er gert ráð fyrir, að í dómi uppkveðnum samkv. þessum lögum, þar sem hinn kærði er dæmdur sekur um vörusvik, megi kveða svo á, að dómurinn verði birtur á kostnað hins seka, en ef kærður er sýknaður, þá á kostnað ríkisins. En í niðurlagi gr. segir, að í dóminum skuli ákveðið, hvernig sú birting eigi að fara fram. Eins og hv. Ed. afgreiddi frv. er aðeins gert ráð fyrir, að heilbrigðisstjórnin birti almenningi niðurstöður dóms; ef heilbrigðisstjórnin telur niðurstöðuna varða almenning. Okkur fannst hitt fyrirkomulagið eðlilegra, að það verði ákveðið í sjálfum dómunum, hvort og á hvers kostnað niðurstaða dómsins verði birt. Okkur fannst það líka eðlilegt, að birtingin færi fram á kostnað kærða, ef hann reyndist sekur, og á hinn bóginn ef hann væri sýknaður, þá ætti hið opinbera að sjá um að kunngera það almenningi. Landlæknir benti okkur á, að það gæti orðið erfitt fyrir heilbrigðisstjórnina að ákveða, hvort og hvernig þetta skyldi gert, en ef þetta væri ákveðið af dómstólum, þá mætti gera ráð fyrir, að aðeins væri litið á hina objektívu hlið málsins. Allshn. fellst á þessi rök og hefir því gert brtt. um, að 12 gr. verði eins og hún var í upphaflega frv.

Loks leggur allshn. til, að fyrirsögn frv. verði breytt. Upphaflega hét það frv. til l. um varnir gegn vörusvikum. Hv. Ed. breytti fyrirsögninni á þann hátt, sem allshn. hefir ekki viljað fella

sig við, og leggur n. til., að frv. heiti frv. til l. um eftirlit með matvælum og öðrum neyzlu- og nauðsynjavörum. Okkur finnst það skýra bezt þann höfuðtilgang frv. að tryggja með varúðarráðstöfunum heilbrigði í landinu. N. leggur til, að frv. verði samþ. með þeim brtt., sem ég hefi nú gert grein fyrir.

Garðar Þorsteinsson: Ég hefi að sinni engu við það að bæta, sem hv. 1. landsk. hefir hér sagt. Ég vil þó geta þess, að á þeim fundi, sem allshn. tók fyrir þetta mál, var einn nm., hv. 3. þm. Reykv., ekki viðstaddur. Hefir hann því athugað þetta mál sérstaklega, og höfum við eftir þá athugun ákveðið að flytja nokkrar brtt. við frv. við 3. umr. Sé ég ekki ástæðu til að fara út í þau atriði að þessu sinni, en vildi aðeins geta þessara væntanlegu brtt.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.

2.—6. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.

Brtt. 768,1a—b samþ. með 17 shlj. atkv.

7. gr., svo breytt, samþ. með 17 shlj. atkv.

8.—11. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.

Brtt. 768,2 (ný 12. gr.) samþ. með 20 shlj. atkv.

Brtt. 768,3 (ný fyrirsögn) samþ. með 19 shlj. atkv.

Frv. vísað til 3. umr. með 21 shlj. atkv., með fyrirsögninni:

Frv. til l. um eftirlit með matvælum og öðrum neyzlu- og nauðsynjavörum.

Á 100. fundi í Nd., 16. des., var frv. tekið til 3. umr. (A. 822, 837). Of skammt var liðið frá útbýtingu brtt. 837. — Afbrigði leyfð og samþ. með 20 shlj. atkv.

Jakob Möller óyfirl.]: Ég hefi leyft mér að bera fram brtt. á þskj. 837 við þetta frv. Tilgangurinn með þeim er í raun og veru engan veginn sá, að gera neitt erfiðara fyrir um framkvæmd laganna. Um frv. er í sjálfu sér fullkomið samkomulag á milli allra flokka, en það er aðeins fyrirkomulagsatriði, sem hér er farið fram á að breyta, og er það gert samkv. ósk frá verzlunarmönnum, nefnd, sem kom frá verzlunarþinginu á fund allshn., þegar hún hafði þetta mál til meðferðar. Var farið fram á af þeirri n., að gerðar yrðu nokkrar breyt. á frv., sem nú eru sumpart komnar inn í frv. samkv. till. allshn. og samþ. voru við 2. umr. En allshn. öll hefir ekki allskostar orðið sammála um að taka upp þessar brtt. á þskj. 837. Þó hygg ég, að í raun og veru séu allir nm. nokkurn veginn sammála um, að sama tilganginum verði fullkomlega náð, þó að þær brtt. yrðu samþ.

Fyrsta brtt. er við 7. gr. og varðar fyrirkomulag á framkvæmd eftirlitsins, eins og hv. þm. sjá. Þar er lagt til, að niðurlagi 2. málsgr. 7. gr., frá orðunum „gefi allar upplýsingar“, verði breytt eins og segir á þskj. 837. Breytingin er í því fólgin, að það er skotið þarna inn að gefa allar upplýsingar „eftir því sem þörf krefur vegna eftirlitsins“. Það má í raun og veru segja, að þetta felist í orðalagi gr., en það er aðeins öðruvísi orðað, þar sem segir síðar, að það skuli gefnar allar slíkar upplýsingar, sem starf þeirra varðar, og öðrum þess háttar orðatiltækjum. En ég valdi þetta orðatiltæki, „eftir því sem þörf krefur“, aðeins vegna eftirlitsins, af því að mér finnst það skýrara. Það er auðvitað ekki tilgangurinn, að eftirlitsmenn eigi heimtingu á öðrum upplýsingum en þeir þurfa að fá vegna sins starfs.

Svo er annað, að í frv. er krafizt þess, að þeir hafi aðgang að öllum verzlunarbókum. Þetta virðist í raun og veru vera á misskilningi byggt, því að það eru ekki verzlunarbækurnar, sem gefa þær upplýsingar, sem mestu varða í þessu efni. Það eru innkaupsreikningarnir yfir vörurnar, sem eftirlitsmennirnir eiga að afla sér upplýsinga um og sannreyna, að þeir séu eins og þeir eiga að vera.

Í raun og veru er ekki þarna um aðra breyt. að ræða, en það má gera ráð fyrir, að brtt. undir stafl. b þyki meira verð. Þess er krafizt í frv., að það megi skipa fyrir um fyrirkomulag á bókfærslu verzlana — að eftirlitsmennirnir eða þeir, sem eiga að hafa eftirlit með vörunum, geti sagt fyrir um bókfærslufyrirkomulag. Í raun og veru held ég, að enginn nefndarmanna hafi skilið, hvers vegna þessi krafa var sett inn í frv., eða hvaða tilgangur gæti verið með því. Nú er það augljóst mál, að það er ekki fyrsta krafan, sem gerð er til starfsmanna matvælaeftirlitsins, að þeir séu sérfræðingar í bókfærslu. Það getur valdið miklum óþægindum fyrir kaupsýslumenn, þegar þeir eiga að breyta um bókfærslufyrirkomulag eftir því sem aðrir aðilar kynnu að gera kröfu til, og það verður á engan hátt séð, hvað það getur varðað framkvæmd matvælaeftirlitsins. Það eru vörurnar, sem á að rannsaka fyrst og fremst, og í raun og veru eingöngu, en hvernig verzlanir haga sinni bókfærslu, skiptir eiginlega engu máli í þessu sambandi. Þetta virðist byggjast á þeim sama misskilningi eins og kemur fram í kröfunni um, að eftirlitsmennirnir hafi aðgang að verzlunarbókunum. Það er eins og meginupplýsingarnar fáist í þeim, en það eru allt önnur skjöl, sem þar koma til greina.

Annars eru svo ströng fyrirmæli um, að kaupsýslumenn skuli greiða fyrir þessu eftirliti og láta í té allar nauðsynlegar upplýsingar, að það virðist að bera í bakkafullan lækinn að bæta svo þar ofan á þessari kröfu.

Í öðru lagi er svo felld niður úr þessari gr. síðasta málsgr., þar sem gert er ráð fyrir því, að kostnaðurinn við eftirlitið verði greiddur með sérstöku gjaldi, sem lagt verður á einstakar vörutegundir. Þar hefi ég sett í staðinn, að kostnaðurinn skuli greiðast úr ríkissjóði, og það er samkv. till. n. frá verzlunarþinginu. En það er farið fram á það, að ríkissjóði verði bættur upp þessi kostnaður með sérstöku gjaldi. Ég kynni betur við, að kostnaðurinn yrði greiddur úr ríkissjóði, því að það eru óþægindi að vera að leggja sérstök gjöld á hinar og aðrar vörutegundir. Eftirlitið með þessum vörutegundum varðar almannaheill, og því er eðlilegt, að kostnaðurinn við það sé tekinn af almannafé — úr

ríkissjóði —, eins og allur nauðsynlegur kostnaður við opinbera starfrækslu. Þess vegna er ástæðulaust að gera greinarmun á þessum kostnaði og öðrum. Hinsvegar hefi ég sett undir stafl. c einskonar varatill., ef menn geta ekki fallizt á hina, þannig að þar er ákveðið, að þessi kostnaður verði bættur ríkissjóði með sérstöku gjaldi. Þessi liður getur komið undir atkvgr. sérstaklega og felst ekki í atkvgr. um sjálfa gr. eða þessa síðustu málsgr. Það er því óhætt fyrir hv. þm. að samþ. a- og b-lið brtt.; þá eiga þeir eftir sem áður kost á að setja inn í frv., að kostnaðurinn skuli greiddur með sérstöku gjaldi, aðeins er munurinn sá, að þar sem í frv. er gert ráð fyrir, að þetta gjald sé miðað við þunga vörunnar, þá er í till. minni lagt til, að gjaldið miðist við verðmæti vörunnar. Ef á að leggja slíkt gjald á vöru, er eðlilegast og í raun og veru sanngjarnast, að það miðist við verðmæti hennar; annars getur það orðið á ódýrari vörum tiltölulega of mikill hluti af verði vörunnar. Þess vegna er eðlilegt og sanngjarnt, að gjaldinu sé jafnað niður á allar vörur, sem undir eftirlitið heyra, eftir verðmæti þeirra. Það varðar líka að sjálfsögðu tiltölulega meiru um að eftirlit sé betra með dýrari vörum, að þær séu ekki sviknar. Þess vegna er sanngjarnt, að kostnaðurinn komi meira niður á dýrari vörunum en þeim ódýrari.

Ég sé svo ekki ástæðu til þess að fara fleiri orðum um þessar brtt. Í þeim felst ekki neinn ágreiningur um efni málsins eða framkvæmd, heldur er aðeins um fyrirkomulagsatriði að ræða.

Héðinn Valdimarsson óyfirl.]: Það er viðvíkjandi þessum brtt. hv. 3. þm. Reykv., sem ég vildi segja nokkur orð. Viðvíkjandi fyrstu brtt. vil ég aðeins segja það, að ég hefi að vísu ekki mikið við hana að athuga og hefi ekki sérstaka ástæðu til þess að leggjast á móti henni, en ég efast samt um, að hún geti orðið til nokkurs góðs. Hv. 3. þm. Reykv. heldur því fram, að það sé nægilegt fyrir eftirlitsmennina að hafa aðgang að innkaupsreikningunum og öðrum skjölum viðvíkjandi þeim. Það getur vel verið, að það sé rétt. Auðvitað er það venjulega svo, að það þarf ekki annað en þetta, en ég get hugsað mér þau tilfelli, að eftirlitsmennirnir vilji sannprófa, að reikningarnir séu réttir, að þá sé betra að hafa aðgang að verzlunarbókunum. En ég leggst ekki á móti þessari brtt.

Aftur á móti er ég mótfallinn b-lið brtt. á þskj. 837. N. varð ekki sammála um þetta atriði. Okkur í meiri hl. fannst réttara, að kostnaðurinn við þetta eftirlit væri greiddur eins og hver önnur vöruskoðun. Þetta er ekki aðeins vegna öryggis almennings, heldur líka gert fyrir þá, sem hlut eiga að máli og kemur illa, að þessar kröfur séu settar óaðgengilegar, og einnig af þeim ástæðum er gjaldið miðað við magn, en ekki við verðmæti vörunnar. Þetta er í samræmi við aðra vöruskoðun, t. d. á fiski, að eftirlitið sé borgað af þeim mönnum, sem vörurnar eiga.

Ég vil því mælast til, að síðari till. séu felldar, en frv. samþ. óbreytt.

Jakob Möller óyfirl.]: Eins og hv. þdm. heyra, þá er í raun og veru staðfest með ræðu hv. 2. þm. Reykv., að ágreiningurinn er hér ákaflega lítill. Það, sem hv. 2. þm. Reykv. leggur höfuðáherzluna á, er það, að kostnaðurinn af eftirlitinu sé greiddur af eigendum varanna, að þeir séu látnir með sérstöku gjaldi kosta það, en ekki ríkissjóður. En eins og ég benti á, þá fer c-liður í brtt. minni í þá átt, að gera þetta mögulegt, þó að b-liðurinn verði samþ.

Annars kom hv. 2. þm. Reykv. ekki inn á þá brtt. mína viðvíkjandi eftirlitinu, að fella niður þann rétt, sem n. er gefinn til að krefjast breyt. á bókfærslu kaupsýslumanna. Það er kunnugt, að bókfærsla er lögskipuð hjá kaupsýslumönnum, og verður ekki séð, að það sé bót að gefa þessum aðila vald til að ákveða, hvernig þeir eigi að haga bókfærslu sinni. Því held ég að hér þurfi ekki að verða ágreiningur og menn geti verið sammála um, að það sé frekar til skemmda en hitt að fela matvælaeftirlitinu þetta vald, sem ekki varðar það starf, sem það á að framkvæma.

Um greiðslu kostnaðarins hefi ég ekki frekar að segja. Ég veit, að það er viðkvæmt mál, að hlaða ekki kostnaði á ríkissjóð. En hinsvegar hygg ég, að sé ljóst, að það er visst taumhald á því, hvað mikill kostnaðurinn verður, ef ekki er greint sundur starfið í sérstaka flokka, og ég hygg, að það sé trygging fyrir því, að kostnaðurinn fari ekki úr hófi fram, að hann sé greiddur úr ríkissjóði. En ef mönnum er hinsvegar áhugamál, að kostnaðurinn sé greiddur af vörueigendum, þá er einnig hægt að koma því svo fyrir með því að samþ. till. mína undir c-lið.

Hv. 2. þm. Reykv. sagði, að það væri venjulegt að miða gjaldið við þunga, og nefndi fisk sem dæmi, en þetta gildir öðru máli með fisk, því að þar er verðmunur ákaflega lítill, en hinsvegar er hér um ýms matvæli og neyzluvörur að ræða, þar sem verðlagið er afarmisjafnt. Misræmið verður því mjög mikið, ef miðað er við þunga, vegna þess að verðmæti vörunnar er ákaflega misjafnt, sumar vörur mjög ódýrar, en aðrar dýrar, og myndi þetta verða til þess, að eftirlitið með ódýrari vörunum yrði óhæfilega hátt. Það væri því heppilegra, að allt gjaldið væri miðað við verðmæti, en ekki þunga.

Héðinn Valdimarsson óyfirl.]: Það er rétt, sem hv. þm. segir, að heimild er til fyrir því, hvernig kaupmenn skuli haga bókfærslu sinni. En nú er að sjálfsögðu ekki ætlazt til þess með þessum lögum, að umbreyta bókhaldi kaupmanna. Þeir hafa sitt bókhald á venjulegan hátt, eins og eðlilegt er. Hér er átt við, að hægt sé að gera vissar kröfur til kaupsýslumanna til að gera eftirlitið sem auðveldast, t. d. að hægt sé að sjá, hvað fer gegnum einhverja verksmiðju daglega. Ég veit ekki nema hægt sé að haga því eftir till. hv. 3. þm. Reykv. En aftur greinir okkur á um það, hvort eigi að greiða kostnaðinn við eftirlitið úr ríkissjóði eða ekki. Ég álít, að ekki sé ástæða til að miða gjaldið við verðmæti, þó að slíkt væri sjálfsagt, ef það væri skattur, en þetta er ekki skattur.

Jakob Möller [óyfirl.]: Hvort sem þetta heitir skattur eða skoðunargjald, þá er það gjald, sem leggst á vörurnar og hækkar verð ódýru varanna meira en hinna dýru. Þó að kostnaðurinn væri eftir brtt. minni greiddur úr ríkissjóði, þá er það í raun og veru engin breyt., eins og sjá má af frv., því að það má bæta ríkissjóði þetta upp með því að leggja gjald á vörurnar. Enda er það t. d. svo með smjörlíkisgerðirnar, að kostnaðurinn við eftirlitið er greiddur úr ríkissjóði, en ríkissjóður fær aftur tekjur af smjörlíkinu og fær þannig endurgreiddan þennan kostnað fullkomlega. Og ef samþ. er till. min undir c-lið, þá er þar tekið fram, að heimilt skuli að leggja þetta gjald á. Ég held sem sagt, að ágreiningurinn sé minni en sumir hv. þm. ef til vill halda.

Um bókfærsluatriðið hefi ég ekki mikið meira að segja, en ég held, að það sé misskilningur, að það geti haft mikla þýðingu, þegar tryggt er, að fá megi upplýsingar eftir þörfum. Það má vafalaust teygja og toga reglugerðarákvæðið, svo að hægt sé að fá framkvæmt eftirlitið út í yztu æsar.

ATKVGR.
Brtt. 837,a samþ. með 20:2 atkv.
— 837,b—c samþ. með 15:9 atkv.
Frv., svo breytt, samþ. með 22 shlj. atkv. og endursent Ed.

Á 97. fundi í Ed., 17. des., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 856).

Á 98. fundi í Ed., 18. des., var frv. tekið til einnar umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 9 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 898).

---

12. Lántaka fyrir ríkissjóð.

Á 1. fundi í Sþ., 15. febr., var útbýtt frá Nd.:
Frv. til l. um lántöku fyrir ríkissjóð (þmfrv., A. 8).

Á 2. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 20 shlj. atkv.

Fjmrh. (Eysteinn Jónsson) [óyfirl.]: Eins og hv. þm. kannast við, voru samþ. á síðasta þingi heimildarlög fyrir stj., sem fólu í sér, að hún mætti taka 7½ millj. kr. að láni og greiða með þeirri upphæð eldri skuldir. Eins og getið er um í grg. þessa frv., hefir komið í ljós, að Útvegsbanki Íslands þarf að afla sér fjár til þess að greiða 150 þús. £ lán, sem hann skuldar Hambrosbanka. Það hefir verið nokkuð athugað sérstaklega, hvernig aðstaða bankans væri til þess að afla sér þessa fjár með lántöku. Þykir liggja fyrir, að honum muni reynast það erfitt eða ókleift nema með því móti, að ríkið taki að sér beina milligöngu. Áður hefir bankinn tekið lán með ríkisábyrgð, en nú þykir þurfa að telja, að ríkið sjálft taki lánið og láni bankanum aftur tilsvarandi upphæð. Af þessari ástæðu er hér farið fram á að hækka lánsheimildina.

Til þess að Útvegsbankinn geti fengið upphæð þessa að láni, var ekki nauðsynlegt að hafa lánsheimildina upp á 11 millj. og 750 þús. króna, eins og farið er fram á í frv. Ástæðan fyrir því, að farið er fram á svona háa lánsheimild, er sú, að stj. vildi nota tækifærið, ef lánið fengist, til þess að taka um leið lán, sem heimilt er að taka samkv. lögum um fiskimálanefnd o. fl. Verði frv. þetta því samþ., er fyrst gert ráð fyrir, að greiddar verði þær eldri lausaskuldir ríkissjóðs, sem greindar voru í vetur, er hin fyrri lánsheimild var til umræðu. Í öðru lagi er og gert ráð fyrir, að Útvegsbankanum verði lánað af þessu fé 150 þús. sterlingspund. Eftirstöðvarnar, sem afgangs verða, þegar búið er að inna þessar greiðslur af hendi, er gert ráð fyrir að skoða sem hluta af láni því, sem heimilt er að taka samkv. l. um fiskimálanefnd. Í þessu sambandi vil ég taka það fram, að þetta ber að taka sem yfirlýsingu frá ríkisstj. um það, að áðurnefnda lánsheimild samkv. l. um fiskimálanefnd megi ekki nota síðar, nema að því leyti, sem heimildin fer fram úr þeirri upphæð, sem afgangs verður af þessu stóra láni, þegar búið verður að greiða hinar umræddu skuldir ríkissjóðs og skuld Útvegsbankans. Þetta vil ég láta koma skýrt fram, því að að forminu til verður lánsheimildin, sem felst í lögunum um fiskimálanefnd, óhögguð, þó að frv. þetta verði samþ. Þessi yfirlýsing ætti að nægja til þess, að ekki þyrfti beinlínis að breyta l. um fiskimálanefnd, þó að þessi leið sé farin.

Um það er ekki hægt að segja með vissu, hver afgangurinn af láninu kann að verða, því að ekki verður sagt um það nú, hve mikið kann að verða áfallið af vöxtum, þegar lán þau, sem greiðast eiga með láninu, verða greidd. Þó má gera ráð fyrir, að sú upphæð verði ekki langt frá 30 þús. sterlingspund.

Þá vil ég geta þess, að sakir þess, hve mjög þurfti að hraða þessu máli, þá hefir stj. talað við miðstjórnir flokkanna um frv., og er ekki útlit fyrir annað en að það fái greiða afgreiðslu. Að svo mjög þarf að hraða máli þessu er sakir þess, að nú standa yfir samningaumleitanir erlendis um lántöku fyrir ríkissjóð, sem virðist vera á góðum vegi. Vænti ég því, að hv. dm. veiti þau afbrigði, sem þarf til þess að málið nái fram að ganga nú í dag.

Ólafur Thors [óyfirl.]: Hæstv. fjmrh. sneri sér til mín síðastliðinn föstudag, sem var 8. þ. m., og beindi þeirri ósk til mín, að ég léti í ljós álit mitt um það, hvort Sjálfstfl. myndi verða með breytingu á lánsheimild þeirri, sem samþ. var til handa ríkisstj. á síðasta þingi. Um þetta ræddi svo miðstjórn Sjálfstfl. daginn eftir og

komst að þeirri niðurstöðu, að þar sem hér væri aðallega um að ræða samskonar lánsheimild og samþ. var á síðasta þingi, að viðbættri heimild til þess að taka lán til greiðslu á skuld fyrir Útvegsbankann, sem ríkissjóður er í ábyrgð fyrir, en bankinn getur ekki greitt eins og nú standa sakir, þá sæi hún sér ekki annað fært en að samþ. lántökuheimild þessa. Það vannst ekki tími til að bera þetta undir þingflokkinn í heild; þó var það nefnt á fundi flokksins í dag og sætti þar ekki andmælum. Að sjálfsögðu hafa því allir flokksmenn Sjálfstfl. óbundin atkv. um málið.

Þá vil ég taka það fram, að hæstv. fjmrh. hefir gefið mér tækifæri til þess að kynnast skeytum þeim, sem farið hafa á milli ríkisstj. um lántöku þessa, og fulltrúa stjórnarinnar, Magnúsar Sigurðssonar, sem er staddur í London.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 21 shlj. atkv.

Á 3. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 2. umr.
Of skammt var liðið frá 1. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 20 shlj. atkv.

Héðinn Valdimarsson: Ég er hér með skrifl. brtt., þess efnis, að 2. gr. frv. falli niður. Ástæðan fyrir því, að ég flyt brtt. þessa, er sú, að það er talið óheppilegt vegna lántökunnar, ef nokkuð annað felst í frv. en lántökuheimildin sjálf. Við alþýðuflokksmenn munum svo flytja frv. um að fella úr gildi lögin frá 9. jan. þ. á., um lántöku fyrir ríkissjóð.

Fjmrh. (Eysteinn Jónsson): Út af hinni skrifl. brtt., sem komin er fram, vil ég geta þess, að það er til þess ætlazt, að um leið og þessi nýja lánsheimild verður samþ., falli hin eldri úr gildi. Þetta má vitanlega gera með tvennu móti, fyrst og fremst með því að setja ákvæði inn í þetta nýja frv. um að hin eldri lánsheimild falli úr gildi, eins og gert er. Í öðru lagi er það hægt með því móti, að bera fram nýtt frv. um afnám l. nr. 19 frá 9. jan. þ. á. Hvor leiðin er farin, skiptir ekki miklu máli. Ég get alveg eins fellt mig við það, að borið sé fram sérstakt frv., og mun stj. beita sér fyrir, að slíkt frv. verði borið fram, ef brtt. hv. 2. þm. Reykv. verður samþ.

Ólafur Thors: Ég held ekki, að það hafi við nein rök að styðjast, að það geti verið verra vegna lántökunnar að láta 2. gr. frv. standa. Það hefir vitanlega jafnan sýnt sig, að lánveitendur eru mjög nákvæmir með það, að í heimild lántökunnar standi ekkert það, sem orkað geti tvímælis um heimild stj. til lántökunnar, en þó að eitthvað annað sé í lögunum, sem ekki snertir lánsheimildina, hefir ekki skipt máli.

Það, sem máli skiptir í þessu efni, er það, að hin eldri heimildarlög til lántöku verði úr gildi numin. Um það, hvaða leið verður farin í því efni, geri ég ekki ágreining. Ég mun þó greiða atkv. á móti brtt. hv. 2. þm. Reykv., en með frv. eins og það liggur fyrir.

Héðinn Valdimarsson: Ég mun ekki fara að leggja út í deilur um þetta atriði nú, en það er kunnugt frá fyrri lántökum ríkissjóðs, að ekkert má helzt vera í lögunum utan lántökuheimildin sjálf, og nú hefir trúnaðarmaður ríkisstj., sem að lántöku þessari starfar, lagt ríka áherzlu á, að ekkert annað sé í lögunum en lántökuheimildin. Þá ber og þess að gæta, að lögin verða eflaust prentuð á skuldabréfin fyrir láninu, og verða þau þá styttri og skýrari, ef 2. gr. frv. verður felld niður.

ATKVGR.
Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 9) leyfð og samþ. með 17 shlj. atkv.
1. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.
Brtt. 9 (2. gr. falli burt) samþ. með 16:5 atkv.
3. gr. (verður 2. gr.) samþ. með 17 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 18 shlj. atkv.

Á 4. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 3. umr.
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 17:2 atkv.

Ólafur Thors: Ég vildi aðeins óska þess, að hæstv. fjmrh. gefi yfirlýsingu um það, að hann leggi fyrir Alþingi frv. um afnám l. nr. 19 frá 9. jan. þ. á. ekki síðar en næstk. mánudag.

Fjmrh. (Eysteinn Jónsson): Að gefnu tilefni vil ég lýsa yfir því, að ég mun leggja fyrir þingið frv. um afnám heimildarlaganna nr. 19 frá 9. jan. 1935, ekki síðar en næstk. mánudag.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 17:3 atkv. og afgr. til Ed.

Á 2. fundi í Ed., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 8. með þeirri breyt., að 2. gr. er niður fallin).
Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.
Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 13 shlj. atkv.
Auk þess lá frv. ekki fyrir prentað með þeirri breyt., er það hafði sætt við meðferð þess í Nd. — Afbrigði leyfð og samþ. með 12 shlj. atkv.

Fjmrh. (Eysteinn Jónsson) óyfirl.: Fyrir þessu máli þarf ég ekki langa framsögu nú. Fyrir því er gerð grein í grg frv. Það er farið fram á, að lánsheimild þessi komi fyrst og fremst í stað lánsheimildar þeirrar, sem felst í lögum nr. 19 frá 9. jan. þ. á. En um leið er farið fram á að hækka lántökuheimildina allverulega. Ástæðan fyrir hækkuninni er fyrst og fremst sú, að Útvegsbankinn er ekki talinn geta greitt upp lán að upphæð 150 þús. sterlingspund, sem hann skuldar við Hambrosbanka í London og ríkissjóður er í ábyrgð fyrir. Láni þessu hefir nú verið sagt upp, og það er talið óumflýjanlegt fyrir bankann annað en greiða það upp. Nú hefði þó ekki þurft að hækka lánsheimildina upp í 11 millj. og 750

þús. kr. vegna þessara hluta einna, en stj. vill nota tækifærið og fá hlut af þessu láni til þeirra hluta, sem ræðir um í lögum um fiskimálanefnd o. fl., sem afgr. voru frá síðasta þingi.

Ég skal taka það sérstaklega fram, að stj. lítur svo á, að hún megi ekki nota lántökuheimildina í fiskimálanefndarl. nema að því leyti, sem hún er hærri en það, sem kynni að fást til þeirra afnota samkv. þessari heimild. En það er ekki hægt um það að segja, hversu mikið af lántökuheimildinni í fiskmálanefndarl. þyrfti að nota, þar sem ekki er vitað, hversu mikil afföllin verða af þessu láni, ef það fæst, en það má gera ráð fyrir, að það yrði þó ekki minna afgangs en 30000 sterlingspund, eða 660 þús. kr., sem afgangs verður af láninu, ef afföllin yrðu ekki mjög mikil. Ef sú áætlun stæðist, þá yrði það um 660 þús. kr. minna, sem notað yrði af lántökuheimildinni í fiskimálanefndarlögunum.

Þessu máli er hraðað svo mjög vegna þess, að nú standa yfir umleitanir um lántöku, og má búast við innan lítils tíma, ef til vill á hverri stundu, vitneskju um það, hvort lán fæst eða ekki, og það er vitanlega mjög mikið undir því komið að hafa fullkomna heimild til lántökunnar, ef það sýnir sig, að hægt væri að fá lán með sæmilegum kjörum. Þess vegna fór ég þess á leit við Nd. og fer þess nú á leit við þessa d., að þessu máli verði nú veitt þau afbrigði, sem þarf til að afgr. málið nú þegar, svo að stj. fái heimild, ef tækifæri býðst, til að koma þessari lántöku í kring.

Magnús Jónsson óyfirl.]: Eins og hæstv. forseti gat um, þá hefir Nd. fellt niður 2. gr. þessa frv. Ég vil leyfa mér að beina þeirri fyrirspurn til hæstv. fjmrh., hvernig á því stendur, þar sem mér er kunnugt um, að Sjálfstfl. gerði það að skilyrði fyrir því, að hann greiddi fyrir þessu máli, að lántökuheimildin frá því í fyrra yrði úr gildi numin, því að það er ekki meining okkar, að stj. eigi að hafa heimild til margra millj. kr. lántöku eftir að hún er búin að taka þetta stóra lán nú. Mér þykir því óviðkunnanlegt, að þessi gr. skyldi hafa verið felld niður, og get ekki séð ástæðuna til að það var gert. Og ég sé ekki heldur betur en að hægt hefði verið að geta um það í þeim texta, sem prentaður er á bréfin, samkv. hvaða l. þetta er, vegna þeirra, sem bréfin kaupa.

Ég verð að segja, að ég varð líka undrandi, þegar ég heyrði, að þetta frv. væri fram komið og ætti að hraða því svo mjög, því að mér skildist, að þegar um þetta mál var rætt við miðstjórn Sjálfstfl., þá væri það gert vegna þess, að þeim banka, sem gegnumgengst þetta lán, þætti nægilegt að fá heimild frá miðstjórnum flokkanna, jafnvel þó að ekki væri búið að fá formlega samþ. l. um lántökuna.

Viðvíkjandi þessari 30 þús. stp. viðbót vegna fiskimálan., þá vil ég segja það, að mér finnst hún óþörf. Það getur vel verið, að þetta sé ekki óhentugt. Vitaskuld getur stj. tekið þetta lán án þess að lánsheimildin sé endurtekin í þessum l., og það er óviðkunnanlegt, að lánsheimildin sé þannig tvöfölduð, því að mér er ekki kunnugt um, að fram hafi komið frv. um að takmarka lánsheimildina.

Eins og hæstv. ráðh. sagði, þá er verið að leitast fyrir um þetta lán, og meira en að leitast fyrir um það, því að líklega er það langt komið, þar sem frv. þessu er svo mjög hraðað. Væri vel viðeigandi, ef hæstv. ráðh. léti nú fylgja grg. um það, með hvaða kjörum þetta lán mundi fást. Myndi það að sjálfsögðu ráða miklu um það, hver áhugi yrði fyrir því, að þetta lán yrði tekið. Ég vil því beina því til hæstv. ráðh., hvort hann teldi ekki rétt að gefa nú skýrslu um það, með hvaða kjörum þetta lán mundi fást.

Fjmrh. (Eysteinn Jónsson) óyfirl.]: Ég gleymdi að geta þess í ræðu minni, að Nd. féllst á þá breyt., að fella burt 2. gr., sem fjallaði um það, að með þessum l. væru úr gildi numin l. frá 9. jan. 1935 um lántöku fyrir ríkissjóð. Það var af þeirri ástæðu, að ýmsir hv. þm. í Nd. töldu, að erlendir lánveitendur legðu mjög mikla áherzlu á það, að ekkert annað standi í l. en lánsheimildin sjálf, og þess vegna væri réttast að nema fyrri lánsheimildina úr gildi með sérstökum l. Því var lýst yfir í Nd. af hv. 2. þm. Reykv. fyrir Alþfl. hönd, og af mér fyrir hönd Framsfl. og stj., að við mundum strax á mánudaginn flytja frv. hér á þingi um afnám þessarar lánsheimildar. Þá ætla ég að bera frv. fram., og nú mun það vera í þann veginn að vera að afhendast skrifstofunni til prentunar. Það er því alls ekki tilætlunin að fara á neinn hátt aftan að Sjálfstfl. í þessu máli. Ég vona því, að hv. stjórnarandstæðingar geri sig ánægða með þessa yfirlýsingu og búist ekki við, að á bak við þetta liggi neinir hrekkir, því að það er síður en svo.

Hv. 1. þm. Reykv. talaði um það, að hann væri hissa á, að þessu máli væri flýtt svo mjög, þar sem fyrir hefðu legið yfirlýsingar frá miðstjórnum flokkanna. Sá, sem þessa lántöku annast fyrir hönd stj., lagði áherzlu á, að skoðun miðstjórnanna fengist, áður en þing kæmi saman, og eftir því, sem okkur hefir skilizt á skeytum hans, þá var það til þess að geta vitað, hvernig þingið tæki í þetta á sínum tíma, en ekki að hann treysti sér til að ljúka málinu að fullu án neinnar löggjafar. Þess vegna lagði hann áherzlu á að fá l. samþ. fljótt, til þess að heimild væri fyrir hendi, ef tækifæri gefst.

Hv. þm. talaði um það, að sér fyndist óþarfi að endurtaka lánsheimildina, sem er í l. um fiskimálan., en það er gert til þess að málið liggi ljósara fyrir þeim erlendu lánardrottnum og lánsheimildin sé í einu lagi og allur misskilningur sé útilokaður. Það er rétt, að þó að þessi l. verði samþ., þá er lánsheimildin samkv. l. um fiskimálan. ekkert skert. En ég veit, að það hefir verið síður að taka gilda yfirlýsingu frá stj., að hún muni ekki undir neinum kringumstæðum tvínota þetta. Hún mun ekki nota lántökuheimildina samkv. l. um fiskimálan. nema að þeim hluta, sem sú heimild er hærri en það, sem fer af þessu láni til fiskimálan. Þetta er skilningur stj., og hún mun aldrei nota þessa heimild á annan hátt en ég hefi nú skýrt frá.

Hann minntist á, að sér fyndist vel til fallið, að skýrt væri frá þeim kjörum, sem vænta mætti, að á þessu láni yrðu. Það mál liggur ekki svo ljóst fyrir enn, að um það sé hægt að gefa neina skýrslu nú. Þær bráðabirgðatölur, sem talað hefir verið um í þessu sambandi, geta breytzt. Mér þykir því ekki ástæða til að gefa skýrslu um þetta fyrr en ef til kemur, að lánið verður tekið. Lánsheimildin er nú einu sinni alltaf höfð þannig, að það er á mati stj., sem heimildina fær, hvort kjörin eru aðgengileg eða ekki.

Ég vænti þá, að hv. 1. þm. Reykv. geri sig ánægðan með þær yfirlýsingar, sem gefnar hafa verið um afnám lántökuheimildarinnar, og sömuleiðis yfirlýsingar þær, sem gefnar hafa nú verið um notkun lánsheimildarinnar í l. um fiskimálan. Form. Sjálfstfl., sem á sæti í Nd., hefir gert sig ánægðan með þessa afgreiðslu málsins, enda hefir því verið lofað að flytja undir eins á mánudag frv. um afnám fyrri lántökuheimildarinnar.

Magnús Jónsson óyfirl.]: Mér þótti rétt, af því að ég fylgdist ekki svo vel með umr. í Nd., að knýja fram yfirlýsingu hæstv. ráðh. um þetta, en hann lýsti því yfir, að það hefði verið aðeins af gleymsku, að hann gat ekki um það í framsöguræðu sinni. Ég læt mér nægja þessa yfirlýsingu hans, því að mér dettur ekki í hug, að stj. geri sig bera að þeirri brigðmælgi, að hún gangi hér á bak orða sinna. Þessu máli ætti þá að vera tryggður framgangur, þar sem bæði Alþfl. og Framsfl. hafa lýst því yfir, að þeir muni ljá þessu frv. fylgi, og Sjálfstfl. gerði það að skilyrði fyrir fylgi sínu við það frv., sem hér liggur fyrir, að þetta afnám yrði samþ. En ég vil þá spyrjast fyrir um það, hvort með því frv. sé þá rýrð lánsheimild sú, sem er í l. um fiskimálan., að því sem nemur þeirri upphæð, sem gengur af þessu láni til fiskimálan. Hæstv. ráðh. hefir lýst því yfir, að hann muni ekki nota heimildina fram yfir það, sem þá er eftir. En það er nú svo með þessar stjórnaryfirlýsingar, að ég veit ekki, hversu sterklega þær gilda fyrir aðrar stjórnir, sem á eftir koma, og það er alveg bersýnilegt, að á meðan þessi heimild er í l., gæti hvaða stj. sem væri notað hana út í æsar, ef hún vildi það við hafa. Ég vil því skjóta því til hæstv. ráðh., hvort hann teldi ekki rétt að bíða með þetta frv. þangað til séð verður, hvað mikið kemur inn á þetta lán, ef hann teldi það ekki brigðmælgi. (**Fjmrh.**: Ég geri það). Ég teldi það réttara, að þetta væri skýrt tekið fram í l.

Ég leit svo á, þegar beðið var um álit miðstjórnanna, að það væri gert til þess, að hægt yrði að taka lánið upp á þau býti. Ég sagði þá, að ég sæi ekki ástæðu til, að Sjálfstfl. gæfi slíka yfirlýsingu, því að stjórnarflokkarnir hefðu afl til að koma málinu fram hvort sem væri. Ég man ekki betur en að því væri þá svarað, að lánveitendurnir tækju ekki tillit til minna en yfirlýsingar frá yfirgnæfandi meiri hluta þingsins, og þess vegna hefði yfirlýsingin verið beinlínis gefin, til þess að hægt væri að taka lánið upp á þau býti. En fyrst þingið er nú komið saman, þá má telja rétt, að það gefi formlega lagaheimild.

Fjmrh. (Eysteinn Jónsson) óyfirl.]: Hv. 1. þm. Reykv. talaði um það, hvort ég vildi ekki setja inn í þetta væntanlega frv. ákvæði um það, að lánsheimild samkv. fiskimálanefndarl. rýrnaði að sama skapi og fé fengist úr þessu nýja láni til afnota fyrir fiskimálan. Ég sé örðugleika á að koma þessu inn í frv. Form. Sjálfstfl. lagði svo mikla áherzlu á þetta mál, að hann vildi ekki einu sinni, að frv. yrði borið fram á mánudaginn, heldur gengi gegnum allar 6 umr. á mánudaginn. Ég held því, að við verðum að láta það bíða þangað til síðar að athuga þetta atriði, sem hv. 1. þm. Reykv. minntist á, að tryggja það, að einhverjir vondir menn, sem kynnu að taka við, ef þessi stj. færi frá, misnotuðu ekki þessa heimild. Ég væri ekkert á móti því, ef hægt væri að koma því fyrir í l., en við form. Sjálfstfl. töluðum um, að það væru örðugleikar á þessu, en um þetta má alltaf tala síðar. En ég vil efna það loforð, sem ég gaf, að koma þessu máli fram á mánudaginn.

Ég skal ekki mikið ræða um þessa yfirlýsingu miðstjórnanna. Það var gert ráð fyrir því, að það væri ekki nóg til að hægt væri að ganga endanlega frá láninu. En ástæðan til þess, að beðið var um yfirlýsingu miðstjórnar Sjálfstfl., var sérstaklega sú, að umboðsmaður stj. taldi, að það þyrfti formlega heimild, og þá þurfti að tryggja, að það mætti ekki mótspyrnu í þinginu, sem tefði fyrir, en frv. gæti komizt fljótt og viðstöðulaust í gegnum þingið, eins og við sjáum, að það gerir nú, af því að samkomulag er fengið um það. Ég vona því, að hv. 1. þm. Reykv. geri sig ánægðan með þetta loforð í sambandi við fiskimálanefndarlánið, svo að ég geti uppfyllt loforð mitt við hv. þm. G.-K.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv.

Á 3. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 2.umr.
Of skammt var liðið frá 1. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 14 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 11. shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 12 shlj. atkv.

Á 4. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 3. umr.
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 12 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 11 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 10).

13. Afnám lántökuheimildar.

Á 5. fundi í Nd., 18. febr., var útbýtt:
Frv. til l. um afnám l. nr. 19 9. jan. 1935, um lántöku fyrir ríkissjóð (þmfrv., A. 11).

Á 6. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 1. umr.
Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 22 shlj. atkv.

Fjmrh. (Eysteinn Jónsson): Þetta frv. er flutt í framhaldi af frv. um lántökuheimild fyrir ríkissjóð, sem borið var fram á föstudaginn og afgr. á þeim degi sem l. frá Alþingi. Því var lofað í sambandi við afgr. þess frv., að þessi eldri lántökuheimild frá 9. jan. 1935 yrði úr gildi numin og flutt frv. um það í dag og afgr. sem l. Leyfi ég mér því að leggja til, að þessu frv. verði veitt þau afbrigði, sem þarf til þess, að það verði í dag afgr. sem l. frá Alþingi.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv.

Á 7. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 2. umr.
Of skammt var liðið frá 1. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 22 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 24 shlj. atkv.

Á 8. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 3. umr.
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 25 shlj. atkv.

Ólafur Thors: Ég vil aðeins, áður en málið fer úr d., vekja athygli á því, að lántökuheimild sú, sem samþ. var á föstudaginn var, spennir yfir þá lántökuheimild, sem samþ. var á síðasta þingi og er meiningin að afnema með þessum l. Auk þess fer hún einnig inn á svið lántökuheimildarinnar samkv. 13. gr. l. um fiskimálan. o. fl. Það gæti því ef til vill verið ástæða til að breyta þessum l. þannig, að þau næðu einnig yfir þessa lántökuheimild, sem ég síðast nefndi, að hún yrði úr gildi numin með þessum l. að sama skapi og hún yrði hagnýtt með þeim l., sem samþ. voru á föstudaginn. Ég hefi þó ekki fundið ástæðu til að bera fram brtt. um þetta vegna þeirrar yfirlýsingar, sem hæstv. fjmrh. gaf í þeirri grg., sem fylgdi frv., sem samþ. var á föstudaginn, þar sem það er tekið fram, að því, sem nýja lánið nær fram yfir þá fyrri lánsheimild, verði varið upp í lántökuheimild 13. gr. l. um fiskimálan. Mér hefir þó þótt rétt að vekja athygli á þessu, áður en þessi l. fara út úr d. Ég geri jafnvel ráð fyrir, að sumum flokksmönnum mínum hafi þótt þetta skipta svo miklu máli, að þeir beri fram brtt. við frv. í Ed., og fáum við í þessari d. þá frv. aftur til athugunar. Ég tel þetta ekki neitt höfuðatriði og hefi því ekki borið fram breytingartillögu.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 27 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 6. fundi í Ed., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 11).
Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.
Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 12 shlj. atkv.

Fjmrh. (Eysteinn Jónsson): Þetta frv. er flutt í framhaldi af frv. því til laga um nýja lántökuheimild fyrir ríkissjóð, sem rætt var hér í hv. d. á föstudaginn og afgr. sem lög frá Alþingi þann dag. Þá var því lofað af mér, að ég skyldi flytja frv. um afnám lántökuheimildar, sem áður var í lögum og nýja heimildin átti að koma í staðinn fyrir, og geri ég það hér með. Þessu máli var hraðað í gegnum hv. Nd., af því að ég lofaði því þegar hitt frv. var samþ., að ég skyldi gera mitt til þess, að þessu máli yrði lokið í dag. Ég vil því leyfa mér að fara fram á, að þessi hv. d. veiti frv. þau afbrigði, sem nauðsynleg eru til þess að það geti orðið afgr. í dag.

Magnús Jónsson: Þegar það mál, sem hæstv. fjmrh. gat um, var til umr. hér í hv. d., hreyfði ég því, að það væri ekki fullnægjandi eins og frá því var gengið, því að jafnframt því að afnema lántökuheimild fyrir ríkissjóð í l. nr. 19 9. jan. 1935, þyrfti að setja ákvæði um, að lántökuheimild í lögum um fiskimálanefnd skyldi rýrð um þá upphæð, sem af þessu láni yrði notað í þeim tilgangi, sem þar getur í 13. gr. Ég skaut því þá til hæstv. fjmrh. að koma slíku ákvæði í þetta frv., sem hann boðaði þá, að hann mundi flytja. En ég sé, að hann hefir ekki gert það, og hafði ég því hugsað mér að bera fram skrifl. brtt. um það. En ég hygg, að réttara sé að fara fram á, að málinu verði að þessari umr. lokinni vísað til fjhn. og hún gæti þá athugað, hvort ekki væri hægt að koma þessu sem haganlegast fyrir. Þó að hæstv. fjmrh. hafi að vísu lofað því, að þessu máli yrði lokið í dag, hygg ég, að mér sé óhætt að leysa hann frá því loforði, þar sem hann er líka búinn að koma því í gegnum aðra deildina.

Ég vil einnig benda á, að þetta frv. er ekki í sem æskilegustu formi. Það hefir verið prentuð upp sem 1. gr. í þessu frv. 2. gr. úr hinu frv. alveg orðrétt. Hún er eðlileg eins og hún stendur í fyrra frv., en að hafa hana svo orðaða sem 1. gr. í frv. er ekkert lagaform. Þetta mætti lagfæra um leið og athugað yrði, hvort hinu mætti ekki koma haganlega fyrir með því aðeins að setja málið í fjhn.

Mér þætti vænt um að heyra, hvort hæstv. ráðh. tekur ekki vel í þetta. Annars mundi ég bera fram skrifl. brtt., sem færi í þá átt, sem ég vil hafa það.

Fjmrh. (Eysteinn Jónsson): Eins og ég hefi tekið fram, vil ég ýta á, að þessu máli geti

orðið lokið í dag, vegna þess loforðs, sem ég gaf um það, en þegar kemur ósk frá hv. 1. þm. Reykv., sem ég veit, að er nokkur ráðamaður í Sjálfstfl., þá vil ég ekki setja mig á móti því, að málinu verði vísað *til n.* og það athugað, sem hv. þm. minntist á, því að mér liggur ekki svo á að fá það afgr., að það megi ekki dragast til morguns. En ég fæ ekki í fljótu bragði séð, hvernig það verður gert, en að sjálfsögðu athugar sú *n., sem* það fær til meðferðar, hvernig frá því mundi verða gengið í þessu frv.

Magnús Jónsson: Ég vil aðeins geta þess hér, að þegar hv. form. Sjálfstfl. fór fram á það, að *málinu yrði lokið strax*, var það *vitanlega* ekki í öðrum tilgangi en þeim, að málið yrði afgr. greiðlega á þinginu. En það getur ekki skipt neinu, hvort frv. er afgr. nokkrum dögum fyrr eða síðar. Annars ætla ég ekki að fjölyrða frekar um þetta, af því að hæstv. fjmrh. tók svo vel í að málinu yrði vísað til n. **(Fjmrh.:** Hv. þm. tekur þá ábyrgð á því gagnvart Sjálfstfl., ef dregst að afgr. málið). Já.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv. og til fjhn. með 9 shlj. atkv.

Á 20. fundi í Ed., 8. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 11, n. 59).

Frsm. (Jón Baldvinsson): Eins og hv. dm. muna, var það ætlunin að koma þessu frv. fram skjótlega í sambandi við aðra lántökuheimild, sem þurfti að samþ. á 1. eða 2. degi þingsins. Þá var vakið máls á því að fella niður lántökuheimild til fiskimálan. o. fl., því að í nýju lántökunni innifælist nokkuð af því fé, sem nota átti til þessa.

Fjhn. hefir ennþá ekki komizt að niðurstöðu um það, hvernig eigi að skeyta þetta við nefnt frv., því að ekki er vitað nákvæmlega um þá fjárhæð, sem fæst út úr enska láninu til fiskimálanefndar. Verður vitað um það seinna í mánuðinum, og tekur þá n. þetta til athugunar.

Að öðru leyti hefir n. gert till. um að breyta orðalagi 1. gr. frv. *eins og brtt. n. í* þskj. 59 segir til um.

Við athugum fyrir 3. umr., hvort hægt er að koma þessu fram sem brtt. við þetta frv., eða hvort flutt verður sérstakt frv. um heimild til lántöku til fiskimálanefndar o. fl.

Af n. hálfu hefi ég svo ekki fleira að segja um frv.

ATKVGR.
Brtt. 59 (ný 1. gr.) samþ. með 11 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 10 shlj. atkv.

Á 22. fundi í Ed., 11. marz, var frv. tekið til 3. umr. (A. 90).
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 11 shlj. atkv. og endursent Nd.

Á 25. fundi í Nd., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 90).
Á 27. fundi í Nd., 13. marz, var frv. tekið til einnar umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 17 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 127).

---

14. Ávísana- og kvittanaskattur banka.

Á 3. fundi í Sþ., 26. febr., var útbýtt frá Nd.: **Frv. til l. um breyt. á l. nr. 25 9. jan. 1935, um breyt. á l. nr. 75 27. júní 1921, um stimpilgjald** (þmfrv., A. 28).

Á 16. fundi í Nd., 28. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Frsm. (Sigfús Jónsson): Þetta frv. er flutt af fjhn. eftir tilmælum hæstv. fjmrh. Ástæðan til þess, að frv. er fram komið, er sú, að bankarnir hafa óskað eftir undanþágu frá því að stimpilmerkja skjöl, sem þeir gefa, út vegna þess að þeir telja, að það kosti þá svo aukið mannahald, en hinsvegar ætla þeir að haga bókhaldinu þannig, að auðvelt sé að gera upp eftir hvern ársfjórðung, hvað mikið hafi verið gefið út af kvittunum og ávísunum, og greiða þá í einu lagi stimpilgjaldið af því.

Fjhn. hefir fallizt á að flytja frv., af því að hún álítur það ekki til neins skaða fyrir ríkissjóð, en til hagsmuna fyrir bankana. Vona ég því, að hv. d. vilji vísa frv. til 2. umr.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 17 shlj. atkv.

Á 18. fundi í Nd., 2. marz, var frv. tekið til 2. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 17 shlj. atkv.

Á 19. fundi í Nd., 4. marz, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 19 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 16. fundi í Ed., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ., við 3. umr. í Nd. (A. 28).

Á 18. fundi í Ed., 6. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv. og til fjhn. með 10 shlj. atkv.

Á 22. fundi í Ed., 11 marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 28, n. 95).

Frsm. (Jón Baldvinsson): Þetta frv., sem hér liggur fyrir, felur í sér breyt. á lögum, sem samþ. voru á síðasta þingi, um viðauka við stimpilgjaldið. Það, sem farið er fram á í þessu frv., er gert til hægðarauka fyrir bankana. Það kom í ljós, þegar farið var að framfylgja lögunum, að bankarnir töldu svo mikinn vinnuauka og fyrirhöfn að því að stimpla daglega hverskonar skjöl, víxlanótur og kvittanir o. s. frv., að þeir mundu þurfa að auka starfsmannahald sitt þess vegna. Það varð því að samkomulagi við hæstv. fjmrh., að þeir mættu greiða þetta stimpilgjald eftir á, og að stjórnarráðið gæti séð um eða látið athuga, að ekki yrði haft rangt við í þessum efnum, þannig að dregið yrði úr tekjum ríkissjóðs af stimpilgjaldsviðaukanum.

Fjhn. hefir athugað þetta frv. og leggur einróma til, að það verði samþ., því að hér er aðeins um að ræða þægilegri framkvæmd á innheimtu stimpilgjaldsviðaukans.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.

2. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 11 shlj. atkv.

Á 24. fundi í Ed., 13. marz, var frv. tekið til 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 9 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 129).

15. Erfðir og skipti á dánarbúum.

Á 3. fundi í Sþ., 26. febr., var útbýtt frá Ed.:

Frv. til l. um heimild fyrir ríkisstj. til þess að láta öðlast gildi ákvæðin í samningi milli Íslands og Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar, um erfðir og skipti á dánarbúum (þmfrv., A. 25).

Á 13. fundi í Ed., 27. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

Atvmrh. (Haraldur Guðmundsson): Ég get látið nægja að vísa til grg. frv., þar sem af henni verður ljóst, hvernig frv. er til komið. Frv. varð svo síðbúið, að ekki vannst tími til að senda það til konungs til staðfestingar; þess vegna mæltist ég til þess við allshn., að hún flytti það. Ég veit ekki, hvort ástæða er til að vísa frv. til nefndar nú, þar sem það er flutt af nefnd. Legg ég því til, að því verði vísað til 2. umr. með tilmælum um, að allshn. athugi það á milli funda, og jafnframt að hún hraði því sem unnt er.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv.

Á 14. fundi í Ed., 1. marz, var frv. tekið til 2. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.

2. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr

Frv. vísað til 2. umr. með 9 shlj. atkv.

Á 16. fundi í Ed., 4. marz, var frv. tekið til 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 10 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 19. fundi í Nd., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 25).

Á 21. fundi í Nd., 6. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 23 shlj. atkv. og til allshn. með 21 shlj. atkv.

Á 29. fundi í Nd., 15. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 25, n. 121).

Frsm. (Garðar Þorsteinsson): Allshn. hefir athugað frv. þetta og er sammála um að leggja til, að það verði samþ. Teljum við nauðsynlegt að koma á slíkum samningum milli Norðurlandaríkjanna, Danmerkur, Svíþjóðar, Noregs, Finnlands og Íslands. Þetta er í rauninni áframhald af áðurgerðum samningum milli þessara ríkja, um ýms ákvæði, er gilda skulu gagnkvæmt. Ég sé ekki ástæðu til að fjölyrða um þetta mál. N. er öll sammála um frv. eins og það liggur fyrir, og því fylgir ýtarleg grg., sem hv. þdm. er kunn. Leggur n. einróma til, að frv. verði samþ.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.

2. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 17 shlj. atkv.

Á 31. fundi í Nd., 18. marz, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 20 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 182).

16. Hafnsaga í Ísafjarðarkaupstað.

Á 13. fundi í Nd., 23. febr., var útbýtt:
Frv. til l. um hafnsögu í Ísafjarðarkaupstað (þmfrv., A. 21).

Á 14. fundi í Nd., 25. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Finnur Jónsson): Ég þarf ekki að fylgja þessu frv. með mörgum orðum. Það er flutt samkv. einróma samþykkt hafnarnefndar og bæjarstj. á Ísafirði, og miðar aðeins að því að samræma hafnarlög og hafnsögu Ísafjarðarkaupstaðar á sama hátt og gert hefir verið í Reykjavík.
Ég hefi að vísu séð þess getið í einu af andstöðublöðum Alþfl. hér í bænum, að frv. þetta mundi einungis vera flutt til þess að koma núv. hafnsögumanni á Ísafirði frá starfi sínu. En sú getgáta er á engum rökum byggð. Sá maður, sem starfinu gegnir nú, er heilsulítill og hefir ekki stundað það sjálfur um tíma. Auk þess er hann fallinn frá vegna laganna um aldurshámark embættismanna. Þess vegna er sérstaklega heppilegt að breyta nú um tilhögun á þessu starfi. Núverandi hafnsögumaður er skipaður af ríkisstj., en í frv. er gert ráð fyrir, að hafnarnefnd og bæjarstj. Ísafjarðarkaupstaðar skipi hafnsögumenn, en ekki ríkisstj.
Ég þarf svo ekki að fara um þetta fleiri orðum, en óska, að frv. verði vísað til 2. umr. og sjútvn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 21 shlj. atkv. og til sjútvn. með 22 shlj. atkv.

Á 19. fundi í Nd., 4. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 21, n. 37).

Frsm. (Finnur Jónsson): N. hefir orðið ásátt um að leggja til, að frv. gangi fram með þeirri breyt. að fella saman 3. og 4. gr. Þetta er smámál, og sé ég ekki ástæðu til að fjölyrða um það; óska, að málinu verði vísað áfram til 3. umr. að lokinni þessari umr.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
Brtt. 37,1 (ný 3. gr.) samþ. með 17 shlj. atkv.
— 37,2 (4. gr. falli burt) samþ. með 19 shlj. atkv.
5.—6. gr. (verða 4.—5. gr.) samþ. með 17 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 18 shlj. atkv.

Á 21. fundi í Nd., 6. marz, var frv. tekið til 3. umr. (A. 47).
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 20 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 19. fundi í Ed., 7. marz, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 47).
Á 21. fundi í Ed., 9. marz, var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 9 shlj. atkv. og til sjútvn. með 12 shlj. atkv.

Á 26. fundi í Ed., 15. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 47, n. 119).

Frsm. (Jón Auðunn Jónsson): Frv. þetta er shlj. samskonar lögum, sem gilda fyrir Reykjavík, og bæjarstj. á Ísafirði er á einu máli um það, að rétt sé að breyta til og taka upp þá aðferð, sem er notuð hér, sem sé þá, að bæjarstj. ráði hafnsögumann og hann taki laun úr bæjarsjóði, en öll hafnargjöld renni í bæjarsjóð.
N. leggur til í einu hljóði, að frv. þetta verði samþ.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
2.—5. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 10 shlj. atkv.

Á 28. fundi í Ed., 18. marz, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 11 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 183).

17. Löggilding Hraunhafnar.

Á 3. fundi í Sþ., 26. febr., var útbýtt frá Nd.:
Frv. til l. um löggilding verzlunarstaðar í Hraunhöfn á Melrakkasléttu (þmfrv., A. 27).

Á 16. fundi í Nd., 28. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Gísli Guðmundsson): Ég vil leyfa mér að leggja til, að þessu máli verði að umr. lokinni vísað til 2. umr. og hv. allshn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 20 shlj. atkv. og til allshn. með 17 shlj. atkv.

Á 25. fundi í Nd., 11. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 27, n. 96).

Frsm. (Bergur Jónsson): Samkv. þeirri venju að verða við beiðnum sem þessari, leggur allshn. til, að frv. verði samþ.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 20 shlj. atkv.

Á 27. fundi í Nd., 13. marz, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 17 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 24. fundi í Ed., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 27).
Á 26. fundi í Ed., 15. marz, var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv. og til allshn. með 10 shlj. atkv.

Á 30. fundi í Ed., 20. marz, var frv. tekið til 2. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 31. fundi í Ed., 21. marz, var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 27, n. 159).

Frsm. (Sigurjón Á. Ólafsson): Þetta litla frv. hefir allshn. athugað og leggur til, að það verði samþ., eins og um ýmsar aðrar beiðnir, sem berast allshn. og hún verður fúslega við. Um þetta hefir borizt beiðni frá hreppsnefnd Presthólahrepps, og frv. er flutt af þm. kjördæmisins. Hér er um að ræða litla vík norður á Melrakkasléttu, sem er hugsuð fyrir útgerð smærri skipa. Útræði var þarna allmikið til forna, en hefir lagzt niður. Er útgerð nú aftur í uppsiglingu þar með vélbátum eða smærri skipum, og því er beiðni þessi fram komin. Orðlengi ég svo ekki frekara, en vil mælast til, að hv. d. samþ. frv. þetta, eins og allshn. mælir með því.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 11 shlj. atkv.

Á 33. fundi í Ed., 23. marz, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 11 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 263).

---

18. Póstlagabreyting.

Á 20. fundi í Nd., 5. marz, var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á póstlögum, nr. 5 7. maí 1921, sbr. l. nr. 3 27. marz 1925 (þmfrv., A. 51).

Á 22. fundi í Nd., 7. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Frsm. (Thor Thors): Þetta frv. er flutt af allshn. og miðar að því að lækka burðargjald í pósti fyrir blöð og tímarit. Burðargjald þetta er mjög hátt, og miklu hærra en tíðkast í nágrannalöndunum. Það er flutt eftir einróma beiðni Blaðamannafélags Íslands. Eins og hv. þdm. er kunnugt, þá er blaðaútgáfa hér á landi mjög óarðbær, og er þetta gjald tilfinnanlegur skattur á útgefendum þeirra. Það er miðað við það ástand í samgöngum hér á landi, sem ríkti fyrir mörgum árum síðan, þegar póstur var að mestu leyti fluttur á hestum um landið. En nú er það úrelt, þar sem póstflutningar á landi fara nú yfirleitt með bílum, og getur því ríkissjóður sætt sig við lækkun á burðargjaldinu. — Ef þessi lækkun nær fram að ganga, þá er líklegt, að hún leiði að einhverju leyti til þess, að viðskiptin aukist við póstsjóðinn. Málið er einfalt og þarfnast ekki frekari skýringa. Óska ég að frv. verði vísað til 2. umr.

Sigurður Einarsson: Mig langar til að beina þeirri fyrirspurn til hv. n., hversu mikið tekjur póstsjóðs muni minnka við þá lækkun á burðargjaldinu, sem ákveðin er í frv., miðað við tekjur hans á síðastl. ári. Ég veit, að n. hefir athugað þetta.

Frsm. (Thor Thors): Út af fyrirspurn hv. 9. landsk. þm. skal ég geta þess, að þetta burðargjald var talið síðastl. ár yfir sumarmánuðina 13000 kr. og yfir vetrarmánuðina 19000 kr., eða samtals 32 þús. kr. Burðargjald að sumrinu er nú 50 au. á kg., en á vetrum 1 kr. á kg. Eftir þessu er því póstflutningurinn rúml. 26. þús. kg. yfir sumarmánuðina, en yfir vetrarmánuðina 19 þús. kg., — samtals 45 þús. kg. yfir árið. Ef miðað er við þetta magn af flutningi og að gjaldið yrði eins og frv. gerir ráð fyrir yrðu tekjur ríkissjóðs 12500 kr. Verði frv. að lögum, yrði sú lækkun, sem póstsjóður yrði að sætta sig við, um 19500 kr. En eins og ég gat um áðan, mundi þetta að nokkru geta lagfærzt við aukin viðskipti við póstsjóð, sem leiddu af lækkun þessa gjalds, einkum ef það skipulag yrði upp tekið sem tíðkast víða erlendis, að menn skrifi sig fyrir blöðunum hjá pósthúsinu, í stað þess að gerast áskrifendur beint hjá útgáfustjórnum blaðanna.
Ég vil í þessu sambandi geta þess, að þetta

gjald er nokkuð öðruvísi útreiknað í nágrannalöndunum, t. d. Danmörku og Svíþjóð. Þar mun það nema um 12 au. á kg., í Noregi er það frá 12½ upp í 13 au. á kg. — En eins og hv. þdm. sjá, þá er hér gert ráð fyrir, að gjaldið verði 15 au. á kg.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 23 shlj. atkv.

Á 24. fundi í Nd., 9. marz, var frv. tekið til 2. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 21. atkv.
2. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 19 shlj. atkv.

Á 25. fundi í Nd., 11. marz, var frv. tekið til 3. umr. (A. 51, 101).
Of skammt var liðið frá útbýtingu brtt. 101. — Afbrigði leyfð og samþ. með 17 shlj. atkv.

Sigurður Einarsson: Um brtt. þessa þarf ég ekki að vera margorður, því að hún skýrir sig sjálf. Það er farið fram á að fara meðalveg á milli póstsjóðs annarsvegar og blaðamanna hinsvegar. Það er farið fram á ívilnun handa blöðunum, en bætir þó um fyrir póstsjóði frá því, sem ella hefði orðið.

ATKVGR.
Brtt. 101 felld með 13:6 atkv.
Frv. samþ. með 16:2 atkv. og afgr. til Ed.

Á 23. fundi í Ed., 12. marz, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 51).
Á 25. fundi í Ed., 14. marz, var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv. og til allshn. með 10 shlj. atkv.

Á 30. fundi í Ed., 20. marz, var frv. tekið til 2. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 31. fundi í Ed., 21. marz, var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 51, n. 164, 178).

Frsm. (Páll Hermannsson): Með þessu frv. er ætlazt til, að lækkuð verði póstgjöld fyrir dagblöð frá því sem nú er. Eftir lögum þeim, sem nú gilda, er burðargjaldið nú 25 aurar pr. ½ kg. frá 15. apríl til 15. nóvember, en 15 aurar pr. ½ kg. hinn tíma ársins. En með frv. þessu er gert ráð fyrir, að gjöld þessi verði 15 aurar pr ½ kg. allt árið. Frv. þetta er borið fram af hv. allshn. Nd. og samþ. þar með nokkurnveginn shlj. atkv. Þar kom að vísu fram brtt. til miðlunar, sem var felld þar. Hér í d. ber hæstv. fjmrh. fram brtt. á þskj. 187, sem mun vera mjög svipuð eða eins og sú, sem felld var í hv. Nd., og geri ég ráð fyrir, að hann geri grein fyrir þeirri till. Allshn. hefir ákveðið að mæla með frv. þessu óbreyttu. Taldi hún rétt að ívilna blöðunum um burðargjaldið, eins og þar er farið fram á, og leggur til, að frv. verði samþ. Eftir að brtt. hæstv. fjmrh. kom fram, hefir verið á hana minnzt í n., en ég geri ráð fyrir, að a. m. k. meiri hl. n. mæli henni gegn. Ég skal geta þess, að þessi lagabreyt. mun hafa í för með sér tekjurýrnun fyrir ríkissjóð, er nema mun um 20 þús. kr. En að vísu má ætla, að flutningar aukist nokkuð með gjaldalækkuninni, og mundi því nokkuð af þessu fé vinnast aftur. Þá má og benda á það, að póstflutningar eru framkvæmdir á nokkuð annan og ódýrari hátt en var þegar gildandi taxti var ákveðinn. — Þarf ég svo ekki að eyða fleiri orðum að sinni um þetta mál.

Fjmrh. (Eysteinn Jónsson) [óyfirl.]: Ég hefi séð ástæðu til að flytja brtt. við þetta frv. hér í d., og er það sama till. og flutt var í hv. Nd., en var ekki samþ. þar.

Ég lít þannig á um þetta mál, eins og önnur, sem snerta fjárhagsafkomu ríkissjóðs eða rýra tekjustofna hans, að það sé óviðkunnanlegt eftir að búið er að ganga frá fjárl. að koma með brtt., er valda tekjurýrnun. Hefði ég kunnað betur við, ef þessi lækkun póstgjalda var talin nauðsynleg, að geyma þessa brtt. þar til rædd og ákveðin voru fjárlög fyrir árið 1936, svo hún kæmi þá fyrst til framkvæmda. En þó að ég hafi þessa skoðun, að það sé rangt að hreyfa við þessu, þar sem búið er að reikna með þessum tekjum í fjárl., þá vil ég ekki beita mér á móti málinu, heldur hefi ég flutt till. um að fara hér milliveg, þannig, að eftir minni till. yrði tap ríkissjóðs helmingur þess, sem búast mætti við eftir frv., eða um 10 þús. kr.

Ég tel óþarft að hafa mörg orð um þetta, en ég tel óviðkunnanlegt að vera að kroppa af ríkissjóði þær tekjur, sem honum hafa verið aflaðar af Alþingi. Hitt væri sök sér, að samþ. þetta fyrir árið 1936, því að þá mætti gera ráð fyrir þeirri tekjurýrnun við samningu fjárl. fyrir það ár.

Þar að auki vil ég benda á það, að mér finnst ekki sanngjarnt að hafa sama flutningsgjald fyrir þennan varning vetur og sumar, því að þótt þessi flutningur fari nú fram að miklu leyti á bílum, þá fer því fjarri, að þeir séu eins auðveldir á vetrum eins og á sumrum.

Ég vil líka taka það fram, að ég álít rangt að samþ. till., sem raska verulega niðurstöðu fjárl. frá því, sem áætlað er, nema þá um leið séu fluttar till., sem vega þar á móti. Ég álít því, að ekki sé rétt að samþ. þetta, nema þá fyrir árið 1936, en þó mætti sætta sig við þetta, ef brtt. mín yrði samþ., því að þá yrði tjónið ekki nema 10000 kr.

Frsm. (Páll Hermannsson): Það er að vísu alveg rétt, sem hæstv. fjmrh. benti á, að það er óþægilegt, eftir að búið er að semja fjárl., að

kippa burt tekjuliðum þaðan. En ég vil vekja athygli hæstv. ráðh. á því, að þetta mál hefir sennilega farið framhjá honum í Nd., og er sjálfsagt af eðlilegum ástæðum, að hann hefir ekki getað verið viðstaddur. Ég þarf ekki að tala nánar um þetta af n. hálfu, því að ég hefi þegar lýst hennar afstöðu, en vitanlega mætti íhuga, hvort ekki væri skynsamlegt að láta l. ekki koma til framkvæmda fyrr en um næstu áramót, en sú till. liggur ekki fyrir hér, svo að ég þarf ekki að minnast á hana, nema hún komi fram síðar.

Sigurjón Á. Ólafsson: Það eru aðeins nokkur orð út af ræðu hæstv. fjmrh. Hann bendir á, að þetta sé svo mikil tekjurýrnun fyrir ríkissjóð. Það er rétt, að þetta nemur um 20000 kr. En eins og hv. frsm. benti á, þá gæti þetta um leið þýtt meiri flutninga, sérstaklega á blöðum, sem mundi þá að nokkru leyti vega upp á móti þessu.

En hvað sem því líður, að ekki megi ganga langt í því að rýra tekjustofna ríkisins, þá verðum við þó að viðurkenna það, að hér getur samt verið um undantekningar að ræða. Ég hygg, að allir þeir, er þetta mál athuga, geti orðið sammála um það, að burðargjald af blöðum, og jafnvel tímaritum líka, sé nú svo hátt, að það geti staðið þeim fyrir þrifum, og eins og hæstv. fjmrh. veit, þá eru þau blöð, sem send eru út um land frá útgáfustöðum sínum, ekki borguð hærra en sem svarar flutningskostnaðinum einum saman. Sé mjög dýrt að koma þessum blöðum út um land, þá getur jafnvel farið svo, að sá kostnaður reynist útgáfunum um megn.

Þá hefir einnig verið bent á það, hversu miklu betri farartæki eru nú orðin. Meginhlutinn af öllum blaðapósti fer með skipum og landflutningarnir mestmegnis á bílum, en þegar gjaldskráin var samin, var áreiðanlega gert ráð fyrir, að nota þyrfti hesta að miklu leyti, og það sýnir manni, að það hefir ekki verið meiningin, að ríkið hagnaðist á þessum flutningum.

Hv. frsm. var að tæpa á því, hvort n. mundi ekki vilja flytja till. um, að l. kæmust ekki til framkvæmda fyrr en um næstu áramót. Ég skal ekki segja, hvað aðrir nm. vilja, en ég er því mótfallinn. Ég álít, að 20000 kr. sé ekki of mikil ívilnun blöðum og tímaritum til handa, því að það er vitanlegt, að kreppan gerir vart við sig hjá blaðútgáfum ekki síður en annarsstaðar.

Fjmrh. (Eysteinn Jónsson) óyfirl.]: Það er rétt hjá hv. 1. þm. N.-M., að þetta mál fór fram hjá mér í Nd. þangað til við 3. umr., en þá var það í samráði við mig, að hv. 9. landsk. flutti brtt. um þetta sama efni og ég flyt nú í þessari d. Sömuleiðis get ég viðurkennt það sem vanrækslusynd hjá mér, að ég athugaði ekki að tala um þetta mál við þá n., sem fékk það til meðferðar. Ég skal ekki um það segja, hvort það hefði haft áhrif, en það hefði mér þó kannske borið að gera, fyrst ég vildi, að frv. væri breytt.

Ég hefi enga trú á því, að flutningarnir aukist, þó að burðargjöldin lækki; ég hygg, að menn hafi hingað til komið blöðunum áleiðis þrátt fyrir þetta hátt gjald og enginn hörgull sé á blaðasendingum út um land. Ég sé því í raun og veru ekki ástæðu til að lækka þetta gjald, og um það ættu menn þó a. m. k. að geta orðið sammála, að láta þetta ekki koma til framkvæmda á þessu ári, því að það er engin knýjandi nauðsyn til, að menn fari að lækka gjaldið á yfirstandandi ári.

Það má benda á fjölda margt fleira, sem mönnum kynni að þykja ástæða til að breyta, þó að þeir vilji ekki fyrir það rjúka í að breyta lagafyrirmælum, sem hafa áhrif á gildandi fjárl., en láta sér nægja að bíða þangað til hægt er að taka slíkt til greina í sambandi við afgreiðslu fjárl.

Hv. 4. þm. Reykv. segir, að kreppan komi niður á blöðunum eins og öðrum. Það kann að vera rétt, en ekkert hefir samt orðið vart við, að minni sé eða verri úthlutun á blöðum nú en áður. Mér hefir sýnzt, að þar sé enginn munur á því, sem áður var.

Ég skal svo ekki orðlengja frekar um þetta, en mun sætta mig við úrslit atkvgr.

Magnús Guðmundsson: Mér finnst hæstv. fjmrh. vera nokkuð nákvæmur að því er fjárl. snertir, ef hann heldur, að þessi upphæð hafi mikið að segja, sem hann áætlar 20000 kr. á ári. Ég vil minna á, að nú þegar er liðið nokkuð af þessu ári, og þessi l. koma því ekki í gildi fyrr en einhverntíma í sumar. Þar af leiðir, að þessi upphæð helmingast á þessu ári. Ég held líka, að fjárl. séu ekki svo hárnákvæm, að upphæðir eins og þessi hafi þýðingu. En ég get hugað hæstv. ráðh. með því, að allshn. kom sér í morgun saman um till., sem aflar ríkissjóði tekna, sem mun vega upp á móti þessu tekjutapi. Hann getur því verið öruggur um fjárhag landsins, þó að þessi till. verði samþ.

Fjmrh. (Eysteinn Jónsson) óyfirl.]: Það getur verið, að það sé rétt, sem hv. 1. þm. Skagf. nú sagði, að þessar 10—20 þús. setja landið ekki á höfuðið, en það er vitanlegt, að ef margar slíkar upphæðir koma saman, þá getur það haft veruleg áhrif. Ég man það, að sessunautur hans, hv. 1. þm. Reykv., var að tala um það hér um daginn, að þótt ekki munaði mikið um hverjar 10000 kr., þá dragi það sig samt saman, og þar er ég honum alveg sammála. Þó að ekki muni mikið um 10000 kr., þá draga margar slíkar upphæðir sig samt svo saman, að það getur haft mikla þýðingu.

Ég er þakklátur hv. allshn., ef hún ætlar að gera ráðstafanir til að afla tekna til að vega upp á móti þessu tapi, en ég vil þá einnig beina því til n., hvort hún vilji ekki fallast á þá uppástungu hv. 1. þm. N.-M. að bera fram till. um, að þessi l. komi ekki til framkvæmda fyrr en á árinu 1936, svo að þau hafi engin áhrif á fjárl. þessa árs.

ATKVGR.

Brtt. 178 felld með 9:5 atkv.

1. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.

2. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 12 shlj. atkv.

Á 33. fundi í Ed., 23. marz, var frv. tekið til 3. umr. (A. 51, 238).

Frsm. (Páll Hermannsson): Ég hefi flutt brtt. við þetta frv. (á þskj. 238), sem fjallar um það, að láta frv., ef það verður að lögum, ganga síðar í gildi en gert er ráð fyrir í frv., eða ekki fyrr en um næstu áramót. Það var minnzt á þetta atriði hér í d. við 2. umr., svo að ég þarf ekki að fjölyrða um það. Mér virðist blaðaútgefendur mættu una sæmilega við, þó að breytingin, sem frv. felur í sér, kæmi ekki til framkvæmdar fyrr en í byrjun næsta árs, m. a. vegna þess, að lækkunin, sem gert er ráð fyrir á flutningatöxtum, er mikil, nemur yfir sumarið um ⅖ og á veturna um ⅓.

Náttúrlega má segja, að hér sé ekki um stóra upphæð fyrir ríkissjóð að ræða, að því er nemur flutningstöxtum þessa árs. Er ekki líklegt, að það verði meira en helmingur af því, sem verður í framkvæmdinni, þar eð svo er áliðið árið. En þó dregur dálitið um þetta, ef hv. dm. vildu fallast á brtt.

Magnús Guðmundsson: Ég tók ekki eftir, að hv. þm. N.-M. minntist á það, að þessi brtt. var dálitið rædd á fundi allshn. í dag. Eftir því sem mér skildist við þær umr., voru 2 nm. með henni, en 3 á móti. Ég vil, að þetta komi hér fram, að brtt. var athuguð á fundi allshn.

Frsm. (Páll Hermannsson): Það er rétt, sem hv. 1. þm. Skagf. segir, að allshn. hefir athugað till. En ég mundi ekki eftir því, að ég væri sérstaklega frsm. n. við þessa umr., og láðist mér því að geta um þetta, enda sakar það ekki. N. var ekki sammála um till., og kemur það auðvitað fram við atkvgr.

ATKVGR.
Brtt. 238 felld með 9:3 atkv.
Frv. samþ. með 11:1 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 265).

19. Lögreglusamþykktir utan kaupstaðanna.

Á 15. fundi í Ed., 2. marz, var útbýtt:
Frv. til l. um lögreglusamþykktir utan kaupstaðanna (þmfrv., A. 43).

Á 17. fundi í Ed., 5. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Pétur Magnússon): Þetta er svo einfalt mál, að ég sé ekki ástæðu til að bæta við þá stuttu grg., sem frv. þessu fylgir, en vil aðeins leyfa mér að leggja til, að frv. verði, að lokinni þessari umr., vísað til hv. allshn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv. og til allshn. með 10 shlj. atkv.

Á 22. fundi í Ed., 11. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 43, n. 88).

Magnús Guðmundsson: Það er ekki þörf að hafa langt mál um þetta. N. er sammála um að samþ. frv. svo að segja óbreytt. Við teljum ákvæðin hentugri í frv. heldur en í núgildandi lögum. Frv. gerir ráð fyrir, að búnar séu til samþykktir fyrir sýslufélögin í heild, en ekki fyrir hvert hreppsfélag fyrir sig. Þó svo geti verið í einstökum hreppum, að þar eigi ekki sama við og í öðrum hlutum sýslufélags, þá er ekkert hægra en taka fullt tillit til þessa þegar samþykkt er sett. Ef þetta frv. verður samþ., verða tvenn lög í gildi. Önnur fyrir sýslufélögin og önnur fyrir kaupstaðina.

Eina breytingin, sem n. fer fram á að gerð sé á frv., er, að vísað sé til laga nr. 67 frá 28. nóv. 1919, en í þeim lögum eru tekin nokkur atriði til viðauka við lögin frá 3. jan. 1890.

ATKVGR.
Brtt. 88 samþ. með 9 shlj. atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 10 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 10 shlj. atkv.

Á 24. fundi í Ed., 13. marz, var frv. tekið til 3. umr. (A. 116).
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 10 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 27. fundi í Nd., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 116).
Á 29. fundi í Nd., 15. marz, var frv. tekið til 1. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 30. fundi í Nd., 16. marz, var frv. aftur tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 19 shlj. atkv. og til allshn. með 17 shlj. atkv.

Á 35. fundi í Nd., 22. marz, var frv. tekið til 2. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 36. fundi í Nd., 23. marz, var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 116, n. 202).
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 18 shlj. atkv.

Á 38. fundi í Nd., 26. marz, var frv. tekið til 3. umr.

Frsm. (Thor Thors): Það var ekkert minnzt á þetta frv. við 2. umr., en þar sem ég er frsm. allshn., vil ég geta þess, að hér er um nýmæli að ræða, þó það sé smávægilegt. Með þessu frv. er sýslunefndum heimilað að setja sérstaka lögreglusamþykkt, sem gilda á fyrir alla sýsluna utan kaupstaða. En samkv. núgildandi lögum eru það hreppsnefndir, er gera slíkar samþykktir, hver fyrir sitt sveitarfélag. Það á að vera óþarft, af því að samskonar lögreglusamþykkt virðist geta gilt fyrir öll sveitarfélög, a. m. k. innan sama sýslufélags. Þess vegna er nægilegt, að sýslunefndin geri eina slíka samþykkt fyrir hvert hérað, og eru þá hreppsnefndir jafnframt lausar við það mál.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 17 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 292).

20. Jarðræktarlög (frv. JónsP).

Á 9. fundi í Nd., 19. febr., var útbýtt:

Frv. til l. um breyt. á jarðræktarlögum, nr. 43 20. júní 1923 (þmfrv., A. 12).

Á 11. fundi í Nd., 21. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Jón Pálmason): Þetta frv., sem hér liggur fyrir á þskj. 12, er gamall kunningi hér á Alþ., því að frv. sama efnis hafa nokkrum sinnum áður verið lögð fyrir hv. Alþ.

Eins og menn sjá, er þetta lítið frv. fyrirferðar. Þó fjallar það um eitt af mestu ágreiningsmálum þeirra, er landbúnað stunda, því að afdrif þess ákveða það, hvernig stjórnarfyrirkomulagi Búnaðarfélags Íslands verður háttað. Hvort það félag verður frjáls stofnun, sem að mestu leyti er óháð þingi og ríkisstj., eða hvort þing og stj. hafa þar öll yfirráð.

Saga þessa máls er að sjálfsögðu flestum hv. þdm. kunn og er þannig, að þegar jarðræktarl. voru samþ. á Alþ. 1923, höfðu í upphafi komið fram till. og kröfur um það frá þáverandi landbrh., að Búnaðarfélag Íslands yrði gert að einskonar skrifstofu undir ráðuneytinu, sem samsvaraði vegamálaskrifstofunni, vitamálaskrifstofunni o. s. frv. En sú miðlunarleið var þá farin, að landbn. þingsins tilnefndu meiri hl. í stj. Búnaðarfélags Ísl. Eftir því sem ég hefi komizt næst, hefir á þeim tíma verið haldið linlega á þeim kröfum, að Búnaðarfél. Ísl. skyldi vera frjáls stofnun stjórnarfarslega. Enda kom það þá brátt í ljós, að bændur landsins, búnaðarsambönd og búnaðarþing voru ekki ánægð með breyt. þessa á stjórn Búnaðarfélagsins, því að þessir aðilar hafa margsinnis komið með kröfur um, að þessu stjórnskipulagi yrði breytt aftur þannig, að Búnaðarfél. Ísl. yrði að því leyti frjáls bændastofnun, að búnaðarþing kysi alla í stj. þess. Samkv. áskorunum frá bændum og búnaðarsamböndum og a. n. l. frá búnaðarþingi hafa verið fluttar á Alþ. till. til breyt. í þessu efni, sem jafnan annaðhvort hafa dagað uppi, eða þær hafa verið drepnar með meiri hl. atkv. Í þessari baráttu hefir það undarlega komið í ljós, að ýmsir þeir, sem þá og síðan hafa talið sig vera forsvarsmenn íslenzkra bænda og talið sig vilja hafa þeirra frelsi sem mest, þeir hafa ekki sýnt nógu mikla einlægni til að fylgja þessu máli svo fram, að bændur mættu verða frjálsir að því að ráða stj. þessarar stofnunar, heldur hefir þeirra fleipur gengið í þá átt að halda fram skoðunum, sem þeir í verkinu sýndu, að þeim var engin alvara með.

Aðalmótbárur, sem komið hafa fram gegn því, að stj. Búnaðarfél. Ísl. yrði komið í það horf, sem farið er fram á í frv. þessu, hafa jafnan verið þær, að það væri eðlilegt og sjálfsagt, að Alþ. hefði sem nánast eftirlit með því, hvernig því fé væri varið, sem Búnaðarfél. Ísl. fengi til úthlutunar frá ríkinu. Þessi upphæð hefir á undanförnum árum verið kringum 200 þús. kr.

Vilji bændastéttarinnar kemur fram hjá þeim fulltrúum, sem hún ein kýs á búnaðarþing. Á bak við Alþ. standa allar stéttir þjóðfélagsins. Má segja, að nokkuð mikið vantraust sé hjá Alþ. á þeim, sem landbúnað stunda, ef Alþ. trúir þeim ekki fyrir því að úthluta þeirri fjárupphæð, sem hér er um að ræða. Um þessa sérstöku hlið málsins skal ég að svo stöddu ekki hafa fleiri orð.

En hvernig er aðstaðan í þessu efni nú?

Eins og hv. þdm. er kunnugt var á síðasta þingi flutt í Ed. frv. shlj. því frv., sem hér liggur nú fyrir. Það var þá svæft í n. og þar með var sýnt, að engin alvara hefir verið á bak við það hjal, sem hjá mörgum hefir heyrzt um það, að bændastéttin ætti að hafa með sér frjálsan félagsskap.

Mér þótti sjálfsagt að gera tilraun um það hér í hv. d., hvort hugarfar manna væri nú hér hið sama og það var í Ed. í fyrra, hugarfar þeirra manna, sem í blöðum og á mannfundum utan Alþ. hafa haldið því fram, að félagsskapur bænda eigi að vera frjáls og óháður. Þetta hlýtur að koma í ljós við meðferð þessa máls hér í hv. d.

Það er skoðun mín, að Búnaðarfélag Íslands eigi að vera sem frjálsastur og óháðastur stéttarfélagsskapur íslenzkrar bændastéttar. Búnaðarfélag Íslands er, eins og kunnugt er, ekkert annað en miðstöð þeirra samtaka, sem gerð eru með búnaðarfélögum og búnaðarsamböndum á öllu landinu, og innibindur innan sinna vébanda flesta þá menn, sem íslenzkan landbúnað stunda. Hinsvegar á Búnaðarfél. Ísl. að vera og hefir verið félagsskapur, sem ásamt því að gera rannsóknir og athuganir á náttúruskilyrðum okkar lands leiðbeinir um það, hvernig bezt sé að reka þennan atvinnuveg samkv. þeim upplýsingum, sem vísindin veita.

Ég lít svo á, að búnaðarfélagsskapurinn eigi einnig að sjálfsögðu að vera hagsmunafélagsskapur bænda til þess að sjá um allsherjar samband landbúnaðarmanna, þannig að þau samtök tryggi það, að þjóðfélagsvaldinu sé á hverjum tíma beitt þannig, að sem bezt séu tryggðir hagsmunir þessa elzta, tryggasta og almennasta

atvinnuvegar, sem stundaður er á þessu landi. Ég segi elzta og tryggasta atvinnuvegar, og miða þá ekki við það, að landbúnaðurinn framleiði svo sérstaklega mikil verðmæti til útflutnings. En hitt er víst, að á leiðum hans eru bezt skilyrði til þess, að fólk, sem hann stundar, geti lifað af framleiðslu þeirri, sem landið sjálft skapar.

Það hefir verið mjög mikið um það talað, að togstreita væri á milli stjórnmálaflokkanna í landinu um þessa hluti, en út í það mun ég ekki fara nú, nema sérstakt tilefni gefist til þess. En ég legg áherzlu á það, að þessi félagsskapur á að vera algerlega óháður því, hvaða skoðanir menn hafa á ríkjandi stjórnmálastefnum í landinu. Það hefir verið mjög mikið talað um það undanfarna daga, utan þessara sala, að nauðsynlegt væri að stofna allsherjar samband meðal íslenzkra bænda, utan Búnaðarfélags Íslands, sem væri ópólitískt. Ég hefi ekki fengið neinar sönnur fyrir því, að mikil alvara væri á bak við það tal. En ef þar er alvara á bak við, þá ætti hún að sjást í því, að þeir menn, sem talað hafa svo utan þings, sýni það í verkinu, að þeir vilji, að Búnaðarfél. Ísl. sé frjáls stofnun, sem ekki sé sagt fyrir verkum um það, hvernig það eigi að úthluta því fé, sem ríkisvaldið fær því í hendur, eða það fær á annan hátt, því að eins og kunnugt er, hafa Búnaðarfél. Ísl. verið sett allhörð skilyrði um það, hvað það eigi að gera og hversu það eigi að vera undirgefið ríkisvaldinu til þess að það fái áfram það fé, sem því hefir verið veitt árlega í fjárl. Um þetta stendur nú, svo sem kunnugt er, allhörð deila, sem er ofarlega í hugum manna, af því að búnaðarþing stendur yfir og þar á að ráða til lykta því, hver verði forstjóri okkar búnaðarmála og hversu þeim málum verði yfirleitt skipað. Vegna þessara ástæðna legg ég á þá ósk ríka áherzlu, að afgreiðslu þessa máls verði hraðað, hvort sem frv. verður samþ. eða fellt, svo að það komi ljóst og greinilega fram, hvort á að hafa þá aðferð í þessu efni, sem höfð hefir verið nú undanfarið, eða hvort mönnum er alvara með að breyta þar til. Það er sérstaklega nauðsynlegt að flýta afgreiðslu þessa máls, vegna þess að búnaðarþingið, sem stendur nú yfir, verður líklega fyrr úti heldur en Alþ. Ef frv. verður samþ. áður en búnaðarþinginu er lokið, þá fær búnaðarþing það, er nú situr, tækifæri til þess að kjósa alla mennina í stj. Búnaðarfélags Íslands, og getur þar með ráðið því, hvernig þessum málum verði hagað á því fjárhagstímabili, sem það afgreiðir áætlun fyrir. Af þessari orsök vil ég enda mína ræðu með því að skora á hæstv. forseta og aðra, sem hlut eiga að máli, að sjá um, að afgreiðslu þessa máls verði sem allra mest flýtt hér á Alþ.

Jón Sigurðsson: Aðeins örfá orð til viðbótar því, sem hv. síðasti ræðumaður sagði. Ég ætla ekki að fara út í það að rekja sögu þessa máls eða endurtaka það, sem síðasti ræðumaður sagði nú. En ég vil aðeins vænta þess, að um þetta mál náist samkomulag. Búnaðarþing það, er nú situr, hefir athugað þetta mál alveg sérstaklega, og nú fyrir fáum dögum lá fyrir búnaðarþinginu till., sem ég vil lesa hér upp, með leyfi hæstv. forseta. Till. er svona:

„Búnaðarþingið væntir þess fastlega og leggur á það alveg sérstaka áherzlu, að Alþingi það, er nú situr, sjái sér fært að verða við þeirri eindregnu og ítrekuðu ósk Búnaðarþingsins og alls þorra bænda, að nema burtu úr jarðræktarlögunum ákvæði 2. gr. um að meiri hluti stjórnar Búnaðarfélags Íslands skuli útnefndur af atvinnumálaráðh., eftir tillögum landbúnaðarnefnda Alþingis.“

Þessi áskorun var samþ. með 14 shlj. atkv., og er það þó vitað, að á búnaðarþinginu eiga sæti menn úr öllum stjórnmálaflokkum. Þykir mér þess vegna líklegt og ég vil fastlega vænta þess, að nú sé svo komið, að allir geti orðið sammála um að afgr. þetta mál fljótt og vel.

Ég vil taka undir það, sem hv. síðasti ræðumaður sagði, að æskilegast er, að afgreiðslu þessa máls verði frekar hraðað, að svo miklu leyti sem unnt er.

Forsrh. (Hermann Jónasson) [óyfirl.]: Um þetta frv., sem hér liggur fyrir, skal ég ekki vera langorður að svo komnu. En ég vil aðeins geta þess, að nú nýlega hefi ég átt tal við þá menn, sem til þess voru kjörnir af búnaðarþinginu að ræða við mig um fyrirkomulag Búnaðarfélags Íslands, og þau viðtöl halda áfram með því fyrirkomulagi, sem við höfum komið okkur saman um.

Ég býst ekki við að geta orðið við þeirri beiðni, sem fyrir liggur frá þeim hv. þm., sem talað hafa í þessu máli nú, að flýta sérstaklega afgreiðslu þessa frv., einmitt með tilliti til þess, að það mál, sem frv. er um, er þannig til umræðu og yfirvegunar.

Sennilega eru flestir þeirrar skoðunar nú, að varla geti komið til mála annað en að breyta á einhvern hátt fyrirkomulaginu á stjórn Búnaðarfél. Ísl., þannig að dregin verði ákveðin lína til verkaskiptingar um stjórn á þeim málum, sem Búnaðarfél. Ísl. sjálft ráði yfir annarsvegar og þar sem það kysi sína stjórn, og þeim málum hinsvegar, sem ríkisstj. eða hlutaðeigandi ráðh. ráði yfir. Þetta er yfirleitt orðin næsta almenn skoðun, að nauðsynlegt sé að draga þessar takmarkalínur. En áður en þessar takmarkalínur eru dregnar er raunverulega ekki hægt og ekki rétt að afgr. frv. þetta, eins og það er nú. Þetta vildi ég láta koma fram þegar við 1. umr. þessa máls, vegna þess að það er eðlilegt, að það hafi áhrif á afgreiðslu þess og gang þess yfirleitt hér á háttv. Alþingi.

Bjarni Ásgeirsson [óyfirl.]: Ég vil ekki hafa mörg orð um þetta mál nú, af tveimur ástæðum. Af því í fyrsta lagi, að ég geri ráð fyrir, að þessu máli verði vísað til n., sem ég á sæti í og hv. flm., og verður þá tækifæri til að ræða málið í n., og í öðru lagi vegna þess, að ég er á margan hátt sammála flm. málsins. Hann hefir flutt, með dálítið öðru orðalagi, ræðu, sem ég hefi flutt á flestum þeim Alþ., sem ég hefi átt sæti á, sem rök fyrir samskonar breyt., sem ég þá hefi flutt frv. um, en ekki hafa náð fram að ganga, bæði af því, að flokkarnir í Alþ. hafa

verið nokkuð klofnir um málið, og a. n. l. af því, að búnaðarþingið sjálft hefir ekki staðið saman um kröfurnar, og í það hefir verið vitnað af þeim, sem talað hafa á móti þessu máli.

Eins og hv. 7. landsk. tók fram, stendur nú yfir búnaðarþing, sem einróma styður kröfur frv. Og ég vona, að það bergmáli svipað hér á Alþ. og vil vænta þess, að nú blási byrlegar en áður fyrir þessu máli. Nú er verið að skipa n. til þess að koma með till. um samband á milli Búnaðarfél. Ísl. annarsvegar og ríkisvaldsins hinsvegar.

Ég er sömu skoðunar og alltaf áður, að hvaða atriði fleiri, sem kunna að verða dregin inn í breyt. á skipulagi Búnaðarfél. Ísl., þá sé þetta höfuðatriði, sem sjálfsagt sé að koma í lag eins fljótt og mögulegt er, vegna starfsemi félagsins.

Jón Sigurðsson: Mér kom dálitið á óvart svar hæstv. forsrh. Ég var nefnilega einn í þeirri n., sem talaði við hann um þetta mál. Ein af þeim spurningum, sem við lögðum fyrir hann, var sú, hvort búnaðarþingið mætti ekki vænta þess, að hann sem landbúnaðarráðh. styddi að því og fylgdi því fram, að búnaðarþingað fengi algerlega að kjósa sína stjórn. Við skildum allir svör hans á þá leið, að hann væri þessu eindregið fylgjandi. Hafi þetta nú verið meining hans, að ljá þessu máli eindregið fylgi, þá get ég ekki séð, að það komi í bág við það, þó nú sé verið að öðru leyti að starfa að því að ákveða, hvaða mál skuli heyra undir Búnaðarfélagið og hvaða mál önnur Búnaðarfélagið skuli fá til meðferðar, sem heyra undir stj. Það er óskylt þessu máli út af fyrir sig, og þess vegna eru það aðeins undanbrögð að vilja draga málið, þangað til þessi önnur atriði eru tekin fyrir. Þetta eru sérstök mál út af fyrir sig, og ég og meðnm. mínir skildu hæstv. ráðh. svo, að hann vildi vera þessu máli hlynntur, þegar n. talaði við hann, og mundi styðja að framgangi þess án allra skilmála.

Hannes Jónsson [óyfirl.]: Það ætti að vera óþarfi að hafa langar umr. um þetta mál, því að ég held, að það hafi verið gefnar yfirlýsingar um það af Framsfl., Sjálfstfl. og Bændafl., að það væri sjálfsagt að vinna að því, að Búnaðarfélag Íslands fengi sjálft að ráða hvernig þess eigin stj. væri skipuð. Og þegar það er nú upplýst, sem alltaf hefir verið vitað, að búnaðarþingið óskar eindregið eftir að fá þennan rétt viðurkenndan, þá ætti Alþingi ekki að láta standa á sér að ganga inn á þessa sjálfsögðu leið, að skapa Búnaðarfélaginu þessa aðstöðu. Og þar sem þetta mál hefir verið borið fram á fjölmörgum undanförnum þingum, þó að það hafi ekki enn fengið afgreiðslu, þá vil ég vænta þess, að landbn., sem væntanlega fær þetta mál til meðferðar, flýti nú afgreiðslu þess. Ég þykist mega vænta þess, að hv. form. landbn., sem er einn af stjórnendum Búnaðarfél., beiti sér fyrir því, að ekki verði legið á þessu máli eins og gert var á óforsvaranlegan hátt á síðasta þingi í landbn. Ed. (**BÁ:** Ég átti ekki sæti í þeirri n.). Nei, og það hefði ekki heldur svo til gengið, ef hann hefði átt sæti þar. Vona ég, að hann sýni nú, að landbn. Nd. er öðruvísi skipuð en landbn. Ed. á síðasta þingi. Það er ekki vansalaust, að málið sé látið liggja óhreyft í n. svo að segja allan þingtímann, eftir að flokkarnir hafa gefið yfirlýsingu um, að þeir vilji vinna að því, að slík skipun Búnaðarfél. verði lögfest. Slíkur loddaraleikur á ekki að eiga sér stað. Ég vona því, að nú verði séð svo til, að málið komist í gegnum þingið.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 18 shlj. atkv. og til landbn. með 18 shlj. atkv.

Á 16. fundi í Nd., 28. febr., var frv. tekið til 2. umr. (A. 12, n. 30).

Frsm. (Jón Pálmason): Við 1. umr. þessa máls gerði ég grein fyrir því, af hvaða sökum þetta frv. er flutt, og að nokkru leyti fyrir þeim ágreiningi, sem orðið hefir í sambandi við það á þingi og utan þings á undanförnum árum. Ég sé því ekki ástæðu til, nema sérstakt tilefni gefist, að fara út í þá hlið þessa máls við þessa umr.

Nú hefir landbn. athugað frv. og orðið sammála um að mæla með, að það verði samþ. Eins og nál. á þskj. 30 ber með sér, hafa þó tveir af nm. skrifað undir það með fyrirvara, hv. þm. Hafnf. og hv. þm. N.-M., og munu þeir að sjálfsögðu við þessa umr. gera grein fyrir því, í hverju sá fyrirvari þeirra er fólginn. Ég sé ekki ástæðu til þess að fara að lýsa honum, en mun svara þeim rökum, sem þeir hafa fram að bera, þegar þeir hafa gert grein fyrir sínum ástæðum.

Að svo mæltu vil ég mælast til, að frv. verði að þessari umr. lokinni vísað áfram til 3. umr.

Emil Jónsson [óyfirl.]: Ég hefi skrifað undir þetta nál. með fyrirvara, og skal ég með fáum orðum gera grein fyrir, í hverju hann er fólginn.

Ég er samþ. aðalefni frv., því, að bændur sjálfir fái yfirráð yfir stjórn Búnaðarfélagsins. En mér finnst samt nokkuð við það að athuga, hvernig málið er fram komið, og í því liggur að nokkru leyti minn fyrirvari og að nokkru leyti í öðru atriði.

Uppbygging búnaðarsamtakanna er á þann veg, eftir því sem mér er sagt, að þótt þetta frv. komist í gegn, er alls ekki tryggt, að meiri hl. bænda fái full yfirráð um skipun búnaðarþingsins, vegna þess kosningafyrirkomulags, sem er til búnaðarþings. Ég skal ekki fara frekar út í það. Það eru aðrir hér í hv. d., sem eru færari til þess að skýra þetta mál, en ég veit, að þetta er rétt.

Í öðru lagi er í fjárlögum yfirstandandi árs í sambandi við fjárveitinguna til Búnaðarfél. svo hljóðandi aths., er ég nú skal lesa upp með leyfi hæstv. forseta:

„Ríkisstjórninni er falið að undirbúa till. um framtíðarskipulag Búnaðarfélagsins og leggja þær fyrir næsta þing".

Ég hefði kosið, að hæstv. landbúnaðarráðh. væri hér viðstaddur til þess að gera grein fyrir, hvernig hann hugsar sér að gera till. í þessu máli, en mér finnst óeðlilegt, að einstakir þm. taki sig fram um það verk, sem hæstv. ríkisstj. hefir verið falið. Mér finnst eðlilegt, að hæstv. landbúnaðarráðh. hafi ekki getað skilað áliti sínu um þetta ennþá, þar sem svo stutt er áliðið þings, og í öðru lagi er vitað, að hann *hefir haft öðrum störfum að gegna*, m. a. erlendis nú um nokkurn tíma. Mér hefði þess vegna fundizt eðlilegra, að hæstv. landbúnaðarráðh. yrði gefinn kostur á að skila till. sínum um þetta mál áður en hv. þd. fer að slá nokkru föstu um það. Ég er sem sagt í „principinu" með málinu, en felli mig ekki við þessa afgreiðslu þingsins á því, að ekki sé beðið eftir, að landbráðh. komi með sínar till., sem hæstv. Alþingi hefir beinlínis falið honum að gera. Mér er sagt, að hæstv. ráðh. hafi staðið í samningum við yfirstandandi búnaðarþing um þetta atriði og önnur, sem málið snerta, og hefði mér því fundizt réttast að fresta málinu þangað til hann hefir komið með sínar till. Mitt atkv. getur því farið eftir því, hvað hæstv. ráðh. segir í þessu máli, en eins og ég sagði áðan, er ég samþykkur því í „principinu".

Frsm. (Jón Pálmason): Ég gerði ráð fyrir, að hv. 2. þm. N.-M. *mundi gera grein fyrir sínum fyrirvara*, en úr því að það er ekki, skal ég þegar segja örfá orð um þann ágreining, sem hv. síðasti ræðumaður hafði fram að færa í sambandi við þetta mál.

Þá er fyrst að víkja að því, hvort það sé óeðlilegt, að einstakir þm. beri fram þetta mál, af því að Alþingi hafi falið ríkisstj. að gera till. til breytinga í þessu efni. Þá er því fyrst til að svara, að ef ég man rétt, þá mun þessi till. um að fela þetta stj. hafa verið að nokkru leyti tekin aftur á síðasta þingi. (PZ: Hún er í fjárl.). Skilyrðin eru aðallega þau, að ríkisstj. samþ. skipun búnaðarmálastjóra og fjárhagsáætlun búnaðarþings.

Í öðru lagi er það um þetta að segja, að ég lít svo á, að þótt það sé út af fyrir sig gott að vera í samráði við ráðandi ríkisstj. um þessi mál, þá er það að sjálfsögðu fyrst og fremst búnaðarþingið og þeir fulltrúar, sem bændur *sjálfir kjósa, sem eiga að hafa vald á því*, hvert sé skipulag þessara mála. Að öðru leyti er um þetta mál að segja frá mínu sjónarmiði, að ég hefi enga vissu fyrir því, að hæstv. ríkisstj. leggi fram neina till. til breyt. í þessu efni fyrir þetta þing, en af því að hér er um alvarlegt ágreiningsmál að ræða, sem hefir beðið lengi og nauðsyn bar til að fengi lausn, þá fannst mér ekki ástæða til að bíða eftir því, að fram kæmu frekari till. til breyt. í þessu efni.

Þá vil ég víkja að einu atriði, sem hv. síðasti ræðumaður drap á, sem mér skildist vera aðalatriðið fyrir hans fyrirvara, sem sé því, að kosningatilhögun búnaðarsambandanna og til búnaðarþings sé ekki svo heilsteypt, að viðunandi sé, að hún haldist svo óbreytt. Út frá mínu sjónarmiði er það að segja, að ég tel annmarka á því skipulagi að því leyti, að það standa ekki jafnmargir einstaklingar meðal bænda á bak við hvern búnaðarþingsfulltrúa. Það getur líka verið athugavert, að þar sem svo stendur á, að einfaldur meiri hl. ræður á fundum búnaðarsambandanna, getur hann jafnvel fengið alla fulltrúana kosna þar, sem fleiri á að kjósa. Þess vegna er ég að því leyti samþ. síðasta ræðumanni, um að það sé æskilegt að breyta þessu þannig, að jafnréttið njóti sín frekar *en nú er*. En það *breytir engu frá mínu* sjónarmiði um það, að þrátt fyrir þetta sé sjálfsagt að afgr. þetta frv., sem hér liggur fyrir, og orsakirnar til þess eru þær, eins og hv. síðasti ræðumaður játaði, að það er ekki hægt að setja þetta hér á Alþingi í fullkomið samband hvað við annað, vegna þess, að það á að vera verk búnaðarsambandanna, Búnaðarfél. Íslands og búnaðarþings að gera þær breyt. í þessu efni, sem æskilegar eru. Og ég ber það traust til þessara aðilja, að það sé óhætt fyrir Alþingi að gera ráð fyrir því, að þær breyt., sem til umbóta eru á þessu skipulagi, komist á í náinni framtíð og þurfi ekki sérstaklega að gera þær að skilyrði fyrir framgangi þessa frv. Enda er frá mínu sjónarmiði óeðlilegt, að Alþingi gangi þannig inn á einkaverksvið þessa félagsskapar með því að gera það að beinu skilyrði fyrir því, að þetta frv. verði samþ.

Fleira hefi ég svo ekki að segja að sinni út af *ræðu hv. þm. Hafnf.*

Páll Zóphóníasson: Ég skrifaði undir þetta nál. með fyrirvara vegna þess, að mér var kunnugt um, að það stóðu yfir samningar milli búnaðarþingsins, sem situr, og ríkisstj. um lausn þeirra mála, sem ætlazt var til, að yrðu leyst með því skilyrði, sem sett var í fjárl. á síðasta þingi. Nú er þeim málum komið svo, að það er fyrirsjáanlegt, að þau leysast á þann hátt, sem allir una sæmilega vel. Þess vegna fell ég frá fyrirvara mínum og mun fylgja frv. gegnum þingið og vona, að gata þess verði greidd eins og hægt er, svo að þeim deilumálum, sem utan um Búnaðarfélag Íslands hafa staðið og ætlazt var til, að stj. leysti, verði sem fyrst lokið, en grundvöllur til þess að svo verði, er að þessi lög verði samþ.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 16:1 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 17 shlj. atkv.

Á 18. fundi í Nd., 2. marz, var frv. tekið til 3. umr. (A. 12, 45).

Frsm. (Jón Pálmason): Eins og hv. þdm. er kunnugt um, hefir hv. landbn. gert þá brtt. við frv. það, sem hér liggur fyrir, að fellt verði það bráðabirgðaákvæði inn í lög þau, sem hér um ræðir, að umboð stjórnskipaðra manna í stjórn Búnaðarfél. Íslands verði fellt niður um leið og lögin öðlast gildi. Vitanlega er ætlunin með því, að lögin öðlist þegar gildi, sú, að unnt verði að kjósa á yfirstandandi búnaðarþingi í

stjórn félagsins, en þar sem það þótti öruggara að setja þetta bráðabirgðaákvæði í lögin, hefir landbn. leyft sér að flytja þessa brtt. því til tryggingar.

Að öðru leyti hefi ég ekki annað um frv. að segja og vil mælast til, að það gangi áfram til hv. Ed.

Forsrh. (Hermann Jónasson) [óyfirl.]: Við 2. umr. málsins kom fram sú fyrirspurn, hvaða afstöðu ríkisstj. hefði tekið til þessa máls. Enda þótt ég hafi áður látið þess getið, hvað stj. hefir gert í þessu máli, vil ég þó endurtaka það. Ríkisstj. hefir gert samkomulagstilraunir um verkaskiptingu milli ríkisstj. annarsvegar og Búnaðarfél. hinsvegar; og þær samkomulagsumleitanir eru á góðum vegi. En afdrif málsins velta á þeim samkomulagstilraunum. Þess vegna get ég mælt með því, að þetta frv. verði samþ. eins og það liggur fyrir í þessari hv. d. og verði látið ganga til hv. Ed., en það veltur allt á því, hvernig þessum samkomulagsumleitunum reiðir af, hvort ég get mælt með því, að frv. komist í gegn. Þannig er afstaða mín til þessa máls.

Hannes Jónsson [óyfirl.]: Það var dálítið einkennilegt að heyra það hjá hæstv. ráðh., að hann vill láta viss skilyrði vera fyrir samþykkt allra réttlætismála, sem tilheyra Búnaðarfél. eða landbúnaðinum. Ég veit ekki, hvernig á að skilja þá afstöðu hæstv. stj. eða stjórnarflokka gagnvart þessu máli, ef skilyrði þurfa að fylgja svo sjálfsögðu atriði og því, að Búnaðarfél. ráði sjálft öllu um stjórn sína. Ég veit ekki betur en að framsóknarmenn hafi lýst yfir því, að þetta væri sjálfsagt og því þyrfti að koma í framkvæmd, og það sem allra fyrst. Ef til vill liggur hér eitthvað annað og meira á bak við, eins og virðist vera bak við öll mál, sem landbúnaðinum tilheyra. Í því sambandi vil ég benda á það, að fyrir viku síðan tilkynnti hæstv. stj., að á ferðinni væri frv., sem jafnvel væri komið í prentun, frá ríkisstj. um bætt vaxtakjör fasteignalána. Ég hefi ekki séð bóla á því síðan. Ef til vill er þessi silaháttur ríkisstj. í öllum málum í sambandi við eitthvað, sem þinginu er hulið, en þá á hæstv. stj. að leysa frá skjóðunni og segja, hvað inni fyrir býr. Hæstv. ríkisstj. á ekki að vera að leika þennan skollaleik hér og þykjast vera málunum fylgjandi, ef þetta eða hitt verði gert, sem hún geti sætt sig við. Það er eins og það þurfi að kaupa hæstv. stj. til þess að verða meðmælt hverju einstöku atriði, sem þarf til viðreisnar landbúnaðinum hér á hv. þingi. Það getur orðið erfitt fyrir bændastéttina gegnum fulltrúa sína í hæstv. stj. að vinna að málum sínum ef hún þarf að kaupa hana til hvers atriðis, sem þarf til hagsmuna landbúnaðarins.

Forsrh. (Hermann Jónasson) [óyfirl.]: Það er vitanlega engin ástæða til þess að svara þessari ræðu. Það er sama ræðan, sem þessi hv. þm. hefir haldið hér þing eftir þing og fund eftir fund, svo að ég er því búinn að svara henni oft. Samt vil ég segja nokkur orð viðvíkjandi „frelsun" Búnaðarfél., sem svo er kallað. Um þetta hefir staðið deila hér á hv. þingi í 10—20 ár, og ekki hefir enn tekizt að leysa þá þrætu. Ég býst við, að það hafi aldrei fyrr verið jafnmiklir möguleikar fyrir lausn þessa máls með samkomulagi eins og einmitt nú.

Eins og sakir standa efast ég ekki um, að það samkomulag náist. En eins og fram kom í gær m. a., þegar rætt var um sandgræðslu, þá er fyrirkomulag á starfsaðferðum Búnaðarfél. öðruvísi en æskilegt væri. Það er vitanlega ekki undarlegt, vegna þess að það er vitanlegt, að allar stofnanir hjá öllum þjóðum hafa tekið eðlilegum framförum og breytingum eftir því, sem þörf tímans hefir krafizt. Þar á meðal er þetta komið fram frá einum af starfsmönnum Bfél. Ísl., sem sér um framkvæmd á sandgræðslutilraununum — Gunnlaugi Kristmundssyni —, en hann er einn af beztu starfsmönnum við félagið. Það er borið fram samkv. ákveðinni ósk frá honum, að þetta starf hans verði framvegis látið heyra beint undir ríkisstj. Þess vegna er það ekkert óeðlilegt, þó að þetta verði rannsakað nánar, enda verður það gert af stj. hálfu, hvað sem hv. þm. V.-Húnv. segir.

Ég held fast við það, sem ég áður sagði, og óska þess, að þetta frv. verði látið ganga til Ed., í þeirri von, að samningar takist á milli ríkisstj. og búnaðarþingsins.

Hannes Jónsson [óyfirl.]: Hæstv. forsrh. heldur því enn fram, að háværar raddir hafi látið til sín heyra um breyttar starfsaðferðir í Búnaðarfél. Íslands. Hvaðan koma þær raddir? Ekki frá bændum eða Bfél. Ísl., heldur frá hjarðsveihum ráðh. — sósíalistunum á Alþingi. Ég sé ekki, að hæstv. ráðh. beri sérstök skylda til að taka tillit til óska þeirra í þessu efni, þrátt fyrir ágæti þeirra sem stjórnardilka.

Þessi framkvæmdastjóri sandgræðslunnar — Gunnl. Kristmundsson — er ekki starfsmaður Bfél. Ísl., hann fær laun sín beint úr ríkissjóði, en hefir unnið í samstarfi við Búnaðarfél. (**Forsrh.**: Það hefir heyrt undir Búnaðarfél.). Annars skil ég ekki þá umhyggju, sem þessi hæstv. ráðh. segist hafa fyrir Bfél. Ísl., því að hann hefir þvert á móti sýnt alveg fádæma skilningsleysi og deyfð gagnvart kröfum og þörfum landbúnaðarins fyrr og síðar, og þá ekki sízt gagnvart Bfél. Ísl. Og þennan hálfa mánuð, sem liðinn er af þinginu, hefir ekki bólað á nokkru frá stj. til stuðnings landbúnaðinum, enda hefir hæstv. ráðh. varla látið sjá sig í þd. Og þó hann láti sjá sig, þá heyrist ekkert frá honum annað en örókstudd slagorð um, að þetta og hitt sé nú í undirbúningi og að von sé á málum frá stj. um þau efni, sem aðrir hafa flutt tillögur um. Á þennan hátt reynir stj. að draga allt á langinn. Og þegar óskað er eftir því hér í þd., að hv. landbn. afgreiði þau mál, sem til hennar hefir verið vísað, þá heyrist ekki annað frá flokksmönnum stj. í landbn. en að það sé ástæðulaust að taka frumvörpin til umræðu, af því að það sé von á frumvörpum, sem eigi að koma frá stj. og feli í sér allt það, sem farið er fram á í frumvörpum okkar, og miklu meira. — En gallinn er

bara sá, að þessi loforð eru aldrei efnd. Deyfðin er svo ógurleg, að ekki er með nokkru móti viðunandi. Og þegar hæstv. landbrh. talar hér í þd., þá er eins og hann sé nýlega stiginn upp úr gröf sinni, hann er svo draugslegur í máli, að það er varla hægt að fylgjast með því, sem hann segir, hvað þá að hægt sé að merkja, að nokkur alvara fylgi því. En við, sem hér erum mættir á Alþingi fyrir hönd landbúnaðarins, heimtum, að það sé talað um þau mál af hálfu landbrh. í fullri alvöru, en að ekki sé verið að vefja þau mál í værðarvoðir stjórnarinnar. Og ég vil nota þetta tækifæri til þess að lýsa eftir þeim málum, sem ég hefi flutt á þessu þingi. Við, sem erum fylgismenn þeirra frumv., getum ekki sætt okkur við það, þó að stjórnarliðið sé alltaf að vísa okkur á einhvern allsherjarlífselixir frá stj., sem eigi að bæta öll mein í hverju máli!

Forsrh. (Hermann Jónasson) óyfirl.]: Ég vildi aðeins standa upp til þess að gera hv. þm. V.-Húnv. fyrirheit um það, að þó að ég sé kvefaður í dag, þá skal ég einhverntíma síðar tala við hann hér í þd. svo að hann megi heyra mál mitt.

En viðvíkjandi því, sem hv. þm. var að tala um, að stj. hefði ekki enn komið fram með neinar till. um lækkun vaxta af landbúnaðarlánum, eða í öðrum málum, er snerta landbúnaðinn, þá vil ég benda honum á það, að stj. hefir hingað til komið fram þeim málum, sem hún hefir flutt, hvernig sem hann hefir hagað sér og hvað sem hann hefir sagt. Og svo mun enn verða. Vaxtamálið mun koma nægilega snemma til þess að hægt sé að afgr. það á þessu þingi og láta vaxtalækkun á landbúnaðarlánum koma til framkvæmda næsta haust, þegar þeir vextir falla í gjalddaga. Og til þess er engin þörf á atbeina hv. þm. V.-Húnv. Það er yfirleitt regla stj. að koma fram með sín frv. svo vel undirbúin, að full vissa sé fyrir því, að þau gangi fram, en ekki að varpa þeim fram eins og skrumauglýsingu á Alþingi, svo sem hv. þm. V.-Húnv. temur sér, án þess að hann ætlist til, að þau frv., sem hann flytur, verði að lögum. Þau eiga aðeins að skoðast sem yfirboð. Hitt er vitanlega aðalatriðið, að bera málin fram í því formi, sem hægt er að standa við, og koma því í gegnum þingið, sem raunverulega á að framkvæma.

Hannes Jónsson óyfirl.]: Ég held, að hæstv. ráðh. ætti nú að vera búinn að átta sig á því, eftir þeim óskum, sem um það hafa borizt víðsvegar að af landinu, að það frv., sem við Bændafl.menn höfum flutt um vaxtalækkunina, á að ná samþykki þingsins. A. m. k. ætti hæstv. ráðh. að vera það vorkunnarlaust, eftir allt það, sem fram fór um þetta mál á síðasta þingi, að vera nú búinn að átta sig á því, hvað gera þarf landbúnaðinum til viðreisnar. Og þó að hæstv. ráðh. segi enn, að hægt sé að ljúka vaxtamálinu á þessu þingi, þá hefir það loforð verið svikið einu sinni áður á síðasta þingi. Meiri hl. hv. landbn. gaf þá hátíðlegt loforð um, að það frv., sem hann þá flutti, skyldi komast í gegnum þingið, eftir að meiri hl. n. var búinn að liggja á frv. okkar bændafl.manna um vaxtalækkunina nálega allt þingið. Hv. meiri hl. landb. fullyrti þetta þá, en það reyndist brigðmælgi. Það getur vitanlega farið svo enn, þó að hæstv. ráðh. segi annað, og þó hann haldi því fram, að stj. hafi enn komið fram öllum sínum málum. Það getur verið, að áhugaleysi ráðh. í þessu máli komi honum óþægilega á bak síðar, þannig að þó hann vildi koma þessu máli fram í einhverri mynd, þá bresti hann flokksfylgi til þess. Það er hugsanlegt, að honum bregðist þá bogalistin, þannig að sósíalistarnir hlaupi útundan sér, eins og á síðasta þingi. Frv. meiri hl. landbn. á síðasta þingi komst aðeins í gegnum þessa d., Ed. gat ekki fallizt á það í því formi, sem það var afgr. hér. Og svo gæti enn farið. Það er líka hugsanlegt, að það kunni að taka nokkurn tíma, ef stj. þætti nauðsynlegt að senda þetta frv. til athugunar t. d. upp að Hvanneyri eða eitthvað annað!

ATKVGR.
Brtt. 45 samþ. með 19 shlj. atkv.
Frv., svo breytt, samþ. með 18 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 16. fundi í Ed., 4. marz, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 46).

Á 17. fundi í Ed., 5. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv. og til landbn. með 10 shlj. atkv.

Á 26. fundi í Ed., 15. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 46, n. 120).

Frsm. meiri hl. (Bernharð Stefánsson): Eins og nál. á þskj. 120 ber með sér, hefir landbn. ekki orðið sammála um frv. Meiri hl., en hann skipum við tveir, ég og hv. 2. þm. Rang., lítur svo á, að eðlilegast sé, að Búnaðarfél. Ísl. skipi sjálft stjórn sína, og því leggjum við til, að frv. verði samþ. Frá minni hendi er sú endanlega samþ. frv. bundin því skilyrði, að það samkomulag, sem fengizt hefir um skipun þessara mála, haldist.

Minni hl. hefir ekki skilað áliti, svo mér sé kunnugt, og skal ég ekki frekar fara út í þær ástæður, sem urðu til þess að n. klofnaði um málið.

Jón Baldvinsson óyfirl.]: Með þessu frv. á að færa aftur í sama horf og áður var, þannig að Búnaðarfél. skipi sjálft stjórn sína. En það var, að ég ætla, sett inn í jarðræktarlögin frá 1923, að þingið skyldi nefna til menn í stjórn þess. Þetta var gert vegna þess, að Alþ. fól Búnaðarfél. að hafa umsjón með framkvæmd

jarðræktarlaganna og það hefir með höndum fjárveitingar fyrir ríkissjóð, þar sem það úthlutar þeim styrk, sem veittur er til jarðabóta. Ég hefi alltaf skilið þetta svo, sem þingið vildi með þessu tryggja sér nokkur ráð með fjárveitingum Búnaðarfél. Margir álíta, að vel færi á því, að stjórn félagsins, eða þessi störf, sem lúta að útdeilingu fjár, heyrðu beint undir ríkisstj. Og í raun og veru eiga þessi störf að vera framkvæmd í stjórnarráðinu sjálfu, eins og ég álít réttast, að þessi mál Fiskiveiðafélagsins væru í einni deild stjórnarráðsins.

Mér finnst það dálítið undarlegt, að Alþ. skuli vera að fela hinum og þessum stofnunum að útdeila því fé, sem ætti að heyra beint undir ríkisstj. og hún ætti að geta veitt til þeirra þarfa, sem brýnastar eru og mest aðkallandi. Það er og því minni þörf að fara að gera breyt. á þessu nú, þegar það er ákaflega vafasamt, hvort ríkið getur haldið áfram að greiða jafnháa styrki til jarðræktunar eins og nú er gert ráð fyrir í fjárlögum. Það eru áreiðanlega ýmsar aðrar brýnar þarfir, sem vel gæti komið til mála að veita fé til, en það er ekki hægt nema séð verði fyrir gjaldeyri til þess. T. d. hefir verið talað um frekari uppbót á kjöti, en þar á móti kemur þá auðvitað krafa frá sjávarútvegsmönnum um að greiða það, sem ekki selst af fiski, en þessi fjárhæð er svo gífurleg, að ekki er hægt að gera ráð fyrir, að ríkissjóður geti greitt hana, og er þá sýnilega dálítið varhugavert að sleppa umráðum yfir því fé, sem Alþingi úthlutar, og ég álít, að ekki eigi að hverfa að því ráði nú og þá beri líka að athuga, í sambandi við það, breytingar á öllu þessu fyrirkomulagi, t. d. ef svo færi, að draga þyrfti úr því fé, sem Búnaðarfél. Ísl. hefir frá Alþ. Ég vil skjóta því til hæstv. forseta, hvort hann vill ekki leyfa, að málið sé tekið út af dagskrá, svo mér ynnist tími til að athuga um brtt., sem ég myndi koma með, ef frestur yrði gefinn.

Forseti (EÁrna): Ég veit ekki, hvort ástæða er til þess að taka málið út af dagskrá, þar sem þetta er 2. umr., en hinu skal ég lofa, að taka málið ekki á dagskrá til 3. umr. fyrr en hv. 4. landsk. hefir unnizt tími til að gera þær brtt., sem honum sýnist.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 11:1 atkv.
2. gr. samþ. með 11:1 atkv.
Bráðabirgðaákv. samþ. með 10 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 10 shlj. atkv.

Á 36. fundi í Ed., 27. marz, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 11 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 297).

---

21. Meðferð, verkun og útflutningur á sjávarafurðum.

Á 27. fundi í Nd., 13. marz, var útbýtt:
Frv. til l. um meðferð, verkun og útflutning á sjávarafurðum (þmfrv., A. 118).

Á 29. fundi í Nd., 15. marz, var frv. tekið til 1. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 30. fundi í Nd., 16. marz, var frv. aftur tekið til 1. umr.

Jóhann Jósefsson: Eins og grg. ber með sér, er frv. þetta flutt eftir tilmælum fiskimálanefndar, og virðist það vera nauðsynleg lagaráðstöfun til þess að n. fái það vald um íhlutun hvað snertir verkun, meðferð og umbúðir útfluttra sjávarafurða, sem hún þarf að hafa til þess að fullnægja verkefni sínu. Um þetta efni eru áður til fyrirmæli í l. nr. 88 19. júní 1933, en þau ná aðeins til þess fiskjar, sem fluttur er til Stóra-Bretlands. Þetta frv. aftur á móti nær til allra útfluttra sjávarafurða hvert sem þær eru fluttar, og er því lagt til, að niður falli 2. gr. fyrrnefndra laga, en það er sú gr., sem ræðir um fiskútflutning til Stóra-Bretlands.

Ég vil svo aðeins taka fram, að í frv. er einungis að ræða um heimild handa ríkisstj. til þess að setja ákvæði um þetta efni með reglugerð, að því er snertir þær sjávarafurðir, sem ekki eru til sérstök fyrirmæli um í lögum áður. En eins og menn vita, þá eru ákvæði um saltfiskinn í matslögunum, og um lýsi eru einnig til sérstök fyrirmæli. Þau ákvæði standa öll óbreytt, þó þetta frv. verði samþ.

Sjútvn. stendur öll að þessu máli, og þar sem hún flytur frv., vil ég mælast til, að því verði vísað beint til 2. umr., að þessari umr. lokinni.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 17 shlj. atkv.

Á 32. fundi í Nd., 19. marz, var frv. tekið til 2. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
2.—4. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 20 shlj. atkv.

Á 34. fundi í Nd., 21. marz, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 18 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 31. fundi í Ed., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 118).

Á 33. fundi í Ed., 23. marz, var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 9 shlj. atkv. og til sjútvn. með 9 shlj. atkv.

Á 36. fundi í Ed., 27. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 118, n. 284).
Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 12 shlj. atkv.

Frsm. (Jón Auðunn Jónsson): Ég hefi í raun og veru ekki neinu að bæta við það, sem segir í nál. sjútvn. á þskj. 284.
Það er að öllu leyti heppilegra, að ákvæði um merkingu, umbúðir og mat á sjávarafurðum séu reglugerðarákvæði heldur en að setja l. um það í hverju einstöku tilfelli, og kemur það í veg fyrir, að gefa þurfi út bráðabirgðalög um þetta. Hinsvegar er það svo sjálfsagt, að settar séu reglur um þetta, að þess má vænta að ríkisstj. gefi út á hverjum tíma reglugerð um þetta, en þeim þarf oft að breyta, sérstaklega ef teknar verða upp nýjar verkunaraðferðir, og er því heppilegra að hafa þetta sem reglugerðarákvæði.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
2.—4. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 10 shlj. atkv.

Á 37. fundi í Ed., 29. marz, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 9 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 310).

22. Sala og meðferð íslenzkra afurða.

Á 26. fundi í Nd., 12. marz, var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. nokkurra laga, er varða sölu og meðferð íslenzkra afurða (þmfrv., A. 115).

Á 27. fundi í Nd., 13. marz, var frv. tekið til 1. umr.
Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 18 shlj. atkv.

Frsm. (Sigfús Jónsson): Þetta frv. er flutt af meiri hl. fjhn. Eins og kunnugt er, voru á síðasta þingi samþ. fern lög um sölu íslenzkra afurða. Í þeim er ákveðið að skipa nefndir, er sjái um framkvæmd þeirra, og er þar tekið fram, að ríkissjóður beri kostnaðinn að meira eða minna leyti. Í þessu frv. er farið fram á, að kostnaðurinn af n. þessum sé ekki látinn lenda á ríkissjóði, heldur á sölu afurðanna sjálfra. Nær þetta yfir fiskimálanefnd, síldarútvegsnefnd, kjötverðlagsnefnd og mjólkursölunefnd. Hvað þessi kostnaður er mikill, get ég ekki sagt um, en ég býst við, að hann sé um 100 þús. kr. á ári.
Eins og útlitið er nú, er ekki hægt að segja, að ríkissjóður geti borið þennan kostnað, þó menn væru bjartsýnir, þegar lög þessi voru samþ., og gert væri þá ráð fyrir, að ríkissjóður bæri útgjöld þessi að nokkrum hluta. Nú má gera ráð fyrir, að markaður þrengist, og afleiðingin er sú, að takmarka verður innflutning á erlendum vörum, sem hefir gefið ríkissjóði miklar tekjur. Virðist og eðlilegt, að afurðirnar eða innlendu vörurnar beri sjálfar þann kostnað, er leiðir af skipulagningu sölu þeirra. En þegar svo fer, að vörurnar seljast óeðlilega lágu verði, þá er eðlilegt, að ríkissjóður hlaupi undir bagga og greiði einhvern hluta andvirðisins. Enda er nú svo, að borin mun verða fram till. til þál. um, að ríkisstj. sé heimilað að greiða uppbót á kjöti því, sem selt var út á s. l. hausti með óvenjulega lágu verði. — Ég skal svo ekki fjölyrða um þetta mál, en vil mega vænta þess, að hv. þd. gefi máli þessu skjóta afgreiðslu.

Sigurður Kristjánsson: Ég mun greiða atkv. með máli þessu til 2. umr., þó það sé hinsvegar alvarlegt ihugunarefni sú stefna, sem stjórnarflokkarnir hafa nú tekið upp hér á Alþ. Og ég er andvígur því, að sífellt sé verið að búa til nefndir, sem eigi að sjá um sölu framleiðsluvaranna, og kostnaðinum hlaðið á atvinnuvegina, sem hér er verið að opna leið fyrir, að hlaða ómögum á framleiðsluna og láta hana borga pólitiskum bitlingamönnum. Væri lítill vegur að setja lög um, að ríkissjóður greiddi fyrir framleiðendum um afurðasölu og bæri kostnað þann, sem af því leiðir en stjórn þessara mála væri í höndum framleiðenda sjálfra.

Pétur Ottesen: Það má í sjálfu sér segja, að það er ekki óeðlilegt, þó að styrktar séu þær atvinnu- eða framleiðslugreinar, sem hér er um að ræða, með því að gera ráðstafanir til hjálpar um að greiða fyrir sölu afurðanna, og þarf því ekki að teljast ósanngjarnt, þó framleiðslan sjálf beri þann kostnað, sem af því leiðir. En það er þó því aðeins eðlilegt og sjálfsagt eða sanngjarnt, að nefndir þær, sem ráða yfir þessum málum, séu skipaðar framleiðendum eða þeim mönnum, er þeir fela þetta starf. Það hlýtur því að koma á eftir samþykkt slíks frv. sem þessa, að bændur fái í sínar hendur sölu landbúnaðarafurðanna, útvegsmenn sölu sjávarafurða o. s. frv. Ég vildi aðeins láta þetta koma fram við þessa umr., að ég tel ekki réttlæti í því að samþ. þetta frv. eða velta kostnaðinum yfir á framleiðsluna, nema því aðeins, að framleiðendur fái jafnframt í sínar hendur öll yfirráð afurðasölunnar, þar með fullkominn og óskoraðan ákvörðunarrétt um það, hvað sé lagt mikið í kostnað við þetta, þar

sem þeir eiga að bera kostnaðinn að öllu leyti. Ég vildi aðeins láta þetta koma fram í sambandi við framkomu þessa frv. Ég fyrir mitt leyti mun greiða atkv. með frv. með þessum sjálfsagða fyrirvara.

Pétur Halldórsson óyfirl.]: Herra forseti! Ég sé nú ekki betur en að með l. eins og þetta frv. gerir ráð fyrir sé opnuð ákaflega þægileg leið fyrir alla hitlingahjörðina að komast á spenann, ef atvinnuvegir þjóðarinnar eiga nú að verða notaðir til þess að framfæra allskonar umráðamenn og forsvarsmenn með valdboði Alþingis, án þess að atvinnuvegirnir séu spurðir nokkurn skapaðan hlut; og síðan á Alþingi að ákveða sjálft, að þessir atvinnuvegir gjaldi það, sem það sjálft setur upp fyrir þessi störf.

Ég veit nú ekki til, að landbúnaðarmenn eða sjávarútvegsmenn hafi beiðzt þessara afskipta ríkisvaldsins af sínum málum. Ég held, að upptökin að öllum þessum svokölluðu „skipulagningum“ hafi verið hjá ríkisvaldinu. En þar eð aldrei hefir verið beiðzt afskipta ríkisvaldsins af þessum málum, leiðir af sjálfu sér, að ef ríkisvaldið vill fyrirskipa eitthvað, sem þessum atvinnuvegum á að vera til gagns, þá á ríkissjóður sjálfur að kosta þær ráðstafanir. Öðru máli er að gegna þegar ríkisstj. aðstoðar með löggjöf atvinnuveg, sem beinlínis biður um löggjöf. Þess vegna er það, að mér finnst hér farið út á iskyggilega braut, sem ekki verður fyrir séð, hverjar afleiðingar hefir, ef langt er farið, — ef ríkisvaldið ætlar að skattleggja sérstakar atvinnugreinar þjóðfélagsins til þess að kosta allskonar eftirlit og umstang, sem atvinnugreinin hefir alls ekki beðið um.

Ég sé, að grg. segir, að um 100 þús. kr. kostnað sé um að ræða af þessum ráðstöfunum. Það er að vísu nokkurt fé, en það réttlætir að sjálfsögðu alls ekki, að honum sé dembt á hlutaðeigandi atvinnugrein, hvort sem hann verður meiri eða minni.

Ef einhver af þessum ráðstöfunum kemur nú að gagni, þá er það ekki eingöngu gagn atvinnuvegarins, heldur ríkisins ekkert síður. Það er t. d. ekki alveg sama fyrir ríkissjóð, hvert verð er á útfluttum fiski, hvort heldur litið er á bein gjöld, sem sjávarútvegurinn leggur til, eða á hag allra framleiðenda og þar með ríkissjóðs. Af þessari ástæðu er ekki heldur réttlátt að láta þessa atvinnugrein kosta ráðstafanir ríkisvaldsins, sem settar eru á stofn án þess að atvinnugreinin hafi verið spurð um það.

Með tilliti til 4. gr., um kostnað við störf kjötverðlagsnefndar, skiptir náttúrlega litlu máli, hver hann á að greiða á pappírnum, því að ég get ekki betur séð en að fullt útlit sé fyrir, að hin beinu afskipti ríkisvaldsins af því máli hljóti að leiða til þess, að ríkissjóður verði að greiða stórmikla upphæð fyrir framleiðendur, til þess að koma út þeim hluta framleiðslunnar, sem vegna ráðstafana ríkisvaldsins hefir ekki fengið markað á framleiðsluárinu 1934—1935. Þegar á þetta er litið, þá er náttúrlega ákaflega lítill hluti kostnaðarins við þessar ráðstafanir, sem á að velta á framleiðendur sjálfa og láta hinn svokallaða verðjöfnunarsjóð borga. En iskyggilegt er þetta þó, þegar litið er á það, að hér er opin leið fyrir þá, sem nú skipa meiri hl. Alþingis, að hlaða á atvinnuvegi landsmanna nefndum á nefndir ofan, án þess að um sé beðið. Ég álít, að slíkar ráðstafanir verði ríkissjóður að kosta, og þess vegna sé slík löggjöf sem þessi ekki rétt.

Fjmrh. (Eysteinn Jónsson) óyfirl.]: Ég ætla ekki langt út í að ræða þetta mál nú. En af því að þetta frv. er fram komið eftir minni ósk — þó að þess væri ekki sérstaklega getið af hv. frsm. —, tel ég hlýða að segja örfá orð aðallega út af því, sem hv. 5. þm. Reykv. sagði. Hann taldi í fyrsta lagi óréttmætt, að kostnaður við afurðasölu eftir þeim l., sem sett voru í fyrra, væri borinn af atvinnuvegunum, af því að þeir hefðu ekki óskað eftir þeirri löggjöf um afurðasölu og meðferð afurða. Þetta er að verulegu leyti á misskilningi byggt, því að ég býst við, að allir hv. þdm. viti, að það var alveg almenn ósk í hverri þessara framleiðslugreina, að löggjöf um þessi efni yrði sett. Ég get bent á kjötsölulögin og mjólkursölulögin. Það var almenn ósk þeirra bænda, sem hlut áttu að máli, að sú löggjöf yrði sett, einmitt á þeim grundvelli, sem gert var. Veit ég ekki betur en að menn kepptust við að lýsa yfir hér á Alþingi, að þeir væru þeirri löggjöf hlynntir, — og þá líklega ekki af öðru en því, að hún væri í samræmi við vilja bændanna.

Sama má segja um afskipti af síldarsölunni. Það var ósk síldarframleiðenda s. l. sumar, að gripið yrði í tauma á svipaðan hátt og gert var. Hitt er líka vitanlegt, að meðal sjómanna voru uppi almennar kröfur um, að hafizt yrði handa af hálfu hins opinbera til að greiða fyrir nýjum verkunaraðferðum og leita að nýjum mörkuðum, og til að sinna öðrum hlutverkum, sem fiskimálanefnd er ætlað að inna af hendi.

Þá kom það einnig fram í andmælum gegn þessu frv., að ef þessum kostnaði er beint til framleiðenda, þá sé enginn hemill á, hvað hann verði hár, miklu síður en ef ríkissjóður bæri kostnaðinn. Ég er á þveröfugri skoðun. Ég lít svo á, að ef ríkissjóður verður látinn bera kostnaðinn, geti það orðið til þess, að hann verði óeðlilega hár, en að kostnaðarákvörðunum og kostnaði verði fremur stillt í hóf, ef framleiðendur sjálfir eiga að standa skil á honum viðkomandi sínum atvinnuvegi.

Og ég vil bæta því við, að mér finnst mjög eðlilegt, að hver vörugrein fyrir sig beri kostnaðinn, sem af meðferð hennar hlýzt, því að það má segja, að sannvirði hverrar vöru kemur ekki fram, nema hún beri sölukostnað og annan kostnað við meðferð hennar. Þetta er önnur höfuðástæðan til þess, að ég fer fram á að fá þessa löggjöf, en hin er sú, að ég sá fram á, að þessi kostnaður saman kominn á einn stað, mundi verða tilfinnanlegur útgjaldaliður fyrir ríkissjóð. Aftur á móti væri miklu eðlilegra, ef einhver vara gæti ekki borið sinn sölukostnað, að bæta henni upp sérstaklega, en hafa þetta ekki sem almenna reglu. Ég viðurkenni, að þetta sparnaðarsjónarmið fyrir ríkissjóð réð

miklu þegar ég fór fram á, að frv. yrði flutt, án þess að draga neitt úr því, að mér finnst þetta í alla staði eðlileg tilhögun. Og með þeirri skipun er ég ekkert hræddur um meiri bruðlunarsemi, því að ég þykist þess viss, að þeir, sem eiga að ráða, muni hafa alveg eins mikið aðhald, þegar þeir eiga að gera hverri framleiðslugrein skilagrein fyrir kostnaðinum, eins og með því að gera skilagrein í sambandi við LR. eða önnur fjármál ríkisins.

Jón Sigurðsson: *Ég get lýst yfir, að ég tel* stefnu þessa frv. í sjálfu sér eðlilega, að framleiðslan beri þann kostnað, sem á hana fellur samkv. eðli sínu. En til þess að það sé þó eðlilegt, verð ég líka að ganga út frá, að framleiðendur sjálfir hafi þarna fullkomin umráð og fullkominn rétt. En það þarf mikil brjóstheilindi til að skipa svo fyrir með lögum, að bændur skuli borga af sínu lága afurðaverði mönnum, sem stj. hefir skipað og neytendur og sem yfirlýstir eru að skoða það hlutverk sitt í nefndunum að þoka afurðaverði bænda sem mest niður. *Slíkt tel ég með öllu óeðlilegt og* ranglátt. Það er þá bezt, að þeir greiði, sem þeir eru kosnir af. Og ég vil því endurtaka þá kröfu, sem að nokkru leyti kom fram frá hv. þm. Borgf., að af þessu hlýtur að leiða það, að framleiðendur sjálfir fái full umráð allra þessara mála í sínar hendur. Það er ekki nein sanngirni að heimta t. d. af bændum, að þeir standi straum af öllum þessum kostnaði, nema því aðeins, að þeir fái fulla yfirstjórn þessara mála; þegar svo væri komið, þá gæti ég tekið undir með hæstv. fjmrh., að þá óttast ég ekkert um það, að kostnaðurinn *fari út í neina vitleysu.* En meðan framleiðendur hafa ekki ráð á meiri hluta nefndanna, þá er engin trygging fyrir því, að kostnaðurinn færi ekki langt úr hófi fram.

Það er alkunna, að þegar ríkissjóður á að bera einhvern kostnað, þá hættir mörgum mönnum til þess að stilla ekki kröfum sínum í hóf, svo sem vera bæri. Og eins og þessu máli er hagað samkv. frv., er engin trygging fyrir hóflegum kostnaðarkröfum, er allar skella á framleiðendum, nema því aðeins, að framleiðendur sjálfir skipi trúnaðarmenn sína í nefndirnar. Hér er um talsverðan hóp manna að ræða, og það er á allra vitorði, að það er að talsvert miklu leyti bitlingahjörð, sem þarna starfar. T. d. er við mjólkursöluna 12 manna nefnd auk alls starfsmannaliðsins, og raunar fleiri, ef nefndarmenn í héruðunum eru teknir með. Í hinum nefndunum eru margir menn, og hefi *ég ekki í svipinn* tölu á, hvað komnir eru margir á jötuna, en full þörf er á, að gætt væri meiri sparsemi en verið hefir. Ég get endurtekið, að ef framleiðendur sjálfir hafa málið í sínum höndum, þá kvíði ég ekki svo mjög óhófseyðslu, *en hafi þeir ekki ráðin, er engin* trygging fyrir því, að ekki sé sóað fjármunum framleiðenda áfram út í einhverja vitleysu.

Pétur Halldórsson [óyfirl.]: Herra forseti! Það er mjög undarleg aðferð, að koma l. þessum um eftirlit með framleiðslu og atvinnuvegum og markaðsmöguleikum þeirra á árinu 1934 gegnum þingið á þeim grundvelli, að ríkissjóður kostaði þessar ráðstafanir, — læða frv. með þessum skilningi gegnum þingið, en strax 3 mánuðum seinna koma með löggjöf, sem breytir þessu atriði algerlega og losar ríkissjóð við allan kostnað. Þó var það svo, að þegar hæstv. fjmrh. á síðasta þingi reiknaði út, hvað hann þyrfti í tekjur fyrir ríkissjóð á árinu 1935, þá taldi hann kostnað af þessum ráðstöfunum með gjöldum yfirstandandi árs, og var tillit tekið til hans eins og annars, þegar nýir skattar *voru lagðir á landsfólkið.*

Ég hefi nú ekki orðið var við það, sem réttlætt geti þá fullyrðingu hæstv. fjmrh., að bændur, sjómenn og útvegsmenn hafi allir óskað þessarar löggjafar. Mér er kunnugt um, að töluvert var talað um þetta manna á meðal og á opinberum fundum, að einhverjar ráðstafanir kynni að vera rétt að gera, sem færu í eitthvað svipaða átt og hér er um að ræða. En ég held, að enginn, sem þessar atvinnugreinir stundar, hafi látið sér detta í hug, að það væri hjálp fyrir hans atvinnugrein, að einhverjir *bitlingamenn settust yfir hana* til þess að gera ráðstafanir fyrir hans hönd og á hans ábyrgð. Og ég efast um, að meðal framleiðenda í landinu sé mikið fylgi með þessari ráðstöfun ríkisvaldsins. Það er ekki sama að hafa máske litið með nokkurri góðvild til *löggjafarsetningar,* sem gengi í svipaða átt og þessi gerði, eða að vilja kosta ráðstafanir hennar eins og hún nú lítur út, og sérstaklega eins og hún hefir verið framkvæmd.

Mér þykir að vísu vænt um að heyra af munni hæstv. fjmrh., að hann álítur þetta *verða miklu ódýrara í höndum* framleiðenda sjálfra heldur en ef ríkissjóður kostar. Þetta þykir mér góð yfirlýsing af hans hendi, því að ég er yfirleitt sammála þessu um ýmsa starfsemi. Og ég get vel fallizt á, að það kunni að vera svo, að ef einhverju er breytt um mannaskipun í n. og ekki fjölgað mjög nefndarmönnum eða settar á stofn nýjar nefndir, þá muni allt verða ódýrara í höndum framleiðenda sjálfra, ef þeir eiga fullan rétt til eftirlits með því, hvernig verkið er rækt, og til að gera sínar aths. við kostnaðarreikningana. En ég spyr hæstv. ráðh., hvort hann geri ráð fyrir, að nm. þeir, sem um getur í 1. gr., geri framleiðendum grein fyrir þeim kostnaði, sem þeirri n. tilheyrir sérstaklega, samkv. l. um markaðs- og verðjöfnunarsjóð vegna fiskútflutnings. Ég geri ekki ráð fyrir, að hann búizt við að leggja þá reikninga fyrir atvinnugreinina sjálfa til samþ.

Hitt, að réttara sé, að hver vörugrein beri sinn kostnað af því, að „sannvirði vörunnar" komi ekki fram nema þessi kostnaðarauki sé reiknaður með, þykir mér skrítin setning. Ég veit ekki, hvað þetta sannvirði er, ef ríkið getur tekið *mikinn hluta* og deilt milli gæðinga sinna og allskonar þarfra eða óþarfra nefnda. Ég held, að yfirleitt muni menn ekki viðurkenna það, að fyrst eftir að sá kostnaður er á lagður komi fram svokallað sannvirði vörunnar. Það er þá *ný skilgreining á því hugtaki,* en mér hefir skilizt, að samvinnumenn væru nokkuð reikulir og ruglaðir í því efni. Það er

ákaflega mikilsvert fyrirheit, sem hv. frsm. meiri hl. fjhn. og hæstv. fjmrh. gáfu um það, að sé einhver vörutegund svo verðlág, að hún geti ekki borið þennan kostnað, sem af n. flýtur, sem á að skipuleggja sölu þeirrar vörutegundar, þá muni ríkissjóður hlaupa undir bagga og borga fyrir hana. En ég skil nú ekki, hvaða hugsun getur legið á bak við þetta tal. Er það svo, að Alþingi eigi að meta á eftir, hvort ekki sé rétt að borga kostnaðinn af mjólkurnefndinni úr ríkissjóði, af því að framleiðendur fái ekki nógu hátt verð fyrir mjólkina, — eða jafnvel að borga úr ríkissjóði kostnaðinn við fisksölunefnd og fiskimálanefnd, ef varningur sá, sem hún hefir yfirumsjón með sölu á, er svo verðlágur, að ekki þykir fært að borga nefndinni af því?

Ég legg nú ekkert upp úr þessu fyrirheiti annað en það, að það er opin leið fyrir flm. þessa frv. til þess að velja úr á eftir, fyrir hvaða atvinnugreinir þeir vilji halda áfram að borga úr ríkissjóði og hverja þeir ætli að láta borga sjálfa. Það á þá að vera á valdi þingmeirihl. eftir sem áður, hvort ríkissjóður eða atvinnuvegurinn borgi þennan kostnað, sem þeir vilja telja kostnað við framleiðsluna. Ég get ekki fyrir mitt leyti talið þetta viðunandi svör. Ég álít, að hér sé farið inn á ranga braut og brugðið því heiti, sem í þessu efni var gefið með löggjöfinni á síðasta ári, og að viðbúið sé, úr því að svo fljótt er tekið til breyt., að meira muni á eftir fara. Og ég hygg það felist mikið óhagræði í því fyrir framleiðslugreinarnar, sem þá geta átt yfir höfði sér vofandi ríkisvaldið með valdi til að skattleggja þær til þess að borga hverskonar bitlingamönnum, sem ríkisvaldinu þóknast að setja þeim til höfuðs.

Fjmrh. (Eysteinn Jónsson) óyfirl.]: Ég get ekki látið hjá líða að minnast nokkrum orðum á sumt af því, sem hv. 5. þm. Reykv. sagði, og raunar hv. 7. landsk. líka. Það bar æðimikið á því, að þeir töluðu um bitlinga- og bitlingamenn. Hv. 5. þm. Reykv. sagði, að bændur og aðrir framleiðendur hefðu ef til vill verið með því, að hið opinbera hefði einhver afskipti af afurðasölu þeirra, en þó vitanlega aldrei meint það, að framleiðendur ættu að bera kostnað við einhverja bitlingamenn, sem hann kallaði svo. Þetta um bitlingamenn er nú slagorð, sem mjög er veifað. En ég spyr hv. þm.: Heldur hann, að þessir bændur og aðrir framleiðendur þyrftu ekki að fá einhverja til þess að vinna þetta starf? Og heldur hann, að bændum sé það ekki ljóst, að einhverjir þurfa að vinna að framkvæmdastörfum? Það má kalla þá bitlingamenn eða hvaða illum nöfnum, sem mönnum sýnist, en það er eftir að sanna — já og færa líkur fyrir því, að þeirra starf sé ekki fullt gjald fyrir það, sem þeir fá í aðra hönd. Það bar ekki á því í byrjun, að þeir, sem nú tala um bitlinga, ætluðust þá til, að störf þessi yrðu ekki unnin af neinum mannlegum vinnukrafti. Ég man ekki betur en hv. 7. landsk. væri með þessari löggjöf, a. m. k. um kjötið og mjólkina, og á hann þá vitanlega sinn þátt í því að koma upp þessum bitlingaher, sem um er talað.

Það er löngum létt verk að koma af stað tortryggni, og það er reynt að halda fram, að þessir menn séu of margir og of hátt launaðir. En það sæmir ekki að ryðja hér fram órökstuddum ummælum, heldur verður að fylgja grg., sem sýnir, að þau séu réttmæt.

Hv. 5. þm. Reykv. spurði um það, hvað meint væri í grg. og með orðum, sem ég lét falla áðan, að komið gæti til mála að létta undir sölukostnaði hjá einhverjum framleiðslugreinum. Það er svo að skilja, að ef sölukostnaður reynist svo mikill hlutfallslega, miðað við verðmæti einhverrar vöru, að hann hafi veruleg áhrif á vöruna, finnst mér slíkt geta komið til mála. Ég vil benda hv. þm. á eitt dæmi, sem raunverulega liggur fyrir. Það mun fást lélegt verð fyrir nokkuð af kjötinu, og er varla hægt að gera það viðunandi með öðru móti en að láta verðjöfnunarsjóð létta undir. Það er í öllum slíkum tilfellum, að ég á við, að þetta geti komið til mála.

Hv. þm. spurði, hvort ég gerði ráð fyrir, að það yrði gerð grein fyrir kostnaði við störf fiskimálanefndar, ef henni er greitt samkv. 1. gr. Ég geri að sjálfsögðu ráð fyrir, að úr hvaða sjóði sem greitt er, verði gerð grein fyrir kostnaði við þá n., sem um er að ræða.

Ég sé svo ekki ástæðu til að segja fleira að sinni, enda gefst síðar tækifæri til að upplýsa eitthvað, ef óskað er.

Jón Sigurðsson: Hæstv. fjmrh. sagði, að ég væri samsekur um stofnun þessara bitlinga, sem hér væri um að ræða. Það er svo hvert mál sem það er virt. Þegar þessi löggjöf var sett, var ég eins og margir fleiri óánægður með ýms ákvæði þessara l., þó að við teldum hinsvegar önnur ákvæði málsins svo mikils virði, að við vildum þess vegna ekki greiða atkv. á móti málinu.

Ég hefi alla tíð verið á móti því, hvernig þessar n. voru skipaðar, ég tel það fullkomna fjarstæðu, hvernig t. d. n. voru skipaðar, er fjalla um afurðasölu bænda. Hefðu bændur sjálfir átt að skipa í þessar n., þá hefði farið á annan veg. Það er ekki líklegt, eða treystir nokkur sér til að halda því fram, að ef bændur hefðu átt að velja sjálfir trúnaðarmenn sína í þessa n., hefðu þeir valið til þess menn, sem yfirlýst og opinberlega telja það hlutverk sitt að færa niður verðið á afurðum bænda eins og frekast er hægt?

Það er að vísu rétt, að það liggur ekki enn fyrir skýrsla um þennan kostnað, svo að hæstv. ráðh. getur vitanlega skákað í því skjóli, að við höfum engar tölur að byggja á. Á hinn bóginn hefir maður nokkuð ábyggilegar fregnir um það, hversu hátt kaup þessir menn hafi fengið, en annars má þetta gjarnan bíða síns tíma. Það kemur þá í ljós, hvort við höfum ekki reynzt sannspáir um það, að allmiklu fé hafi þar verið eytt algerlega að óþörfu.

Hannes Jónsson óyfirl.]: Það er dálítið gaman að sjá, hvernig hæstv. stj. efnir loforð sín. Hún lofaði á þinginu í vetur, að hún skyldi koma með uppbót á afurðir landbúnaðarins og

bændur skyldu fá uppbót á kjötið. Nú efnir hún þetta loforð með því að segja: Þið skuluð fá að borga þessa bitlinga. Þið skuluð borga þessum mönnum, sem við höfum sett til þess að ráðstafa þessu fyrir ykkur.

Þegar verið var að setja l. um kjötsöluna, var alltaf gengið út frá því sem sjálfsögðu, að ríkissjóður stæði undir kostnaðinum af þessari n., ekki sízt fyrir það, hvernig hún varð svo skipuð. En nákvæmlega það sama má segja um allar þær n., sem frv. fjallar um. Það er á engan hátt hægt að segja, að það sé rétt, að hlutaðeigandi atvinnuvegir standi undir þessum útgjöldum. Hvaða réttlæti er í því, að sjávarútvegurinn fari að borga niu mönnum, sem starfa í sambandi við sjóð, sem sérstaklega hefir verið stofnaður til þess að styðja sjávarútveginn?

Þeir menn, sem skipa þessa n., eru hér og þar úti um allt land og engar líkur til, að þeir nái nokkurntíma saman. (**Fjmrh.**: Það er ekki um að ræða stjórn verðjöfnunarsjóðs, heldur fiskimálan.). Ég get vel búizt við, að stj. komi með það á eftir. En það er gott, ef stj. er nú farin að finna til blygðunar fyrir að setja allar þessar n. á framfærslu sjávarútvegsins. Annars er ekkert sérstakt við því að segja, þó að stj. sé að gefa upp á bátinn, en hitt ætti að vera skylt, að vísa þessum hlutaðeigendum á rétta framfærslusveit. Það er hart, þegar verið er að þrengja inn á atvinnuvegina mönnum, sem er yfirlýst, að vilji vinna á móti hagsmunum viðkomandi atvinnurekstrar, og svo eru þessir atvinnuvegir skyldaðir til að borga allan þann kostnað, sem leiðir þar af þessum mönnum. Þetta er svo fjarstætt, svo fjarri öllu réttlæti, að ég get ekki skilið, að nokkur maður geti verið með frv. eins og það er. Það gæti komið til mála, að þeir aðilar, sem stæðu að skipun hverrar þessarar greinar út af fyrir sig, bæru kostnaðinn af sínum mönnum, sem kosnir væru í stjórn þessara atvinnugreina og komið þangað fyrir tilstilli framleiðendanna sjálfra.

Ég vil líka benda á, að ef slík breyt. verður á þessu gerð sem hér er farið fram á, þá er óhjákvæmilegt að ganga tryggilegar frá því, að framleiðendur sjálfir geti haft eitthvert „kontról" með þessum reikningum öllum saman. Ef það er ríkissjóður, sem á að standa undir þessum greiðslum, þá er ekki nema eðlilegt og sjálfsagt, að menn þaðan úr stjórnarráðinu kynni sér þá reikningsfærslu, sem þar fer fram, og endurskoðendur ríkisins fylgist með öllu því, sem þar er gert, sem fulltrúar ríkissjóðs. En hvaða tryggingu hafa framleiðendurnir fengið í hendur um það, að þessi kostnaður sé ekki meiri en hann þyrfti að vera? Ég sé ekki annað en að öll slík ákvæði vanti inn í þetta frv. Ég sé mér því ekki fært að greiða atkv. með frv. óbreyttu og mun ekki gera það, allra sízt þegar hér eru þverbrotin öll þau loforð, sem stj. hefir gefið í viðkomandi afurðasölu. Í staðinn fyrir að efna það loforð, að veita fé úr ríkissjóði til verðhækkunar, þá er hér aukið á útgjöldin, dregið úr því, sem líkur voru til, að hefði getað fengizt að l. óbreyttum. Þetta er svo dæmafá frekja af stj., að ég er í raun og veru alveg undrandi yfir, að slíkt skuli koma fram.

Pétur Halldórsson óyfirl.: Herra forseti! Ég ætla að verða við tilmælum hæstv. fjmrh. og segja frá því með nokkrum orðum, hvað ég tel til bitlingalýðs í þessu sambandi. Hann vildi fá einhverjar frekari upplýsingar og láta einhverjar röksemdir fylgja þessu. Ég kalla bitlingalýð það fólk, sem fæst til þess, þó að stj. skipi, að gefa sig við störfum, sem þeir hafa enga þekkingu á að framkvæma, við störfum, sem heimta þekkingu og reynslu, en þessir menn hafa aldrei komið nærri, sem eru teknir úr öðrum viðfangsefnum gerókunnugir að sitja í slíkri n. sem þessari, sem er nauðsynlegt, að sé skipuð mönnum, sem hafa sérþekkingu til að bera, og framleiðendunum sjálfum, sem mest eiga undir löggjöf eins og þessari, en teknir óvaldir ruddar, óvanir þessum störfum og þekkingarlausir, og látnir framkvæma með ríkisvaldsins aðstoð það, sem l. heimila. Þessa menn kalla ég bitlingalýð, og hvern þann bitlingamann, sem tekur að sér að framkvæma það, sem hann hefir enga þekkingu til og ekkert vit á. Ef hæstv. ráðh. óskar eftir, að ég bendi á, að slíkir menn séu til í þessari n., þá skal ég gera það.

Fjmrh. (Eysteinn Jónsson) óyfirl.: Það voru aðeins örfá orð út af því, sem hv. þm. V.-Húnv. sagði. Hann endurtók mest af því, sem samherjar hans voru búnir að segja áður, svo að ég er að því leyti búinn að svara honum fyrirfram. Eitt atriði kom hann þó með þar til viðbótar, þar sem hann var að ásaka stj. fyrir það, að hún hefði svikið það loforð, sem hún hefði gefið á þingi 1934 um verðuppbót á kjöti, en í þess stað komið með frv. um að þrengja kosti kjötframleiðenda með því að færa kostnaðinn af kjötsölunni yfir á verðjöfnunarsjóð.

Út af þessu vil ég segja það, sem er reyndar kunnugt og meira að segja getið um í grg. þessa frv., sem hv. þm. sennilega hirðir ekki um að lesa, að stj. mun leggja fyrir þingið till. um uppbót á framleiðslunni 1934, eins og talað var um af hæstv. landbrh. á síðasta þingi. Ef hv. þm. hefði nennt að lesa þessa grg., hefði hann getað séð þetta og sparað sér það ómak að fá það rekið ofan í sig aftur.

Þá vil ég aðeins minnast á það, sem hv. 5. þm. Reykv. sagði nú síðast. Hann fór að skilgreina, hvað hann kallaði bitlingalýð, og vildi færa rök að því, að bitlingamenn kæmu nærri þessum málum. Hann sagði, að bitlingamenn væru þeir, sem tækju að sér stjórn á því, sem þeir hefðu ekki þekkingu á. En það vantaði alveg hjá honum rök fyrir því, að þeir menn, sem hér um ræðir, hafi ekki til að bera þekkingu á sínu starfi, svo að hér stendur allt við það sama og áður. En í sambandi við þetta viðhafði hann óþarflega hörð orð um það fólk, sem bæjarstj. hefir tilnefnt í mjólkursölun. Ég veit ekki til, að bæjarfulltrúi Jakob Möller hafi neina sérþekkingu til að bera, svo að hann

fellur þá inn undir þessa skilgreiningu hv. þm. um bitlingalýð. Um varafulltrúa bæjarstj. í mjólkursölun. er það sama að segja, að ef einhverjir falla undir þessa skilgreiningu hv. þm., þá gerir hann það ekki síður. Ég er ekkert að dæma um það, hvort þetta er rétt, en ef einhverjir menn falla undir þessa skilgreiningu hv. þm., þá gera þessir menn það fyrst og fremst.

Pétur Halldórsson [óyfirl.]: Mér þykir vænt um, að hæstv. fjmrh. lítur svo á, að bæjarfulltrúar Reykjavíkur, sem hafa farið með bæjarmál Rvíkur árum saman, m. a. með það mál, sem hann á við, þegar hann er að tala um skipun Jakobs Möllers í n., — mér þykir vænt um, að hann skuli vera svo strangur, að hann telji þessa menn ekki vel til þess fallna að gæta þeirra hagsmuna, sem þessi n. á að gæta. En samkv. l. var bæjarstj. Rvíkur gert að skyldu að skipa mann í þessa n., og hún hefir ekki vald til að skipa neina nema bæjarfulltrúa.

Ég hefi frá því fyrsta verið sammála þeim mönnum, sem hafa viljað láta framleiðendurna sjálfa annast þessi mál, kannske með aðstoð þeirra manna, sem þeir kalla til og hafa sérþekkingu á málinu, en hv. fjmrh. og hans flokkur gerði l. svo úr garði, að þess var ekki kostur, og þeir ætluðu að nota meiri hl. þessarar n. til að skipa í þessar stöður bitlingalýð frá sér. Ég held, að nú sé svo komið, að flestir menn, jafnvel hæstv. fjmrh., sjái, að þessi skipun n. var fjarstæða, og á því verður gerð breyt., og það á þessu þingi. En líklega má hæstv. fjmrh. sitja mjög á sér og sínum óskum í þessu efni, ef hann þarf nú að reka bitlingalýð þennan aftur frá jötum þessum.

Fjmrh. (Eysteinn Jónsson): Ég vil aðeins benda á, að með þessu stendur allt við það sama og áður hjá hv. þm. Honum hefir ekki tekizt að sýna fram á, að Jakob Möller og María Maack séu sérfræðingar í mjólkursölun. Þau falla því bæði undir þessa skilgreiningu, sem hann var með áðan.

Ólafur Thors [óyfirl.]: Ég var beðinn að vera meðflm. þessa frv., en ég léði ekki máls á því, m. a. af þeim ástæðum, sem hv. samflokksmenn mínir hafa tekið fram og ég tel ekki nauðsyn á að fara langt út í. En ég er sannfærður um, að þetta frv. er fram borið af eðlilegri skömmustutilfinningu hjá hæstv. fjmrh., vegna þess kostnaðar, sem leiðir af þessu bitlingafargani, sem hann hefir fært yfir á þá illa stöddu framleiðslu. Og ég veit, að þessi tilfinning sprettur af þeim eðlilegu ástæðum, að honum er ljóst, að þeir menn, sem hann hefir falið að vinna þessi störf, þeir hafa ekki reynzt þeim vanda vaxnir. Það dettur engum í hug að bera kinnroða fyrir það, þó að ríkissjóður yrði að bera 1—2 hundr. þús. kr. kostnað vegna sölu landbúnaðar- og sjávarafurða. Það er svo mikilsvert verk og hefir svo mikla þýðingu fyrir þjóðfélagið, að enginn þarf að fela upphæð, sem til þess er varið, þó að þar væru nefnd hundruð þúsunda. Það er ekki fyrr en sá, sem á að borga þetta, vaknar til skilnings um, að þeir, sem vinna verkið, eru ekki færir um að vinna það, að hann vill fela upphæðina.

Náttúrlega er hæstv. ráðh. það ljóst, að með þessu móti er hægra að koma fyrir meiri kostnaði, eins og hv. 5. þm. Reykv. benti á, heldur en ef það hefði staðið sem sérstakur liður á ríkisreikningunum. En hann vill vinna það til, að íþyngja enn meira en orðið er framleiðslunni, til þess að fela það í bili, hversu dýrir þeir menn eru, sem illu heilli hefir verið falið að vinna þetta starf, sem svo mikið ríður á, að vel sé unnið. Skipun síra Sveinbjarnar Högnasonar í mjólkursölunefndina er hneyksli. Það er hneyksli að sækja austur í Fljótshlíð þennan ádeilufulla og óbilgjarna klerk, þó að það kunni út af fyrir sig að hafa verið þarft verk að losa söfnuðinn við hann. Það þarf ekki að eyða orðum að því, hvílíkt skaðræði það varð bæði framleiðendum og neytendum. Það hefði áreiðanlega verið betra að borga honum 100 kr. á dag fyrir að koma ekki til Rvíkur en 10 kr. fyrir að vera í Rvík.

Það má yfirleitt segja, að mjólkursölun. hafi unnið eins og vænta mætti af lítt viti bornum og eigingjörnum mönnum, til skaðræðis öllum, sem þeir áttu að vinna fyrir. Fiskimálan. hefir ekki að sama skapi haft aðstöðu til að sýna, hversu skaðleg hún kann að reynast, en það er ekki eðlilegt, að oliukaupmenn og hafnarlóðsar eigi að vinna þau verk, sem þar eru fram undan. Ég hygg, að öllum sanngjörnum mönnum beri saman um það, að sú n. muni ekki vera því vaxin að leysa af hendi það vandasama starf, sem henni er ætlað.

Ég skal minnst segja um kjötverðslagsn. Hvort sem það er nú af því, að ég þekki minnst til hennar, þá sé ég þar minnst mörk þeirrar vitfirru, sem ríkir í stjórnarháttum eða baktjaldamakki þessa þjóðfélags. Ég segi minnst um hana, af því að ég veit minnst um hennar starf.

Ég álít, að hæstv. fjmrh. hafi ekki efni á því að vera með reiging, þó að fundið sé að einhverju við hann. Það er óþarft fyrir þennan unga mann að vera með rembing í þessum málum. Það er rétt, að hann viti það, að mikill þorri manna, bæði hér í bæ og úti um landið, veit, að þessi n., sem nú á að verða kostuð af framleiðendunum, er miklu mannfleiri en hún þarf að vera og að mörgu leyti miklu verr skipuð en vera þyrfti, — öllum til mikils skaða.

Ég skal ekki gera sérstaklega að umtalsefni það hjal hans, að það standi í grg., að sjálfsagt sé að hlaupa undir bagga með þeim framleiðendum, sem geta ekki sjálfir staðið undir sér. Mér þætti gaman að fá að vita það hjá hæstv. fjmrh. eða einhverjum öðrum af þessum spekingum, sem nú láta mest á sér bera í þjóðmálunum, hvaða framleiðsla eigi sérstaklega að standa bæði undir sjálfum sér og honum, þ. e. a. s. þeim milljónum, sem hann sem fjmrh. heimtar. Ég veit ekki, hvort ég má leyfa mér að hafa þekkingu á atvinnurekstri þjóðarinnar til jafns við hann, en ef svo er, þá lítur þetta öðruvísi út frá minu sjónarmiði. Ég lít svo á, að hér sé því sem næst allur atvinnurekstur rekinn með halla og sé ekki útlit fyrir betri afkomu, nema síður væri. Ég vil því

gjarnan heyra frá hæstv. ráðh., hvar hann álítur tiltækilegast að halla sér að, þegar við verðum að hverfa frá þeim atvinnugreinum, sem við stundum nú. Mér þætti vænt um að fá að vita um hans álit í þessu efni, eða hvort þetta er allt saman barnahjal út í loftið.

Að öðru leyti er þetta mál hvorki stærra né minna en mörg önnur frv., sem nú liggja fyrir, sem eru meira til gamans en alvöru. Ég álít, að lítið þýði að rífast um slík mál sem þessi, en ef stj. vill það endilega, þá á hún ekki að vera með uppivöðslusemi og hroka, ef komið er með hóflega gagnrýni, og þá væri ekki rétt af stjórnarandstæðingum að skorast undan að taka þátt í þessum skripaleik, sem stj. vill nú vera að leika hér á þingi, ef það er það eina, sem hún álítur, að þingið hafi nú að gera.

Fjmrh. (Eysteinn Jónsson) [óyfirl.]: Ég þarf ekki miklu að svara hinu ómerka hjali hv. þm. G.-K., sem hann kallaði sjálfur hóflega gagnrýni, en var ekki annað en örökstudd fúkyrði um fjarverandi menn, eins og það t. d., að brýn þörf væri á því að losa Fljótshlíðinga við séra Sveinbjörn sem sálusorgara og tilvinnandi væri að greiða honum 100 kr. á dag fyrir að vera ekki í mjólkursölunefnd. Eins er víst ætlazt til þess, að ummæli hv. 5. þm. Reykv. um bitlingalýð og beinahítir falli undir þessa „hóflegu gagnrýni".

Ræða hv. þm. var, eins og ég hefi þegar sagt, skammir, sem ekki er hægt að rökræða. Hann sagði, að það væri rétt, að ég lærði að skilja, að allur þorri manna hér í bæ vildi hvorki heyra séra Sveinbj. Högnason né sjá og teldi mjólkursölunefnd illa skipaða. Ég veit nú ekki, hvaðan honum kemur heimild til að mæla þannig f. h. alls þorra manna. Álit þorra manna á mjólkursölunefnd og starfi hennar mun sjást, þegar það mál er borið undir þjóðina.

Ólafur Thors [óyfirl.]: Hæstv. fjmrh. hefir með þessum fáu og ómerkilegu orðum sínum sýnt það, að hann vill ekkert um efni frv. ræða, og þar með viðurkennt þann tilgang með frv. að leyna kostnaðinum við nefndirnar með því að færa hann af ríkissjóði, af því að verið er að launa óhæfum mönnum. Þessi piltur, sem annars er bezt til þess fallinn að rífast og munnhöggvast, viðurkennir þetta með þögninni.

Það er almennt álit þingmanna, að þær nefndir, sem hér er um að ræða, séu of fjölmennar. Framsóknarmenn segja, að sósíalistar séu svo kröfuharðir fyrir sína karla. Þetta má vel vera, en það er nú einmitt þetta sem framsóknarmenn hafa verið síðustu 8 árin, og eru því nú búnir að koma sér vel fyrir, og sósíalistar að vísu líka. Í þeim efnum þarf því hvorugur að brigzla öðrum, en báðir rista þeir breiða þvengi af annars skinni, þjóðinni til skaða og bölvunar.

Ég veit ekki, hvort ég á að vera að færa rök fyrir ummælum mínum um séra Sveinbjörn Högnason, formann mjólkursölunefndar. **(Fjmrh.:** Er ekki bezt að hv. þm. ráði því sjálfur?). Þá skal ég gera það. Maður, sem á að verzla fyrir bændur, en meiri hluti neytenda vill hvorki heyra né sjá, hann er skaðlegur þeim, sem hann á að verzla fyrir, og einnig þeim, sem hann á að verzla við. Hinsvegar hefir hann gagnað vissum pólitiskum flokki með því að ljá fylgi sitt til þess að hann fái marga tugi þúsunda á ári hverju í flokkssjóð sinn af brauðasölu. Það ætti ekki að vera ofraun fyrir meðalgreindan mann að sjá, að slíkum manni er tilvinnandi að borga margfalt meira fyrir að vinna ekki slíkt starf heldur en vinna það.

Fjmrh.: (Eysteinn Jónsson) [óyfirl.]: Hv. þm. G.-K. sagði, að ég hefði alveg gengið framhjá þeirri fullyrðingu hans, að tilgangur frv. væri sá, að fela kostnaðinn við nefndirnar. Ég hafði svarað hv. 4. þm. Reykv. viðvíkjandi þessu atriði áður, og auk þess óf hv. þm. G.-K. þetta atriði málsins svo mjög inn í efnislausa og ómerka mælgi, að ég gleymdi, satt að segja, að hann hefði minnzt á það.

Annars liggur það í augum uppi, að óhugsandi er, að síður verði tekið eftir kostnaðinum við nefndirnar, ef hann er greiddur af framleiðendum sjálfum. Það er einmitt líklegt, að þá verði menn miklu fremur á verði um störf nefndanna og kostnað við þær en ef ríkissjóður ber kostnaðinn.

Þá vil ég nokkuð víkja að því, sem hv. þm. G.-K. sagði um óvinsældir form. mjólkursölunefndar hjá neytendum. Fullyrðingar hans um þetta eru vitanlega alveg ósannaðar, en ef sannar væru, ættu þær eftir röksemdum hv. þm. G.-K. að sýna það eitt, að séra Sveinbjörn væri vel á verði um hagsmuni bænda. En sannleikurinn er sá, að þó nokkrar hnippingar hafi orðið milli séra Sveinbjarnar og neytenda úr íhaldsfl. hér í bænum, þá hefir séra Sveinbjörn ekkert frumkvæði átt að þeim erjum, heldur aðeins borið af sér lögin með einbeittni og harðfylgi. Hann hefir staðið vel í ístaðinu fyrir bændur og fyrir það eitt hlotið óvinsældir nokkurra flokkssystra hv. þm. G.-K. hér í Reykjavík.

Héðinn Valdimarsson [óyfirl.]: Ég er sammála því frv., sem liggur hér fyrir. Ég held, að hv. þm. G.-K. verði ekki talinn óhlutdrægur dómari í þessu máli, þar sem hann mætir hér fyrir hönd Korpúlfstaða að því er mjólkursölunefnd snertir, og Kveldúlfs að því er varðar fiskimálanefnd.

Hann talaði um það, að fiskimálanefnd væri illa skipuð, og mun hann þar einkum hafa átt við okkur Alþýðuflokksmennina, mig og Jón Axel Pétursson. Sjálfur kom hv. þm. G.-K. með ómerkilegt frv. um fiskiráð, þar sem ekkert fé var ætlað til framkvæmda, en samkv. því frv. átti þó Alþýðusambandið að eiga einn fulltrúa, svo að hv. þm. G.-K. hefði þó ekki losnað við annan okkar.

Hinir nm., sem hv. þm. G.-K. álítur óhæfa, eru þessir: Fyrir íslenzka botnvörpuskipaeigendur: Guðmundur Ásbjörnsson. Fyrir Landsbankann: Júlíus Guðmundsson. Fyrir Útvegsbankann: Helgi Guðmundsson, sem hefir verið ríðinn við fiskverzlun mest alla starfsæfi sína. Frá Fiskifélaginu: Kristján Bergsson forseti.

Frá S. Í. S.: Pálmi Loftsson, sem er sérstaklega kunnugur fiski og flutningum á honum. Skrifstofustjórinn, Ólafur Briem, er einnig þaulkunnugur allri fiskverzlun og hefir starfað áður bæði hjá Kveldúlfi og Samlaginu.

Þetta eru mennirnir, sem hv. þm. G.-K. segir, að séu óhæfir.

Störf fiskimálanefndar hafa verið og munu verða að finna nýjar leiðir, sem hv. þm. G.-K. og bræður hans hafa vanrækt að kanna og myndu gera, ef þeir hefðu einir þessi mál með höndum.

Ólafur Thors óyfirl.: Það er auðvitað fullkominn misskilningur eða rangfærsla hjá hæstv. fjmrh., að meira beri á kostnaðinum við nefndarstörfin, ef frv. verður að lögum. Hvort sem kostnaðurinn verður meiri eða minni eftir en áður, þá er víst, að meira ber á þessum útgjöldum, þar sem þau eru í einu lagi á reikningum ríkissjóðs, heldur en ef þau eru liðir í rekstri margra einstakra fyrirtækja. Að öðru leyti skal ég ekki eltast við missagnir hæstv. ráðh. Barnaskapur hans kom átakanlega fram, er hann hélt því fram, að vegna þess, að form. Mjólkursölunefndar hefði komið því fram með framkomu sinni, að neytendur vildu hvorki heyra hann né sjá, þá væri það sönnun þess, að hann hefði staðið sig vel fyrir bændur. (**Fjmrh.**: Ég sagði, að þetta væri rökrétt afleiðing af ummælum sjálfstæðismanna). Sannleikurinn er sá, að séra Sveinbjörn hefir staðið sig bezt í því að stofna til illdeilna og halda þeim áfram, og sá leikur hans hefir orðið bæði bændum og neytendum til baga og bölvunar.

Hv. 2. þm. Reykv. sagði, að ég kæmi fram í mjólkurmálinu sem fulltrúi Korpúlfsstaða og gagnvart fiskimálanefnd sem fulltrúi Kveldúlfs. Ég get lýst yfir því hér, að ég ber engan kinnroða fyrir þessum umboðsmanni erlendra milljóna. Það má vel vera, að ég fletti betur ofan af þessum rógbera síðar. (**HV**: Er ekki bezt að gera það strax? Annars skal ég láta hv. þm. G.-K. vita það, að við mig þýða engar hótanir, hvorki í þingsölunum né í síma). Hefir nú einhver verið að hóta olíukaupmanninum í síma? (**HV**: Bróðir hv. þm. G.-K.). Það var nú varla gustuk.

Ég skal játa það, að sem betur fer eru aðrir nm. í fiskimálanefnd fróðari en olíukaupmaðurinn og lóðsinn. En n. er ekki nægilega vel skipuð samt, sérstaklega ef hún á að taka saltfisksölunna til meðferðar, eins og hlýtur að vera meiningin, því lögin um skipun n. voru í öllum aðalatriðum sniðin eftir frv. okkar í fyrra, nema að því leyti, að í frv. okkar var bezta sérþekking tryggð.

Hitt eru ekkert nema látalæti, að vera að belgja sig út af því, að hægt muni vera að selja nokkra herta fiskugga. Annars veit ég ekki betur en að ég hafi bent á þá leið, þótt ég teldi hana fremur neyðarúrræði en nokkra úrlausn.

Vegna haftastefnunnar, sem hv. 2. þm. Reykv. og hans fylgifiskar dá mest, höfum við nú orðið að láta í minni pokann á fiskmarkaðinum fyrir þjóðinni, sem við höfðum áður sigrað. Á skömmum tíma höfðum við fjórfaldað saltfiskverzlun okkar. Nú neyðumst við til að leggja inn á nýjar brautir, svo sem að herða fiskinn, sem þó er miklu óarðvænlegra. (**HV**: Veit hv. þm. nokkuð um verð á harðfiski?). Eins vel og olíukaupmaðurinn. Verð á norskum saltfiski er lægra en hér, en þó vilja Norðmenn heldur selja fiskinn saltaðan en hertan. Hitt er rétt, að ég hafði bent á þann möguleika, að herða fiskinn, og því vekur það hlátur, þegar hv. 2. þm. Reykv. þykist vera að leiða þjóðina inn í eitthvert Gósenland með því að benda á herðingu fisksins, eða er að belgja sig út af þeim 200 tn., sem hv. þm. Vestm. seldi í Pýzkalandi, sem þó er ekki nema $^1/_{100}$ af því, sem önnur félög hafa selt, þótt þau hefðu enga milljón á bak við sig.

Héðinn Valdimarsson óyfirl.: Reynslan mun sýna það, hvort heppilegra er að kanna nýjar brautir eða halda sér við leið þessara miklu manna. Þeir hafa aðeins beitt einni verzlunaraðferð og því haft svo einhæfan markað, að ekkert hefir mátt út af bera, eins og reynslan hefir nú sýnt. Hv. þm. G.-K. segist sjálfur hafa bent á harðfisksverkunina. En hvers vegna hefir hann þá ekki reynt hana? Það er ekki rétt, að harðfiskur sé í lægra verði en saltfiskur. Norðmenn herða eftir því sem fiskast.

Það er rangt, að það hafi verið hv. þm. Vestm., sem útvegaði markaðinn í Pýzkalandi, heldur var það sænska frystihúsið í samvinnu við utanríkismálaráðuneytið danska, þótt hv. þm. Vestm. skrifaði um þetta mál.

Hv. þm. G.-K. var að tala um, að fiskkaupmenn hefðu selt mikinn fisk án þess að hafa nokkra milljón á bak við sig. En sannleikurinn er sá, að fisksölufirmun hafa haft milljónir ríkisfjár í veltu, og hefði þeim verið eins vel varið til markaðsleita og í fiskkaupmennina sjálfa.

Pétur Ottesen: Ég vil nota tækifærið til þess að láta í ljós ánægju mína yfir því, að stjórnarflokkarnir skuli ekki vera alveg mállausir, þótt mjólkurmálið sé rætt. En það brá svo einkennilega við um þessa málóðu menn, þegar það frv. var til umr. á dögunum, að þeir voru eins og klumsa og horfðu í gaupnir sér. Ekki einu sinni þegar til atkvgr. kom þorðu þeir að greiða atkv. gegn frv., og hugðust með því geta tafið framgang málsins, en þeim tókst það ekki og frv. fór til n. og fær þar væntanlega góða afgreiðslu. En út af því, sem hæstv. fjmrh. var áðan að segja, að það hlyti að vera eðlilegt, að forstjóri mjólkursölunnar, með því að afla sér óvildar neytenda með framkvæmd laganna, hlyti hann að hafa með því unnið sér traust bænda. (**BÁ**: Það var ekki forstjórinn). Jæja, form. mjólkursölunefndar þá. (**Fjmrh.**: Þetta er rangt eftir mér haft). Það er nú ekki í fyrsta sinn, sem þessir miklu menn afneita sínum orðum. Maður hefir nú dæmin um það úr heilagri ritningu um einn merkismann, sem afneitaði þrisvar. En það háskalegasta er, að það er ekki rétt hjá hæstv. ráðh. um ánægjuna meðal bænda; óánægjan með framkvæmd mjólkursölunnar er ekki minni á þá hlið heldur en hjá

neytendunum, og það er tæplega hægt að hugsa sér meiri ógæfu í málinu en þá, að báðir aðilar skuli vera jafnóánægðir og raun ber vitni um. Staðreyndirnar benda á þetta ótvírætt. Mjólkurbandalag Suðurlands hefir nú krafizt þess að fá yfirráð mjólkursölunnar í sínar hendur. Öll mjólkurbúin hér sunnanlands, að einu undanteknu, hafa gert þá kröfu. Og þetta eina bú er Flóabúið, þar sem formaðurinn er eins og kunnugt er hreint og beint samloka við formann mjólkursölunefndar. En það, sem tekur af skarið, er það, að fulltrúafundur Mjólkurfélags Reykjavíkur hefir heimtað yfirráðin með öllum atkv. gegn einu, og sá maður vildi aðeins sætta sig við, að það drægist til 1. maí. Og af hverju er þessi krafa sprottin? Af því að framkvæmd mjólkursölunnar hefir snúizt gegn hagsmunum bændanna í stað þess að verða þeim til blessunar. Ég vænti þess, að hæstv. ráðh. verði ekki búinn að missa málið þegar frv. okkar um breyt. á mjólkursölulögunum kemur til umr. næst, svo hægt verði að ræða málið við hann, og ég er sannfærður um, að hagsmunir bændanna í málinu verða ofan á að lokum.

Fjmrh. (Eysteinn Jónsson) [óyfirl.]: Það virðist vera allmikil gremja innibyrgð hjá hv. þm. Borgf. yfir því, að honum var ekki svarað um daginn. (**PHalld.**: Það var einu sinni enginn hæstv. ráðh. viðstaddur). Jú, ég var viðstaddur. (**PHalld**: Nú, ég bið afsökunar. **PO**: Ráðh. hefir þá ekki treyst sér). En ég vil fullyrða, að hv. þm. Borgf. skal fá sig fullkeyptan á umr. um þetta mál, og er honum þess vegna óhætt að bíða rólegur. (**PO**: Ég er viðbúinn). Hv. þm. fær þá tækifærið. Það var rangt hjá þessum hv. þm., að ég hefði sagt, að síra Sveinbjörn hlyti að vera bændum hollur, úr því neytendur væru óánægðir með hann. Ég hélt því fram, að slík ályktun væri rökrétt afleiðing af umsögn hv. þm. G.-K., þar sem hann hélt því fram, að það hlyti að orsaka fjandskap milli bænda og neytenda, ef mjólkursölunefnd drægi taum annars aðilans. Og þar sem neytendur hefðu slíkan fjandskap gegn séra Sveinbirni, þá mætti eftir röksemdafærslu þessa hv. þm. ætla, að það væri fyrir það, að síra Sveinbjörn hefði staðið vel í ístaðinu fyrir bændur. Ég ætla ekki í sambandi við þetta mál að fara langt út í umr. um mjólkursöluna við hv. þm. Borgf. Hann sagði, að komið hefði fram krafa frá öllum félögunum nema einu um það að fá yfirráð mjólkursölunnar. Við því er það að segja, að ég veit ekki til, að önnur félög en Mjólkurfélag Reykjavíkur og ef til vill eitt annað félag hafi enn haldið sína aðalfundi. Út í þá fullyrðingu hv. þm., að framkvæmd mjólkursölunnar hafi snúizt gegn hagsmunamálum bænda, skal ég ekki fara, en mín skoðun er það, að framkvæmd sölunnar ætli að takast vel þrátt fyrir einstaka elju vissra manna við að spilla fyrir málinu. (**ÓTh**: Á hæstv. ráðh. við síra Sveinbjörn?). Ég get sagt hv. þm. það, að ég á við allan hinn mikla blaðakost Sjálfstfl., sem eins og kunnugt er hefir haldið uppi hernaðarofsókn gegn mjólkursölunni síðan hún tók til starfa og fyrr. En það virðist nú svo sem þessir menn hafi spennt bogann of hátt, og hin grimma ofsókn ætli að verða málinu til góðs, því það eru vitanlega takmörk fyrir því eins og öðru, hve langt undirlýðurinn villa fylgja foringjunum.

Það er yfirgnæfandi meiri hl. neytenda, sem sér það og skilur, að þó mjólkursölulögunum sé aðallega ætlað að verða bændum til hagsbóta, þá munu þau einnig verða fleirum til góðs.

Ég skal svo ekki fara lengra út í þessa sálma í sambandi við það frv., sem fyrir liggur. Það voru andstöðuflokkarnir, sem drógu framkvæmd mjólkursölunnar inn í þessar umr., sem ekki átti að vera, því frv. fjallar aðeins um greiðslu á kostnaði við umsjón afurðasölunnar.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 18 shlj. atkv.

Á 29. fundi í Nd., 15. marz, var frv. tekið til 2. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
2.—6. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 18 shlj. atkv.

Á 31. fundi í Nd., 18. marz, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 14:3 atkv. og afgr. til Ed.

Á 28. fundi í Ed., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 115).
Á 30. fundi í Ed., 20. marz, var frv. tekið til 1. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 31. fundi í Ed., 21. marz, var frv. aftur tekið til 1. umr.

Fjmrh. (Eysteinn Jónsson) [óyfirl.]: Meiri hl. fjhn. Nd. hefir flutt þetta frv. eftir ósk frá mér. Frv. felur það í sér, að kostnaður við störf ýmissa n., sem settar voru á laggirnar samkv. l. frá síðasta þingi, verði greiddur af andvirði þeirra afurða, sem n. fjallar um, í staðinn fyrir það, að samkv. l. á að greiða þann kostnað úr ríkissjóði.

Ástæðan til þess, að frv. er fram komið, er fyrst og fremst sú, að ég vil koma þarna á sparnaði fyrir ríkissjóð. Það er ekki gott að segja, um hve mikinn sparnað hér er að ræða, en ég býst við, að hann verði ekki meiri en 100000 kr. Þó get ég ekki fullyrt það, því að enn er ekki fengin reynsla á störfum sumra n., t. d. fiskimálan. Ríkissjóð munar talsvert um þennan kostnað, en flestar þessar afurðir, sem hér koma til greina, munar fremur lítið um þennan kostnað, ef honum er jafnað þannig niður.

Þá er önnur ástæða fyrir flutningi þessa frv., en hún er sú, að mér finnst í alla staði eðlilegt, að hver tegund afurða beri uppi þann kostnað, sem felst í sölu hennar. Annars kemur ekki út raunverulegt sannvirði þessa varnings.

Ég ætla ekki að fjölyrða meira um málið að þessu sinni, en vil óska, að því verði vísað til fjhn. þessarar d., að lokinni þessari umr. Vil ég beina þeirri ósk til þeirrar hv. n., að hún hraði afgreiðslu málsins, svo að hægt verði að afgr. það áður en þingi verður nú frestað.

Þorsteinn Briem [óyfirl.]: Ég vil leyfa mér að beina þeirri fyrirspurn til hæstv. fjmrh., hvort hann geti ekki nokkurnveginn gefið upplýsingar um kostnað af þessum n., hverri fyrir sig, að svo miklu leyti sem það er upplýst. Ég skil það vel, að ekkert verði enn sagt um fiskimálan., fyrr en hún er tekin til starfa, en um hinar, t. d. síldarútvegsn., hlýtur það að liggja nokkuð ljóst fyrir, hversu mikill kostnaður er orðinn af þeim. Væri æskilegt, að sem fyllstar upplýsingar lægju fyrir um þetta, áður en málið fer til n.

Hæstv. fjmrh. kom með tvær ástæður fyrir flutningi þessa frv. Önnur er sú, að þessar n. hafi haft í för með sér allmikinn kostnað fyrir ríkissjóð, en til hans hafi ekki verið tekið fullt tillit við samningu fjárl. þeirra, er nú gilda. Mun það sennilega vera rétt. En áður en fjárl. verða samþ. fyrir næsta ár, mundi vera hægt að taka tillit til þessa kostnaðar, eftir þeim gögnum, sem þá hljóta að liggja nokkurnveginn ljós fyrir.

Hitt atriðið, sem hæstv. ráðh. taldi liggja fyrir flutningi þessa frv., var það, að hver afurðategund bæri sjálf sölukostnaðinn, til þess að það kæmi í ljós, hvert væri raunverulegt verð á hverri vöru fyrir sig. Þetta kann að nokkru leyti að vera rétt, en þá mundi vera eðlilegra að láta þetta mál bera öðruvísi að og láta það koma fram sem breyt. á hlutaðeigandi l., og væntanlega fylgdi því þá breytt skipun á hlutaðeigandi n. T. d., ef ég man rétt, þá er síldarútvegsn. þannig skipuð, að Sþ. á að kjósa 3 menn í hana, Alþýðusambandið einn, atvmrh. einn og útgerðarmennirnir, sem sennilega veltur mest á um það, hvort útgerðin getur gengið, eiga að kjósa einn. Alþýðusambandið getur sennilega talizt þar aðili líka að því leyti, sem vænta má, að það vilji gæta hagsmuna þeirra, sem vinna við framleiðsluna. En ef þetta er rétt, sem mig minnir, þá er langt frá því, að þeir, sem að þessu vinna beint og óbeint, hafi meiri hl. í n., en það virðist þó ekki óeðlilegt, að komið gæti fram krafa um það, að þeir, sem bæru kostnaðinn af slíkri n., fengju aðstöðu til að ráða meiri hl. í henni. Sama er að segja um mjólkursölun. og kjötverðlagsn., og um a. m. k. aðra af þeim n. eru komnar fram raddir um það frá framleiðendunum, að þeir fái þar ríkari rétt en þeir hafa nú.

Það er vitanlegt, að um þetta atriði málsins var alger eining á síðasta þingi, og ég minnist þess ekki, að um þetta kostnaðaratriði hafi komið nokkrar raddir í aðra átt en þá, sem lög gerðu ráð fyrir að lokum. (**JBald**: Jú, jú). Þær raddir munu a. m. k. ekki hafa verið háværar, né margir þm., sem hafa beitt sér fyrir því.

Ég hygg, að þau l., sem sett voru um þetta efni á síðasta þingi, hafi verið sett með fullri samvinnu, a. m. k. við ríkisstj., og að málið hafi verið sumpart eða jafnvel að mestu leyti borið fram samkv. beiðni hennar. Því þykir mér nokkuð skammt liðið til þess, að stj. fari nú þegar að breyta þessu, þegar aðeins nokkrir mánuðir eru liðnir frá því að lögin gengu í gildi.

Fjmrh. (Eysteinn Jónsson) [óyfirl.]: Hv. 10. landsk. gerði fyrirspurn til mín um það, hver mundi verða kostnaður við störf hverrar einstakrar n., sem frv. ræðir um. Ég tók það fram í framsöguræðu minni, að upplýsingar þær, sem ég hefi yfir að ráða nú um þetta atriði, eru ekki það ábyggilegar, að ég vilji gefa nokkrar yfirlýsingar um þetta að svo stöddu.

Þá taldi þessi hv. þm. eðlilegra, að mál þetta væri lagt fyrir á annan hátt en gert er með þessu frv., og þá jafnhliða breytingu á greiðslu þessa kostnaðar væru lagðar fram till. um breytingar á skipun afurðasölunefndanna frá því, sem afurðasölulögin gera ráð fyrir. Ég verð að segja það, að ég sé ekki þörf á þessum breytingum. Nefndir þessar eru skipaðar með ýmsu móti; þær eru skipaðar af framleiðendum sjálfum, sumar einnig af öðrum aðilum og auk þess af ríkisstj. Þó er það svo um flestar n., að framleiðendur og ríkisstj. skipa meiri hl. þeirra, og hafa þessir aðilar því skilyrði til þess að ráða gerðum nefndanna. Skipun þessara n. var á sínum tíma af löggjafanum sniðin við það, sem hann áleit afurðasölunni fyrir bestu. Þess vegna finnst mér alveg óhætt að gera þær breyt., sem frv. felur í sér, án þess að ákvæðunum um skipun n. sé breytt, og fyrir þá, sem álitu, að skipa ætti þessar n. eins og gert var, er engin ástæða til að skipta um skoðun um það atriði, þó ákvæðunum um kostnað við afurðasöluna verði breytt, af því þeir álíta, að eins og n. séu skipaðar verði bezt séð fyrir afurðasölumálunum. Hinsvegar hefir það verið ýmsra álit, að n. þessar ætti að skipa á annan hátt en gert var, og er ekki nema eðlilegt, að þeir menn vilji breyta til í þessu efni. Ég var því miður ekki staddur í d. þegar hv. 10. landsk. lauk ræðu sinni, en hann mun hafa sagt eitthvað á þá leið, að lögin um afurðasöluna hafi verið sett á síðasta þingi eftir vilja stj., og þar á meðal ákvæðin um kostnaðinn við afurðasöluna. Þetta er rétt, en hitt er annað mál, að þegar farið var að athuga fjárhagshorfurnar og semja fjárlög fyrir árið 1936, þá kom í ljós, að alstaðar var svo fullhlaðið af gjöldum, að einhverju varð af að létta, og eitt af því, sem til mála gat komið, og sá liður, sem fyrst varð fyrir mér, var einmitt þessi kostnaður, sem ég tel, að réttara sé, að hvíli á öðrum en ríkissjóði. Ég ætla svo ekki að fjölyrða um ræðu hv. 10. landsk., en álít, að ég hafi fullsvarað því, sem ástæða er að minnast á.

Þorsteinn Briem [óyfirl.]: Ég harma það, að hæstv. fjmrh. skuli ekki hafa við hendina nægilegar upplýsingar um kostnað við störf nefndanna, en ég ætla að vænta, að hann gefi hv. d. nauðsynlegar upplýsingar svo fljótt, sem kostur er á.

Hæstv. ráðh. sagði, að ekkert samband væri á milli þess, hvernig kostnaðurinn væri greiddur og hvernig nefndirnar væru skipaðar. Um þetta er ég honum, því miður, ekki alveg sammála, þar sem það virðist eðlilegt, ef ríkissjóður greiðir ekki kostnaðinn, þá ætti hann að greiðast af hlutaðeigendum í hlutfalli við það, hvernig þeir skipa nefndina, t. d. þar sem bæjarstjórn á fulltrúa í afurðasölunefnd, þá greiði hún að sínum hluta o. s. frv. Það hefir alltaf þótt rétt í slíkum efnum, að réttindi og skyldur héldust í hendur, þannig að ekki hallaðist á. Verð ég að líta svo á, að það ætti einnig að vera í þessu tilfelli.

Hæstv. fjmrh. hélt því einnig fram, að þar sem framleiðendur og ríkisstj. skipuðu meiri hl. í n., þá væri tryggt, að framleiðendur hefðu meiri hl. Það er nú svo með það sem hvert mál er virt. Það má segja, að framleiðendur hafi meiri hl. þar, sem fulltrúar þeirra og fulltrúi ríkisstj. fylgjast að málum, en ég er nú ekki viss um, að allir framleiðendur líti svo á, að oddamaður ríkisstjórnar sé ávallt framleiðendamegin. Hæstv. ráðh. leit svo á, að afurðasölunni væri það fyrir bezt, að nefndirnar væru skipaðar eins og lögin mæla fyrir. Um þetta atriði var eins og kunnugt er talsvert rætt á síðasta þingi, og ætla ég ekki í þessum umr. að fara inn á það mál, en ég hygg, að um það séu skoðanir líka allskiptar.

Enn er á það að líta, ef framleiðendur eiga einir að bera umræddan kostnað, að þá býst ég við, að fulltrúar þeirra óski gjarnan eftir því, að fækkað verði mönnum í nefndunum. Það er ekki alltaf, að 7 menn vinni meira en 5 eða 3, og þar sem meiri kostnaður er eftir því sem nefndirnar eru fjölmennari, þá býst ég við þeirri kröfu frá framleiðendum, að þeir vilji fækka í n., ef þeir eiga að bera kostnaðinn. T. d. er nú mjólkursalan framkvæmd af tveimur n., sem telja samtals 12 menn, og þó áður væri sagt, að 9 menn ættu að stytta nóttina, þá hefir það ekki þótt duga í þessu tilfelli, en ég hygg, að svo hefði þó verið. Ég hygg, ef framleiðendur hefðu mátt ráða, þá hefðu þeir lækkað mjög mikið tölu þessara manna, og svo mun vera jafnvel um fleiri þessar nefndir. Ég verð að þessu athuguðu að halda því fram, að verulegt samband sé hér á milli þessara tveggja atriða, hvernig nefndirnar eru skipaðar og hverjir greiði kostnaðinn við störf þeirra.

Magnús Guðmundsson: Ég lít svo á, að það sé raunar eðlilegt, að þeir framleiðendur, sem slá sér saman eða skipuleggja sína afurðasölu — ef það þykir réttar orðað svo —, beri kostnað af framkvæmd afurðasölunnar, en þó því aðeins, að þeir sjálfir ráði, hvernig afurðasalan fer fram og hvernig henni er fyrir komið. Það sjá allir, að það er að öllu leyti rangt að neyða vissu skipulagi upp á framleiðendur og heimta síðan, að þeir greiði þar af allan kostnað. Krafa sú, sem frv. felur í sér, er því í sjálfu sér sanngjörn, en hún verður ósanngjörn, þegar framleiðendur fá ekki að ráða þeim framkvæmdum, sem þeir eiga að kosta. Þetta er nauðsynlegt að taka fram, af því að sumar þessar skipulagningar hafa verið drifnar á gegn fullkomnum óvilja meiri hl. framleiðenda. Ég þarf í því tilfelli ekki að nefna nema skipulagning fisksölunnar, sem alkunnugt er, hversu deilt var um. En hér er um tvö óskyld viðhorf að ræða. Það er auðvitað allt annað að segja: Þið verðið að skipuleggja sölu ykkar afurða eins og við mælum fyrir, við greiðum kostnaðinn, eða að segja: Þið skipuleggið svo eða svo, og þið berið líka kostnaðinn. — Hið sama er að segja um mjólkursöluna og kannske kjötsöluna, þó ég vilji ekki fullyrða um hana. Ég er á sama máli og hv. 10. landsk. um það, að ákaflega náið samband sé á milli þess, hverjir eiga að ráða framkvæmd afurðasölunnar og hverjir eigi að bera kostnað þeirrar framkvæmdar. Það leiðir af sjálfu sér, að framleiðendur eiga heimting á að ráða þeim framkvæmdum, sem þeir eiga að borga. Aftur á móti er frekar vit í því, að ríkisvaldið fái að ráða framkvæmdunum, ef það ber kostnaðinn. Um þennan kostnað finnst mér vera talsverðar upplýsingar í grg. frv., þar sem hann er áætlaður 100 þús. kr. Það er eðlilegt, að um hann verði ekki sagt alveg ákveðið að svo stöddu, en út af því, að hæstv. fjmrh. var í sambandi við síðasta mál á dagskrá á undan þessu að gera ágreining út af 10 þús. kr. upphæð, sem snerti fjárhag ríkisins á þessu ári, þá vil ég benda honum á, að hann ætlar nú með þessu frv. að krækja ríkissjóði í allverulega upphæð, sem er í fjárlagaáætlun yfirstandandi árs. Fyrir þessum kostnaði var gert í þessa árs fjárlögum. Ég man ekki, hve há upphæð áætluð var; hún mun þó ekki hafa náð 100 þús., en þess var líka getið við umr. um fjárlögin, að hún myndi reynast of lág.

Ég vil svo endurtaka það, að ég álít, að rétt sé að framleiðendur beri kostnaðinn af starfi afurðasölunefndanna, en þó því aðeins, að þeir fái að ráða því einir, hvernig salan fer fram.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 10:2 atkv. og til fjhn. með 10 shlj. atkv.

Á 34. fundi í Ed., 25. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 115, n. 254, 267).

Of skammt var liðið frá útbýtingu brtt. 267. — Afbrigði leyfð og samþ. með 9 shlj. atkv.

Frsm. (Jón Baldvinsson) [óyfirl.]: Þetta frv. er flutt í Nd. af meiri hl. fjhn. þar og fjallar um það að leggja þann kostnað, sem nú er við ýmsar nefndarstofnanir, sem fást við sölu afurðanna, yfir á afurðina, í stað þess, að hann er nú greiddur úr ríkissjóði. Með því að þetta getur orðið mikill kostnaður, sennilega ekki fjarri 100 þús. kr. á ári, þá er ekki nema eðlilegt, að slíkur kostnaður greiðist af þeim af-

urðum, sem verið er að vinna fyrir. Þykir okkur því í fjhn. rétt að samþ. frv.

Hv. 1. þm. Reykv. hefir að vísu áskilið sér fyrirvara og kemur víst fram með till. til breyt. á einhverjum ákvæðum frv. En það er till. okkar hinna í fjhn., að frv. verði samþ. óbreytt.

Magnús Jónsson [óyfirl.]: Ég er út af fyrir sig meðmæltur þessu frv. og gerði þess vegna ekki ágreining í n. Ég álít, að það sé eðlilegt, þegar gerðar eru slíkar ráðstafanir, sem eiga að miða að því að hækka verð vara, þá leggist kostnaðurinn á þá vöru, sem um er að ræða. En eins og kom fram við 1. umr. þessa máls, þá er dálítil mótsögn í því að leggja kostnað á þann aðila, sem ekki getur ráðið, hver sá kostnaður verður, þ. e. a. s., að um leið og þessi kostnaður er lagður á afurðina, sem n. eiga að sjá um sölu á, verður að tryggja, að þeir, sem vöruna eiga að selja, geti haft hönd í bagga með því, hverju kostað er til. Þetta er sjálfsögð og eðlileg krafa. Það er hart fyrir menn að láta aðra ráðstafa því, sem þeir eiga sjálfir að bera kostnaðinn af. Ég hefi þess vegna borið fram brtt. um það, að bæta inn á eftir 4. gr. nýrri gr., þar sem segir, að ákvæði 1.—4. gr. komi því aðeins til framkvæmda, að eigendur afurða þeirra, sem í hverju tilfelli ræðir um, hafi meiri hl. í umræddri n. og geti því haft vald á framkvæmdum öllum og kostnaði, sem til er stofnað í n. Það má náttúrlega segja, að þetta gæti orðið erfitt í framkvæmdinni, þar sem l. mæla öðruvísi fyrir eða þannig, að það er undir hælinn lagt, hvort framleiðendur eru í meiri hl. eða ekki. Ég vil taka t. d. síldarútvegsn., þar sem Sþ. kýs meiri hl. Það getur því verið undir hælinn lagt, hvernig þau 3 sæti skipast, hvort þar lenda menn, sem hafa hagsmuna að gæta beinlínis við sölu þessarar vöru eða ekki. Og yfirleitt eru n. skipaðar með þessu dæmalausa nýmóðins lagi, að hinar og þessar stofnanir, eins og S. Í. S., skuli tilnefna einn mann, og það jafnvel í fiskimálanefnd. Þetta hefir orðið að meiri ágreiningi í einu máli heldur en öðrum, nefnilega í mjólkurmálinu. Það hafa komið fram háværar raddir um það, að mjólkurframleiðendur hefðu meiri hl. í mjólkursölunefndinni. Og það er dálítið hart, þegar framleiðendur, sem nálega allir óska eftir öðruvísi ráðstöfunum heldur en gerðar hafa verið, eru dæmdir til þess að borga kostnaðinn við n., sem þeir hver í kapp við annan mótmæla og telja sér til skaða.

Ég sé svo ekki ástæðu til að svo stöddu að fara frekar út í þetta. Þessari till. minni á þskj. 267 var útbýtt núna á fundinum, en hún er stutt og einföld svo hv. þm. ættu ekki að vera í neinum vandræðum með að átta sig á því, hvað hér er um að ræða.

Frsm. (Jón Baldvinsson) [óyfirl.]: Ég held, að hv. 1. þm. Reykv. hafi í raun og veru ekki athugað, þegar hann samdi till., hvað hún er flókin, þó hún sé ekki nema 3 línur. Það, sem hv. þm. fer fram á, er það, að ákvæðið um greiðslu til n. af fé afurðanna komi því aðeins til framkvæmda, að eigendur afurða þeirra, sem í hverju tilfelli ræðir um, hafi meiri hl. í umræddri n. Þetta spursmál er afarflókið án tillits til þess, hversu réttlátt það er, því það geta verið miklar deilur um, hvenær eigendur afurðanna hafa meiri hl. eða ekki. Við skulum taka t. d. mjólkursölunefndina. Ég ímynda mér, að það mætti færa líkur fyrir því, að eigendur mjólkurinnar hafi stóran meiri hl. í þeirri n. En þá gæti hv. 1. þm. Reykv. komið og sagt: Ekki er Hannes Jónsson dýralæknir bóndi, og ekki heldur Árni Eylands; Kolbeinn í Kollafirði er ekki heldur bóndi nema stundum. Það geta því orðið vafningar að skera úr því, hvenær eigendur afurðanna eru í meiri hl. En mér finnst það koma úr hörðustu átt af þessum hv. þm., sem telur sig vera fulltrúa stærsta neytendahópsins, að heimta, að þeir skuli vera í minni hl., þegar á að ráðstafa afurðunum, hvort heldur er á innlendum eða erlendum markaði. Hv. þm. veit þó, svo greindur maður sem hann er, að þegar gerðar eru ýmsar ráðstafanir til þess að styðja að aukinni neyzlu íslenzkra afurða innan lands eða utan, þá kemur það í mörgum tilfellum hart við neytendur bæði beint og óbeint.

Það hafa verið sendar sendinefndir út um öll lönd til mikils kostnaðar fyrir ríkissjóð; það hefir verið haldinn sendiherra, með hæsta kostnaði, til þess að selja íslenzkar afurðir; og það hafa verið gerðir samningar við erlend ríki, sem binda eða takmarka kaup á vörum við dýrara verði en ef við keyptum þær á frjálsum markaði. Allt er þetta til mikilla óþæginda fyrir neytendur, þegar þannig verður að takmarka vörukaup við viss lönd, án tillits til þess, hvar ódýrast er að verzla. En svo á sá hópur, sem þetta bitnar á, engu að fá að ráða um skipun nefndanna. Og það kemur úr hörðustu átt frá hv. 1. þm. Reykv., sem er fulltrúi fyrir langstærsta hluta neytendahóps í landinu, að hann skuli heimta það, að öll ráð séu tekin af neytendum og fengin í hendur þeim mönnum, sem af tilviljun eru kallaðir eigendur afurðanna. Nema ef hv. 1. þm. Reykv. vill hér með lýsa því yfir, að framleiðendur hafi alstaðar meiri hluta í þessum nefndum, — en þá hefði hann ekki komið fram með þessa tillögu.

Fiskimálan., sem gera á tilraunir og uppástungur um sölu fiskjar og starfar með fé úr ríkissjóði, er skipuð svo, að bankarnir eiga þar sinn manninn hvor, og eru þeir vitanlega ekki eigendur afurðanna. S. Í. S. á að skipa einn fulltrúa, enda ræður það yfir útflutningi á ca. 50 þús. skippundum af fiski árlega. Ég fer þar eftir skýrslum, sem mér hafa verið gefnar um þetta. Þá er Alþýðusambandið. Í því eru öll sjómannafélög landsins, eða menn bæði af stórum og smáum skipum. Það virðist lítil sanngirni í því, að þeir mættu ekki tilnefna mann í n. A. m. k. finnst mér þeir vera eigendur að afurðunum. Og það eru menn, sem oft fá ekki útborgað fyrr en eftir 15 mánuði, þegar fiskurinn selst ekki fyrr. Er ekki réttlátt, að samtök þeirra fái að ráða manni í þessa n., sem hlutast til um sölu á afla þeirra?

Þá er ríkisstj. með einn fulltrúa í n., og virðist varla hægt að ganga framhjá henni, þar sem

ríkissjóður leggur fram ca. 1 millj. króna til umsjár með afurðasölunni, og það fé er alltaf að einhverju leyti lagt í hættu.

Þá hafa togaraeigendur tilnefnt einn mann í þessa n. Hv. 1. þm. Reykv. er víst ekki í vafa um, að þeir séu hinir einu sönnu og réttu eigendur afurðanna.

Þá er loks Fiskifélag Íslands með einn fulltrúa, enda leiðbeinir það um ýmisleg mál, sem sjávarútveginn snerta, og hefir umsjá með framkvæmd þeirra.

Það virðist mega gera ráð fyrir, að allar þessar stofnanir geti gert eitthvað af viti, og þó allir trúi þeim ekki, þá trúi ég þeim a. m. k. betur til þess að velja fulltrúa í n. en þó færi fram almenn atkvgr. um þá. Ef kosningar í n. væru bundnar við það, að ekki hefðu aðrir kosningarrétt en þeir, sem eiga afurðirnar, þ. e. eigendur báta og skipa, þá væru þær víst eftir höfði hv. 1. þm. Reykv. En ég er ekki viss um, að slíkt væri vel ráðið.

Ég veit t. d. fyrir fram, ef settir væru eintómir bændur, eins og hv. 1. þm. Reykv. myndi heimta, sem ættu að sjá um sölu mjólkur til Rvíkur, þá hefðu þeir enga hugmynd um, hvernig ætti að framkvæma söluna. Og þeir myndu ekki gera það sjálfir, heldur setja til þess menn, sem væru kunnugir þessum málum. Menn hafa þar dæmið fyrir sér um forstjóra Mjólkurfélags Reykjavíkur, sem er þeirra trúnaðarmaður. Ég hugsa, það séu fáir bændur, sem hafa jafnmikið vit og hann á sölu mjólkur.

Því er till. hv. 1. þm. Reykv. tóm vitleysa, að heimta, að framleiðendur hafi meiri hl. í þessum nefndum. Það er svo frá því sjónarmiði, hvað vinna eigi málinu gagn, og þar að auki rangindi gagnvart neytendum. Og þetta hefði sízt átt að koma frá hv. 1. m. Reykv., sem er fulltrúi stærsta neytendahóps á landinu. Það er víst, að af öllum þessum ráðstöfunum hljótast margvísleg óþægindi fyrir neytendur.

Ég hefi alltaf játað, að neytendur Rvíkur hafa haft margskonar óþægindi af samsölunni, en ég hefi verið með henni af því, að ég áleit, að það ástand, sem var, mætti ekki haldast lengur, það yrði skaði báðum aðiljum, neytendum og bændum, ef sama sleifarlagið héldist áfram. Enda hefir það sýnt sig, að með skipun mjólkursölunnar hefir þegar sparazt mikill kostnaður sem var óþarfur, svo að bændur fá hærra verð fyrir mjólkina, nú þegar, og neytendur hafa þó fengið ofurlitið lægra verð. Og hefði þó verið hægt að hafa þetta enn kostnaðarminna, ef fylgt hefði verið till. þeim, sem kunnugustu menn lögðu til í upphafi. En ennþá má bæta skipulag samsölunnar.

Það er ekki hægt að búast við því, þó bændur væru settir í slíka n., að þeir gætu sagt, hvað heppilegast er. Það verða þeir að gera, sem kunnugir eru verzlunarháttum.

Hvernig sem maður skoðar till. hv. þm., þá er hún tóm endileysa, og að öðru leyti rangsleitni.

Ég þykist skilja, að með þessu eigi að bjarga uppsteyti, sem varð hjá nokkru af kvenfólki hér í bæ, móti mjólkursamsölunni. Ýmsar húsmæður Rvíkur, sem þó eru yfirleitt hagsýnar, hafa í einhverri blindni samþykkt, að eina ráðið til þess að fá lækkað mjólkurverðið væri að fá bændum alla stjórn samsölunnar í hendur. Mér skilst, að það sé í þessum dúr, eða öllu heldur þessum rús, að till. hv. 1. þm. Reykv. er samin, svo að frv. komi ekki þvert á móti þeim kröfum, sem hér hefir verið um að ræða. En til handa neytendum er ekkert gagn í þessu, og ekki heldur fyrir bændur.

Ég sé ekki ástæðu til að fara fleiri orðum um till. Ég vil ráða hv. dm., bæði vegna bænda, vegna eigenda fiskjar og eigenda afurða yfirleitt, að fella þessa brtt., því að hún er einungis byggð á misskilningi.

Fjmrh. (Eysteinn Jónsson) óyfirl.: Hv. 1. þm. Reykv. hefir flutt brtt. á þskj. 267 við frv. þetta. Þessi till. er að mínu áliti ógreinilega orðuð. Þó held ég, að ég hefði ekki skilið hana nema á einn veg, ef hv. þm. hefði ekki haldið framsöguræðu sína. En eftir það er till. óskiljanleg. Í brtt. stendur, að eigendur afurða þeirra, sem í hverju tilfelli ræðir um, hafi meiri hl. í umræddri n. Þegar hv. þm. fer svo að skýra till. sína, þá segir hann, að það geti verið undir hælinn lagt með síldarútvegsnefnd, hvort síldareigendur séu þar í meiri hl. eða ekki. Það verður ekki skilið, hvort þm. meinar, að til kvalifikationar í n. þurfi eigendur síldar, fiskjar, mjólkur og kjöts, eða þeir þurfi að vera kosnir af mönnum, sem eiga þetta. Ef menn þurfa að eiga síld til þess að geta verið kvalifiseraðir í n., þá er á litlum rökum byggt, það sem hv. þm. hefir fundið að vali Sveinbjörns Högnasonar í mjólkursölunefnd. Hv. þm. ætti samkv. þessu að vera harðánægður með þá tilskipun, því að Sveinbjörn Högnason á um 20 kýr. Eftir þessari skoðun ætti að vera nóg, að menn eigi mjólk, menn þyrftu ekki að eiga nema 1 lítra af mjólk eða eina hafsíld, til þess að vera gildir fulltrúar í n. Ég vil aðeins benda á þetta, því að hv. þm. er ekki ljóst, hvað hann er að fara.

En nú ætla ég að ganga út frá því, að hv. þm. meini, að n. verði að vera kosin af þeim aðiljum, sem eiga mjólk, kjöt, síld o. s. frv. Þm. til léttis vil ég gera þetta. Það kann að líta laglega út á pappírnum, að eðlilegast sé, að framleiðendur ráði í n. og ákveði sjálfir kostnað. En það stenzt ekki alltaf í lífinu eða framkvæmdinni. Vill ekki hv. þm. athuga, hvers vegna framleiðendur sjálfir hafa beðizt afskipta löggjafarvaldsins? Af hverju er það öðru en því, að þeir gátu ekki komið sér saman? Það reka sig á hagsmunir ýmissa hópa, sem hver vill eiga sérstöðu um afurðasöluna. Það hefði ekki þurft neina löggjöf í þessum efnum, ef framleiðendur hefðu getað ráðið málunum til lykta sjálfir. En það hafa þar ekki allir sömu hagsmuna að gæta. Því er nauðsynlegt, að aðrir aðiljar komi til, þegar sérhagsmunirnir rekast á. Því hefir löggjafarsamkoman litið svo á, að ekki væri heppilegt, að framleiðendur ráði hér öllu, og er nóg í þessu sambandi að vísa á lög frá síðasta þingi, þar sem þetta er viðurkennt.

Auk þess vil ég benda hv. þm. á það, ef farið er að gera þá kröfu, sem í till. felst (því ég vil

leggja þann skilning í hana), að eigendur afurðanna kjósi menn í n., þá er líka forsvaranlegt, að kostnaður af n. sé greiddur af framleiðendum.

Þá vil ég benda á, að það er ekki fjarri um n. þær, sem nú sitja samkv. afurðasölulögunum, aðrar en þá e. t. v. sildarmálan., að þær séu skipaðar þannig, að meiri hl. þeirra sé fulltrúar framleiðenda. Það verður þó ekki um deilt, að landbrh. sé fulltrúi þess atvinnuvegar í ríkisstj., og eins er sjávarútvegsrh. fulltrúi þeirrar atvinnugreinar. Það virðist því, út frá sjónarmiði þessa hv. þm., vera hæfilega séð fyrir því, að hagsmunir framleiðenda séu ekki bornir fyrir borð í n. En með skipun oddamanns af hálfu hlutaðeigandi ráðh. er séð fyrir því, að ekki rekist á sérhagsmunir einstakra hópa, til tjóns fyrir atvinnuveginn. Þeir menn, sem ráðh. skipar, eiga að hafa yfirsýn og jafna hagsmunina. Ég er því ekki í vafa um, að þetta fyrirkomulag hvað snertir ákvörðun markaða og markaðsskipti er það heppilegasta. Framleiðendur hafa raunverulega meiri hl. í n., en oddamannsatkvæðið hafa þeir, sem allrar aðstöðu sinnar vegna geta haft yfirsýn um hagsmuni allra framleiðenda. Ég lít því svo á, að rétt sé að fella brtt. á þskj. 267. Hún er síður en svo til bóta, og ástand það, sem nú er um skipun n., er heppilegra en það, sem virðist hafa vakað fyrir hv. flm. till.

Guðrún Lárusdóttir: Það er ræða hv. 4. landsk., sem kemur mér til að standa upp og segja hér nokkur orð. Hann hélt því fram, að húsmæður Rvíkur hefðu í blindni lagt út í mjólkurverkfall með það eitt fyrir augum að knýja niður verð á mjólkinni. (**JBald:** Ég sagði það ekki). En okkur húsmæðrunum var það ljóst frá byrjun, að verðið getur ekki lækkað, meðan það fyrirkomulag helzt, sem nú er á mjólkursölunni. Það var óánægjan út af þessu fyrirkomulagi og óþægindin, sem það bakaði heimilum okkar, sem gerði það að verkum, að við gátum ekki verzlað við samsöluna, sem ekki heldur virtist vilja skipta við okkur. Það voru þessi óþægindi, sem knúðu okkur til að gera kröfur um breytingar á samsölunni. Hv. þm. veit, hvaða kröfur þetta voru. Það, sem við báðum um, var ekki þess eðlis, að ekki hefði verið hægt að láta það eftir, og þá hefðu mjólkurlögin, það þori ég að fullyrða, gengið greiðara fram. Við báðum ekki um annað en betri mjólk og frjálsari sölu. Þetta voru hóflegar kröfur og alls ekki ósanngjarnar frá stórum hópi neytenda.

Ég vildi leiðrétta það, sem hv. þm. bar fram, að við höfum viljað knýja niður verð mjólkurinnar. Við vissum, að það var ekki hægt með því skipulagi, sem á sölu hennar er. En hinsvegar er það von okkar, að þær komi stundir, að hægt sé að lækka verð hennar.

Það er annars bágt að skilja þá verzlunarað ferð eða þá hagsbót, sem í því ætti að felast í viðskiptum, að ýta kaupendum frá sér í stað þess að laða þá að sér.

Hv. þm. hældist um, að mjólkurverkfallið væri að dvína, það yrði ekki úr því nema bóla, sem hjaðnaði niður. Ég er ekki viss um, að þm. viti vel um það, sem hann er að segja. Óánægjan með mjólkursöluna er mikil, og hún verður ekki minni, þar til lögun fæst á þessu máli. Það er alvörumál húsmæðranna að fá söluna lagaða, og það ætti ekki síður að vera alvörumál fyrir þá, sem eiga að sjá um söluna fyrir bændur. Því að þessum aðiljum, neytendum og bændum, getur ekki orðið gagn að viðskiptunum hvorir við annan, nema þeir séu sáttir. Og ég vona, að þessir tveir aðilar geti komið á sáttum með sér.

Ég vil að síðustu undirstrika það, að það var ekki mjólkurverðið, heldur óþægindin, sem leiddu af fyrirkomulagi mjólkursölunnar, sem fékk okkur húsmæðurnar í Rvík til að hefjast handa í þessu máli.

Magnús Jónsson [óyfirl.]: Ég er sannast að segja ekki lítið hissa á þeim umr., sem hér hafa orðið. Ég ber fram einfalda till. þess efnis, að ef leggja eigi kostnað á ákveðna aðilja, þá sé það um leið tryggt, að aðiljar ráði, hver sá kostnaður er.

Það virðist óþarfi að gera mikið veður út af þessari einföldu till., sem ekki fer fram á annað en það, sem er sjálfsögð og algeng regla. Ég skal nefna hliðstæð dæmi. Ef ríkisvaldið skyldar menn til skólagöngu eða spítalavistar, þá tekur það á sig kostnaðinn, sem af þessu leiðir. Börn á skólaskyldualdri eru ekki látin greiða kostnað af vist sinni. Og t. d. í berklalögunum er ríkisvaldinu gert að skyldu að borga kostnað af sjúkrahúsdvöl sjúklingins. Vegna þeirra skyldna, sem borgurunum eru lagðar á herðar í þessu efni, er álitið skylt, að ríkið verði að borga kostnaðinn. Það er litið svo á, að sá verði að borga kostnaðinn, sem skipar fyrir, hver kostnaðurinn er. Það er hart að skipa mönnum fyrir kostnað, sem þeir fá engu ráðið um, eins og hér er verið að gera með skipun n., sem eigendur afurðanna eiga ekki að ráða yfir. N. getur í bezta tilgangi lagt út í stóran tilkostnað, sem eigendum vörunnar finnst ekki fært að ganga út í. Ef þeir eiga að greiða kostnað n., þá er fyllsta sanngirni að þeim sé tryggður umráðaréttur um það, hver sá kostnaður er.

Ég skil því ekkert í, þegar svo einföld till. kemur fram, þá skuli slíkur taugaóstyrkur þurfa að grípa hv. 4. landsk. og hæstv. ráðh., að þeir halda langar ræður um allt annað mál. Hv. frsm. n. innleiðir hér þessa einkennilegu aðferð. Mikill hluti af ræðu hans var um það, að ríkið hefði mikinn kostnað af sendinefndum, hefði sendiherra á háum launum o. s. frv. Hann er þá hér að tala móti frv. Ríkið sendir menn út til að leita fyrir sér um sölu afurðanna, og af þeim sökum ber ríkið kostnaðinn, sem af því leiðir. Þetta er í alla staði eðlilegt, og er nákvæmlega eftir minni reglu. Ég vil ekki láta einstakar stéttir greiða kostnað þann, sem leiðir af skipulagningu ríkisins á afurðasölunni, af því það er svo óvíst, að það komi að haldi, einmitt af því að framleiðslustéttirnar fá ekki sjálfar að ráða. Hv. frsm. lagði út af orðum mínum á þann veg, að sér þætti undarlegt, að ég skyldi ekki fara fram á, að bændurnir seldu

hér sjálfir framleiðslu sína, þá réðu þeir, hvernig sölunni væri hagað út í yztu æsar. En nú hefðu þeir ráð á sölutilhögun gegnum fulltrúa sína í mjólkursölunefnd. En því er þeim þá meinað að ráða? Því ekki að breyta svo lögunum, að þeir fái að kjósa frjálst í n. og ráða þannig sinni vörusölu, eins og farið er fram á í till. minni? En eins og nú er getur n. eða meiri hl. hennar farið með þessi mál eftir geðþótta, án þess að bændur geti komið fram ábyrgð á hendur þeim, en það geta þeir ekki nú, sbr. mjólkurssamsöluna, því þó þeir vilji breyta til, fá þeir engu ráðið. Hv. frsm. sagði, að allt þetta spursmál væri flókið. Naumast er! Já, þetta er ekki smáræðisflækja! Ef bændurnir greiða kostnaðinn af mjólkursölunefndinni, þá fái þeir að kjósa meiri hl. n. Það er afskaplega flókið þetta! Ég get ekki ímyndað mér *einfaldara mál. Þetta er alveg eins og* ef fiskeigendum er gert að skyldu að kosta fiskimálanefnd, þá sé þeim tryggt að fá meiri hl. í n. og ráða, hvaða menn fara þar með umboð þeirra.

Mér þótti hreppapólitíkin fara að skjóta upp höfðinu, þegar það var notað gegn brtt. minni, að fulltrúi stærsta neytendahópsins yrði útilokaður úr n. Ég skal játa, að frá hreppapólitíkur sjónarmiði er þetta galli, en reynslan hefir kennt mér annað. Þó finnst mér eðlilegt og sjálfsagt, ef ríkissjóður greiðir kostnaðinn við nefndarstörfin, eins og samþ. var á síðasta þingi, að framleiðendur og neytendur eigi jafnan rétt í n. En ef breyt. sú verður samþ., sem felst í lögum þessum, þannig að framleiðendur beri kostnaðinn, þá finnst mér eðlilegt og sjálfsagt, að þeir velji meiri hl. n., framleiðendur. Reynslan hefir einnig kennt Rvíkingum, að þó framleiðendurnir réðu einir, myndi það ekki óheppilegra en núv. fyrirkomulag, því þeir eru verstir í n., sem hvorki eru framleiðendur né neytendur. Ef framleiðendur stjórna þessum málum, þá munu þeir áreiðanlega, eins og góður kaupmaður, taka tillit til neytendanna. Þeir eru verstir, mér liggur við að segja verstu dónar, sem vaða uppi í n. með rosta, menn, sem *settir hafa verið til að ráðstafa þessum málum*, eru ekkert annað en rostinn og hafa engra hagsmuna að gæta í þessum efnum. Ég er alveg sannfærður um, að ef bændur hefðu verið í meiri hl. í mjólkursölunefnd, þá hefði þeim ekki dottið í hug að láta Alþfl. hirða ágóðann af brauðsölunni. (**JJ**: Bændurnir eru þar í meiri hl.). Hv. þm. S.-Þ. fellst jafnan á allan misskilning, og ekki sízt, ef hann er móti eigin sannfæringu hans, enda er það von, því hann sést aldrei hér í d. og veit ekkert, hvað hér fer fram. Ég skal ekki segja, hvort sumir þeirra eiga að teljast fara þar með umboð bænda, en það sér hvergi á, úr því þeir taka sig til og einoka í mjólkurbúðunum fyrir eitt einasta brauðgerðarhús, eins og tilgangur þeirra var, þó þeir yrðu að láta undan. Vitanlega var sjálfsagt, úr því samsalan setti upp búðir, að selja þar brauð frá öllum brauðgerðarhúsum í bænum, en það var flokkssjóður Alþfl., sem þurfti að komast að. Ég veit ekki, hvort hv. frsm. ætlast til, að *mjólkurmálið sé rætt hér*, en það er rökrétt afleiðing af frv. því, sem hér *liggur fyrir, og ef einn talar um eitthvert mál*, koma hinir á eftir, alveg eins og ef ein kind er leidd út í vatn, renna hinar á eftir. Þetta er aðeins rökrétt afleiðing af því, hvernig þetta mál var tekið hér upp í frv. Hingað til hefir n. blandað og ríkið borgað, nú á að breyta til og framleiðendurnir eiga að borga, og þá eiga þeir líka að ráða. Ég vildi sýna fram á þau rök hér, að það er rétt, að þeir beri kostnaðinn, sem hafa valdið, og þeir fái valdið, sem bera kostnaðinn.

Ég er hér sem fulltrúi neytenda landbúnaðarafurða yfirleitt, og þó ég sé sjálfur neytandi, *vil ég margfalt heldur*, að framleiðendurnir ráði sjálfir en ýms aðskotadýr, eins og nú er, sem engra hagsmuna eiga að gæta. Ég veit t. d. ekki, hvað fulltrúi S. Í. S. á að gera inn í þessa n. Það má kannske til sanns vegar færa, að *ýmsir menn í því séu* bændum velviljaðir, en annað er það nú ekki.

Hæstv. fjmrh. er hér nú ekki við. Það er síður þessara herra að koma hér inn til að gusa úr sér, og stökkva síðan í burtu. Það vill til, að það er ekki margt, sem ég þarf að svara af því, sem hann með sínum einkennandi dæmalausa derringi sagði, að af því hann hefði ekki hugsað það, gæti það ekki verið rétt, heldur hlyti það að vera heimska, þó hann þættist geta skilið, að rétt væri og eðlilegt, að framleiðendurnir réðu. Hann þóttist geta lesið það út úr ræðu minni — sem getur vel verið, að *hann hafi gert* með því að snúa henni um —, að Alþingi ætti að kjósa þessa n., og það væri engin trygging fyrir því, að kosnir yrðu framleiðendur. Það þarf heldur ekki að verða, þó að þeir kjósi í n., sem hlut eiga að máli, að það komi þannig út. Það er alls ekki víst.

Hæstv. ráðh. taldi óheppilegt og óhentugt, að tómir framleiðendur réðu, því þeir kæmu sér aldrei saman. *Þetta varð dálítið einkennilegt* í sambandi við það, sem hæstv. ráðh. sagði, að bændur hefðu nú meiri hl. í n. Og mér þykir undarlegt, ef þeir mega þá ekki skipa meiri hl. eftir eða samkv. brtt. minni; mér finnst það *alveg eins* vel geta gengið, úr því þeir hafa meiri hl. nú. — Ég skal svo ekki fjölyrða meira um þetta, ég skal ekki fara út í að svara heimskulegum og ósanngjörnum hnútum; ég sé ekki ástæðu til þess að eltast við að svara þeim hugsanagraut og þvættingi eins og mikið af því hefir verið, sem sagt hefir verið móti brtt. minni. Það liggur ekki fyrir, hvort heppilegra sé, að framleiðendur greiði þennan kostnað eða ekki. Um það eru allir sammála, en ef þeir borga, þá eiga þeir að ráða, og það er sú regla, sem ég set fram hér í till. Ég geri ekki ráð fyrir, að borið hafi verið fram frv. í þessa átt, nema þeir viti, hvað í því felst, og það vil ég fá fram.

Frsm. (Jón Baldvinsson) óyfirl.: Ég varð ekki mikils vís af ræðu hv. 5. landsk. um það, hvaða árangur hefði orðið af samtökum þeim, sem hún hefir gengizt fyrir hér í bænum með öðrum húsmæðrum, nema það var ekki til að knýja niður verðið; það tók þessi hv. þm. rækilega fram. Helzt skildist mér, að kröfur

þeirra væru um meiri og betri mjólk og frjálsari brauðsölu. (**PHerm**: Og dýrari). Ég skil nú ekki, að gera hafi þurft sérstaka kröfu um meiri mjólk. Mér er ekki kunnugt um, að hér hafi verið né sé neinn mjólkurskortur. En hinsvegar er mér kunnugt um, að viss hluti Sjálfstfl. óskaði ekki eftir því um tíma að neyta meiri mjólkur, þó það gengi ekki nema að litlu leyti út yfir söluna hér í bænum, vegna gagnsamtaka. Annars er mjög auðvelt að bæta úr, ef mjólkurskortur er hér í bænum, því mér er ekki kunnugt um annað en að mjólkurbúin austanfjalls hafi næga mjólk, sem þar er nú unnið úr daglega. Ég held því, að það sé mjög auðvelt að flytja meiri mjólk hingað á markaðinn, ef þess er þörf, og uppfylla þannig þessa kröfu hv. 5. landsk. Um betri mjólk má auðvitað alltaf deila; það er auðvelt að vekja deilur um gæði mjólkurinnar. En ég veit ekki betur en mjólkin komi frá sömu bændum og var fyrir 15. jan., a. m. k. að langmestu leyti, og sömuleiðis að hún sé úr h. u. b. sömu kúm. Það er því að mestu leyti sama fólk nú og var fyrir 15. jan. s. l., bæði sem framleiðir mjólkina og neytir hennar. Ég held því, að mjólkin hljóti að vera mjög svipuð. En það getur vel verið, að Sjálfstfl. þyki það ekki skemmtilegt eða æskilegt, að aðrir menn ráði þessum málum en þeir hafa óskað. Ég held því, að það megi telja alveg víst, að þessi samtök, sem hv. 5. landsk. hefir myndað hér í bænum ásamt nokkrum öðrum konum, séu pólitísk umbrot, til að reyna að flækja mál, sem verið var að greiða úr, m. a. með því að minnka dreifingarkostnaðinn til ágóða fyrir bæði framleiðendur og neytendur; úr þessu öngþveiti var verið á góðum vegi með að leysa. En hv. 5. landsk. og öðrum aðalmálsvörum Sjálfstfl. hefir sviðið það, ef núv. stjórn tækist að leysa þetta mál, og vildu því skapa glundroða í þá skipan, sem á var komin. Það er því ekki út af ónógri mjólk eða út af einokun á brauðinu, sem þau eru mynduð þessi samtök íhaldskvennanna hér í bænum. Ef þau byggjast á því, þá get ég sagt hv. 5. landsk., að þau eru byggð á hringlandi vitlausum grundvelli. Hv. 5. landsk. getur sjálfsagt eins og hver annar keypt brauð hjá hvaða brauðgerðarhúsi sem vera skal. En að í búðum samsölunnar skuli aðallega vera seld brauð frá einu brauðgerðarhúsi, það liggur í því, að teknar eru á leigu mjög margar búðir frá stærsta brauðgerðarhúsi bæjarins, sem í 20 ár hefir hnitmiðað niður búðir sínar, þar sem fólkið er flest. Þetta er því augljóst hagsmunamál samsölunnar, því þar sem selst mikið af brauði, selst líka mikil mjólk, og hvorttveggja er hennar hagur, auk þess sem þetta var algerlega frjálst útboð eftir principi hv. 1. þm. Reykv. (**MJ**: Þetta er hrein vitleysa). Þetta er rétt. Það var leitað til bakarameistaranna, fylgismanna hv. þm. (**MJ**: Það var ekki boðið út). Þeir sátu fundi með n., en sögðust ekki vilja gera tilboð. Þetta var því algerlega frjálst útboð, eftir fínustu principum kaupmannastéttarinnar. (**MG**: Þessu var enginn að finna að). Hv. flm. brtt. var að finna að þessu. — Þá var hv. 5. landsk. þm. að tala um, að lögin hefðu ekki verið framkvæmd með velvilja. En voru þau þá framkvæmd með óvilja? Og hver var sá óvilji?

Ég veit það, að það voru dálítil óþægindi í byrjun, en alls ekki illvilji í framkvæmd. Það voru t. d. óþægindi, að búðum var fækkað úr 100 niður í 35. Það kunna að verða fleiri spor fyrir einstaka fjölskyldu, en þetta eru aðeins óþægindi í bili. Yfirleitt var það tónninn í ræðu hv. þm., að allt ætti að vera frjálst, og ræðan var ekki annað. Verðið átti ekki að lækka, en allt átti að haldast í sama horfinu og var. Það þýðir vitanlega meiri kostnað við dreifingu mjólkurinnar. Það þýddi að halda uppi 60—70 óþarfa búðum. Ég skil nú ekki þann velvilja, sem kann að eiga að felast í þessu í garð bændanna, að halda uppi fleiri búðum en þarf, með öllum þeim kostnaði, sem því fylgir. Hv. þm. getur þegar séð hagnaðinn af þessari sparsemi, þó ekki sé hann stórvægilegur. Það er 1 eyrir pr. lítra til hvors aðila, neytanda og framleiðanda. Það lætur ekki mikið í eyrum hv. þm., en fremur ber það vott um velvilja en hitt, og í þessa átt ber að stefna. En ef hv. 5. landsk. hefði átt að ráða og hennar nánustu fylgifiskar, þá hefðu allir mátt setja upp búð hvar sem þeim sýndist, með þeim kostnaði, sem óhjákvæmilega mundi af því leiða, og verða að takast með hærra mjólkurverði.

Það voru óþægindi í bili að taka fyrir útlán á mjólk, en það verður heldur engin umbót gerð, nema því fylgi óþægindi fyrir einhvern eða einhverja. Ég veit, að það eru óþægindi fyrir þá, sem ekki þurftu að borga mjólkina fyrr en eftir 30—35 daga, að verða nú að borga strax, — en það tekur ekki langan tíma að komast yfir slík óþægindi. En hvað er um þá fátækustu og aumustu, sem aldrei geta fengið lán? Þeir hafa orðið að greiða jafnótt, því þeir höfðu ekki auraráð, og gátu því ekki „fengið krit". Ekki er það umhyggjan fyrir þeim að fá áframhaldandi lánsviðskipti. Mér skilst, að það, sem hv. þm. hefir borið hér fram, réttlæti ekki á neinn hátt, að umsteypa þurfi frv. þessu, eða séu till. til umbóta. Það er ekkert nema pólitísk þægindi fyrir hana og hennar flokk, en óþægindi andstöðufl. Þetta er auðskilið, enda skilja það allir svo, og það er skiljanlegt, að erfitt sé fyrir hv. þm. að halda mjólkurverkfallinu áfram meðan ekki er meiri þátttaka en er.

Hv. 1. þm. Reykv. var að bera þetta saman við ýmislegt, sem þjóðfélagið lætur gera eða gerði, eins og t. d. framlög vegna skólaskyldu, berklavarnakostnaðar, sjúkrahúsa o. s. frv., sem þjóðfélagið skyldaði menn til og þætti því ekki fært annað en taka þátt í. Þó þetta virðist í fljótu bili vera rök, þá er svo ekki, þegar nánar er að gáð. Þetta eru ráðstafanir, sem þjóðfélagið gerir vegna allra þegna sinna. Það er t. d. ómögulegt að segja, hver verður fyrir því óláni síðar í lífinu að þurfa berklavarnastyrk; það getur hent hvern sem er og úr hvaða stétt sem er.

Það sama gildir um sendiherra eða sendinefndir til erlendra ríkja; þeir eiga að gera almennar ráðstafanir, sem ekki er hægt að heimfæra sérstaklega til einnar stéttar, heldur til atvinnuvega landsmanna yfirleitt.

En það er dálitið annað t. d. þegar sett er kjötsölunefnd til að ráðstafa sölu kjöts og hafa hana með höndum; þá virðist mér augljóst, að kostnaður við þá n. eigi að greiðast af framleiðslunni, því sú nefnd hefir ekki annað starf með höndum. Mjólkursölunefnd er sett til að ráðstafa mjólkursölunni, síldarútvegsnefnd til að greiða fyrir síldarsölu, og fiskimálanefnd til að ráðstafa fisksölunni. Þetta eru allt sérstök verkefni út af fyrir sig í þágu framleiðslunnar, sem rétt er, að hún beri kostnaðinn af. (MJ: Þetta er alls ekki ágreiningsmál). Þetta er ekki ágreiningsmál, segir hv. þm., en ég er að bera saman rök hans til að sýna, að hann fer með rökvillur. (MJ: Skelfing er að vita, ef hv. þm. skilur þetta ekki). Mér skilst, að þetta sé mjög augljóst mál, að kostnaðurinn við berklavarnir er almennur, en hitt er aftur á móti sérstakur kostnaður, sem leiðir af ráðstöfunum vegna skipulagningar á sölu kjöts eða mjólkur. Því síður er þetta rétt hjá honum, sem þeir, sem eiga að ráða þessum málum, eru menn úr báðum þeim hópum, sem hér eiga hagsmuna að gæta. Ég veit ekki betur en að það sé svo með kjötverðlagsn., ég veit, að það er svo með mjólkursöluna. (MJ: Nei, nei), síldarútvegsn. (MJ: Nei, nei). Hann getur sagt „nei, nei“ svo lengi sem hann vill, en það er á móti sannleikanum. (MJ: Ég hefi það hér skrifað hjá mér, hverjir eru í öllum þessum n.). Já, það væri ekki nema gott að fá að heyra þau nöfn. Ég man ekki nöfn allra þessara manna, en það verður kannske hægt að afla sér þeirra, og er þá hægt að sýna fram á, að hv. þm. er hér að vitna á móti sannleikanum.

Svo er þetta atriði, sem ekki verður um deilt, að dreifing mjólkur í Reykjavík og dreifing á kjöti, þetta eru mál neytendanna líka. Þeim er ekki sama, hvernig þetta er gert. Framleiðendunum á ekki heldur að vera sama, þó að þeir styggi neytendurna. Ef þeir gerðu á hlut neytendanna, þá mundi það koma fram. Það hefði sýnt sig, ef mjólkursölun. hefði gengið freklega á hlut neytendanna, þá hefðu samtök jafnvoldugs stjórnmálaflokks og Sjálfstfl. er hér í bæ, borið meiri árangur en þau gerðu. Það er alveg áreiðanlegt, að ef almenningur hér í bænum hefði haft nokkra verulega ástæðu til að finna að framkvæmdum mjólkursölun., þá hefði Sjálfstfl. getað komið upp hér í bæ samtökum, sem hefðu eyðilagt samsöluna, en það hefir ekki tekizt betur en þetta, af því að málstaðurinn er ekki góður. Og það vil ég leggja hv. 5. landsk. á hjarta og biðja hana að athuga, hvort málstaðurinn er svo góður og hvort hann hefði ekki fengið meiri árangur, ef hann hefði haft við þau rök að styðjast, sem hefði gert þessa hreyfingu Sjálfstfl.kvennanna í bænum réttmæta.

Hv. 1. þm. Reykv. var að svívirða þá menn, sem hafa unnið að þessu máli. Hann talaði um einhverja dóna, sem væðu þar uppi. Ég veit ekki, hvert hann stefnir þessum orðum sínum. Það, sem hann á hér við, er það, að það hefir orðið að taka föstum tökum á þessu máli, og það hefir orðið að gera ýmsar ráðstafanir, m. a. vegna þess, að Sjálfstfl. hefir farið með hinn mesta fláttskap í þessu máli og sýnt sig þann dæmalausa ræfil. Annarsvegar hefir hann kitlað Reykvíkinga, fyrst með því, að verðið ætti að lækka, síðan að ætti að gera söluna frjálsa o. s. frv. Hinsvegar hefir hann sent út um sveitir landsins og kitlað bændur með því, að neytendur ættu hér engu að ráða, það væru framleiðendurnir sjálfir, sem ættu að taka stjórnina í sínar hendur, eins og þeir hafa orðað það. En nú er búið að endavenda þessu svo, að þessi krafa, sem neytendurnir hefðu haft fulla ástæðu til að taka undir, verðlækkun á mjólkinni, hún hefir algerlega verið strikuð út, og hv. 5. landsk., fulltrúi neytendanna, vill neita henni. Auðvitað hefir hv. þm. verið kúgaður til þess af sínum flokki að breyta málinu í þetta horf. Það, sem hún heimtar nú, er þveröfugt við verðlækkun, gera mjólkina frjálsa, láta allt verða eins og það var áður, þó að hún viti, að það hlýtur að leiða til þess, að meiri kostnaður leggst á mjólkina, og hann hlýtur annaðhvort að koma niður á bændunum með lægra verði, eða þá að mjólkin á að hækka til neytendanna. Það er þessi fláttskapur sjálfstæðismanna, þessi tviskinnungur í framkomu þeirra hér í bænum og úti um sveitirnar, sem er nú svo augljós, að þeir hafa orðið sér til hinnar mestu minnkunar í þessu máli.

Þorsteinn Briem óyfirl.]: Ég lét það þegar í ljós við 1. umr., að ég væri mótfallinn þessu frv. Fyrst og fremst af þeirri ástæðu, að ég liti svo á, að sú minnsta aðstoð, sem ríkisvaldinu bæri að veita þessum tveimur höfuðatvinnuvegum okkar, landbúnaði og sjávarútvegi, væri það, að kostnaður við þessi nefndarstörf væri greiddur af þjóðfélaginu í heild, og það því fremur, þegar ekkert hefir greiðzt úr fyrir atvinnuvegum þessum síðan nefndirnar voru skipaðar. Það er og vitanlegt, að velmegun þessara tveggja atvinnuvega er undirstaða þess, að ríkissjóður fái fé til sinna framkvæmda. Það stendur líkt á um þá og bóndann. Bóndinn þarf að fóðra búfénað sinn vel til þess að hann gefi arð. Það þarf að hlynna að atvinnuvegum eftir því sem föng eru til, svo ríkissjóður geti fengið sínar tekjur. Ég drap á það við 1. umr., að það yrði að vera náið samband á milli þess, hvernig kostnaðurinn við n. þessar væri greiddur og hvernig í n. væri skipað. Það yrði að fylgjast að réttindi og skyldur. Það gæti þannig ekki talizt sanngjarnt að láta atvinnuveg, sem ekki fengi ráð á nema 1—2 fulltrúum í hverja 5 manna n., greiða kostnaðinn við hana að öllu leyti, þar sem hinir fulltrúarnir í n. væru valdir af öðrum aðilum. Þetta sjónarmið hafði stj. og Alþingi viðurkennt á síðasta þingi með setningu mjólkurlaganna, þar sem framleiðendur völdu þrjá af sjö í mjólkursölunefnd, og greiddu ekki heldur nema $\frac{3}{7}$ hluta kostnaðarins. Þann stutta tíma, sem liðinn er frá því að þetta var samþ., hefir lítið breytzt. Getur því ekki verið um að ræða að ganga lengra í þessu efni en að láta framleiðendur greiða hlutfallslega við það, hvað þeir eiga marga fulltrúa í n. Hinsvegar væri það vitanlega eðlilegast, að hlutaðeigandi atvinnuvegir réðu mönnunum sjálfir í þessar n., og þá fyrst væri talandi um, að framleiðend-

urnir greiddu allan kostnað við þær. Að framleiðendur ráði ekki einu sinni meiri hl. í nefndirnar, en greiði þó allan kostnað við þær, verður að teljast mjög ósanngjarnt. Það væri því nokkur bót, ef samþ. væri brtt. á þskj. 267, þar sem svo er ákveðið, að þetta ákvæði frv. komi þó því aðeins til framkvæmda, að eigendur afurða þeirra, sem í hverju tilfelli ræðir um, hafi meiri hl. í hlutaðeigandi n. og geti því haft vald á framkvæmdum öllum og kostnaði, sem n. stofnar til. Í nágrannalöndunum, t. d. í Noregi, er svo til ætlazt, að framleiðendur hafi yfirráð í öllum þeim n., sem hafa með höndum sölu landbúnaðarafurða. Þar greiða hlutaðeigandi atvinnuvegir líka allan kostnað af nefndunum. En þegar svo er ástatt sem hér, að framleiðendur skipa ekki svo mikið sem lítinn meiri hl. í einni einustu n., sem við mál þessi fást, þá verður að teljast fullkomlega ósanngjarnt að leggja þennan kostnað að öllu leyti á herðar þeirra, því að það má alveg ganga út frá því sem gefnu, að ef framleiðendur fengju sjálfir að fjalla um þessi mál og ráða þeim, myndu þeir í ýmsu haga framkvæmdunum öðruvísi en nú er gert, með tilliti til þess, að kostnaðurinn yrði sem minnstur. Ég get t. d. hugsað mér, að þeir, sem landbúnað stunda, myndu vilja hafa færri menn í n. en þær skipa nú.

Hv. 4. landsk. vildi halda því fram, að bændur hefðu t. d. enga hugmynd um hvernig bezt væri að „organisera“ mjólkursöluna. Þetta og þvílíkt er af lítilli þekkingu mælt, því að ég veit ekki betur en að bændur hafi í mörgu sýnt það, að þeir séu fyllilega færir um að koma skipulagi á mál sín. Það sýnir kaupfélagsskapurinn bezt o. fl. o. fl. Benda má á það, að í því héraði, þar sem bændur fara einvörðungu með þessi mál, — á ég þar við Eyjafjörð — hefir að ég hygg aldrei hlaupið snurða á, og útkoman er þar svo ákjósanleg, að vel mundi mega við það una, ef tiltölulega eins góð útkoma væri annarsstaðar.

Að svo sé, sem hæstv. fjmrh. komst að orði, að fyrirkomulagið á skipun n. sé svo gott, að það geti ekki verið betra en nú er, það hygg ég, að jafnvel hans flokksmenn geti fallizt á, að sé fullmikið sagt. Þó að um sumar þessara n. kunni að hafa tekizt allvel, eftir því sem ástæður voru til, þá hygg ég, að jafnvel hæstv. fjmrh. sjálfur muni geta fallizt á, að þetta var of mikið sem hann sagði, því að svo mikið er víst, að jafnvel þessir bændur, sem hv. 4. landsk. talaði um með lítilli virðingu, jafnvel þeir þykjast áreiðanlega sjá leiðir til að hafa betra fyrirkomulag t. d. á tilhögun mjólkursölunnar heldur en nú er. (**JBald**: Hvaða bændur?). Ég get aðeins minnt á þá fundi, sem haldnir hafa verið, t. d. fund, sem haldinn var fyrir skömmu af sameinuðum fulltrúum frá mjólkurbúum Suðurlands, úr Borgarfirði, Gullbringu- og Kjósarsýslu og Árnessýslu. Þar hygg ég, að þeir menn hafi verið í allmiklum minni hl., sem líta svo á, að fyrirkomulag þessara mála sé svo gott, að það geti ekki betra verið en nú er.

Það kom fram hjá hv. 4. landsk. allmikill ótti við það, ef bændur hefðu með þessi mál að sýsla, þá mundu þeir nota sína aðstöðu til þess að þrengja að neytendunum. Ég hygg, að reynslan, m. a. reynslan frá Eyjafirði, hafi sýnt, að bændur eða framleiðendur, þegar þeir hafa þessi mál í sínum höndum, stjórna þeim fyrirtækjum svo, að neytendur hafa síður en svo yfir nokkru að kvarta. Þeir gera það ekki aðeins af sjálfsagðri sanngirni í garð neytendanna, heldur líka vegna þess, að þeir líta jafnframt á sinn eiginn hag. Þeir óska ekki eftir að sprengja verðið svo hátt upp, að það dragi úr neyzlunni. Það er algilt verzlunarlögmál, og það er þessum framleiðendum jafnkunnugt sem þeim, er sitja á þingi.

Ég held því fram, að eðlilegast sé, að þessi kostnaður sé greiddur af þjóðfélaginu í heild, en ég mun þó eins og málið horfir við greiða atkv. með brtt. á þskj. 267.

Forsrh. (Hermann Jónasson) óyfirl.: Án þess að fara að ræða mjólkurmálið almennt, þá finnst mér ég ekki geta látið hjá líða að svara með nokkrum orðum ummælum hv. 10. landsk. Í ræðu þessa hv. þm. kom fram sem sagt sú endurtekna blekking, að framleiðendur ráði ekki yfir sínu eigin mjólkursölumáli í bænum. Ég vil í því sambandi benda á, að í mjólkursölun. eru 7 menn. Þar af eru tveir tilnefndir af búunum vestan og austan fjalls, sem sé Eyjólfur Jóhannsson og Egill Thorarensen í Sigtúnum. Sá þriðji er tilnefndur af þeirri stofnun, sem er sérstaklega stofnun bænda, sem sé Sambandinu. Ég staðhæfi, að sá maður sé mjög góður fyrir bændur, það er Árni Eylands, — eða vill hv. 10. landsk. neita, að svo sé? Fjórði maðurinn er sira Sveinbjörn Högnason, sem hefir sem bóndi stórfelldra hagsmuna að gæta, að þetta allt gangi sem bezt; hann er einn af stærstu kúabændum fyrir austan fjall. Hér eru þá taldir upp fjórir, en það er meiri hl. í n., og þá er þó sleppt Hannesi Jónssyni, sem ég tel, að muni hugsa um hagsmuni bæði framleiðenda og neytenda. Þegar því er verið að tala hér um, að bændur fái ekki að ráða þessum málum sínum, þá er ekki hægt að neita því, að það er fullkomin blekking. Og þegar er verið að ræða um það, að þeir hefðu ráðið miklu betur, ef þeir hefðu fengið að tilnefna mennina „beint“, eins og það er orðað, þá er það líka blekking, vegna þess að þeir hafa tilnefnt tvo menn beint, eftir því sem meint er með þeim orðum, en það eru þeir menn, sem mjólkurbú bændanna hafa tilnefnt, og þá ekki síður sá, sem tilnefndur hefir verið í gegnum Sambandið. Fjórði maðurinn er að vísu tilnefndur af landbúnaðarráðh., en hann er þó einn af bændunum á Suðurlandsundirlendinu. Og hvað er svo verið að tala um, að bændur hafi ekki fengið að ráða yfir þessum málum? Hverjir eru það aðrir en bændur, sem ráða meiri hl. í nefndinni?

Nei, það er þýðingarlaust að reyna að slá fram blekkingum um þetta atriði, því að það er óneitanlegt, að búin sjálf hafa fengið tilnefnda menn, sem fara með mjólkursöluna. Og að vissu leyti hefir þetta málefni og þessar kröfur verið byggðar á misskilningi, eins og ég

hefi sýnt fram á. En það, sem óneitanlega hefir verið gert í þessu máli viðvíkjandi sölu mjólkurinnar, er einmitt það sama og hefir verið gert í síldarsölumálinu og fisksölumálinu. Hvers vegna hefir ekki orðið samkomulag þar? Vegna þess að í þessum málum eru talsvert dreifðir hagsmunir, þó að margir séu sameiginlegir. Baráttan verður því nokkuð mikil innbyrðis um það, hverjir eigi að ráða, hverjir eigi að vera ofan á fyrir hin mismunandi sölusvæði fyrir mjólkina. Alveg eins hefir þetta verið með fiskinn og síldina. Það, sem baráttan snýst í raun og veru um, er þess vegna það, að ef kosið er fulltrúaráð, þá verður um það barizt, hver geti orðið ofan á, hver eigi að ráða, hvernig verðjöfnunargjaldið verður, hvernig sölunni verður skipt niður á mismunandi svæði og ýmislegt fleira, sem snertir hagsmuni þessara aðilja, sem þar eiga hlut að máli.

Það er því enginn efi, að ef farið er inn á þá leið, verður ástandið svipað og að var í Mjólkurbandalaginu áður. Hagsmunir þeirra réðu, sem eru í meiri hl. Þeir mundu kveða þar upp dóm í sínum eigin málum, en hinir yrðu undir, sem eru í minni hl. Og það er vísasti vegurinn til að sprengja samsöluna til fulls, ef samkomulagið yrði þannig eins og það var áður í Mjólkurbandalagi Suðurlands. Þess vegna er það, að þótt fyrir liggi till. í mjólkurmálinu, þá hafa samt sem áður verið tekin burt öll þau verkefni, sem ætluð voru þeirri n., sem bændur sjálfir óskuðu að skipa, eins og það var orðað. Þau hafa öll verið tekin úr þeim breyt., sem nú liggja fyrir í Nd., þrír menn skulu annast söluna, en öllum ágreiningsatriðum skotið til mjólkursölun. Það er ekki ætlazt til þess, að þessi margumtalaða n. bænda ráði neinu um stærstu atriðin viðvíkjandi mjólkursölunni.

Það var viðurkennt á þessum fundi af þeim, sem greiddu atkv. með þessu, að þeir, sem tilnefndir væru af bændum til að fjalla um þessi mál, — því var margsinnis yfir lýst af þeim, að þeim dytti ekki í hug að greiða atkv. með því, að aðrir en n. færu með vandasömustu atriðin, því að þá yrði aldrei samkomulag um málið. Það yrði að vera dómstóll óhlutdrægra manna, en ekki láta ráða atkvæðamagn ýmissa svæða. (MJ: Er mjólkurmálið á dagskrá?). Það var ekki á dagskrá, en það var dregið inn í umr. Ég hefi reynt að komast hjá að ræða um það, en það er ekki hægt að komast hjá því, þar sem haldin er ræða eftir ræðu, þar sem það er staðhæft, sem hefir ekki við nein rök að styðjast.

Þess vegna er það, að ég er ekki í neinum minnsta vafa um, að þessi krafa, sem hefir verið uppi um það, að bændur ættu að tilnefna menn beint, eins og hv. 10. landsk. talar svo mikið um, hún er svona bráðabirgðafluga, sem hefir ekki við mikil rök að styðjast. Og það get ég staðhæft, eftir að hafa kynnzt fyrirkomulagi mjólkursölunnar, að þótt ýmislegt standi þar til bóta, eins og vænta má, þá er árangurinn þegar í stað orðinn svo góður, að það verður varla mikil óánægja, þegar þetta skipulag er farið að sýna sig til lengdar.

Ég vil einnig taka það fram, að samkv. þessari röksemdafærslu, og þar sem vitanlegt er, að framleiðendurnir hafa meiri hl. í mjólkursölun., þá álít ég brtt. á þskj. 267 óþarfa og tel rétt að fella hana.

Þá vil ég víkja að því, sem hv. 1. þm. Reykv. bar hér fram. Hann sagði, að eitt af því, sem framleiðendurnir mundu gera, ef þeir fengju mjólkursöluna í sínar hendur, væri að borga sérstakt gjald fyrir að selja mjólkina, en sjálfir engan vanda af því hafa. Þetta fyrirkomulag var hér áður og borgaðir 6—8 aurar fyrir það á hvern lítra. Ég skal ennfremur upplýsa það, því að það er alls ekki þýðingarlaust í þessu sambandi, að þetta fyrirkomulag hefir verið haft í Hafnarfirði. Ýmsir voru þeirrar skoðunar, að þetta ætti líka að taka upp hér. Það hefir verið bent á, að ef þetta hefði verið tekið upp, samið við bakarana að selja mjólkina fyrir 2—3 aura, þá hefði mjólkursalan þar með verið algerlega komin í hendur bakaranna, og þeir hefðu getað stöðvað hana hvenær sem var. Þeir gátu sagt hvenær sem var: Nú seljum við ekki fyrir minna en 4 aura. Þannig var það í Hafnarfirði. Þar sögðu þeir um daginn: Við heimtum hækkun, og verði ekki hækkað, þá stöðvum við söluna í Hafnarfirði. Eitt af því, sem þeir notuðu til að hræða með, var það, að þeir höfðu alla mjólkursöluna í sínum höndum, svo að þeir gátu stöðvað allt hvenær sem var. Þeir réðu yfir öllum búðunum, og var ekki hægt að ná þeim af þeim nema með löngum fyrirvara. En af því að þetta er ekki svo stórt „system“ í Hafnarfirði, þá var allt viðráðanlegra. Þá var sagt við bakarana: Þið skuluð svara eftir tvo daga, hvort þið haldið áfram að selja eða ekki. Og svo hafa þeir haldið áfram. En hefði þetta gerzt í Rvík, þá hefði verið hægt með þessu móti að stöðva söluna og eyðileggja hana um ófyrirsjáanlegan tíma, svo að það fyrirkomulag, sem hér hefir verið bent á sem sérstaklega æskilegt, að láta bakarana selja gegn ákveðnu umboðsgjaldi og afhenda þeim þannig allt valdið í þessu máli, það hefir sýnt sig, hvernig það reynist, ef á að gegnumfæra það. Það sýndi sig í Hafnarfirði, hvernig það reyndist þar, þar sem var þó minni mótstaða. En ef það kæmi fyrir hér í Rvík, þá væri ómögulegt að standa á móti því nema með því að hækka sölulaunin eða þá að reyna að taka búðirnar í sínar hendur með því stórtjóni, sem af því leiddi.

Nei, ég held, að það sé áreiðanlegt, að þessi leið, sem hv. 1. þm. Reykv. bendir hér á sem svo sérstaklega ákjósanlega, hún hefði ekki leitt til neinnar gæfu. Hún hefir nú sýnt sig í Hafnarfirði, hversu heilladrjúg hún er, og sannað þar með að við, sem vildum ekki þegar í upphafi ganga þessa leið, höfðum þar við gild rök að styðjast.

Þó að margt megi að samsölunni finna, þá hygg ég samt, eftir að ég er búinn að fara í gegnum fyrirkomulag og reikninga samsölunnar, að óþarfi sé að vera smeykur við að standa með þeim mönnum, sem þar standa að, að hún er í tiltölulega góðu lagi. Þó að ýmislegir gallar kunni að vera á, sem sjálfsagt er að bæta úr, þá er ég undrandi, hvað mikið hefir áunnizt, þegar þess er gætt, undir hvaða kringum-

stæðum Samsalan hefir starfað. Nú eru borgaðir út 26 aurar fyrir lítrann til bænda í Mosfellssveit, en áður 24,4. Þó borga þeir 3 aura í verðjöfnunargjald. M. ö. o., það eru 5 aurar, sem þar hafa grætzt. Nú er mér sagt af mjólkursölun., að hún muni hiklaust geta aukið útborgunina, jafnvel þó að mikill og óeðlilegur kostnaður hafi fallið á framan af vegna þeirrar baráttu, sem orðið hefir að standa í. (ÞÞ: Er það borgað til dags dato?). Það er gott að fá þessa fyrirspurn fram, og ég get svarað henni strax á þá leið, að það er borgað til dags dato. Ég skal ennfremur geta þess, að ég hefi fengið reikninga yfir stofnkostnað Samsölunnar, bíla, vagna, innréttingar í búðum o. fl., samtals 36000 kr., og vegna þess að talsverð barátta hefir staðið um þetta, þá taldi ég mér skylt að fá þessa reikninga. Ég get því sagt hv. þm. Dal. það, að þær raddir, að Samsalan sé langt á eftir með greiðslur, hafa ekki við hin minnstu rök að styðjast. Ef nokkuð er, þá hefir hún úr dálitlu að spila og getur bætt nokkru við heldur en hitt, það staðhæfi ég.

Guðrún Lárusdóttir: Ég verð að biðja hv. d. afsökunar, að ég verð að fara nokkrum orðum um mál, sem er ekki hér á dagskrá, en um það kenni ég hv. 4. landsk. Hann innleiddi þetta með því að tala um húsmæðurnar í bænum og gera lítið úr þeim. **(JBald:** Nei).

Hann virtist vera undrandi yfir því, að húsmæðrafélagið skyldi ekki fyrst og fremst bindast samtökum til að fá lægra verð. Það er eðlilegt, að hann hugsi einna helzt um verðlækkun, vegna þess að hans flokksmenn og hans höfuðmálgagn lofaði því hátíðlega í haust, að mjólkin skyldi lækka ofan í 35 aura undir eins og Samsalan væri tekin við. Það er því eðlilegt, að hann furði sig á því, að húsmæðurnar í Rvík skuli ekki ganga hér eftir gefnu loforði hans manna.

Ég get sagt honum það, sem hann skilur ekkert síður en ég, að einmitt þessi loforð vöktu miklar vonir hjá mörgum, sem stynja undir dýrleika mjólkurinnar. En hvað verður svo úr þessum efndum? Það verður það, að margir, sem áður gáfu fyrir mjólkina 35 aura, verða nú að gera svo vel að gefa fyrir hana 40 aura. Eigi að síður voru húsmæðurnar í húsmæðrafélaginu svo hagsýnar, eins og hv. þm. sagði áðan, að þær sáu fram á, að með þeim gífurlega kostnaði, sem féll á mjólkurframleiðsluna, gat ekki komið til mála að lækka verðið eins og sakir stóðu.

Ég ætla ekki að fara út í þetta mál, af því að það er ekki á dagskrá hér nú, en það kemur kannske hingað síðar meir, og gefst þá tækifæri til að ræða það. Það, sem við báðum um, var meiri mjólk, en hann gerði gys að því og þótti það ástæðulaust, þar sem nóg mjólk hefði verið á boðstólum. Það er satt, að það var til nóg af gerilsneyddri mjólk. En það er til flokkur neytenda, sem verður að fá ógerilsneydda mjólk. Að vísu hefir sá flokkur ekki mikinn rétt á sér í augum hv. 4. landsk., því að þeir eru ekki komnir í kjósendatölu. Það eru nefnilega ungbörnin. Þegar tekið var að miklu leyti fyrir sölu nýmjólkur beina leið, svo að menn urðu í staðinn að kaupa gerilsneydda mjólk, þá skeði það, sem hv. þm. vill kannske ekki trúa, að smábörnin urðu veik hrönnum saman, af því að þau voru óvön þessari mjólk og þau þoldu hana ekki. Þess vegna var það, að húsmæðurnar töldu Samsölunni skylt að hafa nýmjólk alla jafna á markaðnum. Með það erindi fór n. á fund mjólkursölun. og hún sagðist mundu athuga, hvernig þetta væri framkvæmanlegt í framtíðinni. Lét n. sér það vel líka. Annað erindi n. á þennan fund var að vita, hvort Samsalan vildi ekki hlutast til um það, að mjólk væri sérmerkt og mjólkurvörur frá einu búi nærlendis, sem þóttu sérstaklega góðar að dómi allra húsmæðra, sem höfðu skipt við það bú. Undir þetta var líka tekið fremur liðlega.

Svo leið nú og beið, og síðan komu svörin. Þau voru þessi, að sérmerktu mjólkinni var blandað saman við hina mjólkina og hætt að selja hana undir sérmerki. Og nýmjólkin, sem n. hafði góð orð um, að koma skyldi á markaðinn, var að vísu auglýst, að hún væri fáanleg, en aðeins gegn læknisvottorði! Ég verð að segja, að þetta kemur einkennilega við á sama tíma sem brennivínið er látið ganga vottorðalaust hér um landið. Þetta var það, sem húsmæðurnar báðu um, að fá nýmjólk, sem við kölluðum svo, en ekki samhellta mjólk, sem sumir kalla samsull. Það var þetta, sem átt var við, þegar farið var fram á að fá meiri mjólk.

Hv. þm. minntist á brauðin og brauðsöluna Já, hvernig var það þá með brauðin? Var það ekki þannig, að Alþýðubrauðgerðin ein fékk búðir Samsölunnar til að selja brauð sín í? Var þá um annað að gera en að kaupa í þessum búðum, ef menn vildu ekki fara lengri eða skemmri aukakrók? Þetta kemur aðallega niður á einyrkja húsmæðrum, og þess vegna var farið fram á það, að brauðasalan væri gefin frjáls.

Hann sagði, að við vildum eyðileggja Samsöluna. Það hefir hann engan rétt til að segja. Við höfum enga tilraun til þess gert, þó að við höfum gert tilraunir til að fá ýmsar leiðréttingar á málum okkar. Og ég fullyrði, að ef þær hefðu verið teknar til greina, þá væri þessu máli að mörgu leyti betur komið en nú er. Hann sagði líka, að við vildum hafa fyrirkomulagið þannig, að hver sem vildi gæti sett upp mjólkursölubúð. Þetta er nú bara fjarstæða, sem hann meinar ekkert með.

Þá var það með lánstraustið. Við fórum fram á það, að meðan fólkið væri að venjast þessu nýja fyrirkomulagi, væri fátæku en þó áreiðanlegu fólki lánuð mjólkin til viku í senn. Fátæklingar eru oftast eins áreiðanlegir í viðskiptum eins og þeir, sem efnaðri eru. Og þá gæfist fátæku fólki kostur á að fá reikning við mjólkurbúðirnar. Flokksbróðir hv. þm. gekk inn á þetta við mig, og sagði hann mér, að þeir hefðu sagt stúlkunum í búðunum, að þær mættu lána fólki þegar svo bæri undir. En svo segir hv. þm., að við séum að berjast fyrir lánum handa efnaða fólkinu. Hann þekkir lítið til okkar starfs, ef hann heldur, að við höfum ekki frekar haft í huga þá fátæku en þá efnuðu.

Guðmundur Oddsson hefir gengið inn á það, að þetta væri óþægilegt fyrir fátæklingana. Margir drógu af þessum ástæðum við sig mjólkurkaup, og fyrstu dagana gátu sumir alls ekki fengið neina mjólk.

Séra Sveinbjörn Högnason spurði mig, hvort ekki myndi vera praktiskt að borga mjólkina fyrirfram, þannig, að keyptir yrðu miðar, sem mjólk yrði svo tekin út á. Jú, ég svaraði, að það gæti verið heppilegt fyrir þá, sem peningana hafa, en fyrir verkamenn, sem lítið hafa handa á milli, væri þetta lítil hjálp. — Þetta allt kemur því til leiðar, að fólk dregur inn kaup sín og hættir að skipta við þær verzlanir, sem eru jafn staurslegar í viðskiptum og Samsalan.

Þá sagði hv. þm., að enginn árangur hefði orðið af samtökum húsmæðranna. Ég bjóst nú ekki við, að hann færi að hæla þeim. En þá vil ég spyrja hann, hvers vegna samsalan fór að lögsækja húsmæðurnar úr því starf þeirra var öldungis gagnslaust, eins og hv. þm. sagði.

Annars vil ég ekki vera að þreyta hv. d. með því að ræða um mál, sem ekki er á dagskrá, og get því látið máli mínu lokið.

Jón Auðunn Jónsson: Hæstv. forsrh. sagði, er hann var að tala um fisksölumálin, að ekki hefði getað orðið samkomulag, og því hefði orðið að grípa fram fyrir hendurnar á framleiðendunum. Þetta er ekki rétt. Það var aðeins einn maður, Vilhjálmur Þór, sem ekki vildi vera ánægður með fyrirkomulagið. Þær till., sem samþ. voru á fundinum, voru bráðabirgðatill. til samlaganna úti um land. Vilhjálmur Þór taldi bæði grúppusystem og einkasölu ríkisins óhafandi, en hann tók það fram, að ekki mætti skoða sína till. svo, að hann ætlaði að draga sig út úr fisksölusamlaginu, þótt hún yrði ekki samþ. Einn fulltrúi stakk upp á því, að hver landsfjórðungur hefði sinn fulltrúa í framkvæmdastj. Ef það hefði verið tekið upp, þá hefði verið framkvæmd till. S. Í. S. um þetta.

Nokkrir pólitiskir refir eyðilögðu fisksöluna á síðasta ári. En bráðabirgðal. frá síðasta þingi bera þess vitni, að þeir hafi átt erfitt með að bera ábyrgðina af þessu eyðileggingarstarfi sínu. Þó uggir mig, að þeirra fyrirgreiðsla muni verða málinu til lítillar blessunar.

Forsrh. (Hermann Jónasson) óyfirl.]: Ég þarf ekki að svara þessu með öðru en að leiða athygli að því, að hv. þm. N.-Ísf. svaraði sér sjálfur. Hann sýndi fram á, að það hefðu komið fram till. (það er sama, frá hverjum þær voru), sem gerðu það að verkum, að ekki gat orðið samkomulag. Þessu hafði ég haldið fram, og hv. þm. hefir viðurkennt það. En spádóma um það, hvernig fisksölumálunum muni reiða af, fer ég ekki út í.

Viðvíkjandi sölu á þeim gamla fiski, sem liggur hér á landi, vil ég segja, að það nær engri átt, að það sé nokkur uppgjöf á skipulaginu, þótt Union hafi verið fengin til að selja hann. Það getur vel verið, að illa takist um fisksölumálin, eins og nú er fyrirkomulagið. En ég býst við, að það takist þó betur 1935 en 1934, því að hvernig er ástandið nú? Hefir nokkurn tíma legið hér jafnmikið af óseldum fiski og nú, og sumt undir skemmdum?

Það, sem alltaf hefir verið deilt um í þessu sambandi, er það, hversu sanngjarnlega sé skipt útflutningnum á framleiðendur. Þetta er samskonar deila og sú, sem er um mjólkurmarkaðinn hér og það, hver eigi að sitja fyrir honum. Þessar deilur hafa orsakazt af því, að nokkrir framleiðendur töldu sig hafa orðið útundan.

Annars mun ég ekki fara frekar út í þau mál.

Jón Auðunn Jónsson: Ég get varla rætt þessi mál við hæstv. forsrh., þar sem hann virðist því ókunnugur, að innflutningur okkar til Suðurlanda hefir verið mikið takmarkaður. Spánverjar hafa t. d. skorið innflutninginn niður um helming. Og svo undrast hann, að hér á landi skuli nú liggja meiri óseldar fiskbirgðir en áður. Þetta er svo mikil flónska, að ég veit, að allir skilja þetta, nema þá hann.

Annars held ég, að öllum sé það kunnugt, að varla verða í nokkru félagi shlj. atkv. um nokkurt það mál, sem ofan á verður. Og það verður að teljast einkennilegt, að grípa skuli verða til lagaákvæða, ef einn maður kemur með uppástungu og verður ekki ofan á, enda þótt 14 séu á móti. Hæstv. ráðh. gerir þá lítið úr lýðræðinu, ef hann viðurkennir, að svona megi grípa fram fyrir hendurnar á fjöldanum, og það í jafnþýðingarmiklu máli. Það kemur t. d. ekki fyrir nema í örfáum málum, að samkomulag verði hér á þingi, og verður meiri hl. jafnan að ráða. Ef þvinga á mikinn meiri hl. til að beygja sig fyrir till. minni hl., þá verður aldrei náð neinu samkomulagi.

Forsrh. (Hermann Jónasson) óyfirl.]: Meiri hl. af ræðu hv. þm. N.-Ísf. var á vanþekkingu byggður. Hann hélt því fram, að ég vissi ekki, að saltfiskinnflutningurinn til Spánar hefði verið takmarkaður. Ég skal játa, að það væri vanþekking, ef ég vissi þetta ekki. Hitt er undarlegra, að nokkur þm. skuli leyfa sér að eyða tíma hv. d. með svona rugli.

Ég vil ekki vera að deila um það, hvort orðið hafi samkomulag eða ekki samkomulag í fisksölumálunum. Hv. þm. viðurkenndi sjálfur, að ekki hefði orðið samkomulag. Og Vilhjálmur Þór var umboðsmaður margra framleiðenda. Sama er að segja um síldarsölumálin. Þar varð að grípa til löggjafarinnar. Þar var deilt um hið sama, sem sé það, hver eigi að sitja fyrir markaði á mismunandi svæðum. Er ekki nema sjálfsagt, þegar svo stendur á, að löggjafarvaldið grípi í taumana til þess að sjá um, að ekki verði fáeinir einstaklingar látnir sitja fyrir.

Út af þessu sama voru spunnar umr. í mjólkurmálinu. Nærri því allir fulltrúarnir á fundinum í Mjólkurbandalagi Suðurlands viðurkenndu, að mjólkursölun. yrði að fara með viðkvæmustu málin, er snerta mjólkursöluna, svo sem skiptingu markaða, verðjöfnun o. þ. h.

Sama hefir greinilega komið fram í öðrum afurðasölumálum, þar sem eru vissir sameiginlegir hagsmunir, en þó svo ósamkynja, að

ekki er hægt að láta allt dankast og láta kné fylgja kviði.

Á þessu sprakk Union. T. d. sögðust Austfirðingar aldrei beygja sig undir fyrirkomulag það, sem var, og þóttust hafa orðið afskiptir.

Jón Auðunn Jónsson: Mér þótti vænt um, að ég gat komið hæstv. ráðh. í skilning um ástæðurnar fyrir því, að útflutningurinn hefir orðið minni nú en áður, sem sé þær m. a., að við höfum misst 14 þús. tonna markað á Spáni.

Ég býst ekki við, að örðugleikar verði minni hér eftir, þegar búið er að brjóta niður ágætt samvinnufyrirkomulag milli Union og fiskinnflytjenda þar.

Um óánægju Austfirðinga er það að segja, að of langt mál yrði að fara nákvæmlega út í það. Þeir gátu ekki selt allan sinn fisk, af því að þeir höfðu gengið inn á sérstaka verkunaraðferð. Reyndist fiskur þeirra linverkaður, og mun það mest hafa verið að kenna manni, sem þar átti að hafa forgöngu, en skorti nauðsynlega þekkingu.

Við gátum heldur ekkert selt til Barcelona, meðan Færeyingar höfðu þar markað, því að þeirra fiskur líkaði betur þar suður frá.

Magnús Jónsson óyfirl.]: Ég verð að segja, að ég er alveg undrandi yfir þessum umr. Ég ber fram till. þess efnis, að rökrétt afleiðing sé dregin af ákvæðum þessara l. Ég vil, að framleiðendur ráði nokkru um það, hve mikill sá kostnaður skuli vera, sem þeir eiga að leggja út í. Ég upplýsi með dæmum, að þetta er regla, sem jafnan hefir verið fylgt. Hér er ekki einu sinni um það að ræða, hvort rétt sé að hafa þetta skipulag eða ekki. — En út af þessu spinnast svo langar umr. um mjólkurmálið, fisksölumálin o. fl., án þess að ég hafi nokkurt tilefni til þess gefið.

Hv. frsm., 4. landsk., hefir dregið mjólkurmálið inn í umr., og er erfitt að leiða hjá sér að svara því nokkrum orðum. Hér voru í sumar sett bráðabirgðal., og þessi brbl. voru svo undarleg, að þau áttu ekki að koma til framkvæmda fyrr en að afloknu þingi, því að málið þurfti svo mikinn undirbúning. Svo þegar búið er að undirbúa málið í hálft ár, verður enn að fresta því í hálfan mánuð. Eftir allan þennan undirbúning lendir þó allt í slíkum ólestri, að þeir, sem öllu áttu að stjórna, höfðu ekki hugmynd um, hvað gera skyldi. Menn fengu ekki mjólk í lengri tíma, og sumt af ráðstöfunum þessara forráðamanna var þannig, að telja verður í hæsta máta vafasamar framfarir, svo sem miðalda-„systemið“ með handvagnana, sem kostuðu þúsundir króna, en eru nú ýmist loklausir eða hjóllausir, eða þá alls ekki til lengur.

Út af öllu þessu varð svo, sem von er til, megnasta óánægja í bænum. Þá sýnir mjólkurn. greinilegast, hve hún var lítt vaxin starfi sínu. Í stað þess að taka þessu sem prúðum mönnum sæmdi, að lofa bót og betrun og reyna að kippa þessu í lag, hella þeir yfir neytendurna óbótaskömmum, segja, að öll þessi óánægja sé komin frá nokkrum ihaldskerlingum o. s. frv.

Hver, sem nokkurn áhuga hefði haft á að leysa þessi mál, hefði reynt að koma öllu þessu í skárra horf, laga misfellurnar og komast að samkomulagi. En þeir svöruðu illu einu, og undir forustu núv. fors.- og landb.ráðh. er þetta enn í sama ólestrinum. (**Forsrh.**: Hvað er sérstaklega í ólestri?). Hæstv. ráðh. veit það auðsjáanlega ekki fremur en hitt, hvers vegna við seljum nú ekki jafnmikinn fisk og áður. Einn maður bar fram till., sem ekki var samþ., og svo ályktar hæstv. ráðh., að löggjafarvaldið þyrfti að grípa inn í. En skyldi þá allur ólestur vera búinn um leið og löggjafarvaldið grípur inn í? Finnst honum allt vera komið í lag? Hvernig stendur þá á öllum þessum fundum? Allir, bæði neytendur og framleiðendur, að undanteknu einu mjólkurfélagi, hafa krafizt, að þessu skipulagi yrði breytt. Þeir, sem þessu hafa komið á, bera alla ábyrgð á því.

Ef hæstv. ráðh. kallar það, að einn maður bar fram till., sem ekki náði samþykki, svo mikið ósamkomulag, að löggjafarvaldið hafi orðið að grípa í taumana, hvað kallar hann þá þetta?

Þá sagði hæstv. ráðh., að bændur réðu öllu um þessi mál. Það getur verið, að form. n., Sveinbjörn Högnason, sé bóndi, en í þessu máli hefir hann komið fram sem pólitíkus. Eins er með hinn ágæta fulltrúa neytenda í n. Hann hefir líka kosið að vera pólitískur. Og þetta hefir einmitt mest spillt þessari n., að í hana hafa verið skipaðir menn, sem haft hafa fyrir augum hagsmuni pólitískra flokka, en ekki neytenda.

Hæstv. ráðh. sagði, að búið væri að hækka verðið til bænda og greiða þeim það. Það er þá alveg nýverið. Það heyrðist nýlega, að samsalan hefði orðið að fá sér lán til þess að geta borgað allan kostnað. Það getur vel verið að allir útreikningar hæstv. forsrh. séu réttir, en ef svo er með þeirri aðferð, sem notuð hefir verið, hversu mikið gagn hefði þá getað orðið af friðsamlegri skipun mjólkursölunnar og brauðsalan ekki gerð pólitísk og sett í samband við hana. Hvað hefði þá mátt segja um dreifingarkostnaðinn, ef forráðamennirnir hefðu þar hagað sér eins og menn? Hv. frsm. meiri hl. sagði, að mjólkursalan hefði verið boðin út. Þetta er ósatt. Það var aðeins rabbað um það við nokkra brauðsalana, hvort þeir vildu taka að sér mjólkursöluna. En hún var aldrei boðin út á venjulegan hátt, þar sem ætlazt er til, að lögð séu inn skrifleg tilboð, sem svo eru opnuð í viðurvist þeirra, sem tilboðin gera, á fyrirfram ákveðnum degi. En brauðsalarnir skrifuðu þó mjólkurn. og gátu þess, að þeir mundu gera kost á að selja mjólkina fyrir sama gjald og aðrir biðu. Þetta vildi n. ekki taka til greina. En til hvers var fyrir menn að senda ákveðin tilboð, þegar ekki átti að opna þau á tilteknum tíma, heldur jafnóðum og þau bárust n.? Nú er einn nm. brauðsali og gat því dregið að leggja fram sitt tilboð þar til hann var búinn að sjá öll hin, og gat því sniðið sitt tilboð eftir þeim. Enda fór það svo, þegar ákveðið var, hvaða tilboðum ætti að taka, þá valt síðast á atkv. þess, sem brauðin seldi. Þetta er því hreint hneykslismál, þó n. sæi sér ekki annað fært en draga

nokkuð inn seglin og leyfa fleiri brauðbúðum mjólkursölu en til var ætlazt í fyrstu.

Það er ekki rétt, sem hæstv. forsrh. sagði eftir mér, að ég vildi allt í umboðssölu. Ég þekki ekki svo vel til í Hafnarfirði, að ég geti sagt um, hvernig málið horfir þar við.

Ég hefi nú skrifað hér niður hjá mér nokkra fleiri punkta, en mun þó ekki fara lengra út í þetta mál, þar sem það er ekki á dagskrá, en það var búið að draga það svo inn í umr., að ómögulegt var að ganga framhjá því.

Ég vil vekja athygli hæstv. ráðh. á því, að hann bakar sér mikla ábyrgð með því að standa í vegi fyrir, að samkomulag náist í mjólkurmálinu. Það á eftir að sýna sig á sínum tíma, að með því hefir hann tugi þúsunda af mjólkurframleiðendum. Ef þannig verður fram haldið, er fyrirsjáanlegt, að það leiðir til þess, að markaðurinn eyðileggst hér í Rvík, því það er óhugsandi í landi, þar sem þó á að telja lýðfrelsi, að kúska menn til þess að hlýða l., sem allir eru sammála um, að séu ósanngjörn og óheppileg, því neytendurnir eru óánægðir og framleiðendunum blæðir bæði hér í nágrenni og um allt Suðurland. En ég vona, að áður en til þess kemur fái skynsamir menn það til umráða. — Ég vil svo að lokum óska, að þessi mál lúkist á þann hátt, sem öllum aðilum má verða að beztu gagni. Ég vil svo leiða athygli hv. þdm. að brtt. minni. Ég bíð með eftirvæntingu eftir að sjá, hvort þeir telja ekki sanngjarnt og sjálfsagt, að þeir sem bera kostnaðinn, hafi yfirráðin í framkvæmdastjórninni.

Forsrh. (Hermann Jónasson) [óyfirl.]: Það er nú búið að draga mjólkurmálið inn í umr., svo ekki er hægt að komast hjá að svara ýmsu því, sem fram hefir komið, þó ég leiddi það hjá mér allan fyrri hluta dagsins.

Ég beindi fyrirspurn til hv. 1. þm. Reykv. um hverskonar ólag væri á mjólkursölunni. Hann benti á óánægju framleiðenda og vísaði til fundar þeirra um málið. Ég verð nú að segja, að sá fundur út af fyrir sig var frekar smávægileg ádeila á mjólkursöluna í bænum. Þá voru ekki allir sammála um það fyrirkomulag, sem koma ætti í staðinn. Það er viðurkennt og mér dettur ekki í hug að neita því, að enn séu á þessu ýmsir gallar, sem er verið að laga og verða lagaðir, en hitt kemur ekki til mála, að breyta grundvellinum, jafngóður árangur og fengizt hefir.

Ég ætla að segja hv. 1. þm. Reykv. það, að svo mikið sem hann og hans flokksblöð hafa agiterað og barizt fyrir mjólkurverkfalli síðustu vikurnar, hefir það nálega engan árangur haft. Má nokkuð af því ráða, hvort margt muni vera í tilfinnanlegum ólestri, fyrst ekki er hægt að verja út af því neina verulega óánægju.

Ég skal sérstaklega benda á, að neyzla á stassaniseraðri mjólk hefir tvöfaldazt síðan Samsalan tók til starfa, og er nú langmest notuð hér í bænum, þó fólk geti enn fengið ógerilsneydda mjólk frá framleiðendum hér í nágrenninu eftir því sem það óskar. Ég spurði einn mann í gær, sem selur beint, hvort eftirspurn væri ekki mikil eftir mjólkinni. Hann sagði, að það væri rétt á takmörkum, að hann gæti selt.

Það kom til mála að stöðva söluna hjá honum einn dag, vegna þess að fjósið var ekki í sem beztu lagi, og óttaðist hann mjög um að tapa við það af sölu framvegis. Bendir þetta ekki til þess, að eftirspurn eftir ógerilsneyddri mjólk sé eins mikil og látið er í veðri varka.

Þá kem ég að því, sem sérstaklega virðist hafa hneykslað hv. 1. þm. Reykv., sem er valið á form. mjólkursölun., Sveinbirni Högnasyni. Taldi þm., að það hefði meir verið valið eftir pólitík en með hag bændanna fyrir augum.

Án þess að fara langt út í þær árásir, sem gerðar hafa verið á Sveinbjörn, og vitanlega eru fyrst og fremst — og í raun og veru eingöngu — gerðar af pólitískum ástæðum, vil ég aðeins segja það, að þeim er erfitt að mæta öðruvísi en á þeim vettvangi, sem til þeirra er stofnað.

Það er sérstaklega eftirtektarvert, að því er stöðugt haldið fram, að stofnað hafi verið til ófriðar í n. með skipun Sveinbjarnar Högnasonar. Í n. eru einnig Egill Thorarensen, kosinn af mjólkurbúunum austanfjalls, og Eyjólfur Jóhannsson, kosinn af Mjólkurfélagi Reykjavíkur. Og það er einmitt milli þessara tveggja síðasttöldu manna, sem valdir eru í n. af bændunum, sem aðaldeilan hefir staðið. Þó hefir Eyjólfur Jóhannsson í 17 ár fengizt við mjólkursölu í Rvík fyrir Mjólkurfélag Reykjavíkur, og Egill í mörg ár staðið fyrir mjólkursölu fyrir Árnesinga. Þetta stafar vitanlega af þeim eðlilegu ástæðum, að þeir hafa umboð fyrir viss svæði, en hagsmunir þeirra rekast á.

Reynslan hefir því sýnt, að mestur styr hefir staðið um þá mennina í n., sem bændurnir hafa sjálfir tilnefnt. Það er því ekki friðvænlegra, nema síður sé, ef bændur ættu að tilnefna alla mennina í n.

Samkomulagið í Mjólkurbandalagi Suðurlands sannar það gagnstæða. En ég hefi engan úr mjólkursölun. heyrt segja annað en Árni Eylands væri algerlega óhlutdrægur í málinu.

Þá var þm. að finna að því, að ekki væri greitt fyrir mjólkina, sem lögð væri inn í Samlagið, fyrr en eftir mánuð. Það mun nú vera greitt tvisvar í mánuði, en hefir áður þótt gott, hafi greiðsla komið innan þriggja mán., og skal ég upplýsa, að það kom fram á fundi í dag, að M. R. er ekki búið að greiða að fullu fyrir des.mán. Mánaðaruppgjör væri því mikil framför frá því, sem áður var. Það hafði verið rætt um það í n. að greiða oftar, en fulltrúi M. R. mælti á móti því vegna þess, að það ylli óþarfa kostnaði og væri ástæðulaust. Þessa aðfinnslu þýðir því ekki að bera fram. — Ég skal ekki fara langt inn á umr. um lánið. Það var tekið til þess að greiða ýmislegan stofnkostnað, t. d. voru keyptir 4 bílar o. fl. Þeir menn, sem hafa lagt sig niður við að rægja Samsöluna, mega reyna að nota sér það, ef þeir vilja, að henni var veitt heimild til þess að taka lán til stofnkostnaðar. Nú fyrir viku var ekki búið að taka lánið, og er óvíst, að þess þurfi með.

Þá hefir verið minnzt á brauðsöluna, og skal ég ekki fara mikið inn á það. Þó skal ég geta þess, að það var réttilega tekið fram hjá hv.

1. þm. Reykv., að brauðgerðarhúsin í bænum gerðu tilboð um að ganga inn í lægsta tilboð. En hvar í víðri veröld skyldi það eiga sér stað, ef gert er útboð um að smíða hús eða brú, að hundsa þannig þann, sem lægsta tilboðið hefir gert? (MJ: En hér var ekki útboð á venjulegan hátt). Þó ég hafi ekki beinar sannanir, var það vitanlegt, að n. bauð mjólkursöluna út og hafði því enga ástæðu til að brjóta viðurkennda reglu, enda viðurkennt á almennum fundi, að framkoma bakara hafi verið óforsvaranleg. Hv. 1. þm. Reykv. sagði, að ég tæki á mig mikla ábyrgð með því að halda áfram í sama horfi og ég hefi gert. Ég er ekki í vafa um þá ábyrgð, sem á mér hvílir; en ef það fer nú eins illa um Samsöluna og hann spáir, og hin pólitíska ábyrgð verði mér of þung, býst ég við, að hv. þm. yrði ekki mjög óánægður yfir afleiðingunum. Það er a. m. k. áhættulaust að gera þessa tilraun. Nú fá bændur í Mosfellssveit 26 aura fyrir lítra, þó þeir greiði 3 aura verðjöfnunargjald, en fengu áður 24,4 aura. Auk þess er búið að senda yfir 20 þús. kr. í verðjöfnunargjald austur yfir fjall. Svo mikið er víst, að undir þessu fyrirkomulagi, sem reynt hefir verið með öllum ráðum að eyðileggja, hefir stórlega unnizt á fyrir bændur um verðlag á þeirra aðalframleiðslu.

Mér dettur því ekki í hug að kasta af mér ábyrgðinni með því að láta framleiðendurna kjósa fulltrúaráð til þess að sprengja Samsöluna. (MJ: Ekki þó þingið samþ.?). Ég ætla heldur að halda áfram í sama horfi og láta hana sýna sig til fulls.

Ég veit, að það fer að vísu mikið í herkostnað og stímabrak við óvini samsölunnar, og væri hagnaðurinn sjálfsagt orðinn 1—2 aur. meiri á lítra, ef allt hefði fengið að ganga fram á friðsamlegan hátt. En það er þó betra að taka upp þá baráttu en að sleppa af samsölunni og láta ríkja samskonar fyrirkomulag og var innan Mjólkurbandalags Suðurlands, og nú á að reyna að draga samsöluna út í, þar sem barizt var svo um mismunandi hagsmuni, að allt logaði í ófriðareldi. Það er verið að reyna að kveikja óánægjueld meðal bænda hér í nágrenninu með því að segja þeim, að þó þeir hafi unnið 2 aura, eigi þeir að geta fengið 5 aura. Nei, ég ætla ekki að sleppa samsölunni út í þann bardaga, heldur halda í því horfi, sem þegar er tekið, og láta hvert svæði njóta jafnréttis. Eitt af því, sem borið hefir verið út um bæinn, er, að Flóabúið ráði öllu og beri svo allan hagnaðinn, en hin búin væru afskipt. Ég fór því á fund, þar sem rætt var um þessi mál, og var þar viðurkennt af aðilum, að Ölfusbúið hefði selt eins mikið og í fyrra og Borgarnesbúið meira, og þó allt selt hér úr nágrenninu. Um þetta þarf því ekki að deila. Sannleikurinn er sá, að einmitt sá aðilinn, sem mest hefir verið úthúðað, Egill í Sigtúnum, hefir frekast látið ganga út yfir sitt bú.

Þá hafa heyrzt raddir um það, að ef fulltrúaráð yrði kosið, væri ýmislegt, sem þyrfti að raska við. Á það vist að þýða það, að öllu eigi að koma aftur í gamla lagið eins og það var hjá Mjólkurfél. Reykjavíkur. En þá ætla ég heldur að standa eða falla með samsölunni.

Frsm. (Jón Baldvinsson) óyfirl.: Það hafa 3 hv. dm. vikið að mér í ræðum sínum. Var þar fyrstur í flokki hv. 10. landsk. Það er tvennt úr ræðu hans, sem ég vildi svara, og er þó heldur lítilfjörlegt. Sagði hv. þm., að ég hefði talað óvirðulega til bænda, og ætlaði að sanna það með því að slíta úr samhengi tvö orð í ræðu minni, orðin „þessir bændur", og taldi, að í þeim fælist lítilsvirðing. Þetta er ákaflega líkt þessum hv. þm. og framkomu hans hér á Alþ., að snúa þannig út úr og affæra það, sem sagt er. En meðan hann var ráðh. sýndi hann, hve gersamlega óhæfur hann var sem forsvarsmaður bændanna og þröngsýnn og skilningslaus í till. fyrir þeirra hönd, jafnframt þeirri lítilmennsku að rægja þá við aðrar stéttir.

Þm. var að benda á dæmi frá Eyfirðingum. En það er nokkuð öðru máli að gegna, þar sem er takmarkað lokað svæði. En þar eru nógu viðsýnir og skilningsgóðir menn til þess að sjá, að ef Skagafjörður fær greiðan aðgang að mjólkurmarkaðinum á Akureyri, verður þetta ekki eins einfalt mál fyrir K. E. A. (MG: Það er bílvegur á milli). En ekki eins góðar samgöngur og hér. Þar var tiltölulega auðvelt fyrir duglegan mann, sem bændur báru traust til, að koma skipulagi á þessi mál, vegna þess að svæðið, sem framleiðir mjólkina, er hæfilega stórt. Þessi samanburður hv. þm. sýnir því aðeins skilningsleysi hans á þessum málum.

Þá skal ég víkja nokkrum orðum að hv. 5. landsk. Ég tek það að sjálfsögðu sem mikið „kompliment", að hv. þm. skuli beina því til Alþfl., að frá okkur sé að vænta kröfu um lækkun mjólkurinnar, og það gerir hv. þm. líka með réttu. Það hefir orðið lækkun á mjólkinni. Hv. 1. þm. Skagf. er ekki svo ófróður um málefni bænda, að hann viti ekki, hvernig verðlagið á mjólkinni var í fyrra og er nú. (GL: Meiru var lofað!). Þegar mjólkursamsalan tók til starfa, þá var fyrst að vænta einhverrar lækkunar á mjólkinni, en hv. 5. landsk. og blöð Sjálfstfl. snerust þegar í öndverðu gegn þessu fyrirtæki og fjandsköpuðust gegn því. Sjálfstæðismenn gerðu allt, sem í þeirra valdi stóð, til þess að þyrla upp óhróðri í kringum samsöluna, sem gerði það að verkum, að ekki var eins auðvelt að framkvæma verðlækkun á mjólkinni og ella hefði verið. En svo þegar sjálfstæðismönnum tókst ekki að spilla nægilega fyrir samsölunni með sínum auðvirðilegu blaðaskrifum um hana, þá gripu þeir til þess óyndisúrræðis, sem kom samsölunni verst, en það var að fá húsmæðurnar í Reykjavík til þess að neita að skipta við samsöluna. Hv. 5. landsk. og Morgunbl. standa fyrir þessari friðu sveit, svo sem kunnugt er, og árangurinn hefir orðið sá, eftir því sem hv. þm. segir, að um 700 kvenna í þessu félagi hafa reynt að takmarka við sig mjólkurneyzlu og á þann hátt gert sér far um að spilla því, að hægt verði að færa mjólkurverðið niður hér í bænum. Eðlileg afleiðing af takmörkun mjólkurneyslu hjá fjölda húsmæðra hlýtur óhjákvæmilega að

vera örðugleikar á allri lækkunarviðleitni á mjólkinni. Enda þótt þessar þokkalegu tilraunir hv. 5. landsk. og sjálfstæðismanna hafi að vísu ekki borið tilætlaðan árangur, þá er samt söm þeirra gerðin. Það eru sömu tilraunirnar fyrir því, þótt húsmæðurnar hafi verið það forsjálar og hyggnari en forsprakkar sjálfstæðismanna í þessu máli að sjá, að engin skynsamleg rök lágu fyrir þessu mjólkurverkfalli. (MJ: Það er gaman að heyra hv. þm. tala um verkfall). Það tókst illa hjá hv. þm. að „organisera" þetta verkfall, enda var málstaðurinn ekki sem beztur. Því er þannig farið um verkföll, að þau þurfa að vera bæði vel undirbúin og framkvæmd fyrir góðan málstað. Verkfall frúnna skorti hvorttveggja í senn, undirbúninginn og góðan málstað. (MG: Hvað er um skaðabótakröfuna að segja?). Það eru eiginlega neytendurnir, sem ættu að fara í skaðabótamál, því að þeir urðu fyrir ýmsum óþægindum í þessu efni vegna blaðaárása sjálfstæðismanna á samsölurnar, sem ollu því, að bæjarbúar gátu ekki fengið þá mjólkurlækkun, sem þeir að öðrum kosti hefðu að öllum líkindum öðlazt.

Þá minntist hv. 5. landsk. á kröfurnar frá húsmæðrafélaginu — eiginlega er réttara að segja kröfurnar frá hv. 5. landsk. (GL: Er ég ekki húsmóðir?). Ein af kröfunum var ógerilsneydd mjólk, sem talið var, að hörgull væri á hér í bænum. Mér er sagt, að um mjög langt skeið hafi fengizt ógerilsneydd mjólk, en það getur vel verið, að slitnað hafi samböndin um sölu mjólkur, sem voru áður en samsalan hófst, en það hefir þá stafað af því, að framleiðendur í nágrenni Reykjavíkur hafa frekar kosið að selja mjólkina í samsöluna. Mér hefir verið sagt, að hægt sé að fá nóga ógerilsneydda mjólk frá góðum heimilum.

Þá drap hv. þm. á óánægjuna út af brauðsölunni í sambandi við mjólkursöluna. Hv. þm. gat þó ekki neitað því, að brauðsalan í bænum er fullkomlega frjáls. Það, sem hv. þm. bar mest fyrir brjósti, voru hinar fátæku húsmæður, sem ekki hefðu tíma til þess að fara í aðrar búðir en þær, sem næst væru. Það er svo sem heldur trúlegt, eða hitt þó heldur, að mikillar óánægju gæti hjá húsmæðrum almennt sökum þess, að þær þurfi endilega að kaupa brauð frá þeim búðum, sem hv. þm. telur pólitískt litaðar, sem sé þær, sem selja brauð frá Alþýðubrauðgerðinni, sem hefir átt drýgstan þátt í því að halda brauðverðinu í bænum niðri í mörg ár. Árás sú, sem sjálfstæðismenn hér í bænum hafa gert á brauðsölu Alþýðubrauðgerðarinnar, getur orðið þeim afdrifarík. Svo sem kunnugt er, eru kaupsýslumennirnir hér í bænum aðalmáttarstólpar Sjálfstfl. Mér er ókunnugt um, að af Alþýðufl. hálfu hafi nokkurntíma verið hafin herferð á hendur þeim verzlunum hér í bænum, sem sjálfstæðismenn reka.

Þá minntist hv. þm. á gjaldfrestinn. Ég sagði, að það væri talsvert ólag í því efni. En þar sem hagsmunir neytenda eru hinsvegar í húfi, og allt veltur á því fyrir þá, að samsalan takist vel, þá er það auðsætt mál, að nauðsynlegt er, að nógir peningar fáist fljótt, því að þá eru meiri líkindi til þess, að hægt sé að framkvæma mjólkurlækkun. Þetta er mjög veigamikið atriði. Því skal ekki neitað, að af þessu fyrirkomulagi, sem tekið hefir verið upp, að láta greiða andvirði mjólkurinnar við móttöku, geta stafað dálítil óþægindi, en hinsvegar á ég bágt með að trúa því, að það sé fyrst og fremst fátæka fólkið, sem fær þennan gjaldfrest, sem um er að ræða, svo framarlega að farið verði eftir almennum kaupsýslureglum. Gjaldfrestunin er miðuð við það, að menn hafi von um kaup til þess að borga með. Það eru því aðeins menn, sem eru í fastri atvinnu, sem geta haft von um að verða aðnjótandi þeirra þæginda, sem gjaldfrestur gæti veitt þeim. Það er tilgangslaust fyrir hv. 5. landsk. að reyna að telja mönnum trú um, að sá stóri hópur fólks, sem er atvinnulaus mánuðum saman, hafi yfirleitt það mikið lánstraust hjá kaupmönnum, að hann fengi að verða galdfrests aðnjótandi almennt.

Næst vil ég víkja örfáum orðum að lögsókn þeirri, sem hér um ræðir. Mér þykir ekki ósennilegt, að unnt sé að fá því framgengt, að Húsmæðrafélagið verði dæmt í skaðabætur fyrir það tjón, sem félagið hefir bakað Samsölunni. Nú hefir lögunum verið breytt síðan S. Í. S. fékk ekki dóm á mann, sem álitið var, að hefði skaðað það. Nú nýtur fyrirtæki eins og Samsalan verndar laganna, þannig að menn geta ekki lengur vaðið upp í skjóli laganna, ráðizt á og rægt fyrirtækin án þess að lögin geti haft hendur í hári sökudólganna. En samt telja margir, að sennilega geti Samsalan fengið forsprakka mjólkurverkfallsins dæmda til þess að greiða skaðabætur fyrir að hafa spillt fyrir sölu mjólkurinnar, enda þótt minni árangur hafi fengizt af þeim vinnubrögðum en til var ætlazt.

Þá skal ég minnast lítið eitt á ræðu hv. 1. þm. Reykv. Hann hélt því fram, að till. sín væri rökstudd, sökum þess, að ef framleiðendur ættu að ráða þessu fyrirtæki, þá ættu þeir einnig að fá að ráða þeim kostnaði, sem af starfsemi þeirra leiddi. (MJ: Ef framleiðendur eiga að borga kostnaðinn, þá eiga þeir að ráða honum). Hv. þm. virðist alveg gleyma því, að Samsalan snertir bæði hag framleiðenda og neytenda. Þess vegna er ekki nema rétt, að báðir aðilar ráði kostnaðinum. Ég álít alveg réttmætt, að þessi einstaka atvinnugrein beri þann kostnað, sem hún hefir í för með sér, alveg eins og kjötsalan ber þann kostnað, sem hún leiðir af sér, og síldar- og fisksalan ber þann kostnað, sem hún hefir í för með sér. (MJ: Um þetta er enginn ágreiningur). Mér finnst hv. 1. þm. Reykv. hafa slegið því föstu, að sér þætti rétt, að þeir, sem borguðu kostnaðinn, ættu þá einnig að ráða þessum málum. Hv. þm. hneykslaðist á því, að séra Sveinbjörn Högnason væri pólitískur fulltrúi neytenda, og þá ekki síður Guðmundur Oddsson, sem hann taldi fyrst og fremst pólitískan fulltrúa neytenda. Hv. 1. þm. Reykv. er farinn að óttast, að menn séu pólitískir og geri öll mál pólitísk. Hann er víst hræddur um, að eitthvað af árásarskrifunum í garð Samsölunnar hafi verið pólitísk! Það er dálítið spaugilegt, að hv. 1. þm. Reykv. skuli

hneykslast á því, að menn séu pólitiskir! (MJ: Ég hefi ekki sagt það). Það getur verið, að hv. þm. vilji taka þessi orð sín aftur, og tel ég það skynsamlega gert af honum. En hvað sem þessu líður, þá er eitt víst, og það er það, að enda þótt menn séu pólitiskir, hefir dreifingarkostnaðurinn á mjólkinni hér í Reykjavík samt minnkað, svo að bændur fá hærra verð fyrir mjólkina en áður, og ég vil fullyrða, að líkindi eru til þess, að neytendur geti einnig fengið lækkun, án þess að bændur missi neitt við það.

Nú vil ég víkja fáum orðum að tilboðunum í brauðin. Frásögn hv. þm. um þetta atriði var næsta kátbrosleg. Hann sagði, að brauðin hefðu aldrei verið boðin út. Bakarar hafa með sér félagsskap hér í bæ. Sá félagsskapur kýs sér stjórn, og kemur hún fram f. h. bakara. Þessa menn kallaði mjólkursamsölunefndin á fund til þess að ræða um það, hvort þeir vildu gera tilboð í brauðasölu í mjólkurbúðum Samsölunnar. Þetta var vitaskuld fullkomið alvörumál og alveg „forretningsmæssigt", ef ég mætti svo að orði komast. En fulltrúar bakarafélagsins vildu ekki gera tilboð, en ruku í þess stað burt af fundinum án þess að samkomulag næðist um, að þeir seldu brauð í búðum Samsölunnar. Hv. þm. sagði, að þeir hefðu bara rabbað svolítið saman á þessum fundi. En þetta var fullkomið alvörumál. Stjórn bakarameistarafélagsins var beinlínis boðuð á fund — eins og ég er búinn að taka fram —, og hún var beðin um að gera tilboð í brauðasöluna. En hún hafnaði alveg þessu boði. Svo þegar mennirnir voru þotnir út af fundinum og sáu, að þeir höfðu hegðað sér eins og bjálfar, þá sáu þeir sig um hönd og sendu þá loks tilboð, sem var eins og tilboð þess lægsta. Ég sé því ekki annað en að það hafi verið fullkomlega rétt hjá Samsölunni að taka bezta boðið. Það er eðlilegt, að við þá sé verzlað, sem höfðu beztu búðirnar í bænum, og á þeim stöðum í bænum, þar sem fólk er flest. Það var þetta, sem Samsalan gerði. (MJ: Hvers vegna var ekki hægt að verzla við alla, fyrst allir buðu sömu kjör?). Ég efast ekkert um, að hver einasti kaupsýslumaður mundi taka eins mikið af einhverri vöru og hann þyrfti hjá þeim, sem fyrst bauð bezt kjör, enda þótt aðrir kæmu á eftir. Þetta er algild regla í viðskiptaheiminum.

Að lokum vil ég taka það fram, að ég óska þess, að frv. verði samþ. óbreytt.

Umr. frestað.

Á 35. fundi í Ed., 26. marz, var fram haldið 2. umr. um frv.

Þorsteinn Briem [óyfirl.]: Hv. frsm. vék að mér nokkrum orðum í síðustu ræðu sinni. Hann gekk að vísu alveg framhjá þeirri aðalástæðu minni gegn frv., að það miðaði að því að íþyngja tveim aðalatvinnuvegum þjóðarinnar. Hann gekk alveg framhjá því, að fyrir tveim mánuðum hefði verið talið nauðsynlegt, að ríkissjóður greiddi þau gjöld, sem samkv. frv. á nú að demba yfir á atvinnuvegina, enda þótt nú væru horfurnar enn þunglegri en þá. Útlit um síldarsölu er að vísu ekki mjög slæmt, en þó jafnan mjög óvist. Um fisksöluna vita allir, hvílíkir erfiðleikar vofa þar yfir. Ef samningar við önnur ríki takast ekki því betur, er fisksalan og þar með öll afkoma þjóðarinnar í voða. Útlitið er því enn ægilegra nú en á síðasta þingi, er talið var sjálfsagt, að ríkissjóður greiddi þessi gjöld.

Þá er það kunnugt, hve lágt verð á útfluttu kjöti hefir orðið síðastl. ár, og enn lægra en árið áður, þrátt fyrir verðjöfnunargjaldið og kjötuppbót. Innanlandssalan hefir að vísu verið nokkru betri en áður, en þó hafa vonir manna um hana ekki rætzt, jafnvel á beztu sölusvæðunum, svo að fjölda bænda liggur við að gefast upp.

Það er því hin fyllsta óhagsýni fyrir ríkið að íþyngja um of atvinnuvegunum, sem eru hornsteinar ríkisins til tekjuöflunar, og auk þess er það fyllsta réttlætiskrafa í þessu efni sem öðrum, að réttur og skylda fylgist að. Það hefði nú mátt vænta þess af hv. frsm., sem sífellt er að tala um eyri móti eyri, að hann viðurkenndi þetta. En hann gekk framhjá þessu eins og flestu öðru, en kom hinsvegar með ýms brigslyrði í minn garð um að ég hefði haft rangt eftir sér, t. d. það, að hann hefði sagt, að bændur hefðu ekkert vit á að „organisera" mjólkina. Hann sagði þetta nú samt — og það með röngu. Bændur hafa sýnt það, að þeir hafa getað komið skipulagi á sölu afurða sinna og á innflutning nauðsynjavara sinna sjálfir. Voru það ekki bændur, sem stofnuðu kaupfélögin? Voru það ekki bændur, sem löguðu saltkjötssöluna og gengust fyrir freðkjötssölu til að bjarga kjötmarkaðinum? Voru það ekki bændur, sem skipulögðu mjólkursöluna í Eyjafirði — einmitt mjólkursöluna? Hv. frsm. var að vísu að tala um, að Vilhjálmur Þór væri kaupstaðarmaður. En voru það ekki bændur, sem völdu hann, og er hann ekki þeirra starfsmaður? Sýnir ekki val hans, að bændur kunna að velja sér starfsmenn og fulltrúa? Og verður annað sagt en að Búnaðarfélaginu hafi tekizt sæmilega í starfsemi sinni? Þessar aðdróttanir hv. frsm. til bænda falla því ómerkar fyrir dómi reynslunnar.

Hæstv. forsrh. þarf ég ekki mörgu að svara. Honum tókst ekki að andmæla neinu af því, sem ég hafði sagt. Hann gat ekki hrakið það, að framleiðendurnir myndu spara, ef þeir réðu sjálfir sölu afurða sinna, t. d. með því að fækka í nefndum. Hann reyndi ekki að hnekkja því, að fyrir tveim mánuðum hefði stj. fallizt á, að útgjöld við nefndirnar skyldu greiðast úr ríkissjóði. Hann gat ekki andmælt því, að greiðslur framleiðenda í þessu skyni ættu að vera í hlutfalli við tilnefningarrétt þeirra í nefndirnar. Hann svaraði því ekki heldur beint, að réttur og skylda ættu að fylgjast að. Í stað þess fór hann að hugsa og tala í persónum, og tala um séra Sveinbjörn Högnason, Árna Eylands og Hannes dýralækni. Ég hefi enga löngun til að fara að ræða málið á þeim grundvelli, en verð þó að láta í ljós, að ég tel vafasamt, að bændur hefðu einmitt valið þessa menn, hefðu þeir mátt ráða sjálfir, og ég dreg það í vafa, að

framleiðendur endurkjósi formann mjólkursölunnar, er þeir fá hana í sínar hendur, þrátt fyrir þá reynslu, sem af honum er fengin.

Hingað til hafa hvorki bændur né fiskframleiðendur haft rétt til að kjósa meiri hl. nefnda þeirra, sem fara með afurðasöluna. Það er því býsna fráleitt, að þessir framleiðendur séu látnir einir gjalda kostnað af þeim nefndum, sem þeir eru ekki ráðandi í sjálfir. Enn fráleitara er þó jafnvel, að ríkissjóður skorist undan að greiða kostnað við síldarútvegsnefnd, sem Sþ. kýs 3 menn í af 5, en síldarútvegsmenn aðeins 1.

Það er annars ekki ófróðlegt að kynna sér, hvernig nefndir þessar eru skipaðar.

Kjötverðlagsn. er skipuð framleiðendum að ⅖, fiskimálanefnd að ⅗, síldarútvegsnefnd að ⅕, mjólkursölunefnd að ⅗ og mjólkurverðlagsnefnd að ⅖.

Meðan þessum málum er svo skipað, eiga framleiðendur ekki að greiða kostnað af nefndunum. Öðru máli væri að gegna, ef fyrirkomulagið væri hið sama og í Noregi, þar sem framleiðendur eiga alla fulltrúana.

Guðrún Lárusdóttir: Hv. frsm. sagði svo margt skemmtilegt í ræðu sinni í gær, að mér finnst ekki rétt að láta „komplimentum" hans í garð okkar húsmæðranna alveg ósvarað. Hann talaði um brigðmælgi og svik í sambandi við mjólkursöluna og kenndi Sjálfstfl. um, og virtist hann þar einkum eiga við húsmæðrasamtökin. Þessi ummæli skjóta nú dálítið skökku við þær staðhæfingar stjórnarblaðanna, að húsmæðrasamtökin hafi reynzt með öllu áhrifalaus.

Hann talaði um húsmæðurnar eins og börn, sem ekki þyrfti annað en að segja við: Verið þið góð, annars flengi ég ykkur, — því hann sagði, að þær hefðu átt fyrir því að fá ofanígjöf fyrir þetta tiltæki. En annars var að heyra á hans orðum, að hér væri enginn skaði skeður, því mjólkursalan gengi þrátt fyrir allt upp á það bezta. Samsalan fengi sitt og nægileg nýmjólk væri til í bænum, og þess vegna væri ekki til neins að vera að rífast út af þessu, sem við höfum lagt mesta áherzluna á, að ógerilsneydd mjólk fengist í frjálsari meðferð heldur en nú er. En það eru nú einmitt mikil vandkvæði á þessu. Ég veit um heimili, sem hefir látið fara búð úr búð með læknisvottorð upp á vasann og orðið frá að hverfa án þess að fá einn einasta dropa af þessari nýmjólk, sem á að vera svo mikið til af í bænum. Ég held, að þetta sé því ekki rétt hjá hv. þm., að til sé svona mikil nýmjólk eins og hann vill vera láta. En það er einmitt það, sem við í húsmæðrafélaginu höfum óskað mest eftir, því það er mjög tilfinnanlegt, sérstaklega fyrir barnaheimili, að geta ekki fengið þá vöru refjalaust og vottorðalaust.

Annars þykir mér leiðinlegt að hafa orðið að tala um þetta mál, sem ekki er á dagskránni, og ætla ég mér því ekki að hafa þetta lengra.

Frsm. (Jón Baldvinsson) óyfirl.]: Ég ætla fyrst að víkja að hv. síðasta ræðumanni. Þó það hafi nú ekki orðið eins mikill árangur af þessum samtökum Sjálfstfl. um að trufla mjólkursöluna eins og vænta hefði mátt af svo sterkum flokki, þá voru menn áhyggjufullir um, að sú truflun gæti orðið miklu meiri en hún reyndist að verða. Fyrir þær sakir töldu líka margir ekki eigandi undir því, að mjólkurverðið lækkaði. En þegar frá líður, sjá menn, að það er ekki eins mikið skeð eins og vænta hefði mátt og til stóð hjá Sjálfstfl. eða konum þeim, sem hann lét beita sér fyrir þessum samtökum. Það er því alls ekki rétt að skella allri skuldinni á húsmæðurnar. En þessi truflun var þó fyrir hendi, og menn óttuðust, að hún gæti orðið talsvert mikil, eftir þeim þyt, sem var í bænum um það leyti. Það er því hv. þm. (GL) sjálfur, sem hefir staðið fremstur í flokki fyrir því að hindra lækkun mjólkurverðsins, enda segir hann sjálfur, að sér detti alls ekki í hug að krefjast þess, því það sé ómögulegt eins og á standi. Það er náttúrlega ágætt að fá þetta fram nú, sem þó var sterkasti þátturinn í „agitationinni", þegar samtökin hófust. — Hv. þm. vildi halda því fram, að ég hefði talað óvirðulega um þessar húsmæður, sagt, að þær ættu skilið að fá ofanígjöf og sektir. Það er síður en svo, það eru aðeins nokkrir leiðtogar Sjálfstfl., sem eigi skilið ofanígjöf og sektir fyrir það frumhlaup, sem gert var til þess að trufla söluna á mjólkinni. Það er í rauninni undarlegt, að allir bændur skuli ekki hafa séð, hversu óvinveittur þessi hluti Sjálfstfl. er í raun og veru málstað bændanna, sem eiga allt sitt líf undir því, að þeim takist að selja afurðir sínar á þessum bezta markaði landsins.

Þegar verið er að reyna að trufla mjólkursöluna, þá get ég vel trúað því, að einhverjir, sem ekki leitast sérstaklega eftir því að fá óskir sínar uppfylltar, geti komið í einhverja mjólkurbúð og ekki fengið það, sem þeir biðja um. Vonzkan er nú mikil út af því, að Korpúlfsstaðamjólkin fæst ekki lengur sérmerkt. Þó hv. þm. hafi ekki nefnt það, þá er það þó eitt af því, sem er undirrótin að þessu öllu saman. En á hinu eru engin tormerki, að fá nægilega nýmjólk, hjá þeim, sem það vilja einlæglega.

Hv. 10. landsk. þarf ég sára litlu að svara. Hann vildi halda því fram, að bændur væru fyllilega færir um að ráða sér menn til þess að standa fyrir sínum málefnum. Ég hefi ekkert við það að athuga, að þeir muni geta það. En það, sem ég var að tala um, var það, að ekki væri vert að afhenda þeim það, sem þeir hefðu enga hugmynd um, sem ekki væri heldur von. Það er t. d. enginn að ásaka hv. 10. landsk. fyrir það, að hann kunni ekki að setja prentstil, því hann hefir aldrei lært það. Það er heldur enginn að ásaka bændur fyrir það, þó þeir beri ekki skynbragð á, hvernig eiga að reka búðir í Reykjavík, af því að þeir hafa aldrei gert það. (**MJ:** En presturinn í Rangárvallasýslu hefir vit á því!). Ég hefi aldrei haldið því fram, að hann hefði þá þekkingu til að bera. En það eru aðrir í n., sem hafa þekkingu í þessum efnum. Það hefir kannske ekki verið hægt að fá alla 7 nm. með þekkingu í þessum efnum, enda var þess ekki þörf. — Hv. 10. landsk. vitnaði í Vilhjálm Þór til sönnunar því, hvað bændum

hefði tekizt vel sitt val á mönnum til þess að hafa á hendi þeirra mál. Ég viðurkenni þann mann fyllilega, og eins eru í S. Í. S. mjög duglegir menn. En ég er ekki sérlega hrifinn af því, hvað bændur eru flinkir að velja sér starfsmenn í Búnaðarfél. Íslands, sem að dómi hv. 10. landsk. er eins og helgur dómur, sem helzt má ekki snerta við. En þar hefir sundrungin verið svo mikil, að ekki hefir verið hægt að koma sér saman um einn búnaðarmálastjóra, en til þess að koma einhverju nafni á það, hafa þeir haft þá 2. Þetta er nú aðalfélagsskapur bændanna, sem hv. 10. landsk. talar með svo miklum helgisvip um; honum hefir nú tekizt svona að velja sína starfsmenn. Ég er ekki að segja, að þetta séu í raun og veru lélegir starfsmenn, síður en svo, en það er játað, að mikið af starfi Búnaðarfél. er í ólestri, vegna þess að aldrei hefir verið samkomulag um að hafa einn búnaðarmálastjóra. Ósamkomulagið hefir verið svo mikið, að þar hefir jafnvel lent í handalögmálum. — Mér finnst því sannarlega mega koma með aths. við það, að þeir séu endilega sjálfkjörnir.

Magnús Jónsson [óyfirl.]: Ég skal ekki fara að svara þessu dæmalausu rausi hv. frsm. n. um Búnaðarfél. Íslands, því nú er komið enn lengra frá efninu heldur en áður. En það eru örfá orð hjá hv. frsm., sem mér finnst ekki megi standa ómótmælt, og það eru sérstaklega þessar tilraunir til þess að varpa skuldinni af öllu ólagi Samsölunnar á samtök húsmæðranna. Það er alkunnugt, að mjólkursölunefndin fer svo með sitt vald, að lofuð mjólkurlækkun af Alþfl. hefir orðið að farast fyrir. Með því að veita tugum þúsunda inn í Alþýðubrauðgerðina, þá eru þessar sömu þúsundir teknar frá bændunum, sem annars hefðu fengið þær, ef brauðsalan hefði verið frjáls. Þar af leiðandi var heldur ekki hægt að lækka mjólkurverðið, og svo á að skella allri skuldinni á Húsmæðrafélagið í Reykjavík.

Það væri náttúrlega ástæða til að leggja út af — ekki í stuttri aths., heldur langri ræðu — þessum hugleiðingum hv. frsm. um að beita sektum við því, að menn gerðu samtök um að fá áhugamál sín fram. Hvað ætli hv. þm. segði við því, ef ætti að beita sektum á móti samtökum verklýðsfélaganna, sem hafa viðgengizt á síðustu tímum? En svona eru nú þessir háu herrar, rétt eftir því, hvaða hlið snýr að þeim í það og það skiptið.

Þá var hv. frsm. að tala um þekkingu nefndarmanna í þessum efnum. Það ætti nú ekki að minnast á þekkingu í sambandi við þessa n., vegna þess, að það er alkunnugt, að sá maður, sem hefir mesta þekkingu á þessum málum, hefir að mestu leyti verið borinn ráðum. Og meira þekkingarleysi hefir aldrei komið fram í nokkurri n. heldur en hjá mjólkursölun. fyrstu daga Samsölunnar.

Um Korpúlfsstaðamjólkina ætla ég ekki að segja margt. Það er alkunnugt, að sú mjólk þótti góð. En hvers vegna mátti þá ekki hafa þessa útgengilegustu mjólk á markaðinum? Vegna þess, að hér, eins og æfinlega hjá þessum flokki manna, á að rífa niður einstaka menn og fyrirtæki, og þar með þá vitanlega Korpúlfsstaðabúið.

Hæstv. forsrh. hefir nú loksins gert eitt atriði að fráfararsök, sem sé það, að veita engar endurbætur á þessu máli. Og finnst mér það vel við eiga, að þegar stj. gerir eitt atriði að fráfararsök, þá sé það um það, að ekki skuli fást endurbætur á einu máli.

Þorsteinn Briem [óyfirl.]: Ég þarf ekki mörgu að svara hv. frsm., því hann lék þann leik, sem honum er títt að leika, að tala utan við efnið og skjóta sér framhjá því að svara. Hann tæpti að vísu á því að reyna að verja fyrri orð sín um það, að bændur væru ekki færir um að ráða sínum málum eða afurðasölumálunum af því að þeir væru ekki sérfræðingar í verzlun. En er það ekki yfirleitt svo, að menn með sæmilegri alþýðugreind geti fljótlega sett sig inn í mál, jafnvel þó þeir séu ekki sérfræðingar. Eða eru það allt sérfræðingar, sem mjólkursölunefndina skipa? Ég hygg, að a. m. k. þeir, sem hafa stundað háskólanám, hafi ekki lagt fyrir sig sérfræði í verzlun, hvorki um mjólkursölu eða annað. Hv. frsm. viðurkenndi, að bændur hefðu kunnað að velja sér fulltrúa til þess að fara með sín verzlunarmál. Mundu þeir þá ekki eins hafa getað það í þessu atriði? Ef bændur hefðu mátt nokkru ráða í þessu máli, þá hefðu þeir einmitt valið þá menn, sem mesta þekkingu og reynslu hafa í þessum efnum, miklu meiri heldur en ýmsir þeirra manna, sem í n. voru skipaðir.

Ljósasti vottur þess, hversu hægt hv. frsm. var að geta flúið burt frá þessu máli, var það, þegar hann fór að tala um Búnaðarfélag Íslands. Hann tuggði þessa gömlu sögu um búnaðarmálastjórana 2 og vildi með því sanna, að bændur væru ekki færir að ráða málum sínum, af því að þar hafði verið talið heppilegra eins og á stóð að skipta verkum milli þeirra manna, sem eiga að hafa forustu búnaðarmálanna með höndum. En hvað sem því líður, þá er það víst, að bændum almennt verður ekki kennt um það, að búnaðarmálastjórarnir urðu 2, því þeir hafa ekki átt þess kost um allmörg ár að ráða yfir stjórn Búnaðarfél., þar sem þeir hafa ekki átt þess kost að kjósa hana. Það er Alþ., sem hefir ráðið meiri hl. í stjórn Búnaðarfél.

Slíkar sögur um handalögmál og annað slíkt, sem hv. frsm. kom með, hélt ég satt að segja að væri fyrir neðan virðingu sjálfs forseta Sþ. að bera sér í munn, og tel ég þær ekki svaraverðar.

Forsrh. (Hermann Jónasson) [óyfirl.]: Ég þarf ekki mörgu að svara í þessum umr. En ég vildi aðeins út af því, sem hv. 1. þm. Reykv. sagði, mótmæla þessum margendurteknu staðhæfingum hans og annara um það, að Korpúlfsstaðabúinu hafi verið sýnd einhver sérstök ósanngirni, og það á þann hátt, að gerð hafi verið tilraun til þess að eyðileggja búið. Þessi staðhæfing hefir ekki við neitt að styðjast. Eða vill hv. þm. benda á, að Korpúlfsstaðir hafi á nokkurn hátt verri aðstöðu gagnvart Samsölunni heldur

en aðrir bændur? Hitt er annað mál, að Korpúlfsstaðir fá ekki að hafa neina sérstöðu eða sérréttindi fram yfir önnur bú hér í nágrenninu. Það hefir nákvæmlega sömu aðstöðu og allir bændur hafa. Og ef búið er rekið jafnvel og látið er í veðri vaka, þá ætti það sannarlega að geta staðið sig vel með samskonar aðstöðu og önnur bú, sem talin eru vel rekin. En ef búið eyðileggst undir þeirri aðstöðu að hafa nákvæmlega sömu réttindi og aðrir, þá er það ekki það fyrirmyndarbú, sem það er talið að vera. Ég skal bæta því við, að þessi réttindi, sem það ásamt austanbúunum hafði til þess að gerilsneyða mjólk, voru tekin af þeim vegna þess, að það var kostnaðarmeira að senda út frá fleirum en einum stað. En ég býst ekki við, að búinu hafi verið neitt kappsmál að fá að halda þessum rétti, vegna þess, að þegar gerilsneyða á svo lítið magn eins og er á Korpúlfsstöðum, þá mun það, eftir því sem mjólkurfræðingur segir mér, vera dýrara heldur en að kaupa stassaniseringu fyrir 3 aura í Mjólkurfélagi Reykjavíkur, sem er hægt að selja þar svo ódýrt vegna þess hve stassaniserað er þar mikið magn mjólkur. A. m. k. hélt Jónas Kristjánsson læknir því fram, að þetta magn mjólkur, sem væri á Korpúlfsstöðum, væri ekki hægt að gerilsneyða svo í lagi væri fyrir minna heldur en 4 aura pr. lítra. — Nei, það er langt frá því, að búinu á Korpúlfsstöðum hafi verið sýnd nokkur ósanngirni, þar sem það hefir nákvæmlega sömu aðstöðu og allir bændur í nágrenni Reykjavíkur.

Ég skal ekki fara neitt sérstaklega út í þær umr., sem átt hafa sér stað milli annara hv. þm. En ég vildi aðeins minnast á hina einkennilegu röksemdafærslu hv. 1. þm. Reykv., þar sem hann talar um, að núv. stj. muni ætla að gera það að fráfararsök, að ekki verði gerðar hinar minnstu umbætur á Samsölunni, og fari nú vel á því. Þetta er svipað öðru því, sem fram kemur hjá hv. 1. þm. Reykv. Það er harla einkennilegt að vera að eyða tíma í að slá fram staðhæfingum eins og þessum og rökræða á grundvelli — ef hægt er að kalla það grundvöll — eins og þessum. Það, sem ég tók sérstaklega fram viðvíkjandi Samsölunni, var vitaniega ekki þetta; það heyrðu allir. Þess vegna er hér búin til staðhæfing, henni svo slegið fram og farið að ræða um hana hér í d. Ég sagði þvert á móti, að það þyrfti umbætur á Samsölunni; það væri verið að umbæta hana á ýmsan hátt, og sjálfsagt væri að gera það enn þá meira. En ég sagði annað, sem er nú einmitt sú setning, sem verður til hjá hv. 1. þm. Reykv. á þann hátt, sem menn hafa nú heyrt. Ég sagði, að ef ætti að fara að kjósa fulltrúaráð í stjórn Samsölunnar og það ætti að ráða eftir því, hvaða hagsmunir yrðu ofan á á hverjum tíma, þá ætlaði ég mér ekki að verða lengur landbúnaðarráðh. Ég hefi sagt, að ég ætlaði mér að standa á móti þessu á meðan ég gæti, því ég veit, að um leið og þannig er komið, er komið á samskonar ástand og var í Mjólkurbandalagi Suðurlands, þar sem slegizt var um hagsmuni innbyrðis, og þá er Samsalan úr sögunni. Ég veit, að það væri að leiða deilur milli framleiðendanna inn í herbúðirnar, deilur, sem mundu sprengja samtökin og ríða þeim að fullu; samskonar deilur og hafa verið í síldinni undanfarið, þar sem slegizt er um hagsmuni einstakra seljanda. — Það er þessi afstaða mín, sem hv. 1. þm. Reykv. er að „referera“ í orðum sínum í dag, en þessi orð hv. þm. eru langt frá því, sem ég hefi sagt, og það skiptir hér máli.

Ég get aðeins, áður en ég lýk máli mínu, látið nokkur orð falla um fulltrúavalið, sem hv. 10. landsk. talaði um. Hann sagði, að ef bændur hefðu sjálfir mátt ráða, þá hefði skipun Samsölunnar verið öðruvísi en nú er; þeir hefðu meiri reynslu og þekkingu á þessum málum en fulltrúarnir í mjólkursölunefnd. (ÞBr: Heldur en sumir þeirra). En ég vil minna hv. þm. á það, að bændur í Mosfellssveit hafa haft Eyjólf Jóhannsson, einn manninn í mjólkursölunefnd, í 17 ár sem fulltrúa fyrir sig. Og annar maður í n., Egill í Sigtúnum, hefir verið fulltrúi bænda frá því þeir byrjuðu fyrst að hafa samtök með sér. En einmitt um þessa menn hefir staðið mestur ófriðurinn. Og svo ætti, ef valdir væru fleiri fulltrúar beint af bændum sem umboðsmenn fyrir sérstök hagsmunasvæði, að verða meiri friður í málinu!

Þeir aðrir í stjórn Samsölunnar eru Sveinbjörn Högnason, sem hefir verið viðriðinn stjórn Ölfusárbúsins frá stofnun þess og er allra manna kunnugastur þessum málum. Þá er Árni Eylands. Um hann má fullyrða, að það finnst varla meðal bænda sjálfra maður, sem kunnugri er hagsmunamálum bænda á öllum sviðum. Og um Hannes Jónsson dýralækni vil ég halda því fram, að hann hafi sérstakan kunnugleika til síns starfs í n. Ég efast því um, að hægt sé að finna menn, sem kunnugri eru mjólkursölumálum en þessir 5 menn, sem kosnir hafa verið sumpart af bændum og aðrir af landbrh. til þess að fara með þessi mál.

Um handalögmálin í Búnaðarfél. ætla ég mér ekki að ræða, en víst er það, að þau áttu sér stað. Ég hefði getað gert það, að minna hv. 10. landsk. á þetta frekar, ef ég sæi ekki, að honum er vel kunnugt um það. (ÞBr: Kviksögur). En hví var verið að blása upp þeim kviksögum, sérstaklega ef nú skyldi vera um fleiri en eitt par að ræða?

Magnús Guðmundsson: Mér þótti hæstv. forsrh. nota sér svo freklega sína aðstöðu til að tala hér, þegar hann vissi, að allir mínir flokksmenn, sem tekið hafa að sér að halda uppi svörum í þessu máli, er dauðir frá umr., að ég verð að hlaupa í skarðið.

Hæstv. ráðh. lýsti því yfir, að hann ætlaði að verða landsfaðir bænda og ekki að láta undan í þessu máli, því að bændur gætu aldrei komið sér saman, þeir myndu alltaf deila innbyrðis. (Forsrh.: Ekki hefi ég nú sagt þetta). Þess vegna myndi hann standa og falla með málinu. Ég skil vel, að hæstv. ráðh. geri þetta að kabinettspursmáli, því að hann getur ekki annað. Hann er í bandi hjá jafnaðarmönnum og getur ekki hreyft sig, þó að flokksmenn hans séu farnir að falla frá honum. Hv. þm. Mýr. hefir t. d. flutt brtt. við frv., sem borið var hér fram á Alþ., en hæstv. ráðh. vill þó ekki taka neitt

tillit til þess. Ráðh. er líka kunnugt um ýmsa flokksmenn sína, að þeir greiddu á fundi um daginn atkv. á móti hæstv. ráðh. En þó að hann hafi í þessu máli allan Sjálfstfl. á móti sér og þar að auki margt af sínum eigin flokksmönnum, þá ætlar hann samt ekki að hreyfa sig, enda getur hann það ekki, því að hann er í bandi jafnaðarmanna. Hæstv. ráðh. getur því sagt, að hann geri þetta mál að kabinettspursmáli, því að ef hann ætlaði að falla frá málinu, myndu jafnaðarmenn ráðast á hann og segja við hann: Nú verður þú að fara.

Það er hlægilegt að heyra hæstv. ráðh. tala um frið, sem verði að vera í málinu. Ég er nú svo gamall sem á grönum má sjá og hefi aldrei vitað annan eins ófrið rísa af svipuðu máli. Og þó er hæstv. ráðh. að tala um frið, sem hér eigi að ríkja.

Ég verð að segja það, að þó að orðið hafi handalögmál í Búnaðarfél., þá er það ekki mikið í samanburði við þau ósköp, sem gengið hafa á í mjólkurmálinu.

Um Korpúlfsstaðabúið eða deilurnar um það hefi ég ekki mikið að segja, því að ég hefi ekki mikið kynnt mér það mál. En ég veit ekki betur en að ráðh. hafi sjálfur látið búið fá sérstöðu um að hreinsa sína mjólk, í hátíðlegu bréfi rétt áður en hann sigldi til Kaupmhafnar í vetur. En þegar hann kemur aftur frá Khöfn, þá tekur hann aftur leyfið, étur það ofan í sig. Nú heldur hann því fram, að ekki sé ástæða til þess að láta Korpúlfsstaðabúið hafa sérstöðu, — en hví lét hann þá búið hafa sérstöðu áður?

Af því að mér þykja umr. um þetta mál vera orðnar nægilega langar, vil ég ekki tala hér lengur. En ég vil minna hæstv. ráðh. á það, að þetta er mín fyrsta ræða, svo að ég get svarað honum aftur. Hann getur þá ekki skákað í því hróksvaldi, að ekki sé hægt að svara honum.

Forsrh. (Hermann Jónasson) óyfirl.: Það er víst ekki von til, að ég sé sérstaklega upplitsdjarfur, þegar ég heyri, að annar eins skörungur og hv. 1. þm. Skagf. ætlar að svara mér aftur. Það er svei mér hótun, sem er betur að endurtaki sig ekki daglega. En þrátt fyrir þessa hótun hv. þm. ætla ég nú samt að voga að leggja út í það að svara honum.

Ég ætla fyrst að svara því, sem hv. þm. kom að síðast í ræðu sinni, viðvíkjandi Korpúlfsstaðabúinu. Það er vitanlega alls ekki hægt að benda á, að Korpúlfsstaðabúinu hafi verið sýnd nein ósanngirni. Það hefir enginn getað bent á það. En ég hefi einmitt auglýst eftir því, hvort Korpúlfsstaðabúinu hafi verið sýnd óbilgirni fram yfir aðra framleiðendur. Hv. þm. sagði, að ég hefði veitt Korpúlfsstöðum sérleyfi. En hvað væri þá? Hefði ég þá verið að níðast á Korpúlfsstaðabúinu? Hv. 1. þm. Skagf. er hér farinn að fara með svipuð rök og hv. 1. þm. Reykv. En þar að auki eru þetta hrein ósannindi. Þegar Korpúlfsstaðabúinu voru veitt sérréttindi samkv. bráðabirgðal., gilti sá réttur um öll búin, og sú ráðstöfun var aðeins framlenging þess leyfis, sem var áður. Fyrrv. ráðh., hv. 10. landsk., hafði veitti búinu þessi réttindi, og hér var aðeins um að ræða áframhald af því leyfi. Þótti ekki ástæða til að breyta þessu fyrr en leyfin voru gefin út 15. jan. En þá var Korpúlfsstöðum aðeins veitt leyfi til að gerilsneyða mjólk, en ekki nein sérréttindi. Enda veit hv. þm., að Korpúlfsstaðabúinu var boðið upp á að búa til barnamjólk sérstaklega, en það var ekki þegið, því að Thor Jensen var ekki hagnaður í að selja sína gerilsneyddu mjólk, sem var verr gerilsneydd en annarstaðar, og ekkert vinsæl. Korpúlfsstaðabúið fékk því engin sérréttindi hjá mér.

Þegar bráðabirgðal. komu til framkvæmdar, þá var Korpúlfsstöðum veittur gerilsneyðingarréttur, eins og búunum fyrir austan. Þetta sýnir aftur nægilega, að Korpúlfsstaðabúið hefir á engan hátt verið afskipt. Það hefir nákvæmlega sömu aðstöðu og hver annar bóndi, og því ekki heldur neina sérstöðu. En andstæðingar Samsölunnar hafa haldið því fram, að það ætti að hafa sérstöðu, því að það sé svo vel rekið. En ef svo væri, þá ætti það líka að standa betur að vígi en önnur bú.

Þá vil ég víkja að þeim ummælum hv. þm., að það séu komnar fram till. frá sumum Framsfl.-mönnum í Nd. um að breyta fyrirkomulaginu á mjólkursölulögunum, og þessar till. gangi í sömu átt og þær, sem hv. flokksmenn hans koma fram með. En þær till. ganga allar út á það, að mjólkursölunefnd afhendi vald það, sem hún hefir um ákvörðun verðjöfnunargjalds og skipting markaða, í hendur stjórnar, sem kosin sé af fulltrúaráði bænda. Þar með á að láta öll viðkvæmustu ágreiningsmálin í hendur stjórnar, sem kosin er af fulltrúum hinna ólíku hagsmunasvæða, sem deila sín í milli. En þar með á að afnema mjólkursölunefndina sem hlutlausan dómstól um þessi mál. Á fundi Mjólkurbandalags Suðurlands var mikill hluti bænda sammála um það, að þessi viðkvæmustu ágreiningsatriði yrði mjólkursölun. að útkljá. Því er sá mikli munur á till. Bjarna Ásgeirssonar og þeirra Sjálfstflmanna, að Bjarni Ásgeirsson gerir ráð fyrir því, að kosið sé fulltrúaráð, sem kjósi þriggja manna stjórn til þess að sjá um sölu á mjólkinni, en ef ágreiningur verður í stj., þá sé málinu skotið til mjólkursölun. Stj. hefir ekkert að gera með verðjöfnunargjaldið eða skipting markaða, heldur aðeins söluna í bænum.

Á þessari till. Bjarna Ásgeirssonar og till. sjálfstæðismanna er sá reginmunur, að mjólkursölun. stendur eftir sem áður ráðandi um öll viðkvæmustu ágreiningsmálin, en 3 manna stjórn ræður aðeins sölunni í bænum. Það er því síður en svo, að Bj. Ásg. fari sömu leið og sjálfstæðismenn. Ég álít, að till. Bjarna sé auðvelt að framkvæma nú. Ég held, að það megi ná samkomulagi milli framleiðenda. Og ég hefi hugsað mér leið, sem ég býst við, að Mjólkurbú Flóamanna, sem erfiðast hefir verið að semja við, muni fallast á.

Að lokum vil ég koma að þeim ummælum hv. 1. þm. Skagf., að ég geti ekki hreyft mig í málinu og ég rísi upp á móti mínum flokksmönnum. Þegar tekið er til að skipuleggja eitthvert mál, eins og mjólkurmálið, þá staðhæfi ég það, að ekki er hægt að hlaupa eftir því, sem einn

og einn flokksmaður álítur á hverjum tíma, að eiga að gera.

En hinu atriðinu, að ég sé sérstaklega í taumi jafnaðarmanna í þessu máli, svara ég þannig: *Ég get vel skilið þá staðhæfingu hv. 1. þm. Skagf., því að ég veit, að allan þann tíma, sem hann sat í stjórn, var hann í taumi. Hann var teymdur út í hverja ófæruna af annari. Því er ekki ólíklegt, að hann álíti, að allir, sem í stj. sitja, þurfi að vera í taumi. Það var aðaleinkennið á stjórnarferli hans, að hann var allt af í taumi, og ég vil segja, sér verri manna.*

Magnús Guðmundsson: Ég læt mig það litlu skipta, þó að hæstv. ráðh. sletti í mig skammaryrðum. Það er siður hans í umr. En ég hélt mig aðallega að málinu. Þó að hæstv. ráðh. fari *út í persónulegar ádeilur, þá skipti ég mér ekki* af því.

Allir vita, að þessi hæstv. ráðh. á allt sitt pólitíska líf undir jafnaðarmönnum. Það þýðir ekki að neita því. Allir vita, að framkvæmd mjólkurmálsins var eftir fyrirskipun frá jafnaðarmönnum. Hæstv. ráðh. hefir sjálfur látið það í ljós, að hann væri óánægður með ýmislegt í málinu, en það yrði svo að vera.

Hæstv. ráðh. lætur mikið af því, að Korpúlfsstaðabúinu hafi ekki verið sýnd ósanngirni. En þá hlýtur því að hafa verið sýnd of mikil sanngirni, þegar ráðh. gaf út fyrra bréfið. Bæði geta *þau ekki verið réttmæt.*

Er hæstv. ráðh. gaf út fyrra bréfið, þá telur hann rétt, að Korpúlfsstöðum sé veittur réttur til að vélhreinsa mjólk. En þegar ráðh. kemur aftur frá Khöfn eftir mánaðartíma eða svo, þá tekur hann leyfið aftur. Af hverju? Af því hann fékk um það fyrirskipun.

Mér dettur ekki í hug að fara að tala hér um frv. Nd. um breyt. á mjólkursölul., þó að hæstv. ráðh. gerði það. Ég elti hann ekki á þeim fiflskaparbrautum. Mér skildist hann taka flokksmann sinn, hv. þm. Mýr., á kné sér og telja hans till. í Nd. í mjólkursölumálinu sæmilega. *Það er gott, ef hæstv. ráðh. er ánægður með* þessar till. hv. þm. Mýr. Við fáum að sjá, þegar það mál er tekið fyrir, hvað mikil alvara þetta er.

Ég get ekki vel sagt um það, hvað gerzt hefir á fundinum, sem hæstv. ráðh. tilfærir fréttir frá. Ég hefi séð niðurstöður af þeim fundi, þar sem segir, að ráðh. hafi ekki haft nema 3 atkv. af 18. Og nokkrir þeirra, sem greiddu atkv. á móti, voru hans eigin flokksmenn, og ekki einungis hv. þm. Mýr., ef hann hefir haft þar atkvæðisrétt, sem ég hugsa, að ekki hafi verið. — En það, sem ég vildi fá svar við hjá hæstv. ráðh., er það, hvers *vegna hann gaf út tvö bréf* viðvíkjandi Korpúlfsstaðabúinu, sem stangast á innbyrðis, þar sem annað leyfir það, sem hitt bannar.

Forsrh. (Hermann Jónasson) (yfirl.): Ég vil ekki lengja umr. En út af fyrirspurninni, sem hv. 1. þm. Skagf. sló fram til að sýna, að Korpúlfsstaðabúinu hafi verið sýnd ósanngirni, þá hefi ég margsýnt fram á, að þetta hefir ekki átt sér stað. Því hefir ekki verið mótmælt, að þetta bú hefir sömu aðstöðu og aðrir bændur í Mosfellssveit.

Þá er það viðvíkjandi bréfunum, sem sérstaklega er spurt um. Og nú vil ég biðja hv. 1. þm. Skagf. að taka vel eftir. Um leið og brtt. voru samþ., var það ákveðið að láta búin, sem haft höfðu rétt til að gerilsneyða mjólk, m. a. Korpúlfsstaðabúið, halda sama rétti áfram, sem fyrrv. landbrh. hafði veitt þeim.

Eins og ég gat um áðan, þá veitti hv. 10. landsk. Korpúlfsstaðabúinu sérrétt um að kaldhreinsa mjólk. Þótti ekki eðlilegt, meðan samsalan tók ekki verulega til starfa, að breyta þessu. En þegar samsalan tók til starfa, þá var Mjólkurfélagi Reykjavíkur veittur réttur til að gerilsneyða mjólk. Korpúlfsstaðabúinu var þá líka veittur þessi réttur og eins báðum mjólkurbúunum fyrir austan.

Mér er þessi fyrirspurn kærkomin, svo að ég geti skýrt frá því, að mjólkursölun. kom á fund minn til að óska eftir því, að réttur um gerilsneyðing mjólkur væri gefinn út til þessara 4 búa. Ég sat á 2 tíma fundi við þá, og ég hélt fram, að það væri rangt að gefa nokkur slík réttindi til þessara búa. En það var vilji meiri hl. mjólkursölun. Þeir óskuðu, að leyfið yrði gefið út og fóru fram á það við mig, að ég gæfi það út til næstu 6 mánaða. Ég gaf síðan út bréf, sem veitti Ölfusbúinu, Mjólkurbúi Flóamanna og Korpúlfsstaðabúinu leyfi til að gerilsneyða *mjólk, fyrst um sinn. Ég vissi fyrirfram,* að það myndi koma árekstur af því að senda út mjólkina frá svona mörgum búum, og það myndi hafa stóran kostnað í för með sér. Og þetta sýndi sig. Eftir 4 daga komu þeir úr mjólkursölun. og sögðu: Það er rétt, þetta er of dýrt, að fá mjólkina frá fleiri stöðum og senda út frá tveim stöðum. — Og þar sem mjólkin var ekki eins vel hreinsuð á Korpúlfsstaðabúinu eða búunum fyrir austan, þá var ekki ástæða til að halda leyfinu. Ég tók því þennan rétt af Korpúlfsstaðabúinu og Mjólkurbúi Flóamanna og Ölfusárbúinu. Og það sem hægt er að gera vegna þessa, er ótrúlegt frá byrjun. (**MJ:** *Kom það ekki niður á Korpúlfs*stöðum einum?). Það kom ekki niður á Korpúlfsstaðabúinu einu, heldur á fleiri búum. (**MG:** Hvað selja þau mikla mjólk?). Þau selja talsvert mikið og koma til með að selja meira í sumar. (**MJ:** Það er tekið af sumum, sem ekki er ætlað mikið).

Magnús Guðmundsson: Ég hefi ekki haldið því fram, að Korpúlfsstaðir hafi verið beittir órétti. (**Forsrh.:** Hv. þm. flytur mál þeirra, sem líta svo á). Ég var aðeins að spyrja hæstv. ráðh., hvers vegna hann hefði gefið út bréf, sem leyfði þessu búi að vélhreinsa mjólk, en gefur svo skömmu síðar út annað bréf, sem bannar þetta sama.

Hann var að leitast við að svara því til, að þegar bráðabirgðalögin voru gefin út í sept.-mán. síðastl., þá hefði hann gefið búunum þetta leyfi fyrst um sinn. Ég þori ekki að staðhæfa, hvenær ráðh. gaf út sitt fyrra bréf, en mig minnir að það væri í des., en ekki í sept.mán. (**Forsrh.:** Jú! Það var í sept.). Ég get fengið að sjá það, og skal ég ekki saka hæstv. ráðh.

um að fara með rangt mál, þó mér þyki það líklegt. En ég skal fá þetta upplýst fyrir 3. umr. og láta þá rannsókn skera úr, hvor fer með rétt mál. (**Forsrh.**: Það eru seinni bréfin, sem þm. á við). Ég er að tala um tvö bréf í þessu efni, útgefin af hæstv. ráðh. Bréf, sem hann segist hafa gefið út strax þegar bráðabirgðalögin voru gefin út, og annað bréf, sem út var gefið þegar samsalan tók til starfa.

Svo er hitt atriðið, viðvíkjandi því, að ráðh. hafi tekið þessi réttindi af öllum búunum samtímis; finnst mér það skipta litlu fyrir búin austanfjalls. Því úr því að hæstv. ráðh. gat breytt fyrirskipunum eins og ég hefi bent á um Korpúlfsstaðabúið, þá getur hann enn breytt því viðvíkjandi búunum fyrir austan fjall.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 9:2 atkv.
2.—4. gr. samþ. með 10:2 atkv.
Brtt. 267 felld með 9:6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: ÞBr, ÞÞ, GL, JAJ, MG, MJ.
nei: SÁÓ, BSt, HG, HermJ, IngP, JBald, JJ, PHerm, EÁrna.
Einn þm. (PM) fjarstaddur.
5.—6. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. visað til 3. umr. með 11:3 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: ÞÞ, BSt, HG, HermJ, IngP, JBald, JJ, MJ, PHerm, SÁÓ, EÁrna.
nei: ÞBr, GL, MG.
JAJ greiddi ekki atkv.
Einn þm. (PM) fjarstaddur.

Á 38. fundi í Ed., 30. marz, var frv. tekið til 3. umr.

Magnús Guðmundsson: Þegar þetta mál var hér til 2. umr., átti ég nokkurn orðastað við hæstv. forsrh. út af meðferðinni á Korpúlfsstaðabúinu. Hann vildi halda því fram, að ég hefði sagt, að það hefði verið beitt hlutdrægni, og skal ég ekki fara nánar út í það. En það, sem gerir það að verkum, að ég stend upp, er það, að hæstv. forsrh. hélt því fram, að hann hefði leyft mjólkurbúinu á Korpúlfsstöðum að selja mjólk eins og verið hafði á meðan bráðabirgðalögin frá því í sept. 1934 voru í gildi. Ég dró þetta þá í efa og hélt því fram, að það væri mjög skammt á milli þessara tveggja bréfa, sem hæstv. ráðh. ritaði Korpúlfsstaðabúinu, og lofaði ég þá að útvega þessi bréf, og þau hefi ég nú með höndum. Fyrra bréfið er dagsett 14. jan. 1935, m. ö. o. eftir að nýju l. voru komin, en það síðara 18. febr. s. á., eða rúmum mánuði síðar. Hæstv. ráðh. hefir því skýrt hér rangt frá. Í bréfinu frá 14. jan. er það tekið fram, að ráðuneytið löggildi mjólkurbúið á Korpúlfsstöðum til framleiðslu á vélhreinsaðri mjólk og rjóma, smjöri og skyri. En svo í bréfinu frá 18. febr. er þetta leyfi tekið aftur. Þetta er hvorttveggja gert skv. ákvæðum hinna nýju l., en ekki hinna eldri, eins og hæstv. forsrh. sagði. — Ég vil þess vegna slá því föstu hér með, að það var rétt, sem ég hélt fram við 2. umr. þessa máls, en rangt, sem ráðh. sagði.

Forsrh. (Hermann Jónasson) [óyfirl.]: Ég heyrði ekki fyrri hl. af ræðu hv. 1. þm. Skagf. út af leyfunum, sem hafa verið gefin Korpúlfsstaðabúinu. Ég verð að endurtaka það, sem ég sagði fyrir nokkrum dögum, til þess að fá fram það, sem hann þykist vera að sanna í þessu máli.

Eins og menn muna, var deilan hér í hv. d. um það, hvort Korpúlfsstöðum hefði verið gert illa til í mjólkurmálinu eða verr en öðrum búum í nágrenni Reykjavíkur. Ég sýndi fram á, að svo hefði ekki verið. Korpúlfsstaðir hefðu haft sömu aðstöðu og önnur bú, og ættu því að standa betur að vígi um rekstur, þar sem haldið hefir verið fram, að þeir væru svo vel reknir. En þá notaði hv. þm. þau rök, að ég hefði gefið Korpúlfsstaðabúinu of miklar ívilnanir með leyfinu um að framleiða kaldhreinsaða, þ. e. ógerilsneydda mjólk. Þar með hafi ég sýnt álit mitt á búinu.

Eins og ég hefi bent á, komu þessi rök hv. þm., að ég hefði gefið Korpúlfsstöðum of mikil réttindi, ekki neitt því við, að það hafi verið níðzt á búinu. Svarið varð alveg öfugt við það, sem það átti að vera. Nú kemur fram eins og hv. þm. vilji staðfesta það, sem hann hélt fram um daginn, að ég hafi veitt Korpúlfsstaðabúinu einhver sérstök réttindi. En ég vil benda honum á, að bréfin, sem hér liggja fyrir, sýna það gagnstæða. Hv. 10. landsk., þáv. landbrh., veitti Korpúlfsstöðum sérstakan rétt til þess að framleiða kaldhreinsaða mjólk. Þegar bráðabirgðal. gengu í gildi, þá framlengdi ég bara þennan rétt, sem gefinn var eftir eldri mjólkurlögunum. Ég gaf Korpúlfsstöðum ekki neinn sérstakan rétt, en ég taldi ekki rétt að svipta þá þessum rétti eftir eldri lögunum.

Og frá því bráðabirgðal. voru sett og þangað til mjólkurlögin nýju gengu í gildi, 15. jan., fór ekki fram nein röskun á mjólkursölunni. En með bréfinu 14. jan. veitti ég Korpúlfsstaðabúinu, eins og austurbúunum, leyfi til að gerilsneyða mjólk, og vil ég nú lesa hér bréfið, með leyfi hæstv. forseta.

„Samkv. lögum frá 19. des. 1934 um meðferð og sölu mjólkur og rjóma o. fl. vill ráðuneytið hér með löggilda mjólkurbúið á Korpúlfsstöðum til framleiðslu á gerilsneyddri mjólk og rjóma, sem selja má í flöskum og dunkum, svo og ennfremur til framleiðslu á smjöri og skyri.

Löggilding þessi gildir fyrst um sinn, þangað til annað kann að verða ákveðið, og verður sem allra fyrst að bæta úr þeim ágöllum á mjólkurbúinu, sem um getur í skýrslu Jónasar Kristjánssonar, Hannesar Jónssonar og Árna G. Eylands, dags. 10. f. m., og sem yður, herra stórkaupmaður, hefir verið sent afrit af".

Eins og hver maður sér, eru hér ekki gefin nein réttindi fram yfir það, að gerilsneyða mjólk og búa til skyr og rjóma, ekki einu sinni sá réttur að framleiða kaldhreinsaða mjólk. Og það stendur hér „löggilding þangað til annað er ákveðið". Ég veitti þetta leyfi þvert á móti minni skoðun fyrir beiðni mjólkursölun., bara til bráðabirgða. Mér leizt aldrei á þetta fyrir-

komulag, og þegar það sýndi sig strax, að það gat ekki gengið, þá kom meiri hl. mjólkursölunefndar á fund minn og bað mig að breyta lögunum. Og þá tók ég leyfið aftur með bréfinu 18. febr., sem ég skal einnig lesa hér, með leyfi hæstv. forseta.

„Með skírskotun til bréfs ráðuneytisins, dags. 14. f. m., um löggildingu á mjólkurbúinu á Korpúlfsstöðum til framleiðslu á gerilsneyddri mjólk og rjóma o. fl., skal yður, herra stórkaupmaður, hér með tjáð, að téð löggilding afturkallast hér með, og ber yður að láta gerilsneyða alla mjólk og rjóma, sem ætluð er til sölu í Reykjavík og Hafnarfirði, í mjólkurstöð Mjólkurfélags Reykjavíkur hér í bænum".

Það er því augljóst, að ég hefi ekki tekið nein réttindi af Korpúlfsstaðabúinu. Það hefir nákvæmlega sömu aðstöðu og hver annar framleiðandi í nágrenni Rvíkur. Þeir, sem kvarta undan öðru, eru menn, sem heimta sérstök réttindi fyrir þetta bú. En þau hefi ég ekki heldur veitt Korpúlfsstöðum. Frá því bráðabirgðalögin voru sett, lét ég gilda ákvæðið, sem fyrrv. landbrh. gaf búinu, þar til sjálf mjólkurlögin gengu í gildi.

Forseti (EÁrna): Hér hafa verið hafnar umr. um annað mál en það, sem er á dagskrá. Ég bið menn því að snúa umr. sínum að því máli, sem fyrir liggur.

Magnús Guðmundsson: Ég skil ekki, að það geti verið meining forseta að banna að gefa upplýsingar um þann ágreining, sem varð hér í hv. d. við næstu umr. á undan. Þá var að vísu ekki hinn reglulegi forseti. Ég svara því hæstv. forsrh. með nokkrum orðum, þangað til forseti tekur fram í fyrir mér.

Hæstv. forsrh. heldur því enn fram, að fyrra bréfið hafi verið gefið út með tilliti til bráðabirgðalaganna. Þó les hann upp bréfið, dags. 14. jan., það er daginn áður en samsalan tekur til starfa og eftir að bráðabirgðalögin voru fallin úr gildi. Vitaskuld er það gefið út til að notast undir samsölufyrirkomulaginu. Þetta segist hæstv. forsrh. hafa gert nauðugur; mér skilst, að mjólkursölun. hafi fengið hann til þess með fortölum. En ég sé ekki, að hann geti neitað, að bréfið er gefið út eingöngu með tilliti til mjólkursamsölunnar, með tilliti til hinna nýju mjólkurlaga, þar sem það er dagsett 14. jan., daginn áður en þau ganga í gildi. En svo eftir mánuð, þegar hæstv. ráðh. kemur heim aftur úr utanför sinni, þá hefir snúizt veður í lofti, og þá tekur hann leyfið aftur með nýju bréfi.

Ég hefi haldið því fram, að þessi tvö bréf, sem hér liggja fyrir, væru ósamhljóða innbyrðis. Ef seinna bréfið er rétt, þá er fyrra bréfið rangt. Bæði geta ekki verið rétt.

Ég hefi svo ekki meira að segja, því að bréfin sanna fyllilega, að það er rétt, sem mig minnti og ég tók fram við 2. umr., hvað sem hæstv. ráðh. segir.

Forseti óskaði eftir því, að umr. snerust um málið sjálft. Ég skal verða við þeirri ósk og get sagt það, að ég greiði atkv. móti frv.

Ég kalla það að fara undir föt við framleiðendur, fyrst að samþykkja ákveðið skipulag, sem þeir verða að hlíta, og lofa samtímis, að kostnaður verði borgaður af opinberu fé. En svo eftir 2—3 mánuði er sagt við hina sömu framleiðendur: Nú eigið þið að borga, en skipulagið helzt; þið borgið, en fáið engu að ráða. — Annars er óþarfi að fara nánar út í þetta, frv. var svo mikið rætt við 2. umr. En ég vildi láta í ljós þessa afdráttarlausu skoðun mína.

Forsrh. (Hermann Jónasson) *óyfirl.*: Ég verð að segja, að það er hastarlegt að þurfa að deila út af öðru eins atriði og þessu. Svo ljóst liggur málið fyrir, að það getur ekki verið ljósara. Ég veit ekki, hvort hv. þm. er að gera að gamni sínu, eða hann skilur ekki málið. Þegar hv. þm. kom fyrst fram með aðfinnslur sínar, þá fann hann að því, að ég hefði veitt Korpúlfsstöðum leyfi til að framleiða kaldhreinsaða mjólk. Þetta snerist deilan um. Nú les hv. þm. bréf, sem sýnir, að ég hefi veitt Korpúlfsstöðum eins og öðrum búum í nágrenninu leyfi til að framleiða kaldhreinsaða mjólk. Það er auðséð, að þm. blandar hér tvennu saman, svo að ég verð ennþá að endurtaka það sama: Þegar bráðabirgðalögin gengu í gildi í haust, framlengdi ég þau réttindi, sem fyrrv. landbrh. hafði veitt Korpúlfsstöðum til þess að framleiða gerilsneydda og kaldhreinsaða mjólk. Síðan, þegar farið var að framkvæma lögin 15. jan., var Korpúlfsstaðabúinu skrifað bréf til að láta það fá rétt til að gerilsneyða mjólk samkv. l., sem þá gengu í gildi. Hv. þm. heldur nú fram allt öðru en fyrir nokkrum dögum síðan. Bréfið, sem hann las, staðfestir einmitt það, sem ég segi.

Magnús Guðmundsson: Það er ekki til neins að deila við mann, sem fer að eins og hæstv. forsrh., því að hann segir, að ég hafi sagt allt annað en það, sem ég sagði. Ég má bezt vita sjálfur, hvað ég meinti og sagði.

Ég talaði um þessi tvö bréf, sem hér liggja fyrir, ég mundi eftir þeim báðum, svo að hæstv. ráðh. þarf ekki að segja, að ég hafi meint bréf, sem hann gaf út í sept. Ég skora á hæstv. ráðh. að láta mig fá það bréf. Mér þætti gaman að sjá það.

Ég var að tala um framkvæmdina hjá hæstv. ráðh., sem er þannig, að þegar samsalan tekur til starfa, veitir hann Korpúlfsstöðum leyfi til þess að framleiða gerilsneydda mjólk, skyr og rjóma, en tekur þetta leyfi svo aftur eftir mánuð, að óbreyttri löggjöf og kringumstæðum. Það var þetta, sem ég var að víta.

Forsrh. (Hermann Jónasson): Það hefir aldrei verið neitt launungarmál, að búinu var veittur þessi réttur, og það er líka opinbert mál, að rétturinn var tekinn af því aftur. En hv. þm. lýsti fyrir nokkrum dögum, að ég hefði veitt Korpúlfsstöðum sérstakan rétt. En það hefir hann ekki getað upplýst, því að þann sérrétt hefi ég aldrei veitt.

Magnús Guðmundsson: Ég hefi gaman af að heyra hæstv. ráðh. neita því, að hann hafi gefið

Korpúlfsstöðum sérstakan rétt, þegar hann er sjálfur nýbúinn að lesa upp bréf frá 14. jan. þ. á., þar sem búinu er leyft að framleiða á tiltekinn hátt mjólk, skyr og rjóma. (**Forsrh.**: Það er enginn sérstakur réttur). Jú, það er sérstakur réttur, gefinn með sérstöku bréfi, en rúmum mánuði síðar er sá réttur tekinn aftur með öðru bréfi. Þennan hringlandahátt hefi ég vítt. — Ég óska hæstv. ráðh. til lukku með úrslit þessarar deilu!!!

ATKVGR.
Frv. samþ. með 8:4 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 330).

23. Trjáplöntur og trjáfræ.

Á 3. fundi í Sþ., 26. febr., var útbýtt frá Nd.:
Frv. til l. um einkarétt ríkisstj. til þess að flytja trjáplöntur til landsins, og um eftirlit með innflutningi trjáfræs (þmfrv., A. 29).

Á 16. fundi í Nd., 28. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Frsm. (Jón Pálmason): Frv. það, er hér liggur fyrir á þskj. 29, lá fyrir síðasta þingi og fékk afgreiðslu í landbn., en var fellt hér í hv. d. við 2. umr., eins og menn muna, án þess að á móti því væri mælt. Nú hefir meiri hl. landbn. lagt þetta frv. fram á ný, til þess að fá frekari fullvissu um, hvort hæstv. Alþingi vill verða við því að samþ. það eða ekki.

Ég sé að þessu sinni ekki neina ástæðu til þess að fara út í efnishlið málsins, með því líka að í grg. frv. er tilgangi þess lýst það rækilega, að ekki virðist þörf á að bæta þar miklu við. Það skal fram tekið, að minni hl. landbn., hv. þm. Ak., er mótfallinn málinu.

Að svo mæltu vil ég mælast til, að málinu verði vísað til 2. umr., og þar sem það kemur frá n., sé ég ekki ástæðu til, að því sé vísað til n.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 17 shlj. atkv.

Á 18. fundi í Nd., 2. marz, var frv. tekið til 2. umr.

Guðbrandur Ísberg: Þess var getið af hv. frsm. við 1. umr. þessa máls, að ég hefði greitt atkv. á móti þessu frv. í landbn. Frv. er að vísu ekki þess vert að eyða um það mörgum orðum. Það grípur ekki verulega inn í verzlunarviðskipti landsbúa almennt, þar sem ekki er um almenna verzlunarvöru að ræða. En hinsvegar felur það í sér sjúklega tilhneigingu, að vilja láta ríkisstj. vera barnfóstru fyrir borgarana, jafnvel í hinum smæstu málum. Hitt eru aukaatriði, sem færð hafa verið fram þessu máli til stuðnings, að á þenna hátt eigi að koma í veg fyrir það, að plöntusjúkdómar flytjist til landsins með innfluttum trjáplöntum. Enda mætti vissulega fyrirbyggja það á annan hátt. Sem sagt, ég er algerlega á móti þeirri stefnu, sem í frv. felst, og greiði atkv. gegn því.

Hannes Jónsson [óyfirl.]: Ég er hálfhissa á þeirri kergju, sem hv. meiri hl. landbn. þeitir, að bera þetta frv. aftur fram á þessu þingi, þar sem það var fellt í þessari hv. þd. á síðasta þingi. Ég vænti, að það muni sannast nú eins og áður, að það fái sömu útreið og komist ekki fram, nema ef vera kynni, að hv. frsm. sé nú orðinn svo fíkinn í ríkisrekstur bara vegna ríkisrekstrarins sjálfs. En ég undrast það ekki, þó að hv. þm. A.-Húnv. rispi sig eitthvað á þessari einkasölustefnu, sem hann nú hefir gengið inn á með flutningi þessa frv. og játar í grg. frv. að hann hafi þá skoðun, að sjálfsagt sé að stofna til ríkisrekstrar í þessu atriði, þó að engin skynsamleg ástæða sé þar fram borin fyrir nauðsyn þess. Hann hefir því gengið lengra út á þessa braut en sósialistarnir sjálfir, því að þeir reyna þó samkv. sínum skoðunum að færa ýms rök fyrir því, að ríkisrekstur sé nauðsynlegur í ýmsum greinum og hafi margskonar ágæti í för með sér.

Ég hefði því vænzt þess, að hv. flm. reyndi að gera gangskör að því að sannfæra þdm. um, að hér væri einhver sérstök nauðsyn fyrir hendi, sem mælti með því, að þessi leið væri farin. En ég sé ekki, að það bóli á neinu í þá átt. — Að svo miklu leyti sem þetta frv. hefir verkanir gagnvart einstaklingum í þjóðfélaginu, þá mundi, ef það verður að lögum, tekin innflutningsheimild á trjáplöntum af þeim eina manni, sem nú hefir þá starfsemi með höndum, Sigurði Sigurðssyni fyrrv. búnaðarmálastjóra. Og ég get ekki séð, hvaða ástæða er til að taka þá heimild af þeim manni, sem verður að telja, að hafi farizt þetta mjög vel úr hendi undanfarið, og hefir bæði góða þekkingu og aðstöðu á þessu sviði til þess að láta þar gott eitt af starfi sínu leiða.

Það fer nú að verða hver silkihúfan upp af annari af þeim svívirðingum og ég vil segja níðingsskap, sem Alþingi leyfir sér að beita gegn þessum manni, ef það ætlar nú með slíkri áfergju undir yfirskini ríkisrekstrar að svipta hann þessari starfs- og tekjugrein og færa hana á aðrar hendur, sem engar líkur eru til, að leysi þetta starf betur af hendi. Þetta er þakklætið, sem sá maður fær, fyrir að hafa unnið af ósérplægni svo áratugum skiptir fyrir íslenzkan landbúnað.

Mig skal ekki undra á því, þó að hv. þm. A.-Húnv. klæi einhversstaðar ónotalega, þegar hann fer aftur að skríða úr flatsænginni frá sócialistum, eftir sambúðina við þá um þetta frv.

Sigurður Einarsson: Ég var einn af flm. þessa frv. á síðasta þingi, og vil því lýsa ánægju minni yfir því, að það skuli enn vera fram komið, og mæla hið bezta með því, að það verði samþ. Enda vona ég, að því sé engin hætta búin nú. Hv. þm. V.-Húnv. var samt eitthvað að

hlakka yfir því, að það mundi verða fellt hér í hv. þd., eins og á síðasta þingi. En hv. þm. má vita, að það var fyrir einskæra tilviljun, en ekki af því, að frv. hefði ekki nægilegt fylgi í þd. Þá var hv. þm. V.-Húnv. að tala um, að hann sæi ekki, að það væru færð nein rök fyrir því, að nauðsyn væri að stofna til ríkisrekstrar fyrir þessa atvinnugrein. En þetta er ekkert nýstárlegt. Þessari hv. þd. er það vel kunnugt, að hinum hv. þm. V.-Húnv. er ekki gefin sú greind að skynja rök fyrir málum yfirleitt, og þess vegna er ekki um neitt sérstakt að ræða að því er þetta frv. snertir, þó hv. þm. sjái ekki rökin.

Rökin fyrir þessu frv. eru í stuttu máli þau, að með öruggri stjórn og undir eftirliti kunnáttumanns á að vera unnt að tryggja það, að eigi verði flutt inn í landið nema hæfilega mikið af trjáplöntum, og jafnframt að þær séu raunverulega góð vara, svo að ekki geti stafað af þeim sjúkdómshætta fyrir innlendar jurtir. Og í öðru legi er ætlazt til þess, að innflutningur og sala á erlendum trjáplöntum hér á landi geti veitt skógræktinni nokkurn fjárhagslegan stuðning. Í því efni hefir lítið verið gert á undanförnum árum, en þó hefir talsvert fé farið þar í súginn. Alþingi og ríkisstj. hafa yfirleitt sýnt ófyrirgefanlegt tómlæti í skógræktarmálunum. Þeir menn eru fjölmargir, sem vona það og álíta, að hægt sé að gera miklu meira fyrir skógræktina í landinu, ef fé fengist til þess, m. a. á þennan hátt, sem frv. gerir ráð fyrir.

Þetta frv. er flutt af einlægum áhuga fyrir skógræktinni í landinu og fullri vissu um, að það komi henni að talsverðum notum. Þess vegna er hv. þm. V.-Húnv. á móti því. Það er segin saga, að ef eitthvað á að framkvæma, sem horfir til velfarnaðar fósturjörðunni, þá sér þessi hv. þm. V.-Húnv. hinar og aðrar grýlur á veginum, sem hann þykist endilega þurfa að hamast að. Það virðast vera álög á manninum að sporna jafnan við nytjamálum.

Frsm. (Jón Pálmason): Ég lasta það ekki út af fyrir sig, þó að nokkrar umr. verði um þetta frv. nú hér í d., svo að það verði ekki fellt umræðulaust eins og á síðasta þingi. Ég hefi fyrir mitt leyti ekkert á móti því.

Það var, eins og við mátti búast, einkasölugrýlan í þessu frv., sem hv. þm. V.-Húnv. beindist ákveðnast á móti; og mátti ráða það af orðum hans, að af því að þar er nefnd einkasala, þá væri sjálfsagt að fella frv. tafarlaust. Ég hefi fyrir mitt leyti ekki farið dult með þá stefnu mína, að ég er andvígur ríkisrekstri yfirleitt, eins og sú stefna hefir undanfarið komið fram á Alþingi, í formi verzlunarhafta og ýmiskonar lagasetningar, sem heimila ríkisstj. að taka einkasölu á sérstökum vörutegundum og reka þá verzlun til hagnaðar fyrir ríkissjóð. Þessu er ég yfirleitt mjög mótfallinn. En ég er þó ekki svo fanatískur í þeim efnum, að ég vilji beita mér á móti því út í yztu æsar, að í einstökum tilfellum, þegar sérstaklega stendur á, verði stofnað til ríkisrekstrar í einstökum greinum. Ég mundi t. d. ekki geta fylgt því, ef till. kæmi fram um það að leggja niður áfengissölu ríkisins, og gefa vínverzlunina frjálsa innanlands; enda var ég fylgjandi því fyrirkomulagi á síðasta þingi. Sömuleiðis var ég því fylgjandi á síðasta þingi, að einkasala ríkisins á tilbúnum áburði væri látin starfa áfram. Ekki með það fyrir augum, að ríkissjóður ætti að græða á þeirri verzlun, heldur vegna þess, að einkasalan getur útvegað áburðinn með ódýrara verði en aðrir, af því að hann er í höndum hringa erlendis.

Að því er snertir þetta litla mál, sem hér liggur fyrir, þar sem ætlazt er til, að innflutningur á erlendum trjáplöntum verði í höndum skógræktarstjóra ríkisins, þá tel ég það svo lítilsvert fjárhagsatriði fyrir þá, sem starfa á sviði viðskiptalífsins í landinu, að það sé engin ástæða til að taka tillit til þess sem stefnumáls. En hinsvegar hefir það komið í ljós á síðari árum, að fluttar hafa verið inn í landið ýmsar trjáplöntur, sem engar líkur eru til, að geti þrifizt hér. Svo verkar þessi reynsla þannig á einstaklingana, að trú þeirra á umbótastarfsemi í trjárækt fer minnkandi. En ég skal ekkert fullyrða um, hvort eigi megi takast að bæta úr þessu á annan hátt en frv. ætlast til. Ennfremur hefir talsvert borið á sjúkdómshættu af erlendum trjáplöntum fyrir innlendar jurtir; og í frv. er ætlazt til, að komið verði í veg fyrir það, með því að innflutningurinn sé að vera undir eftirliti skógræktarstjóra, sem gera má ráð fyrir, að sé fróðasti maður í þessum efnum hér á landi.

Í þriðja lagi er á það bent í grg. frv., þó að ekki sé að því vikið í frv. sjálfu, að það skipulag, sem í frv. felst, muni aðeins gilda til bráðabirgða. Það á að stefna að því að ala trjáplönturnar upp hér innanlands, og á þann hátt verður þessu máli væntanlega komið í rétt horf. Þetta fyrirkomulag, sem frv. fer fram á, gildir því aðeins til bráðabirgða.

Út frá þessu sjónarmiði virðast þau ummæli hv. þm. V.-Húnv. undarleg fjarstæða, að ég sé með flutningi þessa frv. að skríða í flatsængina með sósialistum. Ennfremur er hér um svo smávægilegt atriði að ræða, að það verður ekki skoðað sem brot á meginstefnu í verzlunarmálum, þó að ég sé því meðmæltur að innflutningi á erlendum trjáplöntum verði komið í betra horf en verið hefir. Enda verður að játa það hreinskilnislega, að skógræktarstarfsemin hér á landi hefir verið slælega rekin af þeim mönnum, sem staðið hafa fyrir því máli.

Að svo stöddu hefi ég ekki meira um þetta mál að segja. En ég hefi ekkert við það að athuga, þó að því sé haldið fram í umr., að þetta litla frv. sé í sósíalistiskum anda, og að ég sé að gera mig hlægilegan með því að gerast brotlegur við höfuðstefnu míns flokks í þjóðmálum. En þó að svo hafi reynzt, að þeir samflokksmenn mínir, sem voru viðstaddir atkvgr. um þetta frv. á síðasta þingi, greiddu allir atkv. á móti því, þá hefir það engin áhrif á mig. Í fyrsta lagi vegna þess, að ég er þannig skapi farinn, að ég læt ekki aðra menn segja mér fyrir verkum eða stjórna sannfæringu minni. Og í öðru lagi af því, að í Sjálfstfl. eru ekki

með flokksaga lögð nein bönd á sannfæringu einstakra þm. Þar er engri kúgunarstarfsemi beitt. Að því leyti er þar allt annar andi ríkjandi en í öðrum flokkum hér á landi, sem meiri hl. þessarar hv. þd. telst til. (Fjmrh.: Sannfæringarfrelsi í Sjálfstfl., sem hv. þm. gumar svo mikið af, gildir víst aðeins um smámunina!). Að því leyti er gagnólíkur móralL sem þar ríkir, heldur en hjá þeim, sem hafa meirihl.valdið hér á þessu þingi.

Hannes Jónsson [óyfirl.]: Það vantaði svo sem ekki rökin hjá hv. 9. landsk. Fyrst á það að vera tryggt, að kunnáttumaður fari með þessi mál. Hvílíkt feikna tjón, að Sigurður búnaðarmálastj. skuli hafa farið með þau undanfarið! Ég hefði kunnað betur við, að hv. þm. hefði fært rök fyrir því, að þessi dómur hans um Sigurð væri réttur.

Þá er það hinn fjárhagslegi stuðningur, sem af þessu á að leiða. Ég sé nú ekki, hver hann ætti að verða, ef reyna á að draga sem mest niður verðið á plöntunum; hann verður þá ekki meiri en hægt hefir verið að fá, eins og bent er á í grg. frv., að Skógræktarfélag Íslands hefir getað útvegað þessar plöntur með vægu verði. Og það eru engin rök í þessu sambandi, að fluttar hafi verið inn trjáplöntur svo nokkru nemi, sem ekki hafa getað þrifizt hér á landi, og þar af leiðandi mikið farið í súginn. Fyrir þessu liggja engar líkur, hvað þá heldur sannanir. Þess er getið í grg. frv., að innflutningur þessara trjáplantna hafi numið 10—16 þús. kr. á undanförnum árum. Ég veit, að þetta er alrangt. Mikill meiri hlutinn af þeim innflutningi, sem færður er á þennan lið, kemur ekkert trjáplöntum við. Ég efast um, að sá innflutningur hafi numið meira en 3 þús. kr., en um það get ég aflað mér upplýsinga fyrir 3. umr.

Þá er bent á það í grg. frv., að það sé neyðarúrræði að þurfa að kaupa þessar trjáplöntur frá útlöndum, og mér skilst, að það eigi algerlega að útiloka, en til þess þurfi að setja upp einkasölu. Hvers vegna er þá ekki hægt að takmarka innflutninginn með innflutningsráðstöfunum í sambandi við álit Skógræktarfél.? Ekkert er auðveldara en það. Það þarf ekki að fara að stilla upp einkasölu með nýjum forstjóra o. s. frv. Ef þessi innflutningur væri bráðnauðsynlegur og væri eins mikill eins og hv. flm. gefa í skyn, þá gæti komið til álita að reyna að ná hagnaðinum af þessari vörutegund og verja til styrktar skógræktinni. En ég fullyrði, að það er ekki hægt að ná neinum hagnaði af þessari verzlun, svo nokkru nemi. Það eina, sem þetta kann að hafa í för með sér, er, að verzlunin fer úr höndum Sigurðar búnaðarmálastjóra, en það vil ég segja, að sé ekki mikil breyt. til bóta. Og það er ekkert á móti því, þó gerðar séu tilraunir með ræktun ýmsra trjáplantna, jafnvel þó þær komi ekki allar að notum. Það er þá a. m. k. fengin raunhæf reynsla fyrir því, hvort þær geta þrifizt eða ekki.

Ég get ekki séð, að það, sem hv. þm. A.-Húnv. sagði um málið, sé þess eðlis, að nokkur ástæða sé til þess að styðja að framgangi þess. Þvert á móti er ýmislegt af því, sem segir í grg. frv., í þá átt, að hægt sé að ná hinum lítilfjörlega tilgangi frv. á miklu einfaldari hátt. — Það, að ég sagði, að hv. þm. A.-Húnv. væri til lítils sóma að hafa flutt þetta mál og að hann mundi klæja eftir sambúðina við sósialista, var ekki sagt út frá því, að mér fyndist óeðlilegt, að hann hefði brotizt undan veldi sinna flokksmanna. Ég álít, að hann hafi fullan rétt til þess, en hann hefir engan rétt til þess að ganga inn á braut sósialista án þess að honum sé bent á, að hann sé að vinna óþurftarverk með því að stuðla að því, að einstaklingsframtakið sé tekið af mönnum án þess að nokkur eðlileg ástæða sé til þess. Og þegar honum hefir verið bent á, að hér sé engin ástæða fyrir hendi, þá er það þeim mun ófyrirgefanlegra af honum að ganga inn á slíka braut sem þessa. Honum er það vitanlega í sjálfsvald sett; ég er ekki að dæma hann.

Ég vona, að hv. þd. verði samkvæm gerðum sínum í fyrra og láti þetta mál ekki fá meiri meðferð heldur en þá og felli það við þessa umr., svo það þurfi ekki að tefja hið stórvirka Alþ., sem nú situr.

Frsm. (Jón Pálmason): Það má nú segja um ræðu hv. síðasta ræðumanns, að samræmið í henni var ekki mikið. En áður en ég fer frekar út í það, skal ég víkja að því, sem hann sagði síðast, að hann hefði ekkert sérstakt út á það að setja, þó ég í þessu efni brytist undan veldi minna flokksmanna. Ég get endurtekið það, sem ég sagði áðan og væntanlega ekki hefir farið framhjá neinum, sem hér eru inni, nema ef vera skyldi hv. þm. V.-Húnv., að í flokki okkar sjálfstæðismanna er engri kúgunarstarfsemi beitt og engar tilraunir gerðar í þá átt að fá okkur til að gera annað en það, sem sannfæring okkar býður. Þetta slagorð hv. þm. er því sagt gersamlega út í loftið.

Þá skal ég koma að mótsögnunum í ræðu hv. þm., sem voru mjög áberandi. Fyrst var hann að tala um það, að þetta frv. væri flutt til þess að gera ákveðnum manni, Sigurði búnaðarmálastjóra, tjón. Það væri gert honum til ills að taka einkasölu á þessari vöru, en síðar í ræðu sinni sagði hann, að það væri svo lítið, sem hér væri um að ræða, að ómögulegt væri fyrir skógræktina að draga saman nokkrar tekjur af því. Þessi rök stangast svo, að allir sjá, að ef það hefir verið hagur fyrir Sigurð búnaðarmálastjóra að hafa verzlun með nokkurn hluta ef þessari vöru, þá ætti það að vera hagur fyrir skógræktina að verzla með hana alla. Nú er það víst, að margir fleiri menn höfðu þessi viðskipti með höndum en Sigurður búnaðarmálastj., enda er það sannleikur, að ef svo hefði verið, að hann einn hefði haft með þessa hluti að gera, þá væri ekki þörf á að taka nú í taumana, því hann er maður, sem er fróður á þessu sviði.

Viðvíkjandi því, sem hv. þm. talaði um, að innflutningur þessarar vöru væri ekki eins mikill eins og stendur í grg. frv., þá mun það vera nokkuð rétt, að þarna heyri fleira undir en

trjáplöntur einar. Um það hefi ég fengið upplýsingar síðar.

En um leið og það er sagt, að þarna sé um minni upphæð að ræða, þá er það augljóst, að hér er um svo lítið fjárhagsspursmál að ræða, að frá því sjónarmiði er engin ástæða til þess að vera andvígur því skipulagi, sem hér er farið fram á.

Þá kem ég að því, sem hv. þm. var að tala um einkasölu með nýjum forstjóra o. s. frv. Hér er engu líku til að dreifa, því það er aðeins farið fram á, að skógræktarstjóri sjái um innflutning á þeim trjáplöntum, sem þörf er á og maður vonar, að verði sem minnst með tímanum.

Snertandi það, að þessu megi ná gegnum haftastarfsemi innflutningsnefndarinnar o. s. frv., þá hefi ég aldrei haft trú á þeirri starfsemi. Hún hefir sýnt sig að vera máttvana. Maður þarf ekki annað en að ganga hér um bæinn til þess að sjá viðsvegar á boðstólum þær vörur, sem bann er á.

Annað er það svo ekki í þeim aths., sem fram hafa komið gegn þessu frv., sem ég þarf að taka til andsvara, því ég vænti, að mönnum sé það ljóst, að það, sem hér er um að ræða, er það eitt, hvort veita skuli trúnaðarmanni, sem ríkisvaldið hefir falið meðferð þessara mála, fullt vald til þess að hafa yfirstjórn á því, hvað er flutt inn af þessari vöru, og hvernig þeim viðskiptum skuli hagað.

Páll Zóphóníasson: Herra forseti! Ég skal nú ekki lengja mikið umr.

Ég geri ráð fyrir, að hverjum einasta manni, sem eitthvað þekkir til skógræktar hér á landi, sé það ljóst, að það, sem ber að stefna að, sé það, að við getum alið upp sjálfir þær plöntur, sem menn vilja fá til þess að prýða heimili sín með. Ég geri líka ráð fyrir því, að mönnum sé ljóst, að það sé fyrst og fremst skógræktin, sem eigi að leysa það hlutverk af hendi að ala upp plöntur handa mönnum. Það er vitanlegt, að fé til skógræktar hér á landi hefir verið skorið mjög við neglur, og hún því litlu getað áorkað um stofnun og starfrækslu trjástöðva til að ala þessar plöntur upp. Þess vegna hafa plöntur verið fengnar erlendis frá, og það eru margir, sem hafa fengizt við að flytja þær inn. Með þessu frv. er reynt hvorttveggja í senn, að flýta fyrir því, að skógræktin geti leyst það hlutverk af hendi að ala upp plöntur í landinu sjálfu, með því að auka tekjur hennar af ágóðanum af sölu erlendu plantnanna og að flytja inn plöntur, sem nokkurn veginn er öruggt, að geti lifað hér á landi. Þetta er mergurinn málsins í frv., og ég get ekki skilið, hvernig nokkur maður getur verið á móti því, að þessu takmarki verði náð sem fyrst.

Hv. þm. V.-Húnv. hefir hvað eftir annað sagt, að þetta frv. væri fram komið til þess að taka af Sigurði fyrrv. búnaðarmálastjóra þær tekjur, sem hann hefði af þessari verzlun haft. Þetta hlýtur annaðhvort að vera byggt á misskilningi eða sagt móti betri vitund, því blómaverzlunin Flóra hér í bæ er ekki eign Sigurðar, heldur barna hans. Ef þess vegna hv. þm. V.-Húnv. vill halda því fram í alvöru, að hér sé verið að svipta Sigurð búnaðarmálastjóra sérstaklega einhverjum tekjum, þá segir hann um leið, að Sigurður noti verzlunina og nafn sinna barna til þess að smokka sér undan þeim skyldum, sem á verzluninni hvíla, og vænti ég, að hv. þm. sé ekki að bera honum það á brýn.

Ég vænti, að allir sjái, að þetta frv. er einungis fram borið til þess að tryggja það, að til landsins flytjist plöntur, sem menn hafi vissu eða sterkar líkur fyrir, að hér geti lifað, og flýta fyrir því, að skógræktin geti sem fyrst annað því hlutverki, sem henni ber að leysa af hendi, að ala upp plöntur í landinu sjálfu handa þeim, sem kaupa vilja plöntur til prýði á heimilunum eða beint til skógræktar.

Sigurður Einarsson: Ég mun ekki í dag freka r en endranær karpa við hv. þm. V.-Húnv., og því síður sem hv. 2. þm. N.-M. hefir tekið fram flest af því, sem ég vildi sagt hafa áður en þessum umr., sem orðnar eru æðilangar, lýkur.

Ég vil þó benda á, að það er út í loftið og hin mesta smekkleysa hjá hv. þm. V.-Húnv. að leggja í orð *mín illvilja til Sigurðar búnaðarmálastjóra*. Ég vék ekki að honum né afskiptum hans af sölu trjáplantna einu orði, og í öðru máli, þar sem ég hafði ástæðu til að nefna hann, eru þau ummæli á þann veg, að engin ástæða er til að leggja í þau illvilja í garð Sigurðar. Hitt er út í loftið, þegar hv. þm. ætlar að færa sönnur á, að af því að Sigurður búnaðarmálastj. hefir verzlað með trjáplöntur í ágóðaskyni fyrir sjálfan sig, þá megi ekki gera á þeirri verzlun nýja skipun nú, þegar hann er orðinn roskinn maður.

Þá er það og algerlega út í loftið, að hér eigi að fara að setja upp stórt verzlunarbákn með nýjum forstjóra o. s. frv. Það er hverjum manni ljóst, nema ef vera kynni hv. þm. V.-Húnv., að skógræktarstjóra er ætlað að hafa þetta starf með höndum án þóknunar. — Hv. þm. gat ekki heldur hrakið það, að miklu máli skiptir, að meðan við þurfum að kaupa plöntur frá útlöndum, þá gangi það í gegnum eins manns hendur, sem stendur í beinu sambandi við kaupendurna og hefir yfirsýn yfir þessi mál, sem margar verzlanir geta ekki haft á sama hátt. Og þar sem hv. þm. álítur þetta höft á einstaklingsframtakið, þegar um það er að ræða að koma á nýrri skipun, en hinsvegar mesta hégóma, þegar um það er að ræða, að skógræktin hafi af því hagnað, þá stangast þetta svo á, að ekki verður annað séð en að hv. þm. hafi verið búinn að gleyma í einu orðinu því, sem hann sagði í öðru.

Ég get huggað hv. þm. V.-Húnv. með því, að þetta frv. sætir ekki sömu meðferð nú sem á síðasta þingi. Og yfir því munu góðir menn gleðjast, en þegar góðir menn gleðjast, er dapurt yfir hv. þm. V.-Húnv.

Pétur Ottesen: Það er mikil gleðin hjá hv. 9. landsk. yfir því, hvernig einkasölur og einokanir hafa siglt hér hraðbyri að undanförnu. Það er ekkert undarlegt, þó hann gleðjist yfir slíku, því að það er eitt af þeim stefnuskárat-

riðum, sem hans flokkur byggist upp á, og svo það, að sá flokkur hefir fært nokkuð út kvíarnar, þar sem hann hefir lagt undir sig annan flokk og er því „hæst ráðandi til lands og sjós“ eins og Jörundur sálugi hundadagakóngur orðaði það forðum daga. Þess vegna þarf hann ekki annað en að standa upp og segja, að þessi og þessi einokun skuli ganga fram, og þá vita liðsmennirnir, þ. e. framsóknarmenn, hvað þeir eiga að gera. Það er ekkert undarlegt, þó hv. 9. landsk. finni nokkuð til sín og sé glaður og þyki sinn vegur nokkuð mikill, þegar þessi miklu völd eru lögð í hendur þess flokks, sem hann skipar nú, — það er sagt, að hann hafi skipað þá marga eða flesta að undanförnu, hvernig sem það kann að verða eftirleiðis.

Það er kannske ekki mikið um það að sakast, þó þetta mál taki upp dálítinn tíma, af því það virðist svo, sem verkefnin hafi ekki verið mikil á þessu þingi.

Ég vil aðeins benda á það, af því að meðhaldsmenn þessa frv. hafa verið að tala um ósamræmið hjá hv. þm. V.-Húnv., sem hefir andmælt þessu frv., að ósamræmið er sízt minna hjá þeim sjálfum. Því hver segja þeir, að sé tilgangur frv.? Sá, að smáminnka innflutning á trjáplöntum, þangað til hann er orðinn að engu, til þess að afla skógræktinni tekna. Þetta er undirstaðan undir þessu frv. og það, sem hv. 2. þm. N.-M. lagði svo rækilega áherzlu á og gat ekki skilið, að nokkur gæti verið á móti. Ég ætla þó, að öðrum. ef þess er ekki ætlandi af þeim sjálfum, sé það ljóst, að í þessu felst áberandi ósamræmi. Annars koma náttúrlega sömu rökin fram hjá sósíalistum nú eins og venja er, þegar um einkasölur er að ræða, að það megi fá bæði ódýrari og betri vörur, þó að reynslan sýni alltaf það gagnstæða. Þau rök eru líka sameiginleg í öllum þeirra málaflutningi fyrir einkasölum, að með því eigi að sækja ríkinu til handa svo og svo miklar tekjur. Það er eins og það séu ekki tekjur fyrir ríkissjóð að geta byggt upp öfluga verzlunarstétt í þessu landi. Það er eins og þær tekjur, sem samvinnufélög, kaupfélög og kaupmenn hafa af sínum verzlunarrekstri, séu ekki tekjur fyrir ríkið. M. ö. o., að það sé enginn þjóðarvinningur að byggja upp þjóðfélag með framtaki einstaklingsins, en þegar þessir einstaklingar eru orðnir verkamenn ríkisins, sem það velur til þess að standa fyrir atvinnu- og verzlunarfyrirtækjum, þá sé það fyrst, sem hægt sé að vænta einhverra tekna fyrir ríkissjóð.

Mér þykir það mjög leiðinlegt, að hv. þm. A.-Húnv. skuli hafa leiðzt til að vera meðflm. þessa frv., í stað þess að mótmæla kröftuglega, eins og hans eðli liggur til, slíkum firrum og fjarstæðum, sem felast í þessum höfuðröksemdum sósíalista fyrir einokun í verzlun og þjóðnýtingu atvinnuveganna. Og þó hv. þm. telji sig út á yzta útskækli einkasölunnar, þá hefði ég heldur kosið honum þann kostinn, að hann hefði staðið fyrir utan skækilinn heldur en að hafa orðið til þess að skríða upp á hann og láta sósíalista hælast af því, að hann sé aðalflm. þessa frv.

Ég held, að hv. þm. V.-Húnv. sé nú dauður, eins og við köllum það hér, og vil ég því taka það fram, að ég held, að það sé mesti útúrsnúningur, þegar orðum hans um það, að Sigurður Sigurðsson búnaðarmálastjóri hefði haft með höndum nokkra verzlun með trjáplöntur, er snúið svo, að verið væri að svipta hann tekjum. Það, sem hv. þm. meinti, var það, að Sigurður er mikill kunnáttumaður á þessu sviði, og því engu síður frá því sjónarmiði trúandi til að hafa með höndum þennan innflutning heldur en skógræktarstjóra, sem þó vitanlega er einnig vel til þess fær. Jafnframt má benda á, að einn aðalinnflytjandi trjáplantna að undanförnu hefir verið Einar Helgason garðræktarfræðingur. Frá þessu sjónarmiði er því ekki breytt neitt um til bóta með því að taka þennan innflutning úr höndum þessara manna og fá hann skógræktarstjóra í hendur, með fullri virðingu fyrir þekkingu hans á þessu sviði.

Ég ætla, að innflutningur trjáplantna sé aðallega á höndum þessara manna, er ég hefi nefnt. Það má vera, að Ólafur Jónsson forstjóri Ræktunarfélags Norðurlands hafi einhvern slíkan innflutning með höndum, og e. t. v. fleiri, en yfirleitt eru það ekki aðrir en þeir, sem fást við trjárækt og hafa allmikla þekkingu á þessu sviði. Þetta mál mun því vera í góðu horfi, svo ekki þarf þess vegna að búa til nýja einkasölu, og er því síður ástæða til þess, þar sem allir eru sammála um, að bezt sé að nota innlent fræ og innlendar plöntur til eflingar skógræktinni hér á landi.

Ég get tekið undir það, að Alþingi og ríkisstj. hafi sýnt of mikið tómlæti að undanförnu í skógræktarmálunum, en það mun eiga rót sína að rekja til annara hluta, sem ég kæri mig ekki um að ræða hér. Nú hefir framkvæmd þeirra mála tekið nokkrum breytingum, svo eftir því, sem bolmagn ríkisins kann að reynast eftirleiðis til þess að veita þessum og öðrum nauðsynjamálum almennan stuðning, efast ég ekki um, að það verði gert. Frá þessu sjónarmiði virðist því ekki heldur hægt að álykta, að þessu máli verði betur hrundið áfram með því að fara inn á einkasölubrautina, þessa leiðu og hvimleiðu braut, sem einungis hefir leitt til ófarnaðar, þar sem hún hefir náð þeirri fótfestu að hafa áhrif á afkomu þjóðfélagsins.

Ólafur Thors: Það er leiðinlegt, að ekki skuli að þessu sinni liggja fyrir Alþingi neitt geldingafrv. eða — — (**BÁ:** Það kemur bráðum). Já, það lá að. Það hefði átt að boða það fyrri; þá hefði ekki þurft að eyða eins mikilli áreynslu, gáfum og mælsku á þetta frv., sem nú liggur fyrir.

Ég stóð upp til þess að láta í ljós, að ég tel, að hv. alþm. og þjóðin yfirleitt hafi um annað að hugsa nú heldur en það, hvort það á að vera einkasala á trjáplöntum eða ekki. Ég vil engan þátt eiga í því að fara að hefja alvarlegar umr. um einkasöluprincipið í sambandi við þetta frv. Ég hefði kosið, að hv. þm. A.-Húnv. hefði ekki verið innan um þær plöntur, sem að þessu frv. standa, en hann er ekkert minni maður í mínum augum, þó hann hafi nú slæðzt í þennan jurtagarð.

Ég mun leggja til í orði og verki, að þetta stórmerka frv. verði fellt, en hinsvegar þætti

mér eiga vel við, að Alþingi sæti ekki marga daga yfir svona máli, en biði þá heldur og hlakkaði til þangað til næsta geldingafrv. kemur fram.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 15:8 atkv
2.—8. samþ. með 16:4 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 16:6 atkv.

Á 20. fundi í Nd., 5. marz, var frv. tekið til 3. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 21. fundi í Nd., 6. marz, var frv. aftur tekið til 3. umr.

Hannes Jónsson [óyfirl.]: Ég hafði búizt við, að hv. landbn. myndi koma á framfæri hér í d. áliti frá Búnaðarfél. Ísl., sem ég hygg, að liggi fyrir í þessu máli. Ef til vill hefir flm. þótt hyggilegra að stinga því undir stól, og get ég vel skilið það eftir fyrri framkomu.

En þangað til eitthvað heyrist frá hv. n. — því ég geri ráð fyrir, að landbn. muni vilja birta hér í þinginu áliti frá Bf. Ísl. —, þá vil ég kvitta örlítið fyrir sendingu frá hv. þm. A.-Húnv., sem hann sendi mér við 2. umr. þessa máls hér í d., eftir að ég hafði talað mig dauðan. Hann vildi gera mikið úr því, að ræða mín þá hefði verið full af mótsögnum, þar sem ég héldi því fram, að með frv. þessu væri verið að skapa Sigurði Sigurðssyni fyrrv. búnaðarmálastjóra fjárhagslegt tjón, en teldi þó, að ríkið mundi hafa litlar tekjur af einkasölu þessari. Fyrst og fremst talaði ég ekki um fjárhagslegt tjón, sem Sig. Sig. biði við samþykkt frv. þessa, eða nokkur annar maður, en ég taldi frv. óþarfa áleitni við menn eins og Sig. Sig., sem hefir sýnt, að hann er fyllilega fær um að sjá um innflutning trjáplantna. Þetta er ekki annað en útúrsnúningur hv. þm. A.-Húnv., sem ég vona, að hann fari ekki að halda fram aftur nú, að neinir einstakir menn missi stóran gróða, þó þessi einkasala sé stofnuð. Ég held, að það sé ekki alveg ástæðulaust, þó ég fari nánar út í þetta mál eða út í starfsemi þess manns, sem nú er ætlazt til, að taki þetta í sínar hendur. Að hann dregst hér inn í umr., er ekki mér að kenna, heldur verða flm. að taka þá ábyrgð á sig. Ég skal fyrst minnast á, að þessi maður, sem á nú að taka við þessari verzlun, hefir haft slíka verzlun á hendi 2 síðastl. ár. Og hvernig hefir hann rekið þetta? Getum við búizt við, að þegar hann er orðinn alveg einráður, fari þessi starfsemi honum betur úr hendi? Hann byrjar á því fyrsta árið að flytja inn trjáplöntur frá Sjálandi — frá Danmörku —, frá þeim stað, þar sem bezt skilyrði eru til trjáræktar. Er þetta hyggilegt? Það er talið mjög vafasamt af þeim, sem bezt vit hafa á þessum málum, og ég held, að ég megi fullyrða, að enginn þeirra hafi flutt inn trjáplöntur þaðan, heldur t. d. frá Jótlandsheiðum eða frá Noregi. Jú. Hann hefir flutt inn plöntur lítilsháttar frá Bergen, aðallega barrplöntur. Ég vil spyrja hv. þm., hvernig reynzt hafi þessar barrplöntur, sem hann flutti inn frá Bergen. Það verður ekki hjá því komizt að minnast á gróðrarstöð eða tilraunastarfsemi, sem hann hefir haft umsjón með fyrir Skógræktarfélag Íslands. Ég vil ráðleggja hv. þm. að fara suður í Fossvog, svo þeim gefist á að líta, hvernig þessum manni farast störfin úr hendi. Það er minnzt á það í grg., og framsöguræðu hv. þm., hve óheyrilega dýrar plöntur væru, og að Skógræktarfélag Íslands gæti útvegað þær ódýrari. Þarna er náttúrlega átt við plönturnar frá Sjálandi, sem hann fékk gefins. Það er stærðfræðileg þraut fyrir hv. þm. A.-Húnv. að reikna út, hve mörg % hafa verið lögð á plönturnar, þegar hann fékk þær fyrir ekki neitt, og þar að auki losnaði við að greiða toll, eða komst hjá því að greiða innflutningsgjald af þeim, sem Sig. Sig. eða aðrir innflytjendur hafa ekki komizt hjá að borga. E. t. v. hefir það ráðið úrslitum, hvaðan plönturnar voru fluttar inn, að hann fékk þær gefins frá Sjálandi. En er það aðalatriði að fá plönturnar gefins? Ég held, að svo sé ekki. Ég held, að hitt skipti meiru máli, að plönturnar þoli þau skilyrði, sem þeim eru boðin hér á landi. — Ég vil svo ekki lengja umr. mikið um þetta mál, en get að lokum sagt það, að þegar ég las grg frv. og hlustaði á hv. þm. A.-Húnv. flytja framsögu, þá datt mér í hug kafli úr sögunni af Þuríði formanni, þegar Kristín kona Gottsvins las húslesturinn og eitthvað stóð þar um börn djöfulsins, þá sagði hún: „Þetta átt þú nú, Gottsveinn", og þegar minnzt var á mannanna börn, sagði hún: „Þetta eigið þið nú, börnin góð", en þegar minnzt var á guðs börn: „Þetta á ég sjálf". Eins er með hv. þm. A.-Húnv., að hann þarf að láta alla hafa nokkuð. Hann hefir fengið styrk nokkurn frá sósíalistum, sem ekki hafa allir vitað um, og nú vill hann friða þessar fáu sálir á Blönduósi með því að geta sagt: Ég gat þó látið ykkur hafa eitthvað. Ég verð að segja um þessa útdeilingu gæða lífsins til ýmsra flokka, að ég get ekki séð, að þetta sé svo matarmikið, sem hér er boðið, að nokkur geti orðið feitur af. Vil ég ráðleggja hv. þm. A.-Húnv. að vera ekki með þessi látalæti, heldur ganga alveg á hönd sósíalistum; þá væri einhver leið fyrir hann að hafa eitthvað upp úr þessu daðri.

Sigurður Einarsson: Mér er vitanlega ekki kunnugt um, hvort hv. landbn. hefir í fórum sínum álit frá Bf. Ísl., en ég geri ráð fyrir, ef hún hefir það, að hún láti það uppi. Ég skal taka það fram, að ég sé enga ástæðu til að taka það nærri sér eða taka það hátíðlega, þó fram komi kvörtun um, að þetta sé áleitni við vissa menn. Það er aðeins þetta venjulega, sem alltaf er kastað fram af vissum mönnum, ef einhverju umbótamála er hreyft. Engar umbætur eru gerðar svo, að kyrrstöðumennirnir tali ekki um, að það sé áleitni við vissa menn. Ég ætla heldur ekki að fjölyrða um það atriði, heldur annað, sem fram kom hjá síðasta ræðumanni. Hann var hér með dylgjur um fjarv. mann, sem engin tök hefir á að svara hér fyrir sig sjálfur, nefnilega Hákon Bjarnason skógræktarfræðing.

(HannJ: Hann hefir Sigurð Einarsson). Ég vissi, að hann hefði engin tök á að svara hér fyrir sig sjálfur. (HannJ: Jú, Sigurð Einarsson). Mér finnst þetta nokkuð einkennileg aðferð og einkennileg framkoma hjá hv. þm., að vera að dylgja um þennan mann, sem að allra dómi, er til þekkja og vit hafa á, er manna fróðastur um þessi mál. Hann er viðurkenndur fyrir þekkingu, dugnað og ósérplægni. Það eru nægar sannanir fyrir því, að hann hefir verið ávinnandi, leiðbeinandi og liðlegur við alla, án þess að heimta borgun fyrir leiðbeiningar sínar.

Það getur vel verið, að hægt sé að finna plöntur, sem ekki hafa þrifizt, bæði hjá honum og öðrum. Ég hygg, að líka megi finna plöntur, sem ekki hafa þrifizt, hjá þeim mönnum, hverra hagsmuni hv. þm. þykist bera fyrir brjósti, og að þær geti dáið, þó hann hafi strokið þeim með sínum fínu höndum. Að bjóða þm. suður í Fossvog til að sjá, hvernig gróðrarstöðin er rekin, nú þegar allt er undir snjó, virðist mér bara vera gert til að slá um sig. Mér er til efs, að hv. þm. hafi nokkurntíma komið suður í Fossvog, eða hafi yfirleitt nokkurt vit á þessum hlutum.

Um það, hvort plöntur Hákonar Bjarnasonar hafi verið gefins og þess vegna teknar frá Sjálandi, skal ég ekkert segja, en mér skilst, að hv. þm. hefði getað ásakað fyrrv. landbúnaðarráðh. — sem stendur honum allnærri — fyrir að hafa gefið eftir tollinn af þessum greiðslum, sem ég býst ekki við, að hann hafi gert af því, að hann hafi álitið þessar plöntur vera ómerkilegt „skítti", heldur af því, að hann hafi álitið þær einhvers virði. Vil ég ráðleggja hv. þm. að taka þennan flokksbróður sinn ærlega í karphúsið á næsta flokksfundi; það mun þá fyrr hafa verið urrað á þeim fundum.

Frsm. (Jón Pálmason): Það verður ekki sagt með sanni, að hv. þm. V.-Húnv. láti sitt eftir liggja að hamla framgangi þessa litla frv. Við 2. umr. talaði hann sig dauðan með mótsögnum og þrætni, og það eru fullar líkur til, að svo muni einnig verða nú. Hann hefir nú snúið þessu máli upp í pólitiska ádeilu á mig sérstaklega. Sé ég ekki ástæðu til að standa í vegi fyrir þeim umr. eða þegja við, heldur mun ég svara eftir því, sem mér þykir ástæða til. En áður en ég geng inn á þá leið að svara þeim aðfinningum eða tala um þá hluti, vil ég víkja nokkuð að því, er hv. þm. sagði um frv. sjálft. Hann var að tala um álit frá Bf. Ísl., sem lægi fyrir landbn. Mér er algerlega ókunnugt um, að svo sé, hjá henni er ekkert álit, er snertir þetta frv., mér vitanlega, en ef svo er, þá mun form n. gera grein fyrir því undir umr. (PZ: Það er ekkert álit). Þá kom hv. þm. að því sama og við 2. umr., að Sigurður Sigurðsson biði við þetta fjárhagslegt tjón, en þó væri um svo lítið að ræða, að ekki væri hægt að draga fé saman á því, þar sem innflutningurinn nemur aðeins 3—4 þús. kr. árlega. Þetta stangast óneitanlega allóþyrmilega á. Þá hefir verið gefið tilefni til að víkja að nafngreindum manni. Er fjarri því, að ég með frv. þessu, sem hér liggur fyrir, sé að sýna þeim manni vantraust á einn eða annan hátt.

Ég hefði fús viljað vinna að því, að hann hefði orðið skógræktarstjóri nú, þegar hann lætur af starfi sínu hjá Bf.Ísl., og fengi þessi mál öll í sínar hendur. En nú er því ekki svo farið, heldur er annar maður til þess kjörinn að hafa skógræktarmálin á hendi, og lít ég svo á, að sá maður sé einkar vel til þess fallinn, þó Sigurður sé það einnig.

Það væri gersamlega óþarft að gera nokkrar ráðstafanir í þessu sambandi, ef ekki væru aðrir menn en Sigurður Sigurðsson fyrrv. búnaðarmálastjóri, sem hefðu haft þetta með höndum á undanförnum árum.

Viðvíkjandi því, sem hv. þm. V.-Húnv. talaði um ólag á starfsemi Hákonar Bjarnasonar í þessu sambandi, þá get ég ekki með vissu um það sagt, hvort það er á rökum byggt, að hann hafi fengið trjáplöntur frá útlöndum fyrir ekki neitt og selt þær síðan hér á landi. En mér þykir það hálfóviðfeldið að kasta fram slíkum ásökunum í garð þessa unga starfsmanns hins opinbera, sem er að taka við þeim málum, sem hér er um að ræða, skógræktarmálunum, án þessa að færa fram sannanir fyrir þeim. Ef eitthvað hættulegt eða varasamt er að samþ. þetta frv., þá getur það ekki legið í öðru en því, að þessi skógræktarfræðingur, Hákon Bjarnason, sé ekki þessu starfi svo vaxinn, að honum sé treystandi til að fara með þessi mál. En ef honum er ekki treystandi til að fara með innflutning trjáplantna og hafa eftirlit með innflutningi trjáfræs, þá er honum sannarlega ekki treystandi til þess að vera skógræktarstjóri í landinu. Og þá væri rétt fyrir hv. þm. V.-Húnv. og aðra, sem svipað líta á málið og hann, að gera till. um, að breytt verði um mann í því starfi. En ég hefi ekki neitt fyrir mér, er bendi í þá átt, að Hákon Bjarnason eigi vantraust skilið í þeim efnum. Hann hefir fengið góða menntun á þessu sviði og hefir sýnt mjög mikinn áhuga í því að koma þessu starfi áleiðis á heillavænlegri braut.

Mér barst núna áðan í hendur bréf, snertandi þetta mál, þar sem viðkomandi Hákon Bjarnason gefur nokkrar upplýsingar til áréttingar því, sem í grg. frv. stendur, um það, sem í raun og veru er aðaltilgangur frv., sem sé að koma í veg fyrir, að fluttar verði inn trjáplöntur, sem þrífast ekki hér og gætu orðið til þess, ef þær væru fluttar inn, að skapa vantraust hjá ýmsum mönnum á trjáræktinni, og annar aðaltilgangur frv. er að koma í veg fyrir sýkingarhættu af innflutningi trjáplantna.

Með leyfi hæstv. forseta vil ég lesa upp kafla úr áminnztu bréfi, hv. þdm. til athugunar:

„Á allra síðustu árum hafa verið fluttar um 500 hestakastaníur til bæjarins árlega. Innkaupsverð þeirra er allhátt í samanburði við önnur tré, og útsöluverð þeirra hér eftir því. Allt í allt munu vera komnar nokkur þúsund plöntur af þessu tægi hingað til lands, en hvar er árangurinn? Ekkert þessara trjáa hefir náð eðlilegum þroska, nokkur þeirra hjara og bæta aðeins nokkrum centimetrum við sig á ári hverju, en flest þeirra eru löngu úr sögunni.

Á blöðum sumra þeirra trjáa, sem hafa hjarað, hefir orðið vart við svepp, sem ég því miður veit ekki nafnið á, en allt virðist benda til, að þessi sami sveppur hafi sýkt reyniviðarblöð. Sveppur þess hefir þó ekki gert neinn usla, en hann ætti að vera góð aðvörun, því að margir aðrir sveppir og hættulegri geta borizt með trjánum.

Sem dæmi má nefna, að Íslendingur einn keypti plöntur í Hellerup Planteskole í nánd við Kaupmannahöfn, er hann var á ferð ytra. Það er aukaatriði í þessu sambandi, að hann keypti aðallega eikur og önnur tré, sem ekki geta þrifizt undir 15 stiga sumarhita, en í nánd við Hellerup Planteskole hefir orðið vart við vörtupest í kartöflum. Vörtupestarsýkillinn berst með jarðveginum, en ekki með plöntunum. Með trjáplöntunum kemur ávallt nokkur jarðvegur, og er ómögulegt að komast hjá því, að svo sé. En hingað til lands má ekki flytja kartöflur, sem vaxið hafa í minna en 5 kílómetra fjarlægð frá vörtupestarsýktum stöðum, samkv. auglýsingu í Lögbirtingablaðinu frá 1928. Prófessor Ferdinandsen, plöntusjúkdómafræðingurinn, sem var hér í fyrra, sagði mér, að þessi fyrirskipun væri algerlega ófullnægjandi, sakir þess, að hvaða plöntur sem væru gætu borið með sér sýkilinn, ef þær hefðu vaxið innan 5 kílómetra takmarka frá þeim stöðum, sem sýkinnar hefði orðið vart. Þess vegna hefðu plönturnar frá Hellerup Planteskole alveg eins getað borið vörtupest hingað til lands eins og kartöflur. Það eru engar hömlur á að flytja plöntur hingað til landsins, og því er landið næstum jafnopið fyrir vörtupest og það var áður en fyrrnefnd auglýsing í Lögbirtingablaðinu kom út."

Af þessu sést, að um hættu er að ræða af sýkingu fleiri plantna en trjáplantna. Ennfremur segir svo í bréfinu:

„Á síðari árum hefir orðið vart við mjög marga sveppi á runnum og trjám, sem vart munu hafa verið hér áður. Flestir þeirra eru lítt skaðlegir, en til þess eru vítin að varast þau. Þó mun sveppur einn, sem vex á reynivið, hafa orðið mörgum þeirra að fjörtjóni. Hann heitir Nectria galligena, og hafa mörg álitleg tré orðið að falla af hans völdum. Héðan af þýðir eðlilega ekki neitt að ætla sér að verja ast honum, en þeir sárfáu álmviðir, sem hér eru, eiga sér bráðan bana búinn, ef menn framvegis mega flytja álmviði hingað til lands frá hvaða stað sem er. Fyrir nokkrum árum kom nefnilega upp sýki á álmi, sem steindrepur alla þá, sem hún smitar, og í öllum löndum eru nú til strangar reglugerðir um innflutning álma."

Þá vil ég víkja að því, sem hv. þm. V.-Húnv. var að tala um og nokkuð kom fram við síðustu umr. málsins; þetta er það, að hv. þm. vill gera þetta litla mál að pólitisku núməri í þeim skilningi, að ég sé með flutningi þess á einhvern hátt að ganga inn á þá braut að styðja mína pólitísku andstæðinga. Og jafnvel lét sá hv. þm. á sér skilja með dylgjum, að ég væri hér að borga fyrir atkvæðafylgi sósíalista norður í Húnavatnssýslu. Ég veit nú ekki, hvort sósíalistar hafa greitt mér nokkurt atkv. eða ekki. En hitt veit ég, að ég hefi ekki gert samninga við neina um að borga atkvæðafylgi, hvorki með því að haga starfsemi minni hér á þingi eftir persónulegri ósk eins eða neins, né neinu þess háttar. En í hverju máli mun ég leitast við að fara einungis eftir því, sem ég álít réttast, án tillits til þess, hvort þessi eða hinn flokkur fylgir því. Ég skal að vísu játa það, sem öllum má eðlilegt þykja, að mér er geðfelldara að hafa fullt samstarf við flokksbræður mína en aðra menn. En takist það ekki, læt ég það samt ekki hafa áhrif á mig til að snúa mér frá máli, sem ég á annað borð er sannfærður um, að rétt sé að nái fram að ganga. Mér virðist það undarlegt að halda því fram, að þetta mál eigi að vera pólitískt númer, og einnig að í því felist nokkur hætta, að fá skógræktarfræðingi landsins í hendur vald til að hafa eftirlit með og ráða, hvaða trjáplöntur eru fluttar inn í landið og hvaða trjáfræ er notað. Þá fara pólitísk númer að verða smá, ef um það á að vera að ræða, að eitthvert stefnurof sé hér að koma fram með flutningi þessa frv. Annað mál er það, að ef eitthvað ætti að vera til þess fallið að hamla framgangi þessa frv., þá virðist mér eðlilegast að álíta, að það ætti helzt að vera það, og það eitt, að þetta mál sé of lítilfjörlegt mál til þess að hafa um það miklar umr. og eyða til þess tíma hæstv. Alþ. En úr því að hv. þm. V.-Húnv. hefir verið með dylgjur og glósur í sambandi við það í minn garð, þá mætti og minnast á það, að þessi hv. þm. hefir um rúmlega 6 ára skeið verið stuðningsmaður stj. á Alþ., þeirra stj., sem voru við völd frá 1927 og til 1933, og á öllu þessu tímabili hefir hann hagað störfum sínum þannig, að hann ber ábyrgð á ýmsum þeim skammarverkum, sem hafa á þessu tímabili verið unnin í íslenzkum stjórnmálum. Það er öllum kunnugt, að m. a. ber hann ábyrgð á því, sem á því tímabili var starfað að því að innleiða bönn og höft í íslenzkri verzlun. Það er þess vegna ákaflega undarlegt, ef slíkum manni ferst að vera með þær dylgjur um pólitísk númer, sem hann hefir látið sér sæma að vera með hér í sambandi við það smámál, sem hér liggur nú fyrir. Hv. þm. komst svo að orði við 2. umr. málsins, að hér væri um 3 þús. kr. upphæð að ræða, sem svo ætti að minnka ofan í ekki neitt. Ég skal ganga inn á, að þessi upphæð geti verið rétt. En hvað er þá hér um að ræða frá fjárhagslegu sjónarmiði? Sannarlega ekki mikið og ekki þannig vaxið, að ástæða sé til að gera þetta að einhverju ákaflega miklu árásarefni né gera það að einhverjum voðalegum sósíalistiskum draug hér á hæstv. Alþ. Það kann nú að vera, að þessi hv. þm. sé farinn að iðrast sinna fyrri skammarverka, og mætti vel vera, að svo væri. Þá væri vel þess vert að þakka honum það með virðingu. En á meðan hann er ekki búinn að sýna meiri alvöru í þá átt en hann þegar hefir gert, þá er of snemmt að þakka. Og ferst honum næsta illa að vera með dylgjur og glósur í garð þeirra manna, sem syndlausir eru í því efni.

Fleiri orðum um þetta mál ætla ég svo ekki að fara hér, nema sérstakt tilefni gefist til.

Hannes Jónsson [óyfirl.]: Það er satt, þetta er ekki stórt mál, sem hér er á ferð, og það getur varla heitið, að um neitt straumrof eða stefnubreyt. sé að ræða í sambandi við það. Ég skal gjarnan gera hv. þm. A.-Húnv. það til geðs að særa hann nú ekki meira á því, að hann hefir orðið fyrir því óláni að láta tala sig upp í það að flytja mál, sem flutt er á þeim grundvelli, sem hann er algerlega andstæður. Honum hefir nú orðið þetta á, en af því að ég er nú svo sáttfús maður, þá ætla ég að fyrirgefa honum þetta, ef hann lofar að gera það aldrei oftar.

Það er dálítið broslegt, þegar bæði hv. þm. A.-Húnv. og hv. landsk. þarna með 9 (nýju) vængjunum fara að tala um, að það sé óheyrilegt að ráðast á mann, sem ekki getur svarað fyrir sig hér í hv. d. En hvað hefir meiri hl. landbn. gert? Hvað er hann að gera, þegar hann skrifar í nál sitt m. a. þetta, sem ég vil lesa hér upp, með leyfi hæstv. forseta:

„En auk hins beina fjártjóns, sem af þessum eftirlitslausa innflutningi hefir leitt, hefir einnig leitt af honum töluvert óbeint tjón. Almenningur hefir keypt þessar plöntur í trausti þess, að þær gætu vaxið, enda hefir ekki skort gyllingar þeirra, sem selt hafa plöntur".

Þarna eru þeir nú að bera þeim Sigurði Sigurðssyni búnaðarmálastjóra, Einari Helgasyni garðyrkjumanni og öðrum góðum — ég vil segja trjáræktarfræðingum, sem hafa alveg eins mikið til brunns að bera eins og Hákon Bjarnason, það á brýn, að þeir hafi flutt inn plöntur, sem hér geti ekki þrifizt. Mér finnst nú ekki ástæðulaust, þó að það væri heimtað af meiri hl. n., að hann færi einhverjar líkur fyrir sanngirni þess dóms, sem hann hefir fellt hér um starfsemi þessara manna. En þetta hefir hv. meiri hl. ekki gert, og er það vítavert.

Ég þarf ekki að elta mikið ólar við hv. 9. landsk. Hann stendur utan gátta hjá landbn. og geltir þar af því að hann finnur matarlyktina. Hann snuðrar í kringum það, sem honum finnst eitthvert einkasölubragð að, og er ekki undarlegt, þó hann reiki í hús annara, þar sem verið er að tilreiða slíkan mat. Það er til hugarléttis hv. þm. A.-Húnv., að hv. 9. landsk. er farinn að finna lykt af honum.

Þessir tveir hv. þm. eru farnir að halda því fram, að það sé fádæma ósvifni að vera nokkuð að athuga það, hvernig sú trjáræktarstarfsemi sé rekin, sem þessi maður hefir staðið fyrir. En mér finnst það ekki nema eðlilegt, að svo sé gert, þegar á að fara að fá honum einræðisvald til að velja trjáplöntur til innflutnings. Það er ekki óeðlilegt, að þá um leið sé það nokkuð athugað, hvernig þessum manni hefir tekizt það starf að undanförnu. Hvaðan hefir hann flutt sínar trjáplöntur? Hefir hann flutt þær frá þeim stöðum, þar sem svipuðust eru lífsskilyrði fyrir þær eins og hér eru? Ég hefi bent á, að hann hefir ekki gert það, heldur frá þeim stöðum í Danmörku, þar sem lífsskilyrðin fyrir þær eru langsamlega bezt og hafa ekkert sameiginlegt við gróðrarskilyrði hér.

Í þessu langa bréfi, sem hv. þm. A.-Húnv. las hér upp, var að mér skildist lítið annað en lýsing á einhverjum voðalegum svepp, sem bréfritarinn þó ekki vissi nafn á, heldur það helzt, að sveppurinn gerði ekkert gagn. Það mesta, sem bréfritarinn vissi um hann, var, að hann væri sveppur, voðalega skæður, sem steindræpi allt og alla, sem hann næði til.

Ég held, að dómgreind hv. þm. sé, a. m. k. hvað þetta mál snertir, algerlega í andarslitrunum.

Ég hygg, að þetta mál sé fram komið fyrir óeðlilegan undirróður, og hér kemur í raun og veru ekkert nýtt fram, því að hv. 9. landsk. hefir gerzt á sama hátt ginningarfífl í öðru máli, þar sem um er að ræða frv. um sandgræðslu. Þar er hreint og beint sagt ósatt í grg. Og þá veit hv. 9. landsk., hvaðan þau ósannindi eru komin. Og svo má ekki hreyfa við þessum mönnum. Sá maður, sem staðið hefir fyrir sandgræðslu, hefir á vettvangi búnaðarþingsins lýst ýmislegt af því ósatt, sem hv. 9. landsk. hefir sagt hér. Og þar stefnir að því sama. Það er alstaðar verið að hafa net úti — af hvaða ástæðum veit ég ekki — til þess að draga í land fyrir einn ákveðinn mann.

Það er undravert, hve hv. flm. þessa frv. hafa tekið hugsunarlaust við blekkingum í sambandi við þetta mál og látið villa sig með röngum upplýsingum. M. a. hygg ég, að það hafi í upphafi valdið nokkru um það, að málið var borið fram, að menn hafi haldið, að innflutningur á því, sem frv. ræðir um, hafi verið miklu meiri en raun ber vitni um. Og þetta hafa þeir viðurkennt. Þegar um svo lítinn innflutning er að ræða á þessum hlutum, þá er alveg óþarfi og jafnvel óviðeigandi að fara að stilla upp einkasölukerfi í sambandi við þetta.

Skal ég svo láta útrætt um þetta mál. Mér virðist óþarflega miklu kappi vera beitt af flm. hálfu um þetta mál. Og ég álít þeim miklu sæmilegra, þegar þeir finna, að þeir hafa verið ginntir, að þeir þá láti sér vel líka, þó málið strandi hér á þingi.

Sigurður Einarsson: Ég skal nú ekki flytja langa ræðu um þetta mál umfram það, sem ég þegar hefi tekið fram. Ég hefi látið þetta mál til mín taka vegna þess, að ég var einn af flm. þess á síðasta þingi. Þegar ég sá það, að málið átti, að vonum, þar sem það er gott mál, að vísu ekki merkilegan, en ötulan andstæðing, þar sem var hv. þm. V.-Húnv., þá taldi ég mér skylt að láta í ljós mitt álit um málið. Það er ákaflega hlálegt, að þessi hv. þm. skuli yfir höfuð voga sér hér í þessari hv. d. að vanda um við þm. út af því, hvernig þeir fari með upplýsingar og heimildir. Hann sagði hér í ræðu, sem hann flutti fyrir nokkrum mínútum, að tiltekinn maður, Hákon Bjarnason, hafi fengið gefins plöntur, sem hann hafi flutt til landsins og selt hér, og að hann ennfremur hafi fengið gefinn eftir innflutningstoll af þessum sömu plöntum, og svo sagði hv. þm., að það gæti orðið reikningsþraut fyrir hv. þm. A.-Húnv. að reikna út, hve mikinn ágóða Hákon hafi haft af þeirri verzlun. Það vill nú svo til, að ég hefi haft tækifæri til að afla mér vitneskju um, hversu rétt hv. þm. V.-Húnv. fer með þessi atriði. Þau

eru helber ósannindi frá upphafi til enda. Þessum manni, sem hér á hlut að máli, voru gefnar plöntur, sem hann svo flutti til landsins og gaf félagi, sem hann starfar fyrir, og hefir unnið það starf með mikilli ósérplægni. Þær eru allar gróðursettar í gróðrarreit félagsins, og ekki ein einasta af þeim hefir verið seld. Enginn innflutningstollur hefir heldur verið gefinn eftir, sem hv. þm. vill vera láta. Það eru líka ósannindi, sem hv. þm. hefir borið hér fram, til þess eins að reyna að flækja málið. Og hann notar þá aðstöðu, sem honum gefst hér í hv. d. til þess að rægja og afflytja mann, sem enga aðstöðu hefir til að bera hönd fyrir höfuð sér hér í d., ekki vegna þess að hann eigi sökótt við þennan mann, heldur hins, að þm. álítur, að hann með því geti þjónað fyrrv. búnaðarmálastjóra, Sigurði Sigurðssyni.

Við skulum deila um sandgræðslumálið þegar það er á dagskrá. En þegar þessi hv. þm. belgir sig upp og hrósar sjálfum sér fyrir það, hve rétt og ráðvandlega hann fari með heimildir, jafnframt því sem hann þvælist fyrir góðu máli og reynir að tálma framgangi þess, þá finnst mér of mikið af því góða.

Það er ekki verið að leggja út á neina háskabraut, þó að skógræktarstjóra, sem vel er undir starf sitt búinn og um mörg ár hefir sýnt, að hann hefir áhuga á þessum málum, sé falin umsjón með innflutningi á trjáplöntum og trjáfræi. Nei, hér er ekki um annan háska að ræða en þann ímyndaða háska, sem hv. þm. hyggur Búnaðarfélag Íslands og Sigurð Sigurðsson vera í, ef frv. þetta nær samþykki. Það hefir gengið svo til svo að segja í hverju máli, að þessi þm. hefir rokið upp til að reyna að afla Sigurði fyrrv. búnaðarmálastjóra álits. Það eru ósannindi, eins og hver maður sér, sem frv. les, að í því sé sveigt einu einasta kaldyrði að þeim manni. Þess er ekki getið þar með gylltum stöfum né breyttu letri, hverjir af þeim, sem flutt hafa inn plöntur, hafi flutt inn góðar plöntur. En þess er þar getið, að ekki hafi verið svo tryggilega um hnúta búið í þessu efni sem skyldi. Og það er satt.

Skal ég svo ekki þreyta hv. þdm. með lengri umr. um þetta mál. Það er augljóst mál, að það er Búnaðarfélagi Íslands óviðkomandi að annast um þessa hluti, en að það er fyrst og fremst tilheyrandi verksviði skógræktarstjóra, þegar litið er á eðli þessa máls.

Hannes Jónsson [óyfirl.]: Það var ekki svo lítill rembingurinn í hv. 9. landsk., enda er hann þekktastur að stóryrðum og rembingi, en minna að rökum og heilbrigðri skynsemi. Það kemur því engum á óvart, þótt hann rasi dálítið fyrir ráð fram hér í hv. d. Það er eins og Hákon Bjarnason sé eitthvert átrúnaðargoð, sem hv. þm. tilbiður. Ég veit ekki, af hverju það stafar. Þegar farið er fram á að fá þessum manni í hendur einkarétt á innflutningi trjáplantna til landsins, finnst mér nægileg ástæða vera fyrir hendi til þess að benda á þá starfsaðferð, sem hann hefir viðhaft, og vil ég óska þess, að hv. þdm. kynni sér þetta mál einhversstaðar annarsstaðar frá en frá hv. 9. landsk., því það eru heimildir ekki góðar. Hann færði engar sönnur fyrir því, að ekki hefði verið rétt fram tekið hjá mér, að Hákon Bjarnason hafi fengið plöntur sínar gefins frá Danmörku, enda viðurkenndi hv. þm., að svo hefði verið, eins og ég sagði. Hv. þm. sagði, að hann hefði gefið þær aftur, en hann á eftir að sanna það. Ég hefi fyllstu ástæðu til þess að ætla, að rétt sé, að hann hafi selt plönturnar, en nokkuð ódýrara en aðrir gátu selt þær.

Ég hafði borið fram fyrirspurn um það, hvernig þessar plöntur hafi gefizt, sem hann flutti inn til landsins frá Bergen. Hann hefir að sjálfsögðu getað fengið sömu upplýsingar um þetta, því að gera má ráð fyrir, að þessi upplýsingarskrifstofa, sem hv. 9. landsk. leitar til, sé ekki langt í burtu. Það er ekki sveigt að neinum ákveðnum manni í þessari grg., sem ég las upp, hvorki að Sigurði búnaðarmálastjóra né neinum öðrum; það er bara sveigt að öllum, sem hér geta átt hlut að máli, með því að gera það undantekningarlaust að reglu, að þessar plöntur, sem inn voru fluttar, hafi yfirleitt orðið mönnum til stórtjóns, fyrir það að plönturnar voru svo illa valdar, að þær hafi ekki þrifizt og því drepizt. En ásökuninni er beint til þeirra allra, og ég vil fullyrða, að hún er óréttmæt. Engum blandast hugur um, hvaðan þessar ásakanir eru komnar. Þær eru hvorki komnar frá hv. þm. A.-Húnv. né heldur frá hv. 9. landsk. Þessu hefir verið spýtt í þá af einhverjum, sem þótzt hefir hafa aðstöðu til þess að geta farið með einhverjar upplýsingar í þessum sökum. Hann hefir haft þá aðstöðu, að þessir menn hafa flaskað á þessu og tekið það trúanlegt án þess að reyna sjálfir að rannsaka, hve miklum rökum þetta væri byggt á. Ég gæti haldið lengur áfram í þessu máli, ef ástæða væri til þess. Ég gæti bent á þá starfsemi, sem þessi maður hefir haft með höndum, og er mér sama, þótt sagt verði, að ég sé að ráðast á fyrrv. landbráðh. Hafi hann látið flaskast af sömu ástæðum af sama manni í þessu máli, þá er það ekki heldur rétt. Ég hefi aldrei látið undir höfuð leggjast að finna að við mína flokksmenn, ef ég hefi álitið, að þeir hafi gert það, sem ekki var rétt. Þessi maður mun hafa fengið fyrrv. landbráðh. til þess að gefa sér forréttindi til að flytja inn kartöfluduft við kartöflusýki. Þessi innflutningur átti sér stað af þeirri stofnun, sem aðallega verzlar með landbúnaðarvörur, Sambandi ísl. samvinnufélaga. Ég hefi fyrir satt, að duft Sambandsins hafi verið jafngott og það, sem Hákon Bjarnason hafði, en hann lagði mikla áherzlu á að fá innflutninginn, af því að hann hafði einkaumboð fyrir þá, sem hann keypti af. Það getur verið, að hér sé um mjög samvizkusaman mann að ræða, sem ekki hugsar um peninga. En mér hefir samt fundizt, að hann hefði nokkuð mikinn hug á að komast yfir fjármuni, t. d. þegar hann fór að þýða ritgerð um plöntusjúkdóma, sem átti að vera um kartöflusýki, en kom svo ekkert nálægt henni, heldur fjallaði um ýmsar aðrar plöntur. Þetta var þannig skýrt fyrir Búnaðarfélaginu, að hér væri um mikilsverðar upplýsingar að ræða. Ég sé, að hæstv. forseti er að gefa mér

merki um að hætta. Ég vil aðeins bæta því við, að höfundur fékk 500 kr. fyrir viðvikið, en 200 kr. þurfti til þess að koma verkinu fyrir almenningssjónir.

Frsm. (Jón Pálmason): Ég sé ekki ástæðu til þess að láta ósvarað nokkrum ummælum, sem fram komu hjá hv. síðasta ræðumanni í næstsíðustu ræðu hans, snertandi þetta mál. Ég þarf ekki að fara út í langar umr. hvað efnishlið málsins snertir. Hv. þm. talaði um, að ég hefði látið tala mig upp í að vera fylgismaður þessa máls, að ég hefði gerzt ginningarfífl í þessu máli og að dómgreind mín væri í andarslitrunum. Slíkar glósur og heimskuleg fjarstæða er þannig vaxið, að í rauninni er það tæplega svaravert. **(HannJ:** Ég átti við í sambandi við sveppina). Hv. þm. V.-Húnv. fer flestum mönnum verr að vera með slíkar glósur og dylgjur í garð annara hér í hv. deild, og hann getur ekki sýnt fram á það með neinum rökum, að ég hafi gerzt ginningarfífl annara manna. Viðvíkjandi því, sem hv. þm. talaði um, að það hafi eingöngu verið Sigurður búnaðarmálastjóri, sem flutti inn plöntur, þá vil ég taka það fram, að ef svo hefir verið, þá væri engin þörf neinna aðgerða, en sökum þess að hér er um ýmsa aðra að ræða, og eins af því, að hér getur verið stefnt til umbóta með því að koma fastri skipan á þessi mál, þá sé ég ekki ástæðu til þess að láta þá hagsmuni, sem minn gamli vinur, Sigurður búnaðarmálastjóri, kann að hafa haft að gæta í þessu máli, hamla mér frá því að fylgja þessu máli. Sem umboðsmaður annara manna hér á hv. þingi hefi ég engan rétt til þess að gera hér kunningjabragð, hvorki fyrir hann né neinn annan minna vina.

Viðvíkjandi þeim ásökunum, sem hv. þm. er alltaf með í garð skógræktarstjórans, þá vil ég taka það fram, að ég stend ekki vel að vígi með vörn, því að það er atriði, sem ekki er strax unnt að fá fullar sannanir um og erfitt er að færa sannanir fyrir, sem hægt er að taka fullkomlega gildar. Ég tel illa farið að ráðast á opinberan starfsmann, sem nýlega er búinn að taka við þýðingarmiklu starfi, sem áður hefir, því miður, ekki verið eins vel rækt og æskilegt hefði verið. Mér finnst því allskostar óréttmætt að vera með dylgjur og getsakir í garð þessa unga manns áður en nokkur reynsla er fengin fyrir því, hvort hann er fær um að rækja þetta starf eins og vera ber. Ég veit ekki betur en að þessi maður hafi hlotið góða þekkingu í þessu efni, og hann er, eins og kunnugt er, af góðu bergi brotinn, og m. a. þess vegna góðs af honum að vænta. Þess vegna er engin ástæða til þess að ætla annað en að þessi maður sé efnilegur til þess að inna þetta starf af hendi. Ef hann reynist illa, þá getur bæði hv. þm. V.-Húnv. og aðrir, sem áhrif hafa á þetta mál, unnið að því, að skipt verði um mann.

Viðvíkjandi því, sem hv. þm. V.-Húnv. sagði, að Skógræktarfélag Íslands, sem hlutaðeigandi maður hefir starfað fyrir, hafi eingöngu flutt inn plöntur frá Danmörku, þá vil ég taka fram, að þetta er rangt, því að það voru einnig fluttar inn plöntur frá Noregi, Alaska og ýmsum öðrum stöðum, sem aðrir hafa ekki flutt plöntur frá. Ef það skyldi vera, að þessi maður eða aðrir hafi flutt inn þessa vöru frá einhverjum stöðum, sem hún hefir ekki fyrr verið flutt frá, þá er hverjum þeim manni, sem hafa vill áhrif í þessu efni, skylt að leggja svo fyrir, að skógræktarstjórinn geri á þessu breytingu, sem til bóta horfir.

Skal ég svo ekki fara fleiri orðum um þetta, því að ég vona, að hv. þdm. sjái, hvernig þetta mál er vaxið, og sjái m. a., að þessi einkasölugrýla, sem þyrlað hefir verið upp í sambandi við þetta litla mál, sem af öðrum ástæðum er fram komið, er svo lítils virði, að kynlegt er, ef það atriði á að ráða úrslitum þessa máls hér á hv. þingi.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 16:10 atkv. og afgr. til Ed.

Á 19. fundi í Ed., 7. marz, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 29).

Á 21. fundi í Ed., 9. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 9 shlj. atkv. og til landbn. með 10 shlj. atkv.

Á 34. fundi í Ed., 25. marz, var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 35. fundi í Ed., 26. marz, var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 29, n. 256).

Frsm. (Jón Baldvinsson): Það er ekki annað að segja frá landbn. en það, að hún mælir einróma með því, að frv. þetta verði samþ. Gerir hún ekki við það neinar brtt., og sé ég því ekki ástæðu til að fara um það fleiri orðum, en mæli aðeins með því, að frv. verði samþ.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 10:4 atkv., að viðhöfðu nafnakalli og sögðu
já: PHerm, SÁÓ, ÞBr,[1]) BSt, HG, HermJ, IngP, JBald, JJ, EÁrna.
nei: ÞÞ, MJ, JAJ, GL.
MG greiddi ekki atkv.
Einn þm. (PM) fjarstaddur.
2.—8. gr. samþ. með 9:1 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 10 shlj. atkv.

Á 38. fundi í Ed., 30. marz, var frv. tekið til 3. umr. (A. 29, 320).

Of skammt var liðið frá útbýtingu brtt. 320. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

Þorsteinn Briem: Ég á hér litla brtt. á þskj. 320, á þá leið, að jafnhliða því, sem rósir eru undanþegnar þessum lögum, séu líka undanskildir ávaxtarunnar til heimilisþarfa. Ástæð-

1) Af því ég vil gjarnan fá frv. til 3. umr., segi ég já.

an til að undanskilja rósir er sú, að þær eru hafðar til heimilisprýði utanhúss og innan, og ætti þá hið sama að gilda um ávaxtarunna, sem notaðir eru til heimilisþarfa. Það gæti orðið til trafala að setja ríkiseinkasölu á svo almennar trjáplöntur. Hinsvegar er ætlazt til, að stj. hafi eftirlit með innflutningum, enda er það nauðsynlegt, svo að ekki berist sveppir með plöntunum, og sama er auðvitað að segja um rósirnar.

ATKVGR.
Brtt. 320,a—b felld með 8:4 atkv.
Frv. samþ. með 9:6 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 331).

24. Útrýming fjárkláðans.

Á 16. fundi í Nd., 28. febr., var útbýtt:
Frv. til l. um útrýmingu fjárkláðans (þmfrv., A. 33).

Á 18. fundi í Nd., 2. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Frsm. (Jón Pálmason): Eins og sjálfsagt allir hv. þm. vita, hefir það verið svo um langan aldur hér á landi, að fjárkláðinn hefir verið ein af plágunum, sem hinn íslenzki landbúnaður hefir átt við að stríða. Gegn þessari plágu var ráðizt með alvarlegu átaki nokkru eftir aldamótin, þegar allsherjar útrýmingarböðun fór fram undir eftirliti.

En reynslan varð sú, að ekki tókst að útrýma kláðanum að fullu, þó mjög nálægt því takmarki virtist vera komizt. Síðan þessi allsherjarböðun fór fram hafa verið hér í gildi lög um þrifabaðanir, og þau framkvæmd, en þrátt fyrir það hefir svo til gengið, því miður, að þessi landplága hefir farið sívaxandi, þó mismunandi sé í einstökum héruðum.

Á síðasta þingi var flutt fyrirspurn út af till., sem samþ. var á þinginu 1933, um hvað gert hefði verið til undirbúnings útrýmingu fjárkláðans. Af þeim upplýsingum, sem þá komu fram, er ljóst, að útbreiðsla fjárkláðans er það mikil, eins og raunar var áður kunnugt, að við það ástand er ekki lengur unandi.

Landbn. öll leggur nú hér fram frv. til l., sem heimila stj. að láta fara fram allsherjarböðun til útrýmingar fjárkláðanum á næsta vetri, eða a. m. k. svo fljótt, sem frekast er kostur á. Út í einstakar gr. þessa frv. skal ég ekki mikið fara, en aðeins víkja að því, að það, sem fyrst og fremst hefir verið fært fram sem mótmæli gegn allsherjar útrýmingarböðun, er það, að hún yrði ríkinu og fjáreigendum svo dýr, að varhugavert væri, eins og fjármálaástandið er nú, að leggja út í slíkan kostnað. Ég álít, að það sé a. m. k. bændastéttinni dýrast að láta ekki neinar aðgerðir í þessu efni fara fram. En þær aðgerðir, sem hið opinbera hefir haft með höndum að undanförnu til umbóta á þessu sviði, eru svo mikið kák, að þær eru í sjálfu sér engu betri en ekki neitt. Hér verður að taka á föstum tökum, en það verður eigi gert, frá sjónarmiði okkar landbnm., á annan hátt en þann, að láta allsherjar útrýmingarböðun fara fram. Við leggjum til, eins og frv. ber með sér, að kostnaðinum, sem af þessu leiðir, verði skipt milli ríkissjóðs, sýslusjóða, hreppsfélaga og fjáreigenda eftir þeim leiðum, sem 4. gr. frv. greinir. Þess vegna er frá okkar sjónarmiði ómögulegt að andmæla þessari ráðstöfun frá ríkisvaldsins hálfu með þeim rökum, að ekki sé fært að leggja út á þessa braut kostnaðarins vegna.

Að svo komnu sé ég ekki ástæðu til að fara frekar út í frv., en vænti, að það hljóti samþykki Alþingis og að hæstv. ríkisstj. sjái sér fært að láta þær framkvæmdir fara fram á næsta vetri, sem þar er farið fram á. En til þess að það megi verða, þarf ýmiskonar undirbúningur að hefjast nú mjög fljótlega.

Pétur Ottesen: Það er alls ekki rétt, sem stendur í grg. þessa frv., að ekki séu skiptar skoðanir um það, að nauðsyn beri til hvarvetna um land að ráðast í útrýmingarböðun fjárkláða, eins og gert er ráð fyrir í þessu frv. Því hefir verið haldið fram löngum, að með þeim þrifaböðum, sem árlega fara fram, ef vel væri um þá hnúta búið, væri hægt að halda kláðanum svo í skefjum, að ekki stafaði af honum veruleg hætta eða afurðatjón fyrir bændur. Þær skýrslur, sem lágu hér fyrir síðasta þingi, sýndu það, að í sumum sýslum á landinu hefir fjárkláðans ekki orðið vart, eins og ég ætla að sé í Skaftafellssýslum, og í öðrum sýslum eru svo lítil brögð að honum, að sýnt er, að með þrifaböðum má halda honum í skefjum. En sumstaðar á landinu hafa verið meiri brögð að kláðanum, sem mun stafa af því, að þrifaböðun hefir ekki verið þar í eins góðu lagi og í þeim landshlutum, þar sem kláðanum hefir verið haldið niðri.

Reynslan hefir sýnt, að útrýmingarbaðanir, þó framkvæmdar séu af kunnáttumönnum og með nákvæmni, eru ekki heldur einhlítar. Slíkar baðanir fóru fram hér á landi skömmu eftir aldamót, og báru ekki tilætlaðan árangur. Þess ber og að gæta um þrifabaðanir, að þeim var áður meira ábótavant en nú er orðið, því að böðunartæki eru nú betri og víða á landinu eru komnar sundþrær. Því má segja, að þótt farið væri að ráðast í þesskonar böðun, sem frv. fer fram á, þá myndi ekki vinnast öllu meira á heldur en með vandvirknislegri þrifaböðun, enda gengur landbn. óbeinlínis inn á það, þar sem gert er ráð fyrir í 7. gr. frv., að böðun fari fram aftur á þeim svæðum, þar sem útrýming kláðans tekst ekki. Enda mun það vera einróma álit þeirra manna, sem bezt vit hafa á, að ekki sé kleift að ráða niðurlögum kláðans, þó að allsherjar útrýmingarböðun fari fram.

Það hlýtur því að verða verkefni okkar — eins og fjárræktarþjóðanna í nágrannalöndunum, t. d. Skota, sem þetta hafa reynt, en ekki tekizt að útrýma fjárkláðanum — að vanda sem bezt þrifabaðanirnar og gera allt, sem hægt

er, til þess að halda kláðanum niðri. En hitt mun okkur ekki, fremur en öðrum þjóðum, reynast kleift, að útrýma með öllu kláðanum, eins og frv. gerir ráð fyrir.

Ég vil því nú sem áður skjóta því til landbn. (og skal ég gjarnan vinna með að því), að hert sé á eftirliti með þrifaböðunum, ef til vill á þann hátt, sem frv. mælir fyrir um, að settur sé baðstjóri í hverjum hreppi. Ef séð verður um framkvæmdir þessa, tel ég víst, að með því móti megi ná svipuðum árangri og þeim, sem frv. vill fá framgengt.

Ennfremur vil ég benda á, að þó n. geri lítið úr þeim kostnaði, sem útrýmingarböðunin myndi hafa í för með sér, þá hlýtur hann allt af að verða mikill, bæði fyrir ríkissjóð, sýslusjóði og hreppsfélög. Ef baðanirnar eiga að taka til alls sauðfjár á landinu, þá kostar baðlyfið eitt 60—70 þús. krónur. Auk þess er mikill kostnaður við mannahald o. fl. Og þá er enn ótalinn einn liður kostnaðarins, og það er, ef steypa verður sundþrær á hverjum einasta bæ á landinu, þar sem sauðfé er, en slíkt er í raun inni fyrirskipað í frv. Nú skortir mikið á, að sundþrær séu til alstaðar. Þar, sem þéttbýlt er, hafa menn rekið fé á milli bæja og slegið sér saman um baðanir, þar sem ekki eru vatnsföll til tálmunar. Samkv. frv. er fyrirskipað, að á hverjum bæ, þar sem baða þarf, sé til baðker. En það er ekki um að tala öðruvísi baðker en sundþrær, því að með öðrum böðunartækjum er böðunin í fyrsta lagi ekki örugg, og í öðru lagi svo fólksfrek og tímafrek, að til hennar er ekki lengur neinn mannafli í sveitum landsins. Það er því ekki annars kostur en nota sundþrær, og það steyptar sundþrær, en það hefir vitanlega mikinn kostnað í för með sér, ef fyrirskipað er, að komið sé upp sundþró á hverjum bæ. Þá er ótalinn sá kostnaður í fóðureyðslu, sem leiðir af tvennum böðunum.

Ég skal ekki fara lengra út í þetta atriði málsins.

Ég býst við, að í þeim héruðum, þar sem kláðinn gerir engan usla eða hefir verið haldið í skefjum, þyki bændum hart aðgöngu að verða þröngvað til þess að láta fara fram tvær baðanir, og auka sér þar með kostnað, sem komast mætti hjá. En eftir fyrirmælum frv. yrði þetta þannig. Það er aðeins eitt, sem ég get gengið inn á í þessu máli, að eftirlit með þrifaböðunum sé skerpt, og með því móti má ráða bót á tjóni því, sem kláðinn veldur í þeim héruðum, þar sem skort hefir á, að vandvirknisleg og rækileg þrifaböðun hafi verið framkvæmd.

Minnast má líka á eitt, sem ekki er ósennilegt, að eigi sinn þátt í útbreiðslu kláðans, að í héruðum, þar sem mest hefir borið á lungnabólgu og öðrum veikindum í sauðfé, hafa læknar ráðið bændum frá að baða sjúkt fé. Þar eð þessi faraldur hefir gengið víða um landið, hefir af hans völdum orðið misbrestur á, að þrifaböðuninni yrði framfylgt. Það var óhjákvæmilegt, að svo færi, og getur því útbreiðsla kláðans átt rót sína að rekja til þessara orsaka.

Ég get bent á sem dæmi þess, hve hættulegar baðanir geta verið lungnabólgufé, að þessi faraldur gekk í vetur ofarlega í Borgarfirði, og drápust á einum bæ 50 fjár. Eftir að hlé varð á því, að féð dræpist, og það virtist í afturbata, þá var farið að baða. En eftir böðunina tók féð aftur að drepast af þessum faraldri. Varð því ekki annað séð en féð þyldi ekki böðunina, eða væri enn of veikt fyrir hana.

Ég hefi aðeins viljað benda á þetta. Ástæðan til þess, að þrifaböðunin hjá okkur hefir ekki ennþá náð betri árangri, getur legið í þessu, fyrst og fremst að ekki er nógu vandvirknislega framkvæmd böðunin, sem m. a. stafar af því, að bændur hliðra sér hjá að baða féð, ef það er sjúkt af öðrum kvillum. Þó að fyrirskipuð væri útrýmingarböðun, þá kæmi ekki til mála að taka til böðunar fé, sem er veikt, því að menn gæti átt á hættu, að það hryndi niður.

Ég ætla ekki að fara fleiri orðum um frv. Ég tel, að frekar eigi við að gera endurbætur á þrifaböðunum, þar eð reynslan hefir sýnt, að þau geta borið góðan árangur, heldur en að fara að fyrirskipa útrýmingarböðun, sem vitað er fyrirfram, að engin útrýmingarböðun verður.

Fjmrh. (Eysteinn Jónsson): Ég sakna þess við grg. frv., að þar er ekkert skýrt frá kostnaðarhliðinni; og ég vildi skjóta því til n., að hún gerði sér grein fyrir, hver kostnaður yrði af útrýmingarböðuninni, ef hún kæmi til framkvæmda, í fyrsta lagi fyrir ríkissjóð, og ennfremur fyrir sýslu- og sveitarsjóði. Það er mikilsvert atriði, þegar verið er að ræða og velja um þær leiðir, sem fara skuli í þessu máli, að athuga vel, hvað mikinn kostnað hvor þeirra hefir í för með sér.

Ég vil einnig skjóta því fram n. til athugunar, hvort ekki sé bæði óþarft og varhugavert að gera ráð fyrir í frv., að böðun fari fram skilyrðislaust í öllum héruðum og eins þar, sem rannsókn hefir leitt í ljós, að enginn kláði er. Mætti ekki gera þá breyt. á frv., að þótt fyrirskipuð yrði samkv. því útrýmingarböðun, sem ég er annars í vafa um að sé rétt, þá væru undanskilin henni þau héruð, þar sem ekki hefði orðið vart neins kláða.

En það er kostnaðarhliðin, sem ég tel sérstakt atriði í þessu máli, og fyrir henni verða menn að gera sér skýra grein, áður en menn mynda sér skoðun um það, hvaða leið beri að fara.

Frsm. (Jón Pálmason): Það hefir sýnt sig síðan umr. hófust, að margir þm. hafa farið af fundi og lýst þar með yfir, hvað litla ábyrgðartilfinning þeir eiga í þessu máli. Það er leitt til þessa að vita, þar sem um jafnmikið nauðsynjamál er að ræða, og það er léleg ástæða fyrir þingmenn, þótt eitthvert mál sé ekki skemmtilegt, að hlaupa þá af fundi.

Ég vil víkja að tveim atriðum í ræðu andmælanda frv., hv. þm. Borgf. Andmæli hans komu mér ekki á óvart, eftir að hafa heyrt skoðanir hans á síðasta þingi, því að þá kom það í ljós, að hann var andvígur útrýmingarböðunum og yfir höfuð, að kláðamálin væru tekin þeim tökum, sem með þarf, ef fullkominn árangur á að fást. Hann heldur, að þrifaböðun ein nægi, en

sú skoðun er byggð á ónógum athugunum. Hann hefir augsýnilega ekki kynnzt því, hvernig er að eiga við kláðann í þeim héruðum, þar sem hann hefir náð mikilli útbreiðslu. Sú skoðun þessa hv. þm., að það sé um að kenna vanrækslu manna í héruðum, að kláðinn hefir náð útbreiðslu og þrifaböðunin ekki komið að haldi, er byggð á vanþekkingu í þessum efnum. Því að það, að einstök héruð hafa komizt hjá kláðanum, stafar einmitt af því, að útrýmingarböðunin hefir tekizt þar betur. Þrifabaðanir einar koma ekki að haldi gegn kláðanum, þegar hann er kominn á það stig, sem nú er raun á orðin víða um landið. Reynslan hefir sýnt, að þótt gerð hafi verið rækileg gangskör að því á sumum bæjum að útrýma kláðanum, þá hefir það ekki almennt haft árangur, því að sýking hefir komið annarsstaðar frá. Það er alls ekki sýnilegt, að unnt sé að halda sýkinni í skefjum, nema alstaðar sé gerð gangskör að því að útrýma henni.

Það geta verið skiptar skoðanir um það, hvort takast má með útrýmingarböðun að útrýma kláðanum fyrir fullt og allt. Úr því getur reynslan ein skorið. En það sýndi sig með böðuninni 1904, hvað nærri því varð komizt að útrýma kláðanum, og er undarlegt, ef það gæti ekki tekizt nú, með betri þekkingu og betri skilyrðum að öllu leyti.

Það eru svo mikil vandræði, sem af kláðanum stafa, og það sýnir svo mikið menningarleysi landsbúa, að hann skuli látinn haldast hér við, að mér finnst það fyllilega tilvinnandi, þó að jafnvel þyrfti að láta fara fram tvær útrýmingarbaðanir. Ég tek kostnaðarástæðurnar, sem bornar hafa verið hér fram, alls ekki til greina. Það er enginn gifurlegur kostnaður, sem um er að ræða. Þeir menn, sem setja hann fyrir sig, þekkja lítið til þess, hver kostnaður og fyrirhöfn, afurðatap og fóðureyðsla því fylgir, að verða að búa við þennan vágest. Þar er miklu meiri kostnað um að tala.

En viðvíkjandi kostnaðarhliðinni er það rétt, sem hv. þm. Borgf. og hæstv. fjmrh. hafa komið fram með, að landbn. hefir ekki lagt fram áætlun um kostnaðinn, enda er það örðugt. En þó var gengið út frá, eins og þm. Borgf. sagði, að baðlyf fyrir allt landið myndi kosta hæst 50—60 þús. kr., og ríkissjóður greiði helming þeirrar upphæðar. Fyrir fjáreigendur er því enginn aukakostnaður að þessu leyti, því að þeir verða að kaupa baðlyf hvort eð er, og auk þess er líklegt, að hægt verði að fá það ódýrara en verið hefir. Hér er því ekki um að ræða nema 20—30 þús. króna kostnað fyrir ríkissjóð. En hvað mikið er árlega lagt fram til þessara hluta? Ég hefi ekki athugað eða séð reikningana, en ég hygg það sé allveruleg upphæð, og því fé er nú öllu á glæ kastað, eða því sem næst. Aukin fjárútlát í þessu efni eru því svo lítil, að þau koma ekki til greina sem frambærileg mótmæli gegn frv.

Hvað snertir orð hv. þm. Borgf., að það sé rangt í grg frv., að ekki séu skiptar skoðanir um nauðsyn þess að hefjast handa í þessu efni, vil ég taka það fram, að ég hefi ekki orðið þess var, að ágreiningur sé um það, að hefjast beri handa í málinu og umbóta sé þörf. Skiptar skoðanir eru aðeins um það, hvort útrýmingarböðun eða aukin þrifaböðun eigi að fara fram.

Þá er að víkja að þeim kostnaði, sem hv. þm. Borgf. segir, að leggja eigi á fjáreigendur, með því að fyrirskipað sé í frv. að steypa sundþrær á hverjum bæ. En því er ekki þannig farið. Það er auðvelt að framkvæma útrýmingarböðun, þó að ekki séu sundþrær á hverju heimili. Í sumum héruðum eru sundþrær nærri því á hverju heimili. En þar, sem svo er ekki, má notast við trékör og önnur baðáhöld, og kostar það aðeins meiri baðlyf en ella.

Viðvíkjandi því, hver aðstaða bænda er til þessa máls, þá er því ekki að leyna, að Alþingi og búnaðarþingi hafa borizt fjölmargar óskir um það frá bændum, að hafizt væri handa í þessu máli og allsherjar útrýmingarböðun látin fara fram. Og búnaðarþing er nú nýbúið að samþ. áskorun til Alþ. um framkvæmdir í þessu efni.

Þá minntist hv. þm. Borgf. á erfiðleika við framkvæmd böðunar vegna heilsufars sauðfjár. Það er út af fyrir sig vert að athuga þá ástæðu. Ef mikil brögð eru að sýking sauðfjár af öðrum orsökum en kláða, getur verið erfitt að taka fé til böðunar. En sem betur fer erum við nú á svo góðri leið með lækning þeirra sjúkdóma, og bændur gera sér vonir um, að bráðum verði unninn bugur á þeim með læknislyfjum, svo að þessi veikindi ættu ekki að geta orðið mikil fyrirstaða.

Allt þetta er því þannig vaxið, að það eru ekki frambærilegar ástæður gegn frv. En eitt er það, sem fram hefir komið í umr., bæði hjá hv. þm. Borgf. og hæstv. fjmrh., að orkað getur tvímælis, og það er, hvað gera eigi við þau héruð, þar sem rannsóknir hafa sýnt, að enginn kláði er. Það er athugandi, hvaða leið hér á að fara. Þá veltur allt á því, hvort tryggt er, að ekki séu samgöngur við fé annarsstaðar, þar sem sýkingarhætta er. Ég hefi ekki athugað, hvort t. d. ætti að sleppa Skaftafellss. og Suður-Múlasýslu við útrýmingarböðun, af því að ekki stafi þar hætta af samgöngum við annað fé. Ráðh. nefndi, að þar væri sýkin lítil eða engin. En ekki kemur til mála að sleppa við böðun nokkru héraði, þar sem kláðavottur er, hvað lítill sem hann kann að vera. Hitt er sjálfsagt að athuga, hvort fært sé að sleppa algerlega ósýktum svæðum án þess hætta stafi af.

Þorbergur Þorleifsson: Frummælandi þessa máls, hv. þm. A.-Húnv., sagði í framsöguræðu sinni, að fjárkláðinn væri hin mesta landplága. En væri þetta frv. samþ. óbreytt, hygg ég að, að það yrði hin mesta landplága fyrir þau héruð, þar sem kláðinn er ekki, eða fé svo lítið sýkt, að auðvelt væri að ráða bót á því með þrifaböðum. Samkv. upplýsingum þeim, sem komið hafa í vetur um útbreiðslu kláðans, þá hefir það sýnt sig, að sum héruð eru alveg laus við þennan vágest, og í ýmsum öðrum héruðum þannig ástatt, að auðvelt virðist að halda honum í skefjum með þrifaböðum.

Ég legg til, fyrir mitt leyti, að frv. þetta verði felt. Sé ég ekki annað en hægt ætti að vera að

taka fyrir útbreiðslu kláðans með þrifaböðum, og verð að álíta, að það sé fyrir trassaskap, þar sem þannig gengur til, að fjárkláðinn magnast.

Við þessar umr. hefir nokkuð verið talað um kostnaðinn, en það hefir verið gert allt of lítið úr honum. Hann er a. m. k. ferfaldur. Fyrsta, aukinn kostnaður við kaup á baðlyfi. Annað, kostnaður við vinnu. Þriðja, aukin fóðureyðsla, og í fjórða og síðasta lagi er kostnaður, sem enginn getur séð fyrir, hve mikill verður, eða talið með tölum, og það er hve mikið heilsa fénaðarins spillist við svona böðun hvað eftir annað. Það vita allir, sem við fjármennsku hafa fengizt, að gæta verður hinnar mestu varúðar við böðun að vetrarlagi og alla meðferð fjár í sambandi við hana, og að tíð böð gera féð óhraustara. Þetta síðasta atriði er kannske hættulegast í þessu máli. — Mér finnst ekki geta komið til mála að samþ. frv. eins og það liggur hér fyrir. Það gæti kannske komið til mála að samþ. það, ef það ætti aðeins að koma til framkvæmdar þar, sem kláðinn er á hæsta stigi, en þau héruð skýrt undanþegin, þar sem hann er ekki, eða þá á því stigi, að þrifaböð ættu að vera nægileg.

Ég þarf ekki að svara neinu af þeim rökum, sem hv. þm. A.-Húnv. kom með. Þau voru hvorki svo mörg né veigamikil, að þörf sé að fara um þau fleiri orðum.

Hannes Jónsson: Ég kann ekki við, að þetta mál fari svo í gegnum þessa umr., að ekki heyrist raddir með frv. landbn. Þetta er svo veigamikið mál fyrir landbúnaðinn, að ég tel ekki vansalaust að sýna því slíkt tómlæti.

Má vera, að í sumum sýslum sé kláðinn ekki mjög útbreiddur eða magnaður, en það nægir ekki til þess að hægt sé að gera ráð fyrir því, að hann verði ekki að miklu tjóni, því hann getur hæglega breiðzt fljótt út, og þau svæði, þar sem kláðans hefir ekki orðið vart, eru svo fá, að mér finnst ástæðulaust, að nokkur vilji undanskilja þau. Rök þau, sem komið hafa fram á móti frv., finnst mér ekki að séu veigamikil. Kostnaður sá, er af þessu leiðir, þarf ekki að verða mikill — eða eins og hv. frsm. tók fram, ekki meiri en sem svarar seinni böðun. Í mörgum sveitum er meiri hl. fjár tvíbaðaður, og ríkissjóður greiðir árlega mikið fé til stuðnings böðun. Þess vegna finnst mér nauðsynlegt, að komið sé á útrýmingarböðun, og hygg, að það yrði skynsamlegasta aðferðin að ganga þannig milli bols og höfuðs á þessum erkifjanda landbúnaðarins.

Um kostnaðinn við vinnuna er það að segja, að hann getur aldrei orðið þungur í skauti. Flestir eru þannig settir, að þeir geta komizt af með þann vinnukraft, sem til er á heimilunum, og svo hjálpa nágrannarnir hver öðrum. — Heyeyðsla er að vísu nokkur í sambandi við slíka útrýmingarböðun, en þó ekki meiri en sú, er leiðir af seinni böðun; en eins og ég tók fram áðan, þá er allvíða tvíbaðað, og þar er þá ekki um nokkurn aukakostnað að ræða. Hygg ég, að það sé svo víða, sem þarf að tvíbaða, og það ár eftir ár, að þess vegna sé þetta spor í rétta átt og verði til þess að skapa tryggari framtíð. Ég þekki óvíða þau héruð, þar sem ein böðun er einhlít, og fóðureyðsla sú, er af þessu leiðir, getur varla orðið til stórtjóns. Ég þekki ekki svo illan ásetning, að bændur þoli það ekki þess vegna, að tvíbaðað sé. Ég veit ekki til, að nokkur reynsla sé til, sem sannar það, að tvenn böð séu hættuleg fyrir heilsu fénaðarins, og hygg, að það geti ekki komið til greina, nema baðlyf þau, sem notuð eru, séu sérstaklega óholl. Mér finnst þetta mál svo mikilsvert, að ég tel sjálfsagt, að Alþingi taki á því með fullum skilningi. Ég vil lýsa því yfir, að í mínu héraði er mikill áhugi fyrir því, að slíku fyrirkomulagi verði komið á.

Ég mun ekki fara út í neinar stælur um þetta mál. Ég hefi aðeins lýst því frá mínu sjónarmiði og minna kjósenda, og ég teldi það ákjósanlegt, að sem flestir þm. vildu láta í ljós álit sitt. Ég þykist sjá, að þeir, sem helzt eru á móti frv., séu viljugastir á að kveðja sér hljóðs. En ég vænti þess, að hinir láti líka til sín heyra.

Gísli Sveinsson [óyfirl.]: Ég vil verða við þeirri áskorun, sem að vísu er komin fram frá einstökum þm., en ekki frá hæstv. forseta, um það að kveðja sér hljóðs um þetta síðasta mál dagskrárinnar. Það, sem veldur því, að ég tek til máls, er í raun og veru engin formleg áskorun, heldur hitt, að ef tekið er tillit til kjósenda, þá finnst mér rétt, að sú afstaða, sem þeir hljóta að hafa til þessa máls, bæði í heild og sem einstaklingar, komi sem skýrast fram.

Það er víst, að enginn maður, hvorki kjósandi né annar, er á móti því, að gerð sé gangskör að því að útrýma því fári, sem nú á fleiri en einn veg leggst á skepnur og eignir búenda í landinu, og eitt af því er fjárkláðinn.

Því er ekki að leyna og það vita allir hv. þm., að það er ekki alstaðar á landinu, sem fjárkláðinn er eða hefir orðið sveitlægur. Ég get ekki dæmt um það, hvort sumar sýslur eru alveg lausar við hann, eða þannig settar, að þær gætu orðið algerlega lausar við útrýmingarböðun. Þó er það víst, að til eru héruð, þar sem fjárkláðans hefir aldrei orðið vart. Þessi héruð eru Suðausturland og Austfirðir, a. m. k. má fullyrða, eftir þá skoðun, sem gerð var í vetur, samkv. fyrirmælum ríkisstj. og Alþingis, að báðar Skaftafellssýslur séu algerlega lausar við hann. Hitt skal ég ekki blanda mér í, hvort telja megi allt Austurland laust við hann, en að mestu leyti mun þó svo vera.

Samkv. tilgangi frv. mætti ætla, að nóg væri að ráðast á þau héruð, þar sem vitað er og upplýst, að fjárkláðinn er — sem að vísu er mestur hluti landsins — og þar sem bændur sjálfir óska þess.

Samkv. undanfarinni reynslu hlýtur kostnaður sá, er af þessu leiðir, að verða mikill. Það er líka sýnilegt, að flutningsmenn búast ekki við, að hann verði lítill, þar sem þeir ætlast til, að hann skiptist á þrjá aðila, sem sé ríkið, sýslurnar og hreppana. Að sumu leyti hlýtur kostnaðurinn að verða óútreiknanlegur og lenda á eigendum fénaðarins og hreppunum, og að síðustu, það sem menn vilja helzt, á ríkinu.

Ákvæði 7. gr. virðast hafa verið sett vegna þess, að flm. geri hér ráð fyrir svo mögnuðu fári, að ekki sé viðlit að eyða því í einni atrennu, og þá verður að krefjast þess, að sá landshluti verði undanþeginn þessum ákvæðum, sem við opinbera rannsókn hefir sýnt sig, að er laus við þetta fár. Það nær ekki nokkurri átt, að fjárkláðinn sé í þeim héruðum, þar sem hans hefir ekki orðið vart við nákvæma rannsókn. Hæstv. landbrh. verður því að hafa þau héruð undanþegin, þar sem upplýst er, að fjárkláðinn finnst ekki.

Það er krafa mín og fleiri, að við 1. gr. sé ákveðið, að frv. þetta eigi aðeins við þau héruð, þar sem kláðans hefir orðið vart. Það er ekki nóg, þó því sé lýst yfir, að 6. gr. feli í sér mögguleika fyrir þessari undanþágu; og þó að 1. gr. ræði að vísu aðeins um heimild, þá virðist frv. í heild sinni gera þessa heimild að skyldukvöð.

Hv. þm. A.-Húnv. heldur því fram, að samgöngubann á milli héraða sé ekki öruggt, og það kann að vísu að vera svo sumstaðar, en sumstaðar er gefið að hafa vald á því, hvort samgöngur eru hættulegar eða ekki. Til gleggri skilnings á þessu skal ég geta þess, að eftir því, sem ég veit, hefir fjárkláðans ekki orðið vart fyrir austan Jökulsá á Sólheimasandi, og auðvelt er að halda samgöngunum lokuðum þar. Eftir að skoðun var framkvæmd í vetur, gerðu Skaftfellingar þá ráðstöfun, að ekki flæktust þangað kindur úr Rangárvallasýslu, og þó var Austur-Eyjafjallahreppur laus við fjárkláðann. Það er því algerlega útilokað, að fé hafi sýkzt þar síðan. — Og reynslan hefir sýnt, að kláðinn hefir ekki borizt austur fyrir Sólheimasand.

Það kemur ekki til mála að líða það, að beita þau héruð áþján og útgjöldum, sem ekki þurfa þess með. Um leið og verið er að útrýma þessu fári í þeim héruðum, þar sem það geysar, verður að gæta þess, að fremja þá ekki ranglæti á öðrum hérðum. Ákvæði frv. eiga að koma til framkvæmda þar sem þeirra er þörf, en annarsstaðar ekki.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 19. fundi í Nd., 4. marz, var fram haldið 1. umr. um frv.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 19 shlj. atkv.

Á 22. fundi í Nd., 7. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 33, 57).

Frsm. (Jón Pálmason): Við 1. umr. þessa máls hér í d. bar nokkuð á óánægju út af því, að í þessu frv., sem fyrir liggur, er ekki heimild til þess að undanskilja svæði á landinu, sem vera kynni óhætt að undanskilja útrýmingarböðun, sem hér um ræðir. Því flytur landbn. nú brtt. við frv. sitt, og er hún á þá leið, að ráðh. getur undanskilið þau svæði, þar sem kláða hefir ekki orðið vart í sauðfé síðustu fimm árin og Búnaðarfélag Íslands álítur, að ekki stafi hætta af um smitun af sýktu fé frá öðrum sýktum svæðum.

Ég vænti, að þessi till. fullnægi þeim, sem töldu þessa annmarka sérstaklega í vegi fyrir því, að þeir gætu fylgt þessu frv. En eftir þeim upplýsingum, sem fyrir lágu á síðasta Alþ., eru naumast líkur til, að hér geti verið um önnur svæði að ræða heldur en Skaftafellssýslu. En sem sagt, er það ekki samkv. þessum brtt. á valdi þingsins að ákveða í þessu efni, hvernig með skuli fara, heldur ráðh., að fengnum till. þeirra aðilja, sem hér eru nefndir.

Pétur Ottesen: Þessi brtt. ber það með sér, að hv. landbn. er nú farin að draga nokkuð í land í þessu máli og er komin til nokkurrar viðurkenningar á því, að ekki sé gengið eins hreint til verks með þessu frv. eins og þeir vilja vera láta. En ég álít þessa brtt. ákaflega lítils virði, og hún er engan veginn til þess fallin að afnema þá annmarka, sem ég tel á frv. Og ég vil láta þessa getið, að við 3. umr. munum við hv. þm. A.-Sk. bera fram brtt. við þetta frv.

ATKVGR.
Brtt. 57 samþ. með 17 shlj. atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 17 shlj. atkv.
2.—9. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 17 shlj. atkv.

Á 24. fundi í Nd., 9. marz, var frv. tekið til 3. umr. (A. 74, 89).

Of skammt var liðið frá útbýtingu brtt. 89. — Afbrigði leyfð og samþ. með 19 shlj. atkv.

Pétur Ottesen: Það hefir komið fram nú á þessu þingi, eins og raunar jafnan undanfarið, er till. hafa verið fram bornar um sauðfjárbaðanir til útrýmingar á fjárkláðanum, að nokkuð skiptir í tvö horn um afstöðu hv. þm. til málsins. Sumir vilja fara þá leið, sem lagt er til með frv. þessu að farin verði, að láta fara fram allsherjar útrýmingarböðun, samskonar og a. m. k. einu sinni áður hefir verið látin fara fram, að vísu með allmiklum árangri, en þó alls ekki þeim, að útrýma sýkinni eins og raun ber vitni um. Hinsvegar eru aftur á móti þeir, sem byggja vilja á reynslunni um það, að hægt er að halda sýkinni í skefjum með árlegri þrifaböðun á fénu, án þess sýkin valdi verulegu tjóni á því eða afurðamissi hjá bændum. Hafa þeir haldið því fram, að það, að kláðinn hefir magnazt á einstöku stöðum, hlyti að orsakast af því fyrst og fremst, að þrifaböðuninni væri þar mjög áfátt. Af þessu þykir ljóst, að réttasta leiðin til umbóta í þessu efni sé sú, að skerpa eftirlitið með þrifaböðuninni, eða færa það í líkt horf í framkvæmdinni eins og gert er ráð fyrir í þessu frv. að eftirlitið verði með útrýmingarböðuninni.

Nú höfum við hv. þm. A.-Sk. flutt nokkrar brtt. við það frv., sem hér liggur fyrir, sem stefna að því, að frv. geri aðeins nokkrar breytingar á lögunum frá 1914 um sauðfjárbaðanir. Þær eru bornar fram eftir rækilega athugun á þessu máli og gera allar þær breytingar á nefndum lögum, sem felast í frv. og stefna til frekara

öryggis gegn sýkinni. Það felst því jafnmikið öryggi í okkar brtt., sem gera ráð fyrir bættu fyrirkomulagi á þrifaböðunum, þar sem þess gerist þörf, eins og í ákvæðum frv. um útrýmingarböðun. Við höldum því fram, og væntum, að hv. d. geti fallizt á það, að rétt sé að gera tilraun með það fyrirkomulag á þrifaböðun, sem við bendum á, áður en lagt er í útrýmingarböðun, þar sem allt virðist benda til þess, að með þrifaböðun megi ná svipuðum eða sama árangri. Við leggjum því þessar brtt. okkar undir dóm hv. d. og væntum þess, að hún geti orðið okkur sammála.

Hitt er það, ef nokkuð á að horfa á kostnaðarhliðina í þessu máli, þá er það ekkert áhorfsmál, hvor aðferðin er dýrari, og þar sem jafnlangt er gengið í okkar brtt. um árangur og öryggi af þrifaböðunum eins og í frv., þá sýnist það liggja ljóst fyrir, að brtt. á að samþ. Við gerum ennfremur ráð fyrir því í okkar brtt., ef reynslan sýnir, að á einhverjum stöðum verði venjulegar þrifabaðanir ekki nægilegar, að þá verði gerðar þar frekari ráðstafanir, þ. e. a. s. með annari böðun á sama hátt og ráð er fyrir gert í l. frá 1901. Hinsvegar gerum við ekki ráð fyrir, að til slíkra ráðstafana þurfi að grípa yfirleitt, eftir að öruggt eftirlit er komið á með þrifaböðun, eins og gert er ráð fyrir í okkar brtt. Ég vona, þó að þessar brtt. okkar hafi aðeins skamma stund legið frammi, þá liggi það ljóst fyrir, að þær fela í sér allar þær öryggisráðstafanir, sem frv. gerir ráð fyrir.

Ég vil taka það fram, að á l., sem nú gilda um útrýmingu fjárkláðans, er sá galli, að þau ná ekki til kaupstaðanna. Sama má segja um frv. Þar er gert ráð fyrir eftirlitsmanni í hverri sýslu, og baðstjórum í hreppunum, en ekkert hliðstætt eftirlit er í kaupstöðunum. Þó er vitanlega margt fé í kaupstöðunum. Hér er bersýnilega um ósamræmi að ræða, því ekki er hálft gagn að eftirlitinu í sveitunum, ef ekkert hliðstætt er í kaupstöðunum. Fyrir þessu höfum við séð í okkar brtt., með því að leggja til, að eftirlitið gangi jafnt yfir og sama öryggi tryggt bæði í kaupstöðum og sveitum, og mælir það vitanlega með okkar brtt. samanborið við frv.

Frsm. (Jón Pálmason): Það kemur sjálfsagt fáum á óvart, sem fylgzt hafa með gangi þessa máls á undanförnum þingum, þó slíkur ágreiningur komi fram, sem felst í brtt. á þskj. 89, frá hv. þm. Borgf. og hv. þm. A.-Sk.

Um þessar brtt. vil ég fyrst segja það, að þær eru ekki stílaðar á réttan hátt, þar sem þær eru bornar fram sem brtt. við frv. um útrýmingarböðun, því þær eru blátt áfram brtt. við l. um þrifabaðanir frá 1914, og það meira að segja mjög óverulegar brtt., því í þeim l. eru mjög skýr ákvæði um það, að almennar þrifabaðanir skuli vera undir eftirliti hreppsnefnda. Hér er því í sjálfu sér ekki um neinar nýjar till. að ræða, og er því nú með þessum brtt. kominn í ljós sá meginágreiningur, sem jafnan hefir uppi verið um þetta mál milli þeirra, sem ekkert vilja gera til þess að útrýma sýkinni, og hinna, sem telja það nauðsynlegt. Það er augljóst, að flm. þessara brtt. þykjast ætla að halda sýkinni í skefjum með samskonar ráðstöfunum og lögskipaðar hafa verið alla tíð síðan 1914 og menn hafa nú séð, hvernig hafa gefizt.

Snertandi það, sem hv. síðasti ræðumaður var að tala um, að hér væru sömu öryggisákvæði og í frv. okkar landbn.manna, þá er það fjarstæða ein, því að í þessum till. er ekki gert ráð fyrir neinni allsherjar útrýmingarböðun, svo sem tvöföldu baði og öðrum þeim ráðstöfunum, sem í frv. greinir. Að nokkur von sé til þess, að svipaður árangur náist með því að samþ. þessar brtt., liggur í augum uppi, að ekki getur verið. Hvað það snertir, að kostnaðurinn við framkvæmdina eftir frv. muni verða margfaldur, eins og hv. þm. Borgf. hélt fram, þá má mikið um það deila, hvað sé dýrast og hvað ódýrast í þessum efnum. Ég fyrir mitt leyti tel það dýrara en allt annað í þessum sökum að láta þessa fjársýki vera viðloðandi í okkar landi eins og hún hefir verið, er og verður, ef ekki verða gerðar ráðstafanir til þess að fá henni útrýmt. Það er ekkert annað en gryla, að útrýmingarkostnaðurinn verði svo gífurlegur. Það er ekkert annað en fjarstæða. Hvað ríkissjóð snertir á hann ekki að leggja fram annað en baðlyf í aðra böðunina. Í eina böðun verða fjáreigendur hvort sem er að leggja fé, og er því ekki um aukinn kostnað fyrir þá að ræða. Í l. um þrifaböðun er gert ráð fyrir, að eftirlit sé jafnan framkvæmt, og það gera flm. brtt. einnig, en ég geri ekki ráð fyrir, að kostnaðurinn verði meiri fyrir það árið, sem böðunin fer fram, og því verði á því sviði ekki um aukin útgjöld að ræða frá því, sem ella myndi. Ef við lítum á þetta frá hálfu ríkissjóðsins sjálfs, má gera ráð fyrir, að baðlyfið kosti um 20—30 þús. kr. í aðra böðunina. En árið 1933 þurfti ríkissjóður að leggja fram til þessara prófbaðana, sem ekki komu að neinu gagni, rúml. 12,7 þús. kr., og árið 1934 rúml. 9,9 þús. kr. Hér er því í mesta lagi um 10—20 þús. kr. kostnaðarauka fyrir ríkissjóðinn sjálfan að ræða, ef ekki verður um útrýmingarböðun að ræða nema eitt ár, sem við vonum, að muni nægja. Allar þessar kostnaðargrýlur er því ekki ástæða til að taka alvarlega. Hitt er miklu meiri kostnaður fyrir fjáreigendur landsins, auk annars, sem hægt er um það að segja, að láta þessa sýki vera viðloðandi í sauðfénu eins og nú er og fer sífellt versnandi.

Hvað því viðvíkur, að hv. síðasti ræðumaður var að tala um smíðagalla á frv. landbn. hvað snertir útrýmingarböðun í kaupstöðum, þá er það, að mér skilst, misskilningur hjá honum, því að í 1. gr. frv. stendur, að útrýmingarböðun skuli fram fara á öllu sauðfé á landinu. Og þótt það sé rétt, að ekki sé tiltekið, að sérstakur eftirlitsmaður skuli vera í kaupstöðum, þá er það gefin sök, að kaupstaðir fylgja með þeim sýslufélögum, sem þeir eru í. (PO: Í hvaða sýslufélögum eru kaupstaðirnir?). Þeir tilheyra þá næstu sýslufélögum. Í kaupstöðum er ekki það margt fé, að ekki megi vel hafa sama eftirlitsmanninn fyrir t. d. Gullbringusýslu og Reykjavík, og fyrir Eyjafjörð og Akureyri. Hvað kaupstaðina snertir eiga þeir því að teljast til þeirra sýslufélaga, sem þeir landfræðilega eru í. En ef það þætti eitthvað öruggara að koma því inn í

frv., að sérstakir eftirlitsmenn væru í kaupstöðum, þá er auðvitað opin leið til þess. Það verður aldrei að ágreiningsefni.

Annars vænti ég, að hv. þm. athugi það, að hér er um tvær gagnólíkar stefnur að ræða í þessu máli. Önnur er sú, sem landbn. fylgir, að gera alvarlega gangskör að því að útrýma þessari plágu úr landinu. Hin er að halda áfram kákinu og láta allt vera eins og það hefir áður verið. Sú stefna er grundvölluð á vantrú á því, að unnt sé að útrýma kláðanum með öllu.

Ég sé svo ekki ástæðu til að fara um þetta fleiri orðum, en að sjálfsögðu má gera ráð fyrir, að einhverjar frekari umr. verði um málið, og munum við í landbn. þá hafa einhverju til að svara, *ef á okkur verður deilt.*

Guðbrandur Ísberg: Hv. þm. Borgf. gat þess í sinni ræðu, að tvær stefnur væru uppi í landinu hvað útrýmingu fjárkláðans snerti. Annarsvegar væru þeir, sem vilja algerða útrýmingu, og hinsvegar þeir, sem ekki hafa trú á, að hún megi takast, en vilja halda kláðanum niðri með þrifaböðun. Hv. þm. gat þess, að kláðinn væri mjög misjafnlega útbreiddur. Ég hygg, að þarna sé önnur ástæðan fyrir því, að menn ekki í einu hljóði aðhyllast útrýmingarböðun. — Á síðasta Alþ. gaf hæstv. landbúnaðarráðh. skýrslu um útbreiðslu kláðans, eftir þeim upplýsingum, sem fengizt höfðu um það efni úr sýslum og kaupstöðum. Ég gerði þá engar aths. við þær skýrslur, vegna þess að málið lá þá ekki fyrir í frv.-formi. En ég vil geta þess nú, að þessum skýrslum er tæplega leggjandi mikið upp úr. Í því sambandi vil ég geta þess, að seint á árinu 1934 lagði atvmrn. fyrir sýslumenn hvarvetna að safna skýrslum í öllum hreppum um útbreiðslu fjárkláðans. Hvað Húnavatnssýslu snertir var strax horfið að þessari skýrslusöfnun, og tókst að mestu leyti að afla þeirra, nema hvað vantaði úr þremur hreppum, þar sem kláðinn er töluvert mikið útbreiddur. Töldu þeir, sem skýrslurnar áttu að útvega, þýðingarlaust að eiga við það, þar sem kláðinn væri að meira eða minna leyti á hverjum bæ. Í ágústmánuði fékk ég svo bréf frá atvmrn., þar sem þess er beiðzt, að skýrslurnar séu sendar, en ég hafði þá sent þær frá mér fyrir 3 mánuðum. Þegar ég spurðist fyrir um, hverju þetta sætti, fékk ég þær upplýsingar, að skýrslurnar frá mér væru komnar, og að ég hefði verið sá einasti, sem hefði sent skýrslur á hinum tilsetta tíma. Nú vil ég leggja það undir dóm hv. þdm., hversu mikið þeim finnst upp úr slíkum skýrslum leggjandi, sem safnað er í ágústmánuði, og það í snarkasti. Það hefir verið símað til oddvitanna og fengnar þær upplýsingar, sem þeir mundu í bili, og skýrslurnar síðan samdar eftir því. Upp úr slíku er ekki mikið leggjandi. Í héruðum, þar sem kláðinn er lítið útbreiddur, hafa bændur talsverða tilhneigingu til þess að leyna því, þótt þeir verði kláðans varir. Þetta er eðlilegt, því að þegar allur fjöldinn er laus við kláða, er mönnum illa við að láta féð hafa samgang við kláðakindur. Ég vil sem dæmi þess, hvernig kann að vera ástatt í sumum þessum sýslum, geta þess, að haustið 1933 voru í Auðkúluhreppi í Húnav.s. seldar tvær kindur með kláða. Það hafði ekki komið fyrir um langan aldur. Kindurnar voru ekki úr Húnav.s., þeirri sýslu, sem þó er talin verst farin hvað kláða snertir, heldur úr Árnessýslu, en samkv. skýrslu landbúnaðarráðh. hafa í þeirri sýslu aðeins komið fyrir 2 kláðatilfelli á árinu 1934. Ég get ímyndað mér, að svipað sé annarsstaðar, þótt lítið eða ekki sé talið, að kláðans verði vart. Þeir menn, sem vilja láta þrifaböðun nægja, vita ekki, hver útbreiðslan er, og því skiljanlegt, að áhuginn fyrir allsherjarböðun sé lítill.

Ég skal ekki fara um þetta fleiri orðum. En þeir menn, sem trúa því, að hægt sé að útrýma kláðanum, eins og næstum því tókst 1904, greiða allir atkv. með allsherjar útrýmingarböðun. En þeir hinsvegar, sem trúa því, að kláðamaur geti kviknað af sjálfu sér, þeir greiða atkv. með því að káka við þrifaböðun og halda kláðanum niðri á þann hátt, en útrýma honum ekki.

Viðvíkjandi því, sem hv. þm. Borgf. að sumu leyti réttilega tók fram, að það vantaði ákvæði í frv. um eftirlitið í kaupstöðum, þá er það alveg rétt, að þótt tekið sé fram í frv., að böðunin skuli ná til alls fjár á landinu, hefir láðst að geta um, hversu eftirlitinu skuli hagað innan kaupstaðanna. Þetta stafar einungis af gleymsku, og ég vil beina því til hv. frsm. landbn., hvort ekki væri rétt að fá málinu frestað nú, svo að tími gæti unnizt til að lagfæra þetta.

Um brtt. hv. þm. Borgf. og hv. þm. A.-Sk. hefi ég fátt eitt að segja. Ég get ekki séð, að þær séu stílaðar við þetta frv., sem hér liggur fyrir. Þær eru umorðun á allt öðrum l., sem þetta frv. hreyfir alls ekkert við, þrifaböðunarlögunum frá 1914, og hefði því átt að koma fram sem sjálfstætt frv., eða sem breyt. við þau l. Við þetta frv. eiga þær ekki heima. Af þessum ástæðum væri e. t. v. rétt að athuga þetta nánar í landbn., því að þessum brtt. svokölluðu er ekki útbýtt fyrr en málið kemur hér til umr.

Þorbergur Þorleifsson: Það er rangt, sem hv. þm. A.-Húnv. sagði í ræðu sinni, og fleiri hafa látið lík orð falla um, að þeir, sem ekki vildu samþ. þetta frv. landbn., séu andvígir því að útrýma kláðanum úr landinu. Brtt. okkar hv. þm. Borgf. miða að því að útrýma kláðanum úr landinu. Hér er ekki um skoðanamun á því að ræða, hvort útrýma skuli kláðanum eða ekki, heldur hvaða aðferð beri að nota til þess, og um það hefir verið deilt frá öndverðu í þessu kláðamáli, sem er gamalt hér á landi. Það liggur svo opið fyrir, að ekki þarf um að deila, að enginn maður í landinu vill halda kláðanum við, en um útrýmingaraðferðina eru skiptar skoðanir.

Þá talaði hv. þm. A.-Húnv. um það, að þessar brtt. okkar væru ekki rétt stílaðar. En ég vænti, að hann hafi athugað það, að við leggjum til, að fyrirsögn frv. verði breytt til samræmis við það efni, sem eftir okkar till. á að fjalla um. Sé ég því ekki annað en að vel megi samþ. okkar till. til gagns fyrir málið. Annars kom fátt nýtt fram í ræðu hv. þm., og mér finnst hann ekki eins ákveðinn í málinu og hann var

upphaflega, og vona ég, að hann sannfærist smátt og smátt um það, að sú aðferð, sem hann og samnm. hans vilja hafa í þessu máli, nfl. demba yfir landið tveimur útrýmingarböðunum hvorri á eftir annari, er svo hættuleg, að óforsvaranlegt er að samþ. hana. Það, sem er þyngst á metunum hjá mér í þessu máli, er heilsa fénaðarins í landinu. Það er óhætt að fullyrða, að af því myndi stafa hinn mesti voði, ef notuð væri sú aðferð, sem í frv. er gert ráð fyrir, að baða tvisvar sinnum með stuttu millibili. Og þótt sýna megi fram á það, að bein fjárútlát við böðunina yrðu miklu meiri en 10—20 þús. kr., eins og hv. þm. A.-Húnv. var að tala um, þá er samt líf og heilsa fénaðarins það, sem mestu ræður hjá mér um afstöðuna til þessa máls. Ég er nokkuð kunnugur á svæðinu frá Langanesi og til Reykjavíkur og veit, að heilsa fénaðarins á því svæði er þannig vegna ýmiskonar pesta, annara en fjárkláðans, að slíkar baðanir, sem frv. ráðgerir, myndu valda stórfelli. Og ég hygg, að aðrir landshlutar hafi ekki ósvipaða sögu að segja. Þessu til sönnunar vil ég leyfa mér að lesa upp kafla úr bréfi ekkju vestur á landi, sem sækir um styrk til fjvn. vegna plágu í fé hennar. Þessi kafli hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta: „Ég er hér einstæðingur, eins og þér vitið, og sé engar leiðir á efnalegu sviði til að komast áfram, vegna þess tjóns, sem ég hefi beðið við skepnumissi síðastl. vor. Ég varð fyrir því óláni, að þessi mikla fjárpest, sem víða gekk yfir, kom hér, eftir að skepnur voru farnar af húsi, og missti ég 30 ær, 30 gemlinga og fimmtíu unglömb, og þar að auki vantaði mig 30 ær í ull, þegar smalað var til rýjunar í vor, og býst ég við, að þær séu með öllu dauðar. Og þær fáu kindur, sem eru hér í kring, virðast ekki taka neinum sumarbata, að líkindum af veiki, sem í þeim er".

Eins og þessi bréfkafli ber með sér, þá er sýnilegt, að þessa sömu sögu geta tugir, jafnvel hundruð bænda sagt um land allt. Og þá má nærri geta, hvort fé með slíka pest í sér þolir aðra eins meðferð og frv. gerir ráð fyrir. (TT: Þetta fé er nú farið). Já, að vísu, en ef hv. þm. Snæf. ímyndar sér, að þar með sé útrýmt öllu lasburða fé úr landinu, þá á hann mikið eftir að læra búnaði viðkomandi. (TT: Ég myndi ekki fara til þessa hv. þm. til að nema búfræði). Þótt hv. þm. Snæf. bæri ekki gæfu til að læra hjá mér, er ekki útilokað, að hann gæti samt sem áður eitthvað lært.

Viðvíkjandi því, sem hv. þm. Ak. hélt fram, að kláðinn myndi vera víðar en menn grunaði, því að honum væri leynt, þá vil ég segja það, að kláðinn er ekki eins voðaleg pest og lýst hefir nú verið, ef hægt er að leyna honum. Og þetta dæmi hans, að 2 kláðakindur úr Árnessýslu hefðu verið seldar í Húnav.s., sannar alls ekkert um kláða í Árnessýslu, því að auðvitað hafa kindurnar haft samgang við fé úr Húnav.-s. Ætti málstað hv. þm. að vera heppilegast, að sem minnst kæmi fram af slíkum dæmum máli hans til stuðnings. En það er eðlilega reynt að gera það að rökum, sem þó engin rök eru.

Pétur Ottesen: Það eru ekki nema örfá orð. Hv. meðflm. minn, hv. þm. A.-Sk. hefir drepið á þau helztu atriði, sem ástæða hefði verið til að minnast á og svara. Ég get því látið margt niður falla, sem ella hefði verið ástæða til að fara um nokkrum orðum. En ég vil benda á það, að það er mikill misskilningur, sem fram kemur hjá hv. þm. A.-Húnv. og virtist bóla á hjá hv. þm. Ak., að það sé óþingleg aðferð, sem við höfum beitt með flutningi okkar brtt., enda er fenginn dómur um það, þar sem hæstv. forseti hefir tekið þessar till. fyrir til umr. og afgreiðslu hér í d. án þess að gera við þær hinar minnstu aths. Hér er nfl. farin sú leið, sem þráfaldlega er farin með flutning brtt. til þess að spara tíma og kostnað, þótt flm. þessa frv. láti sér nú í léttu rúmi liggja, þegar verið er að reyna að gera hlutina kostnaðarminni, að koma inn undir umr. brtt. í stað þess að þurfa að flytja um það sérstakt frv. og láta fara fram um það þrjár umr. í deildinni. Þetta er því hvorttveggja í senn, algerlega þinglegt og hagkvæmt, að menn fái í sambandi við þetta mál að lýsa afstöðu sinni og skoðun á efni brtt., þ. e. a. s. að demba þessum svokölluðu útrýmingarböðunum yfir landið eða fara okkar leið og reyna að halda kláðanum í skefjum með skynsamlegum ráðstöfunum. Ég ætla, að þetta nægi til þess að sýna fram á það, að við höfum ekki lagt inn á neinar hæpnar brautir með flutningi þessara till.

Þegar hv. þm. er að gera lítið úr brtt. okkar, þá er hann jafnframt að gera lítið úr sínu eigin frv., því við höfum tekið upp allar öryggisráðstafirnar, sem hann hefir í sínu frv. Sannast á hinum mikla ákafa þessa manns það, sem kemur fram í gömlu rímnaerindi:

„Ekki sér hann sína menn,
svo hann ber þá líka."

Þegar hann er að gera lítið úr okkar till., þá er hann vitanlega að gera árás á sitt eigið frv. Ég skal viðurkenna, að frv. fer fram á fyrirkomulag, sem er miklu öruggara en það, sem við höfum núna, en við höfum tekið það upp í okkar frv., svo að þarna hallast ekkert á.

Ég skal benda á eitt öryggisákvæði í okkar till., sem tekur langt fram því, sem gert er ráð fyrir í frv. Í okkar till. gerum við ráð fyrir, að baðanir fari fram í sundþróm, en það er eina örugga ráðið til þess að bleyta alla kindina án þess að hún verði fyrir miklu hnjaski. Að þessu leyti tekur okkar aðferð langt fram því, sem nú er, og eins því, sem er í hans frv. Við gerum ekki ráð fyrir því, að baðþró geti verið á hverju heimili, enda nær engri átt að gera ráð fyrir slíku t. d. hér í Rvík og í öðrum kaupstöðum eða kauptúnum, þar sem hver maður á kannske 6—8 kindur. Við gerum ráð fyrir, að nægilega margar sundþrær séu til, að dómi baðstjóra, svo að allt geti farið örugglega fram. Það ætti að vera hættulaust að reka fé á milli bæja, ef ekki þarf að fara yfir ár. Það ætti því að vera alger óþarfi að hafa baðþró á hverju heimili. Þessi aðferð, að reka fé á milli bæja, hefir líka mikið verið notuð.

Hv. þm. var að tala um kostnaðinn fyrir ríkissjóð og sagði, að hann hefði verið árið sem

leið 9 þús. og 900 kr., en í því mun felast útrýmingarböðun í allri Rangárvallasýslu. Ég vil skjóta því til hæstv. landbrh., hvort þetta er ekki rétt. Þegar á þetta er litið, þá gefur þessi tala því ekki rétta hugmynd um hinn raunverulega kostnað fyrir ríkissjóð. Ég veit ekki, hvað kostnaðurinn hefir verið á undanförnum árum, en ég býst við, að hann hafi verið þetta upp og niður, stundum meiri og stundum minni.

Ef okkar brtt. verða samþ., þá fækkar því, ef ekki tekur fyrir það, að ríkið þurfi að grípa inn í og leggja í kostnað. Ef okkar brtt. verða samþ., þá er ráðin bót á þessu. Ég þarf ekki að eyða orðum að því, að sýslunefndirnar eigi að ákveða kostnaðinn hjá bæjarfélögum, því að allir sjá, hvílík fjarstæða það er. Það liggur auðvitað fyrir utan ákvörðunarrétt sýslunefnda, því hann nær ekki lengra en að ákveða útgjöldin innan síns sýslufélags. Hv. þm. Ak. tók af skarið og viðurkenndi, að þarna væri gat á frv., eins og það er kallað. En menn geta alveg komizt framhjá því, með að gera umbætur á frv. með því að samþ. brtt. okkar, sem fela í sér fullkomnar ráðstafanir í þessu efni.

Ég skal svo ekki fara lengra út í þetta. En út af því, sem hv. þm. Ak. sagði, og held ég, að hann hafi aðallega beint því til okkar, sem flytjum brtt. við frv., að til væru menn, sem virtust trúa því, að lífverur kviknuðu af sjálfu sér, vil ég segja það, að við erum engir slíkir fordómamenn, en hitt er reynsla, að ekki hefir tekizt að útrýma þessum lífverum með útrýmingarböðunum. Ég held, að það séu svo miklir örðugleikar á því að útrýma fjárkláðanum með öllu, að það verði ekki gert á svipstundu.

Ég skal svo benda á þrjú atriði, sem flestum kemur saman um, og dýralæknar og skordýrafræðingar eru sammála um. Fyrsta atriðið er það, hvað erfitt er að útrýma fjárkláðanum í fjárhúsum eins og hér eru, og í öðru lagi, að erfitt er að ná öllu fé til böðunar, þar sem það er sumstaðar látið ganga úti fram eftir öllum vetri. Og að lokum má í þriðja lagi nefna, að það er oft svo mikil vanheilsa í sauðfénu hjá okkur, að það kemur ekki til mála, að allt fé geti komið til böðunar. Heilbrigði fénaðarins er þannig háttað sumstaðar, að það er ekki fært að baða það tveim böðunum.

Þegar allt þetta er tekið til athugunar, þá þurfa menn ekki að vera þeirrar trúar, að lífverur kvikni af sjálfu sér, þó að þeir séu harla vantrúaðir á, að hægt sé að útrýma fjárkláðanum.

Ég skal svo ljúka máli mín í fullri trú á það, að samkv. okkar brtt. sé svo langt gengið, að halda megi kláðanum í skefjum. Ég álít þess vegna, að öllu athuguðu og miðað við allar okkar kringumstæður, þá sé gerlegast að samþ. allar brtt. okkar, og sjá svo, hvað verður, ef þær komast í framkvæmd. Ég held, að ekki sé hægt að ganga lengra til ávinnings í þessu efni en hníga að því ráði að samþ. þessar brtt.

Frsm. (Jón Pálmason): Ég var að doka við til þess að vita, hvort fleiri af hv. þdm. vildu ekki láta til sín heyra og gera grein fyrir sinni skoðun á þessu efni. En úr því að það er ekki, þá ætla ég að segja nokkur orð til frekari áréttingar.

Ræðu hv. þm. A.-Sk. þarf ég ekki að svara, því að hún var aðeins innlegg í málið handa hv. þdm. til þess að hlæja að, enda þótt hv. þm. Borgf. segðist litið þurfa að segja til viðbótar því, sem hv. þm. A.-Sk. hefði sagt.

En snertandi það, sem hv. þm. Borgf. sagði, þá kemur þar fram sami skoðanamunurinn og áður, þar sem hann hefir þá trú, að ekki sé hægt að útrýma fjárkláðanum. Það er auðvitað rétt, að það tekst ekki með þrifaböðun, en hann vildi halda því fram, að það gæti ekki heldur tekizt með útrýmingarböðun. Við getum auðvitað hvorugur um það sagt, hvað takast megi, fyrr en reynslan hefir leitt það í ljós. En ef gerð er hin ýtrasta tilraun og ef hún er framkvæmd eftir fróðra manna fyrirsögn, þá eru meiri líkur en ella til þess, að takast megi að losna við kláðann að fullu.

Hv. þm. var að tala um, að sömu öryggisráðstafanir væru í brtt. og í frv., en hann komst þó jafnframt að þeirri niðurstöðu, að ef brtt. yrðu samþ., þá yrði kostnaðurinn miklu minni en ef frv. yrði samþ. Í þessu kemur nú fram mótsögn, og það getur því ekki samrýmzt hvað öðru, því ef öryggisráðstafanirnar eru hinar sömu sem í frv., þá er það auðvitað fjarstæða, að kostnaðurinn geti verið minni.

Hann vék að útrýmingarböðun í Árnessýslu til sönnunar því, hvernig fyrirkomulagið, sem frv. fer fram á, muni reynast. Ef slík útrýmingarböðun hefir fram farið, þá er það augljós hlutur, að hún er ekkert annað en kák, þar sem fjársamgöngur eru á allar hliðar. Það er augljóst, að þó að útrýmingarböðun fari fram á takmörkuðu svæði, þá er sáralítið gagn að því og getur aldrei komið öllu landinu að gagni.

Hv. þm. var að tala um, að í kostnaðinum árið 1934 væri innifalin útrýmingarböðun í Rangárvallasýslu, og skal ég ekkert um það segja. Ég hygg þó, að það sé ekki, því að kostnaðurinn 1933 var 3 þús. kr. meiri. Ef slík útrýmingarböðun hefir farið fram, þá hygg ég, að sá kostnaður sé ógreiddur, en um það getur hv. 1. þm. Rang. gefið upplýsingar.

Hv. þm. var að tala um aukið öryggi við að baða fé í sundþró. En í því er ekki fólgið meira öryggi, en ég skal viðurkenna, að það er þægilegra en í öðrum baðkerum og kostar minna baðlyf. En á annan hátt er það ekkert betra.

Hv. þm. vildi gera mikið úr þeirri hættu, sem fénu stafaði af böðuninni vegna óheilbrigði í fénu. Ég vil þá benda á það, að sumstaðar fer fram tvöföld böðun, og ef hér er um að ræða háska fyrir heilbrigði fénaðarins, þá ætti hann að koma í ljós við þessa tvöföldu böðun. Ef þetta er hættulegt fyrir heilbrigði fénaðarins, þá er það mikil mótsögn hjá hv. þm., þegar hann telur, að hættulaust sé að reka fé á milli bæja upp úr böðuninni. En ef hér er um að ræða hættu fyrir heilbrigði fjárins, þá liggur hún fyrst og fremst í þessari aðferð.

Ég sé ekki ástæðu til þess að þræta lengur um þetta mál, því að það liggur ljóst fyrir. Ágreiningurinn er fyrst og fremst um það,

hvort taka eigi alvarlega á þessu máli, eða játa það „danka“ í svipuðu horfi og nú er. Ég fullyrði, að í till. hv. þm. Borgf. og meðflm. hans er engin örýggisráðstöfun önnur en sú, að nota á ákveðið baðlyf. Ég skal játa, að það atriði getur haft mikla þýðingu, en þrátt fyrir það er það engan veginn öruggt, að reynsla fáist fyrir því, hvort hægt er að útrýma fjárkláðanum eða ekki.

Umr. frestað.

Á 25. fundi í Nd., 11. marz, var fram haldið 3. umr. um frv. (A. 74, 89, 107).

Of skammt var liðið frá útbýtingu brtt. 107. — Afbrigði leyfð og samþ. með 18 shlj. atkv.

Gísli Sveinsson [óyfirl.]: Herra forseti! Ég á hér brtt. við þetta frv., og er skjótt af að segja, að ég tel, eins og þessum málum er nú komið, og ástandið í landinu er með kláðann, að í fyrsta lagi sé það rétt, að þetta frv., sem hv. landbn. hefir komið með, nái ekki fram að ganga, og sé ég ekki, að hún bæti mikið úr með brtt. minum á þskj. 108, en hinsvegar tel ég, að það mundi fullnægja, og fyrst um sinn vera rétt, að samþ. brtt. þær, sem nú liggja fyrir á þskj. 89, frá tveimur hv. þm. Ég mun því greiða þeim brtt., sem að vísu umsteypa frv., atkv. mitt, en hefði þó viljað tryggja, að málið félli ekki, ef þær næðu ekki fram að ganga, í sama óheillafarið og það nú er í, að því er snertir till. landbn., sem nú liggja fyrir.

Ég tel, að það ákvæði í 1. gr. frv., sem samþ. var við 2. umr. málsins hér í hv. d., nái ekki tilgangi sínum, sem að vísu gekk í þá átt að fullnægja óskum okkar, sem ekki viljum skylda héruð, sem laus eru við þenna ófögnuð, til þess að ráðast í mikinn og óbærilegan kostnað, með öllum þeim afleiðingum, sem leiðir af böðun sauðfjár. Ég flyt því brtt. á þskj. 107, sem skilyrðislaust undanskilur þau héruð, þar sem kláða hefir ekki orðið vart síðustu 5 árin. Ef fylgt hefði frá hv. landbn. það álit, og svo góð ummæli eins og vænta hefði mátt, að hún meinti með sinni till., að það skyldi undanskilja þau héruð, þó að orðalagið gefi annað til kynna, þá hefði ég sætt mig við það, en það hefir ekki komið fram, og gerir líklega ekki, svo að það fullnægi mér og öðrum, því að ákvæðið í síðari mgr. 1. gr. eins og það er, er allt of loðmullulegt.

Í fyrsta lagi er ráðh. heimilt að undanskilja þessi svæði, og í öðru lagi er það lagt undir dóm Búnaðarfélagsins, hvort það sé óhætt, eða um smitun af sýktu fé úr öðrum héruðum geti verið að ræða. Það er vitanlega ekki hægt að dæma um það — og hvar er sá staður á landinu, sem ekki getur verið um smitunarhættu að ræða?

En mér skildist það ekki meiningin hjá hv. landbn., að hún ætti með þessu að útrýma kláða, sem alls ekki er til. M. ö. o., útrýmingin eigi að gilda svo viðtækt, að það megi ekki vera álit fyrir hendi um það, að komið geti til mála, að nokkurntíma geti sýkzt fé á einhverju svæði, sem ætti að undanskilja, af fé á öðrum svæðum. Þessi málsgr. leggur það í vald Búnaðarfél. og ráðh., hvort böðun á að fara fram um land allt og íþyngja þannig um skör fram þeim héruðum, sem eiga að vera laus allra mála.

Það er að vísu gefið, að það hérað, sem sjálfsagt er að undanskilja, eru báðar Skaftafellssýslurnar, sem að vitund allra manna eru þau héruð landsins, þar sem ekki er kláði, en það geta þó verið önnur svæði, þar sem engin ástæða er til að ráðast í þetta, þó að það séu ekki heilar sýslur, heldur aðeins einstakir hreppar. Það er nokkur mismunur á því, hvort allt er morandi í kláða eða aðeins ein eða tvær kindur koma með kláða á hausti, og það kannske hrútar, sem hafðir eru inni, og alveg ástæðulaust að fyrirskipa allsherjar böðun, þó að slík tilfelli komi fyrir. Það segja mér skilríkir menn úr ýmsum héruðum, að víða séu til þau svæði, þar sem ekki er kláði, eins og t. d. í sumum hreppum Múlasýslna, Barðastrandarsýslu og hér á Suðurlandsundirlendinu í Árnessýslu.

Það getur verið, að þetta mál nái ekki fram að ganga, og er þá betur en nú horfir, þó að þeim þyki kannske súrt í broti, er um þetta eiga að fjalla. En ég vil undanskilja mig og mitt hérað frá því, að verið sé að lögbjóða um það, sem ekki á sér stað. Þar sem kláði er á annað borð, verður honum vart útrýmt með einni böðun, enda gerir frv. ráð fyrir, að það misheppnist og fari þá önnur böðun fram, og ef á að fara að þröngva héruðum, sem eru „hrein“, að endurtaka böðun hvað eftir annað, þá vil ég ekki standa að þeim leik.

Bjarni Ásgeirsson [óyfirl.]: Ég skal ekki fara mörgum orðum um þetta mál, því að ég álít, að hv. frsm. landbn. í þessu máli hafi svarað öllu því, sem svaravert er af því, sem hv. andstæðingar málsins hafa haldið fram, en það er aðeins út af brtt. hv. þm. V.-Sk., sem ég vil segja nokkur orð.

Ég vil benda á, að það kemur skýrt fram í hans till., eins og kemur fram í öllum till. andstæðinga þessa máls, að það, sem vakir fyrir þeim, er alls ekki að útrýma kláðanum, heldur eins og þeir orða það: að halda kláðanum í skefjum. Þeir geta ekki hugsað sér að útrýma honum, en þeir vilja samt ekki, að hann fari upp úr.

Það, sem mér finnst aðallega hættulegt við þessa till. hv. þm. V.-Sk., er, að allt, sem óljóst er í 1. gr. frv. eins og hún nú er orðuð, er jafnóljóst hjá honum. Hann talar um að undanskilja svæði, þar sem kláða hefir ekki orðið vart í síðustu 5 ár, án þess að taka nokkuð fram um, að um smitunarhættu geti verið að ræða frá nærliggjandi sveitum. Við getum t. d. hugsað okkur einn hrepp í sýslu, þar sem allt er morandi af kláða, svo lánsaman, að þar hafi ekki orðið vart kláða í síðustu 5 árin. Í 1. gr. er heimild til að undanþiggja útrýmingarböðun þau héruð, þar sem kláðans hefir ekki orðið vart síðustu fimm árin. En þar, sem þannig er háttað, getur hættan á smitun verið yfirvofandi frá ári til árs, og hreinasta hundaheppni,

að kláðinn skuli ekki hafa gert vart við sig. Þess vegna er ákvæði um það í 1. gr., að aðeins þær sveitir, sem minnstar líkur eru til, að fyrir smitun geti orðið, að dómi Búnaðarfélags Íslands, skuli undanþegnar böðuninni, því að þótt kláðinn finnist ekki við haustskoðun, getur verið, að hann leynist þar og komi fram eftir að böðun er um garð gengin. Væri þá allt það samgangnasvæði þeirri hættu undirorpið að fá kláðann aftur, þótt búið væri að útrýma honum með böðun.

Hv. þm. var að tala um, að með ákvæði þessarar gr. myndi eiga að fyrirbyggja smitun um aldur og ævi. Það er að sjálfsögðu ekki meiningin, heldur að ekki sé smithætta af næstu kláðasvæðum, sem orðið geti til að valda sýkingu.

Allt, sem hv. þm. hyggst að vinna með brtt. sínum, er þegar tryggt í 1. gr. frv. En áhættan við að samþ. till. er svo mikil, að ekki nær nokkurri átt að gera það, ef nokkur útrýmingarböðun á á annað borð að eiga sér stað.

Hv. þm. virtist hræddur um, að ráðh. myndi láta ónotaða heimildina í 1. gr. til að veita undanþágu frá böðun þeim héruðum, þar sem kláðans hefir ekki orðið vart síðustu fimm árin. En ég get fullvissað hann um það, að svo mikill áróður mun verða frá hálfu héraðanna, sem til greina geta komið í því tilfelli, að engin ríkisstj. myndi sjá sér fært að láta þá heimild að ástæðulausu ónotaða.

Fyrir mitt leyti, og ég hygg að öll landbn. sé sömu skoðunar, legg ég því á móti brtt., en vona, að frv. n. verði samþ.

Guðbrandur Ísberg: Í umr. hefir ekki verið minnzt á till. landbn. á þskj. 108. Um þær hefir heldur engin ákvörðun verið tekin á nefndarfundi, en tveimur nm. var falið að gera athugun og breyt. á frv. vegna þess að láðst hafði að ákveða um framkvæmd böðunarinnar í kaupstöðum, þótt hinsvegar væri gert ráð fyrir, að böðun færi fram um land allt. Þessar brtt. lúta því einungis að því.

Hvað snertir brtt. hv. þm. V.-Sk. á þskj. 107, þá er ég henni alveg mótfallinn, og það af þeirri ástæðu, að ég get ekki séð, að ekki megi rannsaka, hvaða svæði óhætt sé að undanskilja böðun. Það hefir verið fullyrt, að fé úr Rangárvallasýslu, og þar hefir verið mikið um kláða, hafi samgang við fé úr Skaftafellssýslum, og þótt ekki hafi orðið vart kláða þar, ef honum er þá ekki leynt, þá getur hann borizt þangað hvenær sem er.

Ég sé ekki ástæðu til að fjölyrða mikið um þetta, en vil einungis benda á eina staðreynd. Allsherjarböðun fór hér fram árið 1904, og að kunnugra manna dómi tókst hún svo, að kláði lifði ekki eftir nema á tveim stöðum. Ef þær ráðstafanir hefðu þá verið gerðar og þeim ákvæðum beitt, sem í þessu frv. felast, þannig að tekið hefði verið fyrir hæfilega stórt svæði, þar sem kláðinn kom upp, og baðað að nýju, hefði honum verið útrýmt að fullu og öllu. Þetta var fyrir 30 árum. Þá var notað baðlyf, sem talið er að standi langt að baki þeim tegundum, sem nú eru þekktar. Svo kemur hv. þm. V.-Sk. og segir, að til séu heil héruð, þar sem kláðinn sé svo magnaður, að honum verði ekki útrýmt með neinni böðun. (GSv: Með einni böðun). Hafi hann sagt það, hefir mér misheyrzt, en hitt var óneitanlega í þeim anda, sem andmælendur málsins hafa talað, og kom mér það því ekki á óvart, þótt hann notaði svo sterk orð. Þegar rökin brestur, er jafnan gripið til fullyrðinga. (**HannJ:** Það var ein böðun 1904). Já, og af því að ekki tókst með einni böðun að útrýma kláðanum 1904, er nú gert ráð fyrir tveimur, og þá baða á hæfilega stórum svæðum, til þess að örugg vissa fáist um útrýminguna.

Viðvíkjandi brtt. á þskj. 89, frá hv. þm. Borgf. og hv. þm. A.-Sk., þá ganga þær í þá átt, að færa þetta frv., sem hér liggur fyrir, inn í gildandi l. frá 1914, um þrifaböðun. En þetta frv. hreyfir ekkert við þeim l., og ef farið er að samþ. þær, er komið inn á allt annað svið. (GSv: Má ekki breyta l.?). Ég vil því leggja til, að allar brtt. á þskj. 89 og 107 verði felldar.

Gísli Sveinsson [óyfirl.]: Svo að ég aðeins minnist á ummæli hv. þm. Ak. viðvíkjandi till., sem ég stend ekki að, en ætla að greiða atkv., þá eru þær till. í alla staði frambærilegar og réttar, og hann veit það, hv. þm., að það er aðferð, sem bæði er nothæf og notuð til þess að koma ákveðnum breyt. inn undir þær umr., sem hníga að sérstöku frv., sem fram hefir verið borið, að gera við það brtt., þótt þær séu um annað efni og færi málið inn á annað svið. Það er rétt, að þótt brtt. þessar séu að formi til við frv., þá hníga þær að því að breyta gildandi l., enda segir í brtt., að þau l. skuli falla úr gildi. Ég skil ekki, að brtt. verði hrundið af þeim ástæðum. Það er ekkert hneykslanlegt í þeim formlega séð frá þingsins sjónarmiði. En þeim er illa við till., landbn.-mönnum, af því að það barnar alveg söguna fyrir þeim. Nú er hætta mikil á, að þetta nái fram að ganga, þótt e. t. v. verði ekki svo í þessari d., og hætt við, að frv. landbn. mæti andstöðu nokkurri í Ed.

Minar brtt. skal ég ekki ræða frekar en orðið er. Það er misskilningur, að þau héruð, sem alla tíð hafa reynzt laus við kláðann, eigi ekki heimtingu á því að vera undanskilin, þegar gera á þessa gangskör að því að útrýma honum. Það er ranglæti, ef þau verða ekki undanskilin. En það er ekki hægt fyrir héruðin að verja sig með því, að um smithættu eða líkur til smithættu geti ekki verið að ræða, því að alltaf má segja, að smithætta stafi af samgangi fénaðarins. Það á því að dæma eftir því, sem fram hefir komið, þ. e. a. s. hvort kláðans hefir orðið vart í héruðunum eða ekki. Til hvers halda hv. þm., að rannsókn á þessu efni hafi verið framkvæmd fyrir 1—1½ ári síðan? Auðvitað til að komast að raun um, hvar kláðans hefir orðið vart og hve mikið. Það þarf ekki að útrýma kláða þar, sem enginn kláði er. Það er hættulegt eftir svona yfirlýsingar frá hv. landbn.-mönnum að samþ. 2. lið 1. gr., um að þessi og þessi eigi að ráðstafa um þetta og þetta til þess að hindra, að þeim tilgangi laganna verði náð, að **undanskilja böðuninni algerlega hrein**

svæði. Úr því að hv. landbn. hefir hér lýst yfir því, að það sé meiningin að taka hin ósýktu svæði einnig og láta fara þar fram böðun, er full ástæða til að taka gleggra til orða, svo að ótvírætt komi fram, hver sé tilætlunin.

Ég geri ráð fyrir því, að þeir, sem ekki vilja ganga inn á frv. n., samþ. fyrst þær brtt., sem fyrir liggja frá hv. þm. Borgf. og hv. þm. A.-Sk., og síðan, ef þær till. yrðu felldar, a. m. k. gangi inn á að samþ. till. á þskj. 107.

Guðbrandur Ísberg: Ég vil bara spyrja hv. þm. V.-Sk., hvaðan honum kemur heimild til að halda því fram, að við landbn.-menn ætlumst til, þrátt fyrir framkomna brtt. okkar við 1. gr., að undantekningarlaust verði baðað á öllu landinu? Við höfum gengið inn á það og lýst yfir því, að ef svæði finnast, sem kláða hefir ekki orðið vart á síðastl. fimm ár, og að dómi Búnaðarfélags Íslands er óhætt að sleppa við böðun, skuli það gert. Hvaðan er sú vizka hv. þm. V.-Sk., að eftir sem áður sé það okkar tilætlun, að böðun fari fram á þessum svæðum sem öðrum?

Það er undarleg fullyrðing, bæði hjá þessum hv. þm. og ýmsum fleiri, að halda því fram, að frv. nái ekki samþ. Það hefir nú þegar gengið í gegnum 2. umr. og verið samþ. með yfirgnæfandi meiri hl., og svo mun enn verða. Og hvað því viðvíkur, að það verði fellt í hv. Ed., þá efast ég um, að þessi hv. þm. geti sagt Ed. fyrir verkum. Við sjáum nú, hvað setur. Það er nægur tími að segja um afdrif málsins í Ed., þegar þangað kemur.

Gísli Sveinsson [óyfirl.]: Ég skal svara þessari fyrirspurn hv. þm. Ak. Það, sem ég gat um, kemur fram í skýringum þeirra landbn.-manna á ákvæðum frv., sérstaklega þó því ákvæði, sem komst inn í 1. gr. við 2. umr., þar sem bersýnilega er ætlazt til þess, að ekkert gangi undan, því að vitanlega er ekki sú sveit til, þar sem ekki geti verið um smitunarhættu að ræða hvenær sem er. (**BÁ:** Það er átt við líkur til smitunarhættu). Já, einmitt. Líkurnar eru alltaf miklar fyrir hendi. En ég vil ekkert slíkt hafa í frv. Það á að fara eftir fenginni reynslu. Eftir mínu áliti þyrfti ekki neina nýja rannsókn á þessu. N. ætlar ráðh. að dæma um þessi atriði. Það á að fara eftir þeim niðurstöðum, sem rannsóknin leiddi í ljós. Sú rannsókn, sem þegar hefir fram farið, sýnir okkur glöggt, hvaða svæði eru kláðalaus. En ef á að fara fram ný rannsókn, þá á að láta niðurstöður hennar gilda, en ekki ímyndanir — e. t. v. ekki kláðasjúkra, en kláðaáfjáðra — manna um, að þarna skuli baða, þarna geti verið um smitunarhættu að ræða, ef ekki í október, þá geti hún vel verið fyrir hendi í nóvember, o. s. frv. Þarna er komið á svo hálan ís gagnvart héruðunum, að við viljum fá skýrt og ákveðið að vita, hvað ætlazt er til, að gert verði.

Ég taldi sennilegt, að till. landbn. yrðu felldar. Í því felst ekki annað en von mín til skynsemi og réttsýni mannanna, en ef þetta mál yrði samþ., taldi ég sjálfsagt, að hv. Ed. myndi taka þetta mál alvarlegar en þessi d. hefir þá gert. — Ég vona hins bezta, en læt svo skeika að sköpuðu.

Guðbrandur Ísberg: Það kom fram í síðustu ræðu hv. þm. V.-Sk., að hann ætlast til þess, að farið verði eftir þeirri rannsókn, sem fram fór fyrir 1—1½ ári, þegar ákveðið verður, hvar nauðsynlegt sé að baða og hvar ekki. Ég lýsti nokkuð um daginn þessari rannsókn, og hygg ég hv. þm. þá hafa verið við, svo að ég hirði ekki að endurtaka það. En fyrst hann vill láta fara eftir 1—1½ árs gömlum athugunum, þá skil ég, hvað hann er að fara í þessu máli. Það er ekkert annað en tilraun til að þvæla málið og bera fram hógværar óskir um, að það verði ekki afgr. En það tel ég rökþrot, þegar talað er um athuganir, sem fram skuli fara í þessu máli, að vísa til nauðaómerkilegrar rannsóknar, sem fram fór fyrir hálfu öðru ári. (GSv: Lögreglustjórarnir áttu að sjá um, að rannsóknin færi vel fram. Hefir þessi lögreglustj. þá vanrækt það?). Um þetta atriði vil ég leyfa mér að vísa til þess, að þegar ég spurðist fyrir um skýrslurnar í ágústmánuði, í tilefni af því, að stjórnarráðið krafði mig um skýrslur úr mínu héraði, sem ég hafði sent fyrir löngu, var mér sagt, að ég væri eini sýslum., sem sent hefði skýrslur. (GSv: Þær hafa þá verið ófullkomnar. — **BÁ:** En hjá sýslum. í V.-Skaftafellssýslu?).

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 26. fundi í Nd., 12. marz, var frv. tekið til frh. 3. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 27. fundi í Nd., 13. marz, var enn fram haldið 3. umr. um frv.

ATKVGR.

Brtt. 89,1 felld með 14:13 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: SE, ÞorbÞ, ÁÁ, BB, EystJ, FJ, GÞ, GG, GSv, JJós, PÞ, PO, JörB.

nei: SK, TT, BJ, BÁ, EmJ, GÍ, GTh, HannJ, HV, JónP, JS, MT, PZ, PHalld.

SigfJ greiddi ekki atkv.

Fimm þm. (StJSt, JakM, JÓl, JG, ÓTh)) fjarstaddir.

Brtt. 89,2—10 teknar aftur.

— 107 samþ., með 16:12 atkv. að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: PÞ, PHalld, PO, SE, SK, ÞorbÞ, ÁÁ, BJ, BB, EystJ, FJ, GÞ, GG, GSv, HV, JJós.

nei: PZ, SigfJ, TT, BÁ, EmJ, GÍ, GTh, HannJ, JónP, JS, MT, JörB.

Fimm þm. (ÓTh, StJSt, JakM, JÓl, JG) fjarstaddir.

Brtt. 108,1 samþ. með 18:2 atkv.

— 108,2.a—b samþ. með 19:1 atkv.

— 108,3 samþ. án atkvgr.

Frv., svo breytt, samþ. með 15:8 atkv. og afgr. til Ed.

Á 25. fundi í Ed., 14. marz, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 130).

Á 27. fundi í Ed., 16. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 9 shlj. atkv. og til landbn. með 10 shlj. atkv.

Á 35. fundi í Ed., 26. marz, var frv. tekið til 2. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 36. fundi í Ed., 27. marz, var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 130, n. 264).

Frsm. (Bernharð Stefánsson): Þetta frv. er flutt af landbn. Nd. og gekk í gegnum þá deild lítt breytt. Landbn. Ed. hefir athugað frv. og mælir með því, að frv. verði samþ., þótt einstakir nm. áskilji sér rétt til að bera fram eða fylgja brtt. við það. Býst ég við, að sá fyrirvari eigi einkum við eitt atriði í frv., í síðari málsl. 1. gr., sem bætt var inn í frv. í Nd., þar sem heimilað er að undanskilja útrýmingarböðuninni þau svæði, þar sem fjárkláða hefir ekki orðið vart síðustu 5 ár. Má því vænta þess, að brtt. um þetta komi fram við 3. umr.

Það er kunnara en frá þurfi að segja, að fjárkláðinn hefir valdið allmiklu tjóni og leiðindum hér á landi undanfarin ár, og mun heldur vera að ágerast. Þetta hefir kostað bæði ríkið og einstaklinga allmikið fé, jafnvel ár eftir ár. Landbn. hefir því litið svo á, að heppilegast væri fyrir þjóðfélagið að hefjast handa um algerða útrýmingu fjárkláðans með allsherjar útrýmingarböðun. Tvennt gæti þó mælt á móti þessu. Annað er kostnaður ríkis og sveitarfélaga, sem hlýtur að verða talsverður í bili, og hitt er óþægindi þau, sem slík böðun gerir einstökum bændum, þar sem sýkin hefir ekki gert vart við sig að ráði.

Um kostnaðinn get ég ekki fullyrt, en því hefir verið slegið fram í Nd., án þess að móti hafi verið mælt, að líklegt væri, að baðlyfin kostuðu 50—70 þús. kr. alls. Af þeirri upphæð á ríkissjóður að greiða helming. Myndi kostnaður hans því nema 25—35 þús. kr. Sýslusjóðir eiga að bera nokkurn kostnað, en þeir bera einnig kostnað af kláðaeftirlitinu, eins og nú er. Kostnaður hreppsfélaga getur ekki orðið tilfinnanlegur. Hinu verður ekki neitað, að slík böðun myndi baka bændum allmikla fyrirhöfn og aukna heyeyðslu. Síðari ástæðan er jafnvel svo rík, að óráðlegt verður að teljast, að leggja út í böðun eftir slæmt sumar. Enda er engin skylda samkv. frv. að láta böðunina fara fram á næsta vetri.

En þegar metið er það, sem mælir með og móti slíkri böðun, verður niðurstaðan sú, að þrátt fyrir alla annmarka sé ekki í það horfandi að láta böðunina fara fram og losa sig með öllu við fjárkláðann, ef unnt er, og því leggur n. til, að frv. sé samþ.

Að vísu verður að játa það, að óvíst er um það, hvort sá tilgangur næst, að útrýma fjárkláðanum með öllu. Laust eftir síðustu aldamót var gerð ein rækileg tilraun til þess að losna við kláðann. Sú tilraun mistókst að nokkru leyti, eins og sést á því, að fjárkláðinn er enn í landinu og fer vaxandi. En þótt hin svonefnda Myklestaðsböðun bæri ekki fullan árangur, þá bar hún þó mikinn árangur. Fjárkláðanum var með öllu útrýmt í mörgum héruðum, þótt síðasti kláðamaurinn yrði ekki drepinn. Verð ég því að segja, að ef sú böðun, sem frv. gerir ráð fyrir, ber eigi minni árangur, þá teldi ég þó betur af stað farið en heima setið. En þó eru nú meiri líkur en þá fyrir fullum árangri af böðuninni. Þekking á þessum efnum hefir farið vaxandi, tæki og aðstaða er betri en þá. Annars var það eitt, sem ég ætla, að hafi verið aðalástæðan til þess, að böðunin mistókst í fyrra skiptið. Ástæðan var sú, að böðunin fór fram á tveimur vetrum, og þótt verðir væru hafðir á takmörkum svæðanna, þá mun það ekki hafa verið fullnægjandi til að varna samgangi hins baðaða og óbaðaða fjár. Ég hefi sérstaka ástæðu til að ætla þetta vegna reynslu úr mínu héraði. Fyrri veturinn var baðað austan Héraðsvatna, en hinn síðari að vestan. Þegar kláðans varð aftur vart í Eyjafirði, mátti rekja slóð hans í Skagafjörð. — Ég sé ekki ástæðu til frekari umr. og óska málinu vísað til 3. umr.

Þorsteinn Þorsteinsson: Ég er ekki allskostar ánægður með frv. það, sem fyrir liggur, en hefi þó ekki borið fram breytingar við það, af því að ég tel hættu á því, að það fái ekki afgreiðslu fyrir þingfrestunina, ef það fer til Nd. aftur.

Ég er þakklátur frsm. fyrir þann góða hug, sem kom fram hjá honum í þá átt, að losna við þann vágest, sem fjárkláðinn er, og hefi ég ekki miklu við það að bæta, er hann sagði.

Mér líka vel ákvæði 7. gr. um það, að láta ekki sitja við eina útrýmingarböðun, ef hún ber ekki fullnægjandi árangur, en það, sem spillti árangri af böðuninni eftir aldamótin, var einmitt það, að ekki var látin þegar fara fram önnur útrýmingarböðun á þeim bæjum, þar sem kláðinn gaus upp aftur, og bæjunum í kring. Ég álít þetta ákvæði því til mikilla bóta.

Ég hefi mikla von um, að þessi böðun takist a. m. k. ekki verr en sú fyrri eftir aldamótin, því að baðáhöld öll eru miklu fullkomnari nú en þá.

Út af því, sem hv. frsm. sagði um kostnað ríkissjóðs, að hann myndi geta orðið um 35 þús. kr., vil ég benda á það, að ríkissjóður greiðir nú árlega vegna fjárkláðans á 2. tug þúsunda. Það er því hátt reiknað, að aukin útgjöld af böðuninni yrðu yfir 20 þús. kr. En ef böðunin tekst, hverfa hin árl. útgjöld alveg af ríkissjóði, svo að hér er um hreinan sparnað að ræða.

Þá vil ég minnast á heimild þá, sem í frv. er til að undanskilja svæði, þar sem fjárkláðans hefir ekki orðið vart síðustu 5 ár. Þetta er að vísu ógreinilega orðað, en ég býst við, að hér sé átt við sýslur, þar sem fénaður gengur ekki á milli af sjálfsdáðum. Þætti mér gott að heyra álit frsm. um þetta.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 9:1 atkv.
2.—9. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 9 shlj. atkv.

Á 38. fundi í Ed., 30. marz, var frv. tekið til 3. umr. (A. 130, 322).

Of skammt var liðið frá útbýtingu brtt. 322. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10:1 atkv.

Páll Hermannsson: Ég hefi leyft mér að flytja brtt. við frv. þetta. Fyrri brtt. er við 1. gr. frv., þess efnis, að síðari málsl. falli niður, en þar segir svo, að undanskilja megi frá útrýmingarböðun þau svæði á landinu, þar sem kláða hefir ekki orðið vart í sauðfé síðustu 5 árin. Nú skilst mér, að meiningin með frv. þessu sé sú, að taka alveg fyrir rætur fjárkláðans, útrýma honum með böðunum alveg úr landinu. Hvort það megi takast, eru skoðanir manna skiptar um. Á því getur aftur enginn vafi verið, að eigi að ná þessu takmarki með frv., að útrýma fjárkláðanum með öllu, þá er það með ákvæði 1. gr. gert ókleift, því að engar sannanir eru fyrir því, að smitun geti ekki átt sér stað frá þeim héruðum, sem undanþegin kunna að verða baðskyldunni, enda þótt fjárkláða hafi ekki orðið vart þar síðustu 5 árin, því að það er alkunnugt, að kláðinn getur legið niðri um lengri og skemmri tíma. Er því engin trygging fyrir því, að hann geti ekki gosið þar upp þegar minnst vonum varir. Hinsvegar skal ég játa, að þar, sem svo hagar til frá náttúrunnar hendi, eins og t. d. sumstaðar í Skaftafellssýslum, að engar samgöngur á milli sauðfjár við önnur héruð geta átt sér stað, og fjárkláða hefir aldrei orðið þar vart, þá sé sjálfsagt að undanþiggja þau svæði frá útrýmingarböðun.

Verði frv. þetta að lögum, þá verður hér aðeins um heimildarlög að ræða fyrir stj. Mér skilst því, að hún myndi samkv. þeim hafa heimild til þess að undanþiggja frá útrýmingarböðun þau svæði, sem af völdum náttúrunnar eru lokuð frá samgöngum við önnur héruð, þrátt fyrir það, þó að þetta umrædda ákvæði 1. gr. yrði fellt niður. Ef til framkvæmda kæmi um útrýmingarböðun, myndi stj. að sjálfsögðu hafa sér til aðstoðar sérfræðing, sem þá gæti jafnframt leiðbeint henni um það, hvar hagaði svo til, að útrýmingarböðun væri óþörf.

Eins og ég þegar hefi tekið fram, þá greinir menn allmjög á um það, hvort hægt sé að útrýma fjárkláðanum algerlega. Sumir telja það ekki hægt, og því beri að herða á þrifaböðunum meira en gert hefir verið, og í þá átt fer frv. á þskj. 131. Flm. þess líta svo á, að fjárkláðanum verði ekki útrýmt, a. m. ekki að svo komnu. Hvernig sem menn annars líta á þetta mál, þá býst ég við, að allir geti verið á einu máli um það, að frv. þetta, a. m. k. eins og 1. gr. þess er orðuð nú, geti ekki orðið til þess, að fjárkláðanum verði útrýmt.

Þá er brtt., sem snertir kostnaðarhlið málsins. Í 4. gr. frv. er svo um mælt, að baðlyfin skuli greiðast að helmingi úr ríkissjóði og að helmingi af fjáreigendum. Þá er og svo um mælt í 6. gr., að takist ekki að útrýma kláðanum við fyrstu böðun, þá skuli tafarlaust fara fram útrýmingarböðun aftur. Það kann nú að vera, að það sé ekki ósanngjarnt að láta fjáreigendur greiða nokkurn hluta af verði baðlyfjanna, þegar ekki þarf að baða nema einu sinni, því að ein böðun má jafnframt teljast þrifaböðun. En fjáreigendur verða að greiða töluvert fyrir utan verð baðlyfjanna, og er sá aukakostnaður sérstaklega fólginn í ýmiskonar útbúningi í sambandi við baðanirnar. Það þurfa að vera baðtæki eða sundþrær á hverju heimili, því að ekki má gera ráð fyrir, að hægt sé að reka féð á milli bæja, þegar um útrýmingarböðun er að ræða. Það myndi ekki þola neinn rekstur. Þá má og gera ráð fyrir, að útrýmingarböðun myndi hafa í för með sér töluvert aukna heyeyðslu umfram venjulega, því að gefa þarf fénu inni á milli baðananna, og eftir þær. Ennfremur má ganga út frá ýmsum óbeinum kostnaði, svo sem verri heilsu á fénaðinum og þar af leiðandi minni afurðum af honum. Með tilliti til þessa hefi ég látið haldast óbreytt ákvæði 4. gr. um, að fjáreigendur skuli greiða helminginn af baðlyfjakostnaðinum, þegar þeir sleppa með eina böðun fyrir fénað sinn. En þegar svo ber til, að fyrirskipa þarf tvær baðanir, eins og frv. heimilar, þegar þess gerist þörf, þá hefi ég lagt til, að ríkissjóður verði látinn greiða allan kostnaðinn vegna baðlyfjanna í seinni böðunina, því að þá böðun er ekki hægt að telja þrifaböðun. Þó að þetta verði samþ., þá býst ég ekki við, að hlutur þeirra, sem fyrir því verða að þurfa að láta tvíbaða fénað sinn, verði of góður samt.

Mér hefir skilizt á nál. landbn., að fyrir henni hafi vakað að bera fram einhverjar breyt. á frv., sem jafnvel myndu ganga í svipaða átt og brtt. mínar. Vænti ég því, að hv. n. styðji brtt. mínar, því að þær eru á fullum rökum byggðar.

Frsm. (Bernharð Stefánsson): Brtt. þessum á þskj. 322 var útbýtt fyrst nú á fundinum; hefir landbn. því ekki getað tekið afstöðu til þeirra. Til þess hefir enginn tími verið. Það var rétt, sem hv. 1. þm. N.-M. gaf í skyn, að það kom til orða í landbn. að flytja jafnvel brtt. við frv., sem gengju í svipaða átt og brtt. þær, sem hv. þm. hefir nú flutt, sérstaklega þó að því er snertir fyrri brtt. Í þessu sambandi vil ég geta þess, að ef farið væri nú að breyta frv., þá myndi það ekki ná samþykki áður en þinginu verður frestað, og með því væri útilokað, að af framkvæmdum gæti orðið næsta vetur. En það teldi ég svo mikinn galla, að ég þori ekki að breyta frv., tel það ekki ráðlegt, nema þá því aðeins, að um mjög nauðsynlega breyt. væri að ræða. En slík breyt. virðist mér ekki liggja hér fyrir. Ég verð því að taka það fram f. h. okkar nm., að við teljum ekki óhjákvæmilega nauðsynlegt að fara að breyta frv. nú, eftir því sem fyrir liggur. Ég skal játa, að ég fellst á ástæður þær, sem hv. 1. þm. N.-M. færði fyrir brtt. sínum, en ég tel, að það megi ná því sama, sem fyrir honum vakir, með framkvæmd málsins, og því sé ég ekki bráðnauðsynlegt að fella niður síðari málsl. 1. gr. frv. Það er alveg rétt hjá þessum hv. þm., að það væri kák eitt að framkvæma útrýmingarböðun á þann veg, að láta böðun falla niður í heilum sýslum, að eins ef fjárkláði hefði ekki verið talinn finnast þar síðustu 5 ár, og það þótt fé á því svæði hafi haft samgöngur við fé í öðrum héruðum. Ég geri

bara alls ekki ráð fyrir, að ákvæði 1. gr. verði skilið svo, að heimilt verði að undanþiggja frá útrýmingarböðun fénað, þar sem féð hefir samgöngur við fé í öðrum héruðum, heldur á þann veg, að þar sem undanþágan verður heimiluð, stafi fénu engin hætta af samgöngum við annað fé. Inn á þetta kom hv. þm. í ræðu sinni. Hann benti á, að sumstaðar hagaði svo til hér á landi, að héruð væru svo innilokuð af völdum náttúrunnar, að fé þaðan gæti engar samgöngur haft við fé úr öðrum héruðum. Það er einmitt þetta, sem átt er við með undanþáguákvæði 1. gr., að útrýmingarböðun skuli alstaðar fara fram um land allt, nema þar, sem svo er háttað af völdum náttúrunnar, að fé getur ekkert komizt út af vissu svæði, er algerlega einangrað frá samgöngum við annað fé, og kláði hefir ekki fundizt þar síðustu 5 árin. Með þessum skilningi á undanþáguákvæði 1. gr. greiði ég frv. atkv. óbreyttu, þó ég hinsvegar telji þetta undanþáguákvæði, sem sett var inn í 1. gr. frv., algerðan óþarfa, og hefði verið með að fella það burt, ef ekki hefði svona sérstaklega staðið á um þinghaldið.

Sama er að segja um síðari brtt. hv. þm., að ég tel hana ekki fjalla um svo stórvægilegt atriði, að tefja beri frv. hennar vegna, því að það er tæplega hægt að gera ráð fyrir, að tvíbaða þurfi á svo stórum svæðum, að þetta skipti máli. Annars er ég og þeirrar skoðunar, að sanngjarnt verði að teljast, að fjáreigendur greiði helminginn af baðlyfjakostnaðinum, því að þeir eiga að koma til með að hafa margfaldan hag af því, að fjárkláðanum verði útrýmt.

Það er aldrei nema rétt hjá hv. 1. þm. N.-M., að með frv. þessu, ef að lögum verður, eru lagðar nokkrar kvaðir á fjáreigendur, en þess ber þá jafnframt að gæta, að þeim er líka ætlað að hafa hlunnindi af því, sem eru mikils virði, sem sé að losna við þennan mikla vágest, sem fjárkláðinn er.

Ég fæ ekki skilið, að það geti verið mikil útgjöld fyrir fjáreigendur að afla sér böðunartækja, því að ég þekki þess vart dæmi, að ekki séu einhver baðtæki til á hverjum bæ, þar sem sauðfé er til á annað borð. Það er vitanlega rétt, að sundþrær eru ekki á hverjum bæ, en það eru þá til önnur tæki, sem notuð eru við þrifabaðanirnar og bjargast má við við útrýmingarböðun. Ekki voru sundþrær almennar við hina fyrri útrýmingarböðun.

Hitt er vitanlega rétt, að það er aukin heyeyðsla fyrir bændur, þar sem fara þurfa fram tvær baðanir. Mér þykir því rétt að endurtaka það, sem ég vék að við 2. umr. þessa máls, að beina því til stj. að hefjast ekki handa með útrýmingarböðun eftir slæmt sumar, heldur stilla svo til, að hún fari ekki fram nema þegar vel er ástatt um heyafla bænda, enda er það svo, að frv. tiltekur ekki neinn sérstakan tíma. Verði ástandið næsta haust t. d. eitthvað svipað því, sem það var síðastl. haust, þá tel ég ekkert vit í því að leggja upp með útrýmingarböðun. Sem sagt, ég treysti stj. til að sjá um, að ekki verði hafizt handa um þetta verk, nema þegar sýnilegt er, að sæmilega sé ástatt um heyafla bænda.

Þorsteinn Þorsteinsson: Ég gat þess við 2. umr. þessa máls, að ég væri ekki ánægður með ákvæði síðari málsl. 1. gr. frv. En eftir að hafa heyrt hv. frsm. landbn. taka skýrt fram, hvað hann telur felast í þessu ákvæði, að undanþiggja megi ákveðin svæði frá útrýmingarböðun, get ég sætt mig við gr. eins og hún er.

Ég verð að segja, að mér kom kynlega fyrir sjónir fyrri brtt. á þskj. 322, þegar ég sá, að hún var borin fram af hv. 1. þm. N.-M., því að það er vitanlegt, að hann vill hafa undanþágusvæði. Hv. þm. virðist koma fram undir því yfirskyni, að vilja gera umbætur á frv. En ég er því miður hræddur um, að tilgangurinn hjá honum sé frekar sá, að tefja fyrir því, eða þá jafnvel að drepa það með öllu. Það skauzt líka fram úr honum, að frv. það, sem fram hefir komið í Nd. um sauðfjárbaðanir, væri jafnvel bezta úrlausn þessa máls. Mér fannst óneitanlega, að eyru, sem ég vil ekki nefna, gægðust þá út undan gærunni. Ég tel þrifabaðanirnar enga úrlausn. Við höfum um langt árabil reynt að framkvæma þær eins samvizkusamlega og okkur hefir verið unnt, en þrátt fyrir það ekki tekizt að útrýma fjárkláðanum að öllu leyti. Eina ráðið til þess að losna við hann er því allsherjar útrýmingarböðun. Ég skal játa, að hafi kláðans t. d. ekki orðið vart um lengri tíma á svæðinu milli Jökulsár á Fjöllum og Jökulsár á Sólheimasandi, þá mæli sanngirni með því, að það svæði verði undanþegið útrýmingarböðuninni.

Það er enginn hægðarleikur fyrir bændur að færast í fang algerða útrýmingarböðun, því að hún kostar mikið fé, ekki eingöngu baðmeðulin, heldur einnig heygjöfin og verkið við hana. En það vitum við vel, að bændur, sem búa í þeim héruðum, sem kláðinn hefir heimsótt, eru fúsir til þess að taka ekki litla kostnaðarbyrði á herðar sér til þess að reyna að vinna bug á þessum vágesti. Ég er nú svo bjartsýnn að vona, að þessar baðanir komi að haldi og að ekki komi til þess, nema þá að litlu leyti, að menn þurfi að notfæra sér heimild 1. gr. l. En reynist svo, þá er hægt að breyta lögunum og semja önnur ákvæði um það, hverjir eiga að kosta baðmeðul til þeirra, sem þar er gert ráð fyrir.

Þeir, sem vilja framgang þessa máls, munu ekki greiða atkv. með ónauðsynlegum brtt. og stofna frv. í voða með því. Verði farið að hræra í þessu frv. núna, þá kemst það ekki til framkvæmda á næsta vetri. Enda þótt þessar brtt., sem hér liggja fyrir, séu ekki lakari en ýmsar aðrar brtt., sem fram hafa komið í ýmsum málum hér á hv. þingi, þá tel ég samt mesta óhappaverk að samþ. þær nú, eins og sakir standa.

Páll Hermannsson: Hv. frsm. landbn. og ég erum að miklu leyti sammála í þessu efni. Hann hefir lýst yfir því, að báðar þessar brtt. væru málinu til bóta. Hann hefir sérstaklega borið það fyrir sig, að hætta væri á, að málið dagaði uppi á þessum þingparti, ef gerðar yrðu á því breytingar. Ég get ekki komið auga á þá hættu. Reyndar verð ég að játa, að ég veit ekki, hvenær þingi verður frestað, en ég veit þó, að það er hægt að samþ. þetta mál í þessari hv.

deild í dag, og þá skilst mér, að málið þurfi ekki að koma nema einu sinni til umr. í hv. Nd. Ég veit ekki betur en að það megi ganga út frá því sem gefnu, að þinginu verði ekki frestað fyrr en um miðja næstu viku og að næsta þriðjudagskvöld eigi að fara fram útvarpsumr. Þessi ótti hv. frsm. er því ástæðulaus. Ef þessar brtt. eru til bóta, eins og við erum sammála um, þá álít ég rétt að samþ. þær. Ég álít, að þetta sé breyt., sem hv. frsm. vill samþ. á frv., því að hann lét á sér skilja, að hann væri ekki frá því að samþ. nauðsynlegar breyt. á frv. Hv. frsm. vildi telja, að því sama mætti ná með framkvæmd þessara laga og því, sem felst í fyrri brtt. minni. Mér er ómögulegt að sjá það, að hægt sé að finna þessa samlíkingu í 1. gr. frv. Hún hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Ríkisstjórninni veitist heimild til að láta fara fram böðun á öllu sauðfé í landinu til útrýmingar fjárkláðanum. Þó skulu undanskilin þau svæði, þar sem kláða hefir ekki orðið vart í sauðfé síðustu fimm árin.“

Í fyrri hluta gr. er aðeins farið fram á heimild, en í þeim síðari er það beinlínis tekið fram, að það sé skylt að undanskilja þau svæði, sem fjárkláðinn hefir ekki heimsótt síðustu fimm árin. Hinsvegar er ógreinilega gengið frá því, hvað meint er með „svæðum“. Þetta er teygjanlegt hugtak, en ég ætla, að það verði a. m. k. óvinsælt fyrir hæstv. ríkisstj. að leggja þann skilning í gr., sem hv. frsm. virðist halda fram og hv. þm. Dal. vill nú sérstaklega bera fyrir sig. Mér finnst það alveg skýrt tekið fram í frv., að ekki sé heimilt að láta fram fara útrýmingarböðun á þeim svæðum, þar sem ekki hefir orðið vart við kláða síðustu fimm árin. En þó talið sé, að kláða hafi ekki orðið vart síðustu fimm ár, þá er samt engin trygging fyrir því, að hættulaust sé að undanskilja þessi svæði.

Hv. frsm. telur, að baðáhöld séu á hverju heimili, en ekki alstaðar sundker. Þetta er alveg öfugt á þeim svæðum, þar sem ég þekki til. Þar er hver kind böðuð í sundþró. Ég hefi ekki heyrt getið um það, að kindur hafi verið baðaðar öðruvísi en í sundkerum í síðustu 10—20 ár þar, sem ég þekki til. En þessi sundker eru aðeins á 3—4 heimilum, og svo er féð rekið þangað. Að fara að baða margföldum útrýmingarböðunum öðruvísi en í sundþróm, tel ég óforsvaranlega meðferð á skepnunum.

Ég vona, að hv. frsm. landbn. geti fallizt á þessar breyt., því að hann hlýtur að viðurkenna, að þær eru til bóta, og ég get ekki séð, að það þurfi að stafa hætta af því fyrir málið, þótt það verði sent til hv. Nd., sem hefir þegar samþ. það.

Hv. þm. Dal. var eiginlega óvenjulega mælskur og langorður í síðustu ræðu sinni, því að hann er venjulega stuttorður í ræðum sínum, en þetta segi ég honum ekki til lasts. Hann lagði sérstaka áherzlu á það, að honum kæmi það kynlega fyrir sjónir, að ég skyldi vera að bera fram þessa fyrri brtt. mína, og hann taldi jafnvel mögulegt, að ég mundi sjálfur jafnvel hallast að öðru fyrirkomulagi í sambandi við kláða í sauðfé heldur en því, sem hér er gert ráð fyrir. Hv. þm. sá jafnvel einhver eyru hér í hv. deild — ég veit ekki, hvort það eru asnaeyru —, en ég vona að hv. þm. sé ekki farinn að sjá ofsjónir.

Ég skal nú gera grein fyrir því, hvers vegna ég bar fram þessar brtt. Hvað sem líður minni persónulegu skoðun á því, hvora leiðina eigi að fara til útrýmingar kláðanum, þá er það víst, að ef fara á útrýmingarleiðina, þá á að stíga sporið til fulls. Það á ekki að gera með sömu aðferðum og hann kallar kák, þegar hann talar um það, að halda kláðanum niðri með þrifaböðunum, en það er einmitt gert með þessu frv., ef fyrirskipa á útrýmingarböðun á stórum svæðum, en undanskilja hinsvegar stór svæði, sem ekki er hægt að láta útrýmingarböðun fara fram á samkv. lögunum. Þetta viðurkenndi hv. þm., því að hann sagði síðast í ræðu sinni, að eina ráðið væri allsherjarböðun. Þess vegna á hann að stíga sporið til fulls og ganga inn á mína brtt., því að hún er í samræmi við hans skoðun. Hann taldi, að ég hefði komið upp um mig með því að nefna annað frv., sem gerði ráð fyrir annari aðferð. Það var ekki annað en hlutlaus frásögn á skoðun manna á málinu. Þetta er ekkert leyndarmál. Það er sýnt, að menn eru ekki sammála um það, hvernig tökum eigi að taka á kláðanum, enda hafa menn alltaf verið ósammála um það hér á landi. Ég er hissa á því, að þeir, sem trúa á útrýmingarleiðina, skuli sætta sig við það, að það sé fyrirfram sjáanlegt, að slík útrýmingarböð hljóti að verða kák eitt í framkvæmdinni. Mér er það vitanlega vel ljóst, að þar, sem kláðinn er útbreiddastur, er hann hin mesta plága, og mér dettur auðvitað ekki í hug að stuðla að því, að hann þurfi að vera meiri plága en hægt er að komast hjá, en ég vil hinsvegar ekki láta leggja þungar álögur á fjáreigendur með útrýmingarböðunaraðferðinni, sem ég tel fyrirfram sjáanlegt, að muni ekki ná tilgangi sínum.

Ég býst ekki við, að löng ræðuhöld um þetta mál gagni, en ég tel, að hv. þm. Dal. sé alveg óhætt að greiða þessum till. atkvæði.

ATKVGR.

Brtt. 322,1 felld með 8:4 atkv.

— 322,2 felld með 8:5 atkv.

Frv. samþ. með 10:3 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 332).

25. Gæðamerki.

Á 20. fundi í Nd., 5. marz, var útbýtt:

Frv. til l. um almenn gæðamerki (þmfrv., A. 53).

Á 22. fundi í Nd., 7. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (**Finnur Jónsson**): Frv. þetta fer fram á, að einstaklingar eða félög geti fengið lögfest almenn gæðamerki fyrir vörur sínar, og einnig að sett verði almennt íslenzkt ríkisgæðamerki,

sem nota megi á vörur útfluttar frá Íslandi, er örugt sé að telja gæðavörur samkv. gildandi ákvæðum um eftirlit með útflutningsvörum. Við flytjum þetta frv. sérstaklega í því skyni, að lögfest verði gæðamerki fyrir Ísland á vörutegund eins og t. d. íslenzkri síld. Það er leitt til þess að vita, að íslenzk síld skuli vera seld á erlendum mörkuðum af útlendingum, sem veiða hana hér við land, með sama merki og sú síld, sem Íslendingar veiða sjálfir og vanda verkun á. Það er þó almennt viðurkenndur stórfelldur munur á gæðum þeirrar síldar, sem veidd er og flutt hér á land til verkunar, eða síldar, sem verkuð er á skipum úti, þó að hún sé einnig veidd hér við strendur landsins.

Ríkisstjórnin hefir ekki nú rétt til þess að ganga inn í alþjóðasamninga, sem tíðkast víða um gæðamerki á framleiðsluvörum þjóðanna. Slíkan rétt myndi hún öðlast með samþykkt þessa frv. Eins og kunnugt er, þá er mikið selt af síld, sem veidd er hér við land, í viðskiptalöndum okkar af útlendingum, og þá sérstaklega Norðmönnum, undir nafninu íslenzk síld, enda þótt hún sé alls ekki verkuð hér á landi. Hún er að vísu veidd hér við land, en söltuð um borð í skipum. Síðan er hún flutt til Noregs. Saltsíld er tekin og útvötnuð þar og seld sem íslenzk Matjessíld á mörkuðum í Þýzkalandi og Póllandi.

Með samþykkt þessa frv. eru ríkisstj. gefnir möguleikar til að útiloka slíka óheiðarlega samkeppni.

Þetta frv. er samið af sendiráðsskrifstofu Íslands í Kaupmannahöfn, og er það shlj. löggjöf, sem um þetta tíðkast á Norðurlöndum. Ég hefi talið rétt að flytja frv. eins og það kom, þó mér líki ekki allskostar á því orðalagið á nokkrum stöðum.

Þar sem gera má ráð fyrir, að þessi merki, sem farið er fram á í frv., verði einkum notuð fyrir sjávarafurðir, þá vil ég leyfa mér að mælast til þess, að frv. sé vísað til sjútvn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 17 shlj. atkv. og til sjútvn. með 17 shlj. atkv.

Á 30. fundi í Nd., 16. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 53, n. 135).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 18 shlj. atkv.

Frsm. (Finnur Jónsson): Sjútvn. hefir haft þetta mál til meðferðar og leggur einróma til, að það verði samþ. með þeim breyt., sem eru á þskj. 135. Fyrsta brtt. er við 8. gr. frv., að í stað inn fyrir orðin „konunglegri tilskipun“ og „tilskipun“ komi alstaðar í gr. reglugerð.

Ennfremur leggur n. til, að á eftir 8. gr. komi ný gr., er verði 9. gr., svo hljóðandi:

Ríkisstj. veitist heimild til að ákveða með auglýsingu, að Ísland gerist aðili að alþjóðasamningum og samþykktum um vernd iðnaðarréttinda, varðveizlu alþjóðamerkja og iðnaðarmáta, alþjóðaskrásetningu verzlunar- og vörumerkja og samþykktum snertandi takmörkun á fölskum upprunaauglýsingum á verzlunarvörum.

Ennfremur veitist ríkisstj. heimild til að setja með reglugerð önnur ákvæði, er kynnu að vera nauðsynleg, vegna þátttöku í slíkum samningum. — Þar sem framgangur þessa máls í þinginu getur haft verulega þýðingu fyrir einn aðalatvinnuveg þjóðarinnar, vildi ég mælast til þess, að þingið hraðaði afgreiðslu þess, svo að því verði lokið áður en þinginu verður frestað að þessu sinni. Ég óska, að frv. verði vísað til 3. umr.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
2.—7. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
Brtt. 135,1 samþ. með 18 shlj. atkv.
8. gr., svo breytt, samþ. með 17 shlj. atkv.
Brtt. 135,2 (ný gr., verður 9. gr.) samþ. með 17. shlj. atkv.
9. gr. (verður 10. gr.) samþ. með 18 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 18 shlj. atkv.

Á 32. fundi í Nd., 19. marz, var frv. tekið til 3. umr. (A. 172).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 17 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 29. fundi í Ed., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 172).

Á 31. fundi í Ed., 21. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 9 shlj. atkv. og til sjútvn. með 9 shlj. atkv.

Á 38. fundi í Ed., 30. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 172, n. 289).

Frsm. (Sigurjón Á. Ólafsson): Sjútvn. hefir rannsakað þetta mál og komizt að raun um, að nauðsynlegt sé, að það verði samþ. Aðalefni frv. er það, að nauðsynlegt sé að setja sérstök merki á síld þá, sem út er flutt héðan, enda tíðkast nú slíkt um útflutningsvörur um allan heim. Það er kunnugt, að Norðmenn hafa boðið sína síld sem Íslandssíld, en gæðamerki sem þau, sem frv. fyrirskipar, tryggja neytendum, að þeir fái ósvikna vöru, og hindrar það, að aðrar þjóðir geti smeygt sér undir nafnið Íslandssíld. — Ég læt þetta nægja að sinni, en óska, að frv. verði samþ.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
2.—10. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 10 shlj. atkv.

Á 39. fundi í Ed., 1. apríl, var frv. tekið til 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 9 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 346).

26. Söfnunarsjóður Íslands.

Á 19. fundi í Ed., 7. marz, var útbýtt:

Frv. til l. um breyt. á l. nr. 2 10. febr. 1888, um Söfnunarsjóð Íslands (þmfrv., A. 64).

Á 21. fundi í Ed., 9. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 22. fundi í Ed., 11. marz, var frv. aftur tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til fjhn. með 8:1 atkv.

Á 27. fundi í Ed., 16. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 64, n. 126 og 136).

Frsm. meiri hl. (Bernharð Stefánsson): Þetta litla frv. fer fram á það, eins og menn sjá, að vextir af lánum í Söfnunarsjóði Íslands verði lækkaðir um einn af hundraði. Þessi till., sem í frv. felst, er einn liður í þeim aðgerðum að reyna að létta vaxtabyrðarnar, sem hvíla nú á atvinnuvegum þessa lands. Geri ég ráð fyrir, að allir geti orðið sammála um, að þess sé full þörf. Við, sem erum í meiri hl. n., mælum þá líka með því, að þetta frv. verði samþ. Við lítum svo á, að þó að þessi vaxtalækkun ætti sér stað, þá mættu samt þeir sjóðir, sem standa nú inni í Söfnunarsjóðnum, og aðrir, sem eiga þar fé, vel við una. Það er í alla staði eðilegt, að þegar atvinnuvegir landsmanna ganga ekki betur en það, að það fé, sem í þeim stendur, skilar mjög litlum arði eða jafnvel engum, þá hljóti að leiða af því, að arður af peningum, sem hafðir eru á vöxtum, verði líka lægri.

Ég sé, að hv. minni hl. fjhn. hefir í nál. sínu á þskj. 136 lagt áherzlu á það, að Söfnunarsjóður væri ekki lánsstofnun fyrst og fremst, heldur sé hann til þess stofnaður að ávaxta það fé, sem í honum stendur. Þetta er náttúrlega rétt út af fyrir sig. En ég sé þó ekki, að það hreki neitt þær ástæður, sem til þess liggja, að við höldum því fram, að vextina beri að lækka. Það var sú tíðin, áður en þær sjóðstofnanir, sem við höfum nú, þekktust, að þegar gjafafé eða annað fé átti að ávaxta, þá var hér á landi ekki nema ein leið til þess, sú, að leggja féð í jarðeignir. Arður af slíku fé fór auðvitað eftir því, hvernig búskapur gekk í landinu. Þegar hann gekk illa, þá vitanlega lækkuðu eftirgjöldin eftir jarðirnar og þar með vextirnir af áðurnefndu fé. Þetta, sem í frv. er farið fram á, er þess vegna ekkert nýtt atriði, gripið úr lausu lofti eða utan við veruleikann. — Sé ég að svo komnu ekki ástæðu til að orðlengja þetta frekar.

Frsm. minni hl. (Magnús Jónsson) [óyfirl.]: Eins og hv. frsm. meiri hl. sagði, er þetta frv. einn liður í þeim till., sem komið hafa fram um það, að létta yfirleitt byrðum á þeim, sem skulda í landinu, og það er náttúrlega æfinlega talið, að það séu atvinnuvegirnir, þó vitanlega eigi þar margir aðrir hlut að máli en þeir, sem fé hafa fengið að láni til þess að leggja það í kostnað við framleiðsluna. Það eru einnig margir aðrir, sem njóta lánanna.

Það er nú yfirleitt svo, að ef maður lítur aðeins á aðra hlið einhvers máls, þá er alltaf mjög auðvelt og fljótlegt að færa rök, eins og t. d. þegar sótt er um fjárveitingar til Alþ., þá vantar ekki rökin fyrir því, að þetta og þetta málið sé ákaflega þarft mál, geti orðið að svo eða svo miklu liði, og þar fram eftir götum. Þær eru allar nauðsynlegar þessar vegabætur, sem það og það frv. hljóðar um, brúargerðir, hafnargerðir og símalagningar. Það er einnig talið alveg nauðsynlegt að styrkja þennan námsmann og þessa menningarstofnun, og hvað svo sem það nú er. Ef ekki væru til tvær hliðar á öllum þessum málum, þá væri auðvelt að stjórna, og svo er einnig í þessu máli.

Vaxtalækkun sú, sem hér er farið fram á, hlýtur að koma niður á þeim, sem vextina eiga að taka. Í hverju tilfelli ber á það að líta, hvort rétt þykir að skattleggja þá, sem vaxtanna eiga að njóta, til hagsbóta fyrir hina, sem vextina eiga að greiða. Nú er það svo, að þegar Söfnunarsjóður á að ávaxta það fé, sem honum er falið, og hann hefir vitanlega lánað það út, þá hafa þau lán yfirleitt þótt framúrskarandi hagstæð. Þau hafa verið vaxtalág, og ég hygg, að þau hafi alltaf haldið sér þannig, að þau hafi verið raunverulega þau lengstu lán. Ég skal náttúrlega ekki segja, að það hafi ekki komið fyrir einstöku sinnum, að önnur lán hafi verið ódýrari. En yfirleitt hafa lán úr Söfnunarsjóði þótt svo hagstæð, að vanalega hafa legið fyrir langir listar yfir umsækjendur um lán úr sjóðnum. Ég sótti t. d. einu sinni um lán úr sjóðnum, sem ég aldrei fékk. En mér var þá sagt, að ég yrði að bíða alltaf í 2—2½ ár til þess að nokkur von væri um, að kæmi að mér um lánveitingu. Þetta út af fyrir sig, hve margir sækja um þessi lán og þurfa að bíða lengi eftir því að fá þau, það sýnir ótvírætt, að þau hafa þótt mjög svo hagstæð. Það er því fjarri því, að þeir menn, sem hér er gerð till. um að ívilna um vaxtakjör á lánum úr þessum sjóði, hafi orðið fyrir nokkrum búsifjum með því að fá þessi lán. Þeir fáu útvöldu, sem þeirra njóta, hafa þau um lengri tíma alveg afborganalaus, svo að þeir þurfa aðeins að standa straum af vöxtunum. Ég verð að segja það, að mér finnst það koma úr hörðustu átt að gera kröfu um, að vextir þessir verði lækkaðir. Það er ákaflega skrítinn skiln-

ingur á þessu. T. d. hefir mér verið sagt, að það hafi komið fyrir, að menn, sem hafa haft lengi afborgunarlaus söfnunarsjóðslán, hafi gert kröfu um, að þau yrðu strikuð út, vegna þess að þeir væru búnir að margborga þau með vöxtunum, sem þeir hefðu greitt af þeim.

Þó að menn vildu líta á þessa kröfu, sem hér ræðir um í frv., þá ber þó ekki síður að líta á, hvaða fé um er að ræða og á hverjum þessi vaxtalækkun kemur niður. Ég hefi nú hér í höndum nákvæma skrá yfir þetta fé. Það er svo að segja allt fé, sem allra sízt virðist fært að lækka vexti af. Það er fyrst og fremst langmestur hluti þess ellistyrktarsjóðir, ekknasjóðir og sjúkrasjóðir, eða fullkomlega ⅔ hl. alls þess fjár, sem sjóðnum hefir verið falið að ávaxta, og ég gat ekki varizt því að segja í mínu nál., að ég álít það talsverð brjóstheilindi, þegar menn, sem eru þó við sinn atvinnurekstur, geta fengið af sér að reyna að skerða tekjur þessara aðilja, sem hér eiga að njóta vaxtanna, sem eru fullkomlega þess styrks þurfandi, bæði ekkjur, sjúklingar og gamalmenni. Það yrði þá, ef svo væri gert, vissulega byrjað á að skattleggja þá, sem sízt allra á að skattleggja. Mér virðist þá fullt svo sanngjarnt að fara fram á það, að ríkissjóður hlypi undir baggann og borgaði eitthvað af þessum vöxtum, ef þeir menn treysta sér ekki til að gera þeirra full skil, sem lán hafa fengið úr sjóðnum.

Þar næst eru styrktarsjóðir, sem ávaxtaðir eru til styrktar fátækum ungmennum til náms, framfærslusjóðir og svo fé, sem ánafnað hefir verið til ýmissa þarfra hluta. Eru þessir sjóðir alls um 20000 kr. Þá eru 64000 kr. í erfingjarentu Söfnunarsjóðs, og loks eru framfarasjóðir sveita og búnaðarsjóðir. Langmestur hluti af fé því, sem ávaxtað er í Söfnunarsjóði, eru sjóðir, sem alveg tvímælalaust eru í þörfum tilgangi stofnaðir og ætlaðir mönnum, sem menn sízt mundu vilja, ef þeir hugsuðu út í það, skattleggja til að styðja aðra.

Sjóði þessum hefir verið stjórnað þannig, að fyrst framan af var örlítið gjald tekið fyrir að stjórna honum. En nú er þetta gjald ekkert, þannig að þeir, sem fé eiga í honum á vöxtu, njóta allra vaxtanna af því óskertra. Hér er því ekki hægt að höggva í milliliðagróða, svo að þeir, sem eiga að njóta þessa skemmtilega styrks, sem þetta frv. ræðir um, geta vitað það, að hann kemur alveg óskertur á bök þeirra, sem eiga að njóta vaxtanna.

Mér hefir verið sagt, að vextir þessara lána hafi verið lækkaðir um ½%, þ. e. a. s., að mönnum hafi verið gefinn kostur á því að borga aðeins 5½% í vexti af lánunum, ef þeir vildu borga 6% áfram, þannig að ½% gangi til afborgana. Þetta virðist notalegt tilboð. Því sagði einn maður, sem fékk svona tilboð, að sér þætti vænt um þetta, því að með þessu væru sér gefnir peningar, ef hann ætti að fá að borga lánið með því, sem samið hefði verið um, að hann borgaði í vexti af láninu.

Það mun því raunverulega ekki verða um nema ½% vaxtalækkun að ræða, þó að frv. þetta verði samþ.

Þá vil ég benda á annað atriði, sem sýnir, hve ákaflega óeðlileg eru slík ákvæði sem þessi. Eins og ég get um í nál. mínu og eins og hv. frsm. meiri hl. kom inn á, þá er Söfnunarsjóður Íslands alls ekki lánssjóður fyrst og fremst, heldur í þeim tilgangi stofnaður „að geyma fé, ávaxta það og auka“, samkv. 2. gr. l. 10. febr. 1888, þó að gripið hafi verið til þessarar aðferðar á meðan ekki voru til innlend verðbréf. Þá var þetta eina aðferðin, að lána það þannig gegn tryggum veðum, til að ávaxta fé, svo framarlega sem sjóðurinn vildi ekki kaupa konungleg ríkisskuldabréf, þ. e. að ávaxta féð með því að lána það öðrum þjóðum. Nú er sjóðstjórnin að hverfa að því að ávaxta féð í bréfum. Og þó að hún kaupi bréfin með sæmilegu verði, þá ávaxtar hún það fé með 6% vöxtum. Ég verð að álíta það hart, ef þetta fé, sem frv. tekur til, á að bera minni arð en það fé, sem ávaxtað er í bréfum, því að alltaf er einhver dálítil áhætta, sem fylgir útlánastarfsemi, jafnvel þó að tryggilega sé búið um lán. Og þó að engin áhætta væri við hana, þá er þar þó alltaf um töluvert meira verk að ræða að sjá um innheimtu á lánum á móts við það að ávaxta verðbréf, þar sem ekki þarf annað en að klippa af arðmiða. Það er því ákaflega einkennilegt, þegar sjóðurinn ávaxtar sumt af fénu í verðbréfum, að þá skuli annað fé, sem hann ávaxtar, eiga að bera 1% minni arð. — Skal ég svo ekki fjölyrða um þetta atriði frekar, nema sérstakt tilefni gefist til. En Söfnunarsjóður hefir satt að segja í sínum ráðstöfunum hagað sér þannig fram að þessu, að engin ástæða er til þess að ætla, að hann verði hér eftir nein okurstofnun. Hann hefir vitanlega hækkað vexti, þegar vextir hafa yfirleitt hækkað í landinu, en haldið sér þó jafnan við það að vera einhver hagkvæmasta lánsstofnun í landinu, þó að segja megi e. t. v., að hann hafi verið eitthvað ofurlítið á eftir með sínar breyt. stundum. En fari vaxtafótur yfirleitt niður, þá er engin hætta á öðru en að Söfnunarsjóður fylgist þar með, að svo miklu leyti sem hann fæst við útlánastarfsemi í framtíðinni. Eins og ég hefi tekið fram í nál. mínu, legg ég því til, að frv. þetta verði felld.

Magnús Guðmundsson: Þetta frv. er borið fram til þess að lækka vexti af landbúnaðarlánum í Söfnunarsjóði. Um þann tilgang frv., að lækka fasteignaveðsvexti landbúnaðarins, er auðvitað ekkert nema gott að segja. En í þessu sambandi má benda á það, að mikið fé hefir einnig verið lánað úr Söfnunarsjóði til kaupstaðanna, þótt það kunni að vera minna en gengið hefir til sveitanna. Um hlutföllin þar á milli er mér ekki fullkunnugt. En ég tel, að það sé utan við tilgang þessa frv. að breyta lánakjörum sjóðsins í kaupstöðum. Ætti því að binda ákvæði frv. við fasteignaveðslán í sveitum aðeins.

Ef litið er á starf sjóðsins nú, þá er það rétt hjá hv. 1. þm. Reykv., að sjóðurinn er nú að mestu eða öllu hættur að lána beint, heldur kaupir verðbréf og fær á þennan hátt 6% vexti. Með frv. er sjóðnum bannað að taka meira en

5%. Nú verður að líta svo á, að sjóðsstjórnin sé skyldug til að sjá um hag þeirra, sem hún starfar fyrir, og því er í rauninni ekkert líklegra en að hún neyti allra ráða til að segja upp lánunum, til þess að geta keypt verðbréf fyrir það fé, sem við það losnar. Lánin munu oftast vera bundin við 6 mánaða uppsagnarfrest. Ef stjórn sjóðsins gripi til þeirra ráða að segja lánunum upp, yrðu ákvæði frv. um 5% bjarnargreiði við lánþega, því að nýtt lán fengist ekki undir 6%, en nú eru vextir Söfnunarsjóðsins 5½%. Ég er því hræddur um, að það sé undir hælinn lagt, hvort landbúnaðurinn hefir nokkuð gott af þessu frv.

Frsm. meiri hl. (Bernharð Stefánsson): Ég býst nú ekki við, að ágreiningur um þetta mál hverfi við frekari umr., en vil þó svara nokkrum mótbárum, sem fram hafa komið.

Hv. 1. þm. Reykv. sagði, að við flm. hefðum aðeins litið á aðra hlið málsins. Ég þóttist nú, satt að segja, hafa litið á báðar hliðar þess. Ég verð að álita, að aðstandendur Söfnunarsjóðs geti vel unað við frv. Hv. 1. þm. Reykv. kallaði það jafnvel skattaálagningu á sjóðinn, að hann mætti ekki taka nema 5% vexti. Ég á nú erfitt með að sjá, að slíkt geti talizt nokkur skattur. Það er rétt, að töluvert hefir verið sótzt eftir lánum úr Söfnunarsjóði, en ef rétt er á litið, hafa þau ekki verið eins hagkvæm og af hefir verið látið. Árgjöld hafa að vísu verið lág, en oft aðeins vaxtagreiðsla, svo að skuldirnar hafa staðið óbreyttar. Ég get ekki séð, að það sé nein goðgá að lækka vextina nú. Hv. 1. þm. Reykv. bendir á í nál. sínu, að sjóðurinn sé stofnaður 1880, og talar um leið um tilgang hans. Þá tók sjóðurinn ekki nema 4% í vexti, enda voru þá vextir almennt lægri en síðar varð. Nú eru vextir að lækka aftur, og þurfa að lækka. Því ætti sjóðurinn nú að færa sig í þá átt.

Það er rétt, að mikið af því fé, sem sjóðurinn ávaxtar, er fé, sem verja á til gagnlegra hluta, en alveg eins og ekki er alltaf fé í ríkissjóði til að styðja öll hugsanleg fyrirtæki, þó þarfleg séu, eins verður það að byggjast á getu þjóðarinnar, hvað hún greiðir háa vexti innanlands. Það er því ekki hægt að kalla það skatt, þótt vextir þessir séu lækkaðir ofurlítið. Það er rétt, að lánþegum hefir verið gert tilboð um að lækka vextina niður í 5½%, og á því sést, að sjóðsstjórnin skilur, að lækkun er nauðsynleg. Hér er farið fram á ½% lækkun til viðbótar til samræmis við önnur landbúnaðarlán.

Hv. 1. þm. Reykv. sagði, að sér fyndist, að með frv. væri verið að gefa lánþegum eftir skuldir. Ekki er neitt um það í frv. 5% vextir eru alveg forsvaranlegur arður af peningaeign, og maður skyldi halda, að lækkun vaxtanna yrði til þess, að auðveldara yrði að greiða afborganir. Þessi ráðstöfun yrði því miklu fremur til að tryggja sjóðnum greiðslu á því fé, sem hann á útistandandi.

Það er rétt, að við því mætti búast, að stjórnin keypti fremur verðbréf eftirleiðis, eins og hún er nú farin að gera, heldur en að hún lánaði út á fasteignir. Þetta vitum við flm., en nú er mikið af fé sjóðsins einmitt útistandandi í lánum, og tilgangur frv. er einmitt sá, að fá vexti af þeim lánum lækkaða. Hv. 1. þm. Reykv. sagði, að þessum lánum myndi verða sagt upp, ef frv. yrði að lögum. Þetta getur að vísu hugsazt, ef sjóðsstjórnin lítur ekki á neitt annað en reikningslega hagsmuni sjóðsins. En bæði treystum við því nú, að sjóðsstjórnin líti á fleira, og auk þess á Alþingi að geta haft þetta á valdi sínu, þar sem það kýs menn í sjóðsstj. Og auðvitað er það tilgangur frv., að lánunum verði ekki sagt upp. Hitt gæti verið gott, að áskilja afborganir, eins og stjórnin hefir þegar gert.

Út af þeim ummælum hv. 1. þm. Skagf., að aðeins nokkur hluti lána sjóðsins hafi gengið til landbúnaðarins, verður að segja það, að vextirnir séu meira en nógu háir í kauptúnunum líka, enda myndi erfitt að gera þar upp á milli og hafa tvær reglur um vaxtakjör, fyrir bændur og bæjarmenn. Vera má þó, að hægt sé að finna einhverja nýja leið í því máli.

Þorsteinn Þorsteinsson: Ég skal játa, að ég er í þessu máli milli skers og báru. Ég tel gott og sjálfsagt, að vextir, og þá ekki sízt af landbúnaðarlánum, séu lækkaðir, ef það er gert á sanngjarnan hátt. Hér er um a. m. k. ½% lækkun á útlánsvöxtum Söfnunarsjóðs að ræða. Þetta sýnist ekki um mikið að ræða í fljóti bragði, en það verður þó nokkuð annað uppi á teningnum, þegar athugað er, hvar þessi lækkun kemur niður. Hún lendir að langmestu leyti á ellistyrktarsjóðunum. Þeir eiga allt að 2 millj. kr. í Söfnunarsjóði. Vaxtafé þeirra lækkar því eftir frv. um 10 þús. kr. á ári. Þetta er mikið fé, þegar litið er á, að það er frá þeim tekið, sem sízt mega missa það, fátækum gamalmennum, sem eru að reyna að bjargast upp á eigin spýtur. Ég tel því vafasamt, að lækka eigi vextina á þennan hátt, þótt þeir séu skuldunautum þungbærir. Mér er kunnugt um, að mikið af fé sjóðsins er bundið í húseignum hér og annarsstaðar í kaupstöðum, sem hafa gefið eigendum þeirra, en skuldunautum Söfnunarsjóðsins, mikinn og góðan arð. Ég tel það því vafasamt, að draga úr tekjum þessa þjóðþrifasjóðs, en lækka um leið vexti hjá þeim, sem mest hafa haft upp úr lánsfé sínu.

Þorsteinn Briem (óyfirl.): Tilgangur þessa frv. er góður, þar sem hann miðar að því að lækka vexti hjá atvinnuvegunum. Ég man, að ég skrifaði undir nál., er mál þetta var hér á ferðinni í haust, en lét jafnframt í ljós, að ég hefði margt við það að athuga.

Það er alveg augljóst, að með frv. er gengið á rétt þeirra mörgu, sem sjóðurinn ávaxtar fé fyrir, gamalmenna, sjúkra fátæklinga, námsmanna og búnaðar- og framfarasjóða. Þessir aðiljar eiga að langmestu leyti innstæður í Söfnunarsjóði. Það þyrfti því að finna aðra leið en þessa til vaxtalækkunar.

Það má að vísu segja, að vaxtalækkun þessi sé ekki skattur á því fólki, sem hér á hlut að máli, en hlutur þess er engu að síður skertur með henni, með því að ákvæði frv. draga úr

vaxtarmöguleikunum. Það er ennfremur líklegt, að þeir, sem stofna sjóði hér eftir, fráfælist að leggja þá í Söfnunarsjóðinn, heldur verði þeir lánaðir út gegn misjafnlega góðum tryggingum eða keypt fyrir þá verðbréf. En slíkt er vitanlega mun ótryggara en að ávaxta þá í Söfnunarsjóði. Þetta gæti jafnvel orðið til þess, að sjóðirnir rýrðust eða týndust á ýmsan hátt, t. d. hjá ógætnum gjaldkera. Ýmsir sjóðir hafa beðið beint tap á því að vera ekki í Söfnunarsjóði. Ákvæði frv. um Söfnunarsjóð eru því mjög varhugaverð.

Hv. frsm. sagði, að lánin væru ekki allskostar hagkvæm, t. d. þegar skuld stæði óbreytt árum saman. Mér er óhætt að fullyrða, að afborganir hafi verið heimtaðar á síðari árum, ef jarðarveð hefir ekki verið fyrir hendi. Vextir hafa nú verið lækkaðir í 5½%, en menn eiga að greiða 6% í vexti og afborganir. Á þann hátt stendur lánið ekki í 200 ár eins og hv. frsm. sagði, heldur í 46 ár. Og það geta varla talizt okurgjör, að greiða 6% í vexti og afborganir í 46 ár. — Hve mikið hefir verið lánað út gegn veði í húseignum, get ég ekki sagt um að svo stöddu.

Söfnunarsjóður hefir enn gætt þeirrar reglu að vera þó fyrir neðan almenna vexti. En hinsvegar má líta á það, að höfuðtilgangur þessa frv. er sá, að ég ætla, að létta undir með þeim atvinnuvegi, sem stendur nú alveg sérstaklega höllum fæti, þ. e. a. s. landbúnaðinum. Þess vegna flutti ég á síðasta þingi brtt., sem fór í þá átt, að þessi ákvæði frv. væru aðeins bundin við jarðarveð, að vextir af lánum gegn jarðarveði mættu ekki vera hærri en 5%, en Söfnunarsjóður mun lána gegn öllum veðum. Ég mun við 3. umr. flytja brtt., sem fer í sömu átt og sú, sem ég flutti á síðasta þingi. Það er að vísu rétt, sem hv. frsm. benti á, að það getur verið dálítið óþægilegt að hafa mismunandi vexti hjá sömu stofnuninni. Ég hygg þó, að slíkt sé ekki einsdæmi, að miðað sé við það, hvaða tryggingar eru fyrir lánunum, og að vextir séu hærri eða lægri eftir því, hvað veðin eru trygg. Svo bjartsýn verðum við að vera að álita jarðarveðin tryggari heldur en veð í húseignum, jafnvel þó ekki sé litið á nema það eitt, að á meðan ekki eru jarðskjálftatryggingar hér á landi, þá kemur sú hætta minna við þar sem um jarðarveð er að ræða heldur en þar, sem um húseign eina er að ræða. Ég mun þess vegna greiða þessu frv. atkv. til 3. umr. og bera þá fram brtt., sem fer í þessa átt.

Frsm. minni hl. (Magnús Jónsson) óyfirl.: Ég hefi í raun og veru mjög fáu að svara, vegna þess meðfram, að aðrir hv. þm. hafa nú sagt ýmislegt af því, sem ég annars hefði farið út í. Hv. frsm. meiri hl. vildi ekki fallast á það, sem ég sagði, að með þessu væru þeir í raun og veru skattlagðir, sem vaxta eiga að njóta af því fé, sem í Söfnunarsjóði er. Það er náttúrlega hreinn orðaleikur að tala um það, hvort hér sé um skattlagningu eða ekki að ræða. En það er vitanlega óbein skattlagning, þegar í þágu einhvers alþjóðamálefnis, eins og t. d. að létta undir með atvinnuvegunum, er farin sú leið að draga af þeim vöxtum, sem goldnir eru af fé. Mér er sama, þó þetta sé ekki borið fram sem bein skattlagning, því þessu má vitanlega ná með því að leggja á skatt einhversstaðar og greiða svo þeim, sem lánað hafa úr þessum sjóði. Það mætti líka skattleggja vaxtatekjur, eins og frv. hefir komið fram á þingi um. Það er skattlagning, þegar vextir eru lækkaðir, ekki af eðlilegum ástæðum, heldur í ákveðnum tilgangi, til þess að veita öðrum styrk. Þetta fé er nú þannig, að ef hægt væri að taka það út, mætti ávaxta það utan Söfnunarsjóðs með því að kaupa t. d. veðdeildarbréf yfir 6%. Söfnunarsjóður hefir gert sér að skyldu að kaupa veðdeildarbréf með nokkru hærra verði heldur en þau annars eru og fær þó 6%. Þetta sýnir, að þetta fé má ávaxta með nokkru meira en 6%. Hv. frsm. sagði, að í fyrstu mundi aðeins hafa verið greiddir 4%. Það er þessu máli alveg óviðkomandi, því eins og við vitum, eru vextir alltaf að hækka og lækka í landinu. Annars hafði Söfnunarsjóður þá reglu að hafa sömu útlánsvexti og Landsbankinn, og eftir að veðdeildin var sett á stofn að jafnaði eitthvað lægri heldur en raunverulegir vextir hennar. Og þessari reglu hefir verið fylgt. Það má náttúrlega segja, eins og hv. frsm. meiri hl. kom inn á, að þar sem vextir eru nú að lækka, beri Söfnunarsjóði að færa niður sína vexti. Hann er nú að byrja á því. Annars má gera of mikið úr þeirri almennu vaxtalækkun í landinu, því hún er nokkuð sitt á hvað. En stjórn Söfnunarsjóðsins hefir viljað fara hægt í þetta, því hún vill ekki útiloka, að menn eins og áður setji sjóði í Söfnunarsjóð, en það er sama sem að taka fyrir það, að sjóðir séu lagðir þangað af frjálsum vilja, ef auðvelt er að ávaxta þá með tryggustu verðbréfum. Stjórn sjóðsins hefir einmitt þess vegna verið að reyna að þræða meðalveginn og vera ekki ósanngjörn í vaxtatöku, en reyna þó að útiloka það ekki, að Söfnunarsjóði verði faldir sjóðir til geymslu. En þessi ástæða fer náttúrlega að hverfa hvað af hverju, eftir því sem meira og meira í sjóðnum er ávaxtað í verðbréfum. Og það er alveg auðséð, að sjóðsstjórnin stefnir nú að því að ná þessum lánum inn. Það sýna þau tilboð, sem gerð hafa verið um það, að lánin skuli greiðast upp á tæpri hálfri öld. Það er alveg eðlilegt, af því að sjóðurinn á að ávaxta féð í verðbréfum. Það er svo fjarri því, að löggjafarvaldið ætti að grípa inn í, eins og hv. frsm. meiri hl. hélt fram, ef sjóðsstjórnin yrði svo ósvífin að hugsa eingöngu um fé sjóðsins. Sjóðsstjórnin er skyldug til þess, þar sem það er sagt í 2. gr. l. um Söfnunarsjóð, að tilgangur hans sé að geyma og ávaxta fé á tryggan hátt, en ekki að vera lánsstofnun og taka tillit til atvinnuveganna og annars slíks. Það er skylda sjóðsstjórnarinnar að vinna hægt og hægt að því að ná þessum lánum inn og ávaxta féð í tryggum verðbréfum. Það er ekki eins og þessi sjóður hverfi þá frá öllum stuðningi við atvinnuvegina. Það getur vitanlega komið að eins miklu gagni fyrir atvinnuvegina, að Söfnunarsjóður kaupi verðbréf, jarðræktarbréf og önnur slík bréf, og hefði aldrei verið gert annað í upphafi, ef þess hefði verið kostur.

Mér virtist hv. frsm. meiri hl. vilja taka undir grínsögu mína um manninn, sem fannst hann vera búinn að borga upp lán sitt, af því hann var búinn að borga sömu krónutölu í vexti. Ég trúi því náttúrlega ekki, að hv. þm. taki undir þessa fjarstæðu. Ég gat aðeins um þetta til þess að sýna, hvað menn geta verið glámskyggnir á svona hluti. Ég veit ekki hvers lags það væri, ef ég t. d. byggi í húsi við eðlilega leigu og þættist svo eftir svona 50 ár eiga rétt á að eiga húsið. Nei, það er ómögulegt að komast í kringum það, að eðlilegir vextir af peningum er bara gjald fyrir það að nota peninga, sem annar maður á. Annars nefndi ég þetta bara í sambandi við þessar einlægu kröfur um vaxtalækkun. Það má ekki fara of mikið eftir þeim, því það er dálítið til af þeim hugsunarhætti, að menn eigi enga vexti að borga. — Ég hefi því miður ekki skrá yfir það, hvað mikið af þessum lánum hefir farið til sveita og hvað mikið til kaupstaða. Ég þykist vita, að þó nokkuð hafi farið til húsabygginga í Rvík, svo ég ætti ekki sem fulltrúi Rvíkinga að amast við því, þó lækkaðir væru vextir, en ég geri það aðeins vegna þess, að ég tel það ekki sanngjarnt. Mér finnst, að menn hafi fengið þarna mjög hagfelld lán og að þeir vextir, sem eru greiddir af þessu fé, fari til svo mikilla guðsþakkaverka, að það sé hvorki sæmilegt né réttlátt að nota einmitt þessa styrkþega sem gjaldendur til þess að styðja jafnvel atvinnuvegina. Þar verður að leita annara ráða.

Magnús Guðmundsson: Hv. frsm. meiri hl. sagði, að það mundi vera einhver mikill ágreiningur um þetta mál, sem tæpast yrði jafnaður í umr. Ég hefi nú satt að segja ekki látið uppi mikinn ágreining við hv. frsm. um þetta mál. (BSt: N. klofnaði). Já, en það bindur mig ekki neitt, þó n. hafi klofnað, því að ég átti ekki sæti í henni. En ég get ekki annað en bent á það, að þegar á að hjálpa ákveðnum hóp manna með því að setja niður vexti, þá er á hinn bóginn hætta á því, að þessum sömu mönnum verði sagt upp þessum lánum, sem lækka átti vextina á, — og hvað vinnur maður þá? Það er vitanlegt, að þegar á að hjálpa mönnum, þá verður að búa svo um samtímis, að engin hætta sé á, að það verði þeim til ills. Það var ekki annað en þetta, sem ég var að benda á í þeim orðum, sem ég sagði áðan, og hv. frsm. viðurkenndi, að þetta gæti verið. Hann segir bara, að stjórn sjóðsins eigi ekki einungis að hugsa um hag sjóðsins; það séu fleiri tillit, sem hún eigi að taka. Ég viðurkenni það, en hún á fyrst og fremst að líta á hag þess sjóðs, sem hún er sett til að stjórna. Það er ekki hægt að neita því. Og eigi það að vera tryggt, að þetta frv. komi bændum að gagni, þá er ég ekki í vafa um, að það þarf ákvæði um, að bannað sé að segja upp þessum lánum, nema ef um veruleg vanskil er að ræða. Það er víst, að hver lánsstofnun sem er getur oft notað sér það, að lánþegi, sem er fjarverandi, verður of seinn með að senda vexti eða afborganir, og skuldabréfin gefa þá hlutaðeigandi stofnun rétt til að segja upp. Það er þess vegna á hennar valdi, hvort hún gerir það eða ekki. Þar af leiðandi er það mikið spursmál, hvort maður tekur ekki með þessu frv. meira með annari hendinni en maður gefur með hinni. — Um vextina af kaupstaðarlánum verð ég að segja það, að mér finnst mikið sanngjarnara að kveða svo á, að þeir skuli vera óbreyttir, því það eru sannarlega mikil hlunnindi, sem þessir menn hafa fengið áður með því að fá lán úr þessum sjóði, þó ekki sé farið að setja niður vextina löngu eftir að þeir tóku lánið. Eins og menn vita, verður hver maður hér Rvík, sem fær lán gegn 1. veðrétti, að borga a. m. k. 6% vöxtu. Þá sér maður, að það er engin sanngirni að lögbjóða nú, að sá maður, sem fengið hefir 5½% lán, skuli nú ekki greiða nema 5%. — Ég segi eins og er, að mér finnst þetta frv. ekki gera Söfnunarsjóði neitt til. Ég held ekki, að menn hætti að leggja fé í Söfnunarsjóð, þó þetta frv. verði samþ., heldur mun Söfnunarsjóðurinn taka upp þá reglu að kaupa veðbréf, og þá getur hann haft meira en 6% upp úr því, en hætta lánveitingum. — Ég held þess vegna, að það séu allar líkur á því, að þó þetta frv. verði samþ., þá nái það ekki þeim tilgangi, sem því er ætlað að ná.

Einar Árnason: Ég vil aðeins segja örfá orð út af þessu frv., sem ég er meðflm. að, þar sem svo margir hv. dm. hafa risið upp til að andmæla því. Og það, sem mér virðist hafa verið aðalástæðan hjá þeim, er það, að hér sé verið að ganga á rétt volaðra, vanaðra, haltra og blindra. Ég held það sé gert of mikið úr þessu og það sé yfirleitt allt of mikið kjökurshljóð haft í frammi út af þessu frv. Hv. frsm. tekur það fram í sínu nál. með breyttu letri, að þessi sjóður sé ekki lánssjóður, heldur sé hann aðeins til þess að ávaxta fé manna. Ég vil spyrja hv. frsm. minni hl., hvernig eigi að ávaxta fé öðruvísi en að lána það. Og mér finnst það skipta miklu máli, hvort þessi sjóður breytir nú til frá þeirri reglu, sem hann áður hafði, og fari að gerast milliliður um lánastarfsemi, því það, að sjóður tekur upp þá reglu að kaupa veðbréf, er ekkert annað en að gerast milliliður í lánastarfsemi, til þess að lántakendur fái verri kjör heldur en þeir annars hefðu getað fengið. — Hv. frsm. minni hl. segir, að sjóðurinn geti haft meira upp úr því að ávaxta peningana í tryggum veðbréfum. Þetta getur vel verið, en við megum ekki gleyma því, að það er eitthvað, sem stendur á bak við öll veðbréf, og ef það, sem á bak við þau stendur, hrynur, — hvers virði eru þau þá? — Hv. frsm. minni hl. talaði mikið um það, hvað þessi lán, sem Söfnunarsjóður hefir veitt, hafi verið framúrskarandi hagstæð, og til sönnunar því sagði hann, að mikið hefði verið sótt um þessi lán og margir verið á biðlista. Það er rétt, að mikið hefir verið sótt um þessi lán og margir verið á biðlista, en það er engin sönnun fyrir því, að þessi lán hafi verið svo framúrskarandi hagstæð, þó þau kunni að hafa verið hagstæðari en önnur þau lán, sem sömu mennirnir hafa átt kost á í öðrum lánsstofnunum. Mér er ekki kunnugt um það, að bændur hafi yfirleitt haft aðgang að hagstæðum lánum,

áður en Búnaðarbankinn tók til starfa. Þess vegna má segja, að það skársta, sem í boði var, hafi verið hagstætt, en að það hafi verið framúrskarandi hagstætt, get ég ekki fallizt á.

Hv. frsm. minni hl. segir, að þessar kröfur um lækkun vaxta séu ósanngjarnar. Ég get alls ekki fallizt á það, og ég býst við, að við höfum sína skoðunina á þessu hvor, af því mér skilst af því, sem hann segir, að við höfum mjög ólíka skoðun á eðli vaxta. Þegar hv. frsm. minni hl. er að tala um eðli vaxta, þá talar hann um það eitt, að þeir, sem eigi peninga, eigi að fá vexti, og það sem hæsta vexti. En ég vil segja, að það eigi að vera nokkuð mikið samræmi í því, sem hægt er að hafa upp úr peningunum með því að fá þá lánaða, og því, sem greitt er í vexti af peningunum. Og það er einmitt þess vegna ákaflega eðlilegur hlutur, að þegar ekki er hægt að láta peningana bera neina raunverulega vexti í þeim fyrirtækjum, sem þeir eru lagðir í, að þá eigi vextirnir að lækka. Það hefir verið talað um það í þessum umr., að Söfnunarsjóður hafi boðizt til þess að bæta ráð sitt með því að breyta vaxtalánum úr 6% niður í 5½%, með ½% afborgunum. Og ástæðan til þess er sú, að samskonar frv. og þetta kom fram á síðasta þingi. En ég vil bæta því við, þar sem hv. frsm. minni hl. var að tala um þessi framúrskarandi hagstæðu lán, að það eru alls ekki hagstæð lán að lána gegn 6% og engri afborgun. Það eru alls ekki hagstæð eða hyggileg lán, og ég álít, að sjóðsstjórnin hafi alls ekki farið hyggilega að ráði sínu. Ef nú svo fer, að þeir bændur, sem hafa fengið þessi lán með þessum ákaflega hagstæðu kjörum, geta ekki staðið í skilum, hvað verður þá? Ég sé ekki annað en að Söfnunarsjóður, sem undir öllum kringumstæðum hefir fyrsta veðrétt í jörðunum, verði að ganga að þeim. Eins og nú er ástatt í landinu um landbúnaðinn, þá er ég alls ekki viss um, að það verði sérstaklega arðvænlegt fyrir Söfnunarsjóð að ganga að jörðunum. Ég gæti trúað, að það væri heldur hyggilegra fyrir hann að fá lægri vexti og eiga það tryggt, að jörðin, sem hann hefir að tryggingu, fari ekki í eyði. Hv. frsm. minni hl. segir í nál. sínu, að ekki geti komið til mála að skerða ávöxtu þessa fjár í þágu þeirra, sem notið hafa þeirra hlunninda að fá lán úr sjóðnum. En ég vil segja, að þetta geti komið til mála, og það án þess að sjóðsstjórnin vilji það, og einnig án þess að lánþegar vilji það. Það kemur af þessu, sem ég benti á áðan, að þó Söfnunarsjóður hafi lánað með háum vöxtum, — ég segi, að þeir séu háir —, þá hefir hann í rauninni lánað svo lítið út á fasteignir, að þetta hefir ekki komið að fullum notum enn.

Þá talaði hv. 1. þm. Skagf. í öðru orðinu með vaxtalækkuninni, en vildi þó láta koma fram, að hann teldi hættu á því, að Söfnunarsjóður myndi þá segja upp lánunum. En stjórnendur Söfnunarsjóðs eru það skynsamir menn, að þeim dytti slíkt ekki í hug, því að þá sætu þeir e. t. v. uppi með verðlausar jarðir og húsaskrokka, sem sjóðurinn yrði þá að taka að sér. Það er mikill vafi, hvernig það gengi, og ákaflega mikill vafi, hvort þeim mönnum, sem eiga fé í Söfnunarsjóði og svo mikið hefir verið um rætt, að væru aðallega gamalmenni og sjúklingar, væri það til svo mikilla heilla, að gengið væri nú að þessum lántakendum. — Mér finnst það hyggilegast að lækka vextina til muna og fara nú að hugsa meira um afborganir af lánunum. Þá mætti fara að losa um féð og koma því í verðbréf með hærri vöxtum.

Hv. 1. þm. Skagf. og fleiri hafa haldið því fram, að stjórnendur sjóðsins hlytu fyrst og fremst að líta á hag eigenda sjóðsins. Það er ekki nema sanngjarnt og sjálfsagt, að svo sé gert. En ekki er þó víst, að hyggilegt sé að gera það í öllum tilfellum. Ég held, að þjóðinni sé það fyrir beztu, að vextir af fé séu hafðir sem mest í samræmi við það, sem féð gefur af sér. Á það verður að líta fyrst og fremst, ef hugsa á um þjóðarheildina, en ekki eingöngu þá, sem peninga eiga.

Ég skal svo ekki vera langorðari um þetta. Frsm. meiri hl. hefir skýrt frv. fullvel. Ég hefi þar ekki frekar við að bæta, nema lenda þá út í endurtekningum. Ég hygg, að afdrif þessa frv. verði þau sömu, hvort sem rætt verður um málið lengur eða skemur.

Frsm. meiri hl. (Bernharð Stefánsson): Ég get að mestu leyti fallið frá orðinu, því að samþm. minn hefir tekið fram mest af því, sem ástæða var til að segja. Þó vil ég geta þess, út af því, sem hv. þm. Dal. vék að, hvort ekki væri rétt að láta ákvæði frv. ná einungis til landbúnaðarlána, að ég vil ekki taka afstöðu til þessa ákvæðis nú við þessa umr., en tel sjálfsagt, að n. taki það til athugunar milli umr. Á hinn bóginn sé ég nokkurn örðugleika á því að skipta lánunum svo, að þau verði með mismunandi kjörum. En hvort þeir örðugleikar eru svo miklir, að þeir útiloki, að ég geti orðið með till. í þessa átt, vil ég ekki segja um nú.

Því hefir verið haldið fram, að með frv. væri gengið á rétt þeirra, sem eiga fé í Söfnunarsjóði. Hv. 10. landsk. sagði, að gengið væri á rétt þeirra, sem erfiðast ættu, gamalmenna, ekkna, fátækra námsmanna o. s. frv., því að í Söfnunarsjóði væru ýmsir sjóðir, sem styrktu þessa aðilja. En með þessu frv. er ekki farið fram á að draga úr vöxtum, sem sjóðurinn tekur, frá því, sem áður var, þegar hann var stofnaður og þegar flestir sjóðirnir í Söfnunarsjóði voru þangað látnir.

Hv. 1. þm. Reykv. fannst það orðaleikur, hvort verið væri að skattleggja eða ekki, og hvernig þá. En hann hélt því þó fram, að verið væri að skattleggja eigendur fjárins í Söfnunarsjóði. Samþm. minn vék að skyldu efni, svo að ég fer ekki um það mörgum orðum, þó að gaman væri að athuga það nokkru nánar, t. d. hvað hefir verið gert við það fé, sem tekið hefir verið að láni úr ræktunarsjóði, og hvort það fé gefur hærri vexti en þeir vextir eru, sem Söfnunarsjóður fær. Mér finnst, að engu síður mætti segja, að lántakendur borgi einskonar skatt til ekkna, gamalmenna og annara, sem hér hefir verið um rætt.

Ég veit ekki um hagi hv. 1. þm. Reykv. En ég get vel hugsað mér hvorttveggja, að hann skuldi

í Söfnunarsjóði og eigi hlutabréf í Eimskipafélagi Íslands. Þá mætti líta svo á, að til þess að geta eignast hlutabréf í Eimskipafélagi Íslands, hefði hann tekið lán í Söfnunarsjóði. Það þótti um tíma álitlegt að eiga bréf í Eimskipafélagi Íslands, og enginn neitar því, að félagið geri þjóðinni gagn. En hvað mikil eign verður í þessum hlutabréfum? Og þó ekki sé tekið þetta dæmi, þarf ekki nema að eiga fé í búrekstri, mótorbát eða slíku. Hvaða vexti gefur það?

Hv. 1. þm. Reykv. nefndi áðan eðlilega rentu. Ef við gætum fundið rétt, hvað væri eðlileg renta af peningum, þá mætti segja, að ef farið væri fram á, að Söfnunarsjóður lánaði fé fyrir lægra en eðlilega rentu, þá væri verið að skattleggja eigendur fjárins, og öfugt, ef hann lánaði fyrir hærra. En hvað er eðlileg renta af peningum nú? Út frá skoðun hv. þm. í viðskiptamálum myndi hann svara þannig, að eðlileg renta væri sú, sem boðin sé, ef lán er að fá. Ég veit ekki nema hægt væri að lána fé með meira en 6% vöxtum. Hvi þá ekki út frá hans hugsun að láta vexti Söfnunarsjóðs stiga upp í 8% eða 10%, því ég býst við, að lánið gengi samt út. En ef litið er á, að fé renti sig í fyrirtækjum, þá hygg ég, að ekki sé farið niður fyrir eðlilega rentu, þó að þetta frv. verði samþ.

Það er auðvitað atriði til athugunar, sem hv. 1. þm. Skagf. hefir minnzt á, að hætta sé á, að stjórnendur sjóðsins segi lánunum upp, ef þetta frv. yrði lögtekið. Ég álít samt, að þar sem stjórn sjóðsins eru þingkosnir menn, þá hafi þeir verið kosnir með fleira fyrir augum en það, að hafa sem mest upp fyrir Söfnunarsjóð. En sé ástæða til að óttast þetta, þá mætti bæta inn í frv. ákvæði um það, að ekki mætti segja lánunum upp fyrir þessar sakir. Ég þakka fyrir þessa bendingu, og vil ég athuga fyrir 3. umr., hvort ástæða muni til að setja svona ákvæði inn í frv.

Frsm. minni hl. (Magnús Jónsson) [óyfirl.]: Það er farnar að verða langar umr. um annað eins smámál og þetta er, því að þar sem hér ræðir um vaxtalækkun, sem ekki nemur nema ½%, þá er þetta orðið hlægilega smátt mál, sem ekki er ástæða til að streitast fast með eða móti. En ég verð að svara sérstaklega hv. 2. þm. Eyf., því að hann kom fram með nokkur atriði, sem ég get ekki fallizt á. En hann er nú bara ekki við, og vil ég því fresta því, þangað til hann kemur, en minnast fyrst á atriði, sem ég gleymdi áðan, viðvíkjandi því að takmarka vaxtalækkunina eingöngu við lán gegn jarðarveði, eða landbúnaðarlán. Ég held, að það verði erfitt í reyndinni að framkvæma þetta, og er auk þess óeðlilegt að hafa mismunandi vexti við sömu stofnun. Ég held þá, að stjórn sjóðsins myndi verða að lækka alla vexti til þess að sleppa við þessa vafasömu greiningu á lánum til landbúnaðar og lánum til kaupstaða.

Frsm. meiri hl. stakk upp á því síðast í ræðu sinni, að setja ákvæði inn í frv. þess efnis, að sjóðsstjórnin mætti ekki segja upp lánum. Ég er ekki lögfræðingur og er sjálfur ekki fær um að skera úr, hvort hægt er að rifta gerðum samningum með löggjöf. Ég tel ekki óhugsanlegt, að það mætti, og löggjafarvaldið gæti þannig gripið aftur fyrir sig. En þá held ég mönnum félli nú allur ketill í eld að ávaxta fé í þessum sjóði, ef fyrst ætti að lána fé fyrir lægri vexti en hægt er að fá í tryggustu verðbréfum, en skylda samt sjóðsstjórnina til að ávaxta féð þar, eða binda m. ö. o. hendur hennar, svo að hún verði að halda lægri vöxtunum. Hér kemur skýrt fram það ofríki, sem borið hefir á á síðustu þingum. Ef menn fá eitthvað í höfuðið, þá er að fjötra það með lögvaldi, og herða svo að öllum stofnunum, þangað til gengið er af þeim dauðum.

Hv. 2. þm. Eyf. er ennþá ekki kominn, en ég verð þó að svara honum. Hann sagði, að með því að Söfnunarsjóður keypti verðbréf, þá gerði hann sig að millilið um lánastarfsemi. Þetta er undarleg skoðun hjá hv. þm. Það er einmitt þvert á móti. Í stað þess að lána beint, skýtur hann millilið milli sín og þeirra, sem lánin taka, og tryggir sig þannig betur. Ég held þetta hafi hlotið að vera mismæli hjá hv. þm. Það á einmitt ekkert að vera tryggara en slík verðbréf. Í landslögum og í lögum einstakra félaga er ákveðið, að það, sem ekki á að mega bregðast nema allt bregðist, skuli ávaxtast í verðbréfum, svo sem varasjóðir. En þar með eru ekki varasjóðir gerðir að milliliðum. Langt frá því, heldur er millilið skotið inn til tryggingar.

Þm. sagði, að ef það brygðist, sem á bak við stæði, þá töpuðust lánin. Já, ef allt bregzt, þá bregzt líka allt.

Í veðdeildunum er skotið milli lánveitanda og lántakanda varasjóði, nefnilega sjálfum ríkissjóði. Það er sama og ríkisábyrgð. Þar er öllu skotið á milli, sem til er á Íslandi, svo að féð tapist ekki. Það er því ekkert berandi saman við það að lána gegn tryggustu verðbréfum. En náttúrlega, ef allt tapast, þá tapast líka allt.

Þm. varði löngum ræðutíma til að andmæla því, sem ég sagði, að lán úr Söfnunarsjóði hafi verið framúrskarandi hagstæð. Ef ég hefi sagt, að þau hafi verið framúrskarandi hagstæð, þá hefi ég átt við, að þau væru hin hagstæðustu lán, sem hægt er að fá, miðað við veðdeildarlán, sem eru þau hagstæðustu. Og þar sem Söfnunarsjóður hefir lánað með nokkuð lægri vöxtum en veðdeildirnar, þá kalla ég það framúrskarandi hagstæð lán. Og það, að mikill fjöldi manna situr um að fá þessi lán, er bezta sönnunin um, að þau eru framúrskarandi hagstæð. Enda kemst hv. þm. alstaðar í bendu með þennan hugsunarhátt. Ef lánin væru ekki hagstæð, hví fara menn þá ekki í veðdeildirnar? Þar standa opnir flokkarnir, svo að hægt er jafnvel að fá milljónir. Hví segja menn ekki upp lánum Söfnunarsjóðs og ganga inn í veðdeildirnar? Söfnunarsjóður væri feginn að fá sín lán inn, og ef hin lánin væri svo mjög hagstæð, þá hefði menn tekið þau, og borgað upp Söfnunarsjóði. Nei, þm. er í bendu. Lán Söfnunarsjóðs eru mjög hagstæð, en bara ekki út frá þeim hugsunarhætti, að ekki ætti að borga lán.

Báðir hv. þm. Eyf. deila á mig fyrir skoðanir

minar á vöxtum. Viðvíkjandi því, sem hv. 1. þm. Eyf. sagði, að ekki væri hægt að segja til um, hvað sé eðlileg renta, þá vil ég taka dæmi. Ég á skuldlaust hús í Reykjavík. Ég sel það og leigi annað í staðinn. Hvað eru þá eðlilegir vextir af því? Ég vil fá það, sem kostar að búa í leiguíbúðinni. (BSt: En ef þm. kaupir jörð, hvað eru þá eðlilegir vextir af jarðarverðinu?). Það fer eftir því, hvernig mér gengur búskapurinn. (BSt: Já, ætli það ekki!). En þá kemur að því, sem vitað er, að það getur ekki annað ákveðið sanngjarna vexti en eftirspurnin. Hverjir hafa vit á því, hvað eru eðlilegir vextir, nema þeir, sem ætla sér að nota féð? Hver ætti að geta sagt um það nema einn, hvað eru eðlilegir vextir af jörð, þ. e. sá, sem kaupir hana? Til hvers er ég að taka lán, ef ég ekki vona, að það beri þann arð, sem ég hefi óskað? Sumir geta farið óhyggilega að, þannig að fyrirtækið gefi ekki það af sér, sem búizt var við. En hverjir eiga þá að ákveða vextina? Reynslan hefir sýnt, að vextir fara upp og niður, eftir því hvað spurt er eftir þeim, hvernig árferði er o. s. frv. Ég veit ekki, hverjir ættu að taka lán með 8%—10%, eins og hv. þm. stakk upp á. Það er auðvitað fjarstæða að halda, að Söfnunarsjóður gæti farið upp í svo háa vexti, þegar kostur er á tryggustu lánum úr veðdeild fyrir lægri vexti.

Það er bezt fyrir menn að sleppa þessu og viðurkenna, að vextir Söfnunarsjóðs eru hagfelldastir af þeim vöxtum, sem fengizt hafa. Og bezta sönnunin fyrir því er það, að menn taka ekki veðdeildarlán til þess að borga hin upp.

Hv. 2. þm. Eyf. sagði, að það væri ekki heppilegt fyrir sjóðinn að segja nú upp lánunum og ganga að jörðunum. Er það ekki ein sönnun þess, að ekki sé áhættulaust fyrir eigendur peninganna að eiga fé sitt þar? Jarðarveð geta verið óseljanleg nema festa peningana í nýjum lánum aftur. En hitt er annað mál, hvort hlýzt nokkur trygging í niðurfærslu vaxtanna, þannig að allir geti þá staðið vel í skilum.

Það er náttúrlega mjög erfitt að segja um það, hvað eru réttir vextir. Við getum sagt, að það megi vera 4% nú, — en hvar á þá að nema staðar? Það hefir verið bent á hér, að sjóðsstjórninni gæti ekki legið í léttu sinni, hvernig veltist. Hún á að hugsa um hag sjóðsins og hugsar um, hvernig hann megi tryggja sem bezt, þannig að sjóðurinn fái fé til geymslu og unnt sé að ávaxta það fé á tryggan hátt. Eðlilega langar hana til að gefa eins háa vexti og hægt er, svo menn vilji geyma og ávaxta fé sitt í sjóðnum. Eðlileg afleiðing af frv. þessu er sú, að sjóðsstjórnin losaði sig við beina útlánastarfsemi, en tæki samt sem áður þátt í útlánastarfseminni með því að kaupa vaxtabréf, en á ekki jafnhægt með að beina fé sjóðsins þangað, er hún vill helzt. Eftir upplýsingum frá form. sjóðsins hefir því aðallega verið beint i sveitirnar, með því að kaupa jarðræktarbréf, og ég tel það mjög eðlilegt, að sjóðsstjórnin kaupi trygg verðbréf. Ég er viss um, að landbúnaðinum væri það hentugra, að Söfnunarsjóðurinn væri allur ávaxtaður í jarðræktarbréfum, heldur en að knýja niður vextina um ½%. Væri það áreiðanlega ólíkt heilbrigðara en að skaða þá, sem eiga fé sitt ávaxtað í Söfnunarsjóði.

Pétur Magnússon: Ég verð að segja, að röksemdafærsla hv. þm. Eyf., sem þeir hafa fært fram fyrir máli þessu, er sú allra einkennilegasta, sem ég hefi nokkru sinni heyrt hér á þingi.

Eins og hv. þdm. er kunnugt, þá er hér farið fram á að lögfesta, að hámarksvextir af lánum Söfnunarsjóðs skuli vera 5%, í stað þess, að áður var þetta óákveðið. Þessir hv. þm. tala um þetta eins og stofna eigi með frv. þessu til almennrar vaxtalækkunar í landinu. Þeir tala um þetta eins og stóran stuðning við atvinnuvegi landsmanna. Fé Söfnunarsjóðs hefir verið um 3 millj. kr., en í veðdeild Landsbankans er fé, sem skiptir tugum milljóna, og er lánað út með 6—8% vöxtum, og hv. þm. Eyf. hafa ekkert við það að athuga. Ræktunarsjóður ræður yfir 5 millj. kr. og lánar út með 6% vöxtum, og ekkert heyrist frá hv. þm. Eyf. um, að þeim þyki það of háir vextir. Ég veit ekki, hvað margar millj. kr. eru í öllum sparisjóðum landsins og ávaxtaðar í lánum með 6—8% ársvöxtum, og hv. þm. Eyf. hafa ekki séð ástæðu til að drepa á það. Svo eru þar að auki allar þær milljónir, sem eru í bönkum landsins. Ég bendi aðeins á þetta til að sýna, að þetta fé, sem hér um ræðir, er hverfandi hluti af því fé, sem atvinnuvegirnir standa undir og borga vexti af. Hér er því ekki um neina almenna hjálp að ræða til atvinnuveganna, en það má segja, að þetta gæti orðið hagnaður fyrir nokkra menn, sem skulda Söfnunarsjóði, en það er aðeins hverfandi hluti allra lántakenda. Og hinum er ekkert hjálpað með þessu frv. Öðrum lánardrottnum er ekki sett neitt hámark eða takmörk um vxatakjörin upp á við, og það hafa ekki enn komið fram á Alþingi neinar till. í því efni. Undantekningar frá þessu eru vitanlega þær stofnanir, sem styrktar eru af ríkinu eða eru aðnjótandi sérstakra hlunninda eins og t. d. byggingar- og landnámssjóður. Eðlilega koma slíkar till. ekki fram, því það er ekki hægt að setja slíka löggjöf meðan ríkið og atvinnuvegirnir lifa á erlendu lánsfé, sem greiða verður af 6—8% í vexti. Meðan þjóðin notar erlent fé með slíkum vaxtakjörum, er ekki unnt að takmarka vaxtafótinn með lögum. Þetta sjá allir heilvita menn. Hitt eru allir sammála um, og það þarf ekki að rökræða hér, að vaxtafóturinn er hærri en atvinnuvegirnir þola. Það er búið að draga inn í landið milljónir og aftur milljónir af erlendu fé, sem atvinnuvegirnir eru ekki færir um að standa straum af eða borga svo háa vexti sem krafizt er. Ef við því ætlum að gera okkur vonir um að fá lækkaðan almennan vaxtafót í landinu, er eina ráðið til þess að fá ódýr lán í stað hinna vaxtaháu lána, sem við nú búum við. Á annan hátt er alls ekki um að ræða að létta af atvinnuvegunum þessari tilfinnanlegu byrði. Það er ekki annað en herfilegasta rökvilla, þegar hv. þm. Eyf. er að tala um hjálp fyrir atvinnuvegina, þó lækkaðir séu vextir af lánum Söfnunarsjóðs.

Það liggur nú hér fyrir þinginu frv. um að ríkissjóður taki þátt í vaxtabyrði landbúnaðarins á þá lund að lækka vexti af landbúnaðarlánunum niður í 5%. Ég held, að það sé engin ástæða til að lækka vexti af lánum þeim, sem hvíla á húsum hér í bænum, sem eru eitt af því fáa, sem getur enn svarað vöxtum. Þetta frv. um lækkun vaxtanna, eða réttara sagt breytingu þeirra með aðstoð eða styrk úr ríkissjóði, efast ég ekki um, að nái fram að ganga, því ég tel vafasamt, að nokkur þm. treysti sér til að beita sér gegn því, eða sjái sér það fært, þó að þessi bráðabirgðalausn sé að ýmsu leyti vandræðaúrlausn. Það sér því hver maður, að frv. þetta, er hér liggur fyrir, er ekki borið fram til að létta á framleiðslunni, heldur til að létta af ríkissjóði. — Ef vextirnir héldust í 5½% eins og nú er, mundi ríkissjóður verða að taka að sér ½% samkv. frv. um breyt. á fasteignaveðslánum landbúnaðarins. Það er því ekkert annað, sem fyrir liggur, en að létta af ríkissjóði þessari greiðslu, á kostnað þeirra sjóða, sem standa í Söfnunarsjóði, sem aðallega er ellistyrktarsjóðurinn o. fl. smærri styrktarsjóðir. En því miður er frv. þetta ekki svo vel undirbúið, að það sjáist, hve sú upphæð nemur miklu. Það er því fullkomlega rétt að halda því fram, að eins vel mætti skattleggja sjóðina til ágóða fyrir ríkissjóð á þann hátt að láta þá greiða ½% í vaxtaskatt. Hagur beggja aðilja væri þá óbreyttur. Það væri því nákvæmlega sama, hvor leiðin væri farin. Það hefir verið talað um, hvaða afleiðingar slík löggjöf sem hér um ræðir, gæti haft, af samþ. yrði. Það er enginn efi á, að Söfnunarsjóður mundi draga inn lán sín, segja þeim upp svo fljótt, sem hægt væri, og verja fé sínu til verðbréfakaupa. Hv. 2. þm. Eyf. taldi það hálfgerðan glæp, ef sjóðstjórnin gengi inn á þá braut. Hv. 1. þm. Eyf. tók ekki eins djúpt í árinni, en hann taldi það þó lítið þjóðþrifaverk. Ég efast ekki um, að sjóðsstjórnin gerir þetta, án þess þó að ég geri ráð fyrir, að hún geri sér leik að því að ganga að mönnum og selja jarðir þeirra, heldur innheimti eins og aðrar lánsstofnanir með lægni. En hún mundi draga inn lán sjóðsins eins ört og hún sæi sér fært, og ég álít það líka hreint og beint skyldu sjóðsstjórnarinnar. Söfnunarsjóður hefir það hlutverk að ávaxta fé á tryggan hátt, og þarf því ekki að reka beina útlánastarfsemi. En það hefir verið gert, vegna þess að um langan tíma var ekki hægt að ávaxta fé á annan eins hagkvæman hátt. En nú er hægt að ávaxta féð á fulltryggan hátt með því að kaupa verðbréf, og það verðbréf eða bankavaxtabréf, sem eru útgefin af þjóðbanka landsins. Ég sé ekki, hvernig hægt væri að víta sjóðsstjórnina, þó hún notaði fé það, er hún hefir handa á milli, til að kaupa verðbréf þjóðbankans. Það hefir verið talað um, að sjóðstj. ætti ekki að hugsa eingöngu um háa vexti, heldur líka um hag almennings. Það er rétt, að ekki á eingöngu að hugsa um háa vexti, heldur líka að ávaxtað sé á tryggilegan hátt, og náttúrlega líka, að féð gangi til þeirra fyrirtækja, sem rétt eiga á sér.

Það er vitað, að sjóðsstjórnin hefir hækkað gengi veðdeildarbréfanna úr 75—80, og er það vitanlega nokkurs virði, þó ekki tækist að koma þeim upp í nafnverð, m. a. vegna þess, að hún réð yfir takmarkaðri fjárupphæð. Hitt er ómótmælanlegt, og því hefir enginn reynt að mæla á móti, að það verða að teljast eðlilegir vextir á hverjum tíma, sem veðdeildarbréf Landsbankans gefa af sér, eða svo ætti a. m. k. að vera. (**BSt**: Hvað eru þeir?). Ég hefi það ekki hér skjalfest hjá mér, en þeir eru sennilega 6½%. (**JAJ**: Þeir eru 6,75%). Hitt skal játað, að allt of lítið hefir verið gert til að halda veðdeildarbréfunum í gengi, fram yfir það, sem Söfnunarsjóður hefir gert. Það hefir verið minnzt á það hér, að hægt væri að banna Söfnunarsjóði að segja upp lánum sínum. Ég held, að hv. þdm. hljóti að vera ljóst, hvílík fásinna slíkt væri. Og í rauninni ætti ekki að vera þörf að ræða slíka fásinnu hér. Það væri sama sem að Alþ. tæki stjórn sjóðsins í sínar hendur, og ég fæ ekki séð, hvaða menn væru líklegir til að vilja lána nöfn sín til að leppa sjóðsstjórnina fyrir Alþingi. Ég held, að það gæfi sig enginn í það; a. m. k. myndu þeir sömu ekki vera heppilegir stjórnendur slíkrar stofnunar. Ég þykist hafa leitt rök að því, að hér er aðeins um það að ræða að létta af ríkissjóði á kostnað Söfnunarsjóðsins, eða þeirra sjóða, sem ávaxta fé sitt í honum. Hvort ástand ríkissjóðs er orðið svo bágborið, að nauðsynlegt sé að éta upp ellistyrktarsjóðinn, skal ég ekki segja, en ef svo er, þá held ég, að þörf sé á að athuga eitthvað fleira á þessu þingi en vexti Söfnunarsjóðs.

Magnús Guðmundsson: Ég ætla einungis að svara hv. 2. þm. Eyf. því, að Söfnunarsjóður á hægt með að losa sig við sín lán án þess að taka jarðirnar, sem eru að veði. Söfnunarsjóður þarf ekki annað en benda skuldunautum sínum á að taka veðdeildarlán og greiða sjóðnum með veðdeildarbréfum. — Ég skal svo ekki lengja umr. um þetta frekar, þær eru orðnar það langar.

Frsm. meiri hl. (Bernharð Stefánsson): Hv. 2. þm. Rang. hóf ræðu sína með því, að þetta væru einhverjar einkennilegustu umr., sem hann hefði heyrt á Alþingi. Ég verð að segja það, að einkennilegasta ræðan, sem ég hefi heyrt í þessu máli, var ræða hans, og þó einkum fyrri hluti hennar. Ég má ekki gera nema stutta aths., svo ég skal ekki fara langt inn á að svara því. Hann byrjaði á því, að háir vextir væru í veðdeildinni o. fl. lánsstofnunum, sem bændur skiptu við og þm. Eyf. hefðu ekkert við það að athuga. En í næstu andrá fór hann að tala um annað mál, sem hér er á dagskrá, frv., sem er flutt af okkur þm. Eyf., þar sem gert er ráð fyrir því, að allir vextir af fasteignaveðslánum bænda, sem eru hærri en 5%, lækki ofan í 5%. (**PM**: Er þar um vaxtalækkun að ræða?). Að vísu er það ekki, heldur um tillag frá ríkissjóði, en það verkar alveg eins og vaxtalækkun fyrir bændurna. Hv. þm. vék sjálfur að því í ræðu sinni, að ekki væri hægt að ráða við almenna vaxtalækkun af því við notuðum erlent

lánsfé eins og t. d. í veðdeild Landsbankans og víðar. En það fé, sem stendur í Söfnunarsjóði, er innlent fé, og við höfum vald yfir því. Þegar þjóðarhættir eru svo, að hag má telja að slíkum ráðstöfunum, þá hefir Alþ. vald til þess. Þjóðin á sjálf þessa sjóði, eins og t. d. ellistyrktarsjóðina, sem er mikið af því fé, er Söfnunarsjóður hefir til umráða. Ég veit, að fyrir lántakendur væri það sama, þó þetta frv. yrði ekki samþ., en ríkissjóður látinn bera vaxtalækkun með tillagi. En ég álít, að auðvelt sé fyrir stofnunina sjálfa að bera þessa vaxtalækkun án þess að mjög sé tilfinnanlegt, og tel ég því rétt, að hún geri það án þess að ríkissjóði blæði. Mér finnst, að sæmilegir vextir séu goldnir af innstæðufé í Söfnunarsjóði, jafnvel þó hann fái ekki nema 5%. Er það að vísu satt, að lítilsháttar er dregið úr vaxtarmöguleikum sjóðsins með ráðstöfunum þessum, en það er vitanlega fjarstæða, að þeir séu gerðir að engu.

Hv. þm. hafði svo sterk orð um hugmynd, sem fram kom frá hv. 1. þm. Skagf., að það gæti komið til mála að banna að segja upp lánum í Söfnunarsjóði, að hann sagði, að það væri fásinna ein og fjarstæða, og kann það vel að vera; ég er ekki að halda þeirri skoðun fram, en ég hefi sagt, að sjálfsagt væri að taka málið til athugunar. Og þó að eitthvert ákvæði væri sett í frv. um það, að ekki mætti segja lánunum upp, þá væri það ákaflega skylt l. frá 1933 um greiðslufrest, þó auðvitað sé það ekki það sama, og þeim l. var hv. 2. þm. Rang. samþykkur. (PM: Það voru aðeins heimildarlög). Já, en þau voru framkvæmd, og það var hv. 2. þm. Rang., sem framkvæmdi þau.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 9:2 atkv.
2. gr. samþ. með 8:2 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. visað til 3. umr. með 9 shlj. atkv.

Á 28. fundi í Ed., 18. marz, var frv. tekið til 3. umr. (A. 64, 173).

Of skammt var liðið frá útbýtingu brtt. 173. — Afbrigði leyfð og samþ. með 12 shlj. atkv.

Þorsteinn Briem: Ég hefi áður gert grein fyrir ástæðu þessarar brtt., við 2. umr. þessa máls, og þarf því ekki að taka meira fram um þetta.

Jón Auðunn Jónsson [óyfirl.]: Ég er hræddur um, að þetta frv. verði ekki til neinna bóta fyrir lántakendur, sízt fyrir þá, sem hafa fasteignaveð í boði. Eins og hv. þdm. er kunnugt um, hefir stjórn Söfnunarsjóðsins tekið þá ákvörðun að veita ekki fasteignaveðslán yfirleitt, heldur að kaupa fasteignalánsbréf, t. d. veðdeildarbréf Landsbankans, og ég er viss um, að það er til meiri hagsbóta fyrir lántakendur yfirleitt, að það sé reynt að halda uppi verði fasteignabréfa, og það hefir Söfnunarsjóður gert. Hann hefir keypt og kaupir nú, eftir því sem hann hefir fé til, veðdeildarbréf Landsbankans fyrir 80%, en áður en Söfnunarsjóður fór að kaupa þessi bréf, voru þau ekki keypt hærra verði en 75% og í mörgum tilfellum fyrir enn lægra verð. Það eru dæmi til þess, að þau hafa verið seld á 66—68%, en við það, að Söfnunarsjóður ákvað að kaupa bréfin fyrir 80%, hafa þau ekki farið fyrir eins lágt verð eins og áður. Nú eru þau líklega ekki seld fyrir minna en 75%, og flest á 76—78%. Með því að halda uppi verðmæti fasteignalánsbréfanna, enda þótt Söfnunarsjóðurinn geti ekki keypt nema lítinn hluta af því, sem selja þarf, hafa bréfin samt sem áður hækkað almennt, einnig hjá öðrum, sem kaupa bréfin, og þannig fá lántakendur betri kjör í veðdeild heldur en annars. Söfnunarsjóður hefir svo afarlítið fé laust, að það mundi varla mikið muna í allri þeirri súpu fasteignalána, sem nú eru úti hér á landi, þótt hann keypti fyrir nokkra tugi þúsunda, eða 100 þús. kr. í hæsta lagi á ári. Með því að halda uppi verðlagi á fasteignaveðlánsbréfum veðdeildarinnar getur það orðið óbeint gagn fyrir þá menn, sem taka lán, svo mörgum milljónum skiptir á ári. Ég verð að segja það, að fyrir fasteignaeigendur í kaupstöðum er 5½% lán eða jafnvel 6% lán langhagkvæmustu lánin, sem þeir geta fengið. Það er vitað, að bankarnir lána ekkert út á fasteignir. Þeir hafa ekki fé, sem þeir geta bundið til margra ára eða áratuga, og þess vegna er ekki eðlilegt, að þeir geti, eins og nú standa sakir, lánað fasteignaveðslán, og þá er eina lánsstofnunin, sem veitir nokkur fasteignaveðslán að mun, veðdeild Landsbankans. Nú er það svo, að menn neyðast til þess að taka þessi lán, þótt kjörin séu óhagstæð, einkum ef bankavaxtabréf eða veðdeildarbréf eru í lágu verði, þá verða þessi lán oftast hjá veðdeildinni með 7% vöxtum, þegar tekið er tillit til affalla á bréfunum. En það munar miklu, hvort þessi bréf seljast fyrir 5—10% hærra verð en annars, eða það gæti orðið fyrir tilverknað Söfnunarsjóðs, að þau hækkuðu, eins og vitanlegt er, að orðið hefir tvö síðustu ár, og sérstaklega á næstl. ári, eftir að Söfnunarsjóður hafði tekið þá ákvörðun að lána ekki fé út á fasteignir heldur kaupa bréfin. Ég er því sannfærður um, að með þeim ráðstöfunum er þeim mönnum, sem taka vilja fasteignalán, miklu meiri greiði gerður heldur en með þeirri litlu úrlausn, sem Söfnunarsjóður gæti gert með beinum lánum. Óneitanlega miðar það, að færa vextina meira niður heldur en sjóðsstjórnin telur hæfilegt — með lagaboði — að því að hætta öllum útlánum. Það er sjálfsögð skylda sjóðsstj. að reyna að hafa sem mest upp úr eignum sjóða Söfnunarsjóðs, ekki sízt þar sem mjög mikið af þessum sjóðum eru, eins og drepið hefir verið á, sjóðir til styrktar þeim, sem erfiðasta eiga afkomu, t. d. ellistyrktarsjóðir og einnig fjöldamargir líknar- og hjálparsjóðir til fátækra, veikra og örvasa manna. Þess vegna hvílir enn meiri kvöð á herðum þessa sjóðs en annara, að hafa sem mest upp úr þessu fé — vitanlega með fullri skynsemi — og ávaxta það á tryggilegan hátt, enda er það tilgangur Söfnunarsjóðsins frá öndverðu að ávaxta þetta fé með sem tryggilegustu móti, þannig að eigendur fjárins hafi sem mest

upp úr fé sínu. Við þetta miðast skipulagning sjóðsins meðal annars. Framkvæmd ýmiskonar starfsemi við fyrirtækið er svo kostnaðarsöm, að ef það ætti að verða regluleg lánsstofnun, þá yrði ógerningur að vinna öll nauðsynleg störf fyrir það litla fé, sem til þessarar starfsemi er veitt. Þess vegna varð að gera skipulagninguna á sjóðnum sem einfaldasta, og einfaldasta leiðin er ávöxtun fjárins með því að kaupa trygg veðdeildarbréf eða eins trygg fasteignaveðsbréf.

Ég er hræddur um, að það gæti tafið fyrir því, að menn, sem stofna til sjóða í almennings þarfir, legðu fé sitt í Söfnunarsjóð, ef löggjafinn færi að hafa bein áhrif á stjórn sjóðsins, á það, hversu háa vexti mætti taka eða hvernig hann ávaxtaði fé sitt. En það yrði áreiðanlega til hins lakara, því að ekki verður annað sagt en að fé sjóðsins sé vel varið og honum sé vel stjórnað og tryggilega um allt hans fé búið, þannig að ekki er hætt við töpum. En það hefir viljað brenna við um ýmsa aðra sjóði, þó almannaeign sé, t. d. sveitar- eða sýslusjóði, að þeim hefir ekki verið svo vel stjórnað eða svo tryggilega um fé þeirra búið, að ekki hafi oft komið fyrir, að eitthvað hafi tapazt af þessu fé.

Af þeim ástæðum, sem ég hefi minnzt á, get ég ekki fylgt þessu frv., sem hér liggur fyrir. Ég get heldur ekki verið með þeirri breyt., sem hér er lagt til, að gerð verði á þskj. 173, því að mér virðist hún beinlínis koma í veg fyrir, að sjóðurinn taki fasteignaveð í jörðum. En sjóðsstjórnin mun að sjálfsögðu við fyrsta gefið tækifæri reyna að losna við þau lán, sem hann hefir, þegar það er vitað, að jafnvel þótt hann um leið haldi uppi verði á fasteignabréfum til stórhagsmuna fyrir fasteignalántakendur í landinu, þá getur hann samt fengið mun meira fyrir fé sitt með því að kaupa fasteignalánabréf heldur en að lána beint. Auk þess er þetta þægilegra fyrir sjóðsstjórnina, og svo er það betri trygging og engin hætta á, að hann þurfi að tapa neinu eða vera í vandræðum með að fá fé sitt til baka.

Jón Baldvinsson [óyfirl.]: Ég get ekki fylgt till. hv. 10. landsk. Mér skilst hún gera upp á milli þeirra lána, sem tekin eru út á húseignir annarsvegar, og þeirra lána, sem tekin eru út á jarðeignir hinsvegar. Ég tel ranglátt, að lánsvextir séu mismunandi, eftir því hvort þeir eru í kaupstöðum eða í sveitum.

Söfnunarsjóður mun að vísu síðastl. haust hafa tekið þá ákvörðun, áður en nokkuð hafði verið samþ. um þetta, að hætta við að lána út úr sjóðnum, en kaupa í þess stað veðdeildarbréf, svo að það er ekki von um mikið af nýjum lánum úr þessum sjóði, að óbreyttum ástæðum. En þótt í Söfnunarsjóði séu ýmsir merkir sjóðir, mannúðarsjóðir, svo sem ellistyrktarsjóðir o. fl., þá er það ekki mikið, sem þeir tapa, þótt nokkur lækkun væri gerð, og sjóðirnar hafa sæmilega sparisjóðsvexti, þrátt fyrir þessa lækkun, sem gerð er með frv. því, sem hér liggur fyrir. Ég mun því greiða atkv. með frv. óbreyttu, en á móti þessari till.

Hvað því viðvíkur, að hætta sé á, að stjórn sjóðsins segi upp lánum, vil ég benda á það, að eins og kunnugt er kýs hv. Alþ. í stjórn sjóðsins, og það er ekkert á móti því, að það komi fram á hv. Alþ., að það ætlist ekki til þess, að á þessum tímum sé mönnum íþyngt með því að segja þeim upp lánum, sem öll eru vel trygg. Sjóðurinn er ekki heldur í neinum vandræðum með fé, þar sem hann hefir ef til vill lokið við öll sín loforð um lán út á fasteignir og jarðeignir og tekið þá ákvörðun að lána ekki framvegis.

Þorsteinn Briem [óyfirl.]: Viðvíkjandi því, sem hv. þm. N.-Ísf. sagði, að ef brtt. mín við frv. það, sem hér liggur fyrir, yrði samþ., þá yrði það til þess, að stjórn Söfnunarsjóðs mundi segja upp öllum lánum, sem lánuð hafa verið af sjóðnum gegn veði í jarðeignum, vil ég taka það fram, að ég hygg, að það sé ástæðulaus ótti hjá hv. þm. í þessu efni. Ég hygg, að stjórn sjóðsins sé þannig skipuð, og ég ætla að hv. Alþ. muni framvegis skipa hana þannig, að ekki sé hætta á því, að þeim mönnum, sem nú hafa lán úr Söfnunarsjóði gegn jarðarveði, verði sagt upp lánum, nema því aðeins, að um bein vanskil sé að ræða. Enda hefir verið bent á það af öðrum hv. þm., að á slíkum tímum, sem nú standa yfir, muni það geta verið mjög varhugavert að segja mönnum upp þessum lánum. Slíkar ráðstafanir brytu líka algerlega í bága við þær reglur, sem sjóðstjórnin hefir jafnan fylgt, að taka tillit til lánþega og ástæðna þeirra og vera jafnan með heldur lægri vexti en aðrar lánsstofnanir.

Viðvíkjandi því, sem hv. 4. landsk. sagði, vil ég taka það fram, að það er sjónarmið fyrir sig, að halda því fram, að það eigi ekki að vera mismunur á lánum þeirra manna, sem taka lán út á húseignir sínar úr þessum sjóði annarsvegar, og á lánum þeirra manna hinsvegar, sem lán taka gegn veði í jarðeignum, en það eru a. m. k. oftast bændur, sem taka lán til atvinnurekstrar síns eða til þess að festa kaup á ábýlisjörðum sínum. Ég hygg, að þarna sé rétt að gera nokkurn mun, og það ætla ég, að fyrir flm. þessa frv. hafi vakað að létta sérstaklega undir með fasteignalánum landbúnaðarins.

Ég benti á það við 2. umr. málsins, að yfirleitt mætti líta svo á, að jarðarveð væru tryggari en veð í húseignum, enda þótt það geti að vísu verið áraskipti að því, eftir því hvernig aðstaða atvinnuveganna er á þessum og þessum tíma. Ég hygg, að yfirleitt sé jarðarveð tryggasta veð, sem hægt er að fá, og ég benti á það við 2. umr., að meðan ekki væri búið að koma á tryggingu gegn eyðileggingu jarðskjálfta á húsum — og er skammt slíkra dæma að minnast —, þá yrði maður að líta svo á, að veð í húseignum sé ótryggara en veð í jarðeignum. Ég get því fyrir mitt leyti ekki fallið frá þessari brtt., tel að vísu, að það hefði verið eðlilegra, að ríkissjóður hefði veitt vaxtauppbót á þessi lán og notað til þess tekjur sínar, en ekki lagt sérstaklega á hlut þeirra, sem eiga innistæður í sjóðnum, en þeir eru vissulega þeir menn, sem sízt mega af sínu missa. En þar sem ég tel loku fyrir það skotið, að slíkt fé fáist, þá tel ég það þó minni skaða fyrir sjóðinn, ef þetta ákvæði

nær aðeins til þeirra lána, sem tryggð eru með veði í jarðeign, heldur en ef það næði til þeirra allra. Mér er að vísu ókunnugt um, hve mikið af sjóðnum hefir verið lánað gegn veði í húseignum, og hve mikið gegn veði í jarðeignum, en samt held ég, að jafnvel þó jarðeigendur hafi verið látnir sitja fyrir um lán, þá sé það samt allveruleg upphæð, sem lánuð hefir verið gegn veði í húseignum. Og ef ekki er um vaxtalækkun að ræða á þeim lánum, þá er sjóðurinn betur staddur heldur en ef lánin hefðu öll lækkað að vöxtum.

Það hefir verið réttilega bent á af mörgum hér í hv. deild, að jafnvel þótt vextir séu 5½—6%, þá verði þetta þó hagkvæmustu lán, sem húseigendur eiga kost á að fá, því að eins og stendur eru lán í veðdeild a. m. k. 7% „effektivir" vextir. Ég hygg því, að þeir, sem hafa fengið lán í Söfnunarsjóði gegn veði í húseign, þurfi ekki að kvarta, þótt þessi brtt. mín yrði samþykkt.

Frsm. meiri hl. (Bernharð Stefánsson): Það var svo mikið rætt um þetta mál við 2. umr., að mér finnst ekki þörf á því að framlengja þessar umr. mikið, og ætla ég þess vegna aðeins að segja örfá orð.

Hv. þm. N.-Ísf. gat þess, að Söfnunarsjóður væri búinn að taka þá ákvörðun að hætta útlánum úr sjóðnum og kaupa verðbréf í staðinn. En þetta frv. hefir fulla þýðingu fyrir því, vegna þeirra, sem nú skulda sjóðnum. Hv. þm. talaði um, að sjóðurinn gerði gagn með því að halda uppi verði á verðbréfunum, og vil ég ekkert úr því draga. En þar sem hann hefir þegar unnið að því að hækka verð veðdeildarbréfa t. d., þá sé ég ekki annað en að hann geti það eftir sem áður, þótt þetta frv. verði samþykkt.

Verði þetta frv. til þess, að hann veiti ekki fleiri lán, er það þá til bjargar þeim mönnum, sem sjóðnum skulda. Og ef samþ. verður vaxtatillag á fasteignaveðslánum bænda, sparar það ríkissjóði nokkur útgjöld. Við teljum það rétt.

Hv. þm. sagði, að þetta miðaði að því, að sjóðurinn hætti öllum útlánum. En mér skildist á honum, að þegar væri búið að taka þá ákvörðun að hætta útlánum, svo að frv. getur þá ekki héðan af gert neinn skaða í þá átt.

Hv. þm. N.-Ísf. sagði, að menn myndu skirrast við að kveða svo á, að sjóðir þeir, er þeir stofnuðu, skyldu ávaxtast í Söfnunarsjóði, ef frv. þetta næði samþykki. Þetta á ég örðugt um að skilja, því að frv. miðar ekki að því að gera fé sjóðsins ótryggara en áður, og ég hygg, að það, sem aðallega vakir fyrir mönnum, er sjóði stofna og ákveða, að þeir skuli ávaxtast í Söfnunarsjóði, sé þetta, að Söfnunarsjóður sé tryggasti geymslustaður fjár, sem völ er á hér á landi. Vextir af innlánsfé eru ekki heldur hærri annarsstaðar heldur en þeir geta orðið í Söfnunarsjóði, þó þetta frv. verði samþ., og því ástæðulaust af þeirri ástæðu að vilja ekki ávaxta fé í honum. Og þó að samþykkt frv. hefði þær afleiðingar, að lánveitingum yrði hætt, en í þess stað keypt trygg verðbréf, þá sé ég ekki, að það dragi úr öryggi Söfnunarsjóðs. Annars munar ekki nema ½% á því, sem sjóðurinn er nú farinn að taka í vexti, og því, sem frv. ætlast til.

Það eru til sjóðir, sem hafðir eru á sparisjóðsbók og ávaxtaðir í sparisjóðum. Ég þekki slíka sjóði. Þó að frv. yrði samþ., er hér samt um nokkru hærri vexti að ræða en þá, sem sparisjóðir veita, og tryggari ávöxtun.

Annars þýðir ekki að þrátta lengi um þetta, svo smátt mál sem það er. Mun ég því hér eftir láta umr. að mestu afskiptalausar.

Um brtt. hv. 10. landsk. á þskj. 173 mun ég ekki fara mörgum orðum. Það var rétt, sem hann sagði, að fyrir okkur flm. vekti fyrst og fremst að bæta vaxtakjör landbúnaðarins. En ég get samt ekki neitað því, að mér finnst óviðfelldið að skipta vöxtum við sömu lánsstofnun þannig, að hafa ½% hærri vexti, ef lánin eru í kaupstað en ef þau eru í sveit. Þetta er ekki mikið atriði og mun ég ekki leggjast fast á móti því, en dálítið þykir mér þetta þó óviðkunnanlegt.

Jón Auðunn Jónsson: Hv. 1. þm. Eyf. vill ekki viðurkenna, að frv. muni draga úr því, að aðrir sjóðir ávaxti fé sitt í Söfnunarsjóði. En allir vita, að flestir opinberir sjóðir eru nú ávaxtaðir í fasteignaveðlánum með 6% vöxtum, en misjafnri tryggingu. Eru það undantekningar, ef slíkir sjóðir eru ávaxtaðir í bönkum eða sparisjóðum. Þessum sjóðum hlýtur að vera stjórnað eftir því sjónarmiði, að sem mest hafist upp úr fénu, án þess þó að rýra öryggi þess. Söfnunarsjóður hefir gefið 6% vexti til innistæðueigenda, og fé er þar algerlega tryggt. Ef vextirnir verða ekki nema 5% framvegis, munu menn heldur kjósa að ávaxta þetta fé í fasteignaveðslánum, sem gefa 1% hærri vexti. Hér væri þá aðeins verið að taka úr öðrum vasanum og láta í hinn. Ríkissjóður sleppur með lægra vaxtatillag fyrir landbúnaðarlán, ef frv. verður samþ., en sjóðurinn missir ½%.

Það er óhætt að fullyrða, að frv. þau, sem áður hafa komið fram hér á þingi í því skyni að setja Söfnunarsjóði skorður um útlánsvexti, hafa leitt til þess, að sjóðsstjórnin hefir tekið þá ákvörðun að hætta útlánum, en kaupa í þess stað fasteignaveðbréf.

Yfirleitt er viðsjárvert að fara að setja skorður við vaxtahæð stofnana eins og Söfnunarsjóðs, sem er aðeins geymslufjárhirzla fyrir þá sjóði, sem þar eru, og kemur þeim helzt að haldi, sem erfiðast eiga.

ATKVGR.

Brtt. 173 felld með 10:3 atkv.

Frv. samþ. með 9:7 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: JJ, PHerm, SÁÓ, BSt, HG, HermJ, IP, JBald, EÁrna.

nei: MG, MJ, PM, ÞBr, ÞÞ, GL, JAJ.

Frv. afgr. til Nd.

Á 31. fundi í Nd., 18. marz, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 64).

Á 33. fundi í Nd., 20. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 34. fundi í Nd., 21. marz, var frv. aftur tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 18 shlj. atkv. og til fjhn. með 21 shlj. atkv.

Á 41. fundi í Nd., 30. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 64, n. 295).

Frsm. (Sigfús Jónsson): Þetta mál kom fram á síðasta þingi, en var ekki afgr., en var nú borið fram í Ed. og hefir verið samþ. þar. Fjhn. Nd. hefir haft þetta mál til meðferðar. Tveir nm. vildu ekki mæla með frv., en meiri hl. hefir lagt til, að það verði samþ. óbreytt.
Sérstakt nál. hefir minni hl. ekki gefið út, en ég býst við, að hann muni gera grein fyrir ágreiningi sínum.
Það fór einnig svo í Ed., að fjhn. varð þar ekki sammála. Minni hl. þar taldi það einkum frv. til foráttu, að það yrði til að minnka arð þeirra, sem innstæðu eiga í þessum sjóði, og vissulega er það rétt. En hér er þó ekki farið fram á að lækka vextina meira en um 1%, úr 6% niður í 5%, svo að innstæðueigendur í Söfnunarsjóði fá þó eftir sem áður hærri vexti en aðrir, sem sé 5%, en venjulegir vextir munu nú vera 4—4½%. Virðist hagur þessara aðilja því ekki fyrir borð borinn móts við aðra innstæðueigendur. Þess vegna leggur meiri hl. fjhn. til, að frv. verði samþ. óbreytt.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 19:1 atkv.

Á 42. fundi í Nd., 1. apríl, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 15:3 atkv. að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:
já: MT, PZ, PÞ, SJ, SE, StJSt, BÁ, EmJ, EystJ, GÍ, HannJ, HV, JJós, JÓl, JörB.
nei: GSv, GTh, JakM.
SK, TT greiddu ekki atkv.
Þrettán þm. (ÁÁ, BJ, BB, FJ, GÞ, GG, JónP, JS, JG, ÓTh, PHalld, PO, ÞorbÞ) fjarstaddir.
Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (A. 347).

27. Fasteignaveðslán landbúnaðarins.

Á 15. fundi í Ed., 2. marz, var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á ýmsum lagaákvæðum, er varða fasteignaveðslán landbúnaðarins (þmfrv., A. 41).
Á 16. fundi í Ed., 4. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Frsm. (Bernharð Stefánsson): Frv. þetta er flutt í þeirri mynd, sem hv. Nd. gekk frá því á síðasta þingi, að viðbættum þeim breyt., sem landbn. þessarar hv. d. lagði til, að gerðar yrðu á því. Málið er svo kunnugt frá þinginu í vetur, að ekki virðist ástæða til að fjölyrða um það nú. Legg ég því til, að því verði vísað til 2. umr. og landbn. að þessari umr. lokinni.

Magnús Jónsson: Ég sé hér í dagblaði Framsfl., að hæstv. fjmrh. hefir gefið þá yfirlýsingu til enskra stjórnarvalda, „að hann ætli að koma lagi á innflutning og útflutning Íslands, í því skyni, að gjaldeyrisástandið komist á öruggan grundvöll, og á meðan forðast frekari erlendar ríkislántökur, eða hjálpa til við erlendar lántökur íslenzkra þegna með því að veita ríkisábyrgð.“ Ég vil nú í sambandi við þessa yfirlýsingu beina þeirri fyrirspurn til hæstv. fjmrh., hvernig hann hugsar sér að snúast við ákvæðum 3. gr. frv., þar sem ræðir um 5 millj. kr. lántöku á ábyrgð ríkissjóðs.

Fjmrh. (Eysteinn Jónsson): Út af þessari fyrirspurn hv. 1. þm. Reykv. vil ég taka það fram, að ummæli þau, sem fóru fram á milli stj. og umboðsmanns hennar í London annarsvegar, og stjórnar Englandsbanka hinsvegar í sambandi við lántökuna, bera það með sér, að ríkisstj. ætlar að halda fast við þá stefnu, að forðast lántökur erlendis og skuldbindingar, á meðan gjaldeyrisástandið er jafnslæmt og það er nú. Það gildir því alveg sama um lántökuheimild þá, sem í frv. er, og aðrar lántökuheimildir, að stj. mun ekki nota hana til lántöku erlendis, fyrr en gjaldeyrisástandið hefir batnað svo, að stj. telji forsvaranlegt að bæta við nýjum lántökum. Hinsvegar sé ég ekkert á móti því, að lánsheimild þessi standi í frv., því að hún er líka miðuð við innlend lán, sem alls ekki er útilokað að fá, og mætti nota árlega til kaupa á bankavaxtabréfum veðdeildarinnar.

Magnús Jónsson: Ég heyri það á svörum hæstv. fjmrh., að það er þá svo komið, að ekki er hægt fyrir íslenzku stjórnina að nota slíka lánsheimild sem þessa. Þetta er þó hvorki annað eða meira en það, sem bæði ég og aðrir hafa vitað, að stefndi að með þeirri fjármálastjórn, sem verið hefir, að við yrðum ekki sjálfráðir gerða okkar út á við. Þetta er óneitanlega leiðinlegt, en við því verður víst ekki gert, úr því sem komið er. En nú vil ég spyrja hæstv. ráðh., hver það er, sem ákveður, hvenær nota má lánsheimild þessa. Þarf stj. að spyrja hina erlendu lánardrottna leyfis, eða heldur hæstv. ráðh., að stj. megi ráða því sjálf?

Fjmrh. (Eysteinn Jónsson): Hv. 1. þm. Reykv. sagðist hafa vitað, að svona myndi fara, „að við myndum ekki verða sjálfráðir gerða okkar út á við“, eins og hann orðaði það. Ég skal ekki fara mikið út í að ræða þetta hér, en ég vil aðeins benda þessum hv. þm. á, að það hefði óneitanlega verið æskilegt, að hann hefði notað aðstöðu sína í Sjálfstfl. sem stuðningsmaður fyrrv. stj. tvö undanfarin ár til þess, að slíkt

ástand, sem nú er um gjaldeyrismálin o. fl., myndaðist ekki. Það hefði óneitanlega verið viðkunnanlegra af honum heldur en að þjóta nú upp eftir á og gera sig breiðan og þykjast hafa séð þetta og hitt fyrirfram.

Hv. þm. veit það því vel, að það ástand, sem gjaldeyrismálin eru komin í, er ekki núv. stj. að kenna. Það var ekki hún, sem ákvað innflutninginn 1934. Hv. þm. ætti því að beina skeytum sínum til þeirra, sem sökina eiga í því, hvernig komið er, manna, sem standa honum nær og sitja honum nær en við.

Hann spurði, hv. þm., hverjir það væru, sem réðu því, hvenær nota mætti lánsheimild þá, sem frv. ræðir um. Vitanlega er það íslenzka stjórnin, sem segir til um það, og hvað núv. stj. snertir, þá hefir hún lýst því yfir, að hún muni forðast erlendar skuldbindingar á meðan gjaldeyrisástandið er eins og það er nú, og hún mun standa fast með þá stefnu, sem hún hefir tekið í því máli sem öðru.

Jónas Jónsson (óyfirl.): Ég kom hér að og heyrði minn ágæta vin, hv. 1. þm. Reykv., vera að tala um ensku lántökuna og ýms vandræði, sem hann sá í sambandi við hana. Ég vildi því nota tækifærið til þess að rifja dálítið upp fyrir honum.

Það, sem talað var um á lokuðum þingfundi, þar sem kommúnistar höfðu engan fulltrúa, var ekki eðlilegt, að kæmi fyrst fram í blaði þeirra. En þegar hæstv. fjmrh. spurði hv. 1. þm. Reykv., hvers vegna hann blandi þessum efnum inn í umr. um það mál, sem hér liggur fyrir, þá svarar þessi hv. þm. því, að ég hafi gefið Árna Pálssyni upplýsingar frá þessum lokaða þingfundi viðvíkjandi lántökunni, á fundi menntamálaráðs í kennslustofu í menntaskólanum. Af því það er tilhæfulaust, að ég hafi þar eða annarsstaðar talað við Árna Pálsson um ríkisleyndarmál, þá spurði ég Árna, hvort hv. 1. þm. Reykv. hefði þetta rétt eftir honum, og sagði hann það ekki vera. Árni Pálsson reyndi þá að hringja á Magnús Jónsson, en hann var fyrst á tali, eins og oft á sér stað um þessa miklu menn, en svo þegar Árni náði samtali við hann, þá varð ég óviljandi heyrnarvottur að því, að Árni Pálssson sagði við Magnús Jónsson, að þetta væri tóm vitleysa og alls ekki eftir sér haft, því ég hefði ekkert sagt sér um þetta, og þótti honum það leiðinlegt, að Magnús Jónsson skyldi bera sig fyrir slíkum söguburði, sérstaklega af því að Morgunblaðið flutti svo söguna eftir Magnúsi Jónssyni. Ég vil af þessu ráða hv. þm. til þess að vera nákvæmari en þetta með sögulegar heimildir, því annars held ég að farið gæti illa fyrir honum.

Forseti (EÁrna): Ég vil taka það fram, að umr. snúast nú um annað efni en það, sem fyrir liggur, og verða umr. alls ekki leyfðar um þetta fjarskylda efni áfram. Hv. 1. þm. Reykv. hefir nú talað tvisvar og fær aðeins að gera stutta aths., ef hann þá talar um málið.

Magnús Jónsson: Ég ætla að leyfa mér að tala um sama efni og aðrir í sambandi við þetta mál. Því verður ekki neitað, að hvað lánsheimildina snertir í þessu frv., þá skiptir það vissulega máli, hvaða skilyrði hafa verið sett fyrir enska láninu. Hitt skal ég játa, að það, sem hv. þm. S.-Þ. var að tala um, getum við gjarnan geymt. Viðvíkjandi því, sem hann sagði, að ég ætti að vera nákvæmari með heimildir en ég hefði verið, þá skal ég aðeins taka það fram, að ég hefi sagt, að hann hafi talað um þetta á menntamálaráðsfundi. (**JJ:** Þetta hefir ekki komið til orða í menntamálaráðinu). Einhver hefir svo sagt það eftir hv. þm. S.-Þ. frá þeim fundi annar en ég, því ég er ekki í menntamálaráðinu. (**Fjmrh.:** Ég man ekki betur en hv. 1. þm. Reykv. hvíslaði því að mér hérna í ráðherraherberginu, að Árni Pálsson hefði sagt sér þetta eftir hv. þm. S.-Þ.). Það var Morgunblaðið, sem hafði þetta eftir Árna Pálssyni. Annars held ég, að það sé ekki vert fyrir þessa hv. þm. að flækja sig meira í þessum söguflutningi, því hv. þm. S.-Þ. er a. m. k. ekki alltaf svo gætinn við það að nota heimildir.

Þá var hæstv. fjmrh. að tala um það, að Sjálfstfl. hefði ráðið fjármálunum á undanförnum árum. Það er nú alkunnugt, að undanfarin tvö ár hefir setið að völdum samsteypustjórn hér á landi, stjórn, sem mynduð var í ákveðnum tilgangi í sambandi við önnur mál en fjármálin. Og þó Sjálfstfl. hafi átt einn mann í þeirri stj., þá er ekki hægt að segja, að flokkurinn fyrir það beri ábyrgð á fjármálastjórninni. En það er ekki þar fyrir, að ég tel, að sú stj. hafi haldið betur á fjármálum þjóðarinnar heldur en sú stj., sem nú situr, og hefði verið betur ástatt í þeim efnum, ef ekki hefði skipt um stjórn. Hitt nær vitanlega engri átt, að segja, að Sjálfstfl. beri ábyrgð á þeirri stj., þó hann ætti þar einn mann. Þar fyrir utan er á það að líta, að núv. stj. sat að völdum nær því helming síðasta árs. Nei, það er alveg skotið fram hjá marki að segja, að Sjálfstfl. beri ábyrgð á fjármálaóreiðu síðustu ára. Fjármálaóreiðan er frá tíð fyrri framsóknarstj.

Ég spurði hæstv. fjmrh. að því í fyrri ræðu minni, hve lengi hann hefði lofað, að ekki yrði tekið lán í útlöndum. Hann hefir svarað á þá leið, að það mætti hann þegar hann vildi. Mér sýnist ekki vel gott að samrýma þetta. Það er sett að skilyrði fyrir enska láninu, að ekki séu tekin lán í útlöndum á ábyrgð ríkisins, en samt telur hæstv. ráðh. sig geta tekið slík lán þegar honum sýnist. Hann ætlar þó líklega ekki að fara að innleiða þá aðferð í milliríkjaviðskiptum að gefa loforð og hlaupa síðan frá þeim í sömu svipan.

Fjmrh. (Eysteinn Jónsson): Ég veit ekki, hvort ástæða er til að lengja umr. um það, hverjum sé um að kenna fjármálaóreiðu fyrri ára; ég ætla að leiða það hjá mér að þessu sinni. En það var hv. 1. þm. Reykv., sem var að spyrja um það, hvort stj. sú, er nú situr, ætlaði að halda áfram sömu fjármálaóreiðunni og áður, þrátt fyrir þessa síðustu lántöku. Síðan skipti hann þó um tón og fór að tala um óreiðu fyrrv. stjórnar Framsfl. og að hún eigi alla sökina. Slíkum og þvílíkum fullyrðingum hefir svo oft

verið mótmælt með rökum, að ég hirði ekki um að fara út í það hér. Það, sem ég sagði, en hv. þm. hafði rangt eftir, var, að Sjálfstfl. hefði verið samábyrgur um fjármálastjórn tveggja síðustu ára, og að ég hefði kunnað betur við, að þessi hv. þm. hefði þá reynt að beita sínum áhrifum til þess að bæta þá stjórn, meðan hann hafði aðstöðu til þess, heldur en að vera með skæting til núv. stj. út af meðferð á fjármálunum áður en hún kom til sögunnar.

Þó að ég hafi lýst því yfir, að það væri stefna stj. að forðast erlendar lántökur þangað til gjaldeyrismál þjóðarinnar væru komin á öruggari grundvöll, þá er það vitanlega á valdi stj. að dæma um það, hve lengi þeirri stefnu skuli fylgt og hvenær hægt sé að breyta um stefnu. (MJ: En ef skipt verður um menn í stj.?). Ef það verður gert, þá er það að sjálfsögðu þess fjmrh., sem við tekur, að dæma um það, hvaða stefnu eigi að fylgja á hverjum tíma í þessum efnum, en auðvitað getur það haft sínar afleiðingar, ef svindlað verður á þeirri yfirlýsingu, sem gefin hefir verið. Sú yfirlýsing, sem ég hefi gefið, hefir ekki að nokkru leyti breytt afstöðu okkar til erlendra lánardrottna. Það eina, sem gerzt hefir, er það, að þeir, sem höfðu útboð á láninu í Englandi fyrir okkar hönd, spurðu af eðlilegum ástæðum, hvort það væri meiningin að halda áfram á sömu braut með að safna skuldum erlendis eins og verið hefði, eða hvort breytt yrði um stefnu. Ég held, að frá sjónarmiði allra, sem nokkuð hugsa alvarlega um þau efni, hljóti það að álítast ekkert vit. Hitt er allt öðru máli að gegna, ef kringumstæðurnar batna, þannig að eitthvað rætist úr í verzlunarmálum, en þá er nógur tími til þess að bollaleggja um það, hvort hægt sé að taka aðra stefnu.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv. og til landbn. með 10 shlj. atkv.

Á 22. fundi í Ed., 11. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 41, n. 86).

Frsm. (Bernharð Stefánsson): Landbn. hefir athugað þetta frv. allrækilega, og mælir hún eindregið með því, að það verði samþ. Hún ber ekki fram neinar brtt. við það við þessa umr. En einstakir nm. áskilja sér rétt til þess að *flytja brtt. við 3. umr., eða vera með brtt., sem* þá kunna að koma fram frá öðrum þdm.

N. er sammála um, að full þörf sé á löggjöf í þessa átt, sem frv. fer fram á. En um það var rætt í n., að miklir örðugleikar mundu á því að framkvæma ýms ákvæði frv., sérstaklega þau atriði, er snerta lengingu lánstímans á lánum úr ræktunarsjóði annarsvegar, en láta hinsvegar standa óbreytt ákvæði gildandi laga um útdrátt vaxtabréfanna.

Þetta mundi m. a. leiða af sér tvennskonar útreikning á árgjöldum af lánum og ýmisl. fleira. Ég býst við, að n. taki þetta og fleiri atriði *málsins til nánari athugunar á milli umr.*, og þó að n. flytji ekki brtt. við frv. nú við þessa umr., þá tel ég víst, að brtt. komi frá einstökum nm. við 3. umr.

Ég sé svo ekki ástæðu til að ræða frekar um málið að sinni, þar sem engar brtt. liggja fyrir.

Pétur Magnússon: Ég finn ástæðu til að gera nokkra grein fyrir afstöðu minni til þessa máls, sérstaklega af því að ég hefi skrifað undir nál. fyrirvaralaust. — Ég verð að segja það eins og er, að þó þetta frv. sé að nokkru leyti lagfæring á eldri löggjöf um sama efni, þá ætla ég, að það sé fremur þýðingarlítið, að undanskildum III. kaflanum, sem felur í sér ýmsar ráðstafanir vegna fjárkreppunnar. Samkv. þeim kafla er ríkisstj. heimilað að færa hámark vaxta af fasteignaveðslánum bænda niður í 5%. Þetta er vitanlega ákvæði, sem hefir sína þýðingu og komið hefir að gagni undanfarin 2 ár, en þau ár hefir ríkissjóður greitt vaxtatillag af fasteignaveðlánum bænda niður í 4½%. Þetta hefir vitanlega verið mikil hjálp, þó reynslan hinsvegar hafi sýnt, að jafnvel þeir vextir eru of háir fyrir landbúnaðinn. En þetta er eina atriðið í frv., sem ég er viss um, að getur orðið að gagni fyrir bændur.

Í 2. gr. frv. er gert ráð fyrir, að stofnaður verði *nýr veðdeildarfl.* við Búnaðarbankann og að veðdeildinni verði gert kleift að standa að nokkru leyti sjálf undir greiðslum af vaxtabréfum sínum með því fé, sem greiðist inn af þeim viðlagasjóðslánum, sem fylgdu veðdeildinni. — Og í 3. gr. frv. er stj. heimilað að taka allt að 5 millj. kr. lán, innan lands eða utan, til kaupa á bankavaxtabréfum veðdeildarinnar. Nú er það öllum hv. þdm. kunnugt, að í náinni framtíð eru engar líkur til, að slíkt lán muni fást erlendis, og því miður einnig litlar líkur til, að það geti fengizt innan lands. Þess vegna eru þetta aðeins málamyndaráðstafanir. Það sakar máske ekki, þó að þetta standi á pappírnum, en bændunum kemur það ekki að neinu gagni, þó að veðdeildinni sé heimilað að lækka vexti, án þess að líkur séu til, að hún geti það, og þó að heimilað sé að taka 5 millj. kr. lán, sem hvergi er hægt að fá. Þetta er sem sagt aðeins pappírsgagn, sjálfsagt meinlaust, en líka gagnslaust.

Í 6. gr. frv. er ákveðið, að það af viðlagasjóði Íslands, sem er umfram eign veðdeildar Búnaðarbankans, skuli renna til ræktunarsjóðs. Ég veit ekki, hvað sá hluti af viðlagasjóði nemur mikilli upphæð; það hefir ekki farið fram mat á sjóðnum. *Ég álít, að það sé mjög hæpin* ákvörðun, að láta þetta fé renna til ræktunarsjóðsins. Ræktunarsjóðurinn er orðinn allöflug stofnun og hefir jafnan getað fullnægt eftirspurn lána, nema aðeins part úr ári, en það var haustið 1931; þá stöðvuðust útlán úr sjóðnum um nokkurn tíma. Síðan hefir sjóðurinn alltaf getað fullnægt eftirspurninni og á allverulegan sjóð upp á að hlaupa nú. Hinsvegar er ég vitanlega samþykkur því, að viðlagasjóður sé látinn renna inn í Búnaðarbankann. Ég álít, að það eigi að ráðstafa honum í aðra deild bankans, og þá frekast í sparisjóðs- og rekstrarlánadeildina. *Hún hefir meiri þörf fyrir fé.* Býst ég við að flytja brtt. um það við 3. umr., að viðlagasjóð-

urinn verði látinn renna til sparisjóðsdeildarinnar, en ekki í ræktunarsjóð.

Í 10. gr. frv. er gerð ráðstöfun til þess, að stj. Búnaðarbankans skuli heimilt að lengja lánstímann á eldri lánum úr ræktunarsjóði, ef lántakendur óska þess. Náttúrlega gæti það komið til mála að breyta lánstímanum og lengja hann í þeim lánaflokkum, sem ekki er enn búið að opna, þó að ég áliti það mjög vafasama ráðstöfun. Því að það verða menn að gera sér ljóst, að um leið og lengdur verður lánstíminn í ræktunarsjóði og lengri tíma þarf til þess að innleysa vaxtabréfin, þá má gera ráð fyrir, að bréfin seljist ekki nema með afföllum. En hingað til hafa vaxtabréf ræktunarsjóðs selzt affallalaust að mestu leyti. Hinsvegar álít ég ekkert vit í því að lengja lánstímann í þeim lánaflokkum, sem þegar er búið að stofna. Það væru í raun réttri hrein svik við þá menn og stofnanir, sem keypt hafa jarðræktarbréfin. En það væri hæði rangt og ákaflega varasamt upp á seinni tímann. Bréfaeigendur verða að geta treyst því, að innlausnartíma bréfa hvers flokks verði eigi breytt. Ég býst við að flytja brtt. um það við 3. umr., að síðari liður 10. gr. skuli felldur burt.

Síðasta lið 12. gr. býst ég við, að margir muni skilja þannig, að vextir ræktunarsjóðs eigi að lækka úr 6% niður í 5 eða 4½%; en hér er ekki um það að ræða, heldur hitt, að bankanum verður ekki heimilt samkv. þessari grein að reikna sér af lánum ½% vegna kostnaðar við rekstur ræktunarsjóðs. Þann kostnað á sjóðurinn að greiða sjálfur samkv. þessari grein.

Þess má geta í þessu sambandi, að sjóðurinn hefir hingað til tekið á sig kostnað við bréfasöluna að meira eða minna leyti. Ef sjóðurinn ætti sjálfur að standa alveg undir kostnaðinum við rekstur sinn, yrði sennilega ekki hægt að komast hjá því að láta lántakendur bera kostnaðinn við söluna, og væri þá tekið með annari hendinni það, sem gefið er með hinni.

Annars eru þarna ýmsar leiðréttingar á lögunum, sem gott eitt er um að segja, að fram gangi. En eina verulega efnisbreyt. er þar, sem ákveðið er, að bústofnslánadeildin falli burt úr búnaðarbankalögunum, og ég er þeirri breyt. samþykkur, af þeirri ástæðu, að það eru engar og voru aldrei neinar líkur til þess, að sú deild tæki nokkurntíma til starfa. Það var þannig frá henni gengið, að vonlaust var um, að bréf hennar seldust viðunandi verði, og sízt voru líkur til, að þau seldust því verði, sem landbúnaðurinn gæti staðið undir eins og nú er. En flest höfuðatriði frv. tel ég til lítilla eða engra hagsbóta fyrir lánþega þessarar stofnunar, og það, sem gerði það að verkum, að ég vildi ekki setja mig í beina andstöðu við frv., var aðallega ákvæðið um vaxtatillagið, og svo að í frv. felast nokkrar lagfæringar á núgildandi löggjöf um þetta efni.

Jón Baldvinsson [óyfirl.]: Því er nú verr og miður, að þetta frv. er ekki svo vel úr garði gert sem skyldi. E. t. v. eru ákvæði 12. gr. ekki nægilega ljós, en ætlunin er nú samt, að vextir ræktunarsjóðs lækki samkv. því, sem þar segir, og það mun vera rétt hjá hv. 2. þm. Rang., að þarna þurfi einhverrar lagfæringar við, til þess að slá því alveg föstu, að vaxtalækkun eigi að eiga sér stað.

Í flestum gr. frv. er ákaflega litið, sem að gagni kemur, um aukið fjármagn til landbúnaðarins. T. d. er í 14. gr. gert ráð fyrir að nota fé ýmsra stofnana og sjóða nokkuð meira en nú er til að kaupa bréf ræktunarsjóðs. En það er nokkuð hæpin leið, því þetta fé er þá tekið úr öðrum útlánum þessara sömu stofnana og sett í bréfin. Lántökuheimildin í 3. gr. væri náttúrlega gagnleg, ef nokkur leið væri að fá lán með lægri vöxtum heldur en nú hafa verið fengin til Búnaðarbankans og ræktunarsjóðs, en ég held það sé mjög hæpið eins og nú standa sakir. Þar fyrir þarf ekki svo að verða endalaust; það getur rætzt úr þessu voðalega ástandi síðar meir.

Þá vil ég vekja athygli á því, að með þessu frv. er verið að gefa Búnaðarbankanum um tvær millj. króna, þar sem er viðlagasjóðurinn gamli. (PM: Það er ekki nálægt því svo mikið). Að nafnverði. Nokkuð af þessu á að leggja til ræktunarsjóðsins, um 700 þús. að því er talið er. En það mun vera rétt hjá hv. 2. þm. Rang., að mikið af þessu fé mun aldrei koma inn í bankann, því nokkuð af því er sjálfsagt tapaðar skuldir. Viðlagasjóðslánin gömlu fást vafalaust aldrei nærri því öll inn.

Ég mun þó greiða atkv. með því, að frv. fái að ganga áfram, en eins og tekið hefir verið fram, hefi ég óbundnar hendur um að bera fram eða fylgja brtt. Og að gefnu tilefni vil ég skýra frá, að flokksmenn mínir hafa sömu afstöðu í þessu efni.

Það, sem ætlazt er til í frv., að ríkissjóður leggi fram, eru 100 þús. kr., og má segja, að það sé það helzta pósitiva í þá átt að lækka vexti landbúnaðarins, sem kemur að gagni strax. Og vitanlega eru bændur þannig settir nú vegna hins lága afurðaverðs, að þeim veitir ekki af slíkri hjálp. Ekki batnar ástandið, ef menn hætta að neyta ýmsra landbúnaðarvara innanlands, eins og nú virðist unnið að. Það er ekki víst, að það komi í ljós strax, en það hlýtur þó að hafa mjög víðtækar afleiðingar ef svo stendur lengi. Ef t. d. sjálfstæðismenn hætta alveg að kaupa kjöt og mjólk, eins og þeir virðast vilja gera hér í Rvík, a. m. k. hvað mjólkina snertir, þá er ekki sýnilegt annað en það komi til kasta Alþingis að bæta bændum skaðann að einhverju leyti, því ekki lifa þeir lengi á því að hella mjólkinni niður eða nota hana eingöngu til heimilisþarfa.

Ég er ekki tilbúinn að koma með brtt. ennþá, en ég álít, að það þurfi að athuga 12. gr. rækilega, til þess að það komi skýrt fram, að það er vaxtalækkun, sem við er átt, en ekki einungis gjald það, sem ræðir um í 19. gr. ræktunarsjóðslaganna. Svo er þetta með 7. gr.; það getur verið vafasamt, eins og hv. 2. þm. Rang. sagði, að breyta til með flokk, sem er í gangi. Það er spursmál, hvort þeir menn, sem hafa keypt bréfin, þurfa að þola það. Hér er um að ræða að lengja lánstímann um 7—8 ár, og það þýðir, að útdrátturinn raskast að einhverju

leyti, nema ríkissjóður og ræktunarsjóðurinn sjái um, að fé sé lagt fram aukreitis til þess að standast útdráttinn á réttum tíma. En ég er hræddur um, ef byrjað er á þessu í miðjum flokki, að það geri söluna óvissa. Hitt ætti að mega, að byrja á nýjum flokki.

Annars má búast við, að það verði tregari sala á bréfum jarðræktarsjóðs, ef lánstíminn verður lengdur upp í 30 ár. Það munar talsverðu, hvort menn fá peninga sína aftur eftir 25 ár eða ekki fyrr en eftir 35 ár, og það getur haft nokkur áhrif á vilja manna til þess að kaupa bréfin sama verði og áður. Vaxtalækkunin dregur vitanlega einnig úr því, að menn vilji kaupa bréfin. Úr þessu er ofurlítið bætt með 14. gr.; hún á að örva sölu bréfanna. En ég er hræddur um, að sú örvun vegi ekki á móti því, ef mönnum þykir yfirleitt óaðgengilegt að eiga fé sitt í bréfum ræktunarsjóðs.

Frsm. (Bernharð Stefánsson): Ég tel sjálfsagt, að landbn. athugi þetta mál nánar milli umr., og þar af leiðandi sé ég ekki ástæðu til að ræða það mikið hér í hv. d. við meðnm. mína nú að þessu sinni. Ég vil þó taka það fram, að ekki get ég verið hv. 2. þm. Rang. sammála um það, að flest ákvæði frv. séu þýðingarlaus eða þýðingarlítil. Það fyrsta, sem hann nefndi í því sambandi og vildi telja þýðingarlaus ákvæði, voru ákvæði 3. gr. frv., sem heimila stj. að taka allt að því 5 millj. kr. lán, innanlands eða utan, til kaupa á veðdeildarbréfum Búnaðarbankans. Það er rétt, að eins og nú horfir má búast við, eða er vitað, að ekki mun verða tekið lán erlendis til þessara framkvæmda. En bæði er það, að ástandið, sem nú er, getur skyndilega breytzt, og svo finnst mér ekki ástæða til að telja alveg útilokað, að hægt væri að fá fé innanlands til bréfakaupa. Ég geri að vísu ráð fyrir, að um 5 millj. væri ekki að ræða innanlands í þessu skyni, en mér finnst ég ekki geta verið fyrirfram vonlaus um, að um eitthvert fé gæti verið að ræða, sem að gagni mætti koma fyrir veðdeildina. Í því sambandi dettur mér í hug, að samkv. nýlegum upplýsingum er í landinu mikill fjöldi af allskonar sjóðum, sem stofnaðir hafa verið í hinu og þessu augnamiði, og suma má ekki skerða fyrr en eftir mjög langan tíma. Í þessum sjóðum er mikið fé. (JAJ: Ekki laust fyrir). Nei, en hreyfist þó til og frá. Mér finnst, að í mörgum tilfellum væri fé þessara sjóða vel varið einmitt til kaupa á veðdeildarbréfum.

Þá minntist hv. þm. á, að ræktunarsjóður Íslands hefði nokkurnveginn getað fullnægt eðlilegri eftirspurn eftir lánum. Ég veit, að þetta er rétt. En á það má benda, að þetta frv. leggur nokkrar nýjar kvaðir á ræktunarsjóð, og mun þá ekki veita af, að hann fengi eitthvað aukið fjármagn öðruvísi heldur en með bréfasölu. Nú má vel vera, að einhverju af þessu fé, sem ætlað er að renna úr viðlagasjóði til ræktunarsjóðs, væri betur varið til annara deilda bankans. Hygg ég, að því, sem ekki þykir ástæða til að taka til ræktunarsjóðs, væri betur varið til veðdeildarinnar heldur en til sparisjóðsdeildarinnar eða rekstrarlánadeildarinnar, þar sem það mætti verða til þess að óhagkvæm lán bænda gætu breytzt í veðdeildarlán til lengri tíma og orðið þeim þannig þægilegri en verið hefir.

Þá verð ég að segja það út af aths. hv. 2. þm. Rang. við 12. gr. frv., að formlega er það rétt, sem hann sagði, að í 12. gr. er ekki beinlínis sagt neitt um það, að vextir ræktunarsjóðs eigi að hækka, en í framkvæmdinni yrði það án efa svo. Ég veit ekki til, að það hafi nokkurntíma verið svo í ræktunarsjóðnum, að vextir og kostnaðargjald samanlagt hafi verið hærra heldur en til er tekið í lögunum eins og þau eru nú, þó heimild hafi verið til að hafa vextina hærri. Sama yrði auðvitað, þó þetta frv. væri samþ. Framkvæmdin yrði að sjálfsögðu þannig, að vextir og kostnaðargjald samanlagt yrði ekki hærra en þar er tiltekið, og það er vitanlega meiningin með ákvæði frv. Hitt má vel vera, að þetta þyrfti að taka skýrar fram, eins og hv. 4. landsk. minntist á.

Hv. 4. landsk. minntist á það fyrst og fremst, að með þessu frv. ætti að gefa Búnaðarbankanum 2 millj. króna. Það kynni nú að vísu að fara svo, að þetta fé yrði ekki í reyndinni svo þá upphæð. (**JBald:** Á pappírnum er það þetta). Ég er nú ekki viss um að allt, sem úti er hjá viðlagasjóði, innheimtist. En rétt er það, að með þessu móti á Búnaðarbankinn að eignast a. m. k. nokkurt fé, sem hann ekki á nú. Ég fyrir mitt leyti tel réttmætt að styðja þessa stofnun á þennan hátt. En það skaut nokkuð skökku við hjá hv. þm., þegar hann rétt á eftir sagði, að með þessu frv. væri ekkert aukið fé lagt til landbúnaðarins. Hann kann að hafa átt við það, að viðlagasjóður, sem á að renna í ræktunarsjóð samkv. frv., væri bundinn í landbúnaðarlánum hvort sem væri. En þá vil ég benda honum á 3. kafla frv., þar sem beinlínis er gert ráð fyrir, að ríkissjóður greiði vaxtatillag af landbúnaðarlánum. Þar er vitanlega um aukið fjármagn til landbúnaðarins að ræða.

Þá minntist bæði hv. 2. þm. Rang. og hv. 4. landsk. á útdrátt bréfanna í sambandi við lengingu lánstímans í ræktunarsjóði, og talaði hv. 4. landsk. um, að eigendur bréfanna mundu ekki þurfa að þola það, að lánstíminn væri lengdur. Ég vil benda honum á c-lið 10. gr. Þar er beinlínis tekið fram, að eigendur bréfanna skuli einskis í missa. Útdráttur eldri bréfanna á að fara fram á nákvæmlega sama hátt og verið hefir, þó lánstíminn lengist. Auðvitað kostar það Búnaðarbankann nokkra fyrirhöfn að reikna þetta út, — ég skal játa það; en ekki hefi ég trú á, að það sé óframkvæmanlegt, eins og hv. 2. þm. Rang. gaf í skyn. E. t. v. er það rétt, að þetta sé allmiklum erfiðleikum bundið og því gæti verið æskilegra að finna eitthvert einfaldara fyrirkomulag. Það má að sjálfsögðu athuga nánar í n., hvort ekki er hægt að finna einfaldari leið, og skal ég því ekki eyða fleiri orðum um þetta nú. Ég vil aðeins endurtaka það, sem ég sagði í upphafi, að mér sýnist allir kaflar frv. hafa nokkra þýðingu fyrir afkomu landbúnaðarins og að þeir muni létta undir með bændum að standa undir skuldabyrðinni.

Pétur Magnússon: Út af því, sem hv. 4. landsk. sagði, vildi ég aðeins bæta því við, að ég álít, að ekki geti komið til mála að setja nokkur þau ákvæði í lög, sem hægt væri að skilja á þann veg, að breytt væri þeim reglum, sem settar hafa verið um inndrátt á verðbréfum, sem þegar er búið að setja. Það væri vitanlega það allra versta, sem hægt væri að gera vegna verðbréfasölu í framtíðinni, að hræða eigendur bréfanna með því, að þeir geti átt á hættu, að sett verði lög, sem breyta skilyrðunum um inndrátt bréfanna. En það er ekki hægt að segja, að í frv. eins og það er nú séu nein ákvæði, sem leiða til þessa, því það er skýrt tekið fram í 10. gr., að „fyrir því sé séð, að útdráttur bréfa raskist ekki frá því, sem orðið hefði samkv. eldri lánstíma viðkomandi lána.“ Hitt vil ég segja, að geti verið alvarlegra, þó ekki nema komi fram á Alþingi tillögur um að breyta útdráttartímanum, og því miður var það svo í fyrra, þegar frumvarpið kom fyrst fram.

Þá vil ég aðeins bæta við nokkrum orðum út af því, sem hv. 1. þm. Eyf. sagði um möguleikana fyrir lántöku til veðdeildarbréfakaupa. Það er möguleiki fyrir því að opna nýjan veðdeildarbréfaflokk á sama hátt eins og Landsbanki Íslands hefir opnað hvern veðdeildarbréfaflokkinn eftir annan. Svo eru bréfin boðin fram á frjálsum markaði og seld fyrir það verð, sem fæst fyrir þau á hverjum tíma. Þá leið væri hægt að fara. En hver yrði afleiðingin? Vextirnir mundu fara langt upp fyrir það, sem þeir eru nú. Veðdeildarbréf Landsbankans hafa að undanförnu verið seld á 70—80%, sem þýðir það, að vextirnir verða raunverulega að meðaltali um eða yfir 7%. Það hefir verið litið svo á í stj. Búnaðarbankans, að þetta borgaði sig ekki; að það væri þó af tvennu illu betra að hætta starfseminni heldur en að landbúnaðarlánavextirnir hækkuðu frá því, sem nú er, sem allir eru sammála um, að er ofan við það, sem ætti að vera, og ofan við það, sem atvinnuvegurinn þolir.

Hitt sé ég ekki, að líkur séu til, að fremur fengist lán innanlands til þess að kaupa þessi ríkistryggðu skuldabréf fyrir, ef menn fást ekki til að kaupa bréfin sjálf. Það er ekkert annað en að fara í gegnum sjálfan sig að taka lán innanlands til þess að kaupa ríkistryggð verðbréf. Vitanlega yrði að miða lánið við útdráttartíma bréfanna. Hv. þm. var að tala um, að það væru ýmsir sjóðir í landinu, sem ættu mikið fé, en hann veit það eins vel og ég, að þessir sjóðir liggja sannarlega ekki á lausum kili. Þeir eru undantekningarlítið bundnir í útlánum, sumpart í þeim sama atvinnuvegi, sem hér er um að ræða, og sumpart í öðrum, sem ekki heldur geta svarað þeim út með stuttum fyrirvara. Ég held, að það hafi því ekki verið of mikið sagt, þó ég teldi ákvæði 2. og 3. gr. ekki annað en pappírsgagn; ég hefi ekki trú á, að þau verði annað í náinni framtíð. Tímarnir geta að vísu breytzt, svo tiltækilegt þyki að taka lán, og þá sennilega aðallega utanlands, en þá er líka alltaf hægt að setja lög þar að lútandi.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.

2.—5. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.

6.—17. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.

18.—19. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.

Fyrirsögn frv. og fyrirsagnir kafla þess samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 10 shlj. atkv.

Á 24. fundi í Ed., 13. marz, var frv. tekið til 3. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 25. fundi í Ed., 14. marz, var frv. aftur tekið til 3. umr.

Pétur Magnússon: Landbn. hélt í gær fund til að ræða um þetta mál, og kom nm. saman um að bera fram nokkrar brtt. við frv. Var mér falið að gera uppkast að þessum brtt., og gerði ég það seinni partinn í gær. Ég hefi ekki síðan getað náð í samnm. mína, og form. landbn. er nú veikur, svo að þessar brtt. hafa ekki getað farið í prentsmiðjuna. Vil ég því biðja hæstv. forseta að taka málið af dagskrá enn einu sinni, og að taka það þá helzt ekki á dagskrá fyrr en á laugardag.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 27. fundi í Ed., 16. marz, var frv. enn tekið til 3. umr. (A. 41, 123, 132, 148, 154).

Of skammt var liðið frá útbýtingu brtt. 154. — Afbrigði leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.

Frsm. (Bernharð Stefánsson): Landbn. hefir flutt 4 brtt. við þetta frv., og eru þær á þskj. 148. — 1. brtt. er um það, að um leið og ræktunarsjóður tekur við þeim hluta af viðlagasjóði, sem er fram yfir það, sem veðdeild Búnaðarbankans á, fari fram mat á sjóðnum, og ráðh. ákveði um tilhögun matsins, að fengnum till. bankastjórnar Búnaðarbankans. Það er vitanlegt, að skuldir þær, sem viðlagasjóður á úti, eru margar hverjar óvissar, og líklegt, að sumar þeirra falli niður með öllu. Er því ekki sanngjarnt að afhenda bankanum þær með nafnverði og láta þær koma fram síðar sem tap bankans. Þess vegna er þessi till. fram borin.

2. brtt. n. er umorðun á 7. gr. frv. Sú grein er um það, eins og menn sjá, að innlausn vaxtabréfa hvers flokks skuli lokið 35 árum eftir að flokknum var lokað, í stað þess, sem stendur í gildandi l., 35 árum eftir að flokkur var opnaður. N. þykir þetta nokkuð óákveðið, og auk þess nægir þetta ákvæði ekki til að fullnægja ákvæðum 10. gr., sem lengir lánstíma á tveimur tegundum ræktunarsjóðslána um 10 ár, en þetta ákvæði 7. gr. lengir frestinn að því er bréfin snertir í hæsta lagi um 8 ár, því að flokki þarf að vera lokað 8 árum eftir að hann var opnaður. N. þykir því réttara að lengja frestinn beinlínis um 10 ár og leggur því til, að í staðinn fyrir „35 árum“ síðast í 3. gr. l. komi: 45 árum.

Þá er 3. brtt. n., sem segir, að c-liður 10. gr. skuli falla niður, en með þessum lið var gefin

heimild til þess að breyta eldri lánum í Ræktunarsjóði í sama horf og ætlazt er til, að verði í framtíðinni samkv. þessu frv.

Ástæðan til, að n. leggur til að fella þennan lið niður, er í fyrsta lagi sú, að þetta yrði nokkuð erfitt í framkvæmdinni. Það þyrfti nýja útreikninga á árgjöldum allra þeirra eldri lána, sem ákveðið yrði nú að láta koma undir þetta, og í annan stað telur n., að á þessum ákvæðum e-liðs sé ekki svo brýn þörf sökum þess, að nú þegar er til í l. — nfl. l. um ýmsar ráðstafanir vegna fjárkreppunnar, frá 19. júní 1933 — heimild til þess að veita greiðslufest á afborgunum á föstum lánum um 5 ár. Það mundi verða hentugra í allri framkvæmd, jafnvel þó að til þess þyrfti að taka að framlengja þennan greiðslufest, heldur en að fara að reikna út í hverju tilfelli ný árgjöld af eldri lánum. N. litur svo á, að þetta geti ekki verið óhagkvæmara, a. m. k. nú í bráðina, fyrir þá, sem skulda eldri lán, en allmiklu hagkvæmara fyrir bankann að því er til starfsins kemur.

Þá er 4. brtt. Er hún aðeins leiðrétting og þarf ekki skýringar við.

Um þær brtt., sem fram hafa komið við frv. frá einstökum hv. þdm., skal ég ekki ræða að svo vöxnu máli.

Forseti (EÁrna): Ég geri ráð fyrir, að ekki verði lokið umr. um þetta mál nú, og sé ég því ekki þýða að halda umr. áfram lengur að sinni. Fresta ég því umr. og tek málið út af dagskrá.

Umr. frestað.

Á 29. fundi í Ed., 19. marz, var fram haldið 3. umr. um frv. (A. 41, 123, 132, 148, 154, 157).

Þorsteinn Briem (óyfirl.): Það hefir raunar við 2. umr. verið að nokkru leyti viðurkennt, að 1. og 2. kafli þessara laga hefði ekki mikla þýðingu. Menn hafa verið sammála um, að ákvæði 3. gr., um stofnun nýs veðdeildarflokks, væri sýnd veiði, en ekki gefin. Eins er um mörg ákvæði 1. og 2. kafla. Þó játa ég, ef brtt. hv. 2. þm. Rang. nær fram að ganga, að þá er þar (á þskj. 154) um merkilegt nýmæli að ræða, og er líklegt, að það nýmæli gæti komið að miklum notum.

Í 2. kafla frv. þykir mér vanta skýrt ákvæði um það, að vextir skuli lækka úr 6% niður í 5%. Ég hefi því flutt brtt. um það á þskj. 132, að í stað „fram úr 6%“ komi fram úr 5%. — Ég þykist vita, að það hafi vakað fyrir þeim, sem fluttu frv., að þetta yrði gert, en það er því miður ekki sagt í frv.

Það mun vera sameiginlegt álit manna, að 3. kafli (um vaxtatillag af hálfu ríkissjóðs af þeim fasteignaveðslánum bænda, þar sem vextirnir fara fram yfir 5%) skipti mestu máli í frv.

Í lögum frá 1933—1934 var vaxtatillagið ákveðið ½%, svo að bændur þyrftu ekki að greiða umfram 4½%. Afkoma landbúnaðarins hefir ekki batnað síðan þau lög voru sett, svo að það er a. m. k. jafnþungt að greiða vexti og þá var. Og síðan lögin um kreppulánasjóð komu til framkvæmdar, er orðið ennþá meira áberandi, hvað vextir eru þungir af fasteignaveðslánum, samanborið við kreppusjóðslán. Ég hefi því flutt brtt. (á þskj. 123), að í stað 5% komi 4% og í staðinn fyrir 1% komi allt að 2%.

Það er vissulega svo ástatt um landbúnaðinn, að hann getur ekki staðið undir hærri vöxtum en 4%—4½%. Og þó að hagur ríkissjóðs sé væntanlega ekki ríflegur, eins og allar horfur eru nú, þá ber samt á það að líta, að það verður að ganga fyrir flestu öðru að létta undir með þessum atvinnuvegi, því að annars vofir yfir, að bændurnir flosni upp af jörðum sínum og leiti atvinnulausir í kaupstaðina. En með tilliti til þess, að þungt er fyrir ríkissjóði, þá er hér bara um heimild að ræða. Og ríkissjóður myndi þá ekki þurfa að taka alveg til heimildarinnar, ef landbúnaðurinn rétti við.

Um brtt. landbn. vil ég taka það fram, að frá mínu sjónarmiði er hún til mikilla bóta. Það er mikill kostur, að horfið hefir verið að því að lengja lánstímann á þeim bréfum, sem þegar eru í gangi, því að það hefði getað haft alvarlegar afleiðingar, ef löggjafarvaldið, eftir að flokkur var opnaður, gerði þar breyt. á. Gæti það bæði haft slæm áhrif á sölu jarðræktarbréfa og íslenzkra verðbréfa yfirleitt.

Pétur Magnússon: Ég hefi flutt tvær brtt. við frv., á þskj. 154 og þskj. 157. Brtt. á þskj. 157 er við brtt. hv. 10. landsk. á þskj. 123. Í stað þess, að hann leggur til, að vaxtatillag verði greitt á vexti yfir 4%, legg ég til, að vaxtatillagið sé greitt á vexti fram yfir 4½%.

Það er ekki þannig, að ég áliti, að landbúnaðurinn geti greitt hærri vexti en 4%, heldur af því, að ég held, að brtt. hv. 10. landsk. nái ekki fram að ganga. Meirihlutaflokkar þingsins munu standa óskiptir á móti henni. Hinsvegar geri ég mér von um, ef farinn er meðalvegurinn, 4½%, þá telji stjórnarflokkarnir sér fært að fylgja till. Þetta yrðu þá sömu vextir og nú eru greiddir af fasteignaveðslánunum. Það hefir verið greitt vaxtatillag fyrir það, sem farið hefir fram úr 4½%. Og eins og hv. 10. landsk. hefir vikið að, þá er síður en svo, að hagur bænda hafi batnað, eða sé betri nú en tvö undanfarin ár, svo að þessi brtt. styðst við fyllstu nauðsyn.

Þá vil ég vikja örfáum orðum að brtt. á þskj. 154. Í frv. því, sem hér ræðir um, í 6. gr. þess, er gert ráð fyrir fé úr viðlagasjóði, er skuli renna til ræktunarsjóðs. Er þetta gert til þess, að ræktunarsjóður geti lækkað vexti niður í 5%; á að gera honum kleift að koma fram þessari vaxtalækkun með því að leggja honum það fé, sem 6. gr. fer fram á. Við þetta ákvæði hefi ég gert þá brtt., að féð renni í sérstaka deild innan ræktunarsjóðs, og veiti hún lán einvörðungu leiguliðum á jörðum, sem eru í eign einstakra manna, til kaupa á ábýlisjörðum sínum. Og þessi lán skulu veitt með sömu kjörum og leiguliðar á þjóðjörðum og kirkjujörðum hafa fengið til jarðarkaupa.

Ég ætla ekki að fara út í almennar umr. um

það, hvort heppilegri muni sjálfsábúð eða leiguábúð. Allir þeir menn, sem farið hafa um landið með opin augu, hafa rekið sig á, að jarðir í sjálfseignarábúð eru betur setnar en leigujarðirnar. Löggjafarvaldið hefir líka skilið þetta, því að leiguliðar á þjóðjörðum og kirkjujörðum hafa fengið hagstæð kjör á lánum til kaupa á býlunum. Hafa þau lán verið gegn 4% vöxtum til 28 ára, og vextir og afborganir til samans verið 6%. Og reynslan hefir sýnt, að það er undantekning, ef þeir menn, sem keypt hafa jarðirnar, hafa ekki komizt klaklaust frá kaupunum.

Nú er ekki síður ástæða til að styrkja þá menn, sem búa á leigujörðum í eign einstakra manna, til þess að geta keypt jarðirnar, heldur en leiguliða á jörðum í eign hins opinbera. Það mætti gera ráð fyrir, að það opinbera væri ekki verri landsdrottinn heldur en einstakir menn. En þessir leiguliðar hafa ekki fram að þessu haft aðstæður til að kaupa ábýlisjarðir sínar, nema þeir hafi sjálfir átt fé til þess. Þau lán, sem fasteignalánsstofnanirnar hafa veitt, hafa verið svo lág, að menn hafa ekki getað keypt fyrir þau.

Ég hefi viljað með brtt. minni bæta úr þessu misrétti. Það er augljóst mál, að þetta fé, sem 6. gr. gerir ráð fyrir, hrekkur skammt í lánaþörfinni. Þó ættu það að vera 7—800 þús. krónur, sem renna til ræktunarsjóðs í þessu skyni, og ef meðalvextir eru 5%, þá ættu vextirnir að vera um 35 þús. kr. á ári. Það hefir ekki verið rannsakað, á hvað mörgum árum lánin eiga að greiðast, en ég geri ráð fyrir, að lánstíminn sé ekki meira að meðaltali en 20—30 ár. Af þessu má það verða ljóst, að það er þó nokkur fjárfúlga, sem kæmi til með að renna í þennan sjóð. Þó að smátt sé af stað farið, gæti hann komið að nokkru haldi, er fram liðu stundir. Ef úr rættist fyrir ríkissjóði, þætti mér ekki ólíklegt, að hann reyndi að styrkja þessa starfsemi frekar. Þó að mér sé fullkomlega ljóst, að hér verður ekki um stórvirki að ræða fyrst í stað, gæti þetta þó orðið nokkur hjálp fyrir menn til að eignast býli sín og á þann hátt orðið lyftistöng fyrir landbúnaðinn. Vildi ég mega vænta þess, að svo framarlega sem hv. þdm. meta það einhvers, að jarðir séu í sjálfsábúð, þá fylgi þeir till. minum. Ég lít svo á, að ræktunarsjóði væri vel kleift að veita lán með þeim kjörum, sem ég hefi hér lagt til. Nú um áramótin nam sjálfseign hans um 3 millj. króna, að miklu leyti með 6% vöxtum, sem fer niður í 5% vexti samkv. áðurnefndu frv. Eru nú um 600 þús kr. ávaxtaðar með 5%, en 2,4 millj. með 6%, svo að vaxtahalli ræktunarsjóðs mundi nema 25—30 þús. kr., sem hann er vel fær um að taka á sig, þó því skuli ekki gleyma, að vaxtamöguleikar sjóðsins minnka við þessa vaxtalækkun. Ræktunarsjóður hefir eins og ég hefi áður tekið fram, haft yfir nægilegu fé að ráða til að geta fullnægt eðlilegri eftirspurn, og ef það getur haldizt, sem maður vonar, er ekki sérstök ástæða til að bæta við þeirri fjárfúlgu, sem um ræðir í 6. gr. frv., til hinnar venjulegu lánastarfsemi sjóðsins.

Ég vil taka það fram um brtt. hv. 10. landsk. á þskj. 132, að ég tel þær ekki ná tilgangi þeim, sem til er ætlazt og hann hefir lýst, að fyrir sér hafi vakað með flutningi þeirra.

Forsrh. (Hermann Jónasson) óyfirl.: Um þessar brtt., sem hér liggja fyrir, vil ég aðeins segja það um brtt. á þskj. 154 frá hv. 2. þm. Rang., að þetta mál, sem brtt. fjallar um, er samningsatriði, sem sennilega verður ekki afgert á þessu þingi. Hér liggur fyrir frv. um erfðafestu og um óðalsrétt, og geri ég ráð fyrir, að málum þessum verði vísað til Bf.Ísl. til að fá þau samræmd og að fá betra fyrirkomulag á en er í þessum frv.

Í raun og veru eru í frv. því, sem liggur fyrir þinginu um óðalsrétt og flutt er af einum hv. þm. í Nd., viðurkennt, að eignarrétturinn sé ekki að öllu leyti heppilegur eins og hann nú er, eins og reynslan hefir líka sýnt. Er í frv. um óðalsrétt því horfið frá eignarrétti á jörðunum. Ég held því, að það sé að öllu leyti rangt að samþ. þessa brtt., sem hér liggur fyrir.

Viðvíkjandi brtt. hv. 10. landsk. skal ég aðeins segja það, að vitanlega væri æskilegt að geta fært vextina niður í það, sem þar er farið fram á. Hann minntist á það í ræðu sinni, að einu sinni hefðu vextirnir farið niður í 4½%. Það er alveg rétt, að þá var greitt það mikið vaxtatillag úr ríkissjóði, að lántakendur greiddu ekki hærri vexti, en þá stóð þannig á, þegar svo hátt vaxtatillag var greitt, að annar aðalatvinnuvegur þjóðarinnar stóð sig vel, og ekki var farið fram á vaxtalækkun frá öðrum atvinnuvegum. Nú er ómögulegt að lækka svo vexti hjá einum atvinnuvegi, að ekki komi krafa um samsvarandi lækkun frá öðrum, og verður því eftir atvikum að telja það sæmilegt — þó að það sé ekki nægilegt — að færa vextina niður í 5%.

Það hefir verið rætt í Danmörku nú í 2 ár að lækka vextina, en það hefir strandað á bönkum og sparisjóðum, síðast nú fyrir 2 mán. Þær stofnanir töldu sér ekki fært að standast þann fjárhagslega hnekki, sem af því myndi leiða. Annars er sannleikurinn sá, að ekki er þörf á að svara skrumauglýsingum hv. 10. landsk. Ég segi skrumauglýsingum, vegna þess að hann og hans flokksmenn eru stöðugt að tönnlast á, að ekki megi auka útgjöld ríkissjóðs, heldur verði að gæta hófs og útgjöld og tekjur verði að standast á, en koma svo með brtt. og aftur brtt., sem skapa mundu ríkissjóði aukin útgjöld, án þess að benda á nokkrar tekjur í staðinn.

Þar, sem spilling þingræðisins er orðin mest, hefir komið til orða að banna mönnum að bera fram brtt., er hækka útgjöld ríkissjóðs, nema þeir um leið komi með tekjuöflunartillögur. Þetta væri að vísu æskilegt, en það er bara ekki hægt, nema hv. þm. vilji sjá fyrir því, að ríkissjóður fái auknar tekjur sem þessu nemur. Meðan það er ekki gert, legg ég hiklaust til, að þessar brtt. verði felldar.

Pétur Magnússon: Ég verð að játa það, að ég undraðist nokkuð, hverjar undirtektir brtt. minar fengu hjá hæstv. forsrh. Hann talar um, að

ekki verði útkljáð á þessu þingi, hvaða braut skuli halda í þessu efni, um eignarrétt jarðanna, hvort þær skuli vera í eigu ríkis eða einstaklinga.

Ég hefi varla heyrt meiri fjarstæðu en það, að í frv. um óðalsrétt væri horfið frá einstaklingseign. Það er svo fjarri, að svo sé, að heldur er þvert á móti verið að tryggja eignarrétt einstaklingsins, þó heimilað sé að leggja vissar kvaðir á þann eignarrétt. Það, sem hv. þdm. verða að ráða við sig, er það eitt, hvort þeir vilja styðja að því, að jarðir komist í sjálfsábúð. Ef hv. þdm. þykir heppilegra, að jarðirnar séu í sjálfsábúð, þá munu þeir óhræddir og óhikandi greiða till. minum atkv., því hér er ekki um að ræða að binda ríkissjóði neina bagga, heldur er hér verið á sérstakan hátt að mynda sjóð, sem á að nota til að gera mönnum kleift að reisa bú á eigin jörð. Það þarf því ekki að tala um það í þessu sambandi, að afla þurfi ríkissjóði sérstakra tekna til að standast þessi útgjöld, enda beindi hæstv. forsrh. því ekki til mín, heldur til hv. 10. landsk. Ég vil svo endurtaka það, að ég vænti þess, að þeir hv. þm., sem telja sjálfábúð á jörðum heppilegri en leiguábúð, greiði brtt. minum atkv. sitt.

Jón Baldvinsson [óyfirl.]: Það, sem ég vildi segja, var ekki annað en það, að ég er á móti öllum brtt. hv. 10. landsk. og hv. 2. þm. Rang., en mun fylgja till. landbn. En ég vil til viðbótar taka það fram, að ég lít dálitið öðruvísi á þetta mál en ég gerði jafnvel á síðasta þingi, en þá vannst ekki tími til að afgr. málið. Í sambandi við þetta mál hefi ég athugað möguleikana fyrir því að hækka einhvern styrk til bændanna, sem þeir fá nú, er geti komið móti þessari ívilnun. Ég ætla samt ekki að flytja neina brtt. í þá átt nú, en vil aðeins benda á það, að ef hækkað yrði hámark jarðræktarstyrks, er greiða má ábúanda, úr 800 kr., sem það er nú, og niður í 300 kr., þá mundi það svara til þess að vega móti þessum útgjaldaaukningum. Það mætti líka fara aðra leið í þessu máli, t. d. lækka hámarkið í 500 kr. eða svo, og mundu sparast við það 40—50 þús. kr. árlega. Ég vildi aðeins benda á þetta, því það getur vel farið svo, að einhverjar till. komi fram um að vega móti þessum útgjöldum, og þá getur vel verið, að þessi leið sé eins heppileg og ýmsar aðrar. En eins og ég tók fram, flyt ég enga brtt. og mun greiða frv. þessu atkv. mitt út úr deildinni.

Forsrh. (Hermann Jónasson) [óyfirl.]: Það er aðeins örstutt aths. út af ummælum, er féllu í ræðu hv. 2. þm. Rang. Það er vitanlega alger misskilningur hjá honum — þó orð mín gæfu ekkert tilefni til að rökræða það —, að frv. það um óðalsrétt, sem fram er komið í hv. Nd., sé sama og styrkur við eignarréttinn. Óðalsrétturinn er alls ekki sama og eignarréttur, heldur aðeins umráðaréttur, eins og sýnir sig fyrst og fremst í því, að óðalseigandi getur ekki samkv. frv. veðsett jörð sína nema upp að vissu marki. Og það á sér hvergi stað um eignarrétt, að eigandi megi hvorki veðsetja né selja eign sína frjálst og óhindrað. Sannleikurinn er sá, að frv. um óðalsrétt er h. u. b. alveg hliðstæða við frv. um erfðafestu, ef þetta mál er skoðað niður í kjölinn, — eða hver er munurinn? Hann er ekki annar en sá, að bóndi, sem hefir óðalsrétt, má veðsetja jörð sína allt upp að 50% af matsverði, en hann má ekki ráðstafa henni að öðru leyti, en búa þar til dauðadags, og síðan gengur hún í erfðir eftir föstum reglum. Þetta er nákvæmlega sama og leyft er með erfðafestunni hér í Rvík t. d. Sá, sem fær land á erfðafestu hjá Rvíkurbæ, kaupir rétt til að nytja landið til dauðadags, en síðan taka erfingjar við eftir föstum reglum. Munurinn er ekki mikill; hann er sá, að annar borgar leigu til ríkisins, en hinn vexti af láni. Ég er í engum vafa um, að ef hv. 2. þm. Rang. sem er lögfræðingur, fer að rannsaka þetta mál, þá viðurkennir hann, að það er ekki fullkominn eignarréttur, ef maðurinn má hvorki veðsetja eign sína né selja. Það er a. m. k. einkennileg „definition“ á eignarréttinum, ef maðurinn má ekki selja né veðsetja eign sína, en það hafa verið hlunnindi fullrar eignar að mega frjálst og óhindrað fara með sitt fé. Það er því óhætt að segja, að með frv. um óðalsrétt er „princip“ eignarréttarins gersamlega gefið upp.

Pétur Magnússon: Ég er alveg undrandi á hæstv. forsrh. að halda fram annari eins endemisvitleysu og þeirri, að með óðalsréttarfrv. sé horfið frá eignarrétti einstaklinga á jörðunum. Eins og ég gat um áður, er það höfuðatriði þess frv., að jarðirnar haldist í sjálfsábúð — að eigandi og ábúandi verði hinn sami. Hæstv. ráðh. má ekki láta það villa sig, þó nokkrar kvaðir eða höft séu lögð á eignarréttinn. Það er alls ekki einstætt fyrirbrigði, að eignarréttur sé takmarkaður, þarf ekki annað en að minna á t. d. þær hömlur, sem iðulega eru lagðar á meðferð hlutabréfa í hlutafélögum, bæði um sölu og veðsetningu. (**Forsrh.**: Óðalsrétturinn er ekki eignarréttur, það vita allir). Það þýðir ekki að halda slíkri firru fram. Það mætti a. m. k. ekki minna vera en að ráðh. benti á einhver ákvæði frv. til styrktar þessari staðhæfingu sinni. Að öðrum kosti tekur enginn mark á henni. Frv. er komið fram í því skyni, að jarðirnar haldist í sjálfsábúð og í eign einstaklingsins, og er borið fram gegn þeirri stefnu, sem flokkur ráðh. hefir horfið að á undanförnum árum — að koma öllum jörðum í ríkiseign og leiguábúð.

Forsrh. (Hermann Jónasson) [óyfirl.]: Við skulum ekki þrátta um það, hvort óðalsréttur er sama og eignarréttur eða ekki. Það er náttúrlega hægt að kalla allt eignarrétt, þó allt sé tekið burt og aðeins sé eftir umráðaréttur, eða heimild til nytjunar. En eins og ég hefi tekið fram, er munurinn á óðalsbónda og erfðafestubónda enginn annar en sá, að hinn síðarnefndi greiðir vist eftirgjald eftir ábýlisjörð sína, en hinn fyrrnefndi greiðir vexti af lánum. E. t. v. verður hægt að ræða þetta nánar þegar frv. kemur til umr., en það sýnir sig, að óðalsréttur inn er ekki annað en að fá að búa á jörð-

inni sína lífstíð, en síðan taka aðrir við eftir föstum reglum. Munurinn á þessum tveim frv. um óðalsrétt og erfðafesturétt er eins og ég hefi lýst, og enginn annar, enda hefir hv. 2. þm. Rang. ekki komið með nein rök eða bent á, að það verði öðruvísi í framkvæmdinni. Raunar mætti vel bæta því við, að vel er hugsanlegt, að eftirgjaldið yrði óbærilegt fyrir þann, sem hefir óðalsréttinn, vegna vaxtagreiðslu og afborgana af veðlánum, og yrðu það þá hlunnindin, sem hann fengi fyrir að hafa óðalsrétt, sem ekki er annað en umráðaréttur. Skal ég ekki tefja umr. lengur; þessi mál þurfa athugunar við, og það er ófrjótt að deila lengur um þetta atriði hér við þessa umr.

Magnús Guðmundsson: Það er alveg rétt, að spursmálið um óðalsréttinn kemur litið við þessu frv. En ég stend upp af því að ég vil ekki, að hv. 2. þm. Rang. standi hér einn um þá skoðun, að óðalsréttur sé eignarréttur. Ég álít, að óðalsréttur sé sá sterkasti eignarréttur, sem hægt er að fá á jörðum. Hæstv. forsrh. segir, að eini munurinn á erfðafestu og óðalsrétti á jörðum sé sá, að samkv. óðalsréttarfyrirkomulaginu verði menn að borga vexti af lánum, sem á eigninni hvíla, en árlegt afgjald, ef jörðin er á erfðafestu. En ef ekkert hvílir á óðalseign, þá þarf ekkert af henni að gjalda. Og af hverju? Það er af því, að maðurinn á eignina, meðan hann lifir, og enginn á eign nema meðan hann lifir. Það eitt er sérkennilegt um þann eignarrétt, sem nefnist óðalsréttur, að þar er fyrirfram ákveðið, hversu hann gengur í erfðir. Þar í liggur munurinn, en engu öðru. Ef skuld hvílir á eigninni, þarf að borga vexti, ef ekkert hvílir á henni, þarf ekkert að borga. Þar kemur fram munurinn á erfðafesturétti og eignarrétti.

Annars finn ég ekki ástæðu til að ræða þessar brtt., sem hér liggja fyrir, en ég verð þó að segja, að mér líst ákaflega vel á brtt. frá hv. 2. þm. Rang. á þskj. 154. Þar er farið inn á nýja braut til þess að hjálpa mönnum til að eignast ábýli sín. Það er braut, sem ég tel, að eigi að fara inn á. Ég þykist hafa séð það mjög greinilega, að þar, sem jarðir eru í sjálfsábúð, þar er eitthvað fyrir jarðirnar gert, en þær jarðir, sem eru í leiguábúð, eru venjulega miklu verr meðfarnar.

Páll Hermannsson: Ég ætla ekki að blanda mér inn í þessar umr., en af því að mér finnst þær vera farnar að snúast nokkuð að öðru en því, sem ég hélt, að hér lægi fyrir, þá vil ég lýsa því yfir, hvað ég álít, að meiningin sé með þessu frv., sem sé að gera tilraun til að hjálpa þeim, sem eiga jarðir, til þess að standa straum af þeim skuldum með því að hlaupa undir bagga með vexti af lánunum. En nú er hér komin fram till. um það, hvernig eigi að hjálpa mönnum til að verða sjálfseignarbændur, og ég verð að segja, að mér finnst sú till. ekkert koma þessu máli við. Með henni virðist mér, að sé verið að marka þá stefnu, sem menn eigi að fara eftir í þessu máli í framtíðinni, en ég álít, að því eigi ekki að blanda saman við það mál, sem hér liggur fyrir. Hv. flm. till. segir, að þeir, sem álíti sjálfsábúð heppilegri en leiguábúð, muni greiða þessari till. atkv. En mér skilst, að hér hafi ekki verið að ræða um slíkt, hvora stefnuna menn vilji aðhyllast. Ég mun því greiða atkv. á móti till., af því að mér finnst hún ekki koma þessu máli við.

En hér liggja fyrir brtt., sem virkilega snerta málið, frá hv. 10. landsk., og reyndar frá hv. 2. þm. Rang líka, að létta ögn betur undir með bændum með vaxtabyrðina en frv. gerir ráð fyrir. Hv. 10. landsk. sagði, að landbúnaðurinn þyldi ekki meira en 4—4½% ársvexti. Það er vitanlega alveg rétt, og ég býst meira að segja við, að hann þoli ekki einu sinni svo mikið. Ég efast um, að það væri nægilegt að færa vextina niður í 4% ef ætti eingöngu að ganga út frá því, hvað landbúnaðurinn þyldi. En ég býst við, að hér verði að líta á fleira en þörfina eina saman; ég hygg, að eitthvað verði að líta til getunnar líka.

Það hefir verið bent á það áður, að þegar Alþingi — 1933 ætla ég, að það hafi verið — var að ákveða að hlaupa undir bagga með vaxtabyrði landbúnaðarins, svo að vextir yrðu ekki hærri en 4½%, þá hafi staðið öðruvísi á fyrir hinum aðalatvinnuveginum. Mér þykir nú eftir atvikum býsna gott, ef við getum til lengdar haldið vöxtunum af landbúnaðarlánum í 5%. Mér hefir skilizt, að einhversstaðar þyrfti ríkissjóður að taka peninga til að standast þetta. Ég hefi litið svo á, að þeir peningar, sem þyrftu til hjálpar landbúnaðinum, þyrftu að koma frá sjávarútveginum. En nú er það vafamál, hvort sjávarútvegurinn er nokkuð betur staddur en landbúnaðurinn. Ég man ekki betur en að í skýrslum, sem lagðar hafa verið fyrir Alþingi — það mun hafa verið árið 1933 — hafi verið talið, að það ár hafi verið 12% tap hjá sjávarútveginum. Þegar ástandið er nú svona, þá held ég, að sé vafasamt að gera mjög háar kröfur, þó að þær út af fyrir sig kunni að vera réttmætar, ef litið er á þörfina eina saman. Ég býst við, að í nánustu framtíð verði það svo, að menn verði nauðugur viljugir að taka fyrst og fremst tillit til líðandi stundar. Og þá verður fyrst og fremst að líta á það hjá landbúnaðinum, að menn geti lifað við hann og verði ekki flæmdir af jörðum sínum. Það verður fyrst og fremst að sjá fyrir því, að menn fái það verð fyrir framleiðslu sína, að þeir geti lifað, og að skuldirnar verði ekki til þess, að menn verði að hrekjast frá jörðunum. Nú er lagt fram fé landbúnaðinum til hjálpar frá þessum tveimur sjónarmiðum, en svo fær hann líka fé, sem er lagt í lófa framtíðarinnar. Ég man ekki, hve mikill jarðræktarstyrkurinn er nú orðinn. Mig minnir ¾ millj. Mér þykir rætast betur úr en á horfist, ef við getum staðið við að veita landbúnaðinum alla þá hjálp, sem við höfum nú lofað, þó að við sættum okkur við að hafa vextina 5%. (MG: Hverjir við?). Alþingi, því að það hefir samþ. að veita þessa hjálp, og hv. 1. þm. Skagf. líka, og ef við getum staðið við það, þá kalla ég, að fari betur en á horfist. En færi svo, að við gætum ekki staðið við það allt, þá gæti farið svo, að yrði að

ráðast harkalega á ýmsa þá liði, sem nú eru ætlaðir landbúnaðinum til styrktar, þar á meðal suma þá liði, sem hv. 10. landsk. óskar nú eftir að hækka, þar á meðal suma liði jarðræktarstyrksins. Það væri því ákaflega æskilegt, ef hv. 10. landsk. gæti bent á einhverja leið til að geta hvorttveggja, staðið við þau gefnu loforð og einnig uppfyllt þær óskir, sem hann kemur nú með og sjálfsagt væri að uppfylla, ef hægt væri. Það væri gaman, ef hann vildi lýsa því nánar, hvernig hann hugsar sér að leysa þetta mál.

Hér var til umr. í gær mál, sem snerti landbúnaðinn. Það var um lán úr söfnunarsjóði. Mér skildist þá á ýmsum mönnum, að þeir teldu óréttmætt að lækka vexti þeirra manna, sem eiga peninga, sem eru í útlánum. Ég tel, að ef sú leið væri farin, þá yrði hún dýrgri en hin, að byggja eingöngu á þeirri von, að ríkissjóður endist endalaust.

Þorsteinn Briem [óyfirl.]: Það má segja nú eins og oft áður, að úr því formaður Alþfl., hv. 4. landsk., hefir talað, þá þýðir ekki að hafa mörg orð, því að þá munu forlög Kartagóborgar vera ákveðin í þessu máli sem öðrum, og er því vist réttast að auka ekki skrifurum eða prenturum ómak með því að tala langt mál.

Hv. 1. þm. N.-M. talaði um, að það væri vafasamt, hvort landbúnaðurinn gæti staðið undir 4—4½% fasteignaveðslánum. Hann talaði sanngjarnlega um það mál, eins og hans var von og vísa, en þó að hann vildi ekki slaka til í þessu atriði, þá gaf hann, að því er mér skildist, loforð um að sjá fyrir því, að menn gætu fengið fyrir afurðir sínar það verð, sem þyrfti til þess að atvinnuvegurinn gæti borið sig. (**PHerm**: Það loforð gaf ég ekki). Það fannst mér þó hann gera, að það væri það, sem hans flokkur ætlaði að beita sér fyrir, og er gott að heyra, ef eitthvað á að gera til þess, að bændur fái hærra verð fyrir afurðir sínar en á síðasta ári. Mundu menn þá við una, þó að ekki fengist lagfæring á öðrum hlutum, ef því máli væri vel í höfn komið, og þá mundu bændur síður kvarta undan öðrum byrðum, og ég fyrir mitt leyti mundi ekki gera kröfur, ef ég sæi, að þeir fengju það verð, sem þyrfti til þess að atvinnuvegurinn gæti borið sig.

Hv. þm. var að tala um söfnunarsjóð í þessu sambandi. Ég hygg, að ekki hafi verið hægt að misskilja orð mín í því sambandi, þegar um þetta mál var rætt í gær, að ég ætlaðist ekki til, að bændur greiddu hærri vexti fyrir það, þótt það vaxtatillag, sem ég ætlaðist til að greitt væri, væri ekki tekið af þeim, sem væru á milli húsgangs og bjargálna, og þó nær sveitinni, og það er vitað, að það eru slíkir aðiljar, sem eiga mestan hluta söfnunarsjóðs. Ég ætlast til, að þessi styrkur verði heldur tekinn af þeim, sem breiðari hafa bökin, með vaxtatillagi úr ríkissjóði.

Hv. 4. landsk. var að tala um, að til þess að geta lækkað vextina þyrfti að lækka jarðræktarstyrkinn, og mér fannst hv. 1. þm. N.-M. einnig ympra á þessu atriði, en þeir fóru, að því er mig minnir, ekki nákvæmlega út í það atriði. Ég heyrði, að hv. 1. þm. N.-M. gerði ráð fyrir, að jarðræktarstyrkurinn væri nú ¾ millj. Ég held, að þótt mín till. yrði samþ., þá væri óhætt að sætta sig við það framlag, en ekki þurfa þar við neina viðbót. Síðasta ár var styrkurinn 457000 kr., ef ekki er talin með sú uppbót, sem fer til jarðarafgjalds af þjóðjörðum.

Hv. þm. talaði mikið um það, að sjá þyrfti fyrir tekjum á móti þessum útgjöldum; það væri ekki nóg að heimta þetta, — það yrði að skaffa fé. En það er ekki allt fengið með því að skaffa nýjar tekjur; það má líka komast að sama marki með því að lækka útgjöld. Ég held, að þessi hv. þm. hafi verið með hækkunartill. á fjárl., sem hafa ekki verið eins nauðsynlegar fyrir atvinnulífið eins og þessi jarðræktarstyrkur og vaxtatillag. Ég get nefnt sem dæmi eitt mál, sem liggur nærri honum sjálfum. Það er af hans eigin heimili; það er framlag til rafveitu á Eiðum. Þó að það sé mjög lofsamlegt fyrirtæki, sem menn mundu verða mjög sammála um að leggja í í góðu ári, þá verð ég að líta svo á, að jafnvel þó að það sé mjög æskilegt að fá ljós og hita frá rafmagni, þá sé samt ódýrara í bili að afla þess á annan hátt, og atvinnulífinu sé jafnvel betur borgið með því að lækka vexti og auka jarðræktarstyrk en að leggja það fé í rafveitu. Þannig má tala um fleira þessu líkt.

Hæstv. forsrh. talaði nokkuð á líka lund og hann gerði svo oft á síðasta þingi, en minna hefir borið á á þessu þingi. Það kenndi allmikils yfirlætis í orðum hans, og skal ég ekki gera tilraun til að svara honum í sama tón. Hann vék að því, að árið 1933 hefði staðið öðruvísi á fyrir sjávarútveginum en nú, og þó hefði ekki komið fram nein ósk um vaxtalækkun fyrir þann atvinnuveg. Ég hygg þó, að á árinu 1933 hafi verið samþ. þál. um að rannsaka hag sjávarútvegsins, og bak við flutning þeirrar till. hefir þó legið sú ósk, ef ekki krafa, að hlaupa undir bagga með sjávarútveginum líka, þrátt fyrir það, að sú ósk lægi fyrir og þótt menn gætu rennt grun í það, að svo væri ástatt um þennan atvinnuveg sem skýrslur hafa síðar leitt í ljós. Og á þinginu 1933 var samþ. að veita ríflegra vaxtatillag til landbúnaðarins en farið er fram á með þessu frv. Og þar sem hæstv. forsrh. er að tala um skrum í þessu efni, vísa ég því algerlega á bug, því að þetta var framkvæmt á árinu 1933, og það var gert meira en að láta sitja við orðin tóm.

Hæstv. ráðh. sagði líka, að þyrfti að skaffa tekjur í þessu efni. Þar get ég svarað honum á líka lund og hv. þm. N.-M., að það munu verða bornar fram till. til lækkunar á fjárl., þegar þar að kemur, og hygg ég, að það kæmi í sama stað niður og þó að aflað væri nýrra tekna. Og það get ég þegar tekið fram, að þær till., sem ég og þá flokkur, sem ég stend að, mun bera fram, þær munu ekki ganga í sömu átt og hjá hv. 4. landsk., að lækka jarðræktarstyrkinn.

Páll Hermannsson: Ég vil leiðrétta þann misskilning hjá hv. 10. landsk., að ég hafi gefið það loforð, að verð á landbúnaðarafurðum yrði svo hátt, að lífvænlegt yrði fyrir bændur. Slíkt

loforð hefi ég ekki gefið og get ekki gefið, en ég viðurkenndi, að þörfin væri meiri en getan til að bæta úr þörfinni. Ég sagði ennfremur, að útlitið væri þannig, að framtíðin mundi hafa nóg með að bæta úr brýnustu þörfum, en bráðasta þörfin er auðvitað sú, að geta þó lifað.

Um jarðræktarstyrkinn sagði ég, að ég byggist við, að hann væri nálægt ¾ millj. Það er rétt, að hann er ekki svo hár, en á árinu 1934 mun hann hafa orðið 30 þús. kr. hærri en áætlað var, eða um 600 þús. kr. alls, eftir því sem mér er sagt.

Hv. 10. landsk. benti mér á, að ég hefði fylgt till. um, að raflýst yrði á Eiðum, og það er satt. Við hv. 10. landsk. höfum fram að þessu staðið í þeirri trú, að það ætti að láta fólkið hafa fleira en að borða. Annars tek ég þessa bendingu hv. þm. ekki illa upp, hún er réttmæt eins og útlitið er. Það lítur út fyrir, að maður megi nú ekki veita sér nema það, sem þarf til næsta máls.

En í sambandi við rafveituna á Eiðum vil ég segja það, að þótt nú hafi verið samþ. 50000 kr. fjárveiting til þess fyrirtækis, þá get ég sagt honum, að ég er ákaflega hræddur um, að ekkert verði úr því fyrirtæki, en það verður ekki af því, að ég reyni ekki að ýta undir framkvæmd þess fyrirtækis eins og ég get, af því að ég álít, að hún sé nauðsynleg til frambúðar fyrir það fólk, sem þar býr.

Að öðru leyti mun ég ekki eyða tímanum í umr. Ég þarf engar sakir að gera upp við hv. 10. landsk.

ATKVGR.

Brtt. 148,1 samþ. með 11 shlj. atkv.
— 145 felld með 8:6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: JAJ, MG, PM, ÞBr, ÞÞ, GL.
nei: JBald, JJ, PHerm, SÁÓ, HG, HermJ, IngP, EÁrna.

Tveir þm. (MJ, BSt) fjarstaddir.
Brtt. 148,2 samþ. með 11 shlj. atkv.
— 148,3 samþ. með 11 shlj. atkv.
— 132 felld með 8:5 atkv.
— 157 felld með 7:6 atkv.
— 123,a felld með 8:4 atkv.
— 123,b tekin aftur.
— 148,4 samþ. án atkvgr.

Frv., svo breytt, samþ. með 11 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 33. fundi í Nd., 20. marz, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 207).

Á 35. fundi í Nd., 22. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 17 shlj. atkv. og til landbn. með 18 shlj. atkv.

Á 39. fundi í Nd., 27. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 207, n. 266, 269).

Frsm. (Bjarni Ásgeirsson): Frv. þetta hefir verið til meðferðar hjá landbn., og hefir n. verið sammála um að leggja til, að það yrði samþ. Þó hefir einn af nm., hv. þm. A.-Húnv., skrifað undir nál. með fyrirvara, og mun hann sjálfur gera grein fyrir honum.

Frv. er nærri shlj. frv. því, sem samþ. var á síðasta þingi í Nd., en dagaði uppi í Ed., og er það nú komið hingað aftur. Málið var rætt allýtarlega á síðasta þingi hér í d., svo að ég sé ekki ástæðu til að fara langt út í það. Þó vil ég geta aðalbreyt., sem hafa orðið á frv. í Ed.

Aftan við ákvæði 6. gr., þar sem stendur: „Það af viðlagasjóði Íslands, sem er fram yfir eign veðdeildar Búnaðarbanka Íslands eins og hann telst 1. jan. 1935“, hefir verið bætt ákvæði þess efnis, að áður en skiptin fara fram, skuli fara fram nákvæmt mat á sjóðnum. Þetta er sett inn af því, að óvíst er um hið raunverulega gildi viðlagasjóðs, en það er nauðsynlegt að vita, áður en hann fellur til ræktunarsjóðs.

Vitanlega eru mörg af lánum sjóðsins ótrygg, svo að ef skiptin eiga að verða nákvæm, þá verður að fara fram nýtt mat, til þess að sjá, hver eign hans raunverulega er. Og verður því þessi breyt. til bóta.

Önnur breyt., sem hefir verið gerð á frv. í Ed., er sú, að niður falli c-liður 10. gr., eins og hún var í fyrra í frv., um heimild til að lengja um 10 ár lánstímann á nokkrum hluta af eldri lánum ræktunarsjóðs. Nú eru lög um að gefa greiðslufrest á lánum úr ræktunarsjóði til 5 ára. Þetta hefir að nokkru leyti verið framkvæmt, og Búnaðarbankinn heldur áfram framkvæmd þessa. Það var álitið, að þetta vægi upp á móti hinu ákvæðinu, að dreifa afborgunum lánanna á 10 ára bil, svo að þess vegna væri ekki ástæða til að samþ. þetta ákvæði. Ég get eftir atvikum fallizt á þetta, og n. í heild hefir ekki lagt til, að þetta ákvæði verði tekið upp aftur.

Aðrar breyt., sem gerðar hafa verið á frv., eru smávægilegar, og eru það aðallega formsatriði. Það voru nokkrir formgallar á frv., sem stöfuðu af því, að það voru mörg mismunandi ákvæði, sem þurfti að samræma og hafði sézt yfir.

Ég ætla ekki að ræða meira um frv. að sinni, en ég legg til f. h. n., að málið nái fram að ganga á þessum hluta þingsins. Því að það hlýtur að verða aðkallandi einmitt nú í haust að veita bændum þær réttarbætur, sem í frv. felast með ráðstöfunum vegna fjárkreppunnar.

Hér er ein brtt. frá hv. þm. N.-Þ., sem n. hefir ekki getað athugað. Ég geri ráð fyrir, að hv. þm. tali fyrir henni. En ég vil óska, að hann taki hana aftur til 3. umr., þangað til n. hefir kynnt sér hana og getur gefið sameiginlegt álit um hana.

Gísli Guðmundsson: Ég hefi leyft mér að flytja brtt. við frv., á þskj. 269. Brtt. er þess efnis, að lán til rafmagnsstöðva í sveitum verði veitt til 20 ára, en þau eru nú, samkv. reglugerð ræktunarsjóðs, aðeins til 10 ára. Ég flyt brtt. vegna þess, að ég veit, að mönnum, sem hafa slík lán, eru þau þungbær, því að rafmagnsstöðvarnar hafa verið dýrar og kostnaðarsamar.

Ég geri ráð fyrir, að ekki sé að ræða um mörg slík lán, en þessi breyt. er réttlætismál.

Ég hefi talað um till. við form. landbn. í þessari hv. d. og flm. málsins í Ed. Þeir hafa báðir tekið till. vel. En ég vil verða við tilmælum hv. þm. Mýr. að taka till. aftur til 3. umr., og geri ég það hér með, svo að nefndin geti athugað hana nánar.

Hannes Jónsson [óyfirl.]: Ég hefi ekki borið fram brtt. við þetta frv., þó að ég hefði viljað koma með svipaða brtt. við III. kafla eins og kom fram í Ed. En það er sýnilegt, að slíkt næði ekki fram að ganga. Ég vil því ekki tefja málið á þinginu, þar eð það er þó til nokkurra **bóta.**

Ég hefi þó rekið mig á við yfirlestur frv., að varla verður komizt hjá því að gera dálitla breyt. á 12. gr., í sambandi við niðurfærslu á vöxtum og vaxtakostnaði. Í gr. er komizt svo að orði: Í stað „6%“, „5%“ og „6%“ komi: 5%, 4½ og 5%. En í lögunum er þetta orðað svo: „Árlegt tillag, til að borga kostnað við sjóðinn og til varasjóðs, er ½% á ári af upphæð lánsins eins og það var fyrir hvern gjalddaga. Gjald þetta fellur burt, ef vextir þess flokks, sem lánið er veitt úr, eru 6% eða hærri; og ef vextirnir eru milli 5½ og 6%, færist gjaldið niður hlutfallslega, svo að vextirnir að viðbættu gjaldinu fari ekki fram úr 6%“.

En eftir till. n., ef samþ. verður, hljóðar þessi kafli þannig: „Árlegt tillag, til að borga kostnað við sjóðinn og til varasjóðs, er ½% á ári af upphæð lánsins eins og það var fyrir hvern gjalddaga. Gjald þetta fellur burtu, ef vextir þess flokks, sem lánið er veitt úr, eru 5% eða hærri; og ef vextirnir eru milli 4½% og 5%, færist gjaldið niður hlutfallslega, svo að vextirnir að viðbættu gjaldinu fari ekki fram úr 6%“.

Nú býst ég við, að n. hafi ætlazt til, að þar, sem nefnt er 5½% og 6%, færist gjaldið niður í 4½% og 5%. En af því upplagið er tvisvar tekið, þá orðið tæmandi, svo að síðustu 6% standa óhreyfðir. Þetta getur orðið þess valdandi, að þeir, sem hafa vexti með t. d. 4,8%, verði að borga svo mikið, að vextirnir nemi 5,2%—5,3%. En þá verða þeir verr settir en þeir, sem hafa 5% lán. Þetta er engin sök n., en á rót sína í orðalaginu sjálfu, sem er ekkert annað en vitleysa og felst í orðunum „og ef vextirnir eru á milli 5½% og 6%, færist gjaldið niður, svo að vextirnir að viðbættu gjaldinu fari ekki fram úr 6%“. Þessi hemill á vitleysuna þurfti því að vera áfram. Ég hefði viljað haga orðum þannig, að í stað 6% komi 5% og í stað 5½% komi 4½%. En hér er tvisvar nefnd 6%, og sýnist eins og það ætti að vera tæmandi, en það er ekki tæmandi.

Ég hefi lítillega talað um þetta við hv. form. landbn., og hefir hann fallizt á þessa skoðun mína, og fannst mér því ekki nauðsynlegt að koma með brtt., en mætti nægja að fá yfirlýsingu um þetta.

Að lokum vildi ég beina þeirri fyrirspurn til hæstv. fjmrh. — vegna þeirrar heimildar, sem frv. veitir um að taka allt að 5 millj. króna lán innanlands eða utan —, hvort það er ekki stefna hæstv. ríkisstj. að forðast að taka utanlands lán, hvort sem er í þessu skyni eða öðru, og hvort ekki sé hæpið, að slíkt lán fáist innanlands. Á þessu vildi ég fá frekari skýringu hjá hæstv. fjmrh. og vænti ég þess fastlega, að hún komi fram annaðhvort nú eða við 3. umr.

Jón Pálmason: Ég hefi skrifað undir þetta nál. á þskj. 266 með fyrirvara og ætla þess vegna að segja örfá orð viðvíkjandi afstöðu minni. Þessi fyrirvari nær ekki til þess, að ég sé á móti frv., og ég hefi ekki heldur borið fram brtt. við það. En ég tel, að þessar ráðstafanir nái of skammt til þess að geta orðið að tilætluðum notum.

Mér var það frá upphafi ljóst, að kreppulánin komu ranglátlega niður, með tilliti til þess, hvort lánið var tekið til greiðslu á föstum skuldum eða lausum skuldum. Einmitt þess vegna er nú nauðsynlegt að gera ráðstafanir til að lagfæra þetta, og í þessa átt stefnir frv. En svo er gert ráð fyrir hækkun vaxta frá því, sem verið hefir 2 síðastl. ár þrátt fyrir ákvæði þessa frv. Ég tel því of skammt gengið eins og nú horfir við. Í því liggur minn fyrirvari, en af því ég sá brýna þörf á að koma þessu í gegn á þessum hluta þings, sá ég ekki ástæðu til að bera fram brtt., því ég sá, að það er til muna betra að fá þessa lausn, sem í frv. felst, heldur en enga lausn.

Um aðrar hliðar málsins skal ég ekki fjölyrða. Ég vænti þess, að það sé tryggt, að frv. fáist samþ. í því formi, sem það nú er, og er þá á valdi þeirra, sem með fjármál fara, hverjar frekari ráðstafanir er hægt að gera síðar.

Frsm. (Bjarni Ásgeirsson): Það er aðeins mjög lítið, sem ég þarf að svara. Ég hygg, að það sé rétt aths. hjá hv. þm. V.-Húnv. Ég hefi ekki athugað það nákvæmlega, en ég býst við, að það þurfi að gera breyt. á þessum lið 12. gr., af því að einu sinni hafi fallið niður 5% og á þann hátt raskazt meiningin, sem í því átti að liggja. Ég hefi samþ. að taka þetta til meðferðar á milli umr., og mun ég bera fram brtt. um þetta við 3. umr., ef ég tel ekki líkur til þess, að það stöðvi framgang frv.

Út af fyrirvara hv. þm. A.-Húnv. vil ég taka það fram, að ég get að mörgu leyti verið sammála þessum hv. þm. um það, sem í fyrirvaranum felst, að þrátt fyrir vaxtaþvilnanir þær, sem gefnar eru, munu þær hrökkva fullskammt hjá mörgum bændum. En hinsvegar er það svo, að það vill fara saman, að þegar þörfin er mest knýjandi um styrk og ívilnanir til atvinnuveganna, þá er mest þörf fyrir ríkissjóð til sparnaðar. Þetta tvennt er mjög örðugt að samræma. Þetta er sama atriðið og um var rætt í dag í sambandi við útgerðina. Þegar aðstoðarinnar er mest þörf, þá er geta ríkissjóðs venjulega minnst, og þess vegna verður að fara skemmra en æskilegt væri og þörf er á.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.

2.—5. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.

Brtt. 269 tekin aftur.

6.—17. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.

18.—19. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.
Fyrirsagnir frv. og kafla þess samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 21 shlj. atkv.

Á 40. fundi í Nd., 29. marz, var frv. tekið til 3. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 41. fundi í Nd., 30. marz, var frv. aftur tekið til 3. umr. (A. 207, 269, 323).
Of skammt var liðið frá útbýtingu brtt. 323. — Afbrigði leyfð og samþ. með 18 shlj. atkv.

Frsm. (Bjarni Ásgeirsson): Þessi brtt., sem landbn. flytur, er eiginlega ekki annað en leiðrétting, eins og minnzt var á við 2. umr. þannig, að það, sem þarf að breytast samkv. c-lið 12. gr., eru 4 tölur í ræktunarsjóðslögunum, þrisvar sinnum 6% og einu sinni 5½%, en fyrir vangá hefir ein talan, sem þurfti að breytast, fallið niður, 6%, svo að ekki fæst út úr þessu fullkomin meining eins og fyrir landbn. vakti, eins og það er nú. Er því nauðsynlegt að fá breytt öllum 4 tölunum, því að það eru aðalákv. í 1. til að tryggja það, að vextirnir lækki úr 6% í 5%. En af því að aðeins er um að ræða þrisvar sinnum töluna 6% og einu sinni töluna 5½%, þá virtist n. hún ná því, sem fyrir henni vakti, með brtt. þeirri, sem hér er fram komin, þannig að alstaðar í stað 6 komi 5, og í stað 5½ komi 4½. Það er prentvilla í þskj. þar sem stendur, að í stað 5 skuli koma 4; það á að vera 4½, og vænti ég, að hæstv. forseti sjái um, að þetta verði lagað í prentun þingtíðindanna. Það er eins og það séu álög á þessu máli, að prentvillupúkinn skuli fylgja því frá því fyrsta til hins síðasta. Um þetta hefi ég svo ekki fleira að segja, en vildi lauslega minnast á brtt. frá hv. þm. N.-Þ. N. hafði hana til meðferðar, og leggur á móti henni. Eins og nú er, eru engin ákvæði um það í ræktunarsjóðslögunum, til hve langs tíma megi veita lán til rafveitubygginga í sveitum, en með reglugerðarákvæði er þetta ákveðið 10 ár. Er tíminn ákveðinn að mestu leyti með hliðsjón af þeim varanleika, sem þessi mannvirki hafa. Að vísu má segja, að þetta sé nokkuð misjafnt, eftir því hve vandaður frágangurinn er, en mér er sagt, að reikna megi með 15 ára endingu rafstöðvanna til jafnaðar, þannig, að lánin ætti að vera búið að greiða niður á þeim tíma.

Það er ekki venja að færa lánstímann hærra en upp í það ýtrasta, sem gert er ráð fyrir, að viðkomandi framkvæmdir endist, og þó frekar hafður lægri. Það virðist því ekki hyggilegt að fara mikið hærra en í 10—12 ár, og alls ekki ráðlegt að færa lánstímann upp í 20 ár. Hinsvegar er ég ekkert á móti því, að hann sé eitthvað lengdur, og til þess er opin leið með reglugerð, en ef till. þessi verður samþ., er þetta fastbundið við 20 ár. En það verða menn að athuga, að þó rafveitur séu nauðsynlegar framkvæmdir fyrir landbúnaðinn og létti undir um ýms vinnubrögð, eru þær samt einhver óarðgæfasta framkvæmd, sem bændur hafa með höndum og fá lán til úr ræktunarsjóði. Það verður að gera þá kröfu til bænda, sem setja upp rafstöðvar, að þeir geti greitt þær upp nokkuð ört, því það gildi, sem þær hafa fyrir efnahag þeirra, er ekki eins mikið og annara framkvæmda.

Gísli Guðmundsson: Ég verð að segja, að það eru mér nokkur vonbrigði, að hv. landbn. hefir ekki séð sér fært að fallast á brtt. mína. Og ég get ekki, eftir að hafa hlustað á ræðu hv. form. n., fallizt á það, sem hann færði fram því til stuðnings, að ekki væri rétt að samþ. till. Hv. þm. lét svo um mælt og skýrði réttilega frá því, að lánstími til rafstöðva í sveitum væri ákveðinn í reglugerð ræktunarsjóðs 10 ár, og hann vildi halda því fram, að ef sett yrði í lögin eða samþ. sú brtt., sem ég hefi borið fram, væri lánstíminn alveg bundinn við 20 ár. Ég skil þetta ekki þannig, og ég held, að ákvæðin um lánstímann séu miðuð við hámark, því að svo er tekið fram, að lánstíminn megi vera „allt að“ tilteknu árabili. Ég sé því ekki, að sjóðstjórnin sé endilega bundin við að veita öll lánin til 20 ára.

Ég get tekið það fram, að ég hafði minnzt á það við hv. flm. þessa máls í Ed. og hv. form. landbn. að ég hefði hugsað mér að bera fram till. um, að lánstími til rafveitu í sveitum yrði jafnlangur og til húsabygginga, en eftir samtali við þá féllst ég á að miða við 20 ár. En síðan virðist hv. landbn. hafa fengið upplýsingar um, að rafstöðvar entust ekki nema 15 ár að meðaltali. Ég veit ekki, hvaðan n. hefir fengið þær upplýsingar, en ég skal ekki deila við sérfræðinga um þetta. (**BÁ:** Við fengum þær hjá Jakob Gíslasyni rafmagnsfræðingi ríkisins). En ég veit dæmi þess, að rafstöðvar hafa enzt miklu lengur. Sem milliveg mun ég þó geta sætt mig við, að í stað 20 ár kæmi 15 ár, þó það sé fullseint að gera brtt. við frv. nú. Virðist mér hugulsemi landbn. hafa verið heldur takmörkuð, ef hún hefir ætlað sér að breyta þessu ákvæði, en hefir ekki lagt fram neina brtt. í þá átt. Annars verð ég að segja það út af ath. hv. þm. Mýr. um lánstímann, að ekki væri venja að veita lán til lengri tíma en framkvæmdirnar entust, að ég held, að miðað sé við fleiri sjónarmið, og þau ráði e. t. v. eins miklu, og ég hygg, að það sé mjög hæpið, að allar framkvæmdir endist allan lánstímann. En ég hygg, að þetta frv. sé miðað við að vera kreppuhjálp til landbúnaðarins, og séð út frá því, á mín brtt. sama rétt og aðrar aðgerðir í þá átt. Að rafveitur séu óarðbærastar allra framkvæmda, verð ég að draga mjög í efa. Íbúðarhúsin er t. d. varla hægt að telja mjög arðbær, þó að þau séu lífsskilyrði fyrir fólkið, og sama máli gegnir um rafveiturnar.

Frsm. (Bjarni Ásgeirsson): Það er alveg rétt hjá hv. þm. N.-Þ. að að vísu er það hámark lánstíma, sem til er tekið í lögunum. En það verður svo í reyndinni, að miðað er við þetta hámark í framkvæmdinni. Það er sótt fast á af lánbeiðendum að fá lánin til langs tíma, og það er erfitt að standa fast á móti því, þegar heimildin er til.

Viðvíkjandi því, að lán, sem veitt eru til ýmsra

framkvæmda samkv. lögum þessum, séu ekki undir öllum kringumstæðum greidd upp, þegar verðmætin eru gengin úr sér, þá held ég, að þetta sé ekki rétt. Lengstur lánstími er 35 ár, í lánum til jarðabóta eða sléttunar. Vitanlega geta þessar framkvæmdir enzt miklu lengur, ef vel er frá þeim gengið. Sama má segja um húsabyggingar. Sá maður, sem ég vitnaði í að hafa fengið upplýsingar hjá um endingu rafstöðva, er sérfræðingur ríkisstj. í þessum efnum, hr. Jakob Gíslason. Hann sagði mér, að réttast væri að reikna með, að rafveiturnar yrðu að borga sig niður á 15 árum; það væri meðaltal af endingartíma þeirra. Hitt er annað mál, að mikið er komið undir gerð og frágangi um endingu þeirra. En ég geri ekki ráð fyrir, að lánsstofnanirnar geti í hvert skipti dæmt um endingu þeirra.

Viðvíkjandi því, sem ég sagði, að af jarðabótum, sem bændur leggja í, séu rafveitur óarðbærastar, þá fullyrði ég það af þeirri reynslu, sem ég hefi af fjölda rafstöðva, er reistar hafa verið viðsvegar, að þær hafa orðið svo dýrar, að óvíst er, að þær borgi sig. Vitanlega eru að þeim mikil þægindi, en þær hafa orðið mjög dýrar borið saman við hvað þær auka fjárhagslega afkomu. Það má deila um, hvort íbúðarhús séu arðbær eða ekki. En það verður ekki hjá því komizt að hafa hús á jörðunum, og ef húsnæðisleysið orsakaði, að bændurnir yrðu að flytja burt af jörðunum, þá má reikna húsin arðgæf að einhverju leyti.

Gísli Guðmundsson: Hv. þm. Mýr. gekk inn á, að það væri rétt, sem ég hélt fram, að í lögum þessum væri miðað við hámark lánstíma, og stjórn ræktunarsjóðsins væri ekki skylt að veita öll lán til lengsta tíma.

Annars þarf ég ekki miklu að svara hv. þm. Ég vil aðeins endurtaka það, að ég a. m. k. lít svo á, að brtt. mín, sem hér er um að ræða á l. um fasteignaveðslán landbúnaðarins, sé hliðstæð ýmsri annari hjálp, sem landbúnaðinum hefir verið veitt, án þess nákvæmlega hafi verið út í það farið að þræða eingöngu venjuleg sjónarmið lánastarfs.

Það er rétt, að ýmsar rafveitur hafa orðið dýrar, m. a. vegna þess, að menn hafa ekki átt kost á faglegum leiðbeiningum og aðstoð hins opinbera. En einmitt vegna þess að þær hafa orðið svona dýrar, er ýmsum bændum erfitt og illkleift að standa undir þeim —, og einmitt meiri þörf að rétta þeim hjálparhönd. En hvað hefir hv. landbn. hugsað sér í þeim efnum? Ég vil svo að lokum beina þeirri fyrirspurn til hv. form. landbn., hvort nefndin muni ekki sjá sér fært að fylgja því, ef ég ber fram skrifl. brtt. við brtt. mína, á þá lund, að í stað 20 ár komi 15 ár.

Frsm. (Bjarni Ásgeirsson): Viðvíkjandi því, sem hv. þm. sagði síðast, að sérstök ástæða væri til að létta undir með þeim bændum, sem hafa orðið að taka dýr lán vegna rafstöðva, skal ég taka það fram, að í l. um ýms ákvæði vegna fjárkreppunnar kemur þetta atriði undir heimild ræktunarsjóðs að veita gjaldfrest á ýmsum lánum og ívilnun, og mun það verða gert um þessi lán eins og önnur.

En hér er um að ræða mál gagnvart framtíðinni, og álít ég ekki, að þessar framkvæmdir séu í eðli sínu þannig, að sérstaklega eigi að ýta undir þær, af þeirri ástæðu, sem ég hefi nefnt. Og þeir, sem í þær leggja, verða að eiga meira upphaflega og taka minna lán til þeirra, af því að þessar framkvæmdir auka ekki afköst eða afrakstur framleiðslunnar fjárhagslega. — Um fyrirspurn hv. þm. skal ég svara því, að ég get engu lofað f. h. n. um fylgi við brtt. úr 20 í 15 ár. N. hefir ekki borið sig saman um það atriði, og hver nm. hefir óbundnar hendur.

Gísli Guðmundsson: Út af gjaldfresti þeim, sem gert er ráð fyrir í l. um ýms ákvæði vegna fjárkreppunnar, er það að segja, að auðvitað kemur hann mörgum að notum. En sá gjaldfrestur kemur til góða aðeins þeim mönnum, sem þegar hafa tekið lán til þessara framkvæmda.

Ég held, að ég verði að hætta á að bera fram þessa skrifl. brtt. og vænta, að hún verði samþ. Vil ég þá sérstaklega benda á, að „autoritet“ og sérfræðingur í þessum málum telur, að rafveiturnar endist að meðaltali í 15 ár, og er þá í till. farið að í samræmi við hans álit. Leyfi ég mér hér með að afhenda hæstv. forseta till.

Forseti (JörB): Mér hefir borizt skrifl. brtt. frá hv. þm. N.-Þ. við brtt. á þskj. 269. Þessi till. er of seint fram komin og þar að auki skrifleg, svo að veita þarf tvennskonar afbrigði til þess að hana megi taka til meðferðar á þessum fundi.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 325) leyfð og samþ. með 19 shlj. atkv.

Brtt. 325 samþ. með 17 shlj. atkv.

— 269, svo breytt, samþ. með 19 shlj. atkv.

— 323 samþ. með 23 shlj. atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 20 shlj. atkv. og endursent Ed.

Á 39. fundi í Ed., 1. apríl, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 326).

Á sama fundi var frv. tekið til einnar umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 11. shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 351).

28. Kartöflusala o. fl. (frv. landbn. Nd.).

Á 24. fundi í Nd., 9. marz, var útbýtt:
Frv. til l. um sölu og flutning á kartöflum (þmfrv., A. 99).

Á 26. fundi í Nd., 12. marz, var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

Frv. vísað til 2. umr. með 20 shlj. atkv.

Á 28. fundi í Nd., 14. marz, var frv. tekið til 2. umr.

Frsm. (Bjarni Ásgeirsson) [óyfirl.]: Ég vil fara um þetta frv. nokkrum orðum, vegna þess að það fór umræðulaust til 2. umr. — Frv. það, sem hér liggur fyrir, er tilraun til þess að tryggja innlendum kartöfluframleiðendum markað þann, sem til er í landinu, og að ýta undir það, að framleiðslan aukist.

Það hefir vitanlega mest háð aukinni innlendri framleiðslu, hve miklir örðugleikar hafa verið á því að fá markað fyrir vöruna, þó að þörfin væri nóg fyrir hana í landinu, og mikil sala á útlendum kartöflum á sama tíma. Það er svo merkilegt, að þó að íslenzkar kartöflur hafi verið seldar með sama verði og erlendar kartöflur, þá hefir samt aðstaðan fyrir hinar erlendu kartöflur verið svo góð, að innlendir framleiðendur eru í þann veginn að leggja árar í bát. Þeir, sem verzla með kartöflur í aðalmarkaðsstaðnum hér í Rvík, hafa átt kost á því að fá jafngóðar kartöflur seldar af „lager" frá innflytjendum hér í bænum, og því ekki þurft að byrgja sig upp með kartöflur. En þessir innflytjendur frá útlöndum hafa ekki viljað byrgja sig upp nema eftir hendinni í samræmi við eftirspurnina á hverjum tíma. En það hefir verið svo með innlendu söluna, að hún hefir öll farið fram á sama tíma, en það er að haustinu eftir uppskeruna. Hér hefir enginn geymslustaður verið, sem almenningur hefir átt kost á, og hefir því orðið að bjóða alla framleiðsluna til sölu í einu, en af ástæðum, sem ég hefi nefnt áður, þykir betra að fá kartöflur eftir hendinni. Þetta hefir orðið til þess, að margir þeir, sem lagt hafa fyrir sig að framleiða kartöflur til sölu á innlendum markaði, hafa orðið að hætta við það, og má segja, að brauðið hafi þannig verið tekið frá landsins eigin börnum. Hvað eftir annað hefir verið borið fram frv. til þess að reyna að bæta úr þessu, t. d. með því að banna innflutning á erlendum kartöflum, en það hefir aldrei náð að komast í gegnum þingið.

Landbn. hefir haft þetta mál til meðferðar bæði á síðasta þingi og núna á þessu þingi, og hefir haft til athugunar ýmsar till. í þá átt að tryggja innlendri framleiðslu markaðinn hér á landi. Að lokum tókst svo samkomulag um að flytja þetta frv., sem hér liggur fyrir. Það má gera ráð fyrir því, að nú sé hægra en áður að takmarka innflutning á erlendum kartöflum, vegna þeirra gjaldeyriserfiðleika, sem nú eru. Eins og kunnugt er, hefir verið sett n. til þess að takmarka innflutning á vörum, sem ónauðsynlegar eru taldar, og er ekki hægt að telja þá vöru nauðsynlega til innflutnings, sem framleiða má í landinu sjálfu, og þar sem vitanlegt er, að margir ganga atvinnulausir. Reynsla er fengin fyrir því, að kartöflur má rækta víðsvegar um landið, og má telja, að það sé orðin nokkuð viss og örugg atvinnugrein. Það er því argasti skrælingjaháttur að stuðla ekki að því, að þessi framleiðsla fari fram í landinu sjálfu, því það getur veitt mönnum atvinnu og sparað gjaldeyri.

Þó að búast megi við því, að innflutningsnefnd sé vakandi í þessum efnum, þá þótti samt vissara að gefa landbrh. leyfi til að herða á henni. 1. gr. frv. fjallar um þetta. Ýmsir munu vera smeykir um það, að innflutningsbann geti orðið til þess, að kartöflur hækki úr hófi fram í verði, og raddir heyrðust því um það í n. að setja hámarksverð, eða gera einhverjar ráðstafanir til þess að fyrirbyggja þetta. En eins og ég sagði áðan, þá koma innlendu kartöflurnar á markaðinn svo að segja á sama tíma, og er framboðið þá svo mikið, að það ætti að geta orðið til þess að halda verðinu niðri. Í 1. gr. er ákvæði um það, að ekki skuli gengið svo langt í því að banna innflutning á kartöflum, að það geti orðið til þess að hækka verðið á kartöflum. Í 1. gr. segir svo: „Þó skal þess gætt, að ganga ekki svo langt í takmörkun innflutnings á erlendum kartöflum, að hún leiði til verulegrar verðhækkunar á þeim til neyzlu í landinu, miðað við verðlag undanfarinna þriggja ára á sama tíma, og með hliðsjón af erlendu markaðsverði."

Þetta ákvæði á að koma í staðinn fyrir heimild um að setja hámarksverð.

Ég vil minna á síðari málsgr. 1. gr., en þar segir: „Við veitingu innflutningsleyfa á kartöflum skal, eftir því sem við verður komið og fært þykir, taka tillit til þess, hvort umsækjandi hefir verzlað með innlendar kartöflur og í hve stórum stíl, og mælir það með leyfisveitingu, að öðru jöfnu, ef umsækjandi hefir lagt sig fram um sölu á innlendum kartöflum." Þetta er gert til þess, að þeir menn, sem hafa hagnað af og löngun til þess að flytja inn kartöflur, hafi hvöt til þess að kaupa innlendar kartöflur, því þeir fá þá að flytja þess meira inn af kartöflum, og á þetta því að vera til þess að greiða fyrir sölu á innlendum kartöflum.

2. gr. frv. er um það, að landbúnaðarráðh. er heimilt að fela Búnaðarfélagi Íslands að safna skýrslum í tæka tíð um það kartöflumagn, er framleiðendur óska að selja af ársuppskeru hverri, svo og um það, á hvaða tíma kartöflurnar geta verið tilbúnar til flutnings á markaðsstaði.

Þá kem ég að 3. gr. Það kom til tals innan n., að ef til vill væri rétt að fyrirskipa mat á innlendum kartöflum. Þegar ekki er í annað hús að venda með kaup á kartöflum, þá eiga neytendur auðvitað kröfu á því, að vara sú, sem á boðstólum er, sé góð og vönduð. En stundum hefir þótt vera misbrestur á slíku. Það var þó ekki horfið að því ráði að fyrirskipa skoðun á kartöflum, heldur voru sett ákvæði um það,

að skylda framleiðendur til þess að hafa á þeim merki, svo að þeir, sem selja kartöflur, sjá fljótt, hvaðan varan er bezt, og getur þetta því orðið til þess, að samkeppni komist á um að vanda vöruna sem bezt.

Þá er í 4. gr. ákvæði um það, að skylda Skipaútgerð ríkisins til þess að flytja innlendar kartöflur milli hafna fyrir hálft farmgjald, miðað við farmgjald af sambærilegum þungavörum. Flutningsgjaldið eitt út af fyrir sig er nægilegt til þess, að það borgar sig ekki að framleiða kartöflur, þó að það borgi sig vel að öðru leyti. En á þeim tíma, sem kartöflurnar eru aðallega fluttar, hafa skipin ekki mikið að flytja, og ætti því að vera hægt að koma því svo fyrir, að skipin flyttu kartöflurnar fyrir hálft farmgjald, svo að hægt sé að gera þeim, sem búa langt frá markaðinum, kleift að nota hinn innlenda markað. Ég geri ráð fyrir, að ef farmgjaldið væri helmingi lægra, þá myndi það láta nærri því, sem það kostar að flytja kartöflurnar hingað úr næstu héruðum, og gæti þetta því orðið til þess að skapa jafnrétti milli héraðanna.

Ég hefði að ýmsu leyti kosið, að tekið hefði verið fastari tökum á þessu máli og komið hefði verið á ríkiseinkasölu á innfluttum kartöflum. En eins og ég sagði áður, hefir n. orðið sammála um að afgr. málið á þennan hátt og gera tilraun um það, hvort ekki megi á þennan hátt fá fullkomið öryggi í því að tryggja innlendri framleiðslu hinn innlenda markað, og jafnframt auka framleiðsluna eftir því, sem þörf er fyrir í landinu sjálfu.

Jörundur Brynjólfsson óyfirl.]: Ég get fullkomlega tekið undir það, sem hv. þm. Mýr. sagði um það, hversu nauðsynlegt það væri að takmarka sem mest innflutning til landsins á erlendum kartöflum. Við höfum ekki svo miklum gjaldeyri úr að spila, að við höfum ekki nóg brúk fyrir hann, þó að þessi vara sé þar undanskilin.

Að vissu leyti hagar svo til allvíða á landinu, að hægt er að auka kartöfluframleiðsluna að miklum mun. En eins og það er rétt hjá hv. frsm. landbn., að það megi takmarka innflutning til landsins á kartöflum, þá verður þess þó að gæta, að það leiði ekki til verðhækkunnar eða skorts á þessari nauðsynlegu fæðutegund. En það er nauðsynlegt til þess að koma jarðeplaræktinni í betra horf hér á landi, að þá sé af hálfu hins opinbera girt fyrir það — en minna getur það ekki gert —, að erlendum kartöflum sé velt inn á markaðinn í stórum stíl á þeim tíma, þegar verst gegnir fyrir innlenda framleiðendur.

Það hefir sýnt sig, að ekki hefir verið tekið nægilegt tillit til þess, hversu nauðsynlegt það er fyrir þjóðina að búa sem mest að sínu, en þau afskipti, sem hið opinbera hefir haft af þessu máli, hafa frekar orðið til þess að tefja fyrir því, að menn hæfust handa um aukna kartöfluræktt, og hefir það verið til mikils tjóns fyrir alþjóð manna.

Þess er getið í 4. gr. frv., að Skipaútgerð ríkisins er skylt að flytja kartöflur fyrir hálft farmgjald milli hafna. Sannarlega er með þessu dregið nokkuð úr þeim kostnaði, sem framleiðendur hafa af því að koma vörunni á markaðsstaðina. Ef linkind er sýnd í þessu efni, þá má hún ekki vera minni en í frv. En mér finnst, að þetta ákvæði nái allt of skammt. Þó að kostnaðurinn sé mikill við að koma kartöflunum með strandferðaskipunum á markaðsstaðina, þá er hann samt miklu meiri við að koma þeim langar leiðir á bílum. Það er nú svo, að beztu héruðin til kartöfluræktar eru Árnessýsla, Rangárvallasýsla og nokkur hluti Skaftafellssýslu, en flutningsgjaldið frá sumum stöðum þar nemur margfalt meiru en því, sem goldið er fyrir flutning með ströndum fram. Ég hygg, að gjaldið fyrir flutning með ströndum fram sé óvíða meira en 2 kr. fyrir tunnuna, en í næstu sveitum við Rvík eru greiddar 4—6 kr. á tunnu fyrir flutninginn til Rvíkur. Þetta er mjög tilfinnanlegur skattur á framleiðendurna, því að svo má heita, að þeim sé oft ókleift að hafa nokkur not af bílunum aðra leiðina. En það, sem bændur verða að borga hér í næstu sveitum til þess að fá bíl heim til sín, eru 50 kr., en þegar lengra frá dregur, 65 eða jafnvel upp í 75 kr.

Nú má það heita svo, að varla sé annars kostur en flytja alla þungavöru landleiðina, vegna stopulla gæfta á sjónum og sífelldra brima og ókyrrleika við ströndina. Ég mun því við 3. umr. flytja brtt. við frv., sem fer í þá átt, að það opinbera taki á einhvern hátt þátt í þessum mikla flutningskostnaði, sem fellur á vöruna við það að koma henni til Reykjavíkur. Vona ég, að hv. þdm. og þá ekki síður hv. landbn. sýni það viðsýni að fallast á slíkar ráðstafanir í þessu efni. Svo hagar til hér, að tæplega munu önnur héruð betur fallin til framleiðslu á kartöflum í stórum stíl en sveitirnar hér fyrir austan Hellisheiði. En þeir, sem ráðast í slíka framleiðslu, eiga við marga byrjunarerfiðleika að stríða, þó létt væri undir á þessu sviði. Ég skal svo ekki fjölyrða frekar um þetta á þessu stigi, en tel sjálfsagt, að málið gangi fram, og vænti, að hv. þdm. og landbn. gangi inn á að létta undir með að koma vörunni á markaðinn.

Pétur Ottesen: Við 1. umr. þessa máls var ekki talað fyrir frv. af hálfu landbn. En vegna þess ber ég ekki fram nú við 2. umr. þær brtt., sem ég hefi í huga að gera. Ég vildi fyrst heyra almennar ástæður landbn. áður en ég beri fram breytingar, en grg. frv. gerir ráð fyrir, að þær verði aðallega bornar fram í framsögu. Það, sem mér þykir sérstaklega athyglisvert við frv., er, að það gengur allt of skammt.

Í 1. gr. frv. hefði átt að taka með öllu fyrir innflutning á kartöflum á þeim tímum, sem nóg er til af þeim í landinu, og er sjálfsagt að styðja að aukinni ræktun sem mest. En það kemur ekki til mála að fela gjaldeyrisnefnd eftirlit með innflutningnum, því það er algerlega óforsvaranlegt að flytja nokkuð inn af kartöflum, meðan nóg er til af þeim í landinu. En þó frv. geri ráð fyrir nokkrum takmörkunum á innflutningi, finnst mér þar allt of linlega til verks gengið, og mun ég því flytja brtt. í þá átt, að banna algerlega innflutning á vissum

tímum. Samkv. 2. gr. er gert ráð fyrir, að safnað verði ábyggilegum skýrslum um uppskeru- og sölumagn kartaflna í landinu, og ætti því að vera hægt að gera sér fulla grein fyrir, hvað þær endast lengi, og ákveða út frá því, hve lengi innflutningsbannið þurfi að standa í hvert sinn.

Þá er annað atriði í 1. gr. frv., sem ég get ekki fellt mig við, og ég bið frsm. landbn. að taka vel eftir, því það virðist brjóta í bága við þær ráðstafanir, sem gerðar hafa verið á annari innlendri framleiðslu, með kjöt- og mjólkursölulögunum. Í fyrstu gr. frv. er tekið fram, að ekki megi gera ráðstafanir, sem leiði til verulegrar verðhækkunar, og að leggja skuli til grundvallar verð á erlendum kartöflum. Nú mun almennt álitið, að leggja beri til grundvallar að fá framleiðslukostnaðinn uppborinn. Hér virðist vera dregið úr því, og ákvæðin ganga því í bága við þær ráðstafanir, sem gerðar hafa verið á öðrum sviðum. Ég vil hinsvegar ekki styðja að því, að þann tíma, sem innflutningsbann er á kartöflum, sé verðið spennt óeðlilega hátt upp, en að þær séu aðeins seldar því verði, sem nauðsynlegt er til þess að framleiðslan beri sig. Enda er það fyrsta skilyrðið til þess að ná því takmarki, að engar kartöflur þurfi að flytja inn í landið, að atvinnuvegirnir beri sig. Til þess er engin önnur leið. Ég vildi gjarnan setja hámarksverð á kartöflurnar, sem miðað væri við framleiðsluverð. Skal ég svo ekki fara fleiri orðum um málið nú.

Hannes Jónsson [óyfirl.]: Milliþinganefndin í afurðasölumálunum hafði þetta mál til meðferðar og lagði fyrir ríkisstj. ákveðnar till. í því. Ég hefi svo verið að grennslast eftir, hvað málinu liði, bæði á þinginu í vetur og nú. Hefi ég átt tal við ýmsa menn um málið og fundið góðan vilja fyrir því að leggja fram frv., sem að gagni kæmi. Hv. frsm. tók svo djúpt í árinni að segja, að það væri skrælingjaháttur að stuðla ekki að því að auka innlendu framleiðsluna og framleiða ekki það, sem hægt er. Þar erum við alveg sammála. En er það gert með frv.? Ég veit, að það er við ýmsa erfiðleika að stríða, og þó fyrst og fremst, að fá þá menn, sem andvígir eru öllum hömlum á innflutningi, til þess að fallast á slíkar ráðstafanir. En því miður eru einmitt aðalerfiðleikarnir þeir, að sannfæra menn um, að það sé skrælingjaháttur að flytja inn vörur, sem við getum framleitt sjálfir. Ég hefði haft mikla tilhneigingu til þess að flytja hér róttækari till. en hér eru bornar fram, en e. t. v. hefðu þær ekki gengið fram, og því betra að færa þetta frv. í það form, að það nái betur tilgangi sínum, en að fitja upp á öðru nýju. Það mun hafa verið föst regla síðustu ár, að gjaldeyrisnefnd veitti ekki innflutnings- eða gjaldeyrisleyfi yfir haustmánuðina og fram að nýjári. Ákvæði 1. gr. um þetta atriði eru því sennilega ekki þýðingarmikil, því ég hygg, að hver ráðh. sem væri gæti haft áhrif í þessu efni án sérstakra l. En ég treysti gjaldeyrisn. til þess að stöðva innflutning, þegar nóg er af innlendum kartöflum á markaðnum, því það er ekki svo lítill gjaldeyrir, sem árlega þarf fyrir kartöflum. Í grg. frv. er sagt, að síðustu árin hafi það verið um 300 þús. kr., en fyrir 2 árum var það 375 þús. kr. árlega. Þetta mun því vera varlega reiknað. Því meiri er þörfin að minnka innflutninginn, en auka framleiðsluna, enda ýms ákvæði frv., sem miða að því, en ég óttast, að það gangi of skammt til þess að auka framleiðsluna nóg.

Í 4. gr. frv. er gert ráð fyrir, að Skipaútgerð ríkisins flytji kartöflurnar fyrir hálft gjald, sem nú mun vera 3 kr. pr. tn. Er þetta að vísu nokkur styrkur, þó það komi ekki að fullum notum eins og hv. 1. þm. Árn. benti á. Þyrfti því að gera sérstök ákvæði gagnvart þeim aðilum.

Mér hefir því dottið í hug að benda á, hvort ekki væri tiltækilegt að leggja 1 kr. gjald á hverja kartöflutunnu, sem flutt yrði inn í landið, og styrkja með því innlenda framleiðslu, á hvern hátt sem það svo yrði notað, hvort heldur til aðstoðar við geymslu, flutning eða annað. Einnig gæti komið til mála að úthluta aukastyrk til þess að auka ræktun á þessu sviði. Þetta getur vitanlega orðið nokkurt álitamál.

Ég hefði óskað, að hv. landbn. tæki þetta til athugunar, og vildi ég gjarnan eiga tal við hana um þetta efni. Og þó ég sé yfirleitt ekki neinn aðdáandi einkasölu, hefi ég áður látið í ljós þá skoðun, að þegar um þær vörur er að ræða, sem hægt er að framleiða í landinu, sé þó helzt forsvaranlegt að gripa til einkasölu til þess að efla framleiðsluna. Þó hefði ég óskað, að þeir, sem úthluta innflutningsleyfum, kynntu sér rækilega, hvað til er í landinu sjálfu, og jafnvel að leyfin væru veitt í einhverjum hlutföllum við það, sem leyfisbeiðandi selur af innlendum vörum. Mér hefir fundizt eftir því sem ég hefi kynnzt þessum málum, að kaupmenn ekki kynna sér eins og skyldi, hvað til er af íslenzkri framleiðslu. En ef innflutningsleyfin væru í ákveðnu hlutfalli við það, sem selt væri af innlendri framleiðslu, mundu allir reyna að selja sem mest af henni, og þannig auka eftirspurnina. Ég hygg, að það gæti orðið til mikilla bóta að herða á þessu ákvæði, því þá mundi einnig lagast annað vandamál, sem sé geymslan á kartöflunum. Ef innflutningur á kartöflum hyrfi, mundi losna húsrúm, sem nægði til þess að taka alla framleiðslu ársins á markaðinn. Mér finnst hv. landbn. óþarflega óttaslegin yfir því, að verðið fari upp úr öllu valdi, þó innflutningurinn sé takmarkaður, því á slíku virðist alls ekki hafa borið. Finnst mér því, að síðari málsl. í fyrri málsgr. 1. gr. mætti falla niður.

Ég vildi óska, að hv. landbn. athugaði þetta vandlega. En þó þetta frv. sé ekki nema byrjun, ætti að mega endurbæta það síðar, svo að það takmark náist, sem stefna verður að, að ekki þurfi að flytja inn kartöflur eða aðra garðávexti.

Ég hefi hugsað mér að flytja við 3. umr. breyt. í samræmi við það, sem ég nú hefi sagt, en æskilegast væri, að hv. landbn. flytti þær sjálf.

Sigurður Kristjánsson [óyfirl.]: Ég hélt nú sannast að segja, að þó gjaldeyrisvandræði séu, þá væru innflutningshöftin orðin svo mikil, að

ekki væri við bætandi. Og mér þykir það einkennilegt, að alveg skuli vanta undirstöðuna undir þetta frv., sem sé að sýna fram á, að landsmenn eigi erfitt með að selja sína framleiðslu. En mér er ekki kunnugt um, að svo sé, heldur þvert á móti er sagt, að allar íslenzkar kartöflur seljist árlega.

Ég er ekki hissa á því, þó hér komi fram frv. um innflutningshöft. En mig furðar á hinu, að menn skuli ekki jafnframt hafa athugað, að allt of lítið er framleitt í landinu, og því verður ekki komizt hjá að flytja inn, enda almennt talið, að minna sé neytt af kartöflum en heilsusamlegt væri. Því er merkilegt, að svona till. skuli koma fram, sem aðeins leiðir til þess, að verðið hækkar og dregur úr neyzlu, og ekki sízt, ef ríkari ákvæði um innflutninginn komast inn í frv. Ég veit ekki, hvort það má teljast fært að hamla flutningi á nauðsynjavörum til landsins og hækka þannig verðið. Á þessu máli eru tvær hliðar, og hin er sú, sem ekki er hægt að ganga framhjá, — hvað lengi getur landsfólkið keypt vöruna, ef hún hækkar stöðugt í verði? Ég viðurkenni, að það þurfi að lyfta undir framleiðsluna, en ekki með því að spenna verðið allt of hátt, heldur með stuðningi samkv. 4. gr., að flytja fyrir ½ gjald milli hafna og veita styrk til landflutninga, og jafnvel ef það þætti ekki fullnægjandi, þá væri betra að setja innflutningsgjald á aðfluttar kartöflur en að takamarka innflutninginn. Ég veit, að verndartollar eru neyðarúrræði. En þar veit maður þó, að hverju maður gengur. En ef sköpuð er mjög mikil eftirspurn eftir vöru með því að hamla því, að hún sé til á markaðinum, þá eru engin takmörk fyrir því, hve verðið getur orðið hátt. Vitanlega er það algerð fjarstæða að segja, að það sé skrælingjaháttur að flytja inn vöru, sem er svo dýrt að framleiða, að það væri skrælingjaháttur að ætla að pína landsfólkið út á þá braut með því að banna því að fá vöruna annarsstaðar. Og þegar um er að ræða neyzluvöru, sem menn mega ekki án vera, þá er það mestur skrælingjahátturinn að banna mönnum að afla sér hennar með skaplegum kjörum.

Fyrir mitt leyti mundi ég geta gengið inn á þau ákvæði frv., sem hniga í þá átt að gera mönnum léttara fyrir með framleiðslu á kartöflum með því að lækka flutningsgjald fyrir þær með skipum ríkissjóðs á milli innlendra hafna, og jafnvel kannske með litlu innflutningsgjaldi á kartöflum. En að öðru leyti er ég því algerlega ósamþykkur, að nokkrar aðrar hömlur verði lagðar á innflutning kartaflna en þær, sem leiðir af gjaldeyrisráðstöfunum. Ef farið verður að takmarka það mjög, hverjir megi flytja þessa vöru inn, þegar annars innflutningur hennar er leyfður, þá er það alveg gefinn hlutur, að slíkt mundi leiða til einokunar með vöruna. Við höfum fyrir okkur dæmi um þetta; vörur, sem að vísu má flytja inn, en innflutningshömlur eru á. Þetta eru klæðnaðarvörur. Innflutningshömlur voru settar á þær til þess að styðja innlenda framleiðslu þeirra. En afleiðingin er, að kaupendur þessara innfluttu vara verða að kaupa þær 100% hærra verði fyrir bragðið en þeir annars hefðu þurft. Þetta nær ekki nokkurri átt. Sama mundi eiga sér stað, ef settar væru hömlur á innflutning kartaflna. Þá mundu fáir fá leyfi til að verzla með þær; þær mundu verða óhæfilega dýrar og menn mundu neyta minna af þeim, og væri slíkt mikill skaði, þar sem kartöflur eru mjög holl fæðutegund.

Ég mun að sjálfsögðu verða á móti framgangi þessa frv., þó ég hinsvegar vildi taka vingjarnlega till. þess, sem hniga í þá átt að létta mönnum framleiðslu þessarar vöru á annan hátt en með því að spenna verðið upp.

Jóhann Jósefsson [óyfirl.]: Þetta mál er nú flutt með allt öðru fyrirkomulagi en það áður hefir verið flutt hér af hinum sömu aðiljum, sem ég hygg, að muni standa að flutningi þessa frv. Það er ekki lengra síðan en eitt eða tvö ár, að frv., sem gekk í þá átt að banna innflutning á kartöflum — með vissum skilyrðum þó —, var flutt í hv. Ed. með þeim rökstuðningi, að það væri engan veginn tímabært, á meðan hagskýrslur sýndu, að innflutningur á kartöflum væri svo mikill eins og hann hefir undanfarið verið, að banna innflutning á þessari mjög svo hollu fæðutegund.

Nú hefir hv. 6. þm. Reykv. að vísu tekið fram margt af því, sem ég hefi við þetta frv. að athuga í principinu, sem sé skrefið, sem með því er ætlað að stíga í áttina til þess að torvelda almenningi í landinu að geta ávallt haft nægilega mikið af þessari mjög svo hollu og nauðsynlegu fæðutegund, ef til vill þeirri allra nauðsynlegustu, sem borin er á borð. Ég vil þess vegna ekki fara að endurtaka það, sem hv. 6. þm. Reykv. sagði. Mér virtust andmæli hans gegn þessu frv. vera mjög frá mínu brjósti töluð. En ég vil bæta því við, að þetta frv., sem hér er á ferð, sem ræðir um einlægar heimildir handa landbrh., það felur í sér sáralitla tryggingu fyrir því, að þær ráðstafanir, sem hæstv. landbrh. kynni að gera, yrðu ekki neytendum til óhagræðis í þessu efni. Þess verður að gæta, að fólkið, sem lifir við sjóinn, þarf meiri hl. ársins, þ. e. aðra tíma en að haustinu og fyrri hl. vetrar, á innfluttum kartöflum að halda. Ef innflutningur er þá ekki leyfður á þeim, þegar íslenzkar kartöflur eru ekki fáanlegar, þá verður fólkið alveg að vera án þessarar nauðsynjavöru. Og að gera ráðstafanir, sem miða að því, álít ég hið mesta óráð.

Hv. þm. V.-Húnv. lét í ljós, að þetta frv., sem fyrir liggur, væri mjög veigalítið, og taldi hann þörf á miklu sterkari ákvæðum um þetta efni. Ég get sérlega vel skilið það, að þessi hv. þm. verði ekki uppnæmur fyrir frv., sem hefir það inni að halda að heimila landbrh. að gera það, sem hann, hv. þm. V.-Húnv., og aðrir í innflutningsn. hafa leyft sér að gera, án þess að hafa neinar sérstakar heimildir til þess frá ríkisstj. eða þingi, sem sé að takmarka innflutning á kartöflum fyrri part vetrar, á meðan þær eru nægar til í landinu. Það er ósköp eðlilegt, að hann álíti, að ekki sé beinlínis þörf á að setja Alþ. í hreyfingu til þess að koma

með svona heimildir. Ég er sem neytandi líka samþykkur þeim ráðstöfunum, sem hv. þm. V.-Húnv. lýsti yfir, að innflutningsn. hefði gert, að leyfa ekki innflutning á kartöflum um uppskerutíma þeirra hér og á þeim tíma, þegar vitað er, að nægilegt af innlendum kartöflum er til í landinu, og ég álít, að innflutningsn. eigi að vera alveg óátalin af slíkum ráðstöfunum. Út frá þessu sjónarmiði er það alveg eðlilegt, að hv. þm. V.-Húnv. léti sér fátt um finnast þessa 1. gr. frv., sem að vísu af hálfu flm. er skoðuð aðalgrein þess.

Á útmánuðum og að vorinu og sumrinu og jafnvel fram á haust er varla um að ræða íslenzkar kartöflur til neyzlu, þær er ætar séu, og verður því á þeim tíma að leyfa innflutning á kartöflum.

Þeim, sem þekkja forsögu þessa máls hér á þingi og hversu geyst sumir, sem standa að þessu máli, hafa stefnt að því að koma hér á hreinu og beinu banni á innflutningi kartaflna, eða a. m. k. að leggja allt úrskurðarvald í þeim efnum í hendur annara aðilja, þ. e. a. s. framleiðenda á kartöflum og fulltrúa Búnaðarfél. Íslands —, þeim, sem þekkja þessa forsögu málsins, dylst vitanlega ekki, hvert stefnt er með þessu frekar loðna orðalagi frv. Þess verður mjög vel að gæta, ef takmarkaður eða bannaður er innflutningur á kartöflum, að neytendur geti fengið innlendar kartöflur með bærilegu móti.

Í 2. mgr. 1. gr. frv. er talað um að verðlauna þá menn, sem undanfarin ár hafa verzlað með innlendar kartöflur. Ég veit ekki, hvar á að finna þá menn í verzlunarstétt, því að venjulega kaupa neytendur beint af kartöfluframleiðendum. Og það er ekki vitanlegt, að Búnaðarfélag Íslands og þess vitru ráðunautar hafi gert nokkurn skapaðan hlut til þess að benda mönnum úti um land á að kaupa þær kartöflur, sem þeir hafa þurft að kaupa, beint frá bændum eða góðum kartöfluræktunarstöðum, t. d. Akranesi, eða að greiða fyrir slíkum viðskiptum. Það mætti óefað teljast heppilegt, að Búnaðarfél. Ísl. og búnaðarforkólfar gerðu eitthvað verulegt til þess að koma þessum samböndum á með ráðstöfunum, sem tryggðu, að innlendar kartöflur væru ávallt fyrirliggjandi á góðum höfnum, þar sem grípa mætti til þeirra þegar þörf gerðist. En slíkar ráðstafanir hefir til þessa algerlega vantað. En svo er horfið að hinum kostinum, að láta þingið gera þvingunarráðstafanir til þess að reyna að kippa þessu í lag. Ég hygg, að hin leiðin hefði verið heppilegri, að skapa skilyrði fyrir því, að þessi innlenda framleiðsla hefði sömu eða betri aðstöðu á innlendum markaði en hin útlenda, enda þótt þetta frv. stefni ekki eins opinskátt í þvingunarátt eins og fyrri frv. um þetta efni.

Í frv. þessu er ekkert ákvæði, sem tryggir hag neytenda. Það er að vísu talað um það hér, að innflutningshöftunum skuli ekki beita svo, að verðið hækki verulega á kartöflum til neyzlu í landinu. En hver á að meta það, hvenær slík hækkun er veruleg eða óveruleg?

Ég get í þessu sambandi bent á, að Alþ. hefir með sérstökum ráðstöfunum bannað innflutning á niðursoðinni mjólk og beint allri verzlun með niðursoðna mjólk í hendur eins framleiðslufyrirtækis, eins og nú standa sakir. Við því væri í sjálfu sér ekkert að segja, ef um leið hefðu verið gerðar þær ráðstafanir, sem sanngjarnar verða að teljast, að mjólkin yrði ekki fyrir það óhæfilega dýr, samanborið við þá mjólk, sem hægt hefði verið að hafa á markaðinum, ef innflutningur á vörunni hefði verið frjáls. En annaðhvort hefir þinginu láðst, þegar það innleiddi innflutningsbannið á niðursoðinni mjólk, að setja verðlagsákvæði í l., eða þá, sem sízt er betra, að ef slík ákvæði eru í l., þá hefir alveg verið vanrækt að framkvæma þau. Nú ætla ég, að heildsöluverð á innlendri niðursoðinni mjólk muni vera sem næst 24,50 kr. kassinn, ef keyptir eru 5—6 kassar í einu, en verðið geti farið niður í 22,80 kr. kassinn, ef keyptir eru 25 kassar í einu. Ég held, að óhætt megi fullyrða, að það sé mikill verðmunur í hvoru fyrrnefnda tilfellinu, sem er, á innlendu niðursoðnu mjólkinni og hinni útlendu, sem sú síðartalda er ódýrari, þótt sambærileg sé við þá innlendu. (**PO**: Nei, hún er lakari vara). Hv. þm. Borgf. segir, að útlenda mjólkin sé lakari vara, en ég vil þrátt fyrir það ekki taka það sem sannreynt, að öll útlend niðursoðin mjólk sé lakari en hin innlenda. Og ef hægt er að fá útlenda mjólk fyrir 7—8 kr. minna verð kassann, þá er þessi innlenda framleiðsla sannarlega of dýru verði keypt. Ég bendi á þetta í sambandi við þá vörutegund, sem um er að ræða í þessu frv., því að með innflutningshömlum þeim, sem frv. gerir ráð fyrir, getur stefnt alveg í sömu átt og ég hefi lýst, að gengið hefir um niðursoðnu mjólkina.

Þær aths., sem ég hefi fært hér fram, vil ég þó ekki, að verði teknar þannig, að ég vilji ekki, að framleiðsla á innlendum kartöflum aukist og að neyzla á kartöflum aukist, heldur er ég aðeins ósammála flm. þessa frv. um leiðirnar til þess að auka neyzlu innlendra kartaflna. Ég álít miklu réttara að hverfa að öðrum hjálparmeðulum í þessu efni, sem að sumu leyti eru nefnd í frv. og hv. 1. þm. Árn. og hv. 6. þm. Reykv. viku að. Það er vitanlegt, að flutningur kartaflna á landi er ákaflega dýr, sennilega dýrari en á sjó. Því vil ég greiða fyrir, að innlenda kartöfluframleiðslan geti keppt við þá útlendu um íslenzka markaðinn. Það þarf að skapa skilyrði fyrir því, að hægt sé að flytja vöruna milli landshluta gegn nokkurn veginn sanngjörnu gjaldi. Næst því, að varan sé góð, þá er þetta tryggasta undirstaða undir því, að þessi framleiðsluvara landsmanna nái fótfestu á innlenda markaðinum, og á að geta, alveg á eðlilegan hátt, útrýmt innflutningi og neyzlu á útlendum kartöflum. Þetta mundi þá koma smátt og smátt, öllum landsmönnum til geðs og öllum til þæginda. En ekkert má í þessu efni gera, sem bersýnilega stefnir að því að gera þessa mjög nauðsynlegu fæðutegund dýrari á borðum manna en hún þarf að vera. En eins og ég þegar hefi sýnt fram á, er í frv. þessu engin trygging fyrir því, að svo geti ekki farið, ef það verður samþ. Og ég vil fyrir mitt leyti geyma mér rétt til þess, þó að ég greiði þessu máli at-

kv. til 3. umr., að koma fram með brtt. við frv. við þá umr., sem miði til þess að tryggja rétt neytenda að einhverju leyti, um leið og hagur framleiðenda á að vera hér með tryggður. Mér virðist, að þeirri hlið þessa máls, sem að neytendum snýr, hafi verið minni gaumur gefinn af hv. flm. þessa frv. En hér er um svo mjög nauðsynlega fæðutegund að ræða, að hæstv. Alþ. verður að sjá til þess, að þegar slíkar ráðstafanir eru gerðar, sem hér er um að ræða, þá sé það einnig tryggt, að varan geti ekki orðið óeðlilega dýr.

Guðbrandur Ísberg [óyfirl.]: Það hefir verið drepið á það nú í umr. og einnig tekið fram í grg. frv., að nú er þannig ástatt, að við flytjum árlega inn kartöflur fyrir um 300 þús. kr. Jafnframt er það vitað, að afarauðvelt er, ef kapp er á það lagt, að framleiða þetta kartöflumagn í landinu sjálfu, fram yfir það, sem nú er hér ræktað af kartöflum, og þar með að spara þann gjaldeyri, sem fer til þessara kartöflukaupa.

Frv. þetta, sem flutt er af hv. landbn. og sú n. var alveg sammála um að flytja, ber að skoða sem spor í þá átt að ýta undir með kartöflufram-leiðslu í landinu, og beint með það fyrir augum, að til þess geti komið sem fyrst, að við framleiðum nóg af þessari vöru til neyzlu handa öllum landsmönnum. Til þess að ná þessu takmarki eru aðallega 4 ákvæði sett í frv., sem ég vil benda á.

Hið fyrsta er heimildarákvæðið um að takmarka eða banna innflutning á erlendum kartöflum á þeim tíma, þegar nægilegt er til af innlendum kartöflum í landinu. Enn sem komið er hefir það ekki verið nema um uppskerutímann og fyrri hl. vetrar. Með tilliti til ræðu hv. þm. Vestm. vil ég benda á það, að það er aðeins um þennan tíma, sem komið getur til mála, að núv. ástæðum óbreyttum í þessu efni, að banna innflutning á kartöflum. En að gerð sé till. um að banna innflutning þessarar vöru síðari hl. vetrar eða að vorinu og sumrinu, á meðan kartöflurækt okkar er á því stigi sem hún er, það er algerður misskilningur.

Í öðru lagi er í 2. lið 1. gr. frv. ákvæði, sem á að vera tilraun til þess að ýta undir það, að þeir, sem verzla með kartöflur hér á landi, leggi sig fram til þess að koma út íslenzkum kartöflum.

Í þriðja lagi gerir frv. ráð fyrir, að gefin verði út reglugerð um það, hvaða skilyrðum íslenzkar kartöflur skuli fullnægja til þess að geta talizt markaðshæfar, og í annan stað, að allar kartöflur, sem afgr. eru til sölu, nema beint til neytenda, skuli merktar upprunamerki. Það er vitanlega engin þörf á slíku merki, ef kartöflur eru seldar beint frá framleiðanda til neytanda.

Í fjórða lagi er í frv. till. um það, að Skipaútgerð ríkisins flytji kartöflur hafna á milli innanlands fyrir hálft það gjald, sem þær eru fluttar fyrir nú samkv. taxta Skipaútgerðarinnar. Ég hygg, að þetta gjald sé nú, eða a. m. k. var það til skamms tíma, 3 kr. fyrir tunnu. Mér er nú sagt, að það sé 2,50 kr. á tunnu; veit ég ekki, hvort réttara er, enda skiptir það ekki miklu máli. En það, sem máli skiptir hér, er, að till. er um, að þetta gjald lækki um helming. Mér er kunnugt um, að ríkisskip hefir flutt talsvert stórt parti af kartöflum frá einni höfn fyrir eina kr. tunnuna. Það virðist ekki nema sanngjarnt að setja slíkt ákvæði um lækkun þessa flutningsgjalds, þegar með því eru gerðar ráðstafanir til þess, að ríkisskipin sitji fyrir svona þægilegum flutningi að haustinu, því að þá verður flutningur íslenzkra kartaflna að fara fram, en getur ekki farið fram að vetrinum. Og fáir framleiðendur munu geta geymt kartöfluuppskeru sína til vors, sem þeir ætla að selja.

Út af flutningskostnaði á kartöflum var hér á það minnzt af hv. 1. þm. Árn., að sanngjarnt væri, að héruðin austan Hellisheiðar fengju einhvern styrk til slíkra flutninga. Ég vil í þessu sambandi benda á það, að þó að flutningsgjald þessarar vöru með skipum lækki eins og hér er ráð fyrir gert, niður í 1,25 eða 1,50 kr. á tunnu, þá er flutningskostnaðurinn ekki allur þar. Hér við bætist bæði framskipun og uppskipun. Framskipunarkostnaður getur orðið býsna mikill. T. d. kostar framskipun á Blönduósi 1,80 kr. á tunnuna. En Húnavatnssýsla er vel fallin til kartöflurætunar. Þó að ekki sé gengið út frá svona háum aukagjöldum, sem bætast við flutningsgjaldið á sjó, þá er þó alltaf óhætt að gera ráð fyrir svo mikilli viðbót við það gjald, að flutningsgjaldið á sjó og annar flutningskostnaður verði ekki minni en 2,50 kr. alls fyrir hverja tunnu.

Nú vil ég, áður en ég tek afstöðu til þess, hvort rétt sé að styrkja flutninga á kartöflum austan úr Árnessýslu og Rangárvallasýslu, fá upplýsingar um, hvort það þarf að kosta meira en þetta, 2,50 kr. á tunnu, að flytja kartöflur þaðan. Ég veit, að nú er farið að nota bíla, sem flytja 3 tonn. Og ef flutt er mikið í akkorði austan úr Árnessýslu eða austan frá Markarfljóti og hingað, 100—130 km. vegalengd, þá er ég ekki viss um, að flutningskostnaðurinn þurfi að vera meiri en 25 kr. — gæti ef til vill orðið minni — á hvert tonn. Það má náttúrlega segja, að bændur þurfi að flytja kartöflurnar að veginum, en svo er það og um bændur, sem senda með skipum, að þeir verða að flytja kartöflurnar til hafnar.

Landbn. var sammála um, að æskilegt væri, að við Íslendingar gætum sem fyrst náð því takmarki að framleiða allar þær kartöflur, sem við þurfum að nota. Hinsvegar kemur það greinilega fram í frv., að ekki er ætlazt til þess, að þær ráðstafanir, sem þar eru annars gerðar til þess að ýta undir þetta, verði til þess að hækka kartöflurnar verulega í verði. Við vitum það vel, að kartöflur á erlendum markaði eru miklu ódýrari en innlendar kartöflur, sem seldar eru hér. Enda hafa erlendar kartöflur venjulega verið ódýrari á innlendum markaði heldur en íslenzkar kartöflur, en mörgum þykja þær íslenzku betri, svo að því leyti, sem um betri vöru er að ræða, væri hækkun á þessum kartöflum að vísu ekki ósanngjörn, en hinsvegar er ekki hægt að sætta sig við, frá sjónarmiði neytendanna, að þær ráðstafanir verði gerðar, sem

yrðu til þess að hækka verð íslenzkra kartaflna að verulegum mun. Það hefir verið fundið að því, að þetta orð „verulega“ væri nokkuð teygjanlegt, en það er vitanlega nokkurt aðhald fyrir neytendur að hafa tækifæri til þess að gera sínar kröfur gildandi og láta til sín heyra, m. a. á hv. Alþ. Íslendinga. Mér fannst þess gæta nokkuð, a. m. k. hjá einum af ræðumönnum, sem um þetta mál hafa talað, að hann væri ekki allskostar ánægður með sum ákvæði þessa frv., sérstaklega þetta ákvæði, sem ég er nýbúinn að drepa á, og fannst honum ekkert við það að athuga, þótt kartöflurnar hækkuðu í verði til muna. Ég er þessu mótfallinn. Þessi hv. þm. sló því föstu, að fyrir kartöflurnar yrði a. m. k. að fást framleiðsluverð. Hér kemur enn mjög teygjanlegt hugtak. Hvað er framleiðsluverð, og hvað þarf að vera framleiðsluverð? Í þessu sambandi vil ég benda á það, að í Danmörku mun ekki fást meira fyrir kartöflurnar en 5—6 kr. og jafnvel 4 kr. Þetta er það verð, sem þar er framleitt fyrir. Með þeim hjálparmeðulum, sem við höfum í þessu efni, einkum útlendum áburði, mun í beztu kartöflubéruðum landsins vera hægt að ná fram undir það sama árangri og sumstaðar í Danmörku. (PO: Nei!). Það þarf ef til vill að nota meira af útlendum áburði, en við fengjum svipaða uppskeru.

Nú er það kunnara en frá þurfi að segja, að víðast hvar hér á landi eru kartöflur ræktaðar með mjög seinfærum og dýrum aðferðum, svo að það nær vitanlega engri átt að miða verð kartaflnanna við þær aðferðir. Til þess að hægt yrði að miða við framleiðsluaðferðir á ræktun kartaflna hér á landi, þyrftu þær að verða langtum ódýrari og stórtækari. Þetta framleiðsluverð er því mjög teygjanlegt, og að sjálfsögðu má ekki miða við hæsta framleiðsluverð á kartöflum hér á landi, því að það má kaupa innlenda framleiðslu of dýru verði, og vera má, að kartöfluverðið sé miðað við framleiðsluverðið þar, sem það er mest.

Hv. 6. þm. Reykv. vildi slá því föstu, að aldrei hefði borið á örðugleikum við sölu á innlendum kartöflum. Þetta er alls ekki rétt.

Bændur, sem flytja kartöflur á Reykjavíkurmarkaðinn, hafa sagt mér, að það gangi oft illa að selja vöruna, og það er skiljanlegt, þegar tekið er tillit til þess, hve mikill verðmunur er á erlendum og innlendum kartöflum; jafnvel þótt innlenda framleiðslan sé boðin fram með venjulegu markaðsverði á staðnum, geta þeir, sem flytja inn kartöflur, lækkað verðið á erlendum kartöflum, því að þær eru svo ódýrar í innkaupum. Þetta getur að vísu komið bændum að dálitlum notum í bili, en vitanlega ekki nema rétt á meðan þetta framboð stendur yfir, og svo hefir reynslan venjulega orðið sú, að erlenda framleiðslan hefir hækkað aftur.

Frv. það, sem hér liggur fyrir, á fyrst og fremst að hamla á móti því, að inn séu fluttar erlendar kartöflur meðan innlendar kartöflur eru á boðstólum, framan af hausti.

Það hefir verið fundið að því af ýmsum hv. ræðumönnum, sem talað hafa um þetta mál, að hér væri ekki gætt hagsmuna framleiðenda eins og þyrfti, og í því sambandi var bent á annað frv., sem var hér áður á ferðinni, þar sem miklu lengra var gengið í þessa átt.

Ég er hér á þingi aðallega sem umboðsmaður neytenda, og þess vegna hefi ég séð mér fært að ganga svona langt sem hér er gert, en heldur ekki lengra. Verði sú breyt. gerð á þessu frv., að meir verði gengið á hlut neytenda en hér er gert, þá mun ég greiða atkvæði á móti þeirri breyt. Mín afstaða markast með þessu frv. Ég get gengið svona langt, en alls ekki lengra. Ég treysti mér til þess að standa fyrir máli mínu gagnvart umbjóðendum mínum, og með hliðsjón af sparnaði á gjaldeyri fyrir landsmenn get ég gengið inn á þessa leið, sem ég tel fullkomlega heilbrigða, en þar með er ekki sagt, að ég geti gengið lengra í þessu efni.

Frsm. (Bjarni Ásgeirsson) óyfirl.: Ég get ekki látið hjá líða að svara nokkrum orðum þeim hv. þm., sem komið hafa fram með andmæli gegn frv., enda þótt ég eigi örðugt með það, því að ég er með einskonar kartöflur í hálsinum.

Þegar landbn. gekk frá þessu frv., þá gerði hún það með tilliti til þess, að það yrði þannig úr garði gert, að sem almennast fylgi fengist með því, án þess að sá megintilgangur og það aðalatriði, sem fyrir n. vakti, að hlynna að kartöfluræktinni í landinu, yrði fyrir borð borið, því ef koma á þessum lögum eða öðrum í gegn á þessu þingi, þá verður að sigla milli skers og báru, og þess vegna hefir þetta mál verið sett fram í því formi, sem það kemur fram í í þessu frv., sem hér liggur fyrir. Umr. hér um þetta mál hafa sýnt, að okkur hefir tekizt þetta.

Fyrir utan nm. hafa talað hér þrír hv. þm. um málið og hafa helzt fundið þessu frv. það til foráttu, að það næði of skammt til þess að tryggja þennan tilgang frv., sem ég drap á áðan. Tveir hv. þm. hafa talað hér, sem fundizt hefir, að of langt væri gengið með frv. Þetta sýnir, að við höfum farið bil beggja, og vona ég, að einmitt það, að reynt hefir verið að fara meðalveginn í þessu efni, verði til þess að tryggja málinu framgang, og það sem allra fyrst.

Ég vil taka það fram við hv. þm., sem yfirleitt hafa talað um málið af skilningi og vinsemd, en óskað einhverra breyt. á því, að við nm. erum fúsir á að ciga viðtal við þá fyrir 3. umr. málsins, svo að brtt. og málið sjálft dreifist ekki þannig, að það renni út í sandinn.

Skal ég svo minnast dálitið á það, sem einstakir hv. þm. hafa haft við þetta frv. að athuga. — Fyrst vil ég þá víkja nokkrum orðum að hv. 1. þm. Árn., sem talaði með málinu í öllum höfuðatriðum, en fannst það á skorta, að ekki væri nógu vel séð fyrir því, að léit væri undir með flutningi á kartöflum hjá þeim mönnum, sem eingöngu verða að sætta sig við landflutninga. Fannst honum, að þeirra hagsmunir væru fyrir borð bornir móts við hina, sem flutt geta kartöflur með ströndum fram. Viðvíkjandi þessu vil ég taka það fram, að eftir þeim upplýsingum, sem fyrir n. lágu í þessu efni, virðist henni hér vera farið sem sanngjarn-

ast í hlutina og að sá réttur, sem þeim er ætlaður, er kartöflur flytja með skipum, væri ekki meiri en það, að þeir stæðu á eftir nokkurn veginn jafnfætis þeim, sem flytja kartöflurnar landveg á aðalmarkaðsstaði landsins. Það má vera, að okkur hafi yfirsézt að einhverju leyti í þessu efni, og erum við reiðubúnir til þess að ræða málið við hv. þm.

Þá talaði hv. þm. Borgf. einnig vingjarnlega um málið, en fannst of skammt gengið til stuðnings við framleiðendur. Hann vildi m. a., að heimildinni, sem 1. gr. frv. gerir ráð fyrir, væri breytt í skyldu til þess að banna innflutning á kartöflum á þeim tíma, sem þar um ræðir. Ég býst við, að í þessu tilfelli geti þetta komið nokkuð í sama stað niður. Ég ber það traust til innflutningsn. og hæstv. landbrh., sem eiga að hafa yfirstjórn þessara mála með höndum, að ekki skorti skilning á þýðingu þess, að ekki sé farið að eyða hinum litla gjaldeyri landsins um of, og um leið og reynt er að styrkja innlenda framleiðslu, eins og gert er ráð fyrir með frv. þessu, verði gerðar gyllingar til þess að flytja inn meira af kartöflum en þörf krefur. Vitanlega verður að stilla þessu svo í hóf, að hægt sé að leyfa innflutning á kartöflum, ef svo skyldi vilja til, að innlenda kartöfluframleiðslan brygðist eða önnur óhöpp kæmu fyrir, svo að hún væri ekki fær um að veita nógu miklu af þessari vöru til neytenda í landinu. Þótt þessari heimild væri breytt í skyldu, held ég ekki, að aðalatriði frv. mundi breytast nokkuð frá því, sem nú er. Hv. þm. fann að því, að ef í 1. gr. frv. skyldi vera gert ráð fyrir því, að með innflutningsleyfum skyldu vera settar innflutningshömlur á kartöflur, þá yrðu kartöflur ekki hækkaðar verulega í verði frá því, sem nú er. Ef hv. þm. hefir lesið 1. gr. frv., þá skil ég ekki, að hann geti í einlægni komizt að þeirri niðurstöðu, að hér sé stefnt að verðlækkun á kartöflum. Hinsvegar vil ég taka það fram, að séð verður um, að verðlagið hækki ekki að verulegu leyti. Það er engum til góðs, að verðið hækki svo, að það dragi úr neyzlunni á þessari vöru.

Þá vil ég víkja nokkrum orðum að hv. þm. V.-Húnv., sem talaði vel um málið. Hann fann þessu frv. það þó til foráttu, að það væri ekki nógu róttækt, og get ég tekið undir það með hv. þm., að ég fyrir mitt leyti hefði einnig kosið, að frv. hefði verið róttækara en raun ber vitni um. En aðalatriðið er, að eitthvað verði gert, og þess vegna gekk ég inn á frv. eins og það er, og vona ég, að það geti orðið að góðu liði, ef það verður að lögum. Þá minntist hv. þm. á, að það væri skammt farið í áætlun n., þar sem gert er ráð fyrir því, að fluttar séu inn kartöflur fyrir 300 þús. kr. árlega. Það er rétt hjá hv. þm., að stundum hefir upphæðin verið hærri, en sum árin hefir hún aftur á móti farið niður fyrir 300 þús. kr. Þess vegna orðaði n. þetta þannig. Þetta er mikið fé, sem sjálfsagt er að reyna að losna við að greiða út úr landinu — ekki sízt þegar tekið er tillit til þeirra örðugu tíma, sem við lifum nú á —, en auk þess er hér um mikla vinnu að ræða, sem vel gæti verið atvinnubót. Þá drap hv. þm. á það, að vel gæti það komið til mála, að lagt yrði aðflutningsgjald á erlendar kartöflur, sem til landsins flytjast, til þess að greiða fyrir framleiðslu á innlendum kartöflum. Það er rétt, að það gæti komið til mála, en sá stuðningur gæti orðið endasleppur, og ætti helzt að vera það, því að vitanlega ber að stefna að því, að sem fyrst verði komið upp nauðsynlegri innlendri kartöflframleiðslu.

Þá kem ég að hv. 6. þm. Reykv., sem fyrstur andmælti þessu máli. Hann vildi halda því fram, að það vantaði undirstöðuna undir þetta frv. Hv. þm. áleit, að engar sannanir væru fyrir því, að ekki væri unnt að selja nógu mikið af íslenzkum kartöflum á markaðinum. Þessi skoðun hv. þm. stafar aðeins af því, að hann hefir ekki fylgzt nóg með verzlun á þessari vöru undanfarið.

Ég hefi aflað mér talsverðrar reynslu í þessu efni, bæði frá sjálfum mér og öðrum, og eftir þeim upplýsingum að dæma, sem ég hefi fengið hjá ýmsum framleiðendum þessu viðvíkjandi, þá kemur það oft fyrir á haustin, að þótt nóg sé til af íslenzkum kartöflum á markaðinum, þá er ekki hægt að koma þeim út fyrir sama verð og útlendum kartöflum, einmitt vegna þess, að aðstaða þeirra, sem selja útlendar kartöflur, er miklu betri til að ná valdi á markaðinum heldur en innlendu framleiðendurnir eru færir um að gera. Innlendir framleiðendur þurfa að koma allri vöru sinni út á sama tíma, og það verður til þess, að kaupendurnir þurfa að hafa miklar geymslur, en þeir, sem flytja inn útlendar kartöflur, geta fengið þær sendar smátt og smátt með skipunum. Það er áhættuminna að verzla með útlendar kartöflur en innlendar, en það verður alltaf gert, ef dyrnar eru hafðar opnar fyrir útlendum kartöflum, því að það er ekki verðið eitt, sem úr sker, heldur aðstöðumunurinn og þægindin við að verzla með útlendar kartöflur. Við þessu verður að tryggja það, að innanlandsmarkaðurinn á hverjum tíma sé ætlaður innlendri framleiðslu.

Hv. þm. er hræddur um, að ef kartöflurnar hækkuðu í verði til muna, þá yrði það til þess að draga úr neyzlunni. Mér skildist hv. þm. óttast, að þetta frv. gæti orðið til þess, að kartöflurnar hækkuðu í verði. Eins og kunnugt er, þá er það tilgangur 1. gr. frv. að sjá um, að verðinu sé svo í hóf stillt, að það þurfi ekki að draga úr kartöfluneyzlunni. Þessvegna er ég sannfærður um, að það borgar sig viðast hvar á landinu að framleiða kartöflur með því gangverði, sem verið hefir á innlendum og erlendum kartöflum. Það þarf aðeins að tryggja það, að innlendar kartöflur hafi forréttindi fram yfir þær útlendu, jafnvel þótt verðið sé það sama.

Bæði þessi hv. þm. og hv. þm. Vestm. sögðu, að þeir teldu það vera aðalatriði þessa máls, að greitt yrði fyrir kartöfluflutningum innanlands. En það er ekki nóg, þótt hægt sé að flytja kartöflurnar um landið, ef ekki er hægt að selja þær á markaðinum. Ég hefi haust eftir haust átt tal við bændur um þetta atriði, og þeir segjast geta selt, vilja og þurfa að selja svo og

svo margar tunnur, en þeir koma þeim ekki út, því að það er svo mikið af útlendum kartöflum á markaðinum, sem menn vilja heldur kaupa. Menn vilja aðeins kaupa nokkra poka, en bændurnir þurfa að selja allt saman. Svo verða þeir að sitja með mestallar kartöflurnar allan veturinn og verða loks að nota mikið af þeim fyrir skepnufóður, sem er vitanlega allt of dýrt, á sama tíma, sem við flytjum inn útlendar kartöflur á innlendan markað.

Hv. þm. fannst fjarstæða að tala um skrælingjahátt í sambandi við það, að við ættum að rækta nóg af kartöflum fyrir okkur sjálfa. Hann hélt því fram, að vitanlega væri það fjarstæða, að við gætum framleitt allt, sem við þyrftum með, og þessvegna væri það einnig fjarstæða að tala um skrælingjahátt, þótt við gætum ekki gert það. Þetta var ekki meiningin með orðum minum. Aftur á móti, þegar hægt er, eins og hér, að framleiða vöruna í landinu sjálfu, jafngóða og þá, sem við flytjum inn fyrir hundruð þúsunda króna, en í landinu ríkir atvinnuleysi og gjaldeyrisvandræði, þá tel ég það vera skrælingjahátt af okkur að láta slíkt viðgangast lengur. Það er sami skrælingjahátturinn eins og væri, ef við hefðum ekki manndáð í okkur til þess að framleiða nóg kjöt og mjólk, þar sem reynslan sýnir og sannar, að hægt er að framleiða nóg í landinu af slíkri vöru fyrir landsmenn til þess að lifa af.

Þá kem ég að hv. þm. Vestm., sem nú eins og áður stóð upp til þess að vera á móti þessu. Um hann má með sanni segja, að hann hafi ekkert lært og engu gleymt. Hann hefir þó undanfarið verið í þeim skóla, að hann ætti eitthvað að geta gert. Hann hefir undanfarið verið með þeirri þjóð, sem ekki skirrist við að beita ofbeldi til þess að tryggja sjálfri sér markað fyrir allar þær vörur, sem hún getur framleitt. Þessi maður hefir verið gerður út sem sendimaður til þess að reyna að greiða fyrir verzlun með okkar aðalframleiðsluvörur og hefir rekið sig á, að þó hér sé hægt að framleiða þessa vöru fyrir milljónir króna, þá er ekki hægt að selja hana nærri alla. Og hvað á fólkið, sem enga vinnu hefir að gera, ef ekki er hægt að beina kröftum þess að moldinni, sem bíður eftir okkur. Þegar við hættum að geta selt okkar aðalframleiðsluvörur, þá er það það allra minnsta, sem hægt er að krefjast af okkur, að við framleiðum sjálfir þá vöru, sem við þurfum sjálfir á að halda.

Hv. þm. hafði ýmislegt við þetta frv. að athuga, og flest stefndi að því sama hjá honum, að mæla á móti málinu og reyna að koma því fyrir kattarnef, eins og hann reyndi áður, þegar málið var á ferðinni. Hann talaði aðallega frá hlið neytenda og tók það sérstaklega fram, að ráðstafanir þær, sem frv. gerir ráð fyrir, yrðu til þess að gera kartöflurnar dýrari, og þessi bönn, sem hér væru á ferðinni, yrðu til þess, að framleiðslan yrði dýrari fyrir neytendur. Ég vil aðeins minna þennan hv. þm. á það, að bæði þetta frv. og önnur svipuð eru gerð með það fyrir augum, að það væri tryggt, að þeir, sem framleiða neyzluvörur í landinu, gætu af því lifað, og þó varan hækki eitthvað í verði, þá er það betra en að horfa fram á, að við getum ekki keypt ódýrar vörur frá öðrum löndum, þótt við vildum. Það er óhjákvæmilegt, að þeim, sem ekki hafa efni á að afla sér lífsnauðsynja sinna, vegna atvinnuleysis, sé hjálpað með því að veita þeim atvinnu við framleiðslu slíkrar vöru.

Hv. þm. talaði um, að innflutningsnefndin ætti að vera sjálfráð um þessa hluti. Ég vil aðeins segja það, að ég ber fullt traust til þess, að innflutningsn. sé skipuð þeim mönnum, sem hafa fullan skilning á því, sem hér er um að ræða, og séu því fyllilega færir um að gera skyldu sína í þessu efni. Ég vona, að þetta verði til þess, að þeir framleiðendur, sem hingað til hafa rekið sig á það, að ekkert þýðir að framleiða og framleiða, þegar ekki er unnt að selja fyrir ágangi erlendrar framleiðslu, verði ekki fyrir slíku oftar, en að þeim sé með frv. þessu, ef að l. verður, tryggður markaður þegar þeir þurfa að selja.

Þá var hv. þm. að tala um það, viðvíkjandi ákv. frv. um, að þeir gengju fyrir með innflutningsleyfi, sem bezt hefðu gengið fram í því að verzla með innlenda framleiðslu, að ekki sé hægt að safna skýrslum um þetta, þar sem yfirleitt hafi framleiðendur selt beint til neytenda. En vitanlega er átt við það, að á hverju ári skuli taka tillit til þess eftir að farið er að hefja innflutning að nýju, hverjir hafi verzlað mest, og þeir látnir sitja fyrir um innflutningsleyfi, til þess að hvetja þá til að kaupa innlenda framleiðslu og gera mönnum því sem greiðast fyrir að losna við það, sem þeir þurfa að selja. Það er vitanlegt og skiljanlegt af greininni, að það er tilgangurinn, að þessum tölum sé safnað ár hvert, og þegar haustið er liðið, á það að vera ljóst, hverjir þurfa að kaupa ísl. kartöflur.

Hv. þm. var að tala um það, að Búnaðarfélag Íslands hefði ekki leiðbeint mönnum eða hjálpað í því að koma út kartöflunum á þann hátt, að koma saman framleiðendum og neytendum. Ég vil upplýsa hv. þm. um það, að Búnaðarfél. er ekki verzlunarfélag. Það hefir allt annað með höndum. Það á að vera ráðunautur um allt það, er að framleiðslunni lýtur, en það eru aðrir aðilar, sem eiga að hafa verzlunina með höndum. Sá hefir aldrei verið tilgangur Búnaðarfél. Íslands.

Hv. þm. sagði, að það væri fengin vissa fyrir því, að menn vildu heldur innlendar kartöflur en erlendar, þótt hvorartveggja væru á boðstólunum. Þetta er ekki svo. Reynslan sýnir allt annað, og ég held, að reynslan sé jafnvel enn ólygnari en þessi hv. þm. (JJós: Ég sagði, að öðru jöfnu).

Ég held þá, að ég sé búinn að svara þessu í aðalatriðunum. Ég vænti, að hv. þm. séu vakandi yfir ástandinu og sjái, að ekkert er ofgert til þess að tryggja þeim mönnum, sem á framleiðslunni á þessari vörutegund lifa, viðunanlegan markað í landinu sjálfu. Og það þýðir ekkert að rísa eins og draugur upp úr 18. aldar gröf og tala um frjáls viðskipti, sem hvergi þekkjast nú í heiminum. Við Ísl. verðum að semja okkur að siðum annara í þeim efnum.

Jóhann Jósefsson (óyfirl.): Ég get skilið það, að þessi hv. þm., sem er búinn að stríða við það á fjórum þingum að fá einhver lagaboð samþ., sem hann heldur, að geti leyst hann sjálfan af hólmi frá því að inna af hendi það starf, sem honum, bæði aðstöðu sinnar vegna sem bóndi og virðingarstöðu sinni í Búnaðarfél. hefði löngu verið skylt að leysa, hefði hann verið maður til, sé orðinn næsta óþolinmóður í máli þessu. — Hann tók svo til orða, að ég hefði staðið hér upp, eins og vant væri, til þess að fjandskapast gegn þessu máli. Ég mótmæli því, að ég fjandskapist gegn þeim tilraunum, sem stýra í rétta átt, nfl. að örva og efla framleiðslu á innlendum neyzluvörum, hvort heldur eru kartöflur eða annað. Ef ég á annað borð „fjandskapast" í þessu máli, þá er það ekki gegn því. Hitt er sönnu nær, að ég hafi fjandskapazt gegn fálmi og káki því, sem hv. þm. Mýr. hefir gerzt forsvarsmaður fyrir í þessu máli og miðar í öfuga átt við það, sem kalla má heilbrigðan tilgang í þessu efni, en er fyrirhafnarminnst fyrir hv. þm. og Búnaðarfél., í stað þess að ganga þá eðlilegu braut í þessu máli, sem ég benti á áðan, skoðað frá verzlunarmanns sjónarmiði. Hann kemst þó ekki frá því, að hér er fyrst og fremst um viðskipti að ræða. Hann er að tala um að knýja viðskipti landsmanna með þessa vörutegund inn á tiltölulega nýjar brautir. Og ég er í minum fulla rétti að halda því að honum, að hann eigi að líta á þetta mál frá viðskiptalegu sjónarmiði. — Ég veit það vel, að Búnaðarfél. Ísl. er ekki verzlunarfélag í venjulegum skilningi, en hitt er vitanlegt, að Búnaðarfél. hefir þá „organisation" út um sveitir landsins og svo mikið af mönnum í sinni þjónustu, að ekki hefði verið ofverkið þeirra, þótt þeir hefðu í nafni Búnaðarfél. eða með þess vernd og aðstoð eitthvað lagt þetta mál í betri farveg og leitt saman framleiðendur og neytendur. Það hefði verið hægt að gera tilraun í þessa átt. Og meðan hv. þm. Mýr. veit þetta og finnur til sektarinnar yfir því, að þessar tilraunir skuli ekki hafa farið fram, þýðir honum ekkert að flagga með því, að félagið sé ekki verzlunarfélag. Við vitum, að það er hvorki kaupfélag eða pöntunarfélag. En það stendur engum félagsskap nær að koma kartöfluverzluninni í heilbrigt horf og stuðla að því, að flutningur á þeim og sala geti farið þannig fram, að hagkvæmara sé en þurfa að kaupa erlenda framleiðslu. Í þessu frv., sem hv. þm. Mýr. verður svo feikilega bumbult af að menn rannsaki og „kritiseri", er ekkert „positivt" annað en það, að fá eftirgjöf á helmingi af flutningsgjaldi á kartöflum með skipum Skipaútgerðar ríkisins. Hitt er allt neikvætt. Það er neikvæð ráðstöfun að ætla að knýja fram kaup á innlendri framleiðslu áður en hún er til. Það er vitanlegt, að framleiðslan, sem hv. þm. Mýr. er að vitna í, er ekki til svo að nægi þörfum landsmanna. Það er óþarfi að benda á tölur að nýju í því sambandi. Það vita þetta allir. Á þinginu 1933 var upplýst, að til landsins væru fluttar kartöflur fyrir ca. 400 þús. kr., og í þessu nál. er gert ráð fyrir, að innflutningurinn sé um 300 þús. kr., og hv. þm. V.-Húnv. sagði, og get ég til, að hann fari þar nærri um vegna starfa sinna í gjaldeyrisnefndinni, að innflutningurinn væri 375 þús. kr. Ég sé ekki, hvað við það er að athuga og hvers vegna hv. þm. er óánægður með, að gjaldeyrisnefndin takmarki innflutninginn. Hún hefir ekki viljað leyfa innflutning á kartöflum að haustlagi og fram á vorið. Ég tel þetta rétt, og n. mun halda þessum ráðstöfunum áfram þótt þingið semji engin sérstök l. um þetta efni eða aðrar vörutegundir, sem ætlazt er til, að nefndin „reguleri". Það er hlutverk n. að takmarka innflutninginn, eftir því hve mikið er til af vörunum innanlands. Við þetta hefir enginn neitt að athuga nema hv. þm. Mýr. Ég vil algerlega mótmæla því, að ég hafi fjandskapazt gegn því, að stuðlað sé að aukningu innlendrar framleiðslu eins og unt er. Ég verð að taka undir ráð hv. 1. þm. Árn., sem hann benti á, og ekki er síður áríðandi en eftirgjöf á flutningsgjöldum með ströndum fram, og það er að létta undir með flutningunum á landi. Og ef það er ekki gert og kartöflurnar þar með ekki gerðar samkeppnisfærar, þá eru allar þessar neikvæðu ráðstafanir hv. þm. Mýr. að engu orðnar. Ég vil ráðleggja hv. þm. Mýr., áður en hann velur mér og öðrum fleiri hrakyrði fyrir athugun á þessu máli, að lesa upp og læra betur, hvað til þess þarf, að innlend kartöfluframleiðsla fái staðizt og fullnægt eftirspurninni. Það myndu sjálfsagt allir vitibornir menn fagna því, að framleiðsla á kartöflum ykist í landinu og hægt væri e. t. v. að létta af einhverju af böli atvinnuleysisins. Um það þarf ekki að ræða. En til þess þarf miklu fleiri jákvæðar ráðstafanir en hér liggja fyrir. Það gæti meira að segja komið til mála að leggja eitthvert aðflutningsgjald á erlendar kartöflur eða veita verðlaun fyrir framleiðslu góðra kartaflna. — Ég skal ekki þreyta hv. þm. á lengri ræðu um þetta efni. Þrátt fyrir það, að ég er fylgjandi því, að framleiðslan komist í gott horf, þá álít ég, að ef löggjöf um þetta efni er sett, eigi að taka frekar tillit til hagsmuna neytendanna en í þessu frv. er gert, og mun ég við 3. umr. gera till. í því efni.

Hv. þm. Mýr. leiddi hjá sér að gera nokkrar aths. við verðið á niðursoðinni mjólk, sem ég sýndi fram á, að myndi vera óhæfilega hátt, samanborið við aðra mjólk, sem fá mætti, ef ekki væri innflutningsbann á þeirri vöru. Hið sama á við um kartöflurnar. Sé það svo, að þrátt fyrir innflutningsbann í l. sé kassinn af mjólkinni seldur rúml. 7 kr. hærra verði en hægt væri að fá sama magn fyrir erlendis frá, þá er hvað kartöflurnar snertir ekki vanþörf á að fyrirbyggja, að slík löggjöf, sem hér er á ferðinni, orsaki óeðlilega verðhækkun, því að það er staðreynd, að ef verð á einhverri neyzluvöru hækkar til mikilla muna, minnkar neyzlan. Þegar ráðstafanir eru gerðar til þess að auka sölu og arð framleiðendanna, eiga neytendur einnig kröfu á því, að til þeirra sé tekið tillit.

Forseti (JörB): Úr því að sýnilegt er, að [illegible] þetta ætlar að taka upp allan fundartímann, en hinsvegar fleiri mál á dagskránni, sem ég

gjarnan vildi koma áfram, mun ég fresta þessu máli um stund.

Umr. frestað um stund, en fram haldið síðar á fundinum.

Pétur Halldórsson [óyfirl.]: Þetta frv., sem hér liggur fyrir, er svona tiltölulega hógvært af þessum svokölluðu skipulagstilraunum, sem Alþ. er nú að gera með framleiðsluvörur landsmanna. En það stendur dálitið sérstaklega á um þessa vörutegund. Ég man eftir skipulagslögum um fiskverzlun landsmanna, kjötverzlun og mjólkurverzlun. Aðaleinkennið á þeim varningi er sá, að þar þykir markaðurinn of þröngur, þ. e. a. s. að framleitt er meira af þessum vörutegundum heldur en góður markaður er fyrir, og tilraunirnar, sem með þessar vörutegundir á að gera, ganga í þá átt að reyna að finna markaði, fyrst og fremst með hæfilegu verði; m. ö. o., að yfirboð vörunnar, hvort sem það er á innanlands- eða utanlandsmarkaði, komi því ekki til leiðar, að verðlagið komist niður úr öllu hófi. Þetta hefir tekizt misjafnlega, og er það eðlilegt, vegna þess að þessi löggjöf stefnir að því fyrst og fremst að halda uppi verðinu á vörunni, sem ekki er til markaður fyrir, og á þann hátt komið í veg fyrir, að framleiðslan minnki, svo að hún samsvari markaðinum. Með þessari svokölluðu skipulagslöggjöf er reynt að halda uppi óeðlilega háu verðlagi á vörunni, með þeim afleiðingum, sem ekki er séð fyrir endann á enn, en smátt og smátt eru að koma í ljós fyrir landsfólkinu. — Í því máli, sem hér er um að ræða, er nokkru öðru máli að gegna. Hér þykir framleiðslan á einni vörutegund of lítil og þess vegna á að gera tilraun með að skipuleggja meðferð hennar líka, m. ö. o., að á bak við þessa löggjöf liggur sú hugsun, að með skipulagningu megi takast hvorttveggja, að vernda framleiðendur, þegar um of mikla framleiðslu er að ræða, með því að halda uppi verðinu á vörunni, og hitt líka, að þegar um of litla framleiðslu er að ræða, megi vernda neytendur fyrir of háu verðlagi. Þetta á allt saman að gera með löggjöf, og landsmenn eru ekki búnir að læra það enn, að þetta er óframkvæmanlegt, því það opinbera getur ekki með góðum árangri séð til, að haldið sé ákveðnu verðlagi á öllum vörutegundum, sem seldar eru manna á milli í landinu, eins og það getur ekki heldur ráðið því, hver framleiðslukostnaðurinn er á vörum yfirleitt.

En hér er um að ræða vörutegund, sem ekki er nógu mikið framleitt af í landinu handa landsmönnum einum saman.

Það mun vera tilgangurinn, að þetta frv. verði til að auka framleiðsluna af jarðeplum, ef að lögum verður. Það má því líklega segja, að það sé eina frv. af öllum þessum skipulagsfrv., sem stefnir í þá átt að vernda neytendurna, nefnilega auka framleiðsluna og þar með lækka verðið á þessari vörutegund, sem hér um ræðir.

Fyrir framleiðendurna, hvern einstakan þeirra, held ég að sé nú, ef takmarkaður er verulega innflutningur á kartöflum, það bezta ástand, sem verið getur. Framboð vörunnar er ekki svo mikið sem þarf að vera til þess að halda verðinu hæfilegu. Eina leiðin til að halda verðinu niðri er sú, að leyfa innflutning frá útlöndum. En nú á með þessari löggjöf, að því er mér skilst, að takmarka innflutninginn til þess að innlenda framleiðslan sé ein um framboðið á markaðinum, og þá kemur fram nýtt viðhorf í þessu máli.

Eins og sakir standa er framboðið á kartöflumarkaðinum tvennskonar, framleiðsla landsmanna sjálfra og það, sem flutt er inn frá útlöndum. Og fleira er einkennilegt við kartöfluverzlunina í landinu nú. Eitt aðaleinkenni hennar held ég, að sé það, að menn taka innlendu framleiðsluna fram yfir þá erlendu, vilja íslenzku kartöflurnar heldur. Það kemur m. a. fram í því, að menn borga miklu hærra verð fyrir innlendu kartöflurnar heldur en þeir eiga kost á að fá þær útlendu fyrir.

Annað atriði er líka, sem mér finnst, að hv. landbn. og þd. þurfi að gera sér vel ljóst, og leiðir það af því, að innlenda framleiðslan er miklu minni heldur en neyzluþörfin innanlands. Og það er, að eins og sakir standa er mjög algengt, að neytendurnir taki að sér hlutverk, sem framleiðendurnir vilja vera lausir við og við höfum ekki ennþá aðra til að taka að sér. Það er að geyma vöruna þangað til þarf að neyta hennar. Íslenzka kartöflframleiðslan byggist mjög á því, að bæjarbúar birgja sig upp til lengri eða skemmri tíma, sumir jafnvel fyrir næstum því allt árið. Neytendur hér taka þannig að sér það verk, sem spekúlantar og stórkaupmenn hafa með höndum erlendis. Þeir leggja fram kapitalið, sem þarf til þess að losa bændur við vöruna á haustin og geyma hana þangað til hún er notuð smátt og smátt, taka á sig áhættuna vegna skemmda og kostnaðinn við geymsluna. Ég þekki fjölda heimila hér í bænum, sem gera aðalkartöflukaup sín að haustinu. Að menn vilja taka á sig áhættuna og kostnaðinn, sem af því leiðir, byggist á því tvennu, að íslenzku kartöflurnar falla betur í smekk manna hér og að framleiðslan er of lítil. Íslenzku kartöflurnar eru ekki á boðstólum allan ársins hring; þær hverfa af markaðinum fljótlega úr nýárinu, og heldur en að sætta sig við að vera án þeirra kosta margir til þess að birgja sig upp. Þetta hefir mikið að segja fyrir framleiðendurna. En þegar að því kemur, að innlenda framleiðslan nægir fyrir neyzluþörfina í landinu, þá er engin hvöt til þess lengur fyrir neytendurna að birgja sig upp, því þá hafa þeir aðgang að því að kaupa þessa vöru allan ársins hring. Þar með fellur yfir á einhvern annan aðila þetta stóra hlutverk, sem ég get ekki séð, að neinn sé líklegur til að taka að sér í augnablikinu. Til þess þarf bæði fjármagn og undirbúning. Í þessu felst það, sem oft hefir verið talað um hér á Alþingi, að ríkið þyrfti að stuðla að því að koma upp kartöflugeymslu. Á slíkum ráðstöfunum er ekki þörf meðan neytendurnir taka að sér að geyma kartöflurnar.

Á því, að menn vilja heldur innlendu kartöflurnar, byggist það einnig, að innlendu fram-

leiðendurnir fá hærra verð fyrir sína framleiðslu heldur en borga þarf fyrir útlendar kartöflur á íslenzkum markaði. Þetta er ákaflega stórt atriði í þessu máli. Hér er allt öðru máli að gegna heldur en þegar um er að ræða sölu t. d. kjöts og mjólkur á innlendum markaði, sem meiri hluta þings hefir þótt ástæða til að skipta sér af með allróttækum ráðstöfunum. Ég heyrði ekki á ræðu hv. frsm. landbn., að þeim, sem að frv. standa, væri þetta atriði ljóst. En ég álít, að menn verði sérstaklega að gera sér ljósa grein fyrir því, að eins og sakir standa er fyrir kartöfluframleiðendur í landinu það bezta ástand, sem fengið verður, og hætt er við, að það breytist þeim til óþurftar, ef kartöfluframleiðslan eykst til verulegra muna, jafnvel þó hún aukist ekki svo, að hún fullnægi neyzluþörfinni. Hér er því verið að hugsa um neytendur, þó frv. virðist eiga að vera til að vernda framleiðendur, eins og látið hefir verið í veðri vaka, að hin skipulagsfrv. svokölluðu ættu að vera vegna neytendanna; hér skýtur því nokkuð skökku við. Ef einhver breyt. verður vegna þessarar löggjafar, þá verður hún önnur en virðist vera ætlazt til og sést á yfirborðinu, þegar frv. er lesið. Því það næst varla hvorttveggja í senn með sömu ráðstöfunum, að framleiðslan aukist og verðið hækki eða haldist í svipuðu horfi og nú er. Mig skyldi ekki undra, þó sá yrði fljótlega árangur þessarar löggjafar, að kartöfluframleiðendum þætti lakar af stað farið heldur en heima setið, að láta ekki eðlileg viðskiptalögmál og tilfinningu framleiðendanna sjálfra ráða hvernig fer á hverjum tíma um framleiðslu þessarar vörutegundar, sem er þess eðlis, að auka má framleiðslu hennar mjög ört og sömuleiðis draga úr henni eftir því, hvernig hverjum framleiðenda lízt á markaðshorfurnar.

Frsm. (Bjarni Ásgeirsson) óyfirl.: Hv. þm. Vestm. er nú ekki viðstaddur, svo ég skal ekki vera fjölorður um það, sem fram kom hjá honum, en þó ætla ég að minnast á örfá atriði.

Hv. þm. var aftur með þá meinloku, að Búnaðarfélag Íslands hefði ekki gengið jafnvel og skörulega fram sem forsvarsmaður bænda í kartöflusölumálunum eins og við hefði mátt búast. Eins og ég benti honum á, er þetta reginmisskilningur. Það er ekki á verksviði Búnaðarfél. eða þess vegum að beita sér fyrir verzlun, hvorki með landbúnaðarafurðir né annað. Hitt er verksvið þess, að leiðbeina bændum um tilraunir og alla starfsemi, sem að framleiðslunni lýtur, og það hefir það gert á þessu sviði sem öðrum. Það hefir meira að segja, án þess nokkur lög mæli svo fyrir, oft látið ríkisstj. í té allar fáanlegar upplýsingar um kartöflurækt og kartöflusölu í landinu, og það mun það gera framvegis eins og frv. gerir ráð fyrir, en forgöngu í kartöfluverzluninni getur það ekki haft með höndum.

Þá var hv. þm. að tala um, að í frv. væru engin jákvæð atriði, nema ákvæðið um farmgjöld með ströndum landsins. Ég skil þá ekki, hvaða ástæðu hv. þm. hefir til að mæla svo öfluglega á móti frv. eins og hann gerir, ef ekkert er nýtt í því, sem áhrif hefir, nema þetta eina atriði, sem hann er í sjálfu sér fylgjandi.

Þá talaði hv. þm. um, að eins og nú stæðu sakir væri ekki til í landinu svo mikil kartöfluframleiðsla, að nægði öllum landsmönnum. Það er vitanlegt, að hér er verið að vinna fyrir framtíðina. Það er ætlazt til, að þessi löggjöf, sú hvatning og sá stuðningur, sem í henni felst, verði þess valdandi, að áður en langt um líður verði ræktað það mikið af kartöflum í landinu, að ekki þurfi að sækja mikið út yfir pollinn.

Um niðursoðnu mjólkina vil ég gefa hv. þm. þær upplýsingar, að bændur fá ekkert hærra verð fyrir þá mjólkurframleiðslu, sem fer til niðursuðunnar, heldur en þá, sem unnið er úr skyr, smjör og ostar, svo engin ástæða er til að telja það eftir, þó þeir sitji einir að markaðinum í þessari grein. Það er sýnilegt, að þeir nota ekki þá aðstöðu til þess að auðga sig fram yfir aðra bændur, sem selja mjólkurafurðir í landinu. Hitt er rétt hjá hv. þm., að dósamjólkin er í hærra verði á innlenda markaðinum heldur en fá mætti hana fyrir frá útlöndum. En sama má segja um fleiri landbúnaðarafurðir. Smjör og jafnvel kjöt mundi vera hægt að fá ódýrara frá útlöndum, t.d. ef það væri flutt frá þeim löndum, sem mala hluta af framleiðslu sinni í gúanó o. fl. o. fl. Á þeim tímum, sem nú eru, er ekki alltaf réttlátt, þegar um verð á innlendri framleiðslu er að ræða, að vitna til þess, fyrir hvaða verð megi fá sömu vöru á heimsmarkaðinum. Því vitanlega er mikið af heimsmarkaðsverðinu hreint og beint „dumping". Margar vörur eru í millirikjaviðskiptunum seldar fyrir miklu lægra verð heldur en heima í löndunum, þar sem þær eru framleiddar. Þetta er óheilbrigt verðlag, sem ekki er rétt að miða við.

Hv. 5. þm. Reykv. vil ég svara með örfáum orðum. Yfirleitt er ekki ástæða til að fara langt út í hans mál, því hann talaði ekki mjög hvasst á móti málinu. En honum þótti einkennilegt við þessi skipulagsfrv., að það ætti að skipuleggja sölu vörutegunda, sem of mikið væri framleitt af í landinu, og svo kæmi hér líka frv. um að skipuleggja sölu vörutegundar, sem of lítið væri framleitt af. En hann þarf ekkert að undrast þetta, því vitanlega er undirstaða allrar skipulagningar á framleiðslu sú, að revna að auka framleiðslu og sölu þeirrar vöru, sem of lítið er af, en aftur á móti leita nýrra markaða fyrir þá vöru, sem of mikið er af í landinu. Í þessu er ekkert ósamræmi, aðeins það, sem gengur og gerist í allri skipulagningu.

Þá var hv. þm. að hræðast það, að af þessu frv. mundi leiða verðfall á kartöflum, ef það annars hefði nokkur áhrif. Hér skýtur nokkuð skökku við það, sem aðrir hv. þm. hafa haldið fram, að frv. leiddi til óeðlilegrar verðhækkunar. Í þessu er ekki gott samræmi, og býst ég við, að nokkuð sé ofsagt hjá báðum aðilum. Hitt er rétt, að svo mikil getur framleiðslan innanlands orðið, að framboðið skapi verðfall á innlenda markaðinum. En við eigum víst nokkuð langt í land með að svo verði, og þegar svo er komið, má búast við, að hið lága verð komi til

með að bremsa nokkuð framleiðsluna, svo að framboðið yrði hæfilegt.

Það mun vera rétt hjá hv. þm., að til þessa hefir það töluvert tíðkazt, að neytendur geymi sjálfir kartöfluframleiðsluna að meira eða minna leyti. Þó eru það ekki nærri allir, því fyrir fjölda neytenda er þannig háttað, að þeir hafa ekki húsnæði né peninga til þess að birgja sig upp, hvorki af þessari vöru eða annari. enda er vitanlegt, að mjög margir kaupa kartöflur aðeins eftir hendinni. En hvað viðvíkur möguleikum fyrir geymslu kartaflna í stórum stíl, þá býst ég við, að þeir séu fyrir hendi. Ég man, að Búnaðarfél. var falið ekki fyrir löngu að rannsaka möguleikana fyrir að geyma hér íslenzkar kartöflur, og því bárust mörg tilboð um geymslupláss hér í bænum, að vísu ekki stór, en það stór þó, að í þeim öllum til samans mætti geyma allstóran forða. Og ég efast ekki um, að þær verzlanir, sem tækju að sér að verzla með þessa vöru, mundu leita uppi þær geymslur, sem til eru, og þegar þær hrykkju ekki lengur, þá er komið að því, að koma þyrfti hér upp tryggri kartöflugeymslu í viðbót. Þetta verður reynslan að leiða í ljós. Þetta frv. er tilraun til umbóta. Það má vel vera, að það sýni sig, að það verði að nokkru liði, en þurfi þó um að bæta síðar, og þá er tími til að færa það út, eftir því sem reynslan sýnir þörf á. Vænti ég, að hv. þm. fallist á að hleypa þessu máli áfram svo fljótt, að það geti orðið að lögum á þessum hluta þingsins.

Pétur Halldórsson (óyfirl.): Það þarf ekki að vera neitt ósamræmi í því, þó haldið hafi verið fram, að hvorttveggja geti leitt af þessu frv., verðhækkun um stundarsakir, ef takmarka á innflutninginn án þess að framleiðslan í landinu aukist að sama skapi, og svo hitt, þegar frv. hefir náð tilgangi sínum, að þetta snúist við til hagsbóta fyrir neytendurna. Það er ekki rétt af hv. frsm. landbn. að láta líta svo út, að þessi rök stangist, þau geta hvortveggja haft við fulla skynsemi að styðjast.

Hv. frsm. virtist viðurkenna það stóra atriði, að kartöfluverzluninni er hagað þannig nú, að neytendurnir sjá framleiðendum fyrir kapitali og taka á sig áhættuna við að geyma vöruna með því birgja sig upp að haustinu. En ef hv. frsm. telur þetta einskis virði og engu máli skipta, þá fyndist mér, að hann ætti að bera fyrir sig einhverjar upplýsingar, helzt einhverjar tölur, sem sýna, hvernig þessu er háttað eins og er. Enda er slíkt frv. sem þetta ekki frambærilegt, nema einhverjar slíkar upplýsingar um málið liggi fyrir. Hvað er kartöfluframleiðslan mikil í landinu nú, og hvað kemur mikið af henni á markaðinn? Hvað mikið af því, sem framleiðendur þannig nota ekki til heimilisþarfa, kaupa neytendur til þess að geyma sem forða til ársins, og hvað mikið af því er selt í smásölu? — Einn af þeim, sem að frv. standa, sagði í ræðu sinni áðan, að innlenda framleiðslan væri yfirleitt ekki á boðstólum nema fram eftir haustinu. Og ég held, að það sé rétt, að hún hverfi af markaðinum a. m. k. fyrir nýár. Hvað þýðir það? Það er einmitt örugg sönnun fyrir því, að íslenzku framleiðsluna kaupa aðallega þeir, sem sjálfir geyma kartöflurnar heima hjá sér. Og ef svo er, að meginið af íslenzku framleiðslunni er keypt á uppskerutímanum og geymd þannig, hvað mikils virði er það fyrir framleiðendurna? Um þetta allt teldi ég nokkurs virði að fá upplýsingar.

Hv. frsm. sagði, að það ætti mjög langt í land, að innlenda framleiðslan fullnægði þörfinni innanlands. Ég veit ekki, við hvað þetta hefir að styðjast; engar tölur hafa verið nefndar í því sambandi, nema að það væru um 300 þús. kr., sem almenningur greiddi til útlanda fyrir kartöflur. Það hefir ekki verið upplýst, hvað mikið kartöflumagn hefir verið flutt inn fyrir þessa upphæð. En mér er nær að halda, að þar sem þessi vara er ekki vandframleidd í voru landi, þá geti, með hvatningu og aðstoð ríkisvaldsins, mjög bráðlega borið að því, að landsmenn fullnægi sjálfir neyzluþörfinni innanlands, og því er mjög hætt við því, að þau stóru hlunnindi, sem framleiðendurnir hafa nú, hverfi.

Það má enginn láta sér detta í hug, að neytendur fari að birgja sig upp af þessari vöruteg und, þegar hún er höfð á boðstólum mikinn hluta árs. Nú eru kartöflurnar seldar mest á haustin, og þegar kemur fram undir nýár, eru íslenzkar kartöflur alls ekki til. Þetta hefir reynslan sýnt. Og það er svo stórt atriði, að landbn. verður að gera sér grein fyrir, hvers eðlis þessi framleiðsla er.

Ef framleiðslan eykst, eins og ég hefi lýst, þá hverfur þar með nauðsynin fyrir neytendur að birgja sig upp af þessari vöru fyrir árið. Og þegar framleiðslan þannig eykst, svo að hún selst ekki öll að uppskerunni lokinni, þá hlýtur að koma að því, eins og hv. frsm. lýsti, með þessu bröltí ríkisvaldsins, að það verður að taka að sér að sjá fyrir geymslu á kartöflunum. Það tekur kannske líka að sér áhættuna af skemmdum vörunnar. Mér dettur ekki í hug að halda, að einstakir borgarar taki þetta hlutverk að sér, sem annarsstaðar í heimi er í höndum borgaranna, þegar yfir vofir bráðlega, að ríkið slær fæti undan frelsi þeirra í þessum efnum og setur upp geymslur eða kartöflukjallara. En þá verður ríkið líka að taka áhættuna af kartöflugeymslunni og verzluninni í landinu. Og það getur tekizt misjafnlega. Með geymsluna hefir oft tekizt óheppilega, vegna sjúkdóma, sem herja okkar íslenzka kartöflustofn. Ég held, að það sé vafasöm ráðstöfun ríkisvaldsins að ætla að létta ábyrgð af neytendunum, en verða að tryggja framleiðendum eitthvert lágmarksverð fyrir vöruna, og taka sjálft að sér geymslu og áhættu, sem er undir svo mörgu komin, eins og t. d. veðurfari, sem ekki framleiðendur og jafnvel ekki Alþ. ræður yfir. En kannske kemur bráðum frv. um það, að stjórnin treysti sér til að sjá um veðurlag í landinu.

Frsm. (Bjarni Ásgeirsson) (óyfirl.): Ég sé ekki að það komi þessu máli við, þó að neytendur hafi keypt kartöflur á haustin. Hv. þm. segir, að menn hætti að birgja sig upp fyrir árið á haustin, þegar þeir geta fengið vöruna allt árið.

En kartöflur eru, eins og öll saisonvara, ódýrastar nýlega eftir uppskeruna, og því er ábati fyrir menn að kaupa sem mest af þeim á haustin. Þessi ábatahugsun verður jafnlifandi eftir sem áður. En þrátt fyrir þetta er ekki nema lítill hluti kartaflnanna seldur á haustin, því að allur þorri neytenda hefir hvorki ráð á því né húsakynni til þess að birgja sig upp með vöruna.

Ég hefi ekki sagt, að það yrði langt í land, þangað til þjóðin gæti í þessari framleiðslugrein fullnægt þörf sinni. Ég hefi sagt, að það yrði ekki langt þangað til svo mikið yrði framleitt, að verðið yrði miklu lægra. Í framtíðinni hlýtur að fara svo, að verðið þokist niður smám saman, og ætti þetta frv. að stuðla að því. Í þeirri von, að svo gæti orðið, greiði ég atkv. með frv., og vona ég, að hv. þm. geri slíkt hið sama.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
2.—6. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 18 shlj. atkv.

Á 30. fundi í Nd., 16. marz, var frv. tekið til 3. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 31. fundi í Nd., 18. marz, var frv. tekið til 3. umr. (A. 99, 146, 151, 163, 174).

Of skammt var liðið frá útbýtingu brtt. 163 og 174. — Afbrigði leyfð og samþ. með 18 shlj. atkv.

Jóhann Jósefsson (óyfirl.): Það eru aðeins örfá orð í framhaldi af því, sem ég sagði hér við 2. umr. um þetta mál.

Ég vil leyfa mér að benda á það, að á þskj. 163 hefi ég flutt brtt., sem miðar að því að tryggja það, að einhverju leyti a. m. k., að verð á innlendum kartöflum haldist hóflegt þrátt fyrir innflutningshömlur á samkeppnisvörum. Þessi brtt. miðar að því að gefa atvmrh. heimild til þess, í viðbót við þær heimildir, sem í frv. eru, að setja hámarksverð á innlendar kartöflur, ef ósk kemur fram um það frá þeim aðilum, sem ég tel, að líklegastir séu til þess að bera slíka ósk fram, sem sé félag matvörukaupmanna í Rvík. En lagt er til, að áður en hámarksverðið sé sett, skuli leitað álits Búnaðarfél. Ísl. og Verzlunarráðsins. Tel ég Verzlunarráðið geta skoðazt frekar sem umboðsmann neytenda og þeirra, sem verzla með vöruna, en Búnaðarfél. sem umboðsmenn bænda, sem framleiða þessa vöru.

Ég skal ekki hafa um þetta fleiri orð. Það var nokkuð um þetta rætt við 2. umr. málsins og hvers vegna það væri nauðsynlegt, að ákvæði sem þetta kæmist inn í l. Vona ég, að flestir hv. þm. geti orðið mér sammála í þessu.

Pétur Ottesen: Það er fyrir mér eins og hv. þm. Vestm., sem síðast talaði, að ég þarf ekki að fara mörgum orðum um brtt. mínar á þskj. 151, því að þær eru fram komnar í framhaldi af því, sem ég sagði hér við 2. umr. um málið, og þá sérstaklega um 1. gr. frv. Mér þykir allt of vægt til orða tekið í 1. gr. eins og hún er nú, þar sem ekki er kveðið nægilega fast að orði um, að ekki skuli leyfður innflutningur á kartöflum á þeim tíma árs, sem nægilegar birgðir eru fyrir í landinu sjálfu. Með þessu, að nægilegar birgðir séu til í landinu sjálfu, ætlast ég til, að enginn þurfi að fara varhluta af því að ná í þessa vöru, sem hennar vill á annað borð neyta, þótt takmarkanir séu á innflutningnum frá útlöndum, og það miklar. Þennan skilning á að leggja í brtt. mínar, að alls ekki skuli leyfður innflutningur á þeim tíma árs, sem nægar birgðir eru í landinu sjálfu.

Um 2. lið 1. gr., sem ég legg til, að alveg verði felldur niður, er það að segja, að ég færði rök fyrir því, að hann mætti mjög auðveldlega skilja þannig, að þegar verð er ákveðið t. d. að hausti til, skyldi taka tillit til markaðsverðs erlendis, en eins og kunnugt er, þá er markaðsverð á þeim tíma svo lágt erlendis, að með öllu væri ómögulegt að framleiða kartöflur hér á landi með því verði. Þetta gæti því orðið til þess, að svo lágt verð yrði sett á kartöflframleiðslu landsmanna, að hún fengi með engu móti staðizt, í stað þess, að þessar ráðstafanir eiga að verða til þess að ýta undir hana. (BÁ: Ég sé ekki, að hv. þm. leggi til, að þetta verði fellt niður). Jú, það stendur í brtt., að liðurinn skuli orðast um, og ég veit, að hv. þm. Mýr. áttar sig strax á þessu, þegar hann athugar frv. Þrátt fyrir það, að ég felli þarna niður þessa ákvörðun verðsins, sem gert er ráð fyrir að fari fram á svo óheppilegan hátt, þá vil ég alls ekki ganga framhjá því, að hafa heimild til þess að ákveðið sé hámarksverð á kartöflum, ef það kemur í ljós, að innlendir framleiðendur ætla að fara að misnota þá aðstöðu, sem þeir hafa þegar þeir sitja einir að markaðinum.

Það hefir nokkuð verið rætt um innflutningsbannið á niðursoðinni mjólk í þessu sambandi, og út af því, sem hv. þm. Vestm. sagði hér við 2. umr. málsins, að ráðh. hefði ekki notað það vald, sem hann hefði til þess að hlutast til um verðið á mjólkinni, þá er það síður en svo, að það sé rétt hjá hv. þm. Verðið var ákveðið í samráði við innflutnings- og gjaldeyrisnefnd, sem ráðh. fól fyrir sína hönd að hafa eftirlit með því, að hámarksverð væri ákveðið. Enda ætla ég, að hv. þm. Mýr. hafi upplýst það hér við 2. umr., að það er síður en svo, að þeir, sem láta mjólkina í niðursuðu, beri meira úr býtum en aðrir, sem leggja mjólk inn í mjólkurbúin og selja svo mjólkina beint til neytenda eða vinna úr henni.

Það er svo ekki fleira, sem ég þarf að segja um þessar brtt. mínar, en út af hámarksverðstill. hv. þm. Vestm., þar sem hann fer inn á þetta sama efni og ég, að heimila ráðh. að setja hámarksverð á kartöflurnar, þá ætlast hann til, að ráðh. grípi því aðeins til heimildararinnar, að fram komi óskir um það frá félagi matvörukaupmanna í Rvík. Mér virðist þetta vera næsta veik vörn fyrir neytendur gegn háu verði á kartöflum, og veikari en ég geri ráð fyrir, því að ég get með engu móti skilið, að hægt sé að líta á matvörukaupmenn í Rvík sem sér-

staklega vel fallna til þess að gæta hagsmuna kartöfluneytenda í þessu efni. Ég tel því réttara að láta ráðh. hafa þetta með höndum og bera á því fulla ábyrgð, því að með þessu móti getur hann skellt allri skuldinni á matvörukaupmennina. Ef þeir láta ekkert frá sér heyra, þá þarf ráðh. heldur ekkert að gera. Nei, það er betra að láta ráðh. vera þarna ábyrgan gagnvart neytendum og gæta þess, að ekki sé sett of hátt verð á vöruna, og einnig á hann auðvitað að sjá um, að ekki sé farið óhæfilega langt í því að skera niður verðið fyrir framleiðendum. Ég held því, að hv. þm. Vestm. ætti að geta fallizt á till. mína í þessu efni við 3. gr., hvort sem hann svo getur fellt sig við brtt. mínar að öðru leyti. Ég hygg, að það, sem við viljum báðir, sé eins vel tryggt með minni brtt. og hans.

Ég hefði viljað fara nokkrum orðum um brtt. á þskj. 174, frá hv. þm. V.-Húnv., en þar sem hann hefir ekki enn talað fyrir þeim, þá ætla ég að sleppa því þangað til síðar.

Hannes Jónsson (óyfirl.): Það er eins með þessar brtt. mínar og þær till., sem þegar hefir verið talað hér fyrir, að ég hreyfði þessu máli við 2. umr. og þarf því ekki að fara um þetta mörgum orðum að sinni.

Brtt. mín við 1. gr. gengur í svipaða átt og brtt. hv. þm. Borgf. Ég legg til, að felldur verði niður síðari málsl. fyrri málsgr., en læt ordalagið halda sér á fyrri málsl. eins og frá því er gengið hjá landbn. Þessi síðari málsgr., sem tryggir það, að verð á kartöflum fari ekki fram úr því, sem hóflegt þykir, er svo varhugaverð að mínu áliti, að ekki getur komið til mála að láta hana standa óbreytta eins og hún nú er fram sett í frv., því að um það getur alltaf orðið ágreiningur, við hvaða markaðsverð á að miða, þegar taka á tillit til hins erlenda markaðs. Nú vil ég benda á það, að í fyrra varð að leyfa innflutning á kartöflum, ekki með tilliti til þess, hvaðan var hagkvæmast að kaupa þær, heldur hvaðan hægt var að fá þær vegna gjaldeyrisins, og svo varð að flytja inn frá löndum, sem seldu þessa vöru 50% dýrari en hægt hefði verið að fá þær, hefðu viðskipti öll verið frjáls. Það er því fullkomin ástæða til þess að reyna að auka svo þessa innlendu framleiðslu, að slíkum kjörum þurfi ekki að sæta í framtíðinni. Innflutningur á kartöflum hefir numið um 25 þús. tunnum og hefir verið að verðmæti um 370 þús. kr. undanfarin ár. Ég hygg því, að af þessum ástæðum sé ekki hægt að óttast, að verð á kartöflum hækki svo fyrir þær ráðstafanir, sem hér eru gerðar, að tilefni sé til að gera slíkar ráðstafanir um hámarksverð sem ætlazt er til í frv., því að það liggur í augum uppi, að á þessum tímum, þegar mikill skortur er á erlendri „valutu", verður innflutningsnefndin að skera niður innflutning á þeim vörum, sem nokkur vegur er að vera án. Og þegar innlendar kartöflur eru nægar á markaði hér, þá myndi nefndin haga sér eftir því og alls ekki leyfa innflutning frá útlöndum. Þessi lagaákvæði um takmörkun eða bann við innflutningi eru því alveg þarflaus. En ég hefði ekkert á móti þessum takmörkunum, ef ekki fylgdi böggull skammrifi, nfl. að gera ráðstafanir til þess að halda verðinu niðri langt fram um það, sem ástæða er til. Miðað við t. d. Noreg eða Danmörku mundi verð á þessari vöru verða mjög lágt, miklu lægra en t. d. í Þýzkalandi.

Þá er það síðari málsgr. 1. gr. frv., sem ég hefi viljað orða nokkuð um, og er það í samræmi við það, sem ég hélt hér fram við **2. umr.**, að miða innflutningsleyfin á kartöflum við það magn af síðasta árs framleiðslu, sem hlutaðeigandi innflytjendur hafi haft til sölumeðferðar á hverjum stað. Ég hefi viljað miða þetta sem ákveðnast og mest við þessa reglu, til þess að tryggja það, að þeir, sem hafa haft sölumeðferð kartaflna með höndum, reyni að ná í sem mesta innlenda framleiðslu, og bændur gætu á þann hátt fengið góðan og skjótan markað fyrir vörur sínar. Það hefir viljað standa í vegi fyrir framleiðslu kartaflna, að menn hafa átt örðugt með að geyma þær svo að ekki kæmist skemmd í þær, en flestir kartöfluinnflytjendur hafa góð geymsluþláss og eiga því auðvelt með að geyma allmikið magn. Myndi þá framleiðslan fljótt seljast úr sveitunum, og hið opinbera losnar þá við þann kostnað, sem menn hafa verið að ráðgera að leggja í með byggingu eða leigu geymslukjallara.

Þá er 2. brtt. mín. Þar legg ég til, að bætt verði við nýrri gr. á eftir 4. gr., er felur í sér, að leggja skal 1 kr. gjald á hverja tunnu innfluttra kartaflna, og renni það í sjóð, er nefnist garðræktarsjóður. Eftir því, sem innflutningurinn hefir verið, myndu árlegar tekjur sjóðsins verða um 25 þús. kr. Ætlast ég svo til, að úr þessum sjóði verði framleiðendum greiddar allt að 3 kr. fyrir hverja tunnu, eftir till. Búnaðarfél. Ísl., og yrðu það einskonar framleiðsluverðlaun til bænda frá hinu opinbera. Verkar þetta svipað og till. hv. 1. þm. Árn. myndi gera, ef samþ. yrði. Þar sem ég legg til, að verðlaun þessi séu greidd fyrir framleiðslu, sem seld er út úr framleiðsluhéraðinu, þá er það gert með tilliti til þess, að á innanhéraðssöluna fellur svo lítill kostnaður, að ekki verður hann tilfinnanlegur á móts við það, ef senda þarf kartöflurnar á fjarlæga markaði. Ég hygg, að fyrst um sinn yrði nægilega mikið fé til í garðræktarsjóði til að greiða framleiðendum 3 kr. á tunnuna.

Þetta eru þá þær aðalbreyt., sem ég legg til. Ég hefi rökstutt þær með reynslu undanfarinna ára í kartöfluverzluninni. Það er þegar sýnt, að ekki er hægt að haga sér með innflutning kartaflna eftir því, hvaðan menn telja hagkvæmast að kaupa þær, heldur verður að kaupa þær þar, sem möguleikar eru á því vegna gjaldeyrisins. Og þegar við getum ekki hagað innkaupunum á þessari vöru eins og neytendunum er hagkvæmast, þá er ekkert undarlegt við það, þótt takmörkun verði gerð á innflutningnum og að slíkar takmarkanir jafnvel leiddu til einhverrar verðhækkunar á kartöflunum. En við erum orðnir svo háðir örðugleikum viðskiptanna, að við verðum að fara eftir því, hvar gjaldeyririnn leyfir innkaupin, en ekki fyrst og

fremst eftir því, hvar hagkvæmast væri að verzla með tilliti til verðsins eins.

Bjarni Bjarnason: Brtt. á þskj. 146 er flutt vegna nauðsynjarinnar á því að hvetja menn til aukinnar kartöfluframleiðslu í landinu, þar sem vitað er og margyfirlýst, að sú kartöfluframleiðsla, sem nú er, nægir ekki þörfum landsmanna, hvergi nærri. Í öðru lagi er gefið nokkurt tilefni til þess, að kartöflur, sem fluttar eru landveg, séu styrktar, þar sem frv. gerir ráð fyrir, að flutningsgjald skuli að hálfu falla niður af þeim kartöflum, sem fluttar eru með ströndum fram, á skipum skipaútgerðar ríkisins. Virðist því ekki ósanngjarnt, að landflutningar njóti og nokkurra fríðinda frá ríkinu. Nú er á það að líta, að kartöfluframleiðsla er ótrúlega dýr, og gæti því orðið henni mikill stuðningur að fá nokkurn hluta flutningskostnaðar greiddan. Ég veit, að margur myndi telja það borga sig að framleiða kartöflur, þótt ekki yrði hagnaðurinn meiri en sem næmi ríkisstyrknum, 3 kr. á tunnu. Má því líta svo á, að þessi styrkur sé til þess að draga úr framleiðslukostnaðinum. Þó að margir haldi, að það sé auðvelt að rækta hér kartöflur, þá er það ekki svo. Jarðvegur er víða svo ófrjósamur, að það eru ótrúlega mikil útgjöld við kartöfluræktunina víða hér á landi.

Ég vildi svo mega vænta þess, að till. þessar nytu skilnings hv. þdm. og næðu fram að ganga.

Sigurður Kristjánsson [óyfirl.]: Ég skal ekki endurtaka neitt af því, sem ég sagði við 2. umr. þessa máls. Ég gerði þá grein fyrir því, hvers vegna ég væri á móti frv. En ég skal þó taka það fram, að ég gæti frekar fylgt frv. eins og það kom fram í fyrstu heldur en ef brtt. þær, sem fram eru komnar, yrðu samþ.

Hv. þm. hafa heyrt það, sem hv. þm. V.-Húnv. sagði, að honum virtist enginn vafi á því, að þessar takmarkanir á innflutningi kartaflna í 1. gr. frv. myndu ekki ná lengra en takmarkanir þær, sem myndi leiða af gjaldeyrisvandræðunum. Ég skal nú ekki leggja neinn dóm á þetta, en það kemur heim við það, sem ég sagði, að gjaldeyrisvandræðin myndu vera nægilegar hömlur á innflutninginn.

Ég vil svo aftur snúa mér að málinu, sem hér liggur fyrir. Það er eðlileg leið að hlynna að þeim mönnum, sem kartöflur rækta, með því að létta á einhvern hátt undir með þeim, og þá allra helzt, hvað geymslustaði og flutninga snertir. Það væri a. m. k. miklu nær heldur en að hækka verðið, eins og þetta frv. mun gera. Það er vitanlegt, að það er ekki framleitt hér í landinu nándarnærri eins mikið af kartöflum og nauðsynlegt er vegna heilsu fólksins. Það er því bráð nauðsyn að flytja inn mikið af kartöflum. En þessar innflutningshömlur munu aðeins verða til þess, að varan hækkar í verði og að það verður neytt minna af kartöflum en nauðsynlegt er fyrir heilsu fólksins.

Það hafa áður komið fyrir Alþ. till. um að koma upp geymslustöðum í kaupstöðum, og myndi slíkt létta mjög fyrir innlendum kartöfluframleiðendum, og gæti það orðið mönnum aukin hvöt til kartöfluræktunar. En í þessu frv. er ekki á slíkt minnzt, og þykir mér þar vera farið aftan að siðunum. Hitt er auðvitað rétt, að reyna að létta flutninginn á sjónum, en ég skal taka það fram, að till. á þskj. 146 er mjög fjarri réttu viti.

Ég veit ekki betur en flutningar á landi úr nágrannasveitum Rvíkur, og það alla leið austur að Markarfljóti, kosti ekki meira en útskipun og uppskipun á kartöflum á höfnum víða um land. Þeir, sem á landi flytja, þurfa því ekki að borga meira en þeir, sem flytja á sjó, þó að hinir síðarnefndu fengju flutningsgjaldið endurgreitt. En þegar aðeins er um landflutning að ræða á útsölustaðinn, þá losna menn við að borga vörugjald, uppskipunar- og útskipunargjald. Það er auðvitað ekki hægt að hneykslast á því, þó þm. úr nágrannakjördæmum Rvíkur beri fram till. eins og þá, sem er á þskj. 146, af umhyggju fyrir kjósendum sínum. En ég vil þó vekja eftirtekt á því, að þegar gerðar eru ráðstafanir, sem almenningur á að borga, þá verða þær að ganga jafnt yfir.

Ég þarf ekki að fara nákvæmlega út í einstök atriði, því eins og ég hefi tekið fram áður, er mín aðstaða þannig, að ég er á móti málinu í heild. Í stað þess að hlynna að kartöfluframleiðendum með því að létta undir með flutningum á sjónum og hjálpa mönnum til þess að selja í félögum, á hér að stofna til aukinnar kartöfluræktar með því að gera vöruna svo dýra, að það hljóti að vera arðvænlegt að rækta kartöflur, hversu illa sem það er gert. Þetta kemur auðvitað hart niður á vöru, sem fólkinu er eins nauðsynleg og kartöflur.

Ég sé, að hv. þm. V.-Húnv. hefir tekið upp till., sem ég sagði við 2. umr., að ég myndi geta fylgt, en það er að leggja ákveðinn verndartoll á vöruna, og er það ólíkt betra heldur en að koma á háspennuverði með því að banna innflutning á kartöflum, og koma þannig á nokkurskonar einokun, eða þá að gefa örfáum mönnum aðstöðu til þess að flytja inn kartöflur.

Frsm. (Bjarni Ásgeirsson) [óyfirl.]: Ég vil fara nokkrum orðum um brtt. þær, sem fram hafa komið við frv. Ég skal þá taka það fram fyrir hönd n., að hún álítur, að þær myndu flestar verða til spillis á frv., og sumar eyðileggja það alveg, ef samþ. yrðu.

Ég kem þá fyrst að brtt. á þskj. 151 frá hv. þm. Borgf. Ég skal skjóta því fram, áður en ég kem að hinum einstöku brtt., að það var rangt hjá mér, að hv. þm. Borgf. vildi fella niður ákvæðið um heimildina í frv. Hann vill aðeins taka fyrir innflutninginn, þegar nægar birgðir eru fyrir í landinu. Það má kannske segja, að þetta sé ekki stórt atriði. En það, sem vakti fyrir n., var, að heimild væri til þess að flytja inn kartöflur einhversstaðar á landinu. Eins og kunnugt er, er kartöfluframleiðslan misjöfn víða á landinu, því þó að framleiðslan sé nægileg t. d. á Suður- og Vesturlandi, þá geta verið aðrir staðir, þar sem hún er ekki nægileg. Það er því eðlilegt að flytja á þá staði þegar á

haustin, því það er kostnaðarsamara að flytja fyrst á einhvern annan stað, og svo á hina staðina síðar. Þó að það sé bannað að flytja vöruna á ýmsa staði, þá er heimilt að leyfa að flytja hana á staði, þar sem ræktunin er ekki nægileg, en fyrir það er girt, ef brtt. hv. þm. Borgf. yrði samþ.

Þá er ákvæðið, sem hann vill fella niður. Það gæti komið til mála að fella það niður, ef brtt. frá hv. þm. Vestm. yrði samþ. En það er sú eina brtt., sem ég vildi mæla með, að væri samþ., og í sambandi við hana vildi ég mælast til, að samþ. væri a-liður 1. brtt. frá hv. þm. V.-Húnv. Ef sú till. næði því að verða samþ., þá væri heimilt að setja á hámarksverð. Þá væri líka rétt að fella niður síðari málsgr. 1. gr. í frv., þar sem sama vakir fyrir hvorutveggja. En ég legg ekki svo mikla áherzlu á, að nauðsynlegt sé að gera ráðstafanir til þess að hamla upp á móti verðhækkun á innlendum kartöflum. Ég hefi bent á það áður, að meginhluti þeirra kemur á markaðinn á sama tíma, og því litlar líkur til þess, að verðið hækki. En ég vil gera þetta til samkomulags við þá menn, sem óttast verðhækkun og vilja tryggja það með l., að neytendurnir þurfi ekki að sæta verðhækkun á vörunni. Ég vil því leggja til, að brtt. frá hv. þm. Vestm. og a-liður 1. brtt. hv. þm. V.-Húnv. verði samþ.

Þá kem ég aftur að brtt. frá hv. þm. Borgf. — Þá er það brtt. við 3. gr. frv. Hann vill láta fella hana alveg niður eins og hún er frá hendi n., en í staðinn vill hann láta koma ákvæði um, að landbrh. sé heimilt með reglugerð að setja hámarksverð á innlendar kartöflur. Ákvæði í 1. gr. frv. er sama eðlis og þetta, sem tryggja á með þessari brtt. við 3. gr., en það er að gera ráðstafanir til þess að koma í veg fyrir okur. En ef till. frá hv. þm. Vestm. verður samþ., þá er ekki ástæða til þess að samþ. þessa brtt. Það, sem ég vil helzt setja út á hana, er, að með henni á að fella niður þann vísi til mats, sem nú er í frv. Það var mjög rætt um það í n., hvort ekki skyldi koma með fyllri ákvæði um mat á innlendum kartöflum, því það, sem helzt getur orðið til þess að auka söluna, er trygging fyrir því, að vara sú, sem á boðstólum er, sé góð. Í frv. er ekki gert ráð fyrir öðru en vísi til mats, þar sem gert er ráð fyrir, að gefin skuli út reglugerð um það, hvernig varan eigi að vera til þess að hún geti talizt boðleg. Svo er og ákvæði um að setja upprunamerki á allar kartöflur, nema þær, sem seldar eru beint til neytenda, og er með því settur spori á innlenda framleiðendur til þess að gera sér far um að auka álit og útgengilegleika vörunnar. (**PO**: Þetta er misskilningur hjá hv. þm., því það er aðeins ákvæðið um sektina, sem ég vil fella niður). Ég býst við, að þetta sé rétt hjá hv. þm. og bið hann afsökunar á þessum misskilningi.

Þá er það ákvæðið um að fella niður sektina og orða þetta í einu lagi. Við gerðum ráð fyrir mismunandi háum sektum, eftir því hvort um væri að ræða lögin eða reglugerðina, og lögðum við lægri sekt fyrir brot á reglugerðinni. Ég verð að halda því fram, að þessi brtt. myndi verða til skaða á frv., ef hún væri samþ. Það er rétt að hafa flokkun á þessu og setja önnur ákvæði um sekt fyrir brot á reglugerðinni en l.

Þá skal ég víkja að brtt. á þskj. 174, frá hv. þm. V.-Húnv. Ég hefi rætt um a-lið 1. brtt. og get lagt til, að hann verði samþ., ef till. frá hv. þm. Vestm. nær samþykki. Þá kem ég að b-lið 1. brtt., sem er um það, að síðari málsgr. 1. gr. frv. orðist þannig: „Innflutningsleyfum á kartöflum skal úthluta í réttum hlutföllum við það magn af innlendum kartöflum af síðasta árs framleiðslu, sem hlutaðeigandi innflytjendur hafa haft til sölumeðferðar á hverjum stað". Þetta er strangari orðun á samskonar hugsun og kemur fram í frv. n., og tel ég réttara að samþ. frekar till. n., því það er ekki hægt að fylgja þessu ákvæði út í æsar. Við skulum t. d. segja, að beiðni um innflutning á kartöflum komi frá 2 stöðum, önnur úr Rvík, en hin frá Þórshöfn. Þá má vitanlega gera ráð fyrir, ef hlutfallstalan ein á að gilda, að þá sé það sama sem ekkert, sem manninum á Þórshöfn er heimilt að flytja inn á móts við þann, sem er í Rvík, en það er ekki þar með sagt, að hann þurfi hlutfallslega jafnt og sá í Rvík. Svona smáagnúar heflast frekar af, ef gr. er orðuð eins og n. leggur til. En það er auðvitað hið sama, sem vakir fyrir báðum.

Þá er það 2. brtt. frá hv. þm. V.-Húnv., sem er um það, að ný grein komi aftan við 4. gr., svo hljóðandi. „Leggja skal sérstakt gjald á allar innfluttar kartöflur, sem nemi 1 kr. á hverja tunnu, og rennur það í sjóð, sem nefnist garðræktarsjóður. Skal honum varið til þess að greiða framleiðendum, samkv. tillögum Búnaðarfél. Ísl., allt að kr. 3 fyrir hverja tunnu af kartöflum, sem framleiddar eru til sölu út úr héraðinu. Búnaðarfél. Ísl. hefir stjórn sjóðsins með höndum, og skal hann ávaxtaður í Búnaðarbanka Íslands".

Ég get að vissu leyti verið sammála hv. þm. í því, að rétt væri að taka tillit til þess, að allar þjóðir eru að leggja tolla á aðfluttar vörur, og gæti auðvitað það, að leggja toll á erlendar kartöflur, orðið til styrktar innlendri framleiðslu. En ég býst við, að ef þetta væri samþ. núna, þá myndi það frekar verða til þess að hamla málinu, og legg ég því til, að beðið sé með það.

Ég er honum ósammála, þar sem hann vill verja gjaldinu eingöngu til styrktar þeim, sem selja út úr héraði. Þá gætu menn haft hagnað af því að selja allar kartöflur sínar út úr héraði og kaupa svo aftur kartöflur til heimilisnota, því þá fengju menn 3 kr. á hverja tunnu. Gætu menn þannig keypt kartöflur fyrir 3 kr. minna verð en það, sem þeir fengju fyrir kartöflurnar, sem þeir seldu út úr héraði. Það gæti verið hagur að þessu, því flutningskostnaðurinn myndi ekki í öllum tilfellum éta upp þetta gjald. Ég vil með þessu benda á möguleika til þess að nota þetta öðruvísi en ætlað er.

Þá kem ég síðast að till. frá nokkrum hv. þdm., og er sú till. á þskj. 146 og er á þá leið, að aftan við 4. gr. bætist: „Landbúnaðarráðherra er heimilt að greiða kartöfluframleiðendum, er búa í 45 km. fjarlægð eða meira frá

neyzlustað (sölustað) og flytja vöruna landveg þangað, allt að kr. 3.00 styrk úr ríkissjóði á hverja flutta tunnu".

Ég get sagt, að n. er á móti þessu ákvæði, vegna þess ósamræmis, sem í því felst. N. hefir aflað sér upplýsinga um það, hvernig þessu er háttað hér á Suðurlandi. Hér er hægt að fá 2 tonna bíl til þess að fara 100 km. frá Rvík fyrir 48 kr. Með þeim kjörum verður flutningskostnaðurinn 24 kr. á tonnið, ef billinn flytur ekkert aðra leiðina. En ef hann hefir flutning báðar leiðir, þá er kostnaðurinn 12 kr. á tonn. Það er vitanlegt, að þó að till. landbn. verði samþ. þá er ekki unnt að koma flutningsgjaldinu á kartöflum, sem fluttar eru sjóveg, niður úr 25—30 kr. á tonn. Og þegar þar við bætast svo landflutningar, kannske svo tugum km. skiptir, þá er ekkert réttlæti í því að ætla sér að borga til fulls flutningskostnaðinn fyrir nokkra framleiðendur. Ég skal geta þess, að flutningskostnaðurinn úr Borgarfirði mun vera um 30 kr. á tonn, þegar flutt er sjóleiðis. Þar við bætist svo kostnaður við að koma vörunni að sjónum. Ég sé því ekki, að nokkurt samræmi sé í þessari till. og till. n.

Það er líka annað, sem menn verða að leggja áherzlu á, þegar verið er að reyna að greiða fyrir innlendri kartöflufframleiðslu, og það er að reyna að stuðla að því, að framleitt sé þar, sem bezt hagar til, bæði hvað flutning og annað snertir. Þó að það megi með góðum árangri framleiða kartöflur uppskerunnar vegna uppi í miðju landi, þá er ekki rétt að rækta þær þar, *sem svo hagar til, að flutningskostnaðurinn* er meiri en það, að kartöflurnar borgi hann. Þess vegna verður aðstaðan að ráða, hvar varan er framleidd í landinu, og verður það þá vitanlega gert þar, sem framleiðsluskilyrði og flutningsmöguleikar eru beztir. En þessu lögmáli er kippt úr skorðum með því að leggja kvaðir á ríkið um að koma vörunni á markað þaðan sem flutningurinn raunverulega svarar ekki kostnaði og verður jafnvel meiri en verðmæti vörunnar. Hitt er annað mál, þó létt sé undir um flutninga eins og frv. gerir ráð fyrir, enda kostar það ekki beina útborgun úr ríkissjóði, en jafnar þó að nokkru leyti aðstöðumuninn.

Ég hefi þá sýnt fram á, að heppilegast muni vera að fella allar brtt., sem fram hafa komið við frv., því þær eru allar beint eða óbeint til skemmda. Og ef hrúga á inn mörgum vafasömum brtt., eru litlar líkur til, að frv. verði afgr. á þessu stutta þingi. Ég vil því beina því til hæstv. forseta, hvort ekki muni vera rétt að taka málið af dagskrá til morguns, svo þm. geti áttað sig á þeim breyt., sem fram eru komnar og sumar hafa ekki komið fram fyrr en nú á síðustu stundu. Ég býst við, að landbn. geti fallizt á þetta.

Forseti (JörB): Mér hefir borizt skrifleg brtt. frá hv. 9. landsk., og hljóðar hún þannig: „Orðið „verulegrar" í 1. málsgr. 1. gr., á undan orðinu „verðhækkunar", falli burt".

Þessi brtt. er of seint fram komin, og vil ég því leita afbrigða.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 188) leyfð og samþ. með 20 shlj. atkv.

Forseti (JörB): Það hefir komið fram uppástunga um að taka málið af dagskrá nú, en taka það á dagskrá aftur á morgun, og held ég það sé skynsamlegt. En hv. þm. V.-Sk. hefir óskað að tala áður, og hefir hann þá orðið.

Gísli Sveinsson [óyfirl.]: Ég hefði óskað, að málið yrði tekið af dagskrá nú, svo kostur gæfist á að athuga framkomnar till., samræma þær frv., ef hægt er, en fella ella. Ég skal aðeins geta þess út af brtt. um styrk samkv. 4. gr. og brtt. á þskj. 146, sem hv. þm. Árn., hv. 1. þm. Rang. og ég höfum borið fram og blandað hefir verið inn í umr., að sumir hv. þm., sérstaklega þm. Mýr., hafa ekki farið allskostar rétt með þann samanburð. Till. á þskj. 146 gerir ráð fyrir flutningsstyrk allt að 3 kr. á tunnu. Það er hámark. En till.-menn gerðu ráð fyrir, að hann yrði hlutfallslega minni eftir því sem leiðir væru styttri, allt niður í nokkra aura. Þegar tillit er svo tekið til þess, að þeir einir geta notið styrks, sem búa í 45 km. fjarlægð frá sölustað, eru þeir útilokaðir, sem styttra þurfa að flytja. Till. er því fram komin til samræmis við 4. gr., þar sem þeim, sem flytja á sjó, er ákveðin föst ívilnun, með því að skylda skip ríkissjóðs til þess að flytja vöruna fyrir hálft gjald, fyrir alla þá, sem þess geta notið. Og till. fer fram á styrk til þeirra, sem *tilneyddir eru að flytja landleiðina*, svo að það vegi nokkuð salt á móti. Þó er hér ennfremur að athuga, að farmgjöld á sjó eru til muna lægri enn flutningsgjöld á landi, og þeir standa því alltaf verr að vígi um að framleiða kartöflur, sem búa langt frá sjó og þurfa að byrja á dýrum landflutningum. Það ætti því fyrst og fremst að taka þá til greina, en ef til vill sleppa öðru.

Hv. frsm. landbn. hefir skýrt frá því, að flutningsgjald með skipunum væri nú 3 kr. pr. tunnu, sem eigi að færa niður í kr. 1.50 fyrir alla jafnt. Þegar nú er tekið tillit til þess, að menn austan, vestan eða norðan af landi geta komið tunnunni hingað til Rvíkur fyrir 3 kr., er það ekki mikið borið saman við það, sem landflutningarnir kosta. Ef menn vildu kynna sér það, mundu þeir sannfærast um, að það er nálega 3-falt dýrara að flytja landleiðina austan frá Vík, eða um 8 kr. á tunnu. Hvaða flutninga er svo meiri ástæða til þess að styrkja? Það er alkunnugt, að í V.-Skaftafellssýslu má framleiða næstum ótakmarkað af kartöflum, og í Mýrdalnum, einkum í Vík, eru beztu kartöflur, sem við fáum, ef útsæði er gott, — hvorki Akranes eða Eyrarbakki þola þar samanburð. Mun þetta liggja mikið í því, að jörð er þar sendin og sáðlandið liggur þar sólarmegin undir hömrunum. En þaðan er nú flutningskostnaður 8 kr. á tunnu. Ég tel ekki vafa á, að V.-Skaftfellingar mundu framleiða kartöflur í stórum stíl, ef ekki væri ókleift að flytja þær vegna kostnaðar, að ég ekki tali um, ef jafnt væri og á sjónum. Þessum héruðum eru því alveg bjargir

bannaðar um að framleiða kartöflur, nema styrkur verði veittur til flutninganna.

Taxtinn mun nú vera: frá Ölfusá 2 kr. pr. tunnu, frá Rangárvöllum 3 kr. pr. tunnu, frá Eyjafjöllum 5 kr. pr. tunnu og frá Vík 8 kr. pr. tunnu.

Þegar talað hefir verið um, að allir ættu að fá flutningsstyrk 3 kr. pr. tunnu, er það misskilningur; hann á að vera í hlutföllum við vegalengd, mestur 3 kr. frá Vík og niður í 50—75 aura frá Ölfusá.

Ef þeir, sem búa á Eyrarbakka og geta flutt á sjó, fá helmings afslátt farmgjaldi, hví skyldu þeir, sem búa í Ölfusinu, ekki einnig fá styrk, þó þeir flytji landleiðina? Það nær ekki neinni átt að binda það við sjóinn einan.

Það hefir réttilega verið á það bent, að aðaltilgangur þessa frv. eigi að vera sá, að styðja aukningu framleiðslunnar á þessu sviði, enda þarf hún að vera svo rifleg og góð, að hún fullnægi landsmönnum.

Ég skal svo ekki fjölyrða frekar um málið nú, en óska eftir, að því verði frestað.

Umr. frestað.

Á 32. fundi í Nd., 19. marz, var fram haldið 3. umr. um frv. (A. 99, 146, 151, 163, 174, 188, 199).

Hannes Jónsson [óyfirl.]: Landbn. hefir nú haft þetta mál til meðferðar síðan í gær og tekið út nokkrar af þeim brtt., sem liggja fyrir. og borið þær fram á sérstöku þskj., 199. Landbn. hefir fallizt á fyrri stafl. a. í brtt. minni. Ég get því gjarnan tekið hana aftur, úr því að landbn. hefir óskað eftir að setja á sérstakt þskj. till., sem hún vill bera fram.

En út af b-lið brtt., við seinni málsgr. 1. gr., verð ég að taka fram nokkur atriði, sem frsm. landbn. hefir auðsjáanlega misskilið í gær. Till. er um það, hvernig skuli úthluta innflutningsleyfum til þeirra, sem verzla með kartöflur. Eins og hv. þdm. hafa tekið eftir, er till. mín ákveðnari heldur en gr. eins og hún er frá landbn. Ég vil láta einskorða innflutningsleyfi við það vörumagn, sem innflytjendur hafa af innlendum kartöflum til sölu á hverjum stað. (**JJós**: Hver á að segja til um það?). Það liggur nokkurn veginn fyrir, hvað menn hafa til sölu af innlendri framleiðslu, og það er óskaplega auðvelt að fá upplýsingar um það efni.

Hv. frsm. landbn. misskildi ákvæði þessarar brtt. minnar, því að hann hélt, að lagður yrði til grundvallar hinn mismunandi innflutningur á hinum ýmsu stöðum, og tók þar til samanburðar Þórshöfn og Reykjavík. En nú er það ekki innflutningur á þessum tveimur stöðum eða sala á innlendum kartöflum, sem ákveður hlutfallið á milli innflutnings hjá þessum tveimur mönnum, sem við hugsum að verzli í Reykjavík og Þórshöfn, heldur sölumagnið hjá þeim út af fyrir sig á hvorum staðnum. Ég skal að vísu játa, að ég legg ekki neitt afarsterka áherzlu á þetta atriði, en þó tel ég rétt að hafa þetta eins og ég hefi lagt til.

En hin brtt., á þskj. 174, er svo þýðingarmikil, að ég álít hana undir engum kringumstæðum mega falla niður, — sérstaklega þar sem landbn. leggur nú til, að 4. gr. frv. verði felld burt, þar sem skylduákvæði er gagnvart skipaútgerð ríkisins, að skipaútgerðin flytji kartöflurnar milli hafna fyrir hálft gjald. Þar sem þessi gr. á að falla niður, sé ég ekki annað en að nauðsyn beri til að taka upp ákvæði eins og í 2. brtt. felast. Og ég skal segja hv. þm. það, sem ógjarnan vilja einkasölu á kartöflum og er heldur ekki geðfellt að fá þetta ákvæði, að ef þetta verður fellt, þá kemur einkasala — og það áður en langt líður, og þá eru þeir komnir í það verra fenið — eftir þeirra eigin skoðun.

Hér er að tala um lítilfjörlegt gjald á innfluttar kartöflur, sem nemur 1 kr. á hverja tunnu og á að verja til framleiðanda, svo að það verki eins og flutningsstyrkur myndi gera. Ég hefi verið að athuga lítils háttar um innflutning á kartöflum og framleiðslu í landinu sjálfu. Og það er sýnilegt eftir þeim skýrslum, sem fyrir liggja síðan 1920, að telja má, að á seinni árum — síðan 1928 — hefir neyzlan í landinu verið rúmar 60 þús. tunnur, og af því verið flutt inn um 20 þús. tunnur og upp í 25 þús. Hitt er framleiðsla í landinu sjálfu, eða um 35—40 þús. tunnur árlega. Nú er ekki gott að segja, hvað mikið af þessari innlendu framleiðslu kemur á sölumarkað, en sennilegast þykir mér eftir skýrslunum, að það sé ekki meira en 10 þús. tunnur; getur verið, að það sé minna. Framleiðendur sjálfir hafa mikinn meiri hl. til heimanotkunar hjá sér. Mundi því einnar kr. gjald á tunnu nema 2—3 kr. á hverja tunnu, sem látin er til sölumeðferðar, eins og sakir standa. En eftir þessum skýrslum mundi 40—50% aukning á framleiðslunni vera nægilegt til að fullnægja þörfinni.

Þegar þessi mikli gjaldeyrisskortur á sér nú stað, þá er ekki alveg ástæðulaust að reyna að fyrirbyggja, að út úr landinu fari mikið á 4. hundrað þús. kr. árlega fyrir vöru, sem hægt er að framleiða í landinu sjálfu, og kannske ekki miklu dýrari en við verðum — a. m. k. síðastl. ár — að sækja þær til annara landa, sem ekki eru hagstæð að því er verðlag snertir, vegna gjaldeyrishamla, sem gerðar voru, og samninga. m. a. við Þýzkaland. Ég verð því að leggja mjög ríka áherzlu á það, að 2. till. verði samþ. Og ég hygg, að a. m. k. þeir þm. Árn., Rang. og V.-Skaft., sem hafa borið fram hér brtt., en hafa nú að ég hygg gengið inn á að taka hana aftur samkv. till. landbn., — ég hygg að þeir og aðrir, sem vilja styðja á þann hátt, sem þeir hugðust með till. sinni, framleiðslu bænda á Suðurlandi, geti ekki gengið á móti till. eins og þessari, sem mundi verka a. m. k. eins mikið til stuðnings við kartöflframleiðslu á þessu svæði eins og þeirra till. gerir. Og ég verð að leggja alveg sérstaka áherzlu á það við þá þm., sem vilja umfram allt losna við einkasölu á kartöflum, að þetta er eina leiðin til þess að aftra einkasölu. Ég fyrir mitt leyti er ekki neitt sérstaklega sólginn í að fá einkasölu á kartöflum. En mér sýnist vera alveg nauðsyn-

legt að gera einhverjar róttækar ráðstafanir til þess að hindra, að innflutningur þurfi að eiga sér stað á þessari vöru, sem vel er hægt að framleiða í landinu sjálfu, bæði vegna hagsmuna framleiðenda sjálfra og ekki síður vegna hagsmuna þjóðarheildarinnar. Því að nú verður ekki séð fram úr, hvernig eigi að fullnægja þörf þjóðarinnar fyrir erlenda „valútu“, — virðist allt vera að komast þar í strand.

Af þessum tvíþættu ástæðum vænti ég, að hv. þdm. fallist á að samþ. till., því að eins og ég hefi þegar tekið fram, ef það er ekki gert og 4. gr. verður felld úr frv., eins og landbn. leggur til, þá er ekkert annað orðið eftir af frv. en samskonar ákvæði og gilt hafa með ákvörðun, sem innflutningsnefnd hefir tekið og starfað eftir á s. l. ári. Ég vil því leggja alveg sérstaka áherzlu á það, að 2. brtt. á þskj. 174 nái samþykki.

Frsm. (Bjarni Ásgeirsson) [óyfirl.]: Ég skal ekki vera margorður, svo að hægt sé að koma málinu af fyrir fundarhlé.

Ég vil vekja athygli hv. þd. á, að landbn. á brtt. á þskj. 199. Í þeim er ekkert nýtt, því að þær eru allar bornar fram áður, en n. þótti rétt, eftir að hún hafði átt viðtal við flm. hinna till., að setja þær till. saman á eitt þskj., sem n. var nokkurn veginn sammála um ásamt flm., og taka aftur að öllu eða mestu leyti aðrar þær till., sem lágu fyrir í gær.

Þær till., sem n. varð sammála um að flytja, er þá fyrst till. frá hv. þm. V.-Húnv. um að fella niður þann lið í frv. n., sem átti að vera til að tryggja, að verð á kartöflum yrði ekki óhæfilega hátt við bann það, sem 1. gr. gerir ráð fyrir. En aftur á móti er lagt til að samþ. till. hv. þm. Borgf. um það, að landbúnaðarráðherra sé heimilt með reglugerð að setja hámarksákvæði um verð á innlendum kartöflum, til þess að ná sama takmarki.

Þess ber að geta, að 3. brtt., við 4. gr., er raunar ný brtt., að sú gr. falli burt. Það er ákvæðið um að skylda ríkisskipin til að flytja kartöflur kringum landið fyrir hálft flutningsgjald. Sú till. varð ástæða til þess, að nokkrir þm. komu fram með till. um flutningsstyrk á landi, sem n. gat nú ekki fallizt á, því að hún var nokkurn veginn sannfærð um, að það hefði orðið frv. að falli eða það hefði dagað uppi, alveg á sama hátt og samskonar ákvæði urðu áður þessu máli að tjóni. Þess vegna varð samkomulag við flm. að þessari till. um flutningastyrk á landi, að fella gr. burt gegn því, að þeir taki sína till. aftur. Og þá er lokið því mesta ágreiningsefni við þessar umr.

Hv. þm. V.-Húnv. getur ekki fallizt á að taka sína till. aftur, eins og hv. þm. hafa heyrt; og leggur hann sérstaka áherzlu á að halda fast við 2. gr. brtt. sinna, um það, að leggja sérstakt gjald á útlendar kartöflur til styrktar innlendri framleiðslu. Ég gat þess við umr. í gær, og get gert enn þá, að í sjálfu sér er ég að ýmsu leyti hlynntur þessari hugmynd og mundi vilja fylgja henni í annari mynd. En ég vil ógjarnan binda hana við þetta mál, af hræðslu við það, að þetta gæti orðið til að sigla öllu málinu í strand. Hinsvegar vil ég bjóða hv. þm. að bera fram sérstakt frv. um þetta atriði, sérstakan garðyrkjusjóð, sem ekki þyrfti að vera áhangandi þessu frv. og ekki eiga framlag sitt undir því. (**HannJ**: Getur þm. tryggt því framgang?) Ég mun leggja fram mitt lið, en vil ekki setja allt þetta mál í hættu. Hinu neita ég, sem hv. þm. V.-Húnv. hélt fram, að ekkert væri nýtilegt eftir af frv., ef 4. gr. er felld niður. Fyrst er þess að geta, að það eru ákvæði í l. til tryggingar því, að ekki séu fluttar inn kartöflur, þegar nóg er fyrir. Og þó að þm. vænti, að innflutningsn. muni gera það, þá er samt sá munur á, að þegar þetta er orðið að l., er það alþjóð kunnugt, hver ákvörðun tekin er á þingi. Menn geta þess vegna óhikað lagt í að framleiða kartöflur í stærri stíl, með því að eiga nokkurn veginn tryggan markað að haustinu.

Annað ákvæði á líka að tryggja meiri eftirspurn eftir innlendum kartöflum að haustinu en ella, en það er um að binda innflutningsleyfi því skilyrði, að menn hafi verzlað í stórum stíl með innlendar kartöflur. Ennfremur er ákvæði um það, að Búnaðarfél. Ísl. hafi til allskýrar skýrslur um það, hvað mikið sé til af kartöflum á hverjum tíma; og það er stórt spor í þá átt, sem hér stefnir í.

Í þriðja lagi er vísir til kartöflumats, sem ekki er til nú. En það er eitt af undirstöðuatriðum þess, að efla eftirspurn eftir íslenzkum kartöflum. Því meiri trygging er fyrir því, að um góða og í alla staði boðlega vöru sé að ræða. En ég fer ekki lengra út í það mál, en vænti, að hv. deild sjái sér fært að samþ. brtt., sem n. er sammála um að flytja, og svo frv. sjálft, til þess að það verði að l. á þessum hluta þings.

Jóhann Jósefsson [óyfirl.]: Ég held það hafi verið hv. þm. Borgf., sem sagði eitthvað í þá átt, að ég mundi geta tekið aftur brtt. mína, sem mælir fyrir um það, eftir hverra beiðni og með hvaða atburðum landbúnaðarráðherra geti sett hámarksverð á kartöflur. Hv. þm. ætlast til, að ég fallist á till. hans í þessu efni.

Eftir að hafa hugsað um þetta mál, og þó sérstaklega eftir að hafa heyrt af munni hv. þm. Borgf., hvernig ráðh. hefir farið með samskonar heimild í l. um einkasölu á mjólk, þá get ég ekki fallizt á, að þetta orðalag, að landbúnaðarráðherra sé „heimilt“, sé nein trygging fyrir því, að heimildin verði notuð, jafnvel þótt mikil þörf sé á. Eftir að ég hafði haldið því fram, að innlend dósamjólk mundi vera seld hér 7—8 kr. hærra verði en samskonar eða hliðstæð vara þeirri, sem hægt er að fá frá útlöndum, þá lýsti hv. þm. Borgf. yfir því, að í þeirri löggjöf, sem heimilar einkasölu á innlendri dósamjólk og bannar innflutning slíkrar vöru, sé ráðh. lögð í hendur samskonar heimild með samskonar orðalagi og hér er um að ræða. En framkvæmdin hafi verið sú, að ráðh. mundi hafa sett þetta í hendur innflutnings- og gjaldeyrisn. — með þeim árangri, sem sýnilegur er, að þessi mjólk er seld svo óhæfilega dýrt sem raun ber vitni um. Hér þykir mér því vera

hallað mjög á hag neytenda í landinu, og að ráðh. eða þeir, sem eiga að framkvæma þetta fyrir hann, hafi algerlega vanrækt þá skyldu, sem lög leggja honum á herðar í þessu efni, ef l. fela í sér slíka skyldu samkv. orðalaginu.

Þeir, sem þess vegna bera nokkuð hag neytenda fyrir brjósti, geta alls ekki fellt sig við orðalag á till. samhljóða öðru ákvæði í núgildandi l. um aðra framleiðsluvöru, ákvæði, sem hefir í framkvæmdinni ekki gildi. Það er sem sagt látið viðgangast, að þessi vara sé seld óhæfilega dýrt, án þess að yfirvöldin hreyfi legg né lið. Ég tel, að með minni till. sé gerð ákveðin og ýtarleg tilraun til þess að tryggja rétt neytenda, þar sem gert er ráð fyrir, að ákveðnum félagsskap hér í Reykjavík, stærsta neyzlustaðnum, Félagi matvörukaupmanna, sé gefið umboð til þess að vera á verði í þessu efni og krefjast af ráðh. ákvæðis um hámarksverð, þegar úr hófi þætti keyra kartöfluverðið. Það er sýnu tryggilegra, að einhver aðili sé til, sem hafi að lögum rétt til að gera slíka kröfu. Og ég sé ekki, að hentugra sé að hafa þennan rétt í höndum annara manna, sem verzla með þessa vöru. Hinar till., að hámarksverð sé ákveðið að heyrðum till. Verzlunarráðsins og Búnaðarfél., þykir mér líklegt, að hv. þdm. geti fallizt á.

Þess vegna er það, að ef hv. þdm. vilja stefna þessu máli á þann veg, að það sé ekki rekið sem einhliða hagsmunamál fyrir framleiðendur, þá er rétt, samkv. þeim upplýsingum, sem fyrir liggja, að samþ. þá brtt., sem ég hefi borið fram.

Eftir þeim upplýsingum, sem fyrir liggja, er eðlilegast að álykta það, að brtt. 'mín skuli verða samþ., ef hv. þdm. vilja, að sú stefna sé höfð í þessu máli, að það sé ekki knúð fram sem einhliða hagsmunamál framleiðenda þessarar vöru. Af þessum ástæðum sé ég mér ekki fært að taka brtt. mína aftur, og ég ímynda mér, að hv. þm. Borgf. sjái, að ég hefi rétt fyrir mér. Hann mun manna bezt skilja, hvaða ástæður að því liggja, að ég ákveð svo, þegar hann er búinn beint og óbeint að sýna fram á, að samskonar orðalag í annari löggjöf hefir enga þýðingu í framkvæmdinni.

Ég læt þess vegna atkv. skera úr um það, hvort á að líta til beggja aðilja í þessu efni, eða hvort á að reka aðeins málefni annars aðilans.

Pétur Ottesen: Áður en ég vík að ræðu hv. þm. Vestm. skal ég taka það fram, að ég tek aftur fyrri hl. af brtt. minni, þ. e. a. s. það af brtt., sem hv. n. hefir tekið upp. Hann þarf því ekki að koma undir atkv. Geri ég það af því, að ég hefi skilið n. þannig, að 1. gr. frv., eins og það nú er, eigi að breyta þannig, að á þeim tíma, þegar nóg er til af kartöflum í landinu, verði ekki leyfður innflutningur á kartöflum, sem komið geti í bága við það, að hægt sé að selja þær innlendar kartöflur, sem fyrir eru til í landinu, og að þannig eigi að keppa að því, að við getum sem fyrst orðið sjálfum okkur nógir um framleiðslu þessarar vöru.

Út af orðum hv. þm. Vestm. vil ég taka það fram, að niðursoðin mjólk erlend, sambærileg við innlenda niðursoðna mjólk, er alls ekki 6—7 kr. ódýrari kassinn, eins og þessi hv. þm. vildi vera láta bæði nú og fyrr. Þar er munurinn ekki nema 1—2 kr. samkv. upplýsingum frá kaupmönnum, sem ég nú alveg nýlega hefi aflað mér. En sú niðursoðna erlenda mjólk, sem fæst fyrir 6—7 kr. minna verð kassinn en sú íslenzka, er alls ekki sambærileg við þá íslenzku. Við vitum það frá þeim tíma, þegar flutt var inn mikið af niðursoðinni mjólk, að þá voru ódýrari tegundir hennar raunverulega alls ekki mjólk, heldur blöndun á vatni og mjölefnum, sem vitaskuld eru miklu ódýrari efni en mjólk og hafa miklu minna næringargildi.

Út af því, sem hv. þm. Vestm. sagði um það, að lélega hefði verið framkvæmt af hendi ráðh. eftirlit um, að ákvæðin um hámarksverð niðursoðnu mjólkurinnar væru haldin, ætla ég að segja það, að þessar upplýsingar minar um verðmun á sambærilegri erlendri og innlendri niðursoðinni mjólk, sýna, að þessu ákvæði hefir verið fylgt nokkuð strangt eftir. Og þar við bætist, að ég get gefið þær upplýsingar, að þeir, sem leggja mjólk inn í mjólkurbú þetta, hafa fengið 14—16 aura fyrir hvern mjólkurlítra, og þetta verð, ekki hærra en það er, byggist þó ekki eingöngu á niðursoðnu mjólkinni, heldur á því einnig, að framleiðendur geta notað rjómamarkað hér í Reykjavík, ella mundi útkoman verða enn lakari. Og ég vil benda hv. þm. á það, að þegar talað er um þennan verðmismun, þá verður líka að líta á það, að það eru íslenzku atvinnuvegirnir, sem okkar tilvera byggist á. Ef þeir eru reknir þannig, að þeir geti ekki borið sig, þá er okkar tilvera sem sjálfstæðrar þjóðar hreint og beint úr sögunni í framtíðinni.

Ég ætla, að þessar upplýsingar nægi til þess að sanna, að niðursoðin mjólk er ekki seld hér með óhæfilega háu verði.

Sigurður Einarsson: Ég hefi borið hér fram örstutta brtt. á þskj. 188. Það hefir viljað svo til, að slæðzt hefir inn í prentun brtt. prentvilla, þar sem stendur „verðlækkunar“ en á að vera: verðhækkunar. — Getur þessi villa auðveldlega valdið misskilningi, og læt ég því þessa getið.

Þessi brtt. er í því fólgin, að orðið „verulegrar“ í 1. mgr. 1. gr., á undan orðinu „verðhækkunar“ falli burt, þannig að þessi setning gr. verði á þessa leið: „Þó skal þess gætt, að ganga eigi svo langt í takmörkun innflutnings á erlendum kartöflum, að hún leiði til verðhækkunar á þeim til neyzlu í landinu, miðað við verðlag undanfarinna þriggja ára á sama tíma, og með hliðsjón af erlendu markaðsverði.“

Ég hefi litið svo á, síðan þetta mál kom fram hér í hv. d., að það væri fyrst og fremst tilraun til ráðstafana til þess að hagnýta betur þann markað, sem kynni að vera fyrir þessa innlendu framleiðslu í landinu heldur en við höfum hingað til gert, en alls ekki, að l. ættu að fela í sér neinar ráðstafanir, sem gera

mundu þessa nauðsynjavöru almennings dýrari en verið hefir. Það er vitað og þekkt mál, að fyrir fjölda fólks bæði hér í Reykjavík og víða við sjávarsíðuna úti um land eru kartöflur ein hin allra þarfasta og hollasta fæðutegund, sem fólk á völ á, og ein af þeim fáu fæðutegundum, sem það hefir ráð á að afla sér. Ég verð því að líta svo á, ef nokkur smuga verður á þessari löggjöf, sem nota mætti til þess að hækka verðið á vörunni frá því, sem annars mundi verða, að þá sé verið að ráðast á mjög viðkvæman punkt í daglegri lífsafkomu almennings, sem kaupir kartöflur. En jafnsjálfsagt og það er að gera mönnum ekki erfiðara um kaup á þessari neyzluvöru en þarf að vera, jafnsjálfsagt er einnig hitt, að gera ráðstafanir til þess að hagnýta til fulls möguleikann til þess að selja innlenda kartöfluframleiðslu.

Ég mun líta svo á, ef brtt. þessi verður ekki samþ., að þá sé það vottur þess, að þessu frv. sé ætlað beinlínis að gera vöruna dýrari en hún hefir verið að undanförnu, sem kemur þá niður á neytendum. Og þó að svo sé til orða tekið, að þess skuli gætt „að ganga eigi svo langt í takmörkun innflutnings á erlendum kartöflum, að hún leiði til verulegrar verðhækkunar á þeim til neyzlu í landinu", þá er þetta orð „verulegrar" svo teygjanlegt orð, að neytendum getur fundizt það veruleg verðhækkun, sem framleiðendunum þykir kannske mjög óverulegt. Og þegar menn getur greint á um það, eins og komið hefir fram hér í hv. d. fyrir skemmstu, hvort 6—8 kr. sé verulegur verðmismunur á kassa af niðursoðinni mjólk, þegar litið er á gæði þeirrar vörutegundar, þá verð ég að líta svo á, að mjög geti orðið um það deilt, hvenær eigi að álíta, að um verulega verðhækkun sé að ræða í þessu sambandi.

Enda ég svo þessi orð mín með því að láta í ljós, að ég vona ákveðið, að brtt. mín verði samþ.

ATKVGR.

Brtt. 174,1.a—b teknar aftur.
— 199,1 samþ. með 19:1 atkv.
— 188 kom ekki til atkv.
— 163 felld með 15:9 atkv.
— 199,2.a—b samþ. með 24 shlj. atkv.
— 151,1—3 teknar aftur.
— 199,3 samþ. með 19:2 atkv.
— 146 tekin aftur.
— 174,2 felld með 14:6 atkv.
— 174,3 kom ekki til atkv.
— 199,4 samþ. án atkvgr.

Frv., svo breytt, samþ. með 20:6 atkv. og afgr. til Ed.

Á 30. fundi í Ed., 20. marz, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 212).

Á 32. fundi í Ed., 22. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv. og til landbn. með 10 shlj. atkv.

Á 34. fundi í Ed., 25. marz, var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 35. fundi í Ed., 26. marz, var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 212, n. 258).

Frsm. (Bernharð Stefánsson): Það er ekki margt um þetta mál að segja. Landbn. leggur til, að frv. verði samþ. óbreytt. Þó skrifa 2 nm. undir nál. með fyrirvara, og gera þeir að sjálfsögðu grein fyrir því, í hverju sá fyrirvari er fólginn. Engar till. eru fram komnar við frv. þetta, og hefi ég því ekki fleira fram að taka, en legg til, að frv. verði samþ. og vísað til 3. umr.

Jón Baldvinsson [óyfirl.]: Mér finnst mikil nauðsyn á, að gerðar séu ráðstafanir til, að hægt verði að selja innlendar kartöflur svo snemma, að skemmdir nái ekki að grafa um sig í birgðunum, því það er vitanlegt, að innlendu kartöflurnar hafa ekki verið afsettar nægilega fljótt. Þess vegna tel ég nauðsynlegt, að gerðar séu ráðstafanir til að skipuleggja sölu þeirra á þann hátt, að tryggt verði, að þær séu boðnar og keyptar óskemmdar og í góðu ásigkomulagi. Hitt er vitanlegt, að margar innlendar kartöflutegundir eru ekki góðar og skemmast eftir stuttan tíma. Þarf því, meðan ekki tekst að vanda meira til kartöfluframleiðslunnar, að eyða þeim fyrst, og að því leyti er sjálfsagt að setja löggjöf sem þessa.

En þess ber vel að gæta, að það má ekki iþyngja kaupstöðunum með því að takmarka svo innflutning á kartöflum, að verðið hækki óeðlilega eða skortur verði á þeim. Á þetta þó sérstaklega við um þá staði, þar sem lítil kartöflurækt er og erfitt er að rækta kartöflur, eins og t. d. Siglufjörð. Að vísu eru samgöngur þangað ekki ótíðar, en það má ekki hafa þessi ákvæði of þröng. Álít ég, að 1. gr. frv. mætti missa sig, og vildi ég fá að vita hjá hæstv. landbrh., ef hún á að standa, hvernig hann hugsar sér framkvæmdir, því varlega verður að fara í innflutningsbann, sem bæði getur þýtt óeðlilega hátt verð á vörunni eða skort.

Það ætti ekki að líða langt um þar til Íslendingar rækta sjálfir nægilegt af kartöflum, en það er ekki enn, og framleiðslan er sérstaklega óviss, og sérstaklega þó vegna skemmda. Líður skammur tími frá því kartöflurnar eru teknar upp og þar til þær eru eyðilagðar af skemmdum, eða svo hefir a. m. k. mörgum kaupendum reynzt hér í Rvík. Því er það alveg rétt, að kartöflur séu merktar svo rekja megi upphaf skemmdanna, og að sjálfsögðu ætti að fara fram á mat á þeim.

Ég var að segja, að 1. gr. væri óþörf, sérstaklega þegar þess er gætt, að ríkisstj. getur lagt fyrir gjaldeyrisn. að takmarka innflutning vissra vörutegunda um lengri eða skemmri tíma, og er óþarft að herða á því valdi. Vildi ég beina því til hæstv. landbrh., að framkvæmd þessa ákvæðis verður að vera varleg, ef vel á að fara.

Þá er annað atriði í 1. gr. frv., 2. málsgr., sem er dálítið varhugavert, þ. e. að veita þeim kaup-

mönnum, sem verzlað hafa með íslenzkar kartöflur áður, sérstaklega leyfi til innflutnings á kartöflum. Þeir eru sjálfsagt margir, sem verzlað hafa með innlendar kartöflur, en aldrei með útlendar, en eftir reglum þeim, sem ríkisstj. hefir látið fylgja l. um gjaldeyrisverzlun, njóta þeir hlunninda um innflutning vörunnar, sem áður hafa flutt hana inn. Þetta ákvæði getur því valdið ruglingi eða þýtt dálitla truflun á áður settum reglum stj. Það þarf enginn að halda, að kaupmenn hafi verzlað með íslenzkar kartöflur í guðsþakkarskyni, heldur af því, að það hefir verið þeim hagkvæmt; þeir hafa haft vöruskipti við framleiðendur þeirra o. s. frv., og þeir gætu haldið þeim viðskiptum áfram án þess að fá sérstök hlunnindi um innflutning erlendra kartaflna, sem hæglega getur valdið truflun, eins og ég hefi áður sagt.

Ég hefði því helzt kosið, að 1. gr. frv. væri felld burt, því aðalefni frv. er í 2. og 3. gr. Hitt hefir ríkisstj. í hendi sér án sérstakra laga. Nú er aðhaldið mjög sterkt, og ég álít frekari lagaákvæði alls ekki þurfa, af því að af þeim gætu hlotizt vandræði, ef þeim yrði beitt stranglega.

Forsrh. (Hermann Jónasson) [óyfirl.]: Þetta frv., sem hér liggur fyrir, er vitanlega fram komið til þess að koma betra skipulagi á kartöfluframleiðsluna í landinu, og þó sölu hennar sérstaklega. Við höfum flutt inn erlendar kartöflur fyrir um 400 þús. kr. á ári, og er því, eins og hver maður getur séð, stór fjárupphæð í innflutningi þessarar vörutegundar, sem unnt er að spara með því að framleiða sjálfir. Auk þess sem það er vitað, að neyzla þessarar vöru er hlutfallslega miklu minni hjá okkur en nokkursstaðar hjá nágrannaþjóðum okkar. Frv. þessu er ætlað að bæta úr ágöllum þeim, sem hafa verið og eru á framleiðslu, meðferð og sölu þessarar vörutegundar, og stuðla ennfremur að því, að auka framleiðsluna frá því, sem nú er, ef takast mætti.

Það er eins og sjá má á þessu frv., að farið er bil beggja með þeirri aðferð, sem áður hefir verið farin í afurðasölumálunum. Ég vænti, að hv. þdm. geti sætt sig við þessa aðferð, sérstaklega vegna þess, að þetta mál er á byrjunarstigi og tilraun, sem er gerð án þess að því sé, að mínu áliti, nokkur áhætta samfara fyrir neytendur eða framleiðendur, en aftur á móti ætti talsvert gagn að geta orðið af þessum lögum.

Það, sem hefir háð langmest sölu á kartöflum innan lands, er tvímælalaust það, að menn hafa ekki getað verið öruggir um, að þeir fái þar sæmilega góða vöru. Ég veit, að nú að undanförnu hafa verið svo miklir kartöflusjúkdómar hér á landi, einkum á Suðurlandi, að menn þorðu blátt áfram ekki að kaupa íslenzkar kartöflur af hræðslu við, að þær væru sýktar og eyðilegðust við geymsluna. Þetta er tíðasta viðbáran, sem heyrist frá þeim neytendum, sem gjarnan vilja kaupa þessa íslenzku framleiðslu. Það er því eitt af því allra nauðsynlegasta af því, sem gera þarf, sem hér er gert ráð fyrir í þessu frv., en það er að koma á mati á kartöflum, mati sérfróðra manna. Og ég vil segja, að það, sem hv. 4. landsk. minntist á í þessu sambandi, það á ekki að vera, ef matsmenn eru vaxnir sínu starfi, nein hætta á því, að þeir geti ekki gengið úr skugga um það við skoðun, hvort kartöflurnar eru sjúkar eða ekki, því að þeir sjúkdómar, sem aðallega koma fram við geymslu, þeirra einkenni koma svo fljótt í ljós eftir að kartöflurnar eru teknar upp, að það er hægt að ganga úr skugga um það með mati. Og ef það matsvottorð er svo látið fylgja kartöflunum, þá er þar með unnin burt sú tortryggni, sem nú ríkir viðvíkjandi þessari íslenzku framleiðslu, og skapaðir meiri möguleikar fyrir sölu. Þetta er eitt af stærstu atriðunum viðvíkjandi þessu frv.

Í öðru lagi hefir sérstaklega verið á það bent, og því beindi hv. 4. landsk. sérstaklega til mín, hvort ekki væri varhugavert að hafa ákvæði 1. gr. eins og frá þeim er gengið. Ég vil segja það viðvíkjandi þessari gr. og viðvíkjandi frv. í heild, að það stendur nokkuð öðruvísi á með það en nokkurt annað frv., sem fram hefir komið um skipulagningu á afurðasölu innanlands, af þeirri sérstöku ástæðu, að framleiðendur og neytendur þessarar vöru eru aðallega sömu stéttar. Eitt af því, sem deilt hefir verið um í sambandi við afurðasölumálið, það eru réttindi framleiðenda annarsvegar og neytenda hinsvegar. Sérstaklega hefir þetta komið fram í kjötsölumálinu og mjólkursölumálinu, þar sem annarsvegar eru bændur sem framleiðendur, en hinsvegar vinnandi fólk við sjávarsíðuna sem neytendur. En mikið af þeirri vöru, sem hér er um að ræða, er framleitt innan kaupstaðanna af verkamönnum sjálfum. Einna stærstir af framleiðslustöðunum fyrir kartöflur eru Akranes, Eyrarbakki og Stokkseyri, því að ennþá er það því miður svo, að bændur hafa yfir svo litlum vinnukrafti að ráða á vorin, þegar mest þarf að vinna að þessari framleiðslu, að þeir geta ekki tekið stór svæði til ræktunar. Þetta er þó nokkuð stórt atriði, þegar um er að ræða þessi ákvæði í 1. gr., og ég verð að segja það, að þegar litið er á frv. í heild, og þegar þess er gætt, að það eru tvennskonar ákvæði viðvíkjandi þessum innflutningi, sem gera þetta alveg áhættulaust fyrir neytendur, fyrst og fremst það, að nægilega mikið verði að vera fyrir hendi af íslenzkum kartöflum, og í öðru lagi að heimilt sé að setja með sérstakri reglugerð hámarksverð á kartöflur, ef álitið er, að verðið fari fram úr því, sem eðlilegt sé, samanborið við verð á erlendum kartöflum, þá verður það ekki sagt, að hér sé svo mikil hætta á ferðum fyrir neytendurna.

Þá er það ákvæði í síðari málsgr. 1. gr., að þeir, sem hafa selt mest af innlendum kartöflum, fái jafnframt leyfi til sölu á erlendum kartöflum, sem samsvari því, sem þeir hafa selt af íslenzkum. Þetta er mikil hvöt fyrir þá, sem verzla með þessa vöru, að selja sem mest af íslenzkum kartöflum, og vel til fundið til þess að greiða fyrir sölu á þessari íslenzku framleiðslu. Og þetta verð ég að segja, að sé líka áhættulaust, því að ef matið er í góðu lagi, þá á að vera fengin trygging fyrir því, að þessi vara, sem seljendur eiga að koma út til hags-

muna fyrir þá, sem framleiða þessa vöru, hún sé í alla staði góð.

Ég held því, að ætti að samþ. þetta frv. eins og það liggur fyrir, a. m. k. mundi ég helzt kjósa það. Og ég vil vænta þess, að hv. 4. landsk. geti fallizt á, að þessi ákvæði 1. gr. eigi ekki að geta skaðað, því að það er vitanlegt, að stj. hefir í sínum höndum vald, sem ræðir um í 1. gr. um innflutningsn., sem vitanlega má nota til þess að takmarka þennan innflutning á aðalmarkaðstímanum, en það er bara miklu einfaldara með því að lögfesta þessi ákvæði 1. gr., en ég held, að þetta sé þó í raun og veru ekkert vald, sem fer fram úr því, sem stj. hefir nú í gegnum innflutningsnefnd.

Sigurjón Á. Ólafsson: Það, sem kemur mér til að segja hér nokkur orð, er meðfram þau ummæli, sem hér hafa fallið, og frv. líka eins og það liggur fyrir. Ég hefi tekið eftir því, að tveir hv. nm. hafa skrifað undir nál. með fyrirvara, og bjóst ég sannarlega við brtt. frá öðrumhvorum þeirra eða báðum, og aðalatriðið er það, að ég vil gjarnan óska, að n. taki málið til athugunar milli umr., því að það er vissulega ýmislegt athugavert við þetta frv. Að vísu verður þetta mikið undir framkvæmdinni komið, en verði þar farið mjög hart í sakirnar, þá getur farið svo, að mörgum finnist þetta frv. hafa fremur gert óleik en gagn.

Það, sem hér vakir fyrir mér, er það, og ég býst við, að þar geti margir orðið mér sammála, að kartöfluverzlun sé einhver sú vafasamasta verzlun, sem hægt er að reka, ekki frekar með íslenzkar en erlendar.

Um það hefir verið talað, að menn væru hræddir við íslenzku kartöflurnar. Þetta er að sumu leyti ekki rétt. Það er svo með kartöflur úr a. m. k. einum stað hér nærlendis, að þær eru í svo miklu áliti hjá öllum almenningi, að þær eru eftirsótt vara, og það er engin hætta á því, að þær verði ekki keyptar svo lengi sem þær eru á boðstólum, og eftir því, sem ég veit bezt, þá er alltaf eftirspurn eftir kartöflum frá þessum stað. En þetta er ef til vill hrein undantekning.

Þá má benda á það, að þótt framleiðslan væri hér það mikil, að hún gæti fullnægt þörfum landsmanna, þá er alls ekki til geymsla fyrir kartöflurnar, en frv. tryggir ekkert í því efni. Ég hefi þá sögu að segja, að hingað hafa verið fluttar kartöflur frá Hornafirði, sem fyrst í stað sýndust mjög góðar, en meðfram af slæmum flutningi á þeim, voru þær orðnar hreinn og beinn grautur, þegar átti að fara að selja þær.

Ég hefi alltaf verið því fylgjandi, að landsmenn væru sínir eigin búmenn um kartöflur. En meðan svo er ekki, verðum við að flytja inn útlendar kartöflur. Ég vil einnig taka undir það, sem hv. 4. landsk. sagði, að ég tel ekki rétt að leggja sérstakar fyrirskipanir fyrir innflutningsn. að því er snertir innflutning á kartöflum. Hæstv. ráðh. lagði líka nokkuð mikla áherzlu á það, að þeir, sem hefðu verzlað með innlendar kartöflur, ættu að fá að verzla með þær útlendu. Ég skal ekki um þetta dæma, en ég býst við, að þeir, sem hafa reynsluna í þessu efni, álíti, að það verði miklu notadrýgra að hafa góða geymslu fyrir kartöflurnar. Mér er vel kunnugt um það, að sumir þeirra, sem við þessa verzlun hafa fengizt, hafa strandað með hana á vanþekkingu sinni, af því að þeir hafa ekki vitað, hvað við átti í þessum efnum. Ég vil því beina því til hv. n., hvort hún sjái ekki ástæðu til að breyta 1. gr. og rýmka þar eitthvað til.

Hæstv. forsrh. hefir lagt mikið upp úr þeim ótta, sem væri hér meðal manna út af því, að innlendar kartöflur kynnu að vera skemmdar, og það er ekki heldur ástæðulaust, því að sýkin í kartöflunum hefir verið meiri en svo, að hægt sé að lækna á einni svipstundu. Auk þess get ég haft það eftir fróðum mönnum, að sumar þær tegundir, sem ræktaðar eru hér á landi, séu erlendis ekki ræktaðar til manneldis, heldur sem skepnufóður. Það er því engin von, að slíkar kartöflur séu útgengileg vara.

Um matið á kartöflunum skal ég engan dóm fella, en mig uggir, að það geti í mörgum tilfellum orðið til falls. Það fer kannske fram þar, sem kartöflurnar eru seldar, og svo liður langur tími þar til þær koma til neytenda, og þá hafa þeir enga tryggingu fyrir því, að þær hafi ekki skemmzt frá því að matið fór fram.

Það hefir verið minnzt hér á ýms kartöflupláss; ég hefi minnzt á Akranes, og það hefir einnig verið minnzt á Eyrarbakka og Stokkseyri. Það er satt, þar er mikil kartöfluræktun, en því miður hefir það oft reynzt svo, þegar menn hafa fyrir sakir kunningsskapar keypt þaðan poka og poka, að kartöflurnar hafa eftir stuttan tíma reynzt stórskemmdar, eða jafnvel með öllu ónýtar. Hvernig á svo að fara að? Það er ekki í annað hús að venda en búðirnar, sem hafa erlendar kartöflur til sölu. Og þá er illt og óráðlegt að stemma stigu fyrir sölu á jafngóðri og algengri fæðu og kartöflurnar eru.

Um hámarksverðsákvæðið vil ég segja það, að mér finnst sjálfsagt, að það sé sett, og þá alveg eins á útlendar sem innlendar, því að það þekkir maður af reynslunni, að þegar er kartöfluekla, þá er verðið á útlendum kartöflum óeðlilega hátt. Þá eru dæmi til, að menn hafa keypt 100 kg. fyrir 40 og jafnvel 50 kr. (ÞÞ: Þær eru útlendar, og þá þykir það gott). Það þykir ekki gott, þó að menn neyðist til að sæta því. Verði á íslenzkum kartöflum hefir aftur á móti verið stillt í hóf, þó að eftirspurn hafi oft verið mikil, sérstaklega þeim, sem öðrum fremur hafa fallið neytendum vel í geð. Verðið hefir oftast verið 10—12 kr. pokinn, og það þykir mönnum ekkert athugavert við, ef um góða vöru er að ræða.

Ég mun greiða atkv. með þessu frv. til 3. umr., en vil vona, að n. beri þá fram brtt., sem tryggja neytendum nægar og góðar kartöflur, en það álít ég, að sé ekki gert eins og frv. er nú.

Þorsteinn Þorsteinsson: Ég þarf ekki að vera langorður um þetta frv.

Hæstv. forsrh. sagði, að þessu frv. væri ætlað að bæta fyrir framleiðendunum á þessu sviði. Ég er nú í dálitlum vafa um það, hvort frv.

verður í raun og veru til þess. Hér er aðeins talað um eina flokkun á kartöflum, sem sé hvort þær séu markaðshæfar. En ef reglulega á að vanda til framleiðslu einnar vöru, þá verður að flokka í tvo, helzt þrjá flokka. Og ég geri ráð fyrir því, að ef aðeins á um það að dæma, hvort kartöflur séu markaðshæfar, þá hugsi menn mest um að rækta þær tegundir, sem vaxa fyrst og verða stærstar, með það þó fyrir augum líka, að þær verði taldar markaðshæfar, a. m. k. á meðan þær eru nýjar. En maður veit það af reynslunni, að þær kartöflur, sem eru fljótari að vaxa, reynast oft lakari til geymslu heldur en hinar.

Annað, sem ég vil vekja athygli á, er það, að í frv. er bannað að flytja inn kartöflur, ef nóg sé til af innlendum kartöflum markaðshæfum, og er þar með sjálfsagt átt við þær kartöflur, sem dæmdar hafa verið markaðshæfar af þar til kvöddum mönnum. En eins og hv. 4. þm. Reykv. tók fram, þá geta kartöflur skemmzt og jafnvel eyðilagzt eftir að vottorðið var gefið. Svo getur verið, að til séu kartöflur, sem mega teljast hæfar, þó að þær séu ekki góðar, og þá á að vera heimilt að banna mönnum að fá aðrar betri.

Ég held, að það sé óheppilegt að banna innflutning á kartöflum, nema þá að það sé tryggt, að nóg sé til í landinu af góðum kartöflum. Vil ég því beina því til hv. n., hvort hún sjái ekki ástæðu til að athuga málið betur til 3. umr.

Magnús Jónsson [óyfirl.]: Ég verð að segja, að ég get ekki séð, hverju á að ná með þessu frv. Mér finnst það vera eitt af þessum alveg einstöku hégómamálum. Það, sem talað er um hér, er það, að það sé óhæfa, að við skulum ekki vera sjálfum okkur nógir um kartöfluræktt, en þurfa að kaupa kartöflur fyrir hundruð þúsunda. En ég sé bara ekki, á hvaða hátt þessu frv. er ætlað að hjálpa þessu við. Ég hlustaði hér á allýtarlega ræðu, sem hæstv. forsrh. flutti, og ég heyrði hann þar ekki minnast á neitt slíkt, nema að neytendur óttuðust skemmdir í íslenzkum kartöflum, og þess vegna gengi sala á þeim ekki eins greiðlega og annars mundi. Nú er mér sagt, að meðan íslenzkar markaðshæfar kartöflur eru á markaðnum, þá séu þær alltaf seljanlegar og engin vandræði að koma þeim út. Hverju á þetta þá að breyta? Hér er ekki gert ráð fyrir neinu, sem örvi þessa framleiðslu. Það eitt, að fluttar eru inn kartöflur, sýnir, að hér er meiri markaður fyrir þessa vöru en sú íslenzka framleiðsla getur fullnægt. Það sýnir, að menn telja það á einhvern hátt ekki borga sig að framleiða þessa vöru. Þetta er því óþarft ákvæði. Ég veit ekki betur en innflutningnefndin sé búin öllu því valdi, sem til þess þarf að takmarka innflutning á kartöflum, eins og hverri annari vöru. Ráðh. getur með einu orði látið n. banna innflutning á kartöflum, enda hefir sá innflutningur verið hindraður, að því er ég bezt veit, þegar nóg var af innlendum kartöflum í landinu. Svo hefir verið felldur niður í hv. Nd. síðari hluti fyrri málsgr. 1. gr. frv. eins og það kom frá landbn. Ég veit ekki, hvers vegna þetta er fellt niður, en ég verð að segja það, að mér finnst það hreinn og beinn glæpur, ef svo langt yrði gengið í því að takmarka innflutning á kartöflum, að það hækkaði verð á þeim eða hindraði það, að almenningur gæti notað þessa ódýru og þörfu vöru.

Þá kem ég að síðari málsgr. 1. gr. Hún er nú svo undarleg, að ég get alls ekki samþ. hana. Þar er sagt, að þegar veitt séu innflutningsleyfi, þá eigi að taka tillit til þess, hvort umsækjandi hafi verzlað með innlendar kartöflur. Hér er um gersamlega nýuppfundna reglu að ræða, og enginn veit, hversu langt þetta tillit á að ná. Hingað til hefir nú verið fylgt þeirri reglu um veitingu innflutningsleyfa, að þau hafa verið veitt í hlutfalli við það, hve hver umsækjandi hefir haft mikla verzlun með þá vöru. Og þetta hefir verið gert til þess að trufla sem minnst verzlunina með hverja vörutegund. Ég sé ekki betur en að þessa nýju reglu geti innflutningsnefnd „praktiserað“ eins og henni sýnist, t. d. þannig, að láta þann mann hafa stærst innflutningsleyfi á vefnaðarvörum, sem unnið hefði eitthvert mikið þjóðþrifastarf, þó hann aldrei fyrr hafi fengizt við verzlun með þá vöru. Með þessu leyfi ætti að veita honum einskonar „dekoration“ fyrir vel unnið starf.

Það getur vel verið, að sá, sem hefir mikið verzlað með innfluttar kartöflur, hafi ekki aðstöðu til þess að ná í innlendar kartöflur til þess að verzla með, og það þarf ekki að vera af því, að sá hinn sami sé óvinveittur innlendri framleiðslu, heldur af allt öðrum ástæðum. Það er athugandi, að margar verzlanir hafa sín ákveðnu sambönd og safna að sér vissum vörutegundum frá vissum stöðum. Þannig getur margar verzlanir skort aðstöðu til þess að grípa inn í verzlun með innlendar kartöflur, þó þær hafi verzlað með innfluttar kartöflur. En spaugilegast af öllu er þó orðalagið síðast í gr., þar sem talað er um, að tekið sé tillit til þess, hvort umsækjandi „hefir lagt sig fram um sölu á innlendum kartöflum“. Á hér að rannsaka hjörtun og nýrun og dæma svo eftir þeim? Á þá ekki einu sinni að fara eftir því, hvað umsækjandi hefir selt mikið af innlendum kartöflum, heldur hvernig hann hefir „lagt sig fram“ við söluna? — Nei, hér er komið út í ógöngur, og mér sýnist mjög óhagkvæmt, ef farið verður eftir öðru en því, hve mikla verzlun hver og einn hefir haft með þessa vöru, því ef vikið er út frá þeirri reglu og innflutningsnefnd tæki upp á því að nota leyfin sem einskonar verðlaun, þá gæti hún alveg eins látið sér detta í hug að veita þeim manni stærstan innflutning á skótaui, sem mestan dugnað hefði sýnt í því að selja hangikjöt fyrir bændur.

Þá er 3. gr. frv. ákaflega undarleg. Þar er talað um, að ráðh. geti sett reglugerð um það, hvernig kartöflur þurfi að vera svo þær séu markaðshæfar, en hvar er svo eftirlitið? Þegar ég kaupi kartöflur, er mér ekki nóg að vita um einhverja reglugerð; ég þarf að vita, hvaða kartöflur mér er óhætt að kaupa og hvort þær hafa verið skoðaðar eða metnar. Og svo þegar farið er að tala um merkingu á kartöflunum, þá er ekki á það minnzt, að setja eigi á þær merki

um það, hvort þær séu markaðsvara eða ekki. Nei, það er nóg að setja á þær upprunamerki, svo kaupandi geti séð, hvort þær eru úr Borgarfirði, Skagafirði eða einhversstaðar annarsstaðar að. Auðvitað tryggir slík merking ekki neitt; hún er nánast eitthvert forvitnisatriði. Þetta upprunamerki er alveg þýðingarlaust. Það, sem þýðingu hefir, er, að kaupendur geti vitað, hvort varan er ósvikin eða ekki.

Síðari málsgr. 3. gr., um heimild ráðh. til þess að setja hámarksverð á kartöflur, tel ég til bóta, þó ég þykist hafa reynt það, að þetta hámarksverð verði venjulega tómt pappírsgagn. Það, sem hér er um að ræða, er held ég það, að enn er ekki fundið púðrið í þessu kartöflumáli, einmitt þetta, að framleiðsla á kartöflum getur ekki aukizt verulega, nema með því að verðið hækki, en slíkt er óhæfa, vegna þess að hækkað verð mundi leiða af sér minnkandi neyzlu. Eina leiðin til þess að auka framleiðsluna væri sú, að verðlauna hana, en ég er ekki viss um, hvort það væri samt sem áður rétt að gera það, þar sem hér er svo örðugt að stunda þessa framleiðslu. Það þarf ekki annað en að hafa séð, hvernig þessi framleiðsla tekur sig út í öðrum löndum. Sjá bændurna t. d. í Ameríku herfa kartöflurnar niður í jörðina á vorin með tveimur hestum og heljarstórum verkfærum, skipta sér svo ekkert af þessu yfir sumarið, fara svo á haustin með sína hesta og plóga og plægja slík ógrynni af auðæfum upp úr moldinni, að það sýnist næstum takmarkalaust. Ef arfi kemur í garðana yfir sumarið, þá er farið með heljarstór verkfæri yfir kartöfluakrana. Það er ekki verið að hirða um það, þó að ein og ein planta farist, þetta sýnist næstum því verðlaust. Og bændurnir þurfa ekki að binda sig við vissar tegundir af kartöflum; þeir geta valið þá tegund, sem þeim sýnist. Tíðarfarið leyfir allt þar, í stað þess, sem einn hv. samþm. minn sagði mér, að í sínu héraði þyrftu bændur að velja hinar verri tegundir til ræktunar, af því þær næðu beztum þroska. Ég er af þessum ástæðum alls ekki viss um, að rétt sé að gera ráðstafanir til þess að auka kartöflufræmleiðsluna í landinu til þess að gera hana að verzlunarvöru á annan hátt en í beinum skiptum milli framleiðenda og neytenda. En sérstaklega stóð ég á fætur til þess að benda á þann mikla mismun á ræktunarskilyrðum hér og í öðrum löndum, og óska ég að hv. landbn. athugi það. Hitt er annað mál, að ég mun flytja brtt. um það, að síðari málsgr. 1. gr. falli niður. Ég sé ekki annan tilgang í þeirri málsgr. en ef vera skyldi þann, að beina viðskiptunum í vissar áttir, án þess séð verði, að nokkuð mæli með slíkum breytingum.

Frsm. (Bernharð Stefánsson): Hv. 4. landsk. skrifaði undir nál. landbn. með fyrirvara, og mátti því gera ráð fyrir, að hann hefði eitthvað að athuga við frv., en mér kemur það á óvart, að það sé svo mikið, að hann vilji alveg fella niður 1. gr. frv. Mér finnst sú gr. eiginlega fela í sér aðalefni þess, því það er auðvitað mál, að tilgangurinn með þessu frv. er ekki sízt sá, að greiða fyrir því, að innlendar kartöflur njóti þess markaðar, sem til er í landinu, og jafnframt að girða fyrir það, að útlendar kartöflur keppi við þær innlendu meðan þær eru að seljast. Um þetta fjallar 1. gr., og þar af leiðandi finnst mér alls ekki mega fella hana niður. Hvað það snertir, sem hæði hann o. fl. hv. þm. voru að tala um, að innflutnings- og gjaldeyrisnefnd gæti gert þær ráðstafanir, sem 1. gr. ræðir um, þá er það rétt, að n. getur þetta, en sú n. miðar ráðstafanir sínar eðlilega við þær almennu gjaldeyrisástæður landsins. Hinsvegar lít ég svo á, að jafnvel þó engin gjaldeyrisvandræði væru, þá ætti samt með löggjöf að stuðla að því að auka innlenda kartöflufræmleiðslu og draga úr innflutningi kartaflna. Og komi þeir tímar, að gjaldeyrismálin komist í lag, þá finnst mér vera niður fallin hvöt gjaldeyris- og innflutningsn. til þess að takmarka innflutninginn. Af þessum ástæðum er nauðsynlegt að halda ákvæðum 1. gr.

Ég sé ekki ástæðu til, enda ekki tími til þess, að fara mikið út í einstök atriði í ræðum hv. þdm. Hv. 4. þm. Reykv. gerði t. d. allmikið úr því orðalagi í frv., að eftirspurninni væri fullnægt með innlendum markaðshæfum kartöflum. Hann gerði mikið úr vöntun á geymslustöðum fyrir kartöflur og skemmdum á innlendum kartöflum og jafnvel eyðileggingu af þeim sökum. Ég get ekki tekið undir þetta með honum. Það getur vel verið, að þessi sé reynslan hér sunnanlands, en þar, sem ég þekki til, veit ég, að fólk sækist mikið eftir innlendum kartöflum. Bæði þessi hv. þm. o. fl. hafa beint til n. tilmælum um, að frv. verði breytt í ýmsum atriðum. Hv. þm. vildi rýmka ákvæði 1. gr., en hann gekk þó ekki eins langt í því og hv. flokksbróðir hans, 4. landsk., er fella vildi 1. gr. niður.

Það er í sjálfu sér ekki fráleitt, að komið gæti til mála að breyta frv., en að öðru leyti er þó nú svo ástatt, að mér finnst, að til þess þyrfti þá æðimikla ástæðu, því ef farið verður að breyta því nú í þessari hv. d., og svo þyrfti það síðan að fara fyrir hv. Nd., þá er mikill vafi á, hvort það yrði að l. áður þingi yrði frestað, og gæti þá svo farið, að málið kæmi að engu gagni á þessu ári. Á hinn bóginn mætti breyta l. strax eftir árið, ef ástæða sýndist til.

Í sambandi við það, sem hv. þm. Dal. var að tala um markaðshæfar kartöflur og verulega góðar kartöflur, vil ég benda honum á það, sem stendur í 3. gr. Þar er talað um skoðun, sem eigi að fara fram á innlendum kartöflum, og að þær þurfi að fullnægja vissum skilyrðum til þess að teljast markaðshæfar. Mér finnst, að hægt væri að koma ákvæðum um það, sem fyrir honum vakir, inn í reglugerð. (ÞÞ: Flokkunina?). Já, mér finnst jafnvel það mundi takast.

Hvað snertir ræðu hv. 1. þm. Reykv., þá sá hann ekki, hvað það er, sem ná á með frv. Ég hefi nú vikið að því nokkuð í svari mínu til hv. 4. landsk. Tilgangurinn er auðvitað sá, að auka notkun á innlendum kartöflum, en minnka hana á erlendum. Ákvæði 1. gr. fela í sér möguleikann til þessa, að hindra innflutning þegar nægar birgðir eru til í landinu, og ennfremur eru í frv. ráðstafanir gerðar til þess, að inn-

lendar kartöflur komist á markaðinn. (**MJ**: Þær seljast allar án þess nokkrar ráðstafanir séu gerðar). Það getur verið, en menn senda þær síður frá sér vegna óvissunnar. Hvað snertir hugleiðingar þessa hv. þm. og efasemdir út af því, hvort rétt sé að stunda kartöflurækt hér á landi, þar sem það muni ekki borga sig vegna mikilla erfiðleika, þá býst ég við, að frá hans sjónarmiði geti alveg eins verið efi um það, hvort yfirleitt sé rétt að stunda landbúnað hér á landi. Þetta land hefir óneitanlega fremur rýr skilyrði að bjóða fyrir ýmsar framleiðslugreinir, a. m. k. að hans dómi, en það þykir samt, sem áður rétt að framleiða þó þær vörutegundir, sem landsmenn sjálfir þarfnast og hægt er að framleiða. Það hafa meira að segja verið gerðar hér tilraunir með kornrækt, sem hafa gefizt nokkuð vel, og þó eru talin hér mikið betri skilyrði fyrir kartöflurækt, heldur en kornrækt. Og ég býst við, að það séu fleiri, sem álíta, að réttara sé að rækta þær tegundir, sem hér eru ræktanlegar, heldur en að flytja þær frá útlöndum, a. m. k. ef það er ekki mjög miklum erfiðleikum háð. Ég veit ekki, hvort umr. þessari verður lokið á þessum fundi, en ég þykist hafa gert mitt til, að svo mætti verða.

Umr. frestað.

Á 36. fundi í Ed., 27. marz, var fram haldið 2. umr. um frv.

Þorsteinn Briem [óyfirl.]: Það ber að viðurkenna, að góður tilgangur er bak við þetta frv., en hann er sá, að greiða fyrir kartöflusölu innanlands og styðja þar með að aukinni framleiðslu. Ég verð nú að segja, að samt sem áður þykir mér frv. fremur innmatarlítið, sérstaklega eftir að felld hefir verið niður 4. gr., sem upphaflega var í frv., en hún var um það, að skipaútgerð ríkisins væri skylt að flytja innlendar kartöflur milli hafna fyrir hálft farmgjald. Ég hefði talið það allmikla hvatningu til þess að menn legðu stund á kartöflurækt um land, ef þetta ákvæði hefði fengið að halda sér.

Ég skal að vísu játa, að í 1. gr. frv. er ákvæði, sem er í áttina til þess að styðja að aukinni innlendri framleiðslu á þessari vöru, en nú hafa heyrzt raddir um að fella þá grein niður eða breyta henni allmjög, og þá teldi ég allmikið vera farið að sneyðast um innviðina í frv.

2. gr. frv. felur ekki í sér nein ný nauðsynjaákvæði, nema ef vera skyldi í 2. málsgr., þar sem kveðið er svo á, að þeim mönnum, sem Búnaðarfél. Ísl. leitar til í þessum efnum, sé skylt að gefa umbeðnar skýrslur. En mér er kunnugt um, að landbúnaðarráðh. hefir leitað til Búnaðarfél. án lagaheimildar og beðið það um að afla upplýsinga fyrir gengisnefnd, og finnst mér, að ekki þurfi nein l. til þess.

En það, sem kom mér sérstaklega til þess að standa upp, eru ákvæði 3. gr., sem ég tel, að ekki séu nógu nákvæm. Þar er að vísu sagt, að landbúnaðarráðh. sé heimilt að ákveða með reglugerð, hvaða skilyrðum innlendar kartöflur skuli fullnægja til þess að geta talizt markaðshæfar. Ég geri ráð fyrir, að bak við ákvæðið felist það, að farið er fram á mat á íslenzkum kartöflum, en hinsvegar vantar ákvæði, sem ég hefði talið nauðsynlegt að setja í l., en það er, að kveðið sé á um, hvað megi setja í reglugerðina, því það er venja, þegar gert er ráð fyrir mati, að þá séu ákvæðin nokkru fyllri en hér er.

Mér er nú ekki kunnugt um, hvernig þetta verður framkvæmt, en það getur verið, að það megi setja ákvæði um þetta með reglugerð, en það eru þó ýms atriði í sambandi við þetta, sem ég hefði talið nauðsynlegt að hafa ákvæði um í l., eins og það, hvor eigi að bera kostnaðinn, og eins er hitt, að ef mat á að vera, þá get ég ímyndað mér, að það verði örðugleikum bundið að ákveða, hver eigi að útvega hús, þar sem matið eigi að fara fram. (**JBald**: Þjóðleikhússkjallarinn). Hann gæti verið góður í Rvík, en það vantar ákvæði um, að matið eigi að fara fram í Rvík. En ég hygg, að það sé svo með þjóðleikhúsið, að það sé allt undir stjórn n., sem hefir verið falið viðtækt vald yfir húsinu. Ég veit ekki, hvort kjallarinn liggur svo laus fyrir til afnota, og a. m. k. geta ekki allir notað hann.

Ég hefði talið nauðsynlegt, að í sambandi við ákvæði 3. gr. væri sett ákvæði um það, að bæjareða sveitarstjórnum væri skylt að útvega hús til þessara hluta, og að bæjar- og sveitarfélög annaðhvort bæru kostnaðinn af því sjálf eða tækju hann af framleiðslunni, eftir vissri reglu, sem ég hygg, að nauðsynlegt sé að hafa ákvæði um í l. sjálfum frekar en í reglugerð.

Það hefir nú verið talað margt á við og dreif um þetta frv., og sumir gera alllítið úr því. En ég skal segja það sem mína meiningu, að ef ákvæðum 1. gr. verður ekki mikið brjálað, þá hygg ég, að frv. megi koma að nokkrum notum, og þá er vissulega mikið unnið. Því að æskilegt væri það, að hægt væri að komast hjá því sem mest að kaupa þessa vöru frá útlöndum, og er sú nauðsyn ekki sízt aðkallandi nú, þegar þjóðin á við svo mikla gjaldeyrisörðugleika að stríða. Auk þess hagar víða svo til, að kartöflurækt getur orðið verulegur atvinnuauki fyrir menn. Á ég þar ekki við þá eina, sem búa í sveit, heldur, og ekki síður, þá stétt manna, sem lifa annars af daglaunavinnu í kaupstöðum. Sumstaðar hafa einmitt kauptúnshreppar gert nokkuð til þess að styðja að því, að verkamenn gætu aflað sér nokkurrar atvinnu með þessari ræktun, á þann veg að sjá þeim fyrir nokkru landi til þessarar ræktunar. Þetta er mjög lofsamlegt, eins og öll viðleitni, sem lýtur að því að hjálpa mönnum til þess að hjálpa sér sjálfir. Og ef þetta frv. gæti eitthvað stutt að því að bæta aðstöðu slíkra manna, þá teldi ég töluvert unnið.

Í sambandi við þetta frv. hafa sumir hv. þdm. minnzt á, að nauðsynlegt væri að setja inn í það ákvæði um geymslu fyrir kartöflur, sérstaklega hér í Rvík. Það mál hefir áður komið inn á þing og fengið nokkra afgreiðslu af þingsins hálfu, þannig að stj. hefir verið veitt heimild til þess að gera ráðstafanir í þá átt. En ég hygg nú, að ekki sé svo mjög mikil eftirspurn eftir því að fá geymslu fyrir kartöflur hér í Rvík, af

þeirri ástæðu, að mér skilst, að menn eru dálítið hræddir við að hrúga saman miklu af þessari vöru, því að mikið er í húfi, ef eitthvað lítið kvantum reynist vera skemmt, því að þá breiðist skemmdin eða getur breiðzt mikið út, ef um stóra geymslu er að ræða. Þess vegna treysti ég því fullkomlega, að ef kartöflurækt eykst í landinu, þá sjái menn ráð til þess að koma sér upp kartöflugeymslum sjálfir, því að það er mjög ódýrt tiltölulega, og þá er jarðgeymsla kartaflna miklu tryggari. En jafnvel þó að geymsla sé góð, verður að vera nokkuð stöðugt og nákvæmt eftirlit með þeim í geymslunni.

Þess hefir verið getið í sambandi við þetta frv., að í 3. gr. þess fælust m. a. ákvæði, sem ættu að fyrirbyggja það, að svonefnd kartöflusýki eða aðrir kartöflusjúkdómar breiddust út, því að þegar mat væri komið á kartöflur, þá verðust menn sýkinni betur. Þetta má vera. En ég hygg þó, að mesta og bezta vörnin væri að auka fræðslu um það efni. Því að það er nokkurn veginn auðvelt að haga útsæðisvali þannig, að ekki sé nein hætta af þeim sjúkdómi. Og þar sem einn hv. þm. minntist á það í umr., að hann vissi t. d. um ákveðin kauptún hér í námunda, þar sem kartöfluuppskeran hefði eyðilagzt vegna kartöflusýki, þá hygg ég, að á þeim stað hafi þegar verið unninn sigur á þeim sjúkdómi, aðeins með útsæðisvali.

Ég er sem sagt ekki svo mjög hræddur um þetta, því að ef menn hagnýta sér þá fræðslu, sem Búnfél. Ísl. hefir látið í té í þessum efnum, þá má ætla, að menn komist fljótt upp á að verjast þeim hættulegustu sjúkdómum, sem þessi jurt er aðallega í hættu fyrir.

Ef nú þetta frv. nær fram að ganga án þess að því verði breytt til hins lakara hér í hv. d., og ekki sízt ef á því yrðu gerðar nokkrar breyt. til bóta, þá tel ég athugunarmál og vildi skjóta því til hv. n., hvort henni þætti ekki ástæða til þess að breyta frv. á þá leið, að þessari heimild, sem í frv. er gert ráð fyrir, að veitt verði, verði breytt á þá leið, að hún sé ekki eingöngu bundin við kartöflur, eins og hér er gert, heldur gildi hún líka um aðra garðávexti. Ráðuneytið getur svo ákveðið um það á sínum tíma, hvort ætti að nota þá heimild út í yztu æsar. Vera má, að ráðuneytinu þætti ekki ástæða til að nota heimildina nema um kartöflur fyrst í stað. En hér á landi má rækta marga fleiri garðávexti heldur en kartöflur, sem mjög nauðsynlegt er, að ræktun aukist á innanlands, ekki sízt þar sem þar er um að ræða hollar og fjörefnarikar fæðutegundir, t. d. ýmsar káltegundir og gulrætur og aðra slíka garðávexti, sem standa mjög framarlega meðal fæðutegunda að því er hollustu og fjörefnamagn snertir.

Út af þeim orðum, sem fallið hafa um það, að fella jafnvel 1. gr. frv. niður, vil ég segja það, að ég tel hana svo mikils virði, að ef svo yrði gert, þá teldi ég ekki mikið unnið með slíkri lagasetningu sem þessu frv. eins og það þá yrði.

Sigurjón Á. Ólafsson: Ég held, að ég muni það rétt frá umr. í gær, að hv. frsm. tók þannig undir þær aðfinnslur, sem komu fram við frv., að hann taldi ekki líkur til, að n. mundi gera breyt. á frv. En ég spurði n., hvort hún treysti sér ekki til á milli umr. að gera á því smábreyt. Ég mun því bíða og sjá, hvort n. er alveg ósveigjanleg í þessu efni. Ég hafði hugsað mér að koma með brtt. við frv. við 3. umr. Í 1. gr. álít ég, að ekki eigi að standa nokkur orð, þar sem er heimildin til að banna með öllu innflutning kartaflna. Ég álít þetta allt of víðtæka heimild með tilliti til neytenda. Ég tel seinni mgr. sömu gr. óþarfa. Það er að mínu áliti ekki þörf á að binda þetta við þá eingöngu, sem hafa verzlað með kartöflur. Ég álít, að það eigi að vera nokkurn veginn frjálst, hverjir fá að verzla með þær. Ég hygg, að nokkra þekkingu þurfi yfirleitt til þess að verzla með kartöflur.

Þá hefir verið bent á það, og nú síðast af hv. 10. landsk., að 3. gr. frv. ætti að vera ýtarlegri en hún er, og get ég fallizt á það. Vildi ég óska, að á upprunamerki væri þess getið, hvaða tegund af kartöflum þar er um að ræða. Hér er t. d. ræktuð allmikið viss kartöflutegund og boðin til neytenda, sem mörgum þykir ekki góð til neyzlu eða til að geyma; það er hin svo nefnda Eyvindarkartafla. Fróður maður um þessi mál hefir sagt mér, að meðal erlendra þjóða sé hún ekki skoðuð sem mannafæða, heldur höfð til skepnufóðurs. En það mun vera töluvert mikið ræktað af þessari kartöflu hér á landi. — Þá vildi ég, að á þessu merki væri ekki aðeins tekið fram, úr hvaða sýslu kartöflurnar væru, heldur væru þau einnig miðuð við kauptún, til þess að maður gæti t. d. vitað, hvort um Akraneskartöflur er að ræða eða ekki, þegar kartöflur eru sendar úr Borðarfjarðarsýslu. Því að ég álít miklu betra, að hægt sé að vita, hvort kartöflurnar eru ræktaðar á Akranesi heldur en að aðeins verði vitað af merkinu, að þær séu ræktaðar einhversstaðar í Borgarfjarðarsýslu.

Ég hefði viljað, að í þessu frv. fælist vernd fyrir neytendur gegn því, að þeim væri boðin skemmd vara, hvort heldur um er að ræða erlendar eða innlendar kartöflur. Við, sem lengi höfum neytt útlendra kartaflna, vitum, að fluttar hafa verið inn kartöflur, sem í raun og veru hafa ekki verið nein vara, og því fé, sem eytt var fyrir þær, hefir verið eytt til einskis.

Ég er þeirrar skoðunar, að við séum enn ekki komnir svo langt í framleiðslu þessarar vöru, að við getum birgt okkur upp að henni á öllum tímum árs fyrir hina stærri bæi, og jafnvel að meðtöldum stærri kauptúnum. Mér er sagt, að Vestmannaeyjar hafi á undanförnum árum oftast orðið að birgja sig upp með erlendum kartöflum, og hér í Rvík vitum við, að það er ekki leið að fá innlendar kartöflur seinni part vetrar.

Hitt atriðið, með geymsluna, er líka nokkuð verulegt atriði, því að sérstaklega góð húsakynni þarf til geymslu fyrir kartöflur, þó að ekki sé um sýkingu að ræða. Til þeirrar geymslu þyrfti stórt lagerhús. Ég álít rétt að byggja kartöflukjallara hér í Reykjavík til slíkrar geymslu. En á meðan sama aðferð er höfð, sem verið hefir hér um geymslu á kartöflum, þá er

ekki líklegt, að kartöflur viðsvegar af landinu geymist til langframa né komi að notum til neyzlu hér í bænum síðari hluta vetrar.

Að ég legg mikið upp úr þessu máli, er af því, að ég legg áherzlu á, að engin vara er eins mikil neyzluvara og enga vöru má því síður vanta á matborð manna. Þess vegna má löggjafarvaldið ekki gera neitt, sem getur orsakað það, að þurrð verði á kartöflum til neyzlu í landinu.

Ég mun bíða átekta og sjá, hvort n. vill taka orð mín til athugunar. Annars mun ég koma með brtt. við frv.

Páll Hermannsson: Ég þarf ekki miklu að bæta við það, sem þegar er fram komið um frv. þetta. Mér skilst það vera tilraun í þá átt að glæða ræktun kartaflna í landinu og greiða fyrir henni. Ég veit, að það getur verið álitamál, hvort ákvæði frv. eru nægilega skýr til þess að það komi að fullu liði. Þykir mér það ekki óeðlilegt, vegna þess að vitað er, að ágreiningur er ekki meðal landsmanna um stefnu frv., sem sé þá, að framleiða í landinu sjálfu allar kartöflur, sem til neyzlu þarf. Maður veit um ýmsar torfærur á þeirri leið, t. d. vitum við, að á því eru þeir örðugleikar, að í sumum árum getur kartöfluuppskera nokkuð brugðizt. Sjúkdómar hafa og ásótt framleiðslu þessa. Auk þessa eru kartöflur mjög misjafnar að gæðum, eftir tegundum og eftir því, hvar þær eru framleiddar á landinu og eftir tíðarfari í það og það sinn. En mér virðist samt, að menn ættu að geta fallizt á, að æskilegt væri, að framleiddar yrðu í landinu sjálfu góðar kartöflur, nægilega miklar til neyzlu handa öllum landsmönnum. Það virðist liggja í augum uppi, að eitthvert öfugstreymi sé í því að kaupa kartöflur frá útlöndum fyrir mörg hundruð þús. kr. árlega, samhliða því sem algerlega vantar markað fyrir sumar vörur, sem landsmenn framleiða, eins og t. d. hefir reynzt nú um nokkurn hluta af okkar saltfiski, og einnig eru framleiddar vörur, sem eru í svo lágu verði erlendis, að verja verður stórum upphæðum til þess að gera þeim kleift að selja, sem þær vörur framleiða, eins og er um kjötið. En mér finnst skiljanlegt, að sú framkvæmd eigi örðugt uppdráttar, að framleiddar verði í landinu góðar kartöflur, nægilega miklar handa öllum landsmönnum. Og ég geri ráð fyrir, að það mark náist ekki fyrr en verulega mikil áherzla er lögð á að framleiða þær fyrst og fremst þar, sem skilyrði til kartöfluræktunar eru bezt. Ég býst við, að víða séu nokkuð stór ónotuð landsvæði, þar sem ágæt skilyrði eru til kartöfluræktunar. Ég álít af greindum ástæðum skylt að ljá þessu lagafrv. lið og lofa því að reyna sig, það sem það nær.

Ég vil benda hv. landbn. á það, að mér virðist ofurlitið athugavert við fyrirsögn frv. Það heitir sem sé „frv. til l. um sölu og flutning á kartöflum". Með flutningi skil ég flutning á milli hafna innanlands. En ég fæ ekki séð neitt í frv. um flutning á kartöflum. Þetta álít ég, að landbn. ætti að taka til athugunar, sérstaklega ef hún ber fram einhverja brtt. Það er kannske ekki nauðsynlegt að bera fram brtt. um þetta út af fyrir sig, ef ekki er gerð önnur brtt. við frv., því að vitanlega nær frv. alveg tilgangi sínum, þó að fyrirsögnin hljóði svo. En ég sé nú á áliti n., að tveir nm. af þremur hafa skrifað undir nál. með fyrirvara. Gæti verið, að fyrir þeim kynni að vaka að koma með brtt. við frv., og þá þykir mér rétt að taka breyt. á fyrirsögninni með. Mér virðist frv. vera um sölu á kartöflum, en ekki um flutning á kartöflum.

Frsm. (Bernharð Stefánsson): Undir þessum umr., bæði í gær og í dag, hafa nokkrir hv. dm. beint til n. aths. út af einstökum atriðum frv. með ósk um, að n. tæki þessi atriði til athugunar og bæri fram brtt. um þau.

Út af þessu vil ég taka það fram, að það þyrftu að vera nauðsynlegar breyt. á frv. til þess, að ég vildi fyrir mitt leyti vinna að breyt. á því, vegna þeirra sérstöku ástæðna, sem nú eru fyrir hendi, að það er, eins og allir vita, talað um að fresta þinginu nú innan skamms. (**MG:** Af hverjum?). Yfirleitt af þingmönnum, og ég geri ráð fyrir að hv. 1. þm. Skagf. hafi heyrt um það. (**MG:** Ég vildi spyrja um, hvenær það yrði gert). Mér hefir heyrzt á þessum hv. þm., að hann gangi út frá því sem gefnu, að þetta muni verða gert. Ég hefi ekki heldur heyrt neina rödd um, að það sé rangt að fresta þinginu, svo að ég býst við, að það verði gert.

Jæja, verði farið að breyta frv. nú, þá er ákaflega hæpið, að það geti orðið að l. áður en þessi þingfrestun á sér stað, og þá getur það ekki komið að gagni á þessu ári að því er snertir framleiðslu ársins. Þess vegna álít ég, að mikil þörf þurfi að vera til breyt. til þess að rétt sé að gera hana nú. Hinsvegar sé ég ekkert athugavert við það, þó að þessum l. verði breytt aftur, jafnvel þegar þingið kemur aftur saman í haust, ef þess þætti þurfa. Auk þess verð ég að segja það, fyrir utan þessa formshlið málsins, að mér sýnist ekki svo mjög mikil þörf á að breyta frv. T. d. það, sem hv. 10. landsk. minntist á, ákvæði 3. gr., sem hann taldi ekki nógu skýr og taldi nauðsyn á að taka það beint fram í l., hvað mætti setja í reglugerð og hvað ekki. Það kann nú að vera, að þetta hefði verið viðkunnanlegra. En þó hygg ég, að einmitt með reglugerðarákvæðum megi ákveða um það, sem hann var að tala um, t. d. um það atriði, sem hann minntist á, hver ætti að borga kostnaðinn vegna þeirra aðgerða, sem það opinbera hefði nú í þessum efnum.

Viðvíkjandi því, sem þessi sami hv. þm. minntist hér á og beindi því til n., hvort ekki mundi rétt að taka upp í frv. svipuð ákvæði um aðra garðávexti eins og í frv. eru um kartöflur, þá virðist mér, hvað sem annars segja má um þetta, að það geti a. m. k. ekki verið nein nauðsyn á að fara nú að tefja þetta mál út af því, vegna þess, sem ég hefi áður sagt um þingfrestun, því að vitanlega væri auðvelt að bæta þesskonar lagaákvæðum við á næsta þingi, eða jafnvel á framhaldsþinginu í haust.

Hv. 4. þm. Reykv. sagði, að vernd vantaði fyrir neytendur í frv. En þessi vernd felst einmitt í 3. gr. (**SÁÓ:** Ég átti við erlendar kartöflur).

Þetta frv. fjallar um innlendar kartöflur. Hv. þm. þótti einnig of rúm heimildin í 1. gr. til að útiloka erlendar kartöflur og sagði, að þær þyrftu að fást, ef þær innlendu hrykkju ekki til. Frv. gerir einmitt ráð fyrir þessu. Samkv. því á ekki að hefta innflutning á erlendum kartöflum nema ekki sé þörf á þeim. .

Það er því engin þörf á að breyta frv. af þessum ástæðum. Ég hefi þegar sagt, að ég er á móti breytingum á frv. af því, að ég get búizt við, að af þeim leiði, að frv. gangi ekki fram að þessu sinni.

Þær breyt., sem gerðar yrðu á frv., yrðu þá að vera til verulegra bóta, ef tilvinnandi ætti að vera að tefla því í tvísýnu vegna þeirra, en ég sé ekki, að neitt af því, sem hv. þdm. hafa talað um, sé svo aðkallandi.

Sigurjón Á. Ólafsson: Hv. frsm. sagði, að varhugavert væri að gera breytingar á frv., af því að með því væri málinu stefnt í hættu. En ég held, að þessi hætta sé ekki svo mikil, því ég sé ekki betur en að miklu leyti megi ná tilgangi frv. án löggjafar. Í 1. gr. er gert ráð fyrir að innflutningsnefnd ráði takmörkunum á innflutningi erlendra kartaflna. Ætti ekki að vera nauðsynlegt að setja löggjöf í því skyni, þar sem þetta heyrir vitanlega undir innflutningsn. nú. Um 2. gr. er það að segja, að Búnaðarfél. Íslands myndi fúslega safna skýrslum um ræktun kartaflna og framboð á þeim án þess að löggjöf komi til. Um 3. gr. má segja, að ákvæði hennar um gæðamerki o. s. frv. verði ekki framkvæmd án löggjafar, en ég ætla, að það kæmi ekki að stórfelldu tjóni, þótt framkvæmd þeirra yrði frestað um eitt sumar. Það er því alveg óþarfi að flaustra frv. svo af, að þm. komi ekki leiðréttingum að.

Ég er alveg sammála hv. frsm. um það, að við eigum að kosta kapps um, að innlenda kartöfluframleiðslan nægi okkur, og ég er þess fullviss, að svo verður einhverntíma, en mér er líka ljóst, að töluverð bið muni verða á því. Því vil ég tryggja það, að erlendar kartöflur fáizt, þegar þeirra er þörf, og jafnframt það, að við þurfum ekki að sætta okkur við að taka á móti hverskonar vöru, sem að okkur er rétt.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 37. fundi í Ed., 29. marz, var enn fram haldið 2. umr. um frv.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 10:1 atkv.
2.—5. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. visað til 3. umr. með 11:1 atkv.

Á 39. fundi í Ed., 1. apríl, var frv. tekið til 3. umr. (A. 212, 321).

Sigurjón Á. Ólafsson: Ég gerði grein fyrir þeim brtt., sem ég flyt hér, við 2. umr. og þarf því ekki að endurtaka þau rök mín hér. Ég hefi með brtt. viljað bæta því inn í frv., sem ég tel mestu varða, að eftirlit verði haft með vörugæðum og að innflutningur verði ekki takmarkaður meðan vöntun er á kartöflum í landinu. Hinsvegar er ég alveg sömu skoðunar og fylgismenn frv. um það, að okkur ber að keppa að því að verða sjálfum okkur nógir í þessu efni. En vegna þess, að ég býst við, að það eigi nokkuð langt í land, hefi ég með brtt. mínum viljað koma í veg fyrir, að vöntun geti orðið á þessari vöru í landinu eða léleg vara sé höfð á boðstólum. Ég mun því ekki treystast til að greiða frv. atkv. mitt, ef brtt. mínar verða felldar.

ATKVGR.
Brtt. 321,1.a felld með 9:5 atkv.
— 321,1.b felld með 8:4 atkv.
— 321,2 felld með 8:4 atkv.
— 321,3 felld með 8:4 atkv.
— 321,4 felld með 8:4 atkv.
— 321,5 kom ekki til atkv.
Frv. samþ. með 9:3 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 352).

---

29. Sparisjóðir.

Á 14. fundi í Ed., 1. marz, var útbýtt:
Frv. til l. um viðauka við og breyt. á l. nr. 44 3. nóv. 1915, um sparisjóði (þmfrv., A. 36).

Á 15. fundi í Ed., 2. marz, var frv. tekið til 1. umr.
Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 9 shlj. atkv.

Flm. (Bernharð Stefánsson): Með þessu frv. er í fyrsta lagi lagt til, að gerðar verði nokkrar breyt. á sparisjóðsl. frá 1915. Í öðru lagi er lagt til að gera nokkurn viðauka við þau, um eftirlit með sparisjóðunum. Í sparisjóðsl. er ekkert ákvæði um það, hvernig kjósa skuli stjórnir sparisjóða, heldur er í þeim svo ákveðið, að í l. hvers einstaks sparisjóðs skuli vera tiltekið, hvernig þessu atriði skuli hagað. En sparisjóðirnir eru látnir sjálfráðir um það að öðru leyti.

Þetta frv., sem við þm. Eyf. höfum leyft okkur að flytja hér, fer ekkert fram á breyt. í þessu efni, sem snertir þá sparisjóði, sem félög einstaklinga eða hreppsfélög eiga. Hinsvegar fer það fram á, að ef bæjarfélag eða heilt sýslufélag á sparisjóð, þá sé svo ákveðið í l., að stj. hans sé kosin með hlutfallskosningu af viðkomandi bæjarstjórn eða viðkomandi sýslunefnd.

Ég hygg, að það sé orðin viðurkennd regla, a. m. k. um kosningar þær, sem bæjarstj. hafa með að gera, að þær eigi að vera hlutfallskosningar. Og er það vitanlega alveg jafnréttmætt að viðhafa hlutfallskosningu, þó að um sparisjóðsstjórn sé að ræða, eins og um stj. hverrar annarar stofnunar, sem bæjarstjórnir kjósa stj. fyrir.

Svo eru til í landinu sparisjóðir, sem ekki

eru eiginlega í eign neinna sérstakra aðilja. Þeir hafa verið stofnaðir fyrir forgöngu einstaklinga, þannig vanalega, að einstakir menn, a. m. k. í byrjun, hafa gengið í ábyrgð fyrir sjóðinn um það, að hann fullnægi sínum skuldbindingum. En að öðru leyti eru þeir sjóðir ekki eign neinna einstaklinga eða sérstakra aðilja, heldur einskonar sjálfseignarstofnanir. Þessir sparisjóðir finnst okkur að hljóti að skoðast sem eign almennings, því að vegna almennings hafa þeir verið stofnaðir og starfræktir. Þess vegna finnst okkur eðlilegt, í fyrsta lagi það, að l. um sparisjóði ákveði um það, hvernig kjósa skuli í stjórn slíkra sparisjóða, að um það gildi ákveðnar reglur í landslögum. Og við sjáum ekki heppilegri leið að því er þessa sjóði snertir heldur en að ríkisstj. hafi nokkurn íhlutunarrétt um það, hvernig stjórn þeirra er fyrir komið, og að sú sveitar- eða bæjarstjórn, þar sem sjóðurinn er, hafi að öðru leyti rétt til þess að ráðstafa þessu.

Ég skal fúslega játa, að það mætti hugsa sér öðruvísi fyrirkomulag á þessu, og má vel vera, að það verði tekið til athugunar hér í þessari hv. d. síðar við umr. þessa máls. En einhverjar fastar reglur fyrir þessu finnst mér hljóti að þurfa að gera.

Það mun ekki vera dæmalaust, að slíkir sjóðir hafi verið stofnaðir, eins og ég gat um, og stofnendur hafi í fyrstu ráðið, hverjir yrðu skipaðir í sjóðsstjórnina. Svo hefir langur tími liðið. Ábyrgðarmennirnir hafa dáið, það er trassað að endurnýja ábyrgðina, með því að sparisjóðurinn hefir varasjóð, og þar náttúrlega nokkra tryggingu. Og svo gengur það þannig, að stjórn sparisjóðsins endurnýjar sig sjálf, án þess að almenningur hafi nokkuð þar um að segja, hvernig slíkir sjóðir eru reknir.

Þá leggjum við til, að stj. hinna stærri sparisjóða skuli vera skipaður 5 mönnum a. m. k. En í sparisjóðsl. hefir verið ákveðið, að þær skuli vera skipaðar 3 mönnum a. m. k.

Þetta er náttúrlega ekkert aðalatriði. En það er nú samt svo, að þar sem 3 menn eiga að ráða, þar þarf ekki nema einn að forfallast til þess að ráðin séu komin í hendur eins manns, formanns stjórnarinnar. (ÞÞ: Þá kemur varamaður í stað þess, sem forfallast). Já, það má hugsa sér varamann. En okkur þykir tryggara, að slíkar sparisjóðsstjórnir séu skipaðar 5 mönnum. Ég fæ ekki séð, að það geti skaðað neinn sparisjóð, þótt svo verði ákveðið.

Það er ennfremur lagt til í frv., að þegar um stærri sparisjóði er að ræða en þá, sem hafa 200 þús. kr. innstæðufé, þá sé það ekki heimilt, að menn úr stjórn sjóðsins annist gjaldkerastarf eða bókarastarf við sjóðinn. Þetta getur orkað tvímælis. En ef stjórnarnefndarmenn annast þessi daglegu störf fyrir sjóðina, þá er vitanlega ekki unnt að tala um eftirlit með sjóðunum af þeirra hendi sem stjórnarnefndarmanna, því að enginn er verulega vel til þess fallinn að líta eftir sjálfum sér.

Þá eru ákvæði um það í frv., að stjórnarnefndarmenn og starfsmenn sparisjóða megi ekki reka nein þau störf, sem komið geti í bága við hagsmuni sjóðsins og starfsemi, eins og t. d. lánastarfsemi, hverju nafni sem nefnist. Ég býst við, að þetta ákvæði verði álitið sjálfsagt um starfsmenn við sparisjóði a. m. k. Vera má, að það geti orkað tvímælis að því er snertir stjórnarnefndarmenn við sparisjóði, sem ekki eru jafnframt starfsmenn þeirra. En það nær ekki nokkurri átt að láta starfsmönnum sparisjóða, sem hafa kannske föst störf við sparisjóði, vera það heimilt að reka nein þau störf, sem gætu verið í hagsmunasamkeppni við sparisjóðinn.

Þá leggjum við að sjálfsögðu til, að sparisjóðum, sem þessi lagabreyt. tekur til, ef samþ. verður, verði gefinn nokkur frestur til þess að koma lögum sínum og reglugerðum í það horf, sem frv. ætlast til, ef að l. verður.

Þá er ennfremur nýmæli í frv., viðkomandi eftirliti með sparisjóðum. Eins og kunnugt er, voru árið 1923 sett l. um eftirlit með bönkum og sparisjóðum og svo ákveðið, að í það starf skyldi vera skipaður sérstakur embættismaður, til þess að hafa það eftirlit á hendi. Nú hefir á undanförnum árum nokkuð verið um það deilt, hversu mikið gagn hafi orðið að slíku eftirliti. Landsbankinn og Útvegsbankinn hafa talið sig hafa lítið gagn af þessu eftirliti og ekki viljað borga hluta af launum þessa starfsmanns, eins og þó var í l. ákveðið, að þeir ættu að gera. Nú sem stendur gegnir enginn þessu starfi, og ekki hefir orðið vart neinnar kröfu um það, að skipaður verði maður í starfið aftur. Við flm. frv. lítum svo á, að hvað sem bönkunum líður, þá sé það nauðsynlegt, að ríkisvaldið hafi nokkurt eftirlit með sparisjóðunum víðsvegar um landið, því að þar á almenningur mjög mikið í húfi, hvernig fer um rekstur sparisjóðanna. Leggjum við því til, að um þetta eftirlit sé ákveðið í sjálfum sparisjóðslögunum. Og þá höfum við hugsað okkur það fyrirkomulag, að fjármálaráðuneytinu sé falið að hafa þetta eftirlit með höndum. En ef ráðuneytinu verður falið þetta, þá sjáum við ekki ástæðu til annars en að nema úr gildi l. um eftirlit með bönkum og sparisjóðum frá 1923. Höfum við því lagt til, að þau l. verði felld úr gildi. Ástæðan til þess, að við leggjum til, að fjmrn. sé falið þetta eftirlit, en ekki skipaður til þess sérstakur embættismaður, er aðallega sú, að við teljum það fyrirkomulag, sem við stingum upp á, ódýrara, því að okkur virðist, að fjmrn. geti annazt þetta eftirlit án þess að bætt sé í það starfsmönnum, ef ekki verða gerðar sérstakar ráðstafanir um eftirlit með bönkum. Annar aukinn kostnaður en ferðakostnaður vegna þessa eftirlits með sparisjóðunum ætti því, að okkar áliti, ekki að eiga sér stað frá því, sem nú er. Að öðru leyti vísa ég svo til grg. frv. Það kann að orka tvímælis, hvort mál þetta eigi frekar heima í fjhn. eða allshn. Ég fyrir mitt leyti legg þó til, að því verði vísað til allshn.

Þorsteinn Þorsteinsson: Ég geri að sjálfsögðu ráð fyrir, að mál þetta gangi til n. Ég vil því leyfa mér, áður en það fer þangað, að minna á nokkur atriði í frv., sem ég tel varhugaverð og að mínum dómi mættu betur fara

á annan veg. Mér þykir rétt að láta aths. minar koma fram nú þegar, áður en n. fer að fjalla um málið, því að þá má vera, að hún sjái sér fært að taka þær að einhverju eða öllu leyti til greina.

Í 1. gr. frv. er svo kveðið á, að hafi sparisjóður innstæðufé, sem nemi 200 þús. króna, þá skuli stjórn hans skipuð 5 mönnum. Það hefir nú tíðkazt hingað til, að stjórnir sparisjóða hafa almennt ekki verið skipaðar nema 3 mönnum, og hefir gefizt sæmilega eftir því sem ég bezt veit. Hitt er annað mál, hvort ekki geti verið rétt að fjölga í stjórn sjóðanna þegar þeir eru orðnir mjög stórir, og reka margþætta starfsemi, en að binda það við 200 þús. kr. innstæðufé sjóðanna tel ég of lágt. Mér þætti sýnu nær að binda það t. d. við 400 þús. kr. Í þessu sambandi ber og að athuga það, að eftir því, sem stjórnendum sjóðanna er fjölgað, eftir því verður stjórnarkostnaðurinn meiri, og þá um leið verða útlánsvextir sjóðanna sennilega hærri. Hinn aukni kostnaður kemur því niður á þeim, sem lánin taka, sem venjulega er hinn fátækari hluti borgaranna.

Þá er ákvæði 2. málsgr. 1. gr., sem mér finnst ekki allskostar réttlátt, þar sem svo er ákveðið, að fjmrh. skipi formann í stjórn þeirra sparisjóða, sem ekki eru eign sýslu- eða bæjarfélaga, hreppsfélaga eða félaga einstakra manna. Með þessu verða héruð þau, sem að sjóðunum standa, svipt þeim rétti, sem þau hafa haft, en hann færður í hendur landsstj. Í Dalasýslu er þannig ástatt, að þar er sparisjóður, sem var sýslueign, en telja verður vafasamt að sé það enn, því að sýslunefndin hefir sleppt umráðum yfir honum, en þess í stað eru komnir 30—40 ábyrgðarmenn fyrir sjóðinn, sem haldið hafa aðalfund árlega, kosið þá í stjórn og samþ. ársreikninga sjóðsins. Við Dalamenn höfum litið svo á, að héraðsbúar ættu að hafa full umráð yfir þessum sjóði, a. m. k. á meðan allt færi sæmilega fram, og fyrir því teljum við, að ekki geti komið til mála, að ríkisstj. fari að taka í sínar hendur að skipa formann sjóðsins. Það myndi því óneitanlega verða kurr mikill þar vestra, ef nú ætti að fara að færa stjórn sjóðsins í hendur annara, þó ekki væri nema að einhverju leyti, a. m. k. á meðan ekkert það hefir komið fram í rekstri sjóðsins, sem gefur ástæðu til slíks, og hætt er við, að slík afskipti landsstj. gætu leitt til þess, að sjóðirnir fengju frekar pólitískan lit, og með þessu er verið að seilast eftir yfirráðum í héruðum af hæstv. landsstj. Ég vænti því, að hv. flm. frv. þessa falli frá þessu ákvæði, eða telji ekki ástæðu til þess, að því sé framfylgt á meðan allt fer vel úr hendi um stjórn sjóðanna.

Mér skildist helzt á hv. flm., að hann teldi sjóði, sem svo er ástatt um sem sparisjóð Dalasýslu, vera almennings eign, sem hið opinbera ætti að hafa yfirumsjón með, en ég tel það ekki geta komið til mála.

Hv. flm. vildi halda því fram, að það væri of lítið að hafa 3 menn í stjórn sjóðanna, því oft gæti farið svo, að einhver forfallaðist. Út af þessu vil ég benda honum á, að það eru ávallt kosnir varamenn í stjórn sjóðanna; kemur því maður manns í stað, ef einhver forfallast.

Þá er eitt atriði enn, sem mér finnst athugavert í frv., og það er þar sem gert er ráð fyrir því, að stjórnendur megi ekki starfa við sjóðina, ef sjóðirnir hafa yfir 200 þús. kr. innstæðufé. Hér þykir mér ákvæðið sett við of lága upphæð. Mér virðist að vel mætti ákveða, að stjórnendur sjóðanna mættu ekki starfa við þá þegar þeir hefðu yfir hálfa millj. innstæðufé. Þetta vildi ég mega biðja n. þá, sem málið fær til meðferðar, að athuga. Hvort frv. verður frekar vísað til fjhn. eða allshn., læt ég mig engu skipta.

Jón Auðunn Jónsson: Ég vil leyfa mér að vekja athygli á því, að ég er hræddur um, að aðferð sú, sem hér er lagt til að verði á kosningu í stjórn sparisjóðanna, verði nokkuð óvinsæl, því að víða hagar svo til, að starfssvið sjóðanna nær yfir fleira en eitt sýslufél. Þannig er það t. d. um sparisjóðina á Ísafirði og Patreksfirði. Þeirra starfssvæði nær yfir fleira en eitt sýslufélag. Þeir lána fé í næstliggjandi sýslur. Í slíkum tilfellum er það mjög hæpið að láta eitt sýslufélag ráða um stjórnarkosningu sjóðanna. Þar, sem ábyrgðarmenn eru fyrir sjóðnum, hefir það gefizt vel að láta þá ráða mestu um stjórnir þeirra, og virtist mér, að svo mætti vera ennþá. Um aldamótin síðustu mun sparisjóðurinn á Ísafirði hafa verið einhver stærsti sparisjóður landsins. Innstæður við hann námu um 1.2 millj. króna. Þegar svo landsstj. yfirtók hann og sjóðurinn var gerður upp, voru afgangs 60—70 þús. króna. Í stað þess, að fé þetta rynni til Ísafjarðarkaupstaðar, þar sem sjóðurinn átti heimilisfang, var því skipt á milli þeirra sýslufélaga, sem við sjóðinn höfðu skipt, þannig að stofnaðir voru sjóðir í sýslunum til eflingar búnaðarframkvæmda o. fl. Að baki sjóðsins stóðu þó ábyrgðarmenn, en þeir fengu vitanlega ekkert af þessu fé.

Af þeirri reynslu, sem fengin er á þessum hlutum, þá held ég, að það verði óvinsælt, að ábyrgðarmenn sjóðanna fái engu að ráða um stjórn þeirra. Það myndi og hafa þær afleiðingar, að fáir yrðu til þess að gerast ábyrgðarmenn fyrir nýjum sjóðum, og væri það illa farið, því að eins og kunnugt er, þá eru sparisjóðirnir til mikilla hagsbóta fyrir héruðin, þar sem þeir rísa upp, því að þeir ýta undir sparsemi, sérstaklega hinnar yngri kynslóðar, jafnframt því, sem þeir hjálpa atvinnurekstri héraðsbúa.

Flm. (Bernharð Stefánsson): Ég þarf ekki að svara miklu þeim tveimur hv. þm., sem tekið hafa til máls um frv. Þeir hafa báðir talað um það af velvilja, og er því sjálfsagt að taka athugasemdir þeirra til athugunar, eftir því sem ástæða er til. Hv. þm. Dal. sagði, að það hefði tíðkazt að hafa ekki nema 3 menn í stjórn sparisjóðanna, en ég veit, að víða eru þó 5 menn í stjórn sparisjóða, og það meira að segja lítilla sjóða. Í Eyjafirði er það t. d. þannig, að hreppsfélögin eiga smásparisjóði, sem vitan-

lega er stjórnað af hreppsnefndunum, en í þeim eru víða 5 menn.

Þá vildi hv. þm. halda því fram, að stjórnarkostnaður sjóðanna yrði þeim mun meiri, sem stjórnendurnir væru fleiri. Þetta held ég að sé byggt á misskilningi hjá hv. þm., a. m. k. þekki ég ekki til þess, að stjórnendur sjóðanna hafi laun, heldur aðeins starfsmennirnir: bókari og gjaldkeri. Sé aftur gengið inn á þá braut, að láta stjórnendurna fá þóknun, þá má að vísu búast við, að kostnaðurinn verði þeim mun meiri, sem stjórnendurnir eru fleiri.

Þá þótti hv. þm. varhugavert, að stj. skipaði formenn þeirra sjóða, sem ekki væru eign neins sérstaks aðila. Ég sé nú reyndar ekki, að aðrir séu betur til þess fallnir. Það er þó skylda landsstj. að gæta hagsmuna almennings. Ég hefi þó auðvitað ekki á móti, að þetta sé athugað nánar. Gæti ég hugsað mér þá leið, að þar sem allmargir ábyrgðarmenn, t. d. 20, eru fyrir sparisjóð og þannig um búið, að ábyrgð þeirra sé meira en nafnið tómt, t. d. ef þeir ábyrgjast ákveðnar upphæðir og tryggja þær, að þá mættu ábyrgðarmennirnir velja stjórn sjóðanna.

Um þetta atriði höfum við flm. frv. hugsað. enda þótt þess sé ekki getið í grg. frv. En það, sem ég vildi benda á í þessu sambandi, er það. að upphaflega hafa verið ábyrgðarmenn fyrir ýmsum af sparisjóðum okkar, en þegar þeir hafa fallið frá, hafa engir komið í staðinn. Hefir því sumstaðar farið svo, að stjórnir sjóðanna hafa staðið einar eftir og engum þurft að standa reikningsskap gerða sinna.

Við flm. frv. erum fúsir til að ganga inn á, að þar, sem tryggilega er að sjóðunum búið og ábyrgðarmenn standa að baki þeirra, fái ábyrgðarmennirnir að ráða sem mestu um stjórn sjóðanna, en þá þarf jafnframt að halda aðalfund þar, sem reikningar sjóðanna eru lagðir fram og úrskurðaðir. Hinsvegar er ekki hægt að hugsa sér neitt einveldi í þessum efnum, að t. d. menn, sem af tilviljun hafa lent inn í stjórn sjóðanna, geti setið meðan þeim sýnist, án þess að þurfa að standa nokkrum manni reikningsskap sinnar ráðsmennsku. Eftir því, sem hv. þm. Dal. lýsti ástandi sparisjóðsins í sínu héraði, þá virtist allt vera í bezta lagi með stjórn hans.

Þá vildi hv. þm. Dal. halda því fram, að pólitík myndi komast inn í stjórn sjóðanna, ef frv. okkar yrði að lögum eins og það er nú. Að sjálfsögðu gerum við flm. það ekki að sérstöku kappsmáli, að frv. verði samþ. óbreytt, en á það vildi ég benda, að mér finnst, að engu minni hætta geti verið á því, að pólitík og það einhliða, komist inn í stjórn þeirra sparisjóða, sem væru fastbundnir í höndum einstakra manna, sem engum þyrftu að standa skil gerða sinna.

Hv. þm. var sammála okkur flm. um það, að ekki væri heppilegt, að stjórnendur hinna stærri sparisjóða væru jafnframt starfsmenn þeirra, en hann sagði, að hámarkið fyrir því, hvenær stjórnendur sjóðanna mættu ekki jafnframt vera starfsmenn þeirra, væri sett of lágt. Hann taldi, að réttara væri að miða það við 400—500 þús. kr. innstæðufé, í stað 200 þús., sem frv. gerir ráð fyrir. Hvað er hið rétta takmark hér getur alltaf orkað tvímælis, en einhversstaðar verður þó að setja það, því að ég býst við, að fleiri séu á sama máli um það en við flm. og hv. þm. Dal., að óheppilegt sé, að stjórnendur hinna stærri sjóða séu jafnframt starfsmenn þeirra.

Með þessu hefi ég jafnframt svarað hv. þm. N.-Ísaf. Hann sagði, að það hefði gefizt vel og myndi vera heppilegt, að ábyrgðarmenn sparisjóðanna réðu mestu um stjórn þeirra. Eins og ég þegar hefi tekið fram, þá er ég ekkert að draga þetta í efa, a. m. k. þar, sem tryggilega er um þetta búið, þannig að stjórnendur verði að bera fulla ábyrgð á gerðum sínum.

Út af ákvæðum frv. um stjórnarkosningu sjóðanna vakti hv. þm. athygli á því, að starfssvæði ýmsra sparisjóða næði yfir stærra svæði en eitt sýslu- eða bæjarfélag. Þetta er að sjálfsögðu rétt, en því verður ekki neitað, að það sýslu- eða bæjarfélag, sem sjóðurinn á heima í, á þó jafnan mest á hættu, hvernig um hann fer. Þar sem þannig stæði á eins og hv. þm. benti á, þá gæti ég hugsað mér, að sýslunefndir og bæjarstjórnir hlutaðeigandi sýslu- og bæjarfélaga veldu stjórn sjóðanna í sameiningu.

Læt ég svo útrætt um mál þetta nú, og vil taka það fram, að ég er fús til samstarfs við n. þá, sem málið fær til meðferðar.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 9 shlj. atkv. og til allshn. með 9 shlj. atkv.

Á 29. fundi í Ed., 19. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 36, n. 160, 161, 195).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. og brtt. 195. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

Frsm. (Ingvar Pálmason): Þetta frv. er flutt í þeim tilgangi að tryggja sem bezt alla stjórn og starfrækslu sparisjóða á landinu. — Allshn. hefir haft frv. til meðferðar. Hún hefir athugað það nokkuð ýtarlega og orðið sammála um, að rétt sé að auka nokkuð við ákvæði gildandi l. um öryggi fyrir tryggri stjórn og starfrækslu sparisjóða í landinu. Hinsvegar ber þess að gæta að áliti n., að jafnhliða þessu þarf að hafa það í huga að þrengja ekki um of með þessu kosti hinna smærri sparisjóða í landinu, bæði þeirra, sem stofna skal, og hinna smærri. Þessa þætti málsins hefir n. athugað og komizt að þeirri niðurstöðu, að rétt sé að gera nokkrar breyt. á frv., en ég hygg, að mér sé óhætt að segja það, að n. hafi öll kannazt við, að þörf væri fyrir nokkuð fyllri ákvæði um stjórn og starfrækslu sparisjóða heldur en nú eru til í l. Þó er náttúrlega rétt að geta þess, að meiri hl. n. hefir undirritað nál. með fyrirvara, en ég held, að sá fyrirvari gildi ekki það, að þessir hv. nm. fylgi ekki frv., ef brtt. verða samþ., þó þeir séu ekki að öllu leyti ánægðir með þær allir. Þess vegna geri ég fyllilega ráð fyrir því, að þær verði samþ. Hinsvegar hefi ég enga heimild til að lýsa afstöðu n. gegn frv., ef brtt. næðu ekki

samþykki, en um þessar brtt. n. á þskj. 161 virðist sæmilegt samkomulag í n.

Þá vil ég snúa mér að hinum einstöku brtt. n., sem ég tel þó eigi þörf á að fara mörgum orðum um, því ég álít, að þær liggi nokkuð ljóst fyrir. 1. gr. frv. vill öll n. orða upp að miklu leyti, en breyt. er aðeins sú ein, að við viljum fella úr frv. það skilyrði til þess að sparisjóður hafi 5 menn í stjórn, að umsetning sjóðsins skuli vera 200 þús. kr. eða meira. Við viljum fella niður þetta skilyrði, af því að við teljum, að sparisjóðsinnstæðufé hvers sjóðs sé ekki réttur mælikvarði á tekjur sparisjóða eða hve stjórn þeirra sé umfangsmikil. Hinsvegar er það eftir því sem sjóðurinn hefir meiri hlaupareikningsstarfsemi að stjórn hans verður umfangsmeiri og ábyrgðarmeiri, en þá jafnframt meiri tekjuvonir. Í þessu sambandi má geta þess, að sparisjóðir, sem hafa um 200 þús. kr. umsetningu, geta gefið í brúttó tekjur um 3000 kr., sem er munurinn á innláns- og útlánsvöxtum. Það sjá allir, að hér er um að ræða svo litlar tekjur, að gæta þarf hins mesta varnaðar með að íþyngja þeim ekki svo með útgjöldum, að þeir geti ekki safnað í sína varasjóði, sem verður að telja mjög áríðandi.

Þá er önnur breytingin við 1. gr. frv. á 2. málsgr. Ég skal játa, að það er nokkur efnisbreyt., sem n. vill hér koma á. Í stað einnar málsgr. í frv. komi þrjár málsgr., þar sem sjóðunum er skipt í flokka eftir eðli þeirra og uppruna, og eiga við hvern flokk sérstök ákvæði um skipun stjórnar. Það eru þá fyrst sparisjóðir, sem eru sjálfstæðar stofnanir, þar sem uppfyllt er það skilyrði, að hver sjóður hefir minnst 20 ábyrgðarmenn í kaupstöðum, en 12 utan kaupstaða. Er þetta í sjálfu sér ekki eingöngu gert vegna þess, að ábyrgð þessi sé í sjálfu sér svo mikið öryggi fyrir sjóðina, heldur hitt, að svo fjölmenn ábyrgð skapi meira öryggi um stjórn og starfrækslu þeirra.

Í frv. er lagt til, að stjórnir þessara sjóða séu skipaðar af viðkomandi sýslunefnd eða bæjarstjórn, en formaður sé skipaður af fjmrh. Þetta virtist n. sumpart ekki réttlátt og sumpart ekki heppilegt. Hún telur það ekki réttlátt gagnvart ábyrgðarmönnunum, sem auk ábyrgðarinnar hafa lagt á sig allmikla fyrirhöfn vegna sjóðanna, að þeir fái ekki að kjósa meiri hluta stjórnarinnar. Hinsvegar viðurkennir n., að öruggt eftirlit þurfi með sparisjóðum, og leggur því til, að viðkomandi sýslunefndir eða bæjarstjórnir kjósi í sjóðstjórn hverja einn mann af þremur eða tvo af fimm. Með því á að vera tryggt, að stjórn sjóðanna fari sæmilega úr hendi.

Í sambandi við þetta vil ég geta þess, að n. leggur til síðar í brtt., að viðkomandi sýslunefnd eða bæjarstjórn kjósi endurskoðendur sjóðanna. Telur n. þetta beztu tryggingarráðstöfunina, en vildi hinsvegar ekki ganga lengra í því að svipta ábyrgðarmenn íhlutun um stjórn.

Ég sagði, að n. hefði þótt varhugavert að lögfesta það, að fjmrh. skipaði formenn sparisjóðsstjórna. Ég álít varhugavert að setja á málið nokkurn opinberan blæ. Gæti hugsazt, að af því kynni að leiða, að svo yrði litið á, að ætlazt mætti til, að hið opinbera bæri þá nokkra ábyrgð á starfsemi sjóðanna, en það telur n. í alla staði óheppilegt, bæði vegna ríkisins og ekki síður vegna sjóðanna sjálfra.

Ég hygg, að n. sé öll sammála um það, að sparisjóðir úti um byggðir landsins, sem vel er stjórnað, séu eitt af því nauðsynlegasta til þess að tryggja sæmilega afkomu hvers héraðs, og ber það fyrst til þess, að heppilegt er að hafa sæmilegar peningastofnanir, sem taka yfir ákveðin svæði með lánveitingar, þar sem hver sjóður hefir fullkomna þekkingu á högum sinna skuldunauta, og betri en fjarlægari stofnanir geta haft. Þá hefir reynslan sýnt það, að margur eyririnn hefir sparazt á báða bóga þar, sem lánstofnun var til í héraðinu, og hefir því n. viljað tryggja tilveru sparisjóðanna á sem beztan hátt.

Þá er einnig í 3. málsgr. 1. gr., eins og n. ætlast til að hún verði, gert ráð fyrir því, hvernig skipta skuli stjórn þeirra sjóða, sem ekki hafa þá tilskildu tölu ábyrgðarmanna, sem gert er ráð fyrir í 2. málsgr. N. þótti réttara að slá varnagla við því, hvernig kjósa skyldi stjórn slíkra sjóða, þótt þeir muni ekki vera margir. Leggur n. til, að stjórnir þeirra verði kjörnar af sýslunefndum eða bæjarstjórnum.

Í þriðja lagi þótti n. rétt að minnast á þá sjóði, sem eru eign hreppsfélaga, og sjóði sem eru eign einstakra manna eða félaga og stofnaðir hafa verið samkv. heimild í l. frá 1915. N. þótti rétt, að stjórnir þessara sjóða væru skipaðar eftir því sem nú er ákveðið í l. eða reglugerðum sjóðanna af hlutaðeigendum sjálfum. Hinsvegar þótti rétt, að endurskoðendur fyrir þessa sjóði væru eftirleiðis skipaðir af sýslunefndum eða bæjarstjórnum, eins og aðra sjóði.

Ég hefi þá gert nokkra grein fyrir þessari 1. brtt. allshn., og læt við það sitja að þessu sinni. Í síðustu málsgr. 1. brtt. er ákveðið, að kosningar í stjórnir sparisjóða gildi til eins árs í senn. Við teljum sjálfsagt, að svo skuli vera, og nauðsynlegt vegna öryggis, til þess að síður sé hætta á því, að stjórnirnar trénist upp fyrir það, að þær séu sjálfkjörnar frá ári til árs, og að eftirlit með sjóðunum geti þar af leiðandi fallið niður.

2. brtt. allshn. er við 2. gr., og er aðalbreyt. sú, að orðið „lánsverzlun“ er fellt úr frv. N. virtist, að ná mætti tilætluðum árangri með þessari gr. frv. þrátt fyrir þessa breytingu.

Þá leggur n. til, að 3. gr. frv. falli niður, en sú gr. mælir svo fyrir, að ef sjóður hefir 200 þús. kr. innstæðufé eða rekur almenna hlaupareiknings- eða innheimtustarfsemi, þá sé óheimilt, að stjórnendur hans hafi dagleg framkvæmdarstörf með höndum fyrir sjóðinn. Þetta virtist n. nokkuð varhugavert ákvæði, ekki sízt þegar búið er að breyta fyrirkomulagi sjóðanna svo, að allir sjóðir, sem hafa með höndum hlaupareikningsstarfsemi, hafa fimm manna stjórnir. N. fannst af þeim ástæðum m. a. minni ástæða til þess að útiloka stjórnendurna frá daglegri stjórn sjóðsins. Þar sem um fimm manna stjórn er að ræða, lítur n. svo á, að orðið gæti dálítið erfitt að fá hæfari menn utan

stjórnar sjóðsins, og sér n. ekki, að í 3. gr. felist neitt sérstakt öryggi.

4. brtt. n. hefi ég að nokkru leyti gert grein fyrir áður, þar er lagt til, að endurskoðendur sparisjóða séu í öllum tilfellum kosnir af hlutaðeigandi bæjarstjórn eða sýslunefnd.

5. brtt. er aðeins leiðrétting eða orðabreyting.

6. brtt. er við 7. gr., umorðun á niðurlagi hennar. Þar stendur, að kostnaðurinn, sem leiðir af eftirlitinu, skuli skiptast á sjóðina í hlutfalli við þá veltu, sem þeir hafa yfir að ráða. N. þótti réttara að taka það skýrt fram, að þetta ætti að miðast við inn- og útborganir á árinu. Það er sennilegt, að meiningin sé hin sama í þessu hvorttveggja, en þó má misskilja orðið að hafa í „veltu", en eins og þetta er nú verður það með engu móti misskilið.

Síðasta brtt. n. er á þá lund, að ef þetta frv. verði að l., skuli texti laganna færður inn í meginmál l. frá 1915 og l. gefin út þannig breytt. N. kannast við, að þetta hefir nokkurn kostnað í för með sér, en telur samt, að ekki sé í það horfandi, því að sparisjóðirnir eru býsna margir alls á landinu, þótt ekki séu þeir allir stórir, og frekar gæti þetta farið á milli mála hjá mönnum, ef lögin eru í fleiru en einu lagi. Og n. lítur svo á, að þetta verði handhægara fyrir þá, sem að sjóðunum standa, að hafa l. í einu lagi.

Ég sé svo ekki ástæðu til þess að hafa þessi orð fleiri. Ég geri ráð fyrir, að hv. 4. þm. Reykv. geri grein fyrir sínum brtt. á þskj. 195, og mun ég þá lýsa afstöðu minni til þeirra, en get ekki að fullu lýst afstöðu n. til þeirra, nema að því leyti, sem fram kom á fundum í n. meðan málið var þar til umr.

Sigurjón Á. Ólafsson [óyfirl.]: Eins og hv. frsm., 2. þm. S.-M., drap á og sjá má á þskj. því, sem nál. er á, hefi ég skrifað undir nál. með fyrirvara. Í raun og veru er fyrirvari minn á þskj. 195 eins og hann kom fram í n. Og ég hygg, að það sé rétt hjá hv. frsm., að allir nm. hafi verið á móti mér í þessu máli, þótt það breyti ekki minni afstöðu til málsins. Fyrirvari hinna nm. hygg ég, að sé nokkuð annars eðlis en minn. En a-liður minnar brtt. er þess efnis, að fjölga þeim mönnum, sem bæjarstjórn eða sýslunefnd á að kjósa í stjórn sparisjóða, frá því, sem er í till. n. á þskj. 161. Ég tel, að ábyrgðarmennirnir hafi tiltölulega fullkominn rétt með því að velja 1 af 3 og 2 af 5 stjórnarmeðlimum, þegar allir hinir, sem hafa engu minni „interesse" af því, hvernig sjóðurinn gengur, eiga aðeins að fá 2 af 3 og 3 af 5, en það eru allir þeir, sem fela sjóðnum fé til ávöxtunar, og ég get ekki séð, að aðrir aðilar séu færari um að velja þeim fjölda fulltrúa en einmitt bæjarstjórnir og sýslunefndir. Hinsvegar mun meiri hl. n. líta svo á, að það sé mikils um vert, að ábyrgðarmennirnir, sem frv. gerir ráð fyrir að séu 20 í kaupstað, en 12 í sveitum eða kauptúnum, ráði allri stjórn og meðferð sjóðanna. Um þetta má að sjálfsögðu nokkuð deila, því að ég lít svo á, að þessir ábyrgðarmenn, í raun og veru, þótt þeir vilji að sjálfsögðu hugsa um hag sjóðanna hver á sinn hátt, hafi ekki nærri eins mikilla hagsmuna að gæta eins og allur almenningur, sem fjármagnið lætur í þessa sjóði, eða eins mikla „interesse" fyrir stjórn þeirra og starfsemi. Á þessu byggi ég mínar till. um það, að bæjarstjórnir og sýslunefndir fái meirihlutavald í þessum stofnunum, því að þær ábyrgðir, sem yfirleitt eru fyrir þessum sjóðum, eru aðeins á meðan sjóðirnir eru að vinna sig upp, meðan þeir eru litlir, en þegar þeir hafa eignazt sjóði, og þá stundum svo mikla, að það er ekki nema örlítið brot, sem ábyrgðin nemur, þá er tryggingin í þessum ábyrgðum í rauninni ákaflega lítil. Ábyrgðirnar koma því aðallega til greina meðan þessir sjóðir eru á byrjunarstigi, eru að myndast. Það eru til sparisjóðir, sem eiga e. t. v. um 100 þús. kr. varasjóði, en ábyrgð hvers þessara 20 ábyrgðarmanna nær til 400 kr. Í slíkum tilfellum er varasjóðurinn vitanlega langstærsta tryggingin. Í sambandi við þetta mætti benda á ýmislegt fleira, en ég skal sleppa því nú.

Þá er hin brtt. mín um það, að ef það hefir algerlega verið trassað að skipa þessa ábyrgðarmenn, eins og dæmi munu vera til, en reglan er sú, eftir því sem mér er sagt, að þeir, sem fyrir eru, skipi ábyrgðarmenn eftir eigin geðþótta í stað þeirra, sem úr ganga, hafi þeir fyrirgert rétti sínum til þess, ef trassaskapurinn hefir átt sér stað í 2 ár eða lengur. Með slíka sjóði á að fara eins og gert er ráð fyrir um stjórn þeirra sparisjóða, sem eru eign bæjar- eða sýslufélaga og enga ábyrgðarmenn hafa. Þetta er meginkjarninn í mínum till., og þótt ég reikni með því, að meiri hl. n. fallizt ekki á hann, þá þykir mér rétt að koma fram með minn ágreining. Annars skal ég játa, að þær breyt., sem n. hefir borið fram, eru til mikilla bóta á l. um sparisjóði, og sumar þeirra nokkur lagfæring á frv. eins og það var lagt fyrir n. Um þetta deila nm. yfirleitt ekki, og vegna þess að allir hafa sannfærzt um það, að breyt. þyrfti á þessu að gera, hefir n. öll fallizt á þær brtt. í meginatriðum, sem hún ber fram. En ég vil að síðustu taka það fram, að ég legg það mikið upp úr þessum breyt. á sparisjóðslögunum, að ég mun ekki ganga á móti frv., þótt mínar till. verði ekki samþ. — Það var gert ráð fyrir því af n. hálfu, að fá umsögn okkar veglegustu peningastofnana, bankanna, um málið, en n. sá sér ekki fært að bíða eftir svörum þeirra og tók því til sinna ráða og afgr. málið. Ég get þessa hér, ef síðar kynnu að koma fram aths. um það, að álits þessara stofnana hafi ekki verið leitað.

Ég tel svo ekki ástæðu til að fara fleiri orðum um þessar brtt. mínar, og mun ekki standa aftur upp nema alveg sérstakt tilefni gefist til frá hv. frsm.

Magnús Guðmundsson: Ég skrifaði undir nál. á þskj. 160 með fyrirvara. Sá fyrirvari lýtur ekki að þeim brtt., sem n. flytur á þskj. 161. Ég er þeim yfirleitt samþ. og mun greiða atkv. með þeim öllum. Það eru að vísu einstök atriði, sem ég hefði kosið að hafa á annan veg, en af því að tekið var það ráð í n. að slaka til hver fyrir öðrum, þá hefir komið sú niðurstaða, að allir virðast mega vel við una, þótt um smærri atriði

séu ekki allir á einu máli, og tel ég óþarft að fara frekar út í það, því að frsm. n. hefir gert það. En ég held, að þetta eftirlit, sem gert er ráð fyrir í 6. gr. frv., verði ákaflega lítils virði, og ég vil, að það komi fram hér af minni hálfu, að ég hefi ekki trú á, að það eftirlit verði fullnægjandi. Ég lít svo á, að ef þetta verður samþ., verði að fá mann til að gegna þessu starfi, og er ég þá í efa um, hvort nokkuð sparast við það að afnema l. um eftirlitsmann með bönkum og sparisjóðum. En þetta snertir ekki, að því er virðist, aðalatriðið, því að eftirlitið getur varla verið verra en ekki neitt, eins og nú er, og sé ég því ekki ástæðu til þess að greiða atkv. á móti frv. vegna þessa.

Út af brtt. hv. 4. þm. Reykv. á þskj. 195 vil ég segja það, að þær eru þannig vaxnar, að ég myndi ekki geta sætt mig við frv., ef þær yrðu samþ., enda var talsvert um þessi atriði rætt í n., og hygg ég það rétt vera, að hann hafi staðið einn uppi með sína skoðun þar. Það er óþarflega þrengt kosti sparisjóðanna með því að ætla hinu opinbera að taka að sér að skipa meiri hl. í stjórn sjóðanna, og ég er sannfærður um, að það er hárrétt, sem hv. frsm. tók fram, að þarna væri með þessu verið að smeygja inn fingrinum um ábyrgð ríkissjóðs á sparisjóðunum, því að það er eðlileg afleiðing af því, að ríkið fer að skipa meiri hl. í stjórn þessara fyrirtækja, að ef misbrestir verða á stjórninni og rekstrinum, þá verður þeim um kennt, sem tóku ráðin og sjálfsstjórnina af sjóðunum. — Þetta er þá að segja um fyrri brtt. — Um síðari till. vil ég segja það — ég tala hér einungis fyrir mig persónulega, því að hv. frsm. hefir talað fyrir n. —, að þótt vanræksla kunni að hafa átt sér stað í sambandi við skipun ábyrgðarmanna um nokkur ár eða hún hafi verið látin niður falla af ásettu ráði, þá sé ég ekki, að þeir eigi fyrir þá sök að glata rétti sínum til að skipa þá. Það er heimilt nú að hafa sparisjóði án ábyrgðarmanna, og fyrir hvað á þá að refsa?

Ég þarf svo ekki að fara um þetta fleiri orðum, en veit, að hv. frsm. gerir brtt. á þskj. 195 betri skil en ég og tekur fram, ef hann er mér ósammála um eitthvað.

Frsm. (Ingvar Pálmason): Ég þarf ekki að fara mörgum orðum um þessar brtt. Ég gat þess lítillega, þegar ég ræddi um 2. málsgr. 1. brtt. okkar nm., að ég teldi, að þeir menn, sem hafa unnið upp sparisjóðina og komið þeim í núv. horf, og koma til með að vinna upp óstofnaða sjóði, verði að hafa tryggingu fyrir því að fá að hafa meiri hl. í stjórnum sjóðanna. Ég gat þess þá líka, að ég væri hræddur um, að of mikil afskiptasemi frá hálfu hins opinbera myndi leiða af sér, að sjóðirnir yrðu álitnir á ábyrgð hins opinbera, og það tel ég illa farið. Við eigum að halda við þeirri ábyrgðartilfinningu, sem er hjá ábyrgðarmönnunum. En það er rétt, að hún er ekki aðallega af þeim rótum runnin, að þeir ábyrgjast nokkur hundruð króna hver, heldur aðallega vegna þess, að þetta er þeirra stofnun, en hvorki ríkis. sýslu eða bæjar. En ef tekinn er af þeim sá réttur að hafa meiri hl. í stjórn fyrirtækisins, hverfur líka hvötin til þess að sjá stofnuninni sem allra bezt borgið og setja stolt sitt í, að hún megi blómgast sem allra bezt. Þetta er orsökin til þess, að ég vil ekki taka af þeim þennan rétt, og ég hygg, að reynslan sé sú, að flestir þeir sparisjóðir, sem til eru nú á landinu, séu til orðnir fyrir atbeina fáeinna manna. Ég held, að menn myndu verða tregari til þess í framtíðinni að stofna sparisjóði, ef við tökum með lagaákvæði réttinn af stofnendunum til þess að ráða yfir þeim.

Um síðari brtt. er það að segja, að vel má vera, að til séu einhverjir sparisjóðir, sem ekki hafa haft nægilega ábyrgðarmenn um einhvern e. t. v. nokkuð langan tíma, og má segja, að þeir hafi að einhverju leyti fyrirgert rétti sínum, þótt ég verði að taka undir það með hv. 1. þm. Skagf., að það er erfitt að búa til l., sem eiga á þann hátt að verka aftur í tímann, að leggja skyldur á herðar og láta menn tapa rétti samkv. slíkum l. — En burtséð frá þessu geta verið fjölmargir smáir sjóðir, sem hafa uppfyllt allar þær skyldur, sem þeir í upphafi tókust á herðar, og það er hreint ekki víst, að þeir hafi nokkurntíma haft nema 10 ábyrgðarmenn, og því eigum við þá að fara að láta það varða réttindamissi og koma þeim undir stjórn sýslu- eða bæjarfélaga. Ég vil ekki undir neinum kringumstæðum gangast inn á það. Þótt einhverju kunni að vera — og sé vafalaust — ábótavant í þessum efnum, þá vil ég gefa kost á, að bætt sé fyrir það, sem aflaga hefir hér farið. Ég álít, að það fyrirkomulag, sem felst í brtt. okkar nm., tryggi það nægilega, að aðstaða þeirra manna, sem hafa stjórn sjóðanna með höndum, verði þannig, að þeir geti ekki misnotað hana. Ég tel, að þetta mál sé svo mikið þjóðhagsmál, að menn verði að reyna að leita að þeim leiðum, sem líklegastar séu til þess að geta náð þeim tilgangi, sem við viljum, sem sé að tryggt sé, að stjórnir sparisjóðanna séu í sem beztu lagi á hverjum tíma. Ef eitthvað hefir farið aflaga á undanförum árum, þá eigum við ekki þar fyrir að taka sjóðina og setja undir stjórn bæjar- og sýslufélaga, heldur lagfæra það, sem ábóta hefir verið vant. Það getur valdið miklum ágreiningi og lítilli giftu, ef fara á harkalega að í þessu máli.

Ég hefi ekkert að athuga við fyrirvara hv. 1. þm. Skagf. Mér var kunnugt um hann áður, og við erum ekki alveg sammála um eftirlitið. Ég vænti, að hægt verði að finna leið til þess að haga eftirlitinu þannig, að fullnægilegt verði. Hv. þm. heldur því fram, að það verði ekki hægt nema sérstökum manni verði falið það starf. Frv. eins og það er setur engar hindranir í veg þess, að sú ráðstöfun verði tekin upp. Hinsvegar er það mitt álit, að eftirlitið þurfi ekki að vera neitt verra, þótt því sé hagað á annan hátt, því að það er hægur vandi fyrir menn, sem eru kunnugir stofnunum, að ganga úr skugga um, hvort nokkuð muni athugavert. En ég vænti þess fastlega, að eftirlitið verði ekki látið dragast úr hömlu. Eins og frv. er nú, er það alveg látið óbundið, hvernig því verður hagað, og ég vil bera það traust til fjmrh. á hverjum tíma, og þeirra stofnana, sem hér eiga

hlut að máli, að samvinna geti tekizt um þetta. Hinsvegar tel ég bót að því, að eftirlitinu með bönkum sé haldið aðgreindu frá eftirlitinu með smáum sparisjóðum.

Ég vænti þess svo, að árangurinn af starfi n. verði sá, að við getum afgr. þetta frv. á þessu þingi, og sé ekki ástæðu til að fara um það fleiri orðum.

Sigurjón Á. Ólafsson [óyfirl.]: Ég gerði ekki ráð fyrir að standa aftur upp í þessu máli, nema alveg sérstakt tilefni gæfist til frá hv. frsm. En tilefnið frá hans hálfu er það, að hann hélt því fram, að með tölu ábyrgðarmannanna í brtt. minum sé verið að skapa skyldur á hendur sparisjóðunum, sem ekki hafi verið til áður, en eins og min till. ber með sér, þá er ákveðið, að ef tala ábyrgðarmannanna hefir ekki verið sú, er reglur eða lög sparisjóðanna hafa ákveðið, þá sé ekki ástæða til þess að láta þá menn, sem vanræksluna hafa sýnt, fá tækifæri til þess að uppfylla hin settu skilyrði. Þennan misskilning hv. þm. vildi ég leiðrétta, því að það er vitanlega rétt, að tala ábyrgðarmannanna getur í mörgum tilfellum hafa verið miklu lægri en hér er gert ráð fyrir. Hv. frsm. leggur mjög mikið upp úr því, að réttur stofnendanna haldist til þess að hafa meiri hluta í stjórn sjóðanna. Nú vil ég benda honum á það, að flestir þeir, sem unnið hafa að því að koma þessum sjóðum upp, eru fallnir í valinn, og nýir menn komnir í þeirra störf við sjóðina, en hafa lítið að því unnið að koma sjóðunum upp. Það myndast þarna fámennur hópur manna, sem venjulega eru kallaðir „klíkur“, og aðstaða manna til að fá lán úr sjóðunum fer eftir kunningsskap o. fl. þ. h. Hér er aðeins um þá sjóði að ræða, sem búnir eru að starfa nokkuð lengi og eiga sterka varasjóði.

Ég hefi ekki þá trú, þó að 12 eða 20 ábyrgðarmenn kjósi í stjórn sjóðanna, að þá verði þeim betur stjórnað. Stjórn sparisjóða byggist yfirleitt á því, að það séu glöggir og heiðarlegir menn, sem stjórnina skipa. Ég dreg það ekki í vafa, að í bæjarstjórnir og sýslunefndir séu yfirleitt kosnir þeir menn, sem almenningur getur treyst. Ég fyrir mitt leyti treysti þessum mönnum betur til þess að kjósa meiri hluta í stjórn sjóða en fámennri klíku.

Hv. 1. þm. Skagf. vildi halda því fram, að hér væri verið að ganga inn á þá braut, að skapa sparisjóðunum ríkisábyrgð. Ég get nú ekki séð, að svo sé. En ákvæðið um, að fjmrh. skipaði í ýmsum tilfellum oddamann, gat bent í þá átt, en n. leggur til, að það verði fellt niður, af því að hún var sammála um, að það gæti skapað ríkisábyrgð.

Ég skal svo láta niður falla frekari umr. um þetta mál. Ég býzt ekki við, að till. minar nái samþykki hv. þdm., þar sem 4 af 5 nm. hafa lýst sig mótfallna þeim.

ATKVGR.

Brtt. 195,a felld með 10:2 atkv.
— 195,b felld með 9:2 atkv.
— 161,1 (ný 1. gr.) samþ. með 11 shlj. atkv.
— 161,2 (ný 2. gr.) samþ. með 11 shlj. atkv.
Brtt. 161,3 (3. gr. falli burt) samþ. með 11 shlj. atkv.
— 161,4 (ný gr., verður 3. gr.) samþ. með 13 shlj. atkv.
5. gr. (verður 4. gr.) samþ. með 11 shlj. atkv.
Brtt. 161,5 samþ. án atkvgr.
6. gr. (verður 5. gr.), svo breytt, samþ. með 12 shlj. atkv.
Brtt. 161,6 samþ. með 12 shlj. atkv.
7. gr. (verður 6. gr.), svo breytt, samþ. með 12 shlj. atkv.
8.—9. gr. (verður 7.—8. gr.) samþ. með 12 shlj. atkv.
Brtt. 161,7 (ný gr., verður 9. gr.) samþ. með 11 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. visað til 3. umr. með 12 shlj. atkv.

Á 31. fundi í Ed., 21. marz, var frv. tekið til 3. umr. (A. 210, 225).

Frsm. (Ingvar Pálmason): Milli umr. hefir allshn. athugað þetta frv. og borið það nánar saman við gildandi l., og við þá athugun hefir komið í ljós, að nokkur vandkvæði eru á því að færa texta frv. eins og það er nú inn í gildandi lög.

Ég vil fyrst geta um það, að fjórum síðustu gr. frv. þyrfti að vísa inn í l., en það er ekki gert í frv. Þetta þarf að gera, svo að l. í heild gætu lítið sæmilega út. Ennfremur eru ákvæði í 9. gr. l., sem áttu við það ástand, sem ríkti er l. voru sett, en er nú ekki lengur fyrir hendi. Þessi ákvæði verða auk þess aðeins hortittur í l., ef frv. verður að l. og það fellt inn í hin eldri l. N. hefir athugað þetta og orðið sammála um að leggja til, að 9. gr. verði felld niður úr l., og flytur brtt. um það. Þetta er sú fyrsta breyt., sem gerð er á þessum l. síðan 1915. Þó það væri óneitanlega mikill kostur að láta lögin standa, en breyta frv., þá hefir n. tekið hina leiðina, heldur að fella niður 9. gr. l. og fella frv. inn í texta laganna.

Ég skal taka það fram, að gefnu tilefni út af fyrirspurn frá einum hv. þm. um það, hvernig skilja beri orðið kaupstaður í brtt. n. og utan kaupstaða, að kaupstaður er sá staður, sem hefir bæjarréttindi. Ég hygg, að þetta nafn sé orðið svo algengt í málinu, að á því verði ekki villzt, og læt ég því þessa skýringu nægja.

Fari nú svo, að hv. d. geti ekki fallizt á að fella 9. gr. úr l., þá verður að lagfæra frv. í hv. Nd., því þó frv. geti staðizt út af fyrir sig, þá verður ekki, eins og ég hefi áður tekið fram, hægt að fella texta þess inn í l. nema með því að breyta öðruhvoru, l. eða frv.

ATKVGR.

Brtt. 225 samþ. með 11 shlj. atkv.
Frv., svo breytt, samþ. með 10 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 35. fundi í Nd., 22. marz, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 233).

Á 36. fundi í Nd., 23. marz, var frv. tekið til 1. umr. Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. —Afbrigði leyfð og samþ. með 17 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 17 shlj. atkv. og til allshn. með 17 shlj. atkv.

Á 40. fundi í Nd., 29. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 233, n. 279 og 280, 291).

Frsm. meiri hl. (Bergur Jónsson) [óyfirl.]: N. mælir yfirleitt með því, að frv. verði samþ., en meiri hl., þeir hv. þm. Snæf., hv. 8. landsk. og ég, vill gera breyt. á 2. málsgr. 1. gr. frv., um kosningu í stj. sparisjóða, sem eru sjálfeignarstofnanir og einstakir menn bera að öllu leyti fjárhagslega ábyrgð á. Meiri hl. n. taldi ekki ástæðu til eða þörf að veita sýslunefndum og bæjarstjórnum vald til þess að hlutast til um stjórn þeirra sparisjóða, sem einstakir menn hafa með erfiði og fjárframlögum komið á fót. En hitt er annað mál, að ekki er nema réttmætt að auka eftirlitið, t. d. með því að veita bæjarstjórnum heimild til þess að kjósa endurskoðanda eða eftirlitsmann. Að vísu er fjmrh. falið samkv. 5. gr. frv. að hafa eftirlit með öllum sparisjóðum, og ætti það, ef framkvæmt verður, að gefa nokkra tryggingu.

Af kynningu þeirri og reynslu, sem ég hefi af sparisjóðum úti um land, eru þeir allir sjálfseignarstofnanir einstakra manna, sem standa ábyrgir fyrir skuldbindingum þeirra, og munu þessir menn yfirleitt fella sig illa við, að það vald, sem þeir hafa samkv. lögum, sé nú af þeim tekið. Enda sé ég ekki, eftir þeirri þekkingu, sem ég hefi af sýslunefndum úti um land — án þess að ég ætli að fara að kritisera þær —, að það sé nokkuð meiri trygging fyrir, að þær kjósi hæfari eða betri menn en þeir einstaklingar, sem bera þar fjárhagslega og siðferðislega ábyrgð. — Fleira þarf ég ekki að taka fram af hálfu meiri hl. n.

Hinsvegar er komin fram brtt. frá þeim hv. þm. A.-Húnv. og hv. 6. þm. Reykv., um að á eftir 5. gr. komi ný gr., svohljóðandi:

„Ef stjórn sparisjóðs óskar, skal ríkisstj. fyrir hönd ríkissjóðs ábyrgjast innstæður í sjóðnum, ef sannanir, sem fjmrh. tekur gildar, liggja fyrir um það, að sjóðurinn eigi meira en fyrir skuldum og stjórn og starfræksla sjóðsins er í samræmi við lög þessi“.

Ég hefi ekki borið mig saman við meðnm. mína um þessa brtt., en ég get ekki fellt mig við hana. Ég sé ekki ástæðu til þess fyrir ríkissjóð að hlaupa til og taka á sig slíkar ábyrgðir, a. m. k. ekki nema rækileg rannsókn fari áður fram. Og þó sannað sé fyrir ráðh., að sjóður eigi fyrir skuldum nú, getur það fljótlega breytzt, ef stjórn og starfræksla er ekki góð og óheppilega er með féð farið, og stafað hætta af fyrir ríkissjóð. Einkum er þetta óviðeigandi nú, þegar sporna á við því, að ríkissjóður taki á sig nýjar ábyrgðir fyrir fjármálastofnanir. Ég þekki ekki heldur til, að sparisjóðir þurfi að kvarta um, að þeir fái ekki fé, sem standa má inni lengri tíma. Hitt er vitanlegt, að þeir, sem þurfa að hafa hlaupareikningsviðskipti, verða að fara með fé til bankanna. Enda ekki leið til þess að skylda menn til að styðja stjórnina á þann hátt. En ég tel sjálfsagt, að flm. hafi borið brtt. fram í góðri meiningu, til þess að efla sparisjóðina með því að gefa þeim jafnrétti við bankana. En þess verður að gæta, að það stendur nokkuð öðruvísi á með bankana, sem enn þýðingarmeiri stofnanir, enda ekki hægt að benda á, að ríkisábyrgð til bankanna hafi orðið sparisjóðunum til tjóns.

Frsm. minni hl. (Héðinn Valdimarsson) [óyfirl.]: Ég get tekið undir með hv. þm. Barð. að því er snertir brtt. þeirra hv. þm. A.-Húnv. og hv. 6. þm. Reykv. og skal ekki fara fleiri orðum um hana. Hinsvegar er minni hl. allshn., við hv. 1. landsk., með því að frv. gangi fram óbreytt. Er hætt við, að brtt. meiri hl. geti tafið afgreiðslu málsins svo, að það gangi ekki fram á þessu þingi. Ég sé ekki neitt réttmætt í þessari breyt. Hún er tvennskonar. Annað atriði breyt. er að fjölga ábyrgðarmönnum sparisjóða úr 20 og upp í 30. Ég álít þetta enga þýðingu hafa, því að engin meiri trygging er fólgin í því fyrir sparisjóðina, þó að ábyrgðarmönnum sé fjölgað. En hitt ber fremur á að líta, hvaða ábyrgðir standa á bak við. Sýslur eru í ábyrgð fyrir mjög marga sparisjóði.

Hitt gæti komið til greina, ef till. kæmi fram um það, að menn hefðu jafnan aðgang til þess að gerast ábyrgðarmenn sparisjóða. En ég hygg, að þetta eigi eingöngu að miða við þá, sem upprunalega hafa verið þarna ábyrgðarmenn, með þessari örlitlu viðbót. Og þá ættu sennilega ábyrgðarmenn sparisjóða að ráða, hverjir þarna bættust við. Nú er það oft um sparisjóði, að ábyrgðarmennirnir hafa þá alveg í höndum sér. Þeir, sem í ábyrgðunum eru, halda, eftir þessari breyt., áfram að ráða yfir þessum sjóðum. En það er fjarri því, að svo beri á að líta, að þeir hafi nokkurn raunverulegan rétt til þess að ráða yfir sjóðunum. Því að ábyrgðir þeirra eru mjög litlar, samanborið við það fé, sem er í sjóðunum.

Það má einnig skoða aðra hlið þessa máls, þar sem eru allir þeir menn, sem hafa hagsmuna að gæta í sambandi við sparisjóðina, bæði lántakendur og ekki síst sparifjáreigendur. Þess er ekki gætt, að með þessu eru þeir menn, sem upprunalega voru ábyrgðarmenn fyrir sjóðina, látnir halda áfram að ráða um stj. þeirra.

Ég held því fram, að frv. þetta sé réttmætt og að kjósa beri menn í stj. sparisjóða með hlutfallskosningu af bæjarstjórn í kaupstöðum eða af sýslunefndum, sem eigi ekki að gæta sömu hagsmuna og ábyrgðarmenn sjóðanna nú, heldur hagsmuna almennings, eða þeirra almennu hagsmuna, sem bundnir eru við sparisjóðsviðskipti. — Við í minni hl. n. leggjum til, að frv. verði samþ. óbreytt.

Jón Pálmason: Ég hefi leyft mér, ásamt hv. 6. þm. Reykv., að bera fram brtt. við þetta frv.,

og er hún á þskj. 291. Vil ég gera grein fyrir því, hvaða orsakir til þess liggja.

Eins og þeim hv. þdm., sem fulltrúar eru fyrir héruðin utan Rvíkur, er kunnugt, og jafnvel öllum hv. þm., þá er það svo, að peningaviðskipti úti á landi eru að mjög miklu leyti bundin við þessar stofnanir, sparisjóðina. Og að svo miklu leyti sem um nokkur peningaviðskipti nú síðustu árin er að ræða og innhlaup í lánsstofnanir fyrir menn, þá eru það eðlilega fyrst og fremst sparisjóðirnir, sem um getur verið að ræða.

Þegar ábyrgð var tekin á Landsbankanum á þingi 1928, þá gerðu margir ráð fyrir því, og einkum þeir, sem mótfallnir voru þeirri ábyrgð, að hún hlyti að leiða til þess, að annaðhvort minnkaði traust til allra annara peningastofnana þessa lands eða þá að ríkið yrði að ábyrgjast aðrar peningastofnanir á eftir. Þetta hefir farið svo, að nú er ríkisábyrgð á innstæðufé allra banka þessa lands. Þá er það ekki óeðlilegt, að það fyrirkomulag nái einnig til sparisjóðanna, og ekki hvað sízt þegar fjármál eru eins og þau eru nú um land allt. Á þessu hefir nokkuð bólað, í sumum héruðum a. m. k., þar sem ég þekki til, þrátt fyrir það, þótt hv. frsm. allshn. vilji halda því fram, að það eigi sér ekki stað.

Annað, sem hér er sérstaklega um að ræða, er það, að það gerir sparisjóðum ákaflega þröngt fyrir dyrum nú, hvernig farið hefir verið með þær ráðstafanir, sem gerðar hafa verið í sambandi við kreppulánasjóð, því að það fé, sem sparisjóðir hafa yfir að ráða, er svo mjög fest í kreppulánasjóðsbréfum nú að undanförnu, og verður fyrirsjáanlega gengið miklu lengra enn í því efni. Það er mjög hætt við því, að viðskipti sparisjóða bíði mikinn hnekki af þeim ráðstöfunum, sem getur leitt til þess, þrátt fyrir það, þótt einstakir sparisjóðir séu tryggar stofnanir að því er efnahag snertir, að erfiðleikar verði fyrir þá á því að standa straum af útborgunum innieigna.

Þessar tvær orsakir liggja til grundvallar fyrir því, að ég hefi leyft mér að bera fram brtt. þessa. Ríkisábyrgð á bönkunum hlýtur að mínu áliti að leiða þetta af sér, og hinsvegar eru ráðstafanir í sambandi við kreppuhjálpina til bændanna, sem gera sparisjóðunum örðugt fyrir. En fyrir almenning, sem notar sparisjóðina, er það mikils virði, að viðskipti þeirra stöðvist ekki, því að ef svo fer, þá hlýtur afleiðingin að verða sú, að öll lánsviðskipti í viðkomandi héruðum hljóta óhjákvæmilega að færast til verzlananna, og verzlananna einna.

Hv. þm. Barð. og sömuleiðis hv. frsm. minni hl., 2. þm. Reykv., mæltu á móti þessari brtt., og mér skildist, að þeirra aðalrök til andmæla gegn brtt. væru, að þó að þessar stofnanir væru nú sem stendur í góðum kringumstæðum fjárhagslega og stjórn þeirra í sæmilegu lagi, þá gæti slíkt breytzt á skömmum tíma. En ég vil benda þessum og öðrum hv. þm. á það, að gert er í brtt. greinilega ráð fyrir, að fjmrn. á hverjum tíma hafi eftirlit með fjárhag og stjórn þessara stofnana og fái því tækifæri til þess að fylgjast með því nokkurn veginn, hvernig þessum stofnunum er stjórnað og hvað fjárhag þeirra líður. Hv. þm. Barð. sagðist ekki hafa orðið var við annað en að sparisjóðirnir nytu yfirleitt trausts. En ég held, að hann hafi ekki kynnt sér nægilega, hve rík áhrif hefir á þeirra starfsemi þessi fjöldi af kreppulánasjóðsbréfum, sem yfir þá skellur á þessum tímum.

Viðvíkjandi því, að miklu eðlilegra sé, að ríkið sé í ábyrgð fyrir innstæðufé banka heldur en sparisjóða, er frá mínu sjónarmiði það að segja, að ég hefði talið heppilegast, að ríkið hefði ekki þurft að ganga í ábyrgð fyrir neina peningastofnun. En það er þægilegra að ganga í þær heldur en að kippa að sér hendinni aftur, þegar farið hefir verið af stað á þeirri braut.

Viðvíkjandi því, sem hv. þm. Barð. sagði um það, að ríkisábyrgð á bönkunum hefði ekki skaðað ríkissjóð neitt enn, verð ég að segja það, að það mál er örðugt að fara út í. (**BJ**: Ég sagði þetta aldrei). Var það þá í sambandi við sparisjóði? (**BJ**: Ég var að tala um almennar lánbeiðnir). Ég bið þá hv. þm. að fyrirgefa, hafi ég misskilið hann í þessu efni, en ég hygg, að hann hafi a. m. k. gefið tilefni þar til. Um að það sé rik þörf á því, áður en til þessara kasta kæmi, að gera rannsókn á hag sparisjóða, vil ég segja það, að mér skilst, að í þessu frv. sé gert ráð fyrir, að fjmrh. eigi að láta gera rannsókn á hag sparisjóðanna. Þessi mótbára hv. þm. kemur því ekki til greina sem rök á móti brtt.

Ég held, að ekki hafi verið fleira, sem frsm. n. tók fram til andmæla gegn brtt. En ég hygg, að um þetta mál séu skiptar skoðanir, og um það er náttúrlega ekkert að segja. En eins og sakir standa held ég, að miklu fleira mæli með því að samþ. brtt. þessa.

Fjmrh. (Eysteinn Jónsson) [óyfirl.]: Þetta frv. um breyt. á sparisjóðslögunum er flutt af hv. þm. Eyf. í Ed. í samráði við mig. Það er að vísu nokkuð öðruvísi nú en þegar það kom fyrst fram. En nokkurn veginn fullt samkomulag var um það eins og það er nú, þegar það kom frá Ed. Ég vil leggja áherzlu á, að það verði afgr. eins og það kom frá Ed.

Um brtt. frá meiri hl. allshn. ætla ég ekki að fara mörgum orðum. Ég get tekið undir það, sem hv. 2. þm. Reykv. mælti í gegn þeirri brtt. Ég tel, að það sé eðlilegt, að sú íhlutun, sem frv. gerir ráð fyrir um stjórn sparisjóða, komist á með þessum l. og að þar komi inn í stjórnir þeirra menn, sem, þó að þeir væru í minni hl. í stjórn sparisjóðanna, gættu hagsmuna almennings, bæði um tryggilega ávöxtun fjár og um lán til þeirra hluta, sem nauðsynlegir teljast. Eins og menn vita, er oft vöntun á veltufé og mikið um það bitizt. Þegar svo stendur á, er það mjög nauðsynlegt, að vel sé fyrir því séð, að fjármagnið renni til nauðsynlegra hluta. Ábyrgðarmennirnir hafa aðstöðu, eins eftir sem áður, eftir frv., ef það verður samþ., um að ráða menn í sparisjóðsstjórnir, ef þeir verða sammála um eitthvað, og geta þess vegna séð sínum hag alveg borgið.

Um brtt. frá þeim hv. þm. A.-Húnv. og hv. 6. þm. Reykv., sem er á þskj. 291, vil ég taka

það fram, að ég er á móti því að samþ. hana, og skal ég færa fyrir því nokkur rök um leið og ég minnist á ástæður þær, sem hv. flm. færði fram.

Hv. flm. brtt., þm. A.-Húnv., taldi það eðlilega afleiðing af því, að ríkissjóður hefði tekið ábyrgð á sparisjóðsinnstæðufé bankanna, að hann einnig tæki ábyrgð á innstæðufé í sparisjóðum. En ég get ekki séð, að það sé eðlileg afleiðing, að svo verði gert, m. a. vegna þess, að tveir af þeim bönkum, sem við höfum hér, eru eign ríkisins, og þess vegna er langt um eðlilegra, að ríkið beri ábyrgð á innstæðum í þeim heldur en annarsstaðar. Auk þess hefir ríkið sérstaka aðstöðu til að hafa áhrif á stjórn þessara tveggja banka. Um þriðja bankann er það að segja, að hann er ekki eign ríkisins, heldur hlutafélag. En þar á ríkissjóður mikinn hluta hlutabréfanna og gegnum kosningu á hlutafélagafundum getur hann haft mikil áhrif á stjórn hans. Þannig er um töluverða sérstöðu að ræða gagnvart þeim banka af ríkisins hálfu, fram yfir það, sem það hefir gagnvart sparisjóðunum. Ríkið getur haft svo mikið að segja um rekstur þessa banka. Hinsvegar er, jafnvel eftir frv., sem hér liggur fyrir, stjórn sparisjóðanna hugsuð þannig, að ábyrgðarmennirnir hafi meiri hl. í stjórn þeirra og ríkissjóður hafi ekkert að segja um meðferð veltufjár þeirra. Enda er í raun og veru ekki eðlilegt, að ríkissjóður hafi þar vald, þar sem hann hefir þar ekki beinna hagsmuna að gæta. Hinsvegar er þar gert ráð fyrir eftirliti með sparisjóðunum af hálfu ráðuneytisins, sem á að tryggja, að ekki verði farið ógætilega með sjóðina. En þó að það eftirlit verði **rækt með trú**mennsku, þá hlýtur það samt alltaf að verða minna virði sem trygging fyrir það opinbera heldur en sú íhlutun, sem ríkisvaldið getur haft um stjórn bankanna, þannig að ekki er sambærileg sú íhlutun við þá aðstöðu um íhlutun um stjórn sparisjóða, sem eftir þessu frv. er um að ræða.

Viðvíkjandi því, sem hv. þm. A.-Húnv. sagði um löngun manna til að eiga sitt fé fremur í bönkum, þar sem það væri tryggt, heldur en í sparisjóðum, vil ég segja það, að ég álít, að þó að sú löngun væri fyrir hendi, þá sé hún út af fyrir sig ekki nóg til þess, að menn leggi sitt fé fremur í banka, vegna þess að þar kemur annað í móti, sem vegur ákaflega mikið í þessu sambandi, sem er það, að fjármagn sparisjóða er venjulega notað til útlána í því byggðarlagi, þar sem sparisjóðurinn er. Þannig ættu menn að geta verið nokkurn veginn vissir um það, ef þeir leggja fé sitt í sparisjóð sins byggðarlags, að þá verði notkunin á því nokkuð staðbundnari við það byggðarlag heldur en ef féð hefði verið lagt í banka. Þessi ástæða vegur ákaflega mikið hjá mörgum mönnum. Og ég veit, að hún hefir vegið svo mikið hjá mönnum, að síðan ríkisábyrgð var tekin á Landsbankanum hefir verið komið á fót öflugum sparisjóðum sumstaðar á landinu, og það aðallega vegna þess, að menn hafa fundið, að ef þeir legðu fé sitt nota sem lánsfé í þeirra byggðarlagi. Þetta er þar inn, þá mundi það koma fyrst og fremst til svo rík hvöt fyrir menn til þess að leggja sitt fé inn í sparisjóðina, að ég er viss um, að í mörgum tilfellum vegur hún á móti þeim fríðindum, sem kunna að vera talin í því, að ríkisábyrgð er á bönkunum.

Það eru heldur ekki rök fyrir því, að sparisjóðirnir eigi að fá ríkisábyrgð, að þeir bíði hnekki af því að verða að taka við kreppulánasjóðsbréfum. Ég get ekki séð, þó að þeir verði fyrir þeim búsifjum af þessari kreppuhjálp til bænda, að þetta torveldi þeirra starfsemi í bili, þá sé fyrir það ástæða til að koma allri ábyrgð á innstæðufé allra sparisjóða landsins yfir á ríkissjóð. Ef það er rétt, sem mér heyrðist hv. þm. A.-Húnv. halda fram, að ef ekki fengist ríkisábyrgð á innstæðufé sparisjóða, þá væri hætta á því, að þeir gætu ekki sumir hverjir staðið við sínar greiðslur, þá sýnir þetta bezt, að því er mikil hætta samfara fyrir ríkissjóð að taka ábyrgð á innstæðufé margra sjóða víðsvegar um land, hafandi engan íhlutunarrétt um stjórn þeirra. Af þeim ástæðum, sem ég hefi greint, legg ég til, að brtt. á þskj. 291 verði felld.

Utan þingfunda hefir mér borizt fyrirspurn um það, hvort ákvæði þessa frv. beri að skilja svo, að þeir sparisjóðir, sem nú eru starfandi, en hafa ekki fulla tölu ábyrgðarmanna, skuli eiga kost á að afla sér fullrar ábyrgðarmannatölu. Ég skil frv. svo, að eftir ákvæðum þess sé sparisjóðum heimilt að afla sér fullrar tölu ábyrgðarmanna og öðlast þar með þann rétt, sem því fylgir samkv. frv. Ég tek þetta fram til þess að taka af allan vafa um þetta atriði, vegna þess að ég hefi búizt við brtt. um þetta. En af því að ég legg áherzlu á, að ekki verði farið að hrekja þetta mál á milli d., vil ég ekki samþ. brtt. um ákvæði þess nú. Enda ætla ég, að ekki þurfi að gera breyt. um þetta atriði þess nú, eftir að þessi yfirlýsing hefir komið fram.

Frsm. meiri hl. (Bergur Jónsson) [óyfirl.]: Ég vil fyrst geta þess, að í brtt. frá meiri hl. allshn. á þskj. 280 er sú villa, að þar stendur „og", en á að vera: eða. Vona ég, að þetta megi lagfæra í prentuninni.

Ég hefi ekki ástæðu til þess að svara miklu, sem fram hefir komið í ræðum hv. þm. síðan ég flutti framsöguræðu mína. Samt vil ég segja fáein orð út af því, sem hv. 2. þm. Reykv. minntist á í sinnu ræðu. Hann hélt því fram, að tala ábyrgðarmanna hefði enga þýðingu, heldur upphæðin. En það er einmitt tala ábyrgðarmannanna, sem mestu máli skiptir, en ekki upphæðin. Þess vegna verður upphæðin því hærri sem ábyrgðarmennirnir eru fleiri, og þess vegna höfum við borið fram brtt. um fjölgun ábyrgðarmanna. Þeim, sem kvartað hafa yfir því, að smærri þorp ættu erfitt með að fá 18 ábyrgðarmenn, hefi ég bent á það, að hægt væri að láta sparisjóðina gilda yfir stærri svæði. Annars er þetta ekki svo stórvægilegt atriði.

Hv. 2. þm. Reykv. telur það til bóta, að sýslunefndum og bæjarstjórnum sé veitt vald til þess að kjósa sparisjóðsstjórnir. En ég veit af reynsla, að það hefir orsakað óánægju hjá

sparisjóðum, að þeir hafa ekki fengið að ráða sína starfsmenn. Þetta sama kom fram hjá hæstv. atvmrh.; hann tók í sama streng og ég. Ég sé ekki betur en að það geti orðið klofningur í sparisjóðunum, ef farið yrði eftir till. hv. minni hl. allshn., þannig að þeir, sem kosnir eru af ábyrgðarmönnum, hafi einræði og geri allt á móti þeim, sem kosnir eru af sýslunefndum. Ef klofningur yrði innan sjóðsstj., þá væri heppilegra, að ábyrgðarmenn skiptu sér niður í flokka, eftir því sem þeir *vildu, við kosninguna á sínum starfsmönnum*, og þeim er það vitanlega áhugamál, fyrst þeir hafa lagt sig fram til þess að koma þessari stofnun á fót, að fá að ráða stjórninni.

Hv. þm. A.-Húnv. bar fram varnir fyrir brtt., sem hann hefir flutt ásamt hv. 6. þm. Reykv. á þskj. 291, um það, að ríkissjóður yrði látinn standa í ábyrgð fyrir sparisjóðsinnstæðum. Ég þarf litlu að svara þessu, vegna þess að hæstv. fjmrh. hefir tekið flest atriði, sem hér koma til greina, til athugunar. Ég vil aðeins benda á það, að það er ólíku saman að jafna, þar sem eru bankar og sparisjóðir í þessu efni, vegna þess að bankar eru reknir á ólíkt áhættusamari grundvelli en sparisjóðir, og þess vegna er eðlilegt, að ríkissjóður sjái sig neyddan til þess að veita þeim allan þann stuðning, sem fært er, til þess að menn geti borið fullt traust til þeirra.

Ég þori að fullyrða, að traust sparisjóða muni ekki minnka við það, þótt þeim verði ekki veitt ríkisábyrgð. Ábyrgð ríkissjóðs er alls ekki aðalatriðið fyrir því, að menn vilja ekki leggja fé sitt í sparisjóð. Ástæðan er venjulega sú, að enda þótt menn vilji styrkja sparisjóðina á þeim stað, þar sem þeir búa, þá geta þeir ekki lagt allt sitt fé inn í hann, vegna þess að þeir þola ekki að bíða *eins lengi eftir fénu og þeir* þurfa oft og tíðum að gera, ef sparisjóður geymir fé þeirra. Sparisjóðir hafa ekki innlánshefti með ávísanabókum né heldur hlaupareikninga. Þess vegna er mjög miklum erfiðleikum bundið að fá fé sitt út úr sparisjóðunum. En þeir menn, sem hinsvegar vilja hafa fé sitt á öruggum stað og treysta sparisjóðunum, og þurfa ekki að taka féð út jafnóðum, þeir leggja fé sitt inn í þá, og þeir menn eru jafnöruggir með sitt fé þar eins og þó þeir legðu það í banka, sem reka miklu áhættumeiri starfsemi heldur en sparisjóðirnir, eins og kunnugt er. Þeir sparisjóðir, sem ég þekki til, hafa engu tapað. Í Barðastrandarsýslu eru fjórir. Hjá þeim eru allar lánveitingar svo *strangar, að aldrei eru veitt lán út á fasteignir* nema gegn fyrsta veðrétti, og þar eru aldrei veittir víxlar eða fastalán, nema öruggir menn standi bak við, og aldrei nema litlar upphæðir. Hinsvegar hafa þessir sparisjóðir gert mikið gagn með því að gera einstökum mönnum kleift að reisa byggingar eða eignast jarðir o. s. frv.

Að öðru leyti sé ég ekki ástæðu til þess að minnast á það, sem fram hefir komið í þessu máli hjá einstökum hv. þdm.

Jón Pálmason: Vitaskuld er við því að búast, að skiptar séu skoðanir um jafnþýðingarmikið mál eins og það, hvort ríkisvaldið skuli taka ábyrgð á sparisjóðsinnstæðum. Hæstv. fjmrh. hefir fært fram ástæður á móti því, að ríkið taki þessa ábyrgð á sig, og skal ég með nokkrum orðum minnast á það, við hvaða rök þær ástæður hafa að styðjast frá mínu sjónarmiði séð. Fyrstu mótrök hæstv. ráðh. voru þau, að bankarnir væru ríkiseign, tveir þeirra og einn að mjög miklu leyti, en sparisjóðirnir ekki. Um þetta er það að segja, að nú er búið að ganga svo langt í því að „centralisera" allt *peningamagn fjármálalífsins í okkar landi*, að það fer að verða mjög hæpið að draga fram hagsmuni einnar peningastofnunar á kostnað annarar, þótt það séu sýslufélög, sem eru eigendur að þeim stofnunum, sem hér um ræðir, sem sé sparisjóðunum. Vitaskuld geng ég út frá því, að sjálfsagt skilyrði fyrir ríkisábyrgð á innstæðum sparisjóða sé bakábyrgð viðkomandi sýslufélaga, enda er gert ráð fyrir því í lögum flestra sparisjóða. Eins og hv. síðasti ræðumaður tók fram, eru viðskipti bankanna miklu áhættumeiri en viðskipti sparisjóðanna, og um leið og ríkið hefir tekið á sig ábyrgð þeirra stofnana, sem hafa miklu áhættumeiri viðskipti með höndum, þá hlýtur það að miða að því, að ríkið treysti hinar stofnanirnar, sem ekki hafa ríkisábyrgð, eins og komið er málum. Önnur ástæðan, sem hæstv. ráðh. bar fram gegn því, að ríkið ábyrgðist sparisjóðsinnstæður, var sú, að það væri miklu örðugra að framkvæma eftirlit með sparisjóðum en með bönkunum. En ég verð að segja það, að eftir þeirri þekkingu, sem ég hefi á bankaviðskiptum hér á landi — sem náttúrlega er takmörkuð —, þá held ég, að eftirlit ríkisvaldsins hafi ekki verið svo gott undanfarin ár, að það sé ekki hægt við að jafnast, því að þótt sparisjóðirnir *séu færri og dreifðir um landið*, þá held ég, að það sé vel hægt að hafa eftirlit með þeim, a. m. k. svo, að það jafnist á við það eftirlit, sem ríkisvaldið hefir haft með viðskiptum bankanna. Ég skal taka það fram, að ég beini þessum orðum ekki að neinum sérstökum manni.

Þá minntist hæstv. fjmrh. á það, að þótt menn vildu frekar eiga fé sitt í peningastofnununum með ríkisábyrgð heldur en í sparisjóðum, þó svo kynni að vera, þá kæmi önnur ástæða til greina, sem vægi upp á móti þessu, og það væri það, að fé sparisjóðanna er notað til lánastarfsemi í viðkomandi héraði. Þessi ástæða er að vísu að vissu leyti á réttum rökum reist. Það er töluverð hvöt fyrir menn að eiga fé sitt í sparisjóðum, vegna þess að það er notað innan viðkomandi héraðs, og sú hvöt hefir valdið því, að ekki hefir enn sópazt meira fé frá sparisjóðunum en raun ber vitni um. Samt vil ég benda hæstv. ráðh. á það, að í þessu efni eru mjög breyttar aðstæður frá því, sem áður var. Þar, sem ég þekki til, hefir engin króna tapazt hjá sparisjóðum þangað til kreppulánalöggjöf landbúnaðarins kemur til sögunnar, eða m. ö. o. þangað til ríkisvaldið grípur til sérstakra ráðstafana í fjármálaviðskiptunum, en *um leið og þessi löggjöf kemur rýrnar* eðlilega traust þeirra stofnana, sem ekki höfðu örugg-

ustu tryggingu, sem á boðstólum er hér á landi.

Þá minntist hæstv. ráðh. á, að það væru engin rök til meðmæla till. okkar í þessu efni, að sparisjóðirnir hefðu tapað vegna kreppuráðstafana. Það eru einmitt kannske stærstu rökin, auk þess sem það er ríkið sjálft, sem hefir orðið þess valdandi, að þær ráðstafanir, sem hér um ræðir, voru gerðar. Hæstv. ráðh. benti á það í þessu sambandi, að auðsætt væri, að af þessum ástæðum kynni að vera meiri áhætta fyrir ríkið að taka á sig ábyrgð á sparisjóðainnieignum en ella mundi vera. Ég skal ekki neita því, að það getur alltaf stafað einhver áhætta af þessari ábyrgð fyrir ríkið. Maður getur ekki fullyrt fyrirfram, að ekki geti stafað áhætta af hvaða ábyrgð, sem er, hvort sem hún er fyrir stofnanir eða einstaklinga. Annars hefir þetta mál miklu dýpri áhrif á næstkomandi ár heldur en menn í fljótu bragði gera sér grein fyrir, því að þær horfur, sem fram eru komnar um afkomu sparisjóðanna, ráða því, hvort stefnt verður í þá átt, að allt fjármagn skuli ganga í gegnum verzlunarviðskiptin, hvort sem það verða kaupfélög eða kaupmenn, eða í gegnum sparisjóðina, sem eru peningastofnanir víða um land. Frá mínu sjónarmiði er það að stefna í öfuga átt, að rýra áhrif sparisjóðanna, en auka straum fjármagnsins gegnum verzlunina, því að þá fyrst eru öll verzlunarviðskipti komin í gott horf, þegar hugsanlegt er, að þau verði sem allra mest peningaviðskipti. Þess vegna tel ég, að það hafi ákaflega mikla þýðingu að gera sparisjóðina, eftir því sem unnt er, sterkar stofnanir og láta verzlunarviðskiptin sem mest ganga í gegnum þá. Hitt er skaðræði frá mínu sjónarmiði, að af ríkisábyrgð á bankainnstæðum hlýtur að leiða, að sparisjóðir hafa miklu verri aðstöðu en ella, og þeirra viðskipti hljóta að minnka frá því, sem áður var.

Hv. þm. Barð. hélt því fram, að áhættan hjá sparisjóðum væri svo að segja engin. Sem betur fer hefir áhættan hjá þeim flestum verið lítil fram á síðustu tíma. En aðstæður hafa breytzt mikið í þessu efni, og vegna þess höfum við borið fram þessa till.

Skal ég svo ekki fjölyrða frekar um þetta mál. Það verður að skeika að sköpuðu um afdrif þessarar till., en ég vona þó, að hv. þdm. sjái og skilji, að þetta mál getur haft víðtækar afleiðingar í för með sér á fjármálaviðskipti á komandi árum í sveitahéruðum þessa lands og ráðið miklu um það, hvert straumurinn á þessu sviði stefnir.

Magnús Torfason: Ég hefi kvatt mér hljóðs sakir þess að ég er dálítið myrkfælinn við brtt. á þskj. 280, þess efnis, að sumir sparisjóðir þurfi ekki að hlíta kosningu sýslunefnda. Ég skal geta þess, sem ég býst við, að mönnum sé ekki kunnugt, að það hefir verið í mínu umdæmi sparisjóður, sem hefir hlítt kosningu sýslunefndar. Og meðan sýslunefndin hafði eftirlit með þeim sparisjóði, féll allt í ljúfa löð. En þegar því eftirliti sleppti, þá fór sá sparisjóður sér að voða, svo að hann var gerður upp með allmiklu tapi, og það skömmu eftir ófriðinn mikla, á þeim tíma, sem flestar stofnanir sigldu beggja skauta byr og græddu of fjár. Þar sem ég hefi nú þessa reynslu, þá verð ég að telja það mjög hæpið að fara nú að breyta þessu ákvæði.

Þá er sagt hér úr vissri átt, að ekki ein einasta króna hafi tapazt í sparisjóði fyrr en nú á krepputimanum. Þetta er ekki rétt. Mér er bezt kunnugt um það, því að ég hefi orðið að gera upp slíka sparisjóði. Og mér er kunnugt um fleiri sparisjóði, að þeir hafa tapað talsverðu fé, þó að kannske allt hafi slampazt af. (**BJ:** Hver sagði þetta?). Ja, ég er nú ekki vanur að þingnefna menn. (**BJ:** Var það þm. A.-Húnv.?). Það var víst hann.

Mér er kunnugt um, að jafnvel fyrir strið þurfti að taka sterkum tökum á starfsemi sparisjóða. Það vildi nú svo til þar í sveit, sem þessi sparisjóður var, að þar voru ágætir menn, sem tóku sig saman um að rétta við hag sparisjóðsins, breyta stj. hans og færa hann í lag.

Ég held þess vegna, að það sé ekki nema gott til þess að vita, að sýslunefndir hafi eftirlit með slíkum sjóðum. Að sjálfsögðu geng ég út frá því, að sýslunefndir fari ekki að breyta um stj. að óþörfu, eins og ég veit, að er um marga sparisjóði. Sérstaklega á það við þá sparisjóði, sem hafa haft innlánsvexti sína það lága, að það var unnt fyrir þá að leggja fé sitt í banka án taps. Aftur eru aðrir sparisjóðir, sem hafa sett upp vextina til þess að draga til sín meira fé. Þetta hefir leitt til ofvaxtar á sparisjóðnum, og hinsvegar til þess að beztu viðskiptavinirnir, sem höfðu góð veð að bjóða, hafa hætt að nota sparisjóðinn, og hefir hann þá verið notaður af þeim, sem miður stóðu að vígi. Samkv. þessu, sem ég nú hefi sagt, tel ég viðsjárvert að greiða þessari till. atkv., og einnig till. um það, að ríkið taki ábyrgð á sparisjóðum.

Sigurður Kristjánsson: Ég er meðflm. að till., 291. Aðalflm. hefir mælt fyrir henni að sönnu, en ég vildi þó bæta þar við örfáum orðum.

Um sjálft frv. skal ég vera fáorður. Það mætti ef til vill skilja það svo, að ég myndi vera fylgjandi ríkisábyrgð á lánsstofnunum almennt, af því að ég er meðflm. þessarar till. En ég vildi ákveðið taka fram, að ég er það ekki og álít, að það hafi verið stigið varhugavert spor, sem hljóti að leiða af sér fleiri á sömu braut, þegar ríkið gekk upphaflega í ábyrgð fyrir innlánsfé Landsbankans. Það er víst, að ríkisábyrgð var upphaflega tekin á Landsbankanum ekki vegna þess einvörðungu, að það þætti nauðsynlegt, að innlánsfé landsmanna yfirleitt væri eldtryggt. Ég held, að yfirleitt hafi menn gert ráð fyrir því, að það væri ekki í mikilli hættu hjá lánsstofnunum. En það var vissulega á bak við það miklu lakari hugsun, sem sé sú, að gera þær stofnanir, sem taka við innlánsfé hér á landi, misjafnlega öruggar gagnvart innlánseigendum, eða a. m. k. í augum þeirra. Þetta tókst nú svo prýðilega, að sá banki, sem ekki fékk ábyrgðina, varð fyrir óvild talsvert margra hér á landi, og efalaust af því, að hann lánaði þeim atvinnurekstri, sem hefir átt marga óvini í þjóðfélaginu, og það er sjávarútvegurinn. Árangurinn var sá, að Íslands-

banki komst í stórkostleg vandræði. Og þegar um málið fékkst loks friður að nafninu til, þá var það ráð tekið að láta þessum banka einnig í té ríkisábyrgð á innstæðufé.

Nú var það sýnilegt — og er skiljanlegt hverjum manni —, að það mun draga fé undan þeim innlánsstofnunum, sem enga ríkisábyrgð hafa, að aðrar lánsstofnanir eða geymslustofnanir fjár hafa þessa ríkisábyrgð. Að þetta hefir ekki komið sýnilega að mjög mikilli sök fyrir sparisjóði, stafar fyrst og fremst af því, að menn eru nokkuð lengi að átta sig á hlutunum hér á landi. Og í öðru lagi af því, að sparisjóðir hafa yfirleitt reynzt mjög öruggir, og innan sveita er mönnum yfirleitt vel kunnugt um það, hvernig stjórnir sparisjóða eru. Ef það eru gætnir menn og góðir, þá láta menn sér það lynda sem sæmilega tryggingu. En það, sem þó áreiðanlega hefir valdið miklu um það, að sparisjóðir hafa haldið sínu innlánsfé, er einmitt það, að sumir þeirra a. m. k. — máske líka allir — guldu lítils háttar hærri innlánsvexti en bankar gera. Þetta var sparisjóðunum mögulegt að gera án þess að það yrði þeim að nokkru tjóni og án þess að þeir þyrftu að hafa útlánsvexti hærri en aðrar lánsstofnanir, af þeirri ástæðu, að rekstrarkostnaður þeirra hefir verið sára lítill. Sumum sparisjóðum a. m. k. hafa menn stjórnað og unnið allt við, sem vinna þurfti, fyrir svo að segja ekki neitt. Nú var það ráð tekið að ákveða með l., hvað sparisjóðsvextir mættu vera. Og þeir mega ekki hærri vera en Landsbankinn ákveður á hverjum tíma. Hann notaði þetta tækifæri til þess að lækka vextina, og er ekki ólíklegt, að það verði gert ennþá meir. Þá kom fram till. um það, að sparisjóðum væri heimilt að hafa innlánsvexti ½% hærri, en náði ekki framgangi. Nú er þess vegna sýnilegt, að þetta getur ekki orðið til þess að halda fé hjá sparisjóðunum. Og því meir sem innlánsvextir lækka og vextir verða minna atriði í augum innlánseigenda, en hitt aðalatriði, að geyma féð, þá verður því meir hugsað til þessa: Hvar er geymslustaðurinn öruggastur? Og þá er ekkert óeðlilegt, þó að verði fyrir mönnum þessi ríkisábyrgð og vegi nokkuð mikið í vitund þeirra.

Ef svo er litið á, að nauðsyn beri til, að sparisjóðir starfi sem víðast, þá get ég ekki annað séð en að það verði að tryggja, að féð dragist ekki frá þeim. Og ég sé ekki, að það geti orðið nema með tvennu móti. Annaðhvort að þeim sé heimilað að greiða eitthvað örlítið hærri innlánsvexti, eða þá að þeir fái samskonar ábyrgð eins og aðrar innlánsstofnanir hafa, sem sé bankarnir. Ef það er rétt, sem hér hefir verið sagt, að sparisjóðum sé yfirleitt stjórnað gætilega og fé sé þar tiltölulega mjög öruggt, þá er þessi ábyrgð heldur ekki sérlega hættuleg. En ég vil ennþá taka fram, að ég mundi ekki hafa verið meðflm. að þessari till., ef þessi ríkisábyrgð væri ekki komin hjá bönkunum. Því að ég tel mikla hættu á því, að hún verði til þess að draga fé undan sparisjóðunum. Það þarf ekki að fara mörgum orðum um það, hversu mikilsvirði sparisjóðir eru fyrir byggðarlögin. Það hefir verið gert hér áður, einkanlega af hv. þm. A.-Húnv. Það er vitanlegt, að það yrði afskaplega örðugt fyrir menn úti um dreifbýli landsins og á afskekktum stöðum að fá nokkurt lánsfé, ef sparisjóðir legðust niður eða færðist verulega saman þeirra starfsemi. Það verður að teljast mjög mikils virði fyrir þjóðfélagið að útlánastarfsemi sé sem allra víðast, sökum þess, að útlán verða jafnan með meira öryggi, ef stjórnendur lánsstofnana þekkja lántakendur að öllu leyti, ekki aðeins fjárhag þeirra, heldur og alla afkomumöguleika og upplag þeirra. Af því mun leiða, að miklu minni töp eiga sér stað heldur en ef allir eiga að sækja um langan veg til lánsstofnana, sem þá þekkja sáralítið til skuldunautanna.

Í annan stað er það alveg víst, að sparifjársöfnun á sér stórum frekar stað, ef svo að segja í hverri sveit eða sem allra víðast eru til öruggar stofnanir, sem taka við innlánsfé. Og ég ætla, að það muni ekki vera skiptar skoðanir um það, að það sé afarmikils virði fyrir fátækt þjóðfélag, að þjóðfélagsborgararnir spari hvern eyri, sem þeir geta, og leggi á vöxtu, en eyði þeim ekki jafnóðum í misjafnlega þarfa hluti.

Ef menn vilja líta á þessar ástæður, sem ég hefi fært hér fram bæði fyrir nauðsyn sparisjóða, sem sjálfsagt allir viðurkenna, og eins líka á þá hættu, sem ég tel, að þeir séu í, ef þeir hvorki mega hafa að neinu leyti hærri innlánsvexti né heldur njóta sömu ábyrgðar á innlánsfé og aðrar innlánsstofnanir, — ef menn vilja líta á þessar ástæður, þá trúi ég ekki öðru en að þeir greiði atkv. með brtt. á þskj. 291.

Frsm. meiri hl. (Bergur Jónsson): Ég sé ekki ástæðu til að elta ólar við það, sem hv. 6. þm. Reykv. sagði. Hann var að reyna að leiða rök að þessari till. En ég heyrði ekki, að hann kæmi með nein rök frá því, sem hv. 1. flm. till. kom með áður og hæstv. fjmrh. og ég höfum hrakið. Ég vil bara beina því til hv. 6. þm. Reykv., að ef honum þykir varhugaverð ábyrgð ríkisins á sparifé Landsbankans og yfirleitt á fjárstofnununum, þá ætti hann sízt af öllu að fara fram á, að slík ábyrgð færist yfir til sparisjóðanna líka.

Sigurður Kristjánsson: Hv. þm. Barð. sagði, að ég hefði ekki sagt annað en það, sem hann og fjmrh. voru búnir að hrekja. Ég hefi ekki heyrt hann hrekja það, að ef ein lánsstofnun hefir ríkisábyrgð, geti verið hætta á, að hún dragi innlánsfé frá annari. Hann hefir ekki hrakið þetta. Mér þykir það ekki undarlegt, því að hann getur það ekki.

Ég heyrði hann ekki heldur hrekja, að það væri hættulegt að þrengja kosti sparisjóða og þannig draga lánastarfsemi að bönkunum einum. Hann getur ekki heldur hrakið það, það er þá ekki heldur von, að hann geri það.

Hann sagði, að ef ég teldi ábyrgð á bönkum ekki rétta, þá ætti ég ekki að fara að bæta þar á. Ég held þessum hv. þm. hefði verið betra að hlusta á það, sem ég sagði. Ég sagði einmitt, að ég teldi ábyrgð á bönkum varhugaverða. En ef sparisjóðir væru þarfastofnanir, þá væri sjálfsagt, að þessi ábyrgð væri tekin á engum eða

öllum innlánsstofnunum. Og ég þykist nú vita, að hv. þm. hafi ekki heyrt þetta, því að ég efast ekki um, að hann skilur það.

Hannes Jónsson: Það er nú búið að taka flest fram um þetta ágreiningsmál, sem þörf er á, og skal ég ekki bæta miklu við. Ég vil taka fram, að ég álít, að brtt. á þskj. 280, þegar búið er að gera þá lagfæringu á prentun hennar, sem nauðsynleg er, sé sjálfsögð till. Það, sem fundið er því til foráttu, að sjóðir kjósi sjálfir sína stjórn, er það, að ekki fáist nægileg trygging fyrir starfsemi sjóðanna. En bæði er það, að í frv. eru ákvæði um það, að fjmrh. skuli annast allt eftirlit með öllum sparisjóðum í landinu og hafa nákvæmt eftirlit með, að starfsemi og rekstur sparisjóða sé í samræmi við gildandi l. og reglugerðir o. s. frv. Það sýnist því nægilega séð fyrir eftirlitinu í ákvæðum 5. gr. frv. Og ef þetta þætti ekki nóg, þá er ákvæði í 3. gr. um, að endurskoðunarmenn skuli kosnir af hlutaðeigandi bæjar- eða sýslufélagi. Mér finnst satt að segja gengið helzt til langt í 3. gr., og er jafnvel að hugsa um að koma með brtt. um það, að annar endurskoðandinn sé kosinn af hlutaðeigandi ábyrgðarmönnum. Því að það er ekki óhugsandi, að þeir gegnum endurskoðunina fái að fylgjast með rekstri sjóðsins. En eins og það er nú, þá á sýslu — eða bæjarfélag að kjósa báða endurskoðendur, svo að það er áreiðanlega fullkomlega séð fyrir eftirliti frá þeirra hálfu. Ég get því á engan hátt séð, að það þurfi að fæla menn neitt frá þessari brtt., að ekki sé nægilega tryggt um eftirlit með sparisjóðunum.

En viðkomandi brtt. á þskj. 291, þá er tölurvert rétt í því, að sparisjóðir eiga nú nokkuð í vök að verjast, þar sem þeir verða að liggja með talsvert af kreppubréfum. En það verður ekki greitt úr því með þessari brtt. Það þarf þá að koma sérstakt ákvæði, sem tryggi sparisjóðum á einhvern hátt rekstrarfé til þess að standast þessa festingu fjárins. Og það verður ekki gert á annan hátt en að útvega þeim nýtt starfsfé.

Þessir örðugleikar munu vera jafnt fyrir hendi, þó að ríkið taki ábyrgð á innstæðunum. Og ég hygg, að það sé ekki neinsstaðar kominn fram ótti við að eiga fé sitt hjá sparisjóðum. Og það hefir sýnt sig undanfarið, síðan tekin var ábyrgð á innstæðufé Landsbankans, að hlutfallið milli innstæðna sparisjóða og Landsbankans hefir ekki breytzt til óhags fyrir sparisjóðina. Þvert á móti man ég, að fyrstu árin a. m. k. eftir að l. gengu í gildi um ábyrgð á innstæðu í Landsbankanum varð innstæðuaukning sízt minni hjá sparisjóðum en Landsbankanum. Svo að það er engin ástæða til að ætla, að ákvæðið um ábyrgð á innstæðufé Landsbankans hafi haft nokkur áhrif til að draga úr innstæðu sparisjóða í landinu. Þvert á móti.

En um það ákvæði l., að innstæðufé í sparisjóðum megi ekki ávaxtast hærra en gert er eftir till. Landsbankans og samkv. vaxtahæð í þeim banka, þá á eftir að koma í ljós, hvort það hefir nokkur áhrif til að draga úr sparisjóðum. En yfirleitt munu menn líta svo á, að sparisjóðir séu svo tryggir og fé þeirra svo vel geymt, að engin ástæða sé að seilast eftir meiri tryggingu en þeirri, sem sparisjóðir hafa að bjóða. Ég tel því, að þessi brtt. eigi ekki að ná framgangi. En hinsvegar skal ég viðurkenna, að það, sem hefir komið fram hjá flm., er að sumu leyti rétt; nefnilega hvað snertir þörf sparisjóða til aukins veltufjár, vegna þess hve mikið festist í kreppubréfunum. Annars má geta þess, að sparisjóðir geta að nokkru leyti notað þessi kreppubréf til þess að láta þau liggja í staðinn fyrir það, sem þeir annars láta liggja í bönkunum, sem nokkurskonar tryggingarfé, þó að sá ljóður sé raunar á því, að ef í þarf að grípa, er ekki hægt að nota kreppubréfin, nema einhver löggjöf sé sett til að greiða götu þeirra til að ná í rekstrarfé í stað kreppubréfanna.

Ég skal svo ekki hafa þessi orð fleiri. Ég mæli með till. n. og tel sízt þörf að auka eftirlitið meðal bæjarfélaga. Ég tel jafnvel of langt gengið í ákvæðum 3. gr. frv., og væri ástæða til að láta ábyrgðarmönnunum eftir a. m. k. annan endurskoðandann. En ákvæðin um vald og skyldu ríkisstj. til eftirlits og að annar endurskoðandinn er kosinn af hlutaðeigandi sýslu- og bæjarfélagi álít ég fullkomlega nægja tryggingu.

Jón Pálmason: Hv. 2. landsk. hafði það eftir mér, að hvergi hefði tapazt fé í sparisjóðum hér á landi. Þetta er náttúrlega alveg ranglega eftir mér haft. Ég sagði aðeins, að þar, sem ég þekkti til, væri mér ekki kunnugt um, að sparisjóðir hefðu tapað fé í útlánum fram að þeim tíma, er kreppulánalöggjöfin kom til sögunnar og sparisjóðirnir urðu að taka við kreppulánabréfum og veita eftirgjafir af skuldum, er þeir áttu hjá lántakendum í kreppulánasj.

Út af því, sem hv. þm. V.-Húnv. sagði, skal ég geta þess, að ég hefi ekki neitt um það sagt, hvort sú ábyrgð, sem ríkið veitti Landsbankanum, hafi dregið úr innlögum til sparisjóðanna í landinu. Það er náttúrlega ekki gott að sanna neitt um þetta til eða frá. En ég fullyrði, að eftir því sem meira er kreppt að frelsi sparisjóðanna, þá hefir þessi aðstöðumismunur hjá þeim og Landsbankanum að því er ríkisábyrgðina snertir meiri áhrif. Hitt er rétt, að eins og sakir standa nú, síðan sparisjóðirnir fóru að fá skuldir sínar greiddar að mestu leyti í kreppulánabréfum, þá er miklu meiri þörf á að auka veltufé þeirra. Þetta var ég búinn að athuga, en sá mér ekki fært að gera tillögur í því efni, sem með fullri vissu yrðu framkvæmanlegar. — Ég skal svo ekki hafa þessi orð fleiri.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 41. fundi í Nd., 30. marz, var frv. tekið til frh. 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 42. fundi í Nd., 1. apríl, var fram haldið 2. umr. um frv.

ATKVGR.

Brtt. 280 felld með 15:11 atkv.

1. gr. samþ. með 16:1 atkv.

2.—5. gr. samþ. með 16:1 atkv.
Brtt. 291 felld með 17:5 atkv.
6.—8. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 17:1 atkv.

Á 43. fundi í Nd., 2. apríl, var frv. tekið til 3. umr. (A. 233).
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 20 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 17:1 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 360).

---

30. Verzlunarlóðin í Hnífsdal.

Á 29. fundi í Ed., 19. marz, var útbýtt:
Frv. til l. um verzlunarlóðina í Hnífsdal í Norður-Ísafjarðarsýslu (þmfrv., A. 196).

Á 31. fundi í Ed., 21. marz, var frv. tekið til 1. umr.
Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 10 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

Flm. (Jón Auðunn Jónsson): Þessi verzlunarlóð var ákveðin með l. þegar henni voru takmörk sett eins og hún nú er, en ekki með reglugerð, samþykktri af stjórnarráðinu, eins og fyrr var reglan. Eftir þessu var ekki tekið af viðkomandi mönnum þarna vestra, sem sendu beiðni um breyt. á lóð þessari til stjórnarráðsins, fyrr en beiðnin hafði verið send. En þar sem lóð þessi er ákveðin með löggjöf, þarf nýja löggjöf til að breyta henni, og þess vegna er þetta frv. borið hér fram, og fer það fram á, að lóðin verði minnkuð, til þess að ekki verði byggt á vissum stað.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv.

Á 33. fundi í Ed., 23. marz, var frv. tekið til 2. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 11 shlj. atkv.

Á 34. fundi í Ed., 25. marz, var frv. tekið til 3. umr. (A. 196, 260).
Of skammt var liðið frá útbýtingu brtt. 260. — Afbrigði leyfð og samþ. með 9 shlj. atkv.

Flm. (Jón Auðunn Jónsson): Þegar þetta frv. var til 2. umr., fékk ég bréf frá oddvita Eyrarhrepps um það, að lóðamerkin eins og þau væru í frv. væru ekki glögg, vegna þess að þessi svonefndi Einarshryggur væri svo að segja jafnaður við jörðu. Þess vegna væri rétt, að í staðinn kæmi landamerki Bakkalands og þaðan stefna á Traðargil. — Ég vænti þess, að hv. d. geti fallizt á þessa breytingu.

ATKVGR.
Brtt. 260 samþ. með 9 shlj. atkv.
Frv., svo breytt, samþ. með 9 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 38. fundi í Nd., 26. marz, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 277).
Á 39. fundi í Nd., 27. marz, var frv. tekið til 1. umr.
Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 18 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 17 shlj. atkv.

Á 40. fundi í Nd., 29. marz, var frv. tekið til 2. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 17 shlj. atkv.

Á 43. fundi í Nd., 2. apríl, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 17 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 361).

---

31. Útflutningur á kjöti.

Á 34. fundi í Nd., 21. marz, var útbýtt:
Frv. til l. um framlenging á gildi l. nr. 90 19. júní 1933, um útflutning á kjöti (þmfrv., A. 217).

Á 36. fundi í Nd., 23. marz, var frv. tekið til 1. umr.
Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 17 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

Frsm. (Páll Zóphóníasson): Herra forseti! Á síðasta þingi voru framlengd lög um útflutning á kjöti, og gilda þau nú þangað til 1. júlí í sumar, en falla þá úr gildi. Þær takmarkanir um innflutning á kjöti, sem þá voru til staðar

í útlöndum, eru enn óbreyttar og er því nauðsynlegt, að lög þessi séu framlengd. Ég geri ráð fyrir, að framlengingin verði gerð til eins árs, en það er nauðsynlegt, að samþykkt fyrir henni fáist á þessum þinghluta, svo að lögin verði í gildi þegar sláturtíð byrjar í haust. Ég vil því mælast til, að málinu verði hraðað, svo að búið verði að afgr. það áður en þingi er frestað, og leyfi mér að svo mæltu að óska þess, að frv. sé vísað til 2. umr.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 19 shlj. atkv.

Á 37. fundi í Nd., 25. marz, var frv. tekið til 2. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 18 shlj. atkv.

Á 38. fundi í Nd., 26. marz, var frv. tekið til 3. umr.
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 17 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 18 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 35. fundi í Ed., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 217).
Á 37. fundi í Ed., 29. marz, var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv.

Á 39. fundi í Ed., 1. apríl, var frv. tekið til 2. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 9 shlj. atkv.

Á 40. fundi í Ed., 2. apríl, var frv. tekið til 3. umr.
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 10 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 363).

32. Eftirlit með verksmiðjum og vélum.

Á 27. fundi í Nd., 13. marz, var útbýtt:
Frv. til l. um viðauka við l. nr. 24 frá 7. maí 1928, um eftirlit með verksmiðjum og vélum (þmfrv., A. 122).

Á 29. fundi í Nd., 15. marz, var frv. tekið til 1. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 30. fundi í Nd., 16. marz, var frv. aftur tekið til 1. umr.

Flm. (Héðinn Valdimarsson): Þetta frv., sem hér liggur fyrir, er flutt af hv. þm. Hafnf. og mér í samráði við atvmrh. Það er gert samkv. beiðni verkalýðsfélaganna hér í Reykjavík, sem hafa farið fram á, að eftirlit væri haft með ýmsum vinnustöðum, bæði við höfnina og úti um bæinn, þar sem álitið er, að lög um eftirlit með vélum og verksmiðjum nái ekki til.
Eins og þá, sem blöðin lesa, mun reka minni til, þá verður hér hvert slysið á fætur öðru, t. d. við höfnina. Nú eftir nýárið dó þar maður af slysi og nokkrir meiddust hættulega. Eitthvað slíkt kemur fyrir á flestum vertíðum, og það er af því, að uppskipunartækin eru ekki í lagi. Okkur virðist liggja næst að bæta við svipuðum fyrirmælum og eru í l. um eftirlit með vélum og verksmiðjum og flytjum því frv. um viðauka við þau. Vænti ég, að því verði vísað til 2. umr. og allshn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 17 shlj. atkv. og til allshn. með 18 shlj. atkv.

Á 35. fundi í Nd., 22. marz, var frv. tekið til 2. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 37. fundi í Nd., 25. marz, var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 122, n. 203).

Frsm. (Héðinn Valdimarsson): Allshn. hefir athugað þetta frv. og leggur til, að það verði samþ. Þó flytur hún brtt. á þskj. 203 á þá leið, að áður en reglugerð sé sett skuli leitað álits Alþýðusambands Íslands og Atvinnurekendafélags Íslands. En það hefir nú verið upplýst, að það félag, sem hér er um að ræða, heitir Vinnuveitendafélag Íslands, og flytjum við því skrifl. brtt. við brtt. n., um að í staðinn fyrir „Atvinnurekendafélag Íslands“ komi: Vinnuveitendafélag Íslands.

ATKVGR.
Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 281) leyfð og samþ. með 18 shlj. atkv.
Brtt. 281 samþ. án atkvgr.
— 203, svo breytt, samþ. með 17 shlj. atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 18 shlj. atkv.
2.—4. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 19 shlj. atkv.

Á 38. fundi í Nd., 26. marz, var frv. tekið til 3. umr. (A. 282).

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 22 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 20 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 35. fundi í Ed., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 282).

Á 36. fundi í Ed., 27. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv. og til allshn. með 10 shlj. atkv.

Á 38. fundi í Ed., 30. marz, var frv tekið til 2. umr. (A. 282, n. 309).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 13 shlj. atkv.

Frsm. (Sigurjón Á. Ólafsson): Ég þarf ekki að tala mörg orð um þetta frv. f. h. n. N. leggur einróma til, að frv. verði samþ., þótt einn nm. hafi áskilið sér rétt til að koma fram með brtt. við 3. umr. Frv. miðar að því að tryggja öryggi, heilsu og líf þeirra, sem við vélar fást og vinna í verksmiðjum, enda hefir reynslan sýnt, að þess er full þörf. Um kostnaðarhliðina við eftirlitið er ekki ræðandi, þar sem mannslíf geta verið í húfi annarsvegar. Ég mæli fastlega með því, að frv. verði samþ. óbreytt.

Þorsteinn Briem: Ég er meðmæltur því sem aðrir í allshn., að málið nái fram að ganga. En þó hygg ég, að betur þyrfti að athuga ýmislegt í frv. T. d. er ekki auðvelt að koma eftirliti við, ef skip kemur fyrst að Austfjörðum, því að utan Reykjavíkur vantar kunnáttu og tæki til að mæla burðarmagn víra o. þ. h., sem miðar að því að auka öryggið. Frv. gerir því eftirlitið ekki fullkomið, enda er slíkt erfitt, en mikil bót er í eftirliti því, sem gert er ráð fyrir í frv., þótt ekki sé nema á einum stað, enda er þar þörfin mest.

Hingað til hafa ekki verið nein ákvæði um eftirlit með verkpöllum við húsabyggingar eða annað slíkt. Ég býst líka við, að örðugt sé að koma eftirliti við nema það sé fyrirskipað í byggingarsamþykktum hinna einstöku kaupstaða og kauptúna. Mætti þá fela byggingarfulltrúum eftirlitið, og mun ég flytja brtt. við 3. umr. um það, að lögreglustjórar geti krafizt aðstoðar byggingarfulltrúa við þetta eftirlit. einkum að því er verkpalla snertir. Myndi eftirlitið einnig verða ódýrara, ef byggingarfulltrúarnir hefðu það á hendi, og öryggið meira.

Ég mun greiða frv. atkv. mitt til 3. umr., í þeirri von, að það nái fram að ganga, því að ýms ákvæði eru þar þörf og góð.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.

2.—4. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 10 shlj. atkv.

Á 39. fundi í Ed., 1. apríl, var frv. tekið til 3. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 40. fundi í Ed., 2. apríl, var frv. aftur tekið til 3. umr. (A. 282, 337).

Þorsteinn Briem: Ég hefi borið fram smábrtt. við 2. gr. frv., þar sem stendur, að fela megi lögreglustjóra að sjá um eftirlit samkv. l. þessum. Þar vil ég bæta við, að lögreglustjóri geti þá að því er tekur til eftirlits samkv. 1. gr. 2 krafizt til þess aðstoðar byggingarfulltrúa, ef hann er á staðnum.

Þessi brtt. er fram borin af því, að að minu áliti mundu verða meiri líkur til gagns af þessu eftirliti, ef lögreglustjóri gæti krafizt aðstoðar byggingarfulltrúa. Ég tel því, að þessi brtt. miði að því, sem nauðsynlegast er í þessu máli, að tryggja sæmilegt eftirlit með verkpöllum, því að byggingarfulltrúi er sá maður, sem bezt ætti að hafa vit á þessu. Hann verður líka að koma á þessa staði hvort sem er til eftirlits, svo að lítill tími þyrfti að fara hjá honum til þessa eftirlits.

Ég hygg, að þetta mál sé að flestra dómi svo nauðsynlegt og gott mál, að það mundi ekki hindra framgang þess á þessum fyrri hl. þingsins, þó að brtt. yrði samþ., en vitanlega mundi hæstv. ráðh. vita þar bezt um, og ef hann telur frv. ekki hættu búna, þó að brtt. verði samþ., þá vona ég, að hann vilji styðja mitt mál.

Atvmrh. (Haraldur Guðmundsson): Ég skal játa, að ég tel þessa brtt. heldur til bóta í frv. Samt vil ég mælast til, að d. felli hana. Ég held, að það valdi svo litilli breyt., þó að hún verði samþ., að ekki sé vert að eiga það á hættu, að frv. nái ekki fram að ganga, með því að ég hygg líka, að ná megi samkomulagi í þessu atriði við bæjarstjórnir. Bæði lögregluþjónar og byggingarfulltrúar eru á launum hjá bæjarstjórnum, og ég hygg því, að fullkomlega sé hægt að komast að samkomulagi við bæjarstjórnirnar, að þar, sem er launaður byggingarfulltrúi á annað borð, sé hann látinn gera þetta án sérstaks endurgjalds. Ég veit, að bæjarstjórnum er mikið áhugamál, að þetta eftirlit verði sem bezt, og býst því við, að hægt sé að komast að samkomulagi við þær í þessu efni.

Þorsteinn Briem: Ég vil ekkert gera til þess, að þetta frv. verði fellt eða nái ekki afgreiðslu á þeim tíma, sem vera kann eftir af þessum hluta þingsins, og ég get að því leyti metið ástæður hæstv. atvmrh. En út af því, sem hann sagði, að hægt mundi verða að fá samkomulag við bæjarstjórnirnar, þá má það vel vera, en það eru fleiri en bæirnir, sem þetta tekur til, því að það eru allmörg kauptún úti um land,

sem hafa byggingarsamþykktir, og þar af leiðandi byggingarfulltrúa, og ég hygg, að þeir samningar gætu orðið ærið tafsamir, svo að vinningur væri að hafa þetta ákvæði í l.

Atvmrh. (Haraldur Guðmundsson): Ég held, að það sé engin ástæða að óttast, að ekki fáist samkomulag um þetta. Bæjarstjórnum er áhugamál að fá þetta eftirlit sem bezt, og byggingarfulltrúar eru á launum hjá þeim.

Þorsteinn Briem: Ég vil upplýsa það, að a. m. k. hreppsn. greiða ekki byggingarfulltrúunum úr hreppssjóði, heldur eru þeir, sem byggja húsin, látnir greiða þeim. Það geta því orðið vafningar við að koma þessu í kring.

ATKVGR.
Brtt. 337 tekin aftur.
Frv. samþ. með 11 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 364).

33. Hvalveiðar.

Á 23. fundi í Nd., 8. marz, var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 72 7. maí 1928, um hvalveiðar (þmfrv., A. 84).

Á 25. fundi í Nd., 11. marz, var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 19 shlj. atkv. og til sjútvn. með 19 shlj. atkv.

Á 30. fundi í Nd., 16. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 84, n. 133).
Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 19 shlj. atkv.

Frsm. (Páll Þorbjörnsson): Sjútvn. hefir haft þetta frv. til meðferðar og leggur einróma til, að það verði samþ., með því að það felur ekki í sér raunverulega breyt. frá því, sem nú er í framkvæmdinni. Því er nefnilega þannig varið, að við Íslendingar eigum ekki þeim *mönnum á að skipa, sem kunna til veiði- og* verkunaraðferða á þessum hvalveiðaskipum. Þess vegna þarf að ráða a. m. k. 2—3 erlenda menn til slíkra starfa á hverju skipi, sem fæst við þessar veiðar. Í frv. þessu er veitt undanþága til þess að ráða megi þrjú erlend skip, með 3 útlendinga á hverju skipi, til að reka hvalaveiðar hér við land. Þessi undanþáguheimild gildir til tveggja ára. En það er sá tími, sem nægir til þess, að Íslendingar geti lært til þessara veiða, og verið, að þeim tíma liðnum, færir um að starfa að þeim á eigin spýtur.
Ég sé ekki ástæðu til að fara um þetta fleiri orðum. N. er sammála um að leggja til, að frv. verði samþ.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 19 shlj. atkv.

Á 32. fundi í Nd., 19. marz, var frv. tekið til 3. umr.

Bergur Jónsson: Vegna þess að enginn af flm. frv. var viðstaddur, þegar málið var til 1. umr., vil ég fara um það fáeinum orðum. Hér er um að ræða dálitla hjálp við menn, sem hafa ákveðið að reyna að koma á stofn atvinnu, sem ekki er til í landinu. Mér finnst það dálítið skammarlegt, eftir allt gumið um sjómennina, að við skulum ekki geta staðið Norðmönnum á sporði í þessum efnum. Heimildin gengur út á það, að félagið fái leyfi til að hafa útlend skip á leigu, en setur það skilyrði, sem öruggt verður að teljast til þess að ekki verði notaður of mikill útlendur vinnukraftur. Ég þakka sjútvn. fyrir góða afgreiðslu á málinu og vonast til, að enginn af hv. þdm. leggist á móti þessum eina möguleika, sem hér veitist til að styrkja þennan nýja atvinnuveg og greiða fyrir honum. Það hefir þegar verið hafizt handa um þessi mál; t. d. er byrjað að byggja hús, og mun vera búið að leggja í það allmikið fé, og ég býst við, að allir þeir menn, sem líta á þetta réttum augum, sjái, að hér er um nauðsynjamál að ræða, sem ætti að styrkja meira en gert er. Það er kunnugt, að félag þetta hefir sótt um ríkisábyrgð fyrir láni, og jafnvel um lán úr ríkissjóði; en nú hefir það haldið því fram, að þessi heimild geti nokkuð hjálpað, og undir afgreiðslu þessa máls mun það komið að miklu leyti, hvort lánsbeiðnin verður látin falla niður eða ekki, og eru meiri líkur til þess, að hún falli niður, ef þessi heimild verður samþ. mótmælalaust.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 21 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 29. fundi í Ed., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 84).
Á 31. fundi í Ed., 21. marz, var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 9 shlj. atkv. og til sjútvn. með 9 shlj. atkv.

Á 39. fundi í Ed., 1. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 84, n. 298).

Frsm. (Jón Auðunn Jónsson): Ég þarf ekki miklu að bæta við grg. með brtt. n. Brtt. er flutt í því skyni, að létta undir með hvalveiðum frá íslenzkri landstöð. Brtt. fer fram á að veita sérleyfishafa undanþágu til ársloka 1936 frá ákvæðum 3. gr. um hagnýtingu hvalleifa,

enda geti ráðh. sett frekari skilyrði en nú eru í lögum til tryggingar gegn tjóni, er leiða kynni af undanþágu frá hagnýtingu hvalleifanna.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
Brtt. 298 (ný gr., verður 2. gr.) samþ. með 10 shlj. atkv.
2. gr. (verður 3. gr.) samþ. með 10 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 9 shlj. atkv.

Á 40. fundi í Ed., 2. apríl, var frv. tekið til 3. umr. (A. 342).
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 12 shlj. atkv. og endursent Nd.

Á 43. fundi í Nd., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 342)
Á 44 fundi í Nd., 3. apríl, var frv. tekið til einnar umr.
Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 18 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 18 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 374).

---

34. Skuldaskilasjóður vélbátaeigenda (frv. FJ o. fl.).

Á 24. fundi í Nd., 9. marz, var útbýtt:
Frv. til l. um skuldaskilasjóð vélbátaeigenda (þmfrv., A. 97).

Á 26. og 27. fundi í Nd., 12. og 13. marz, var frv. tekið til 1. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 29. fundi í Nd., 9. marz, var frv. enn tekið til 1. umr.

Atvmrh. (Haraldur Guðmundsson) [óyfirl.]: Á síðasta þingi var flutt frv. um skuldaskilasjóð útgerðarmanna. Varð málinu ekki lokið á því þingi, en ég beindi þá tilmælum til sjútvn. um að athuga, hvort ekki væri hægt að afgr. það þannig, að viss grein útgerðarinnar fengi skuldaskil. Gat ekki orðið samkomulag um þetta á því þingi.

Þetta frv., sem hér liggur fyrir, miðar að því að hjálpa þeim hluta vélbátaútvegsins, sem ekki getur talizt sjálfbjarga, til að fá skuldaskil. Í frv. er gert ráð fyrir, að þeim vélbátaeigendum einum verði hjálpað til að fá skuldaskil, sem skulda meira en 75% af virðingarverði eigna. Þó geri ég ráð fyrir, að eitthvað kunni að verða rýmt hér til. En ætla má, að þeir, sem skulda minna en 75%, geti staðið nokkurn veginn óstuddir.

Hér er fylgt þeirri meginreglu að veita þessi lán í peningum, en ekki í skuldabréfum eins og kreppulánasjóður hefir gert. Gert er ráð fyrir, að einungis vélbátaútvegurinn fái þessa hjálp, og þá aðeins þeir, sem skulda yfir 75% á móti eignum, en aftur er ekki til þess ætlazt, að togaraútgerðin hljóti hana, enda er hún í hendi stærri og öflugri félaga. Þá ber og á það að líta, að vélbátaútvegurinn veitir tiltölulega miklu fleiri mönnum atvinnu.

Það má gera ráð fyrir því, að þetta séu allháttusöm lán og að nokkuð tapist af þeim. Þó er það mjög komið undir árferði, hvort þau heimtast vel eða illa. En til þess er ætlazt, að það, sem heimtist inn, renni ekki aftur í ríkissjóð, heldur í fiskveiðasjóð. Ég skal enga áætlun gera um það, hve mikið af lánunum endurgreiðist. Það fer, eins og ég sagði áðan, eftir árferði, sölumöguleikum og öðru.

Ég vildi óska, að málinu mætti hraða svo, að hægt væri að afgr. það á þessu þingi. — Þessi lán eru hagstæðari en flest þau lán, sem sjávarútvegurinn á völ á. Vextir eru 4½% á ári, og lánin eru vaxtalaus fyrsta árið og afborganalaus fyrstu 3 árin.

Ég legg til, að frv. verði vísað til sjútvn.

Thor Thors: Ég verð að segja um þetta mál, sem var eitt af stærri málum síðasta þings og eitt hið mesta deilumál þá, að mér þykir leitt, að það skuli vera tekið upp nú, þegar svo fámennt er í d. sem raun ber vitni um og þegar fulltrúar sjálfstæðismanna í sjútvn. eru fjarstaddir. En að þeir eru ekki mættir, stafar af því, að þeir héldu, að haldið myndi áfram umr. um mál það, er hér var áður til umr. og ekki var lokið. Ég ætla ekki að taka að mér hlutverk þeirra, en þó verð ég að segja, að þetta frv. er okkur sjálfstæðismönnum sár vonbrigði. Það frv., sem borið var fram í fyrra, beindist að skuldaskilum allrar útgerðarinnar. En stefna stjórnarflokkanna í þessu máli er sú, að sinna aðeins hinni smærri útgerð. En jafnvel út frá því sjónarmiði er þetta frv. lítilsvirði. Ég sé ekki betur en þau fjárframlög, sem gert er ráð fyrir, séu ófullnægjandi, og alls ekki trygging fyrir því, heldur þvert á móti mjög vafasamt, hvort nokkurt fé er hægt að leggja fram í þessu skyni.

Að vísu er svo sagt í frv., að stofnfé skuldaskilasjóðs eigi að vera 1½ millj., og skuli sú upphæð tekin að láni og ábyrgð ríkissjóðs vera fyrir því láni. Enda þótt það hljóði svona í frv., þá vita allir hv. þm. og öll þjóðin, að mjög er það óvíst, hvort hægt er að nota þessa grein frv. Það er opinbert mál, að í sambandi við lántökuna síðustu í Lundúnum varð núv. hæstv. fjmrh. að gefa skriflega yfirlýsingu, sem hefir verið birt í blöðunum hér, að það væri stefna hans og núv. ríkisstj. að halda ríkinu frá öllum lántökum erlendis, unz gjaldeyrisvandræðum þjóðarinnar væri breytt í betra horf. Það eru

aðeins nokkrir dagar síðan þessi yfirlýsing var gefin. Og á þessum fáu dögum hefir engin breyt. orðið, sem réttlæti það, að stj. fari, þvert ofan í gefin loforð, að leita fyrir sér um lántöku erlendis.

Það er öllum ljóst, að fjármálaástandið hér innanlands er ekki slíkt, að hægt sé að vænta þess, að útvega megi hér þetta lán, að upphæð 1½ millj kr. Mér finnst því augljóst, að hér sé um kák eitt að ræða og að engin alvara liggi á bak við þetta frv. Ríkisstj. má vera það fullkomlega ljóst, að innanlands verður þetta lán ekki tekið, og ríkisstj. ætti að vera allra manna bezt kunnugt um það, að hún má ekki leita fyrir sér um lántöku erlendis. Hvers virði er þetta þá í frv.? Það er gersamlega einskis nýtt, og frv. eins og það liggur nú fyrir einungis til þess að villa mönnum sýn.

Ég sagði áðan, að þetta frv. væri okkur sjálfstæðismönnum sár vonbrigði. Frv. um skuldaskilasjóð, eins og það lá fyrir síðasta Alþ., var vandlega undirbúið af milliþingan., sem starfað hafði að sjávarútvegsmálum. Það frv. var jafnvel betur rökstutt en nokkurt annað frv., sem lá þá fyrir þinginu. Það var rökstutt með bók, sem fól í sér skýrslu um afkomu og fjárhag allra útgerðarmanna á landinu, og sýndi þessi skýrsla, hversu knýjandi þörf það var fyrir ríkisvaldið að veita þessum aðalatvinnuvegi landsmanna einhverja hjálp, sem að gagni mætti koma. Það var jafnknýjandi þörf — ef ekki ennþá bráðnauðsynlegri — eins og var til þess að bjarga landbúnaðinum, sem Alþ. tók að sér að reisa úr rústum með löggjöfinni um kreppulánasjóð. Þá má varpa fram þeirri spurningu, hvort sjávarútvegurinn verði ekki að teljast svo nauðsynlegur þáttur í atvinnulífi þjóðarinnar, að ástæða sé til þess fyrir ríkisvaldið að bjarga honum við. Ég hygg, að hver og einn einasti hv. þm., sem lítur á fjárhagsafkomu þjóðarinnar með sanngirni, hljóti að viðurkenna, að rík ástæða hafi verið fyrir hendi til þess. En af öllum þessum ástæðum eru það okkur sjálfstæðismönnum sár vonbrigði, að þegar ríkisstj. hefir tekið þetta mál að sér að lokum, þá skuli frv., sem hún ber fram, ekki vera burðugra en þetta frv., sem hér liggur fyrir.

Það var ljóst á síðasta þingi, að allir útvegsmenn og allflestir sjómenn lögðu hið mesta kapp á það, að Alþ. tæki málinu með festu og alvöru. Frv. um skuldaskilasjóð hafði aðeins legið fyrir þinginu stutta stund, þegar tóku að berast áskoranir úr öllum héruðum landsins, og það jafnt frá framsóknarmönnum og alþýðuflokksmönnum sem sjálfstæðismönnum, sem skoruðu á Alþ. að samþ. frv. um skuldaskilasjóð. Áskoranir þessa efnis komu úr kjördæmi hæstv. atvmrh. og ýmsum öðrum kjördæmum, sem stj.liðar eru fulltrúar fyrir á Alþ.

Þegar þess er gætt, hve ríkar og almennar óskir virtust vera um það með þjóðinni, að á þessu máli væri tekið með alvöru og festu, þá er það óskiljanlegt, að hæstv. ríkisstj. skuli leyfa sér að bera slíkt frv. fram, og vil ég undirstrika þau orð, að það er nánast til þess að slá ryki framan í sjávarútvegsmenn.

Vegna þess að hæstv. ríkisstj. hefir ekki viljað ganga lengra en þetta frv. ber vott um, þá tel ég óhjákvæmilegt, að sjálfstæðismenn beri fram annað frv. og taki upp ákveðna og harða baráttu fyrir því hér á hv. Alþ. Ég tel það því nauðsynlegra, þar sem það er vitað, að óskir sjávarútvegsmanna um allt land standa þar að baki þeirra.

Atvmrh. ***(Haraldur Guðmundsson)*** [óyfirl.]: Ég þarf í rauninni fáu að svara hv. þm. Snæf. Mér þykir það leitt, að þetta frv. skuli hafa orðið honum vonbrigði. En mig furðar stórlega á því, að slík vonbrigði skuli hafa átt sér stað, en þau stafa kannske af því, að hann átti ekki sæti í sjútvn. En þetta frv. um skuldaskilasjóð, sem hér liggur fyrir, er nákvæmlega samkv. samkomulagi, sem varð á síðasta þingi um þetta mál. Þá var það boðið, að taka út úr vélbátaútveginn og reyna að leysa úr vandræðum þeirra, sem þar eru verst staðir, með því að taka 1½ millj. kr. lán.

Nú telur hv. þm. Snæf., að þessi 1½ millj. sé sýnd veiði, en ekki gefin, og að engar líkur séu til þess, að hægt sé að fá lán í þessu skyni. Ég skal nú ekki vera með neinar fullyrðingar í því efni, enda er rétt, að engin ákveðin loforð eru gefin um það. En að sjálfsögðu hefir stj. fullkomlega von um, að það sé mögulegt, því annars hefði hún ekki borið þetta frv. fram. En heldur hv. þm., að það hefði verið auðveldara að fá 5 millj. kr. lán? Ég hygg, að ef það er örðugleikum bundið að fá upphæð, sem nemur 1½ millj. kr. — en um það skal ég engu spá —, þá sé það ekki minni örðugleikum bundið að fá þá upphæð þrefalda eða fjórfalda.

Hv. þm. þykir rökstuðningur sá, sem fylgir frv., lítill. Hann sagði, að það hefði verið mikill munur í fyrra, því þá hefði rökstuðningurinn verið heil bók, sem hafi innihaldið upplýsingar um fjárhag allra útvegsmanna á landinu. Ég vil benda á, að það er sami rökstuðningur, sem liggur á bak við þetta frv. Það sýndi sig á þessari bók mþn., að þeim verst settu af vélbátaeigendunum má veita mikla hjálp með þeirri upphæð, sem gert er ráð fyrir í þessu frv., sem hér liggur fyrir. Ég skal játa, að upphæð sú, sem ætluð er til þessa í frv., er ekki ýkjarausnarleg, en það er von til þess, að með þessari upphæð megi ná því marki, sem frv. er ætlað að ná. Það er hlutur, sem enginn getur lokað augunum fyrir, að framlög ríkissjóðs hljóta að takmarkast af þessu tvennu: Annarsvegar getu ríkissjóðs til að afla fjárins, og hinsvegar því, hversu aðkallandi kröfur eru um hjálp af hendi hins opinbera.

Ég þarf ekki að endurtaka það, sem ég sagði á síðasta þingi, að hversu mikilsvert sem það er að koma útgerðinni á sæmilegan fjárhagslegan grundvöll, þá má hið opinbera ekki binda svo fjárhagslega getu sína, að ekki sé eitthvert fé fyrir hendi til þess að létta undir með útgerðinni, þannig, að atvinnureksturinn geti haldið áfram, t. d. með ýmiskonar nýbreytni, sem varðar verkun fiskjarins, o. s. frv. Með l. um fiskimálanefnd frá síðasta þingi var samþ. að heimila ríkisstj. að taka 1 millj. kr. lán í því skyni að létta undir með afkomu útgerð-

arinnar og til þess að taka upp ýmiskonar nýbreytni í verkun fiskjarins o. s. frv. Ég tel skylt að nota þessa heimild út í æsar. Það liggur í augum uppi, að það má ekki algerlega takmarka getu hins opinbera við að veita hjálp til skuldaskila. Þeir sjálfsögðu aðilar í því efni eru lánsstofnanir þær, sem lánað hafa fé til þessara fyrirtækja.

Hv. þm. Snæf. taldi ekki vænlegt að leita til útlanda um lán í þessu skyni. Ég er honum sammála um það, því hér er ekki um það að ræða að skapa nýjan atvinnuveg eða nýja tekjulind, hvorki fyrir einstaklinga eða ríkið, heldur að koma skuldunum í hagkvæmara horf, útvega betri lánskjör og strika út þær skuldir, sem telja má tapaðar.

Ég sé enga ástæðu til þess að fjargviðrast út af því, þó sjálfstæðismenn úr sjútvn. séu ekki viðstaddir þessa umr. Ég hefi lagt til, að málinu væri vísað til sjútvn. að lokinni þessari umr., og fá þeir þá aðstöðu til þess að athuga frv. og segja álit sitt um það.

Thor Thors: Hæstv. atvmrh. vildi telja litla ástæðu til þess að viðhafa þau orð, að þetta frv. væri okkur sjálfstæðismönnum sár vonbrigði. En ég hygg, að þegar hæstv. ráðh. athugar það með sjálfum sér, hverja lausn frv. býður upp á, þá hljóti hann sjálfur að sannfærast um það, að frv. er alger vonbrigði.

Ég sagði ekki, að það vantaði rökstuðning fyrir frv. Sá rökstuðningur, sem er fyrir skuldaskilum almennt, nær líka til þessa frv. En ég staðhæfði, að frv. væri ekki flutt af alvöru og að það byði ekki upp á neina lausn á málinu, og veit hæstv. ráðh. það miklu betur en hann vill láta í veðri vaka.

Hæstv. ráðh. sagði, að stj. hefði ekki neitt loforð fyrir láni, en hann vildi láta í það skína, að hún gæti vænzt þess að fá lán. En hæstv. ráðh. veit, að ríkisstj. hefir lofað að taka ekki lán erlendis, og er stj. skyldug til þess að standa við það loforð. Hvar ætti hún þá að taka lán? Innanlands? Hæstv. ráðh. veit of vel, að fjárhagsástandið innanlands er ekki slíkt, að ástæða sé til þess að ætla að hægt sé að fá lán hér. Þess vegna mælir hæstv. ráðh. af fullkomnu alvöruleysi, þegar hann vill láta í veðri vaka, að lánið sé fáanlegt.

Hæstv. ráðh. sagði, að það væri einkennilegt, ef 1½ millj. fengist ekki, þar sem sjálfstæðismenn hefðu ætlað að fá 5 millj. til þessa, og hefði átt að taka mestan hluta þess fjár að láni. Nú veit hæstv. ráðh., að viðhorfið í fjármálunum er svo breytt frá því á síðasta þingi, að lántöku má nú ekki leita erlendis. Sjálfstæðismenn munu ekki leika neinn loddaraleik með það. Þeim er það ljóst, að lántaka er útilokuð.

Ég vil minna hæstv. ráðh. á, að það var ekki eingöngu lánsheimildin, sem skuldaskilasjóður átti að lifa á samkv. frv. sjálfstæðismanna, heldur var ákveðið í frv., að sjávarútvegurinn sjálfur skyldi að nokkru leyti standa undir þessu, þar sem útflutningsgjald af sjávarafurðum átti að renna til þess að koma á skuldaskilum. Þar sem búið er að afnema útflutningsgjald af landbúnaðarafurðum, þá virðist sanngjarnt, að þessi óréttláti skattur á sjávarafurðirnar sé látinn koma sjávarútveginum sjálfum til góðs. Þegar þess er gætt, að útflutningsgjaldið nemur um 800 þús. kr. á ári, eða rúmlega helming af þeirri upphæð, sem ætluð er til skuldaskila samkv. þessu frv., þá er það ljóst, að sú aðferð, að láta útflutningsgjaldið renna til skuldaskila, gæti orðið fullkomin lausn, þar sem útflutningsgjald af sjávarafurðum á 2 árum nemur meiru en sú upphæð, sem verja á í þessu skyni samkv. frv. þessu.

Ég skal að svo stöddu ekki fullyrða neitt um það, hvaða ráð við sjálfstæðismenn tökum upp til lausnar á þessu máli. Það verða fulltrúar okkar í sjútvn., sem mestu ráða þar um. En hitt vil ég staðhæfa, að þar mun verða bent á hina raunverulegu lausn þessa máls, en ekki leikin slík loddarabrögð sem þetta frv. er.

Hæstv. ráðh. minntist á, að samkv. frv. um fiskimálanefnd frá síðasta þingi ætti að verja 1 millj. kr. til þess að reyna að tryggja framtíð sjávarútvegsins með því að taka upp ýmiskonar nýbreytni á sviði fiskverkunar. Ég hygg, að sú upphæð, sem ætluð er, sé ónóg til þess að koma nefndarsölumáli sjávarútvegsins eða fiskverkuninni í það horf, sem nauðsynlegt er.

Að lokum vil ég svo minna á, að þegar verið var að ræða um kreppuhjálpina til bænda, voru þau orð látin hljóma, að ekki skyldi farið að skipta um menn í bændastétt. Fyrir okkur sjálfstæðismönnum vakir sama hugsunin, sem vakti fyrir þeim mönnum, sem stuðluðu að því, að l. um kreppulánasjóð voru samþ. Við viljum ekki láta skipta um menn í hópi útgerðarmanna, þegar hægt er að komast hjá því. En lausn þessa máls kemur að litlum notum í framtíðinni, ef útgerðarmönnum öllum er ekki gert kleift að stunda starfrækslu sína áfram, en það má gera með því að koma skuldunum á betri grundvöll, útvega mönnum lægri vexti á lánum og lengri afborgunartíma, og veita verulegan afslátt á skuldunum, svo að skuldaskilin geti orðið greiðari.

Ég sé svo ekki annað en það sé þýðingarlaust og óþarft á þessu stigi að ræða frekar um ágreiningsefnin milli flokkanna út af lausn þessa vandamáls, og því minni ástæða til þess, þar sem sjálfstæðismenn munu leggja sínar till. fyrir Alþ. einhvern næstu daga og berjast fyrir þeim á sama hátt og á síðasta þingi.

Atvmrh. (Haraldur Guðmundsson) [óyfirl.]: Það er rangt hjá hv. þm. Snæf., að í því frv., sem sjálfstæðismenn báru fram á síðasta þingi, hafi ekki verið gert ráð fyrir lántöku nema að litlu leyti. Ég man það ekki nákvæmlega, af því að ég hefi ekki frv. hjá mér, en mig minnir, að það hafi verið á 5. millj., sem taka skyldi að láni samkv. frv., en þá upphæð átti síðan að endurgreiða úr ríkissjóði með þeirri upphæð, sem útflutningsgjaldið af sjávarafurðum nemur á hverju ári. Hv. þm. hlýtur að geta skilið, að 750 þús. kr. ná skammt til skuldaskila, en það er sú upphæð, sem gera má ráð fyrir, að útflutningsgjaldið nemi á einu ári. Tilgangurinn með frv. sjálfstæðismanna var sá, að taka 4—5 millj. kr. að láni, og borga vexti og afborganir

af því láni með upphæð, sem svaraði útflutningsgjaldi því af sjávarafurðum, sem rennur í ríkissjóð. Það verður ekki séð, hvernig ríkissjóður ætti að hafa þetta fé handbært á annan hátt en taka það að láni. Það verður ekki annað séð en að hin raunverulega lausn, sem sjálfstæðismenn tala um — en sú lausn á auðvitað ekki að vera neinn loddaraleikur —, geti orðið á annan hátt en með lántöku. Mér þykir ólíklegt, ef sjálfstæðismenn koma fram með frv., að það geti komizt hjá þessari lausn málsins.

Ég sé svo ekki ástæðu til þess að karpa um þetta mikið lengur.

Ég veit ekki hvort það kemur skýrt fram, að hér er ætlazt til þess, að lánið sé tekið innanlands, og vil ég halda, að ekki séu lokaðir möguleikar fyrir því. Þær skuldir, sem hér er að ræða um greiðslu á, eru við innlenda lánardrottna, og mun ekki vera tilgangur flm. að tekið verði til þess erlent lán, því það verður ekki tekið beinlínis til að auka atvinnu, heldur er hér aðeins um skuldaskil að ræða.

Hv. þm. talaði digurbarkalega um, að þessi 1½ millj. mundi hrökkva skammt, og skal ég fúslega játa það. En þó að skuldaskilin séu nauðsynleg, verður þó að athuga, að því meira sem lagt er til skuldaskilasjóðs, því minna verður til annara framkvæmda.

Thor Thors: Ég veit ekki, hvort hæstv. atvmrh. vildi snúa út úr orðum mínum. Ég sagði, að frv. sjálfstæðism. væri ekki að öllu leyti byggt á láni. Þar er gert ráð fyrir, að af þeim 5 millj., sem alls er ætlazt til, að lagt sé til skuldaskilasjóðs, verði 3 millj. teknar að láni, en hitt fengið með því að láta útflutningsgjald af sjávarafurðum renna til sjóðsins. En nú skiptir það mestu máli, að viðhorfið hefir stórum breytzt til hins lakara frá því á síðasta þingi. Ef frv. hefði gengið fram þá, meðan engin loforð lágu fyrir frá ríkisstj. gagnvart erlendum lánardrottnum, voru miklu meiri möguleikar til þess að afla sjóðnum lánsfjár. Ef hæstv. ráðh. hefir trú á, að hægt sé að fá lán innanlands, þá óska ég honum til hamingju og vil segja: mikil er trú þín, kona!

En ég er hræddur um, að honum verði ekki að trú sinni, og vil ég í því sambandi benda á *erfiðleika bæjarfélaga um að fá smálán á undanförnum árum.*

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 30. fundi í Nd., 16. marz, var fram haldið 1. umr. um frv.

Thor Thors: Ég geri ráð fyrir, að 8. málið á dagskránni (frv. um atvinnudeild og rannsóknarstofnun við Háskóla Íslands) eigi einnig að ganga hér undir atkv. Það er nú nokkuð fámennt í d., en ég sem flm. þess mun ekki hafa á móti, að atkvgr. fari fram, þar sem mér skildist á hv. þm. Hafnf., að samkomulag væri um að leyfa því máli að ganga til 2. umr. Eins munum við sjálfstæðismenn þá ekki setja okkur á móti því, að það mál, sem nú liggur fyrir, fari til 2. umr., því ég vænti, að samið verði um bæði þessi mál í n.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 19 shlj. atkv. og til sjútvn. með 20 shlj. atkv.

Á 35. fundi í Nd., 22. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 97, n. 206).

Frsm. meiri hl. (Finnur Jónsson): Þetta mál hefir nú þegar verið svo mikið rætt, að ekki þarf nema stutta framsögu. Málið var tekið fyrir á fundi n., og kom þar fram beiðni frá minni hl. um að fresta því þar til þing kæmi aftur saman, en því var synjað af meiri hl., sem taldi nauðsynlegt að koma málinu fram fyrir næstu áramót. Nú er komið fram annað frv. um sama efni, sem er að mestu leyti shlj. frv. um þetta efni frá þinginu í haust, og stendur að því minni hl. sjútvn., og geri ég ráð fyrir, að hann geri grein fyrir sinni afstöðu. Frv. meiri hl. er miðað við sömu afstöðu og kom fram í nál. á síðasta þingi, að binda skuldaskilin við vélbátaeigendur, en undanskilja stórútgerðina. Fyrir því liggja sömu ástæður og færðar voru fram í nál. meiri hl. sjútvn. þá, nfl. þær, að stóratvinnurekstur sé í eðli sínu svo frábrugðinn, að *rétt sé, að bankarnir geri hann upp, en* ríkið styðji vélbátaútveginn til skuldaskila.

Það má vitanlega segja, að það sé lítil upphæð, sem áætluð er til skuldaskila, og er hún miklu minni en minni hl. sjútvn. vill hafa hana. En eftir þeim skýrslum, sem fyrir liggja, eru skuldirnar það miklar, að gera verður ráð fyrir miklum niðurskurði á þeim, sem er tapað fé fyrir skuldaeigendur og engin ástæða til fyrir ríkissjóð að taka á sig með skuldaskilum. Það er vitanlega full þörf að taka allan sjávarútveginn til skuldaskila, en n. lítur svo á, að ástæður ríkissjóðs leyfi það ekki að þessu sinni. Verður að telja meiri ástæðu til, ef ríkið getur lagt eitthvað fram til þess að halda atvinnurekstrinum gangandi, að leggja það fram til að greiða fyrir aukinni sölu og til annarar fyrirgreiðslu, fremur en að yfirtaka gamlar skuldir, sem eru einskis virði. — Ég skal svo ekki fjölyrða þetta frekar, en vísa til nál. frá síðasta *þingi og framsöguræðu atvmrh.* við 1. umr. málsins nú.

Sigurður Kristjánsson: Ég get ekki litið öðruvísi á þetta frv., eftir því sem á undan er gengið, en að það eigi að nota það til þess að vísa málinu raunverulega frá þessu þingi. Það hafa *engin rök verið færð fyrir því, að það feli í sér* nokkra hjálp fyrir sjávarútveginn. Þegar við bárum fram frv. um skuldaskilasjóð á síðasta þingi, var því borið við af stj.liðinu, að málið væri ekki nógu vel undirbúið og að ekki hefði unnizt tími fyrir stj. að gera ráð fyrir þeim tekjumissi, sem frv. veldur ríkissjóði, við samning fjárlagafrv. fyrir 1935. Þá fékkst þessi frestur, því stj. og fylgismenn hennar höfðu allt í sinni hendi. Það hefði því mátt ætla, ef þessar ástæður hefðu verið bornar fram í einlægni,

að fresturinn hefði verið notaður til þess að bæta úr þessum tveim atriðum. Nú hefir stj. svarað þessu með því að leggja þetta frv. fyrir þingið í skjóli meiri hl. sjútvn.

Um undirbúning að frv. þessu er mér ekki kunnugt. Þó hefir verið sagt, að stj. hafi fengið 3 menn til að semja það. Hefi ég að vísu heyrt nöfn þeirra nefnd, en man þau ekki, því ég kannaðist ekki við þau, og þekki ég þó flesta þá útgerðarmenn, sem eitthvað hefir borið á. Má því hafa þetta nokkuð til marks um það, að menn þessir hafi ekki staðið í miklum stórræðum. Þó man ég eftir nafni Erlings Friðjónssonar, og mun hann hafa verið einn þessara manna, en hvenær hann hefir öðlazt sérþekkingu á þessum málum, veit ég ekki, e. t. v. hefir hann gengið á námskeið áður en hann hóf verkið. Frv. ber ekki með sér, að fagmenn hafi um það fjallað. Að formi til er það sniðið eftir frv. okkar sjálfstæðismanna, sem við fluttum á þinginu í fyrra.

Að hinum efnislegu atriðum skal ég koma smám saman. Undirbúningur undir málið virðist mér þess vegna ekki hafa verið geysimikill fram úr því, sem áður hafði verið. Enda var það margra manna álit, að stj. væri ekki vönd í undirbúningi annara mála. Mörgum þeirra hefir verið hrækt inn í þingið óköruðum. Þetta mál hafði þó verið til meðferðar í milliþingan. þingsins í heilt ár, að mig minnir. Hitt sjá allir, hvernig tekizt hefir til með að afla fjár til þessara mála. Eins og ég tók fram áðan, hefir því verið við borið, að stj. hafi ekki getað tekið tillit til þess tekjumissis, sem frv. okkar gerir ráð fyrir, vegna þess að kröfur um hann hafi ekki komið til stj. nægilega löngum tíma áður en fjárlagafrv. fyrir árið 1935 var samið.

En í þessu frv. er ekki gert ráð fyrir neinum tekjustofnum fyrir ríkissjóð fyrir því, sem hann eigi að láta af mörkum, en upphaf frv. er það, að þessa litlu upphæð, sem ætlazt er til, að skuldaskilasjóður fái, eigi sjóðurinn að taka að láni, en ríkissjóður á að vera í ábyrgð.

Ég vil í þessu sambandi taka það enn fram, að það er hinn mesti misskilningur, að við sjálfstæðismenn höfum nokkurntíma farið fram á bein fjárframlög úr ríkissjóði til þessara skuldaskila. Það er það, sem skilur þær ráðstafanir, sem gert er ráð fyrir í frv. okkar í fyrra, frá þeim ráðstöfunum, sem gerðar voru þegar aflað var fjárins til skuldaskila fyrir landbúnaðinn, að við förum alls ekki fram á nein framlög úr ríkissjóði, heldur aðeins það, að ríkissjóður hætti að innheimta vissa beina skatta af sjávarafurðum, m. ö. o., að útvegurinn fengi að halda þessum hluta tekna sinna og verja honum til sinna þarfa, til þess að rétta við hag útgerðarinnar.

Ég hygg, að ekki þurfi mjög skarpskyggna menn til þess að sjá þann mikla mun á undirtektunum undir þetta mál og þeim undirtektum, sem ráðstafanir út af fjárhagsvandræðum landbúnaðarins fengu hér á hæstv. Alþ. Þetta er þó alls ekki sagt vegna þess, að ég telji ekki, að landbúnaðurinn hafi verið verðugur þeirrar aðstoðar. En ég get bara ekki séð, a. m. k. ekki í fljótu bragði, muninn á nauðsyninni til þess að halda við atvinnurekstri til lands og sjávar. Ég veit ekki annað en að þeir menn, sem lifa á atvinnurekstri við sjávarsíðuna, séu jafnréttháir borgarar í landinu og hinir, sem lifa af framleiðslu jarðarinnar. En þegar við berum saman þörfina í þessu efni hjá þessum tveimur atvinnugreinum annarsvegar og jafnhliða þann arð, sem þeir bera landsfólkinu og ríkinu, og hinsvegar þá stoð, sem núv. hæstv. ríkisstj. og hennar flokkar á þingi, að ætla má, ætla þessum atvinnugreinum, þá virðist þarna vera gert upp á milli olnbogabarns og eftirlætisbarns. Landbúnaðurinn var þannig staddur, eftir þeim rannsóknum að dæma, sem fram fóru, að eignir hans voru helmingi meiri en skuldirnar. Eignir hans voru, að mig minnir, rúml. 63 millj., en skuldir hans um 33 millj. kr. En eignir sjávarútvegsins virtust vera um helmingi minni en landbúnaðarins, en skuldir h. u. b. jafnar, eða jafnvel meiri, því að ég geri ráð fyrir, að hagurinn hafi versnað síðan það ár, sem rannsóknin var miðuð við, af því að síðan hafa liðið tvö ár, óhagstæð fyrir þennan atvinnuveg.

Á hvorum atvinnuveginum, landbúnaðinum eða sjávarútveginum, fleiri menn í landinu lifa, skal ég ekki segja. Heldur fleiri hygg ég þó, að muni lifa af sjávarútvegi. En á því fé, sem fæst fyrir útfluttar afurðir af hvorum þessara atvinnuvega fyrir sig, er mikill munur, því að sjávarútvegurinn eða útgerðarmenn flytja út rúma $^{90}/_{100}$ af öllu því verðmæti, sem flutt er út úr landinu árlega. En aðstoðin, sem þessum atvinnugreinum hefir verið ætluð, er þessi: Landbúnaðurinn skal fá til sinna skuldaskila 11 millj. kr. En nú sé ég, að hæstv. ríkisstj. og hennar hjálparmenn, hv. flm. þessa frv., ætlast til, að þessi mikli atvinnurekstur, sjávarútvegurinn, sem fæðir um helming landsmanna og framleiðir um 90% af öllum útflutningi þeirra, fái sér til réttingar að taka lán að upphæð 1½ millj. kr. Því er ekki hægt að neita, að með þessu frv., þó að það sé með svona ördalagi, er samt verið að vísa frá þeirri beiðni, sem fram hefir komið fyrir hönd sjávarútvegarins, þessum atvinnurekstri til viðreisnar. Þetta er því ekkert annað en — maður getur sagt mildileg frávísun. Ég veit, að þeir menn, sem fluttu þetta frv., þeir munu að gömlum vanda berja sér á brjóst og þykjast gera góðverk. En þeir bæta bara yfirdrepskap ofan á sína þrjózku gegn þessu mikla nauðsynjamáli.

Ég vil nú nota tækifærið og spyrja hæstv. atvmrh. um það, hvort hann hafi, og þá hvenær, borið þetta mál undir bankana. Ég geri ráð fyrir, að þótt undarlegt atvik kæmi fyrir í sjútvn. í þessu efni, þá muni hæstv. ríkisstj. vera hátt upp hafin yfir það í sínum háttum að fara að hætti meiri hl. sjútvn. í þessu máli, og því hafi hún borið það undir bankana, þá aðilja, sem fyrir margra hluta sakir kemur það mest við og sömuleiðis eiga að hafa aðstöðu til að bera á það miklu meira skyn heldur en almenningur. Þess vegna spyr ég hæstv. atvmrh. um það, hvort hann hafi ekki borið þessi mál undir bankana, og hvort þeir hafi gefið um þau nokkur svör.

Ég gat um, að nokkuð skrítið atvik hefði komið fyrir í sjútvn. einmitt út af þessu efni. Hv. þm. Vestm., sem á sæti í þeirri n., gerði, þegar þetta mál var til umr. á fundi í n., þá till., að bönkunum yrði sent frv. þetta til umsagnar og þeir beðnir að gefa um það umsögn mjög fljótt. Þessi till. var felld með 3 atkv. gegn 2. Allir flm. frv. felldu hana. Þeir sögðu það vitanlega ekki með orðum, að bankarnir hefðu ekkert vit á þessu. En annaðhvort fólst í þessari framkomu þeirra það, að þeir áliti, að bankastjórarnir hafi ekki vit á þessu á við sjálfa þá, eða þá hitt, að þeir vildu engra annara umsögn fá um málið en þeirra sjálfra, nefnilega ekkert á það hætta. Skal ég ekki gera tilraun til að dæma um, hvort af þessu tvennu lá til grundvallar fyrir þessari framkomu meiri hl. n. En það er ákaflega fátítt, að menn, sem vilja flytja fram mál og fá það samþ., vilji ekki hafa stuðning þeirra manna, sem eru áhrifamenn, ef þeir geta vænzt þess að fá hann.

Þá var í sjútvn. farið fram á það, að afgreiðslu málsins yrði frestað í 2 daga, sökum þess að frv. okkar um þetta sama efni var þá í prentun, og það er talsvert breytt, a. m. k. í einu atriði, frá því, sem var í fyrra. Og okkur þótti ekki ólíklegt, að meiri hl. sjútvn., ef hann vildi af einlægni starfa með okkur að úrlausn þessa vandamáls, mundi vilja líta á þetta frv., sem þá var í prentun. En þetta var líka fellt í nefndinni.

Skal ég svo fara út í einstakar gr. frv.

Það er strax athyglisvert við þetta frv., að það gerir ráð fyrir, að tekinn sé út úr lítill hluti af útgerðinni. Og þegar á að fara að rétta við hag þessara manna, þá á hjálpin að vera í því fólgin, að þeir af þeim, sem skulda yfir 75% á móts við eign, þeir einir eiga að fá þessa svo kölluðu hjálp, sem á að vera í því fólgin, að þeir geti fengið lán gegn 4½% vöxtum, úr sjóði, sem þeir sjálfir mynda með lántöku. Og lánin eiga að vera sem svarar 15% á móti eignum þeirra. Með þessu eiga þeir svo að gera skuldaskil. Og það virðist svo sem hv. frsm., eða réttara sagt ríkisstj., sem flytur frv., telji, að það þigi að vera aðalmarkmiðið, að eignir og skuldir standist á, mennirnir eigi sem sagt ekki neitt.

Við, sem fluttum frv. í fyrra, sem ég gat um, töldum náttúrlega, að vel gæti komið fyrir, að ekki yrði hægt að koma meir niður skuldum manna í þessum atvinnuvegi en svo, að þeir ættu fyrir skuldum, vegna þess að eignir þeirra væru svo veðbundnar. En aðalmarkmiðið var, að menn skulduðu ekki meira en sem svaraði 65% af eign. En þeir menn, sem samkv. frv. eiga að fá að njóta þeirrar náðar að fá að mynda sér sjóð með lántökum og síðan að fá þessi 15% lán úr honum, þeir eiga svo að borga 4½% í vexti af lánunum, og auðvitað líka lánin upp. Um leið og ég minnist á þessar lántökur vil ég geta þess, og okkur, sem erum í minni hl. í sjútvn., hefir skilizt það, eins og mörgum fleirum, samkv. hinum nýgefnu loforðum hæstv. ríkisstj., að það muni vera mjög vafasamt, hvort ríkið gæti ábyrgzt lán þau, sem hér er um að ræða. Við þorum a. m. k. ekki að gera ráð fyrir því. Hæstv. fjmrh. hefir birt yfirlýsingu í þá átt, að loforð hafi verið gefin lánardrottnum ríkisins um, að ríkið ábyrgðist ekki lán. Vera má, að innlend lán hafi þar verið undanskilin. En ég hygg, að erfitt muni reynast að fá slík innanlandslán, einkum þegar hv. flm. virðast líta svo á, að bönkunum komi þetta mál ekkert við. Þeir ætla þá líklega ekki að biðja bankana um þessi lán. Það er athyglisvert mál, ef hér er verið að undirbúa löggjöf um lántöku, sem fyrirfram er vitað, að muni ekki fást.

Það stendur hér í 5. gr. frv., að þessi lán skuli notuð til þess að fá skuldir manna niður færðar, og er það sett sem eitt af skilyrðum fyrir því, að lán verði veitt, „að samningar náist um svo mikinn afslátt á skuldum lánbeiðanda, að raunverulegar eftirstöðvar þeirra, sem sé allar skuldir hans, eftir að lán skuldaskilasjóðs hefir verið veitt og skuldaskilasamningur gerður, nemi ekki meiru en sem svarar þeim hluta af virðingarverði allra eigna hans, sem sjóðstjórnin telur honum fært að standa straum af, og aldrei meiru en sem svarar fullu virðingarverði eignanna; svo og að samningar náist um viðunanleg greiðslukjör á þeim hluta skulda hans, sem ekki greiðist með skuldaskilasjóðsláninu".

Ég veit ekki, hvaða skuldir hæstv. stj. hugsar sér, að þetta séu. Ég hefði haldið, að þetta væru skuldir, sem tryggðar eru með veði, en síðar í frv. er tilgreint, að sé alveg óviðkomandi samningum þessum. Mér skildist, og okkur flm. frv. í fyrra, að allar lausaskuldir ættu að greiðast upp með þeim lánum, sem skuldaskilasjóður veitti, en eftir stæðu veðtryggðar skuldir og skuldir við skuldaskilasjóð. Í 20. gr. frv. er það tekið fram, að skuldaskilasamningurinn hafi engin áhrif á þær kröfur, sem þar greinir, og eru svo taldar upp allar skuldir, sem tryggðar eru með veði. En samt sem áður er það sett að skilyrði fyrir því, að lánið verði veitt, að samningar náist um viðunanleg greiðslukjör á þeim hluta skulda lánbeiðanda, sem ekki greiðist með skuldaskilasjóðsláninu. Ég get ekki komið þessu saman. Mér virðist, að þetta muni leiða það af sér, að aldrei verði hægt að lána úr sjóðnum. Ég geri ekki ráð fyrir, að maður, sem hefir sett fasteign eða skip að veði fyrir sinni skuld, fari að breyta henni, ef hann á engin ný fríðindi að fá við það að breyta skuldinni; ég held, að það sé alveg óhugsandi.

Það kemur mjög einkennilegur hugsanagangur fram í grg. frv. Þar er miðað við, að lánsfjárþörf til bátaútvegsins sé um 1½ millj. kr., miðað við það mat, sem mþn. í sjávarútvegsmálum hefir lagt til grundvallar á eigum þeirra manna, sem skuldaskil eiga að ná til samkvæmt frv. þessu, því að n. taldi eignir þeirra vera 9157586.00 kr. Og 15% af þessari upphæð verður 1373637.90 kr. Nú stendur hér í grg., að ekki sé líklegt, að mat sjóðsins á eignum lánbeiðenda breyti þessum tölum svo neinu nemi, því að þótt lægra mat á eigum minnki eitthvað lánin til hinna fyrrnefndu tveggja flokka, þá hljóti það jafnframt að koma undir skuldaskilin mönnum, sem nú séu taldir til annars flokks. Þetta er sagt, að muni sjálfsagt vega nokkurnveginn hvað á móti öðru, svo að lækkun eign-

anna muni ekki við hið nýja mat hafa nein veruleg áhrif á stofnfjárþörf sjóðsins.

Við í mþn. höfum gert ráð fyrir, að matið, sem í nál. er gengið út frá, sé nú orðið of hátt. Og ég gat þess í framsöguræðu um málið á síðasta þingi, að það væri alveg eðlilegur hlutur í erfiðu árferði, að eignir þessa atvinnuvegar gengju úr sér miklu meira en í venjulegu árferði. Það má gera ráð fyrir, að þessar eignir hafi talsvert rýrnað, vegna þess að menn hafi yfirleitt ekki haft efni á því í slíku árferði, sem undanfarið hefir verið fyrir sjávarútvegsinn, að halda svo við þessum eignum sínum eins og þurft hefði, til þess að þær gætu talizt jafnverðmiklar og áður. En hér í grg. er talað um, að ef um slíka rýrnun á eignum verði að ræða, þá geti það jafnazt upp með mönnum, sem ekki hafi verið taldir í áliti mþn., sem við nýtt mat mundu reynast skulda meira en á við 75% af eignum. En það virðist ekki vera tekið tillit til þess, að skuldir þeirra manna, sem þannig kynnu að bætast við, geta verið geysilegar, og yfirleitt virðist hér vera í þessu efni talið, að lánsþörfin sé því minni sem skuldirnar eru meiri á móts við eign. Ég skil þetta svo, að ætlazt sé til, að þeim mönnum verði alls ekki hjálpað, sem verulega illa eru staddir, þannig að þeir teljist ekki hæfir til þess, að þeim sé lánað.

Þetta var vitanlega alls ekki tilgangur okkar. Það eru svo mörg atvik, sem geta valdið því, að einn maður er verr staddur en annar. Getur það m. a. stafað af mismunandi atvinnuskilyrðum á ýmsum stöðum á landinu. En þörfin á því, að útgerðin geti haldið áfram, er jafnmikil fyrir því. Ég get ekki annað út úr þessum ákvæðum frv. fengið en það, að fyrst eigi að meta það, hvort mennirnir, sem um lán sækja, séu hæfir fyrir lántöku, og reynist þeir það ekki, þá eigi að láta þá verða gjaldþrota. En þetta er mjög varhugaverð braut, því að afleiðing þessa getur orðið sú, að heil byggðarlög við sjó leggist í eyði, vegna þess að útgerð getur ekki haldið þar áfram. Aflaskilyrði eru svo misjöfn í ýmsum verstöðvum landsins, að í sumum þeirra getur verið, að ekki sé til neinn bjargálnamaður. Ef því á að styrkja útgerðarmenn, þá verður að styrkja þá á hverjum stað, sem þess þurfa.

Ég ætlaði ekki að halda um þetta langa ræðu nú. En ég vildi taka það fram, að ég tel, að engin úrlausn sé fengin í þessu vandamáli, þó að frv. þetta sé samþ. Ég tel, að verr sé farið en heima setið, ef krafsað er svo við þessu máli að samþ. slíkt frv., því að slíkt getur ekki orðið til annars en að tefja fyrir þeim ráðstöfunum í málinu, sem að gagni gætu orðið. Ég tel það mjög misráðið að taka þannig undir nauðsynjamál sjávarútvegsins, einmitt nú, þegar sýnt er, að ýmsar stoðir ætla að hrynja undan þessum atvinnuvegi, en ekki er sýnt, að neitt geti komið í staðinn. Ég sé ekki, á hverju landsfólkið á að lifa, ef sjávarútvegurinn dregst saman.

Ég lýsi því yfir, að ég mun fylgja fast frv. okkar sjálfstæðismanna, sem nú er fram komið um þetta efni. Þegar það verður tekið fyrir til umr., verður hægt að ræða þetta frv. frekar í sambandi við það.

Að lokum vil ég leggja áherzlu á það, að ég lít svo á, að frá hendi stj. og þeirra, sem kunna að fylgja henni í að samþ. þetta frv., sé þetta frv. ekkert annað en frávísun á málinu.

Atvmrh. (Haraldur Guðmundsson) [óyfirl.]: Ég mun leitast við að lengja ekki mikið umr. um mál það, sem hér er um að ræða, enda er margt af því, sem hv. 6. þm. Reykv. tók fram í síðustu ræðu sinni, atriði, sem ég drap á við 1. umr. málsins, þótt hv. þm. hafi ekki verið viðstaddur þá.

Hv. þm. drap fyrst á það, að við athugun á þessu frv. hefði það sýnt sig, að það hefði sízt batnað, hvorki hvað efni né búning snerti. Hann taldi það eðlilegt vera, því að illa hefði verið vandað til þeirra manna, sem um frv. fjölluðu. Nefndi hann sérstaklega Erling Friðjónsson á Akureyri. Það er rétt, að hann vann að undirbúningi þessa frv., en án þess að ég ætli að fara út í mannjöfnuð milli hv. þm. og þessa manns, þá hygg ég, að flestum komi saman um, að það rúm, sem E. F. skipar, sé ekki illa skipað, jafnvel þar, sem þessi hv. þm. á sæti.

Hv. þm. sagði, að með frv. því, sem hér er fram borið, væri í rauninni verið að vísa málefnum útgerðarmanna á bug. Hann hélt því einnig fram, að þetta frv. væri verra en ekkert og því væri vitanlega sjálfsagt að vera því mótfallinn. Mér þykir mjög gott að fá svona óvenjulega hreinskilnislega yfirlýsingu um afstöðu hv. þm. og flokksbræðra hans til þessa máls. Sérstaklega þykir mér vænt um þetta, þegar ég hefi hlustað á þessa menn tala með yfirdrepskap og hræsni um skinhelgi. Samhliða því sem þeir telja örðugt að fá fé til þeirra framkvæmda, sem gert er ráð fyrir í þessu frv., bera þeir fram frv. sjálfir, þar sem gert er ráð fyrir þrisvar sinnum stærri fjárupphæð í sama skyni. Ef það er örðugleikum bundið, sem ekki eru neinar sérstakar ástæður til þess að ætla, að fá 1½ millj. í þessu skyni, þá held ég, að það hljóti að liggja í augum uppi, að ekki minni örðugleikar séu á því að útvega 5 millj. kr. í sama skyni. Vilji þessi hv. þm. kalla það yfirdrepskap, sem fer fram á 1½ millj. kr., þá verð ég að segja, að það sé að hafa nauðsynjamál útgerðarmanna að fiflskaparmálum, að bera fram till. um meira en þrisvar sinnum stærri upphæð í sama skyni. Hv. þm. tók það fram, að það væri mjög mikill munur á þessu frv. og þeirra, því að þar væri rækilega gerð grein fyrir því, hvernig fjárins skyldi aflað. Það var svo sem enginn vandi. Það átti ekki að taka þetta fé úr ríkissjóði. Það átti bara að taka ¾ úr milljón á ári af útflutningsgjaldi á sjávarafurðum, og gefa út skuldabréf, allt að 4 millj. kr., sem skyldi innleyst með þeim tekjustofni, sem þar er bent á. En þessi tekjustofn er nú þegar og hefir mörg undanfarin ár verið bundinn í þörfum ríkissjóðs.

Hv. þm. sagði — sem ég skal játa, að er að nokkru leyti satt —, að það væri býsna mikill munur á þeirri liðsemd, sem landbúnaðinum

væri veitt með kreppulögunum, þar sem gert væri ráð fyrir 11½ millj. kr. lánveitingu til hjálpar landbúnaðinum, og þeim stuðningi, sem hér er gert ráð fyrir að veita sjávarútveginum, þar sem hann væri ekki nema 1½ millj. kr. Ég skal játa það með hv. þm., að það er mikill munur á þessu, þótt hann sé að vísu ekki svipað því eins mikill og hann vildi vera láta, því að það er gert ráð fyrir, að mjög mikill hluti af kreppulánasjóðsbréfum greiðist af lántakendunum sjálfum, þótt ég skuli játa, að það kunni að bregða til betri vona. En hv. þm. verður að gæta þess, að tímarnir eru aðrir nú en þeir voru þá. Í öðru lagi mun það vera talið af öllum, sem nokkra þekkingu hafa á fasteignamálum hjá okkur, að ekki sé fært að halda öllu lengra út á þá braut, sem farið var inn á með kreppulánasjóðsbréfaútgáfunni. Ég skal bæta því við, að ég verð að telja, eins og ég benti á strax og frv. um kreppulánasjóð bænda var afgr., að það sé miklum vafa undirorpið, hvort sú ráðstöfun hefir verið skynsamleg. Mér er næst að halda, að það muni sýna sig áður en mjög langt um líður, að menn líti svo á, að það sé ekki hyggilegt fyrir þá að halda áfram á þessari braut. Það er sorgleg staðreynd, að þrátt fyrir þessa miklu kreppuhjálp til bænda, þá er ástand landbúnaðarins svo bágborið, að nauðsyn hefir knúið til þess að bæta við styrk á styrk ofan til bænda frá því að sú löggjöf var samin. Mér er nær að halda, að það geti ef til vill komið bændum að meira liði, að varið sé minna fé á annan hátt í þarfir landbúnaðarins heldur en gert er með því að kaupa svona dýr kreppulánabréf. Þó mun sumum mönnum að vísu hafa verið gefnar stórgjafir — óeðlilega stórar gjafir. Ég tel það meginkost þessa frv. sjálfst.manna, að í því er ekki gert ráð fyrir, að haldið verði áfram að gefa út skuldabréf á sama hátt og kreppulánasjóður gerir. Með minni upphæð, sem greidd væri í peningum, mætti kaupa allmiklar ívilnanir handa útgerðarmönnum. Mér heyrðist á hv. flm. frv., að þeir væru mér alveg sammála um þetta atriði. Nú hafa þeir horfið frá þessu og haldið inn á þá braut, að nota heldur skuldabréfaútgáfuna til þess að koma lánveitingunum áfram, sem þeir hljóta að gera ráð fyrir, að verði hliðstæðar kreppulánum landbúnaðarins, þannig að þessi skuldabréf séu ekki tekin með fullu verði, nema í þeim tilfellum, sem lögin beinlínis fyrirskipa.

Hv. þm. spurði, hvort frv. hefði verið skotið til bankanna. Mér er skylt að svara þessari fyrirspurn, og það get ég gert í mjög stuttu máli. Ég sendi — strax að loknu síðasta þingi — frv. sjálfstæðismanna um skuldaskilasjóð til beggja bankanna til umsagnar. En hvorugur bankinn svaraði. Það var einnig leitað álits bankanna um frv. um skuldaskilasjóð smábátaeigenda, en þeir svöruðu ekki heldur í það skiptið. Mér þykir rétt að geta þess, að aðalbankastjórar beggja bankanna voru fjarverandi um þetta leyti, en eftir að landsbankastjórinn kom heim hefir ekkert svar borizt.

Þá talaði hv. þm. um það, að sú fjárupphæð, sem gert er ráð fyrir í frv. því, sem hér liggur fyrir, væri algerlega ófullnægjandi. Ég skal nú ekki um þetta fullyrða. Það er ekki þægilegt. Fyrst og fremst sökum þess, að það skortir mikið á, að skýrsla sú, sem hv. mþn. í sjávarútvegsmálum samdi um ástand sjávarútvegsins, sé fullkomlega tæmandi. Auk þess er það vitað, að mikil breyt. hefir orðið til hins verra síðan.

Ég hygg þó, að á þeim grundvelli, sem gert er ráð fyrir í þessu frv., sem hér liggur fyrir, sé hægt að draga úr skuldabyrði vélbátaútvegsins frá því, sem nú er, ef þetta frv. verður samþ. Það er ekki ætlazt til, að þessi hjálp nái til annara útvegsmanna en þeirra, sem reka útgerð með vélbátum og skulda meira en sem svarar 75% af virðingarverði eigna þeirra. Um ástæðuna fyrir því, að ekki eru teknar með lánveitingar til botnvörpuskipaeigenda, skal ég ekki fjölyrða að þessu sinni. Ég hefi oft skýrt frá því og mun því ekki endurtaka það nú.

Skal ég nú gera grein fyrir því, hvers vegna miðað er við þá eina, sem skulda hærri upphæð en sem nemur 75% á móti eignum. Það er vegna þess, að yfirleitt verður að telja, að þeir útgerðarmenn, sem ekki eru lakar staddir en það, að þeir eiga ¼ umfram skuldir sínar, eftir því sem mat á eignunum segir til, séu ekki svo illa á sig komnir, að þeir þurfi hjálp. Ef svo langt ætti að seilast, þá er mikið vafamál, hvort nokkur er svo vel stæður, eða hvort réttlátt sé að leggja gjöld á allan almenning í landinu til þess að veita þessum mönnum hjálp, þegar ekkert liggur fyrir um, að þeim sé brýn þörf hjálpar. Ég vil fullyrða, að engin ástæða sé til þess að ætla, að lánsstofnanir gangi hart að mönnum og svipti þá eignum sínum, ef þeir skulda ekki meira en sem svarar 75% af virðingarverði eigna þeirra. Það eru engin dæmi fyrir hendi um, að lánsstofnanir hafi gert þetta.

Hv. þm. talaði um, að þó miðað yrði við 75%, þá yrði þessi upphæð samt ófullnægjandi. Ég þori sem sagt ekki að fullyrða, hverjar breyt. eru á orðnar síðan skýrsla n. var samin, né heldur hversu mikið kunni að breytast mat á eignum í sambandi við lántökur, frá því sem gert er ráð fyrir í skýrslu n., en ég hygg þó, að ástæða sé til þess að ætla, að með 15% lánveitingu úr skuldaskilasjóði til jafnaðar láti nærri, að hún hrökkvi til. Eigi að koma efnahag manna á sæmilegan grundvöll, þá verður að teljast, að ekki sé fært að ganga lengra í lánveitingum almennt en svo, að áhvílandi skuldir séu um 90%, skuldir, sem fyrir eru og innieign skuldaskilasjóðs. Þess ber að geta um þær skuldir, að samkv. frv. er gert ráð fyrir því, að þær verði vaxtalausar fyrsta árið og afborgunarlausar þrjú fyrstu árin, þann tíma, sem ætla má, að breytingar geti orðið, annaðhvort til hins betra eða til hins verra, hjá sjávarútveginum. Verði breyt. til hins betra, má vafalaust telja von um, að skuldirnar greiðist. En breytist ástandið aftur á móti til hins verra, þá benda allar líkur til þess, að mikið af þessu fé tapist. En þá eru þeir, sem lán hafa fengið, því betur settir sem þeir hafa komizt að betri samningum um skuldir, sem á hvíldu á undan og þeir

hafa fengið eftirgefnar, sem svarar 90% af virði eignanna. Hv. þm. sagði, að ætlunin með frv. sjálfstæðismanna væri sú, að koma þessum málum á þann grundvöll, að útgerðarmenn, sem hjálp fengju úr skuldaskilasjóði, skulduðu ekki meira en sem næmi 65% á móti eignum þeirra. Það, sem á milli ber, er því ekki annað en það, hvort lána eigi út úr sjóðnum gegn 65 eða 75% skuldum á móti eignum. Það ættum við að geta verið sammála um, að það er svo í flestum tilfellum, að ef skuldunautar skulda yfir 75%, ef til vill upp í 150—200%, þá verði að gera ráð fyrir, að með séu teknar eignir þeirra sem svarar upp undir 100%. Óveðhæfar eignir eru vitanlega undantekning. Þetta bendi ég á í sambandi við það, sem hv. þm. sagði um þau skilyrði, sett væru fyrir lánum, sem veitt væru á undan lánum skuldaskilasjóðs. Hv. þm. vildi halda því fram, að þetta ákvæði í lögunum gerði það að verkum, að jafnvel í mjög mörgum tilfellum væri ekki lánsvon, a. m. k. ekki fyrir þá, sem verst eru settir. Þetta er byggt á hreinum misskilningi. Mér er kunnugt um, að því er svo farið, að víða hafa menn veðbundnar fasteignir langt fram yfir það, sem þær eru virtar á. Hvað þýðir það? Það þýðir ekkert annað en það, að samtímis því sem samið er við lánardrottnana um að borga af veðskuldunum niður í 75%, þ. e. að borga út milli 15—20%, þannig að veðskuldirnar nemi ekki meiru en 75% móti eignum, þá verði það gert að skilyrði til að veita þeim lán út á það, sem eftir stendur af skuldunum. Nú er það svo, eins og hv. þm. er sjálfsagt kunnugt um, að langmestur hluti þessara skulda fellur í gjalddaga eftir 3—6 mánuði. Að sjálfsögðu yrði skuldaskilasjóður, sem lánar á eftir upp á 75%, að gera það að skilyrði, að ekki sé hægt að ganga að honum strax á sama ári fyrir skuldir, sem á undan eru. Ég sé því ekki betur en að þetta sé eðlilegt og sjálfsagt. Að því er snertir þá, sem verst eru settir — og skildist mér hv. þm. eiga við þá, sem skulda 120—150% af virðingarverði eigna sinna —, þá taldi hv. þm., að þetta frv. væri þeim gagnslaust. Ég skil þetta ekki. Ég hugsa mér, að þetta sé þannig, að ef maður t. d. skuldar 150% á móti eignum, sem mat nær til, þá hljóti skuldareigendur að játa, að eins og sakir standa, mundi a. m. k. það tapast af skuldunum, sem fram yfir matsvirði þeirra er, ef gengið yrði að mönnum. Því er undir flestum kringumstæðum engin ástæða til þess að bjóða lánardrottnum neinar þær skuldir, sem eru umfram 100% á móti eignum. Ég hygg, að í flestum tilfellum mundi lánardrottinn gefa upp undir 10% afslátt til þess að tryggja það, að hægt sé að fá útborgað 15% í reiðu fé. Þetta er sá megingrundvöllur, sem gert er ráð fyrir í frv.

Ég get hugsað mér, að stjórn sjóðsins sjái ástæðu til þess að vera ríflegri í lánum, og færi kannske upp í 20—25% lán, ef um væri að ræða að kaupa af honum eftirgjafir, sem sýnt þætti, að fengjust, ef atvinnurekstur mannanna gæti borið sig. Eins og hv. þm. hefir tekið eftir, er þetta þó miðað við 75% eignamat og 15% viðbót, en það er hægt að bæta við 10%. Hinsvegar verður það þannig í ýmsum tilfellum, að sjóðurinn þarf ekki að lána 15%. Maður, sem skuldar t. d. 85% og þarf hjálpar sjóðsins, þarf ekki nema 10%. Ég hygg, að í flestum tilfellum fari það svo, að þessi upphæð, sem hér er gert ráð fyrir, nægi til þess að kaupa samþykktir á þeim lausaskuldum, sem vafalaust í flestum tilfellum eru eingöngu til þess að lækka hinar svokölluðu veðskuldir.

Ég held ekki, að fleiri atriði hafi verið í ræðu hv. þm., sem ég sé þörf til þess að drepa á. Þó vil ég að lokum segja það, að ég veit, að mér er óhætt að fullyrða, að þetta frv. þeirra sjálfstæðismanna muni ekki ná fram að ganga á þessu þingi. Ég hygg einnig, að eins og frá því frv. er gengið, þá séu — því miður — öll líkindi til þess, að það yrði að mestu leyti pappírsgagn eitt. Því held ég, að þeir, sem í alvöru vilja reyna eftir mætti að leggja þeirri grein sjávarútvegsins, sem hér um ræðir, lið, ættu að stuðla að því, að þetta frv., sem hér liggur fyrir, fengi sem skjótasta afgreiðslu, og nú þegar á þessu þingi, þar sem það er víst, að með því má veita talsvert mikilsverða bót þeim hluta sjávarútvegsins, sem lakast er settur.

Sigurður Kristjánsson [óyfirl.]: Ég skal ekki lengja mál mitt mikið með því að ræða um þann mannjöfnuð, sem hæstv. ráðh. minntist á. Þess tel ég ekki þörf.

Hæstv. ráðh. taldi það vera ósamræmi hjá mér, að ég hefði álitið lítil líkindi til þess, að hægt væri að útvega þessa 1½ millj. króna til skuldaskilasjóðsins, en sjálfur bæri ég fram frv., sem færi fram á 5 millj. kr. upphæð í sama skyni. Ég veit, að hæstv. ráðh. skilur, að þegar ég talaði um þessa 1½ millj. kr., þá átti ég ekki við, að það fé mundi ekki takast að fá á þann hátt, sem við flm. hins frv. gerum ráð fyrir, sem sé með því, að ríkissjóður sleppi því, sem svarar þeim hluta af útflutningsgjaldi sjávarafurða. Ég sagði fullkomlega skýrt, að ég gerði ráð fyrir því, að örðugt mundi verða fyrir ríkið að ábyrgjast lán, og ég veit, að því verður ekki mótmælt. Hæstv. ráðh. gat ekkert um það, hvort loforð hæstv. ríkisstj. og fjmrh. um það, að ríkisstj. gengi ekki í ábyrgð, næði einnig til innlendra lána. Ég sagði líka, að þar sem hv. flm. þessa frv., sem hér liggur fyrir, vildu ekki bera þetta mál undir bankana, þá virtist svo sem þeir teldu bönkunum ekki koma þetta mál neitt við. Af því dró ég þá ályktun, að varla ætti að leita til álits bankanna á þessu láni.

Ég hefi aldrei talið vafa á því, að það mundi reka að því fyrr eða síðar, að það yrði hætt að taka þessi útflutningsgjöld og mér er sama, hvað oft hv. þm. tyggja það upp, að hér sé verið að fara fram á, að greiddar verði ¾ millj. kr. úr ríkissjóði. Það er bara orðhengilsháttur. Það er sérstakt, að atvinnuvegur, sem getur ekki borið sig, skuli ekki fá að hafa afnot af þessum gjöldum. Það hlýtur að líða að því, að ríkissjóður missi þessi gjöld, ef áfram heldur sama árferði. Þetta fé er í rauninni eign útvegsins, eins og gefur að skilja, þótt ríkissjóður hafi klófest það hingað til.

Hæstv. ráðh. sagði, að það væri að hafa mál

útgerðarmanna að fiflskaparmálum að tala um, að þetta frv. væri einskis virði.

Ég held því hiklaust fram, að þetta frv. sé ekkert annað en frávísun á málefnum nauðleitarmanna útvegsins. Þá sagðist hæstv. ráðh. vera undrandi á því, að í frv. því, sem við sjálfstæðismenn berum fram um þetta mál og er svipað því frv., sem við bárum fram um sama efni í fyrra, væri gert ráð fyrir því, að gefin yrðu út bréf til greiðslu þeirra skulda, sem skuldaskilasjóður gæti samið um. Við höfðum ekki ætlazt til þess í fyrra, en þetta er kostur á frv., sökum þess hve mikið er komið á markaðinn af slíkum bréfum. Þetta frv. er ekki komið til umr., en ég get sagt það, að einmitt vegna þess, að skuldaskilin þurfa að fara hraðar fram en væntanlegar tekjur mundu renna í ríkissjóð af útflutningsgjöldum, þótti okkur nauðsynlegt að afla sjóðnum bráðabirgðalána, sem átti að borga upp með tekjum sjóðsins á mjög stuttum tíma. En eftir að þeir flokkar, sem nú hafa yfirhöndina í þinginu, hafa ekið fjárhag ríkissjóðs út í aðrar eins ógöngur og þær, að neyðast til þess að gefa upp það loforð erlendum lánardrottnum að taka ekki lán og ganga ekki í ábyrgð, þá getum við ekki farið þessa leið. Hin leiðin er því neyðarúrræði.

Ég vil mótmæla því, að það standi eins á um bréf, sem eiga að dragast út eftir 10—12 ár, og bréf, sem ekki eiga að dragast út fyrr en eftir 42 ár. Mér þykir mjög ólíklegt, að komið geti til mála nokkurt verðfall á slíkum bréfum.

Hæstv. ráðh. svaraði fyrirspurn minni um það, hvort þetta hefði verið borið undir bankana. Kvaðst hann hafa sent bönkunum málið til umsagnar, en ekkert svar fengið. Þetta virðist hæstv. ráðh. sætta sig vel við. Er það vani bankanna að láta eins og einhverjir götudrengir séu að hrópa á eftir þeim, þegar ríkisstj. sendir þeim mál til umsagnar? Getur hæstv. ráðh. verið ánægður með slíkt? Slíkt svar leiðir til nýrra spurninga. Ég efast ekki um, að bankarnir telji sér þetta mál viðkomandi.

Það, sem ber á milli hjá hæstv. ráðh. og mér, er, að honum er eðlilega um að gera að halda í þá hugmynd, að fjárhagur útgerðarinnar sé viðunanlegur, en það fer vitanlega mjög fjarri því, að svo sé. Það þarf ekki mikla athugun til þess að koma auga á það.

Það þarf ekki langt út í frv. til að sjá þann mismun, sem er á afstöðu hans og okkar til málsins. Hæstv. ráðh. ætlast til, að viðreisn fáist með 1½ millj. kr., auk þeirra eftirgjafa, sem kynnu að fást hjá lánardrottnum. En ég og mínir samherjar tökum ekki í mál, að það dugi minna en 5½ millj. kr., svo að þar ber sannarlega mikið á milli. Og ég álít, að það liggi ljóst fyrir, að ef útgerðinni getur komið það að haldi að fá til láns 1½ millj. kr. með 4½% vöxtum, þá verð ég að segja, að hagur útgerðarinnar er ekki sérlega bágborinn. Þess vegna staðhæfi ég það, að annaðhvort þarf hún ekki hjálpar við eða að þetta, sem hér liggur fyrir, er algerlega ófullnægjandi. Ég tók það fram, að ég sæi ekki, hvernig ætti að semja um breytingar eða greiðslukjör á þeim skuldum útgerðarmanna, sem væntanlegur skuldaskilasjóður greiðir ekkert upp í. Ég get ekki séð, að þeir lánardrottnar, sem ekki fá nein fríðindi, þurfi að taka nokkurt tillit til þeirra skuldunauta. Ef samningar um greiðslukjör á veðskuldum útgerðarmanna eru ófullnægjandi, þá geri ég ekki ráð fyrir, að hægt sé að fá greiðslukjörunum breytt, og það er ekki hægt að gera ráð fyrir því, nema lánardrottnar þeirra fái eitthvað í staðinn. Og ef það á að fást mikill afsláttur á þeim skuldum, sem eru illa tryggðar, þá verða eftirstöðvarnar að borgast upp, býst ég við. Einnig geri ég ráð fyrir, að það muni ekki fást samningar um aðrar skuldir en þær, sem tryggðar eru með veði. Mér finnst, að ákvæði frv. um það, hvenær skuldunautar þurfi á hjálp að halda, séu talsvert óljós, og eru þar vissulega smíðagallar á því. Ég get ekki betur séð en að gengið sé út frá, að því verr sem skuldunautur er staddur fjárhagslega, því minni þörf muni hann hafa fyrir hjálp. Það er gert ráð fyrir, að veittur verði stuðningur til þess að greiða um 15% af skuld mannsins. Við skulum hugsa okkur, að skuldir vélbátaútvegsins séu um 10 millj. kr. og eignirnar eins; þá ætti hann að þurfa 1½ millj. kr. að láni, eða 15% á móti eignum. Ef eignirnar eru aftur á móti ekki nema 6 millj. kr., en skuldirnar 10 millj. kr., þá ætti hann ekki að þurfa meira en 900 þús. kr. lán, eftir sama hlutfalli. M. ö. o., eftir því sem útgerðin er verr stödd fjárhagslega, því minna lánsfé á hún að þurfa til að greiða úr vandræðunum og komast að þolanlegum skuldaskilum. — Það var í raun og veru ekki fleira, sem kom fram í ræðu hæstv. ráðh. til andsvara því, sem ég sagði í fyrri ræðu minni. En hann vék ekkert að ýmsu af því, sem ég taldi athugavert við frv. — Ég get ekki stillt mig um að benda á það, er hæstv. ráðh. komst svo að orði í ræðu sinni, að ekki væri ástæða til að bæta lánardrottnum fjártap vegna þeirra skuldunauta, sem skulduðu yfir 100% á móti eignum. Það er alls ekki rétt að varpa þessu fram. Eins og kunnugt er, þá getur oft borið mikið á milli um mat á eignum skuldunauts, því slíkt er jafnan álitamál og verðgildi eigna háð ýmiskonar skilyrðum, sem breytast sitt á hvað. Og hitt er líka áreiðanlegt, að lánardrottinn, sem ekki býst við að fá neitt greitt af kröfum sínum á hendur skuldunaut, þykist ekki þurfa að greiða atkv. hvorki með né móti á skuldaskilafundi, sem fjallar um mál hans. A. m. k. má gera ráð fyrir, að hann samþykki ekki matið á eignunum eða skuldaskilasamninga.

Hæstv. ráðh. sagðist geta fullyrt, að frv. það, er við sjálfstm. úr sjútvn. flytjum bæði í fyrra og nú á þessu þingi, mundi ekki ná fram að ganga. Ég efast ekki um, að það sé rétt hjá honum. En það er samt sem áður engin kurteisi í því að sparka látlaust framan í þá útgerðarmenn, sem þetta frv. er flutt fyrir, til að greiða fram úr þeirra brýnustu nauðsynjamálum.

Um leið og ég sá þetta frv. stj. fékk ég fullkomna staðfestingu á því, að í því fólst ekkert annað en synjun frá stj. hálfu við kröfum og þörfum sjávarútvegsmanna í skuldaskilamálunum, þó að hún eigi að berast fram í mildu

formi. Frv. er álfur í sauðargæru, sem hylur eyrun undir skinhelgisblæju hinna auðvirðilegustu tylliboða. Og eins og hæstv. ráðh. fullyrðir, að frv. okkar nái ekki fram að ganga, þannig get ég einnig fullyrt, að það mun enginn útvegsmaður villast á þeim eyrum, sem undan gærunni standa.

Fjmrh. (Eysteinn Jónsson) [óyfirl.]: Ég ætla ekki að blanda mér mikið inn í þessar umr. En af því að hv. 6. þm. Reykv. kom að þeirri yfirlýsingu, sem ég hefði gefið í sambandi við lántökuna í Englandi, þá þótti mér rétt að taka til máls. Hv. þm. vildi fá að vita, hvaða loforð ég hefði gefið hinum ensku lánveitendum, hvort það ætti að ná til lántöku fyrir ríkissjóð innanlands, þannig að eigi megi veita ríkisábyrgð fyrir innlendum lánum. Þessi hv. þm. veit það ofurvel, að það er ekki um neitt slíkt loforð að ræða frá stj. hálfu í sambandi við lántökuna í Englandi. Hann veit það vel, hv. þm., að þær yfirlýsingar, sem gefnar voru í sambandi við lántökuna, voru einungis þær, að stj. kvaðst stefna að því að forðast lántökur erlendis og forðast að veita ríkisábyrgð fyrir lánum, sem ætti að taka erlendis, af því að hún telur ekki fært úr þessu að auka skuldir ríkisins erlendis. Hv. þm. veit það fullvel, að þessar ákvarðanir stj. snerta ekkert lántökur innanlands eða ábyrgð ríkissjóðs á lánum, sem þar eru tekin.

Þá fylgdu þessu oflátungslegar glósur frá hv. þm. um, að ef Sjálfstfl. hefði farið með fjármálastjórn landsins undanfarið, þá hefði ekki þurft að gefa þessa yfirlýsingu í sambandi við lántökuna í Englandi. En þessi flokkur, sem hv. þm. telst til, hefir einmitt staðið að stjórn landsins undanfarin 2 ár rúmlega. Og mér er ekki kunnugt um, að fjárhagsafkoma ríkisins eða þjóðarinnar í heild hafi verið sérstaklega glæsileg á þessum árum, 1932—1934. Skuldirnar við útlönd hafa hækkað verulega, af því að vöruinnflutningur til landsins hefir verið til muna meiri en útflutningurinn. Og auk þess hefir ríkissjóður stofnað til skulda á þessum árum utanlands, sem borgaðar voru með því ríkisláni, er tekið var í London í febrúarmán. síðastl. — Mér er ekki heldur kunnugt um, að þessi flokkur hv. þm., Sjálfstfl., hafi tekið þá afstöðu hér á Alþingi gagnvart þessari lántöku ríkissjóðs eða öðrum, sem geti réttlætt glósur og grobb hv. þm. Enda mun því ekki vera til að dreifa. — Annars sagði hv. þm., að þeir sjálfstm. hefðu breytt þessu skuldaskilafrv. sínu frá því í fyrra; með tilliti til þess, sem fram hefði komið síðan, þá hefðu þeir gert ráð fyrir lántöku erlendis, en nú væri í frv. þeirra gengið út frá lántöku innanlands. Það virðist svo sem þessir hv. þm. hafi ekki verið búnir að læra mikið af reynslunni um rekstur fjármála fram að þeim tíma, er þeir fluttu þetta frv. á síðasta þingi, ef það hefir verið ætlun þeirra þá að fá 3 millj. króna lán erlendis til þessa að greiða frosnar viðskiptaskuldir hér innanlands. Það vissu allir, að þegar í stað þurfti að fá samningsbundið lán erlendis til að konvertera öðrum lánum og lausaskuldum ríkisins frá síðustu árum. Það vissu allir, nema ef til vill þessir hv. flm. frv., að ekki gat komið til mála, að þar að auki yrði tekið annað lán erlendis til þess að framkvæma skuldaskil hér innanlands á margra ára frosnum skuldum sjávarútvegsins. Slík lántaka var alveg óhugsandi. En nú virðist þessir hv. þm. hafa lært það af stj. síðan í fyrra, að þetta er ekki hægt, og ekki æskileg leið til úrlausnar í þessu efni, þó fáanleg væri. — Þetta liggur alveg ljóst fyrir og var þá kunnugt, eins og greinilega kom fram í sambandi við annað mál, að stj. áleit ekki tiltækilegt að auka skuldir ríkisins við útlönd. Og þess vegna höfðum við enga trú á því á síðasta þingi, að þetta mál yrði leyst á þann hátt. Einnig er mér vel kunnugt um það, að a. m. k. sumum mönnum í Sjálfstfl. var það fyllilega ljóst þá, að það væri ekki hægt að taka lán erlendis í þessum tilgangi. Ég man vel eftir því, þegar ég fór þess á leit við hv. fjhn. Ed., að hún flytti frv. um lántökuheimild til konverteringar á eldri lánum, að þá var n. að kynna sér, hvort nokkur tök væru á því og hvort það væri skynsamlegt að flytja nýtt lánsfé frá útlöndum inn í landið, en hún mun hafa sannfærzt um, að það væri ekki hægt. Hinsvegar komst n. að þeirri niðurstöðu, að það væri tiltækilegt og æskilegt að taka lán til greiðslu á eldri skuldum ríkisins, til þess að fá betri vaxtakjör og greiðsluskilmála. Enda hefir það tekizt svo, að vel má við una.

Hv. flm. þess frv., sem minni hl. sjútvn. Nd. bar fram á síðasta þingi og einnig nú, hefir frá upphafi verið það ljóst, að þetta frv. er ekkert annað en yfirskinsfrv. til að blekkja þá, sem ætlazt er til, að njóti góðs af því. Flm. er það sjálfum ljóst, að frv. er óframkvæmanlegt með öllu, bæði sökum þess, hvað gert er ráð fyrir, að útvega þurfi mikið fé að láni til að framkvæma skuldaskil útvegsmanna, án þess að slíkir lánsmöguleikar séu fyrir hendi, og ekki síður sökum hins, að í frv. var ekki gert ráð fyrir tekjuöflun til þess að standast þau útgjöld, sem slík skuldaskil hafa í för með sér. Tilgangurinn með flutningi þessa frv. virðist vera sá, að flm. þess vilja gera sem hæst yfirboð til kjósenda, en hitt er eftir að koma í ljós, hvernig það verkar. Það má að vísu benda á, að þetta er ekki smáskorin beita, sem hampað er framan í kjósendur við sjávarsíðuna, en óvíst er, að hún þyki svo girnileg, að gleypt verði við henni.

Jóhann Jósefsson [óyfirl.]: Í lok ræðu sinnar vísaði hæstv. fjmrh. til þess, hvernig þetta mál hefði borið að frá upphafi. Þetta mál bar þannig að, þar sem á undan var gengin nokkur viðrétting á hag bændanna með kreppulánalöggjöfinni, að sjútvn. þessarar d. lét sér til hugar koma þá firru, að það myndi eitthvað vera til í hugum hv. þm., sem nefna mætti sanngirni, a. m. k. sú sómatilfinning, að löggjafarvaldinu bæri að hjálpa útvegsmönnum eins og bændum. Á þeim grundvelli var þetta mál borið fram upphaflega. Ennfremur, að sá atvinnuvegur, sem staðið hefir undir hinum fjárhagslega stuðningi til bænda og veitt þjóðarbúinu langsamlega mestar tekjur, mundi eiga þeim skiln-

ingi að mæta hjá landsmönnum yfirleitt, hvaða stj. sem væri við völd, að honum yrði sómi sýndur.

Þegar ég tók sæti í mþn. í sjávarútvegsmálum fyrir rúmu ári síðan, þá kom mér ekki til hugar, að eftir eitt ár myndi sú stj. verða við völd hér á landi, sem hreint og beint gerir hróp að flm. frv. um réttingu á hag bátaútvegsmanna. Og meira að segja lætur hæstv. fjmrh. sér sæma að kalla frv. okkar mþnm. í sjávarútvegsmálum fiflskaparmál og að með flutningi þeirra höfum við í frammi fíflalæti. Og hæstv. atvmrh. lét sér sæma að taka þetta upp eftir kollega sínum. — Þetta út af fyrir sig, hvaða orðbragð hæstv. ráðherrar nota og hversu óvönduð orð stj. lætur sér sæma að velja þeim mönnum, sem standa að málum útvegsins, það sýnir, að þeir hvorki vilja né geta skilið það, að þessi atvinnuvegur á kröfu til allt annarar meðferðar frá hálfu þings og stjórnar en honum er í té látin af þingmeirihlutanum. Að vísu er það frv., sem við sjálfstm. í sjútvn. flytjum, ekki til umr. í dag, heldur frv., sem hæstv. ríkisstj. ber ábyrgð á. Ég geri ráð fyrir, að það hafi ekki verið þetta frv., sem hæstv. fjmrh. taldi, að flutt væri af yfirdrepskap, heldur hafi hann þar átt við tillögur okkar sjálfstm. — Það er raunar ákaflega leiðinlegt, að hæstv. ráðh. skuli leyfa sér slíkt orðbragð um till. andstæðinga sinna, að maður, sem er í slíku virðingarsæti á þingi þjóðarinnar, skuli láta sér sæma að tala þannig um tillögur, sem þó eru bornar fram af fullt eins miklu viti og þetta frv., sem hér liggur fyrir.

Árum saman hefir þurft hér á Alþingi að gera ýmsar nauðsynlegar ráðstafanir til stuðnings landbúnaðinum, sem kostað hafa mikil fjárframlög. Árum saman hafa fulltrúar sjávarútv., ekki aðeins möglunarlaust, heldur af fúsum vilja greitt atkv. um þau framlög. Ég þori að fullyrða, að það hafi aldrei úr okkar hópi fallið jafnóvingjarnleg orð í garð landbúnaðarins, og engin einasta ræða verið flutt jafnósæmileg og ræða sú, sem hæstv. fjmrh. flutti áðan gegn kröfum sjávarútvegsmanna. Hún var brennimark andúðar og skilningsskorts og átakanlegur vottur um vanþroska og þekkingarleysi þess manns, sem enga menntun hefir fengið og skortir margfalt meiri lífsreynslu en jafnvel hin fáu ár, er hann á að baki sér, gefa bendingu um. Það er hart fyrir þann meiri hl., sem þarf að bera hita og þunga dagsins, og fyrir þjóðina í heild, að hafa slík stjórnarvöld yfir sér, sem ekki aðeins daufheyrast og skella skollaeyrum skilningsleysis við kröfum útvegsmanna, heldur hella úr sér brigzlyrðum yfir þá menn, sem bera þær fram. — Ja, hversu lengi? Ég býst við, að sú spurning fari að verða allhávær hjá þjóðinni Hversu lengi á þetta að þolast? — Hæstv. fjmrh. sagði, að ég og annar flokksbróðir minn hér í d. hefðum lært mikið af stj. í þessu máli. Ó-já, það er nú svo! Við höfum sjálfsagt lært mikið af stj., og ekki einasta við og stéttar- og skoðanabræður okkar, heldur öll þjóðin í heild sinni, að sjálfsögðu! Það hafa yfirleitt allir lært mikið af stjórninni!

Hæstv. ráðh. talaði mikið um það, hversu feikilega óviturlegt það hefði verið af okkur að láta okkur detta í hug, að ríkið fengi lán erlendis til þess að rétta við hag bátaútvegsmanna. Hvaða hugsun er nú á bak við þessa umsögn hæstv. ráðh.. Er það ekki fullkomlega jafnréttmætt og heilbrigt að taka lán erlendis til þess að koma skuldamálum útvegsins á fastan grundvöll eins og að slá erlenda banka um rekstrarlán í bili fyrir eina vertíð handa bátunum? — Því var varpað hér fram á síðasta þingi og færð rök fyrir, að eins og nú væri komið fyrir sjávarútv., þá væri lítil eða engin von um óbilað starfsþrek hjá útvegsmönnum til rekstrar útveginum í framtíðinni, nema dregið yrði til muna úr skuldafarginu, sem á honum hvílir. Ef það á að teljast svo framúrskarandi mikið óvit og óbilgirni af okkur að leggja það til, að tekið yrði lán erlendis til þess að létta af þessu fargi, þá mætti að sjálfsögðu heimfæra þá umsögn upp á aðra menn og málefni, sem studd hafa verið með erlendu lánsfé. — En svo er annars að gæta í þessu sambandi: Samkv. frv. stj. er ætlazt til, að sú óverulega upphæð, sem stj. ætlar að láta vélbátaútveginum í té, verði tekin að láni. Það er að vísu ekki sagt, að lánið skuli tekið erlendis, og ég minnist þess ekki heldur, að við höfum slegið neinu föstu um það í frv. okkar á síðasta þingi, hvar lánið yrði tekið. Ef stj. ætlast nú til þess, að lánið verði tekið innanlands, þá hefði vafalaust eins mátt ákveða það á síðasta þingi samkv. till. okkar og frv. Munurinn á þessum tveimur frumv. er aðeins sá, að samkv. okkar frv. var gert ráð fyrir hærra láni og meiri stuðningi við útveginn, enda var það á viti byggt, fremur en þetta vanhugsaða og máttlausa frv. stj., sem hér er til meðferðar. — Þeim gefur á að líta, sjávarútv.mönnum í landinu, — mönnunum, sem standa að framleiðslu á 90% af útflutningsvörumagni þjóðarinnar og koma með 90 aura af hverri krónu í landskassann; þeim gefur á að líta þetta örverpi stj., þessa 1½ millj. kr., sem á að útvega þeim að láni til hjálpar í kreppunni. Og þegar þeir bera þetta saman við þær 11 millj. kr., sem bændunum voru afhentar til hjálpar í sama skyni, gegn landbúnaðarkreppunni, þá er von, að hugir útvegsmanna fyllist lotningu og þakklæti í garð stj. og þingmeirihl.! Ég hygg, að bróðurparturinn af þeim 11 millj. kr., sem landbúnaðinum voru ætlaðar, hafi þegar verið notaður.

Hæstv. fjmrh. sagði, eins og ég tók fram áðan, að við hefðum lært af stj. Ég hefi nú bent á, að það má á margan hátt af henni læra. En ég ímynda mér, að það sé fulleðlilegt í augum hvers einasta manns, að við, sem stöndum að því frv., sem ekki er hér til umr. í þetta sinn, létum okkur frekar nú detta í hug þá leið að notast við handhafaskuldabréf til viðreisnar sjávarútveginum heldur en á síðasta Alþ. Við hefðum vist fengið greið og góð svör hjá hæstv. fjmrh. núna ekki síður en endranær, ef við hefðum komið fram með frv. um lántöku fyrir útgerðina. Þá hefðu svörin sennilega orðið þau, hvort við værum okkur ekki þess meðvitandi, að stj. væri búin að lofa erlendu valdi því að taka ekki meiri lán. Við urðum að horfast í

augu við þá staðreynd, að stj. hafði ekki aðstöðu til þess arna, og það var þess vegna, að við hurfum að þeirri leið, sem farin var með hjálpina til bænda. Það kann nú vel að vera, að stj. sjái einhverjar aðrar leiðir til þess að ná þessum peningum heldur en þær, sem opnar voru á síðasta þingi. En þó held ég, að ég hafi heyrt það rétt hjá hæstv. atvmrh., að þetta frv., sem gerir ráð fyrir sem hinum einasta tekjuöflunarmöguleika að taka 1½ millj. kr. lán á óákveðnum stað, hafi verið sent til umsagnar bankanna, en þeir hafi enn ekki svarað. Þetta er enn eitt tímanna tákn um það, hversu sjávarútvegurinn mætir litlum skilningi og velvilja, þegar sjálf ríkisstj. verður að lýsa því yfir á Alþ., að frv., sem hún hefir látið semja og sent hefir verið bönkunum, hafi þannig gersamlega verið hundsað. Samt er þetta frv. borið fram og okkur ætlað að taka það fyrir góða og gilda vöru. Hvernig getur nú hæstv. atvmrh. undrazt yfir því, þó þeir, sem hafa viljað taka þetta mál alvarlegum tökum, hafi viljað horfast í augu við þann veruleika, að einhverju væri í raun og veru að fórna til hjálpar þessum atvinnuvegi. Og hvernig getur það verið, að hæstv. ráðh. og fylgismenn hans þurfi að stökkva upp með brigzlyrðum, þegar þeirra egið frv. stendur ekki á fastari grundvelli heldur en hæstv. ráðh. hefir lýst yfir. Ég fer nú að skilja það, hvers vegna meiri hl. í sjútvn. fékkst ekki með nokkru móti til þess að fallast á þá till. mína að vísa málinu til umsagnar bankanna; hann hefir sennilega vitað, þó þess væri ekki getið á fundinum, að málið hafði engan byr hjá bönkunum. En ég álít, að þess hafi verið full þörf, þegar svona horfir við, að ríkisstj. gefur engar yfirlýsingar um það, hvar hún ætli að fá þessa 1½ millj. kr. Annars verður þetta frv. alls ekki tekið sem svo, að það sé fram borið í alvöru. Þegar fyrir liggur yfirlýsing stj. um gersamlega dauðaþögn í bönkunum yfir þessum till., þá er full ástæða til þess að krefja stj. svars um það, hvar hún ætli þá að taka þessa peninga. Það hafa nú verið færð rök að því af hv. 6. þm. Reykv., og þau rök eru byggð á skýrslum þeim, sem mþn. í sjávarútvegsmálum safnaði, að jafnvel þó þetta frv. yrði að l. og þessi lítilfjörlega upphæð yrði handbær, þá yrði þessi hjálp, sem hér er um að ræða, ekki svipur hjá sjón af því, sem þyrfti, og ekki í neinu samræmi við þær ráðstafanir, sem Alþ. hefir gert fyrir landbúnaðinn. Með samþ. Alþ. á því að taka til gerrar athugunar allan hag útgerðarinnar og gera till. um lausn á vandamálum hennar, bæði hvað skuldaskil og annað snertir, er því slegið föstu, að Alþ. hafi samþ. það, að hér þyrfti viðréttingaráðstafana við hvað snertir þennan atvinnuveg. Þegar þetta er athugað, þá er fyrir hendi siðferðislegur grundvöllur undir jafnréttiskröfu sjávarútvegsins hvað snertir hjálparráðstafanir á móts við landbúnaðinn. Og þær kröfur, sem við sjávarútvegsmenn gerðum hér á síðasta þingi um, að stofnaður væri sjóður, sem hefði að umráðafé um 5 millj. kr. í þessu skyni, er óhætt að skoða sem lágmarkskröfur í þessu efni. Ég held því verði ekki með nokkru móti haldið fram, að við höfum þar gengið lengra í kröfum okkar fyrir skulduga sjávarútvegsmenn heldur en sæmilegt var, og því síður lengra heldur en þingið var búið að gefa fordæmi fyrir hvað snertir landbúnaðinn. En þær veigalitlu till., sem ríkisstj. kemur með, eru engin endanleg lausn þessara mála. Þetta er ekkert nema fikt, að bera fram frv. um 1½ millj. kr. óvissa lántöku, sem ekki er nema sáralítill hluti af því, sem sannanlega var þörf á í þessu skyni. Það er ekki nema svona fjórði hluti af þeirri upphæð, sem þyrfti, ef nokkrum tökum ætti að taka þetta mál.

Ég heyrði, að hæstv. atvmrh. virtist vera ánægður yfir því, að hv. 6. þm. Reykv. mælti nokkuð skorinort um það, hversu þetta væri í raun og veru lítilfjörlegt, sem hin háa ríkisstj. bæri nú fram. Ég skil nú eiginlega ekki þessa ánægju hæstv. ráðh. yfir þessari hreinskilnislegu yfirlýsingu hv. 6. þm. Reykv., því hæstv. ráðh. má vita það, að sjávarútvegsmenn víðsvegar úti um land eru sannarlega ekki blindaðir svo í þessu máli, að þeir sjái ekki, hvað úrræðalaus hæstv. ríkisstj. er í þessu efni og hvað þessar till. eru í raun og veru í öfuga átt. En ég geri ráð fyrir, að stj. þvoi hendur sínar, eins og Pílatus forðum, þegar hún hefir knúð þetta frv. í gegn, og segi: Nú er búið að samþ. frv. um 1½ millj. kr. til viðreisnar sjávarútveginum. Þetta getur hann fengið, og svo getið þið þagað. — Það hefir a. m. k. ekki verið gefið í skyn, að hér væri aðeins um part af lausninni að ræða og að stj. ætlaði sér einhverjar viðtækari ráðstafanir í þessum efnum. Nei, það er sýnilegt, að stj. ætlast til, að við skoðum þetta sem fullnaðarlausn skuldaskila útvegsins frá hennar hálfu. En við, sem höfum barizt fyrir því, að þessi mál verði tekin alvarlegum tökum, getum alls ekki sætt okkur við þessa lausn. Við höfum ekki leyfi til þess að sætta okkur við þessa lausn gagnvart þeim aðilum, sem þarna eiga hlut að máli, og það eru hinir mörg hundruð sjávarútvegsmenn víðsvegar úti um landið, sem frá þeirri stundu, sem Alþ. gerði ráðstafanir til þess, að þeirra hagur yrði athugaður á svipaðan hátt og bændanna og með svipuðu markmiði, hafa vænzt þess, að frá þessari háu stofnun væru gerðar þær ráðstafanir, sem yrðu að gagni fyrir þá og þeirra málefni og leystu þá frá vandræðum sínum. Það er rétt að benda á það í þessu sambandi, að ekki einasta er það fé, sem stj. getur útvegað í þessu skyni, svo langt of lítið, að það er ekki nema svona fjórði hluti af því, sem allir vita, að raunverulega þarf, heldur er líka horfið frá þeim niðurstöðugrundvelli, sem talinn var forsvaranlegur fyrir eignum og skuldum útvegsmanna. Við höfum ekki álitið það heilbrigðan efnahag, ef menn skulda meira en 65% á móti eignum. En stj. kemst að þeirri niðurstöðu í sínum till., að þá sé fjárhagur þessara manna kominn á sæmilegan grundvöll, þegar þeir skulda 75% á móti eignum. Þetta er kannske eðlileg afleiðing af því, að stj. vill ekki ganga neitt inn á breyt., sem mega að gagni koma; Hún vill aðeins koma fram með till. fyrir einhvern lítinn hluta þessara manna, en því miður fer það svo úr hendi, að þessar till. eru líka fyrir þá einskis virði.

Ég skal svo ekki lengja umr. um þetta frekar. Mér fannst rétt, að hæstv. fjmrh. fengi spegilinn af því, hvað við hefðum af honum lært á þessu tímabili, sem hann minntist á. Og ég ímynda mér, að þeir útvegsmanna, sem hafa nú einhvers vænzt af Alþ. í þessum efnum, muni segja að leikslokum, að þeir hafi líka *lært af ríkisstj., ef þetta á að vera hin endanlega* hjálp til þeirra í þeirra þrengingum.

Umr. frestað.

Á 36. fundi í Nd., 23. marz, var fram haldið 2. umr. um frv.

Atvmrh. (Haraldur Guðmundsson) [óyfirl.]: Hv. málsvarar Sjálfstfl. hér í þessari hv. d. hafa gert sig býsna háværa út af frv. því, sem hér er um að ræða, um skuldaskilasjóð vélbátaeigenda. Þeir hafa notað í sambandi við það stór orð og miklar fullyrðingar, enda hefir þetta verið megininnihald ræðna þeirra hv. 6. þm. Reykv. og hv. þm. Vestm. Ég skal ekki fara í kapp við þá um að viðhafa stór orð í málinu. Þetta mál er miklu alvarlegra en svo, að gerandi sé leikur að því að slá fram um það stóryrðum *einum og fullyrðingum*. Þannig verður mál þetta aldrei leyst.

Sú eina eiginlega mótbára, sem sjálfstæðismenn hafa borið fram gegn frv., sem nokkur veigur er í, er þess efnis, að í fyrsta lagi sé það fé, sem gert er ráð fyrir, að lagt sé fram til þessara hluta, svo ófullnægjandi, að það sé sama sem að gera gys að þörfum útgerðarmanna að tiltaka svona lítilfjörlega upphæð, og í öðru lagi, að það sé ekki einu sinni víst, að þetta fé sé fyrir hendi.

Ég skal víkja fyrst að fyrri ástæðunni og svo koma nokkuð að hinni síðari. — Að mestu hefir undirbúningur þessa máls legið hjá mþn. í sjávarútvegsmálum, og kemur fram í þeim skýrslum, sem birtar eru í nál. frá þeirri n., sem úthýtt var á síðasta þingi. Því miður verður maður að segja um skýrslu þessa, að hún er ekki svipað því svo ábyggilegt plagg sem *æskilegt væri til þess að byggja á í þessu efni*, auk þess sem þau tímamót, sem hún er miðuð við, liggja nú á þriðja ár að baki, svo að allmiklar breyt. á efnahag útgerðarinnar, sennilega til hins lakara, hafa átt sér stað síðan. Þrátt fyrir þetta er ekki annað ábyggilegra hægt að fá til að miða við eða byggja á í þessu efni heldur en þessa skýrslu. Eftir því, sem í henni segir, eru skuldir allra vélbátaeigenda, sem skulda 75% á móti eignum, eftir því mati, sem af mþn. í sjávarútvegsmálum er lagt á eignirnar, samtals 9 millj. 157 þús. kr. Það kemur einnig í ljós, að af þessum skuldum í þessum tveimur flokkum eru 2 millj. kr. skuldir í 4. flokki, sem taldar eru umfram eignir, með því verði, sem n. hefir í áliti sínu talið hæfilegt á þeim. Um þessar 2 millj. kr., sem taldar eru umfram eignir í 4. flokki, er í stuttu máli það að segja, að ef mat n. á eignum þessum er nærri sanni, þá eru þær upphæðir með öllu tapaðar nú þegar fyrir lánardrottna. Þegar nú líta skal á það, hversu mikillar hjálpar sé þörf, þá má náttúrlega um það deila, hvar mörkin skuli sett.

Eftir því, sem upplýst var hér í ræðu, að ég ætla af hv. 6. þm. Reykv., þá hafa þeir nm. gert sér í hugarlund, að hæfilegt væri að setja þau mörk þannig, að þær skuldir, sem hvíldu á eignum þeirra, sem skuldaskilasjóðslán *fengju*, á undan skuldaskilasjóðsláninu, væru ekki nema 65—67% á móti eignum, eftir sannvirði þeirra. Hinsvegar er gert ráð fyrir því í frv. stj., að markið sé sett 10% hærra eða í 75%, þó að gert sé ráð fyrir, að sveigja megi frá því í einstökum tilfellum. Sjá því allir, að hér er ekki um verulegan mun að ræða, því enginn þarf að segja mér né neinum, sem þekkir til sjávarútvegs, að það geri neinn mun á afkomumöguleikum þess atvinnurekstrar, hvort þau 10%, sem þarna liggja á milli, séu með vaxtakjörum bankanna eða þeim kjörum, sem skuldaskilasjóður á að veita.

Setjum svo, að þetta muni 3% af 10%, þá verður það 0,3%. Þetta ræður ekki verulegu um afkomumöguleikana. Hitt skiptir meira máli, að tilætlun sjálfstæðismanna er sú, að allar tegundir útgerðar njóti þessarar hjálpar frá ríkinu, án tillits til þess, hvort það eru illa staddir *smáatvinnurekendur* eða stór og rík fyrirtæki, sem tekið hafa inn mikið fé. Hér greinir okkur mikið á. Geta ríkissjóðs hrekkur ekki til að bjarga öðrum en þeim, sem helzt þurfa aðstoðar við. Þessi grein sjávarútvegsins, vélbátaútgerðin, er sú grein hans, sem flestum veitir atvinnu, en er þó áreiðanlega verst stödd fjárhagslega. Skuldir vélbátaeigenda í 3. og 4. flokki nema samkv. skýrslu útvegsmálanefndar 9 millj. kr. Fé það, sem skuldaskilasjóður vélbátaeigenda getur lagt fram til þess að fá eftirgjafir á skuldunum, ætti að vera nægilegt til þess að kippa fjárhagsástandi þessa atvinnuvegar í betra horf.

Hv. 6. þm. Reykv. sagði, að ef hagur útgerðarinnar hefði versnað síðan útvegsmálanefnd samdi skýrslu sína, þá væri áætlað framlag skuldaskilasjóðs alveg ófullnægjandi. En þetta er misskilningur. Segjum svo, að skuldir hefðu hækkað *eitthvað*, t. d. upp í 10 millj., og eignir lækkað, annaðhvort fyrir lækkað mat eða af því, að þær hafa gengið úr sér, þá er auðvitað rétt, að framlag skuldaskilasjóðs eitt getur ekki jafnað þennan halla. Ef skuldir eru 4 millj. kr. fram yfir eignir, verða lánardrottnarnir að greiða því meira sem þær eru hærri en áður. Samkv. frv. má hækka framlag skuldaskilasjóðs úr 15% upp í 25%, séu eftirgjafir sérstaklega miklar eða greiðsluskilmálar hagstæðir. Hitt er ekkert vit og ekki heldur réttlæti, að ríkissjóður fari að greiða þann mismun skulda og eigna, sem kann að hafa aukizt síðan skýrslan kom út. Eftirgjafirnar verða að aukast að sama skapi. Ég býst við, að allir skilji það, að það er ekki tilgangur skuldaskilasjóðs að greiða lánardrottnum skuldir, sem orðnar eru þeim einskis virði. Sú upphæð, sem áætluð er til að létta byrðar þessa hluta útgerðarinnar, ætti því fremur að duga til þess, þar sem hún verður greidd í peningum, en ekki í bréfum.

Hv. andstæðingar þessa máls sögðu, að engin

trygging væri fyrir því fé, sem þarf til að stofna sjóðinn. Ég sagði við 1. umr., að engin loforð lægju fyrir frá bönkunum um þetta fé. En það er nú svo venjulega, að ekki liggja fyrir yfirlýsingar frá bönkunum um slík efni. Svör frá bönkunum hafa ekki borizt enn, enda er ekki á valdi stj. að knýja þau fram. Það má minnast þess í þessu sambandi, að sjútvn. sendi frv. sjálfstæðismanna um skuldaskilasjóð til Landsbankans, en fékk engin svör. Magnús Sigurðsson bankastjóri hefir þó rætt þessi mál á fundi með n. Ríkisstj. mun gera allt, sem í hennar valdi stendur, til þess að féð fáist, og ég hefi ástæðu til að vona, að svo verði.

Ef hv. þm. sjálfstæðismanna vilja sýna, að um annað en fyrirslátt hjá þeim sé að ræða, er ég fús til að athuga brtt. þeirra um handhafaskuldabréf, en jafnframt þyrfti þá að athuga, hvort ekki væri ástæða til að hafa upphæðina hærri en lántökuheimildin hljóðar á, því að bréfagreiðsla er aldrei eins álitleg og peningagreiðsla. Ég myndi ekki hafa á móti slíkri heimild, ef svo illa færi, móti von minni, að lán fengist ekki.

Ég held, að ég þurfi ekki að svara fleiri atriðum í ræðum andstæðinganna, því að gífuryrði þeirra og fullyrðingar virði ég ekki svars. En ef sjálfstæðismenn vilja hefja málþóf í þessu máli, þá er augljóst, að það er ekki gert í því skyni að bæta hag þeirra útgerðarmanna, sem verst eru staddir. Þeir vita vel, að þeir geta ekki komið fram sínu frv., og þótt svo væri, yrði það aldrei nema pappírsgagn til að veifa framan í stórútgerðarmenn, án þess að hafa nokkra aðra þýðingu en þá, að tefja björgun vélbátaútvegsins. Það fer vel á því, að hv. þm. Vestm. skuli látast vilja bjarga togaraútgerðinni, en berjast gegn viðreisn vélbátaútvegsins í kjördæmi sínu.

Jóhann Jósefsson [óyfirl.]: Hæstv. atvmrh. var að tala um einhver gífuryrði sjálfstæðismanna, sem hann virti ekki svars. Ég veit ekki, hvað hann á við, en hitt man ég, að sjálfur hóf hæstv. ráðh. ræðu sína við 1. umr. með hinum óviðurkvæmilegustu orðum í garð flm. frv. á þskj. 184. Því er hæstv. ráðh. beðinn að skilja það vegna embættis síns, að ef hann brúkar gífuryrði, þá er hans staða ekki svo misvirt, hvað sem honum sjálfum líður, að honum verði ekki svarað.

Hæstv. ráðh. var að tala um, að við sjálfstæðismenn beittum málþófi í þessu máli. Drembilæti stj. og offors stjórnarliðsins gengur nú svo langt, að ef andstæðingarnir mótmæla einhverju gerræði eða vanhugsuðu frv. með einni ræðu, þá er það kallað málþóf. Okkur er hótað öllu illu jafnskjótt og við dirfumst með einu orði að gagnrýna mál stj. „Ég hæði ekki, drottinn, þitt volduga verk“ o. s. frv. En mér finnst tímarnir ekki slíkir, að stj. þurfi að setja sig svo hátt að koma með hótanir og ásakanir, þó að tveir þm. úr Sjálfstfl. noti þingrétt sinn að örlitlu leyti til gagnrýni á þessu frv.

Hæstv. ráðh. var eitthvað að tala um það, að þm. Vestm. ætti að bera svo hag vélbátaeigenda í Vestmannaeyjum fyrir brjósti, að fylgja þessu máli. Ég vil í þessu sambandi taka það fram, án þess að hrósa mér, að ég er fyrsti flm. að því, að þetta mál í heild sinni var tekið upp, og það er fyrir minn tilverknað, að hann ber nú fram þessa till., sem hann leggur svo mikla áherzlu á að verði samþ., að hann hefir í hótunum við þá, sem telja, að hún nái of skammt. Sjálfstæðismenn hafa vakið þetta mál, og því er viss hluti af þm. tregur til fylgis við það, þótt þeir treystu sér ekki til að drepa það hreinlega á síðasta þingi. Hæstv. ráðh. ætti því að stinga hendinni í eiginn barm. Ef nokkur hefir hindrað hjálp til útgerðarinnar, þá er það hann og hans fylgifiskar. Með þetta fyrir augum ætla ég ekki að biðja hæstv. ráðh. afsökunar, þótt ég gleypi ekki við því, að till. sjálfstæðismanna séu skornar niður í ¼. En stj. segir: Við höfum valdið, og ef þið viljið ekki þetta, skuluð þið ekki fá neitt. — Þetta er handhæg aðferð, og ekki nýtt, að slíku sé slengt framan í okkur.

Við höfum ekki enn talað um einstakar greinar frv., en áður en ég vík að þeim, finnst mér rétt að tala nokkuð um frv. almennt. Hæstv. ráðh. álítur, að ekki eigi að styrkja aðra útgerð en þann hluta vélbátaútgerðarinnar, sem verst er kominn. Það er rétt, að vélbátaútgerðin þarf styrktar við, en það þarf að styrkja fleira. Hæstv. ráðh. var að álasa mér fyrir, að ég vildi láta hjálpa togarafélögunum. En ef það er nú rétt, sem jafnan hefir verið haldið fram, að togaraútgerðin væri arðvænlegust fyrir landið, gæfi mest af sér, veitti mesta atvinnu og væri græna greinin á útvegi landsmanna, þá sé ég ekki, að það geti verið stórsynd, þótt lagt sé til, að hjálp ríkisins nái líka til þess útvegs. Sá útvegur stendur nú engu síður höllum fæti. Og ég veit, að hæstv. ráðh. er það ljóst, að bæði Reykjavík og Hafnarfjörður falla og standa með togaraútgerðinni.

Nei, það, sem verður ofan á í þessu máli, er skynsamleg og hlutlaus athugun, samskonar athugun og við reyndum að beita í mþn., en þar var málið ekki litað af pólitískri flokksstreitu.

Dæmið, sem hæstv. ráðh. tók af vaxtamismuninum á 65% skuldum á móti eignum og 75% skuldum á móti eignum, sannar að vísu það, sem hann vildi láta það gera í þessu efni, sem sé, að ekki væri stór upphæð í vöxtum, sem þar lægi á milli. En það er ekkert höfuðatriði í þessu máli. Ég hygg, að þann tíma, sem hæstv. ráðh. var bankastjóri, mundi hann sem slíkur hafa litið svo á, að það væri álíka heilbrigður efnahagslegur grundvöllur, sem mþn. í sjávarútvegsmálum lagði, eins og sá, sem hann telur fært að leggja með ábyrgð ráðh. í þessu frv., sem hér liggur fyrir.

Nei, þessi afsláttur í frv. hæstv. ríkisstj. er ekkert annað en ein tilraun til þessa að fóðra þann mikla afslátt, sem hæstv. ríkisstj. vill láta hv. þing gefa á þessum kröfum. Hæstv. ráðh. er það vitanlega jafnljóst og okkur hinum, að eins og ég sagði í fyrri ræðu minni, þá er þetta frv. ekkert annað en svipur hjá sjón, samanborið við frv. okkar sjálfstæðismanna, bæði síðan í fyrra og núna, að því er verulega hjálp til

útgerðarinnar snertir. Ég á ekki annað lýsingarorð hæfara til þess að lýsa þessu frv. heldur en að kalla það málamyndarkák.

Hæstv. ráðh. svaraði þeirri fyrirspurn, sem ég bar fram, hvort hann væri viss um, að hægt yrði að afla þessara 1½ millj. króna. Hann lýsti einu sinni yfir því, að bankarnir hefðu ekkert um þetta að segja. Nú telur hann líklegt, að það megi vel vera að það reyndist vera svo, og segist hann skuli beita sér fyrir því, að hæstv. ríkisstj. takist að útvega þessa 1½ mill. En hæstv. ráðh. játar, að það sé undarlegt, að við skulum vera að krefjast svars í þessu efni. Hann fullyrti, að það væri ekki venja hér á þingi, að séð væri fyrir því fyrirfram, þegar um slíkar till. væri að ræða, að fé væri til. Hæstv. ráðh. vildi slá því föstu, að þessi spurning okkar væri óviðeigandi. Mér skildist hæstv. ráðh. finnast það óviðeigandi, að ríkisstj. væri spurð að því á þessu stigi málsins, hvort hún hefði séð fyrir því að útvega þessa peninga. Þær ráðstafanir hv. Alþ., sem hér liggja næst fyrir til samanburðar, eru lögin um kreppulánasjóð, enda hafa þau verið nefnd í þessu sambandi, að því leyti sem sjálfstæðismenn í sjútvn. hafa bent á þann gífurlega mun, sem er á þeirri heimild, sem þar er gert ráð fyrir — allt að 11 millj. kr. fjárframlag til hjálpar landbúnaðinum — og þeirri upphæð, sem gert er ráð fyrir í frv. því, sem hér er um að ræða. Samt stendur hæstv. ríkisstj. upp og er fast að því með hótanir í garð þeirra manna, sem leyfa sér að vera með gagnrýni, þegar hæstv. stjórn ætlar að rausnast við að veita 1½ millj. kr. til þess að greiða skuldaskil allrar útgerðarinnar, sem hér um ræðir. Og þessar 1½ krónur eru ennþá í lausu lofti! Hæstv. stj. hefir enga vissu fyrir því að geta útvegað hana. Þegar hæstv. ráðh. fullyrðir, að það sé ekki venja, að séð sé fyrir fjáröflun samtímis því sem málið er flutt, þá vil ég í því sambandi benda á þessi lög, sem eru hér til samanburðar — kreppulánalög bænda. Þegar til þess máls var stofnað í upphafi vega sinna, var því svo fyrir komið, að það lá alveg greitt fyrir þinginu, hvernig þeirra reiðupeninga, sem þar um ræddi — 2½ mill kr. — skyldi aflað, sem sé með því, sem fékkst af vaxtagreiðslum Búnaðarbankans til ríkissjóðs í 10 ár. Þá var bent á það af hæstv. þáv. stj., hvernig fjárins skyldi aflað. Menn þurftu ekki að vera í neinum vafa um það eins og nú.

Ég þykist vita, að ef hæstv. ráðh. hugsar sig vel um, þá muni hann finna, að spurning okkar um það, hvar taka skyldi fjárupphæð þá, sem hér um ræðir, var ekki svo óréttmæt og undarleg eins og hann gaf í skyn.

Í sambandi við þau stóru orð, sem hæstv. ráðh. hefir notað í garð okkar sjálfstæðismanna viðvíkjandi þessu máli, og sérstaklega gagnvart þeirri ásökun, sem hæstv. atvmrh. beindi í okkar garð sökum þess, að við höfum komið með till. um, að skuldaskilasjóður fengi að gefa út handhafaskuldabréf, vil ég segja nokkur orð. Ég vil bara benda á það, að þrír hv. þm. Framsfl. hafa borið fram frv. um fiskveiðasjóð Íslands — breyt. á þeim lögum —, og þar er m. a. gert að till., að fiskveiðasjóðnum sé heimilt að gefa út handhafaskuldabréf, alls að 3 millj. kr. Ég man ekki til þess, að hæstv. stj. hafi borið sakir á neinn hv. flm. fyrir þetta. Ég ætla að biðja hæstv. atvmrh. að minnast þess, að þegar hann talaði um, að honum þætti við fara illa af stað með því að leggja til, að gefin yrðu út handhafavaxtabréf fyrir skuldaskilin, að hér var flutt frv. um breyt. á fiskveiðasjóðnum, þar sem lagt er til, að gefin skuli út handhafavaxtabréf. Þá komu engin andmæli frá hæstv. ríkisstj. eða frá stjórnarflokkunum í garð þeirra manna, sem það fluttu. Mér kemur það undarlega fyrir sjónir, að ekki skuli vera fundið að því, þegar Framsflþm. bera fram frv. um útgáfu handhafaskuldabréfa í sambandi við fiskveiðasjóð, en aðeins ef till. kemur frá sjálfstæðismönnum um sama efni til handa skuldaskilasjóði. Að vísu virðist hæstv. atvmrh. hafa hugsað sig betur um þetta atriði, því að hann tók það fram í ræðu sinni áðan, að hann væri fús til þess að athuga brtt. frá okkur eða einhverjum, sem færu fram á það, að sett yrði heimild í þetta frv. um útgáfu handhafavaxtabréfa. Við þessu er ekki nema gott eitt að segja, en ég álít, að þótt brtt. væri sett inn í frv. þess efnis, þá yrði það samt lítil bót á frv., miðað við þá litlu fjárupphæð, sem hér er um að ræða.

Ég sagði áður, að það þyrfti að athuga sérstaklega ýmsar greinar þessa frv., en þó ég færi til þess nú við þessa umr., þá yrði það næsta ófullkomið. Ég hefi að vísu rekið mig á varhugaverð ákvæði í frv., en í n. hafði ég engan tíma til þess að athuga frv., því hv. meiri hl. n. sagði, að það mætti alls ekkert bíða með afgreiðslu málsins. Þann eina dag, sem málið var lagt fram, fór ég fram á það, að bankarnir væru spurðir um álit sitt á málinu. Þegar því var neitað, fór ég fram á, að hv. meiri hl. n. biði stund úr degi eftir því, að frv. okkar sjálfstæðismanna kæmi úr prentun. Það var sem sé komið í prentun og kom þaðan samdægurs. Þessu var líka neitað af meiri hl. Hann áleit, að þess þyrfti ekki við. En það var einmitt tilætlun mín og okkar 6. þm. Reykv. að fá hv. meiri hl. sjútvn. til þess að líta á bæði frv. allir í félagi. Nú sé ég og heyri, að þetta hefir verið skakkt hjá hv. meiri hl., því að einmitt hæstv. atvmrh. vill nú taka það til athugunar, hvort ekki megi að einhverju leyti bæta þetta frv. upp með útgáfu handhafaskuldabréfa. Þetta er 2. umr., og mætti þá athuga þetta til 3. umr., og vil ég beina því til hæstv. ráðh., hvort hann sjái sér ekki fært að láta taka þetta mál til athugunar af hv. flokksmönnum sínum í sjútvn. milli 2. og 3. umr., með það fyrir augum að reyna að fá sæmilegri lausn á þessu alvarlega máli en fengizt hefir enn sem komið er. Ég vil taka það fram, að þessi tilmæli eru ekki fram komin í þeim tilgangi að tefja málið. Það er vitanlega gefið mál, að hæstv. ríkisstj. er í lófa lagið að knýja þetta mál fram með kommum og punktum, auk heldur orðum, eins og hún vill. En það má hæstv. stj. muna, að það kemur dagur eftir þennan dag, og því er betra og heppilegra að reyna að fá lausn í málinu, sem ekki er sýnt, að sé alveg gagnslaus.

Það er áreiðanlega að öllu leyti betra og heppilegra að reyna að ná samvinnu við afgreiðslu málsins, jafnvel þótt allar okkar till. næðu ekki fram að ganga, á einhverjum grundvelli, sem lægi á milli okkar till. og þeirrar lágmarksúrlausnar, sem hæstv. ríkisstj. lætur bera fram á þskj. 97.

Fjmrh. (Eysteinn Jónsson) [óyfirl.]: Það er hv. þm. Vestm., sem gefur mér tilefni til þess að taka aftur til máls um þetta mál. Ég minntist á það í gær í sambandi við ummæli, sem hv. 6. þm. Reykv. lét falla viðvíkjandi hinni nýju lántöku ríkissjóðs, að frá mínu sjónarmiði væri þetta frv. sjálfstæðismanna um skuldaskilasjóð óframkvæmanlegt frá upphafi vega sinna, og að það væri flutt aðeins til þess að sýnast fyrir þeim mönnum, sem eitthvað eiga undir þessum skuldaskilum. Ég kallaði frv. beitu. Út af þessu hefir hv. þm. Vestm. orðið reiður. Maður skyldi ætla, að hv. þm. hefði reynt að færa fram rök fyrir því, að ég hefði haft rangt fyrir mér í þessu efni. En það gerði hann ekki. Í þess stað var hv. þm. með allskonar fullyrðingar í minn garð í sambandi við málið. Það gerir mér vitanlega ekkert til, þótt hv. þm. ausi úr sér staðlausum staðhæfingum, eins og t. d. þeim, að tal mitt beri vott um, að ég væri menntunarlaus og lífsreynslulaus, jafnvel meira en vænta mætti eftir aldri mínum o. s. frv. Þetta gerir mér ekkert til, því að ef það ber vott um, að einhver sé menntunarlaus og lífsreynslulaus að vilja gera sér grein fyrir því, hvort till., sem fram koma, eru framkvæmanlegar eða ekki, þá get ég vel legið undir því ámæli að vera bæði menntunarlaus og lífsreynslulaus. Ég hygg, að það hefði staðið nær þessum hv. þm. að reyna að beita rökum í þessu máli í stað þess að fara inn á þá braut, sem hann hefir gert. Hv. þm. gerði sér mjög tíðrætt um þann fjandskap, sem hann taldi, að stj. sýndi sjávarútveginum. Ég vil benda honum á það, að í fyrra kom fram frv. að tilhlutun stj., sem ekki verður deilt um, að er ein sú merkasta till., sem fram hefir komið til viðreisnar sjávarútveginum, og það er frv. um fiskimálanefnd, sem gerir ráð fyrir aðstoð ríkisvaldsins til þess að bæta og efla sjávarútveginn. Það er öllum vitanlegt, og sjálfstæðismönnum líka, að það er alveg þýðingarlaust að gera skuldaskil, ef ekki er jöfnum höndum og borið er fram frv. um bætur á sjávarútveginum, gert kleift að útvegurinn geti verið rekinn á heilbrigðum grundvelli. Það er ef til vill þetta, sem hv. þm. kallar að sýna fjandskap í garð sjávarútvegsins. Mér skildist hv. þm. nefna mig sem sérstaklega áberandi fjandmann sjávarútvegsins. Þó var það að tilhlutun stj., eins og ég hefi tekið fram, að samþ. var till. um fjárframlag til fiskimálan., og sýnir það, að þótt ég og ýmsir fleiri, sem að þeirri till. stóðu, séum fremur fulltrúar bænda á þingi en sjávarútvegsmanna, þá hafa þeir engu að síður fyllilega opin augun fyrir þeim vanda, sem sjávarútvegurinn er nú staddur í, og vilja gera allt, sem fært er, til þess að bæta úr honum.

Þá hefir þessi hv. þm. ásakað Framsfl. sérstaklega fyrir það, að hann skuli hafa borið fram till. um 11½ millj. kr. skuldaskil fyrir landbúnaðinn, en aðeins 1½ millj. kr. skuldaskil fyrir sjávarútveginn.

Í þessu sambandi vil ég taka það fram, að þessar tölur gefa enga hugmynd um þær úrlausnir, sem framkvæmdar hafa verið annarsvegar handa landbúnaðinum og hinsvegar handa sjávarútveginum. Langmestur hlutinn af þessum 11½ millj. kr. er útgefin skuldabréf, sem ekki eiga að vera byrði á ríkissjóði, og gert er ráð fyrir, að ríkissjóður eigi að leggja fram aðeins 2½ millj. kr. í reiðufé til þessara skuldaskila. Ef hv. þm. vill bera saman þau fjárframlög, sem veitt eru til þessara tveggja skuldaskila, þá á hann að bera saman tölurnar 2½ millj. og 1½ millj. Og samhliða þessum 1½ millj. kr., sem stj. hefir gert till. um, að veittar verði sjávarútveginum, ætti hv. þm. að muna eftir 1 millj. kr., sem veitt hefir verið til fiskimálanefndar til þess að gera sjávarútveginn rekstursháfan. Þess vegna verður útkoman sú, að ef réttilegur samanburður er á þessu gerður, hendist það mjög á munum, sem stj. ætlar að láta verja til sjávarútvegsins af opinberu fé, og það, sem á sínum tíma var ákveðið til hjálpar landbúnaðinum í kreppunni.

Ég ætla svo ekki að hafa þessi orð mín fleiri, en ég sá ekki annað fært en benda á þetta, sérstaklega vegna þess, að hv. þm. Vestm. gerði í raun og veru enga tilraun til að hnekkja með rökum þeim orðum, sem ég viðhafði um hans till. og þeirra félaga, en hóf í þess stað að kasta hnjóðsyrðum í minn garð og þeirra, sem að okkar till. standa. Er þetta fullkomin sönnun fyrir því, að sá áburður, sem við höfum komið fram með á hendur honum, er fyllilega réttur.

Pétur Halldórsson [óyfirl.]: Herra forseti! Þetta frv. um skuldaskilasjóð vélbátaeigenda, sem flutt er af meiri hl. sjútvn., er nokkuð mikið deiluefni, en mér hefir satt að segja dottið í hug að setja fram hér nokkrar hugleiðingar, annars efnis en þær umr., sem farið hafa hér fram um hríð.

Ég skal ekki fullyrða, að til þess sé nokkur vegur fyrir ríkisvaldið, að bjarga ísl. sjávarútvegi með fjárframlögum eða á annan hátt frá yfirvofandi hruni. Allir þeir, sem til þekkja, vita, að árum saman hefir þessi framleiðsla verið rekin með tjóni, vaxandi tjóni. Og þó hafa, síðan þetta byrjaði, bætzt við ýmsir örðugleikar fyrir útgerðina alla, og ekki verður séð, hvaða áhrif þeir hafa, ef þeir leiða ekki til gersamlegs hruns fyrir alla útgerð landsmanna. Það er ekki gott að gera sér grein fyrir því, hvað slíkt orð þýðir, þegar talað er um „hrun“ í þessu sambandi. Þó þýðir það líklega það, að mikill hluti útgerðarinnar verður að leggjast niður, og sá einn hlutinn haldi áfram starfseminni, á svipuðum grundvelli og verið hefir, sem hæfastur er til að halda velli í samkeppninni. Ef þetta er nú framundan, að kalla má að miklu leyti hrun fyrir sjávarútveginn, þá er augljóst, að þetta, sem hér er um að ræða, 1½ millj. kr. til að kaupa skuldaskil, eins og ráðh. orðaði það, til handa smáútgerðinni, sem lakast er stödd, þá er þetta frv. bara barna-

leikur. Nú skulum við segja, að til þess komi ekki, að það verði mjög mikið eða algert hrun í sjávarútgerðinni, heldur dragist útgerðin saman, því að verkefni hennar er næstum einungis að afla fiskjar fyrir erlenda markaði. Ef það verður svo til langframa, að ekki verður hægt að selja ⅓ eða jafnvel ½ af fiskframleiðslu landsmanna, þá er það alveg gefið, að einhver hluti útgerðarinnar hlýtur að leggjast niður. Nú má auðvitað reyna að hugleiða, hvaða tegund útgerðar það myndi vera, sem legðist fyrst niður. Og í sambandi við þetta frv. verður að athuga, hver geta ríkissjóðsins er til þess að halda hlífiskildi yfir þeim hluta útgerðarinnar, sem ekki er fyrirfram dauðadæmdur. Hvaða hluti útgerðarinnar er það, sem á skilið stuðning ríkisvaldsins, ef um þann voða er að ræða, sem ég var að lýsa áðan? Meiri hl. sjútvn., sem ber þetta frv. fram að tilhlutun atvmrh., hefir e. t. v. ekki hugsað svo langt. En mér finnst þetta vera undirstaðan í málinu. Hvaða hluti útgerðarinnar er það, sem minnst „kapital" stendur í og er hagfelldastur að því leyti, að minnst þarf af erlendum nauðsynjum, og hvaða hluti útgerðarinnar er það, sem skilar mestu fyrir það fé, sem hann notar árlega? Ég held, að ef það stendur til, að draga þurfi úr framleiðslunni, þurfi að athuga þetta atriði. Ég er ekki fær um að kveða upp neinn dóm í þessum efnum, en það þykir mér liggja ljóst fyrir, að þetta sé verkefni, sem þarf að leysa, og gera sér síðan grein fyrir, hvernig framtíðin lítur út að þessu leyti. Mér er sagt, og hygg það sé rétt, að mótorbátar landsmanna noti tvöfalt meira af erlendum nauðsynjum en togaraútgerðin. Ef þetta er svona, þá ber að líta mjög á það. Mér er einnig sagt, að togararnir skili hlutfallslega miklu meiri afla, miðað við kaup á erlendum nauðsynjum, sem notaðar eru við rekstur þeirra, en nokkur önnur útgerðartæki. Má ekki einnig líta á þetta atriði? Mér er spurn, ef þetta, eða eitthvað svipað því og ég var að tala um, er framundan, er það þá ekki gersamlega vonlaust verk og að byrja á öfugum enda, að ætla sér að halda uppi stærsta hlutanum af lökustu framleiðslutækjunum, sem landsmenn eiga? En að því virðist mér þetta frv. stefna: Að styðja lakasta hlutann af lökustu framleiðslutækjunum í þessari atvinnugrein. Ef þetta er svo, þá er sýnilega unnið fyrir gíg, gersamlega fyrir gíg. Ef aftur á móti svo fer, fyrir atbeina ríkisvaldsins, að samkeppni verður á milli þessara tegunda atvinnutækja, togara, línuveiðara og stærri mótorbáta annarsvegar, og hinsvegar smámótorbáta, um það, hverjir skuli halda velli sem hæfastir til framleiðslunnar, og ef ríkisvaldið verður til þess að styðja lakari hlutann til samkeppni við betri hluta útgerðarinnar, þá er auðséð, að af því leiðir þjóðarböl. Ef þessi kostur er upp tekinn, þá er stefnt í fullkomið óefni. En ég verð að segja það, án þess að ég hafi þekkingu til þess að fullyrða nokkuð um það, að ég tel með þessu frv. stefnt í alveg öfuga átt við það, sem ætti að vera, miðað við það, að þessir umræddu örðugleikar séu framundan. Ég skil það ósköp vel, að hæstv. stj., sem kallar sig „stj. hinna vinnandi stétta", verði fyrst litið á það, eins og hæstv. atvmrh. gerir, að togararnir séu eign stórútgerðarmannanna, það séu fátækir farmenn og fiskimenn, sem eigi þessi lélegustu útgerðartæki í landinu og séu að sligast undir þeim og þurfi að fá bætta aðstöðu. Ég skil þetta vel út frá því, sem „stj. hinna vinnandi stétta" hugsar í þjóðfélagsmálum, en við verðum að líta á málið frá stærra sjónarmiði, þegar um er að ræða eins stórt vandamál og þetta, því að það er alveg óframkvæmanlegt verk að ætla sér að styðja þá, sem lakasta hafa aðstöðuna til þess að geta haldið áfram framleiðslunni. Hér dugir ekkert góður vilji. Við skulum líka líta á þann möguleika, að stórútgerðin legðist niður. Hæstv. atvmrh. sagði, að ekki kæmi til mála að styðja fyrirtæki stórútgerðarmanna, sem dregið hefðu fé út úr framleiðslunni og væru enda ríkir. Hann átti þar við þá, sem standa að togaraútgerð landsmanna. Þetta eru vafasöm orð, og mér skilst þau þurfi meiri yfirvegunar en rétt að kasta þeim þannig fram. Getur hæstv. ráðh. ekki hugsað sér það, að stuðningur við lakasta hluta útgerðarinnar, ef mótorbátaútgerðin er það, geti orðið til þess, að þessi lökustu útgerðartæki verði innan skamms eini bátakostur landsmanna? Getur ráðh. ekki hugsað sér, að eftir þann stuðning taki landsmenn sjálfir ekki þátt í veiðunum á aðalveiðistöðvunum í kringum landið? Og að þar með leggist niður sú veiði landsmanna, sem árum saman hefir verið aflað og flutt út á íslenzkum skipum til annara landa, og seld þar við góðu eða sæmilega góðu verði strax? Getur hann ekki, hæstv. ráðh., hugsað sér, að þá sé að því komið, sem mönnum hefir undanfarið virzt stefna að, að þetta land sé meir verstöð erlendra manna en landsmanna sjálfra? Þykir ekki atvmrh. skarð fyrir skildi, ef svo fer? Og þá sérstaklega, ef það er fyrir örugga aðstoð ríkisvaldsins, að landsmenn eru ekki færir um það lengur að reka þessa stóru „produktion", sem bæði ríkið og megnið af einstaklingunum í landinu hefir notið svo ótæpt? Þykir ráðh. ekki skarð fyrir skildi, ef veiðiskip landsmanna verða eign erlendra þjóða?

Þetta er nú það, sem ég hafði að segja. Ég held, að það verði að líta á þetta stóra vandamál á eitthvað svipaðan hátt og ég hefi gert hér. Ég held, að þetta kák, sem nefnt er í þessu frv., sem hér er til umr., verði ekki til neins annars en erfiðleika fyrir alla þá, sem að því standa.

Atvmrh. (Haraldur Guðmundsson) [óyfirl.]: Hv. 5. þm. Reykv. spurði, hvort mér þætti ekki skarð fyrir skildi, ef togarafloti landsmanna yrði seldur til útlanda. Hann veit fyrirfram, hv. þm., hverju ég eða hver sem væri myndi svara. Það væri svo stórt skarð, að ég sé með engu móti, hvernig það yrði fyllt. Um það erum við báðir sammála. En ég vil í sambandi við þetta frv., sem hér liggur fyrir, mega minna á það, sem hv. þm. sagði í upphafi sinnar ræðu, að ef hrun er framundan fyrir sjávarútveginum, þá er ómögulegt að leggja fram það mikið fé úr ríkissjóði, að nægi til bjargar. Þetta liggur í augum uppi, því að um leið og sjávarútvegur-

inn hrynur, þá er þjóðarbúskapurinn allur kominn í kaldakol. Um þetta er enginn ágreiningur. Það er heldur enginn ágreiningur um það, að þótt skuldaskil séu mikils virði fyrir þá, sem eru skuldum vafnir, þá er aðalatriðið, hvernig ræðst fram úr þeim örðugleikum, sem nú eru á sölu sjávarafurðanna erlendis. Ef þeir möguleikar halda áfram að þrengjast, æ og æ lokast fleiri sund, þá er ekki hægt að halda útgerðinni við með framlögum úr ríkissjóði. Um þetta erum við sammála, hv. 5. þm. Reykv. og ég. En ég tel ekki enn svo komið, að ástæða sé til þess eða afsakanlegt að leggja árar í bát og gefast upp. Ég hefi í sambandi við þetta mál reynt bæði nú og í haust að benda rækilega á það, að ég sé ekkert minnsta vit í því að binda stórfé í skuldaskilum, svo að fyrir það sé girt, að hægt sé að leggja eitthvað fram til að bæta sölumöguleikana erlendis, breyta til um verkunaraðferðir, gera framleiðsluna fjölbreyttari og vinna nýja markaði. Það má ekki einasta vinna að þessu jöfnum höndum, heldur verður að leggja meiri áherzlu á hið síðara en skuldaskilin sjálf, svo nauðsynleg sem þau þó eru. (**PHalld:** Þetta þekkjum við báðir). Já, þetta þekkjum við báðir.

Þá tók hv. þm. til athugunar annað merkilegt atriði í sambandi við þetta mál, sem sé hvaða hluta útgerðarinnar, ef um takmörkun framleiðslunnar væri að ræða, væri heppilegast að styðja frá þjóðhagslegu sjónarmiði. Ég er honum sammála um það, að það ber að gera sér það ljóst, hverjir eiga að njóta þess takmarkaða stuðnings, sem ríkið getur veitt. Hv. þm. komst að þeirri niðurstöðu, að svo þýðingarmikið sem það væri að hjálpa vélbátaútgerðinni, þá bæri að leggja aðaláherzluna á að styðja togaraútveginn, vegna þess tvenns, að það hefði sýnt sig, að togararnir öfluðu meira miðað við tilkostnað, og að þeir notuðu minna af aðkeyptum vörum til sinnar framleiðslu en vélbátaútvegurinn. Hann játaði hinsvegar, að vélbátaútvegurinn krefði minna fjármagns og veitti fleiri mönnum atvinnu. Þetta drap ég á í minni ræðu, enda verður því ekki í móti mælt. Ég skal víkja að því, sem hv. þm. drap á, að ef um takmarkað fjármagn væri að ræða, bæri að beina því til togaraútgerðarinnar. Ég hygg, að það sé rétt, ef tekið er langt tímabil, að togaraútgerðin hafi skilað mun betra árangri en vélbátaútgerðin. Hinsvegar er mér ekki kunnugt um, að samanburður hafi verið á þessu gerður hin síðustu ár, a. m. k. liggja ekki fyrir hjá mér neinar glöggar skýrslur um það. Hitt hygg ég, að ekki geti verið rétt, þótt ég geti ekki að svo stöddu sýnt fram á það með óyggjandi tölum, að togararnir noti minna af erlendum nauðsynjum en vélbátaútgerðin. Ég skal ekkert um þetta fullyrða, en fljótt á litið er þetta næsta ótrúlegt. Fyrir nokkrum árum tók ég upp þann hluta af afla ýmsra veiðiskipa, sem gekk til launagreiðslu, og ég ætla, að ég muni það rétt, a. m. k. getur þar ekki skakkað miklu, að yfirleitt hafi sá hluti aflaverðs reynzt milli 17—27% af saltfiskverði aflans, sem fór til skipshafnarinnar. Að sjálfsögðu er þetta hlutfallslega minna, þegar verðið er hátt og veiðin mikil, því að það er fast kaup á togurunum, en aftur meira, þegar lítið veiðist og verðið er lágt. Við vélbátaútveginn eru helmingaskipti algengust. Að vísu er þetta nokkuð misjafnt á hinum einstöku stöðum. Sumstaðar er eitthvað tekið af óskiptu áður en hlutaskipti fara fram. En um þetta liggja fyrir nokkrar upplýsingar í skýrslum mþn. í sjávarútvegsmálum, sem ég hefi ekki hér hjá mér, en mér þykir ákaflega vafasamt, að togaraútgerðin noti minna af aðkeyptum vörum en vélbátarnir. (**PHalld:** Ég skal reyna að lýsa þessu með tölum við næstu umr.). Það er gott. — Þá er hin ástæðan, sú, að botnvörpungarnir hafi gefið betri raun, betri niðurstöðu en vélbátarnir. Ég hygg, að þetta sé rétt. En á þessu er sá stóri galli, að stórútgerðinni er miklu hættara við að stöðvast fljótar, þ. e. a. s. áður en séð er fyrir, hvort almennt hrun er yfirvofandi eða ekki. Og eftir því, sem ég býst við, þá er meiri ástæða til að óttast afleiðingarnar af stöðvun vélbátaflotans, vegna þess að við hann eru bundnar atvinnuvonir miklu fleiri manna en togaranna.

Hv. þm. virðist hafa styggzt af því, er ég sagði, að togaraútgerðin hefði fengið mikið fé sér til styrktar og að henni stæðu yfirleitt efnaðir menn. En það er vitað, að mikið af togurum hér er hlutafélagaeign og að margir þeir menn, sem að þeim standa, eru vel efnaðir, hvernig svo sem efnahagur togarafélaganna sjálfra kann að vera. Og hitt er líka vitað, að mikið af fé útgerðar þessarar hefir verið tekið og lagt í skrautleg stórhýsi hér í bæ, og svo í búskap, eins og t. d. Korpúlfsstaðabúið. Þýðir ekki að berja höfðinu við steininn og bera brigður á þetta. — Ég held, að ekki hafi verið fleira í ræðu hv. þm., sem ástæða er til að drepa á.

Þá vil ég víkja nokkrum orðum að þeim atriðum, er máli skipta í ræðu hv. þm. Vestm. Hann sagði, að vissulega væri ástæða til að hjálpa fleirum en þeim, sem frv. okkar gerir ráð fyrir, eins og t. d. togaraútgerðinni. Það er e. t. v. rétt. En á því er þó ekki talin yfirvofandi hætta, að togaraflotinn verði að stöðvast, eins og e. t. v. er ástæða til að óttast um vélbátaútveginn.

Þessi hv. þm. gerir mikið að því að snúa við orðum manna. Hann sagði t. d., að ég hefði talið það óviðeigandi, að ég var spurður þess, hvort loforð væri fengið fyrir láni. Þetta er ekki rétt með farið. Ég taldi sjálfsagt og eðlilegt að spyrja, og ég svaraði þessari spurningu afdráttarlaust báðum þeim hv. þm., er ég talaði við um þetta.

Hvað snertir framlag til kreppulánasjóðs, þá hefir hæstv. fjmrh. minnzt á það, og þarf ég engu við það að bæta. En um það, hvort heppilegt sé að gefa út handhafaskuldabréf, verð ég að segja, að ég tel varhugavert að halda lengi áfram á þeirri braut. Ég hefi gefið kost á því að athuga nánar, hvort rétt væri að gefa sjóðstj. heimild til að gefa út slík bréf með tryggingu ríkissjóðs.

Þá sagði hv. þm., að við í stj.flokkunum hefðum tafið málið á síðasta þingi. Þetta er rangt. Ég kom þá á tvo fundi með sjútvn. til

að athuga þetta. Til samkomulags lagði ég þá fram uppástungu, hér um bil shlj. við þetta frv. Skoðun mín hefir ekki breytzt frá því, sem þá var. Ég held, að ekki sé hægt að leggja meira fram en í frv. er gert, en hinsvegar vil ég gera allt, sem í mínu valdi stendur, til þess að samkomulag náist. Ég hefi ekkert á móti því, ef það gæti orðið til þess að stytta umr., að koma á fund hjá sjútvn., til þess að reyna að koma á samkomulagi.

Jóhann Jósefsson [óyfirl.]: Ég varð að hverfa frá í nokkrar mínútur og heyrði því ekki nema niðurlagið af ræðu hæstv. atvmrh. En ég heyrði þó nóg til að skilja, að hæstv. ráðh. er fús til að athuga málið milli umr., og er ekki nema gott eitt um það að segja.

Svar hæstv. ráðh. við þeirri staðhæfingu minni, að stj.liðið hefði tafið málið á síðasta þingi, var einskonar yfirskotssvar. Gangur málsins er of kunnur til þess, að nokkuð stoði að reyna að afsaka, hvernig meðferð málsins var í höndum hæstv. stj. og hv. meiri hl. sjútvn. á síðasta þingi. Framkoma þeirra í málinu var þegjandi mótþrói, sem oft hefir reynzt notadrjúgur, og reyndist svo þá að minnsta kosti.

Hæstv. fjmrh. var óánægður yfir því, sem ég sagði í gær um þetta mál og hann sjálfan. Mér þykir leitt, hafi ég meitt hann. Það ætlaði ég ekki að gera, a. m. k. ekki svo, að um munaði. En mér þykir hann vera orðinn minnislítill á sín eigin orð. Það er að vísu algengt, að menn, sem komnir eru á gamals aldur, tapi minni, en *það verður að teljast áfyrirgefanlegt* um svo ungan mann, að hann skuli ekki muna sín eigin orð. Hann kvað það hafa verið mest móðgandi í sínum orðum, að hann hafi kallað till. okkar beitu. En hann hefir hvað eftir annað kallað hana fíflskap. Það var þessi *framkoma, sem ég kvað bera vitni um litla lífsreynslu*, lítinn þroska og því minni menntun.

Þá sagði hann, að ég hefði talið hann sérstaklega fjandsamlegan sjávarútveginum. Þetta sagði ég aldrei. (**Fjmrh.**: Jú, einmitt!). En ég sagði, að flokkur hæstv. ráðh. hefði sýnt lítinn *skilning á málefnum* sjávarútvegsins. Vil ég þessu til sönnunar minna hann á frv. til l. um breyt. á l. um fiskveiðasjóð Íslands, á þskj. 56, sem fram er borið af þrem framsóknarmönnum og miðar að því að breyta útlánastarfsemi fiskiveiðasjóðs til hagsmuna fyrir samvinnustefnuna.

Þá gerði hæstv. ráðh. lítið úr þeim mismun, sem er milli þeirra 11 millj. kr., sem veittar eru til kreppulánasjóðs, og 1½ millj., sem ætlaðar eru til skuldaskila útgerðarmanna. Svo fór hann að reikna og lagði við þessa 1½ millj. kr., sem á síðasta þingi var heimilað að leggja til markaðsleita o. fl. Fær hann þannig út 2½ millj. Svo segir hann, að reiðufé kreppulánasjóðs sé ekki meira en 2½ millj., og vegi því hvorttveggja salt. Væri því í engu gert upp á milli atvinnuveganna. En þarna er samt villa í dæminu, og það hjá jafnreikningsglöggum manni, og má segja um þetta, að skýzt þótt skýrir séu. Það er reyndar nokkuð óviss stærð, sem hæstv. fjmrh. gleymdi. Fyrir utan stofnfé sjóðsins, sem er 2½ millj. í reiðufé, er ákveðið í l., að ríkissjóður skuli leggja fram það, sem á kunni að vanta. Við þessa upphæð getur þannig bætzt ein eða tvær eða þrjár eða fjórar eða fimm eða sex milljónir. Þegar þessa er gætt, verður útkoma hæstv. ráðh. fremur lítilvæg.

Nei, hér verður ekki fram hjá því komizt, að löggjafarvaldið hefir gert ráðstafanir til þess, að hægt sé að verja allt að 11 millj. til viðreisnar landbúnaðinum, en að stj. er nú á ferðinni með till. um 1½ millj. króna framlag til sjávarútvegsins.

Ég vil benda á það í þessu sambandi, að þrátt fyrir hið mikla fé, sem stj. kreppulánasjóðs hefir haft undir höndum, hefir hún þó ekki þótt óhlutdræg í veitingu styrkja af blöðum þeim, er styðja hæstv. fjmrh. Sýnist þó sem hún þyrfti síður að vera hlutdræg, með þeim fjárhlut, er hún hefir yfir að ráða. En hugsum okkur, að þessi kreppulánasjóðstj. ætti að tæra 1½ millj. kr. handa miklum hluta af útgerðarmönnum landsins. Ætli þeir kæmust ekki í nokkurn vanda, jafnvel þótt þeir vildu vera óhlutdrægir?

Ég hefi nú sýnt fram á, að útreikningur hæstv. fjmrh. er rangur og að ásakanir hans um *óviðurkvæmileg stóryrði af minni hálfu eru ekki* á rökum byggðar.

Ég vona, að hægt verði að ná samkomulagi um einhvern þann grundvöll, er hægt sé við að una, en geti það ekki orðið, verður hæstv. stj. að fara sínu fram, að hverju sem rekur.

Hæstv. fjmrh. minntist á þá 1 *millj.* kr., sem síðasta þing veitti til leita á nýjum mörkuðum o. fl. Hann taldi stj. þetta til gildis, og skal ég ekki lasta hana fyrir það. Sjálfstæðismenn voru fyllilega samþykkir þessu.

En það er ekki bara þessi heimild, sem til *greina kemur, heldur og hitt, hve vel* stj. tekst að nota hana til gagns fyrir sjávarútveginn. Ef henni tekst þetta vel, er ekki nema sjálfsagt, að hún hafi af því fullan sóma. En það er öllum kunnugt, að sjálfstæðismenn lögðu ekki nema gott til þessa máls.

Sigurður Kristjánsson [óyfirl.]: Ég skal leyfa mér að byrja á því að gera aths. við ræðu hæstv. atvmrh., sem hann flutti í dag.

Ég var hissa á því, hvað hæstv. ráðh. talaði af miklum móði. Það var alveg eins og hann væri að verja málstað útgerðarinnar gegn einhverjum ofstækismönnum, sem vildu rífa hana niður, en hann væri hin heilaga rödd réttlætisins, sem væri að verja útgerðina fyrir okkur hv. þm. Vestm. Það getur náttúrlega gripið menn slíkt ofstæki, að þeir snúi við allri rökréttri hugsun, en sannleikurinn er sá, eins og öllum er kunnugt, sem fylgzt hafa með deilunum um þetta mál, að hann hefir ekki gert annað en þvælast fyrir því, að eitthvað væri gert til þess að rétta útgerðina við, en ég ætla, að hv. þm. muni, að blað hans og stuðningsmanna stj. lét rigna yfir útgerðina, og þá sérstaklega hina stærri útgerð, þær fádæma árásir, og verk þeirra talið mjög óþjóðnýtt og útgerðarmennirnir stimplaðir sem óreiðumenn eða

jafnvel þjófar. Það hafa ekki heyrzt harðari árásir en þær, sem gerðar voru, þegar þetta mál var fyrst á döfinni, og þó að hæstv. ráðh. gætti þess hófs að taka ekki þátt í þeim, þá varð ekki annað séð en að það mætti velþóknun hans, að þessar árásir fóru fram.

Mér þykir það undarlegt, að hæstv. ráðh. þykist nú standa sem málsvari útgerðarinnar og vænir okkur stuðningsmenn frv. frá í fyrra um, að við tefjum það, að útgerðin fái þann stuðning, sem hann þykist beita sér fyrir, að hún fái frá því opinbera. Hæstv. ráðh. sagði að þær till., sem fram hafa komið frá okkur sjálfstæðismönnum væru byggðar á rannsókn og áliti mþn. í sjávarútvegsmálum, en það álit væri ekki eins áreiðanlegt og æskilegt hefði verið. Það er nú ekki nema rétt hermt, að það hefði verið æskilegt, að það álit hefði getað verið gleggra. En ég veit ekki, hvort það ber að skilja þessi ummæli svo, að slælega hafi verið að þessu unnið, eða það hafi verið miklum erfiðleikum bundið að framkvæma rannsókn á hlut eins og þessum, og kostað fyrirhöfn að láta menn skilja, að það væri nauðsynlegt að gera slíka rannsókn. En ég held, að það sé skýrt tekið fram í áliti n., hvaða erfiðleikar það voru, sem við var að stríða. En hitt vil ég endurtaka, að það er ekki venjulegt, að mál séu undirbúin eins rækilega og þetta mál. Það er ekki venjulegt, að það sitji milliþinganefndir, sem athugi allar ástæður, áður en till. koma fram í frv.-formi. Það er óneitanlega traustari grundvöllur til þess að byggja á, þegar slík rannsókn hefir farið fram, þó að það séu ýms smærri atriði, sem eru ónákvæm eða órannsökuð, og þó að gizkað sé á niðurstöður um sum atriði, sem ekki var hægt að rannsaka, eins og það, hvernig árið, sem er liðið síðan, fór með útgerðina, þá má þó glöggt sjá það, að sjávarútvegurinn er þannig á vegi staddur, að það er ekki forsvaranlegt fyrir Alþ. að gera ekki það, sem í þess valdi stendur, til þess að rétta við útveginn.

Ég held, að þetta álit mþn. leiði í ljós, að það er búið að byggja svo á tekjum af þessum atvinnuvegi, að það eru engar líkur til þess, að menn geti dregið sæmilega fram lífið í þessu landi, ef útgerðin bíður hnekki. Hitt er alveg ljóst, að ríkið verður að draga saman seglin og kippa að sér hendinni með fjárframlög, ef dregur úr útgerðinni. Ég hygg, að þessi atriði séu glögglega leidd í ljós í áliti mþn. Og hefði hæstv. ráðh. ekki átt að þvælast fyrir í þessu máli, heldur hefði ríkisstj. átt að hefja starf til viðreisnar útgerðinni.

Það voru nokkur smáatriði í ræðu hæstv. ráðh., sem ég vil ekki ganga framhjá, því þar ber hæstv. ráðh. og mér á milli. Hann álítur, að lítil vandræði geti stafað af skuldum, sem eru fram yfir eignir, því að allir hljóti að skilja, að þær séu tapaðar, og því auðvelt að fá þær strikaðar út. Þetta er kannske rökrétt. En við vitum, að þeir, sem eru mikið inni í viðskiptum, eru tregir til þess að strika út skuldir, þó að þeir viti, að mennirnir séu svo á vegi staddir, að þeir geti ekki borgað. Allir vita, að það er staðreynd, að þó að menn geti ekki borgað núna, þá geta menn orðið þess megnugir að gera það síðar, ef atvinnureksturinn fær sæmilega aðbúð frá því opinbera og árferði er gott. Það er því frá sjónarmiði lánardrottins aldrei hægt að segja um það með vissu, að skuldir séu tapaðar, ef atvinnurekandinn er ekki gerður gjaldþrota. Ég held, að hæstv. ráðh. ætti að vera það ljóst, þar sem hann stjórnar bankaútibúi, að bankarnir eru tregir að ganga inn á það, að skuldir séu tapaðar. Ég veit með vissu, að það eru fyrirtæki, sem hafa skuldað 120%, 150% og allt upp í 200% móti eignum, sem hafa gengið eftir bönkunum og beðið þá að færa skuldina niður, með því skilyrði, að skuldin væri líka færð niður hjá öðrum lánardrottnum, og í fjölmörgum tilfellum hafa þau fengið beinhart nei, af því að bankarnir hafa átt veð í eignum þeirra og ályktað sem svo, að á meðan skuldin stæði væri ekki vonlaust um, að hægt væri að ná henni, en það er alveg vonlaust, þegar búið er að strika hana út. Ég vænti, að þetta sé skiljanleg afstaða af hálfu þeirra manna, sem enga ábyrgð bera á atvinnurekstrinum, en það er síður skiljanlegt hjá þeim stofnunum, sem bera ábyrgð á atvinnurekstrinum, og held ég, að ég verði að segja það, þó að bankarnir eigi hér engan málsvara, nema ef vera skyldi hæstv. atvmrh., en það ætti nú að teljast fullgildur málsvari, að mér hefir oft virzt bankarnir sýna fullmikla þrjózku í þessu efni, til mikils tjóns fyrir atvinnureksturinn. Það er því rangt hjá hæstv. ráðh., en rétt hjá mér, að það hlýtur að vera örðugleikum bundið að fá skuldirnar strikaðar út hjá lánardrottnum, þó þeir viti, að skuldunautar þeirra eiga minna en fyrir skuldum. Það verður því að vera eitthvert fé til að greiða til þessara manna, því annars er ekki hægt að fá þá til þess að strika út skuldirnar. Það er undir atkvæðum lánardrottna komið, að skuldir verði gefnar eftir, og verður því að sjá ráð fyrir þessum mönnum líka, svo að þeir gangi inn á, að skuldaskilin séu gerð. Ég skal geta þess, af því að ég man eftir því nú í svipinn, að í frv. er gert ráð fyrir skuldaskilum með þeim hætti, að ég hygg, að það sé ólöglegt. Ég man ekki, í hvaða grein það er, en í frv. er gert ráð fyrir, að samningar, sem gerðir eru á skuldaskilafundi, skuli gilda, ef meiri hluti viðstaddra skuldheimtumanna eða umboðsmanna þeirra samþykkir skuldaskilin. En í frv. okkar sjálfstæðismanna í fyrra var gert ráð fyrir, að samningar þyrftu samþykki þeirra manna, sem réðu yfir meiri hl. skuldanna. Ég hefi borið þetta undir þá menn, sem sömdu lögin um kreppulánin til bænda, og sömuleiðis hefi ég borið það undir lögfræðinga, og telja þeir allir, að ekki sé hægt að setja í l. ákvæði um, að menn misstu rétt sinn, ef þeir væru ekki viðstaddir. Þarna er galli á frv., þó að það sé samið af vildarmönnum stj., en annar þeirra er trésmiður frá Akureyri, en hinn er, að ég held, lögfræðingur, og áttu þeir nú að geta betur séð ráð fyrir sjávarútveginum en nokkrir aðrir.

Þá er eitt smáatriði, sem hv. þm. Vestm. svaraði líka, að hæstv. ráðh. sagði, að sér sýndist lítlu muna hjá okkur sjálfstæðismönnum

og stj. um hámark skulda móti eignum. Við gerðum ráð fyrir 65% móti eignum, en í frv. stj. er gert ráð fyrir 75% móti eignum, og nemur það auðvitað ekki nema 10%. En sá næsti gæti svo komið og sagt, að 85% væri ekki nema 10% meira en gert væri ráð fyrir í frv. stj. En ég held, að það sé mikill munur á því, hvað sá er sterkari, sem skuldar ekki nema 65% móti eignum, en hinn, sem skuldar 75% móti eignum.

Þá get ég ekki gengið framhjá því, sem hæstv. ráðh. sagði um hina ríku menn, sem rækju útgerð. Ég veit nú ekki, hvar þessa ríku menn er að finna. Það hefir verið aðferð flokksmanna þessa hæstv. ráðh. að æsa stétt gegn stétt með því að segja mönnum, að þeir væru sjálfir fátækir, en þarna væru ríkir menn. Það er eins og það sé synd að vera ríkur. Og rauði þráðurinn í því, sem blöð hæstv. ráðh. hafa skrifað um þetta, er sá, að það sé stærsta misgerðin í lífinu að vera bjargálna, og að það þurfi ekki aðra sönnun til þess að maður sé afbrotamaður en þá, að hann sé efnaður. Það er furðulegt, að það skuli elda eftir af þessari firru í huga manns, sem orðinn er ráðh., en hinn gamli Adam í honum virðist sannarlega vera bráðlifandi. En þetta er sjálfsagt rangt hjá hæstv. ráðh., að það séu margir efnaðir menn, sem reka útgerð, því mér er ekki kunnugt um annað en að flestir þeir, sem ég þekki til, séu svo að segja snauðir. En ég veit, að það er dálitið til af efnuðum mönnum í þjóðfélaginu, sem betur fer, en það eru aðallega þeir menn, sem eignazt hafa fé á milliliðastarfsemi, og svo nokkrir menn aðrir, sem ekki hefir tekizt að rýja, en hafa nurlað saman nokkru fé með elju sinni. Þeir, sem hafa efnazt í seinni tíð, eru menn, sem óbeinlínis hafa grætt á útgerðinni, af þessum mönnum eru nokkrir í flokki hæstv. ráðh. Það er t. d. hægt að græða á því að selja olíu, ef hægt er að reka útgerðina, sem þarf á olíunni að halda. Það munu því vera margir, sem grætt hafa fé á útgerðinni óbeinlínis. En í hópi útgerðarmanna sjálfra held ég, að sé mjög lítið um efnaða menn. Ef það hefir verið tilætlun hæstv. ráðh. að undanskilja stórútgerðarmenn, af því að þeir væru efnaðir, þá held ég, að honum hafi missýnzt, því að ég held, að það sé búið að „plokka“ þá.

Mér þykir illt, að hæstv. ráðh. skuli vera farinn í burtu, af því að ég þarf að halda áfram að gera aths. við það, sem hann sagði.

Það var eitt í ræðu hans, sem snart mig illa, en það voru þessi ummæli hans: „það skilur, að ég vil ekki hjálpa þessum mönnum“. Það, sem snart mig illa, var ekki það, að miðað var við persónur, heldur hitt, að hæstv. atvmrh. skuli ekki hafa öðlazt meiri skilning á atvinnulífinu en það, að hann gerir ekki mun á málefnum og persónum. En ég held að það, sem skilur okkur sjálfstæðismenn og hæstv. ráðh., sé það, að við sjálfstæðismenn viljum líta á það sem þjóðþrifamál að koma útgerðinni til hjálpar, þar sem hún er hin breiða stoð undir tekjum almennings og ríkissjóðsins. En þeir, sem á móti eru, tala um, að þarna séu hinir og þessir menn, og skilst mér, að það eigi að fórna atvinnuveginum til þess að hafa hendur í hári einstakra manna. Þetta er hið mesta vanþroskamerki og má ekki finnast hjá manni, sem kominn er í æðstu stöðu í þjóðfélaginu.

Ég á eftir að gera aths. við nokkur atriði í ræðu hæstv. atvmrh., en ég kann illa við að gera þær á meðan hann er fjarverandi, og vil ég því á meðan gera aths. við nokkur atriði í ræðu hæstv. fjmrh.

Hæstv. fjmrh. hefir lýst því yfir, að af sinni hendi hafi ekki verið gefin nein loforð um, að ríkið tæki ekki lán eða gengi í ábyrgðir, heldur hafi hann aðeins lýst yfir því, að hann mundi stuðla að því, að ríkið tæki ekki lán eða gengi í ábyrgðir. Ég held nú, að ensk yfirvöld skoði svona yfirlýsingu sem loforð, enda fullkomlega réttmætt. Og þó hæstv. ráðh. hafi tilhneigingu til þess að draga úr þessu loforði, efast ég um, að hann teldi sér fært að taka lán erlendis nú. Það er því af þessum ástæðum, að við flm. að frv. á þskj. 184 felldum niður bráðabirgðaákvæði um lántöku, en breyttum því í heimild til þess að gefa út handhafaskuldabréf. Er þessi breyt. gerð eingöngu vegna þess, að víst er, að hæstv. fjmrh. hefir gefið yfirlýsingu, sem er jafngild loforði um að taka ekki lán eða ganga í ábyrgðir, og því ekki líklegt, að til greina gæti komið að taka lán erlendis, enda ekki sennilegt, að hægt sé að fá erlend lán, beinlínis vegna þess að ríkisstj. nýtur ekki trausts fyrir forstöðu sína í fjármálum. Þar væri allt öðru máli að gegna, ef við hefðum stj., sem nyti trausts inn á við og út á við.

Út af þeim ummælum, sem komu fram hjá hæstv. fjmrh. í hugleiðingum hans um, hverjir hefðu haft fjárstjórnina í landinu að undanförnu, verð ég að segja, að mér þótti hann komast að einkennilegri niðurstöðu, þar sem hann taldi, að sjálfstæðismenn hefðu haft þar mesta ihlutun. (Fjmrh.: Höfðu þeir það ekki, eða fannst þm. það einkennilegt?). Já, það er einkennilegt að ætla að telja mönnum trú um annað, þar sem allir vita, sem komnir eru til vits og ára, að Framsfl. og Alþfl. hafa haft fjárstjórnina á hendi síðastliðin 8 ár. (Fjmrh.: Ósatt hjá þm.). Sjálfstæðismenn hafa engan þátt átt þar að annan en þann, að sýna á hverju ári fram á, hve óforsjálega og óforsvaranlega hefir verið með fjármálin farið, enda hefir hvert einasta atriði, sem sjálfstæðismenn hafa bent á, komið fram. Ætti ekki að þurfa að skýra jafnvitanlegan hlut og þann, að sjálfstæðismenn urðu að hafa tryggingu fyrir, að Framsfl. sviki ekki gefin loforð um rýmkun kosningalaganna, og lögðu því til einn sjálfstæðismann í stj., en Framsókn hafði tvo, og kom sjálfstæðismaðurinn ekki nærri fjárstjórninni. Annars skal ég stinga því að hæstv. ráðh., að við, sem látum okkur muna um smámuni, teljum mikinn mun á 7 millj. kr. tekjuhalla 1930 í 1½ millj., þegar Ásgeir var fjmrh., og þó ég hafi oft sagt, að fjárstjórn hans hafi ekki verið nógu sterk, þá var það þó mikill munur frá því, sem áður var.

Nei, hæstv. fjmrh. ætti ekki að fara langt út í fjármálastjórnina þau 7 ár, sem Framsókn stjórnaði landinu.

Á þeim tíma hafði ríkissjóður alveg óvenjumiklar tekjur, eða samtals um 110 millj. kr. Nú er bæði hæstv. fjmrh. og aðrir hans flokksmenn að gorta af því, að þá hafi hlaðizt upp ýmsar eignir, sem ríkið hafi lagt fé í. En hvar eru allar þessar eignir? Nú er skuldlaus eign ríkissjóðs aðeins 2 millj. kr. hærri eftir að hann er búinn að pína inn í sköttum og álögum þessar 110 millj. kr. Og ég vil bæta því við, að eignirnar muni vera ríflega taldar, svo ef þær væru bókfærðar með hæfilegu verði, mundi íslenzka ríkið teljast öreigi.

Það var sannarlega vel til fallið, að sá maður fékk að taka við fjármálastj., sem mest hefir skrafað um, hvað hagur ríkissjóðs væri blómlegur. Ef einhverjir hafa látið blekkjast af þessu skrafi, vil ég benda þeim á að athuga vaxtagreiðslur ríkissjóðs, sem voru 1928 þegar Framsfl. tók við stj., 700 þús. kr., en eru nú komnar upp í 2 millj. Af hverju ætli þessi vaxtahækkun stafi, öðru en því, að skuldir hafa hækkað? Það er því ljóst, að þjóðin hefir lifað um efni fram og búið við stöðugan greiðsluhalla við útlönd, þó yfir tæki 1930.

Hæstv. ráðh. sagði, að ekki þýddi að taka lán erlendis til þess að borga með lán, heldur aðeins til atvinnubóta. Til hvers hafa svo lánin farið hjá Framsfl.stj.? Hún segir, að þau hafi farið til þess að byggja útvarpsstöð, símastöð o. fl., en sannleikurinn er sá, að þau hafa að mestu farið til þess að borga með gamlar skuldir. Það er því mjög sennilegt, að ekki þýði að koma til útlanda til þess að ætla að fá lán.

Ég sé svo ekki ástæðu til þess að eltast við fleiri atriði úr ræðu hæstv. fjmrh., því vitanlega er atvmrh. aðalaðili í þessu máli, og því eðlilegt að tala einkum við hann. Þó vil ég enn einu sinni mótmæla þeirri firru, sem kom fram bæði hjá hæstv. fjmrh. og atvmrh. um, að sá stuðningur, sem við sjálfstæðismenn förum fram á til sjávarútvegsins, sé fjárveiting úr ríkissjóði. Það, sem við förum fram á, er ekki annað en það, að við krefjumst, að sá atvinnurekstur fái að njóta þeirra tekna, sem hann aflar, og fái þannig tækifæri til að rétta sig við ef eigin rammleik. Hitt hlýtur hver heilvita maður að sjá, og ætti ekki að þurfa ráðh. til, að það er fjarstæða að fara til atvinnurekanda, sem ekki getur greitt kostnað við reksturinn, og heimta af honum svo eða svo mikil fjárframlög í allskonar sköttum af tekjum, sem engar eru.

Þegar svo er komið sem nú er fyrir útgerðinni, að tekjurnar hrökkva ekki fyrir gjöldunum, verður að fella niður skattana. Það er því krafa okkar sjálfstæðismanna, að hætt sé að ganga í skrokk á útgerðinni með sköttum og álögum, en henni lofað fyrst og fremst að halda sínum eigin tekjum sér til viðréttingar. Þær reglur, sem við vildum setja með frv. um skuldaskilasjóð, eru því aðeins form um, hvernig heppilegast væri að rétta þennan atvinnuveg við. — Ég verð nú sjálfsagt að fara létt yfir sögu, því ég ætlaði að athuga ýmislegt, sem hæstv. atvmrh. sagði, en hann er nú ekki við. Eitt, sem hann sagði, var, að það væri rangt að bera saman þær 11½ millj. kr., sem varið hefði verið til kreppulánasjóðs bænda, og þá 1½ millj. kr., sem hér væri ætluð til sjávarútvegsins. Það sé ekki rétt, að þetta fé hafi verið lagt til landbúnaðarins, því það sé ætlazt til þess, að hann endurgreiði það. Þetta er ekki rétt, að við höfum alltaf sagt, að allar þessar 11½ millj. ættu beinlínis að ganga sem óafturkræfur styrkur til landbúnaðarins. Vitanlega endurgreiðir hann mikið af því, ef atvinnureksturinn ber sig, svo að hann verði fær um það. Það var réttilega fram tekið hjá hv. 5. þm. Reykv., að það voru 2½ millj. kr., sem ríkissjóður átti beinlínis að leggja fram til kreppulánasjóðs, en svo átti að bæta við eftir þörfum. Þar var ekki verið að skera hlutina við nögl. Álíta sumir, að hér hafi blandazt inn í lýðskrum, vegna þess hvað bændurnir eru fjölmenn stétt og allir flokkar vildu því koma sér við þá, til þess að fá þeirra atkvæði. Ég er ekki að sjá eftir þessu fé, en það er augljóst, hve mikil fjarstæða það er um atvinnuveg, sem ekki stendur undir fleiri mönnum til framfærslu en sjávarútvegurinn og ber að litlu leyti uppi þjóðarbúskapinn, því útfluttar vörur munu ekki nema meira en 2—3 millj. kr., eða ekki 10% af öllum útflutningi. Það getur því varla talizt réttmætt frá þjóðhagslegu sjónarmiði, að hann gleypi 11½ millj. kr., en þeim atvinnuveginum, sem leggur til 90% af útflutningnum, sé ætlað 1½ millj.

Þetta er því sýnileg rökvilla, sem sýnir, að þeir menn, sem standa fyrir frv., geta ekki litið á málið frá þjóðhagslegu sjónarmiði, heldur glápa þeir aðeins á persónur, sem að atvinnurekstrinum standa. Mér þykir leitt að þurfa að benda hæstv. atvmrh. á, að það var meinloka, er hann vildi ekki ganga inn á, að það væri skakkt hugsað í frv. að miða hjálp til útgerðarinnar við % af eignum manna. Ég vil halda því fram, að ef koma á til hjálpar, en ekki leggja í rústir, þá sé þörfin meiri, ef fyrirtækið er illa stætt. Dæmi: Ef t. d. bátaútvegurinn skuldar 10 millj. og hefir eignir á 10 millj. þá sé sæmileg hjálp í 1½ millj. En ef skuldirnar væru eins, en eignirnar ekki nema 6 millj., þá hlýtur að vera þörf fyrir meiri hjálp, ef hún á að koma að jafnmiklu liði.

Hæstv. ráðh. taldi réttlátt að afskrifa mikinn hluta af skuldunum, en þar er sá hængur á, að við getum ekki knúið nokkurn skuldareiganda til þess, nema með því að gera skuldunaut gjaldþrota. En við viljum ekki leggja þannig í rústir.

Hæstv. ráðh. hneykslaðist mjög á því, að það skyldi vera dregið í efa, að lánið fengist, og taldi ekki venjulegt, að lán væru tekin fyrirfram. En ég sagði, að það væri ekki venja að bera fram frv. um lántökur án þess búið væri að þreifa fyrir sér um, hvort hægt væri að fá lánið. Ég hélt, að ekki væri svo breitt sund milli ríkisstj. og bankanna, að hún hefði ekki getað verið búin að ræða þessi mál; þó hún hefði ekki haft ákveðin loforð af hendi bankanna, var samt hægt að vera búinn að heyra undirtektir. En þetta er e. t. v. skiljanlegt út frá því, sem ráðh. sagði í gær, að frv. hefði verið sent til

bankanna strax að loknu þingi síðastl. haust, en hvorugur bankinn hefði svarað. Ef svo er, að bankarnir agti ríkisstj. ekki meira en svo, að þeir virði hana ekki svars, get ég skilið, að ríkisstj. hafi ekki fyrir fram fengið loforð frá þeim um lán. En ég verð að segja, að frv. er þá í lausu lofti byggt. Eða var það vegna þess, að hæstv. ráðh. var að bjóðast til að ræða málið á þeim grundvelli, að í staðinn fyrir lántöku yrðu gefin út handhafaskuldabréf fyrir 1½ millj. kr.? Ég fyrir mitt leyti hefi ekki ýjað í þá átt, að slíkt væri æskilegt. Ég tel hitt miklu æskilegra og betra, að gefa atvinnurekstrinum sjálfum tækifæri til þess að skapa sér reiðufé.

Ég ætla mér ekki að fara út í nema sem allra fæst atriði í því, sem hæstv. atvmrh. sagði, og get ég því sleppt smáatriðunum. En ég vil að lokum taka það fram, að þó stj. gæti beitt því ofríki að kveða niður þær till., sem bornar hafa verið fram af okkur sjálfstæðismönnum til viðreisnar sjávarútveginum, þá getur svo farið, að skamma stund verði hönd höggi fegin, því ég er ekki í efa um, að þessi hjálp kemur útgerðinni að sáralitlu liði, en tefur fyrir gagngerðum úrbótum í þessum málum. Það er enginn vafi á því, að íslenzka þjóðin fær að sjá, að það er þjóðarnauðsyn að bjarga þeim atvinnuveginum, sem drýgstan skerf hefir lagt til þjóðarbúsins. Og það er nú flestra álit, að hann mundi geta rétt við, þó ríkið veitti honum ekki beinan fjárstyrk. Ég vil líka bæta því við, að það kemur fram stórfelldur misskilningur í því, hvernig gert er upp á milli stórútgerðarinnar og smábátaútvegsins. Það er vitanlegt, að meginþungi atvinnurekstrarins hvílir á stórútgerðinni. Smáútgerðin verður aðeins að vera vegna aðstöðu í ýmsum smáþorpum, þar sem ekki er hægt að koma öðru við, svo hver staður hafi úthald við sitt hæfi, hvar sem er á landinu. En því er ekki að neita, að arðurinn er því meiri sem útgerðartækin eru stærri. Því leggja allir kapp á að komast á togara. Eftir skýrslum frá mþn. í sjávarútvegsmálum hefir dagkaup sjómanna á sumum minnstu bátunum ekki verið nema 5—7 kr. En öll árin, sem rannsóknin nær yfir, hefir dagkaup á togurum verið yfir 20 kr. Þetta er gífurlegur munur. Það er því einkennilegur barnaskapur að vilja ekki veita þessum atvinnuvegi stuðning, sem skapar mesta atvinnu, greiðir hæst vinnulaun og stendur undir mestum sköttum í útflutningsgjöldum og útsvörum til bæjarfélaga, en er þó að tapa ár frá ári. Aldur togara er talinn 20—30 ár; járnskip fyrnast á 20 árum, og eru því engar líkur til, að þeir geti endurnýjað sig. En hvað verður þá, þegar togararnir eru úr sér gengnir? Ég býst við, að því verði svarað til, að það geri lítið, ef smábátarnir bjargast áfram. En ég er hræddur um, að einhverjum kunni að þykja þröngt fyrir dyrum, þegar togaraflotinn er liðinn undir lok. Ég er sannfærður um, að á stórútgerðinni fyrst og fremst verður íslenzka þjóðin að byggja sína framtíð. Ég álít það fortakslaust, að það eina rétta í þessu efni sé að reyna að rétta við hag allrar útgerðarinnar, bæði hinnar smærri og hinnar stærri, og sízt af öllu má láta þann hluta útgerðarinnar verða útundan, sem meira gefur af sér. Vitanlega má ekki heldur vanrækja smáútgerðina í þessu efni.

Ég hygg, að Framsfl. í faðmlögum við Alþfl. þurfi ekki að sitja lengi að völdum í þessu landi til þess að búskaparlag þjóðarinnar í sjávarútvegsmálum breytist til þess ástands, sem það var í fyrir mörgum öldum, að hver verði að bjarga sér, á sama eða svipaðan hátt og þá, til þess að hafa eitthvað ofan í sig. Það er sjálfsagður hlutur, hvort sem núv. stj. fer frá völdum eftir lengri eða skemmri tíma, að við verðum að hætta að lifa hátt, hætta að semja fjárlög upp á 15 millj. Við verðum að taka gjöld syndarinnar, sem vitanlega verða einyrkjubúskapur, bæði til lands og sjávar.

Fjmrh. (Eysteinn Jónsson) [óyfirl.]: Hæstv. atvmrh. er fjarverandi vegna forfalla. Ég ætla ekki að fara að blanda mér inn í þær umr., sem hér hafa farið fram á milli hans og hv. 6. þm. Reykv., en víkja að atriðum í ræðu hv. 6. þm. Reykv., sem snerta mig sérstaklega. Að vísu liggja þau atriði kannske nokkuð fjarri því máli, sem hér er til umr. En hv. 6. þm. Reykv. hefir blandað þeim inn í umr. (SK: Það var hæstv. ráðh., sem dró þau inn í umr.). Það var hv. 6. þm. Reykv., sem byrjaði að tala um það, sem gerðist í sambandi við síðustu lántöku, og almennt um fjármál ríkisins. Hv. þm. sagði þau orð, að hann vildi ekki fara dult með það, að hann héldi, að brezku yfirvöldin hefðu tekið yfirlýsingu stj. sem loforð um, að hún skyldi ekki taka fleiri lán. En það skiptir bara alls ekki neinu máli, hvað hv. 6. þm. Reykv. heldur í þessu sambandi. (SK: Kannske eins miklu máli og það, hvað hæstv. ráðh. heldur). Þessi hv. þm. þarf ekki mín vegna að fara dult með það, hvað hann heldur. Það skiptir heldur engu máli.

Þá sagði hv. þm., að hann efaðist stórlega um það, að ríkisstj. gæti fengið lán erlendis, og taldi, að þær efasemdir væru komnar í huga sér út af þessari yfirlýsingu. Ég get nú sagt hv. þm. það, að það er alveg vitanlegt öllum þeim, sem nærri þessum málum hafa komið, að það er jafnt hægt eða ekki hægt að fá erlend lán, þó að þessi yfirlýsing hafi verið gefin, eins og verið hefði, án þess að hún hefði verið gefin. Það hefir engin áhrif á það, hvort hægt er að fá lán eða ekki, þó að stj. hafi lýst því yfir, að hún vilji forðast að taka lán. En hitt sjá allir, að á meðan ekki fæst leiðrétting á því gjaldeyrisástandi, sem nú er hjá okkur, er vitanlega ekki glæsilegt að auka við erlendar lántökur. Um þetta ættu allir að geta orðið sammála. Ræða hv. þm. virtist hinsvegar gefa það í skyn, að hv. þm. og þeim, sem flytja með honum frv. um þetta efni, hafi alls ekki verið það ljóst fyrr en stj. gaf þessa yfirlýsingu, að það væri neinum annmörkum bundið að bæta við erlendar lántökur. En ég hélt, að ekki hefði þurft neina slíka yfirlýsingu til þess að mönnum hefði mátt vera það ljóst, að ekki væri hægt að halda stöðugt áfram á þeirri braut að ausa erlendu lánsfé inn í landið. Slíkt er nú í mesta lagi hægt að hugsa sér til einhverra þeirra ráðstafana, sem annaðhvort eru til gjaldeyrissparn-

aðar eða leiða til aukningar á útfluttum verðmætum atvinnuveganna, en alls ekki til þess að greiða gamlar frosnar skuldir. Þetta hefir hv. þm. sýnilega ekki verið ljóst áður en yfirlýsing þessi var gefin af stj. En það er þá gott, að þessi hv. þm. hefir eitthvað getað af því lært, sem fram hefir komið frá stj.

Þá ræddi hv. 6. þm. Reykv. um það, hverjum þessi ósköp væru að kenna, að svo væri komið, að vafasamt væri, hvort hægt væri að fá erlend viðbótarlán, og í sambandi við það fannst mér rök hans gerast æðiblekkingarkend. En þó varð ég mest hissa á þeirri lítilmennsku, sem mér virtist koma fram hjá þessum hv. þm. í því sambandi. Hann sagði, að það væri barnaskapur að halda því fram, að Sjálfstfl. hefði borið nokkra ábyrgð á fjármálastjórn ríkisins undanfarin ár, eða komið nærri slíku. Hann sagði, að allir vissu að Framsfl. hefði, með tilstyrk sósialista, farið með völdin í landinu í 8 undanfarin ár. Veit ekki hv. þm., að Framsfl. fór með völdin með hlutleysi sósialista í 4½ og í 2½ með stuðningi Sjálfstfl.? Þetta hélt ég, að hv. þm. hefði vitað.

En það, sem mér fannst ekki aðeins blekkingarkennt hjá þessum hv. þm., heldur lýsa lítilmennsku, e. t. v. meiri en ég átti von á hjá hv. þm., var það, er hann sagði, að eitthvað hefði þó Sjálfstfl. komið nærri þessu, hann hefði þurft að hafa einn ráðh. í stj. af því að þurft hefði að leysa kjördæmamálið, og vildi hv. þm. lýsa því þar með, að Sjálfstfl. hefði ekki borið ábyrgð á neinu öðru máli á þeim tíma. Heldur þessi hv. þm., að það sé hægt að bera það á borð fyrir fullorðna menn, að ráðh., sem afgr. hefir ýms mál, og þá auðvitað fjárlög með öðrum í ríkisstj., geti gert það án þess að bera neina ábyrgð á stj. í þeim málum? Ég efast um, að hv. þm. álíti það í raun og veru frambærilegt, og því er ég mjög hissa á orðum hv. þm. Að halda þessu fram er svo lítilmótlegt, að það kemur mér á óvart, jafnvel úr þessum stað, að þora ekki að standa við þá ábyrgð, sem Sjálfstfl. vitanlega ber á stj. á landsmálum þessi ár. Því að hvort sem karpað er um það lengur eða skemur, þá er það ljóst, að Sjálfstfl. er meðábyrgur um stjórn landsmála þann tíma, sem hann átti ráðh. í stj. Og tvö síðustu árin, og sérstaklega síðasta árið, hefir utanríkisverzlunin verið rekin með meiri halla en nokkru sinni fyrr, að undanskildu kannske einu ári.

Þá var þessi hv. þm. að tala um þessar miklu lántökur, sem sú hin fyrri framsóknarstj. hefði tekið. Ég vil í því sambandi skjóta því fram til skýringar, sem ég hygg, að hv. þm. sé þó vitanlegt, að Sjálfstfl., sem ég man ekki, hvort á þeim tíma hét því nafni eða Íhaldsfl., greiddi atkv. með öllum þessum lántökum. Hann hefir því ekki sérstöðu um eina einustu þeirra. Þá heyrðust ekki þessi varnaðaróp, sem þessi hv. þm. var að tala um. Þau voru fyrst fram komin síðar. Þessi flokkur fylgdi lántökumálunum gegnum þingið og hefir fyllilega gefið þeim samþykki sitt, svo að ekki verður um deilt. Þess vegna hygg ég, að það sitji ekki á þessum hv. þm. né hans flokki að gera sig breiða í sambandi við það, sem gerzt hefir nýlega í tilefni af nýrri lántöku, heldur alveg þvert á móti.

Ég hefði haft löngun til að ræða ýms atriði, sem hv. þm. kom inn á, en ekki snerta mig beint sem fjármálaráðh., en til þess að lengja ekki umr., læt ég það hjá líða að þessu sinni.

Þá eru örfá orð um ræðu hv. þm. Vestm. Hann var nú í þessari síðari ræðu sinni stórum mildari heldur en í hinni fyrri, og er ekki nema gott um það að segja. Hann vildi nú ekki kannast við, að hann hefði haft ýms þau ummæli, sem ég átaldi hann fyrir í ræðu minni, t. d. ekki það, að hann hefði talað um neinn fjandskap gegn sjávarútveginum, eða að ég hefði sérstaklega sýnt þennan fjandskap, og skal ég ekki um það karpa meira við þennan hv. þm., heldur aðeins benda á, að hann margendurtók þessi ummæli sín um þennan fjandskap. En það er vitanlega ekki nema gott um það að segja, að hann hefir fundið ástæðu til að milda nokkuð með þessu ummæli sín.

Umr. frestað.

Á 37. fundi í Nd., 25. marz, var enn fram haldið 2. umr. um frv.

Pétur Halldórsson [óyfirl.]: Ég ætla að svara nokkrum orðum því, sem hæstv. ráðh. sagði á síðasta fundi til andsvara því, er ég þá sagði um þetta frv. Hann hélt fram, að vélbátaútvegurinn myndi fyrr stöðvast heldur en stærri útgerðin, ef eigi væri að gert. Ekki held ég nú, að neitt liggi fyrir um þetta. Sjálfur játaði hæstv. ráðh., að sér væru ekki kunn ýms atriði, sem mikilsverð eru þegar um er að ræða samanburð þessara atvinnutækja. Ég held, að þetta sé eitt af því, sem hæstv. ráðh. hefir ekki athugað nægilega, eða a. m. k. hefir hann ekki gert grein fyrir því svo fullnægjandi sé, til þess að sannað megi telja, að vélbátaútvegurinn stöðvist á undan stærri útgerðinni, ef erfiðleikarnir halda áfram. Hæstv. ráðh. sagði, að togaraflotinn væri ekki í neinni hættu. Þetta þóttu mér einkennileg orð, og ég vil fullyrða hið gagnstæða, að togaraflotinn er í yfirvofandi hættu. Ef áfram heldur með svipuðum hraða í sömu átt og stefnt hefir á síðustu tímum, þá er yfirvofandi, að togaraflotinn stöðvist alveg. Ég vil ekki fara út í rökræður um það frekar í augnablikinu, en mig langar til að bæta því við, að það er ekki leikur einn, það verkefni, sem hæstv. stj. og meiri hl. þings hefir tekið að sér, að skipuleggja atvinnuvegi þjóðarinnar, eins og þeir kalla það. Slíkt er meira en lítið vandaverk. Og því undrar mig ekki stórlega, þó hæstv. atvmrh. hafi lítinn tíma til að sitja í sæti sínu hér á þingi. Reyndar er hann nú ekki einn um það, því a. m. k. hér í Nd. er það sjaldgæft að sjá ráðherrana í sæti sínu; nú er t. d. enginn þeirra viðstaddur, og svo er oftast nær. Það er ekki aðeins vandaverk að skipuleggja þessa hluti, heldur mun það einnig vera tímafrekt. Ég þykist og sjá á hæstv. ráðh., að þetta verk taki töluvert af fjöri þeirra og kröftum. En eitt aðalundirstöðuatriðið í þessari „planökonomi“ svo kölluðu — sem að vísu er ekki aðeins íslenzkt

viðfangsefni, heldur viðfangsefni, sem reynt er að vinna að viðsvegar um lönd — það er að vinna „ökonomiskt", hafa ávallt fyrir augum það, sem heppilegast er, ódýrast og praktiskast fyrir þjóðarheildina. Ef fara á að „skipuleggja" atvinnulífið, þá fullyrði ég, að það er fjarstæða að byrja á því að gera ráðstafanir til þess með valdi ríkisins og þess tiltrú fjárhagslega, að halda við því, sem lakast er og ólífvænlegast af framleiðsluháttum landsmanna, þegar um það er að ræða, að úr framleiðslunni þarf að draga stórkostlega. Þá er ekki gætt þessa aðalatriðis, að vinna „ökonomiskt", þ. e. a. s. með fjárhagslega hugsun að baki.

Ég get ekki annað en látið í ljós undrun mína yfir því, að hæstv. atvmrh. skyldi láta sér þau orð um munn fara í þessu sambandi, að þeir, sem að stórútgerðinni standa, hafa sumir hverjir komið sér upp sæmilegum húsakynnum hér í bænum. Korpúlfstaðabúið nefndi hann einnig í þessu sambandi. Mér þykir það satt að segja heldur sorglegt, að hæstv. ráðh. skuli enn þá ekki vera kominn lengra í sinni hugsun um þessi mál heldur en það, að þetta skuli gloprast út úr honum. Vegna þess fyrst og fremst, að bak við þetta gæti legið sú hugsun hæstv. ráðh., að hann óskaði heldur, að þessu fé hefði verið varið til einhvers annars, að það væri ófagurt og ógagnlegt fyrir þjóðfélagið, að þeir, sem geta, komi sér upp góðum og varanlegum híbýlum, og að það væri til tjóns fyrir þjóðfélagið, að eitthvað af hagnaði einhvers tíma sé varið til þess að koma upp myndarlegu kúabúi. Mundi hæstv. ráðh. heldur óska, að ekkert sæist eftir af þessu fé, sem um tíma græddist á útgerðinni? Eða má ég spyrja: Sér hann ekki, að neinir aðrir af borgurum þjóðfélagsins hafi komið sér upp sæmilegum húsum heldur en þessir sárafáu útgerðarmenn hér í Rvík? Er honum sama hryggðarefnið, að kaupmenn og aðrir, sem einhvers hafa aflað á þessum tíma, skuli hafa komið sér upp sæmilegu húsnæði? Óskar hæstv. ráðh., að þessu aflafé hefði verið varið til einhvers annars, þannig að þess sæist hvergi merki, eins og milljónum af fé ríkisins hefir verið varið árlega síðan 1927, svo að ekkert stendur eftir, og það, sem kann að sjá einhver merki eftir, er aðallega til þess að auka útgjaldaliði hins opinbera um langa framtíð.

Ég vil ekki fara lengra út í þetta, og gæti það þó gefið tilefni til dægurlangra umr. Mér finnst, að þessi hugsun, komin frá sæti hæstv. atvmrh., beri sorglegan vott um það, að hann haldi, að það sé einhvers virði að segja annað heldur en það, sem er.

Önnur ástæða hæstv. ráðh. fyrir því, að ekki beri að líta til stórútgerðarinnar í þessu sambandi, var sú, að hún væri rekin af hlutafélögum — ríkum hlutafélögum, að mér skildist — og að hluthafar þessara félaga væru líka ríkir menn. Hið fyrra er rétt, að megnið af framleiðslutækjum stórútgerðarinnar er eign hlutafélaga. En ég held, að segja megi með vissu, að eignir hluthafanna í þessum félögum standi aðallega í hlutafénu. Og það mun ekki vera neitt launungarmál, a. m. k. ekki fyrir hæstv. ráðh., að megnið af þessu hlutafé er farið, horfið í töp síðustu ára, og hjá sumum hlutafélögum jafnvel meira en það. Þó að skattavöldin neiti að taka tillit til þess og meti hlutabréf þessara fyrirtækja fyrir ofan allt vit til þess að skattleggja þau, þá má ekki loka augunum fyrir því, að þetta er ekki annað en sjónhverfing. Það er sköttunaraðferð, sem ég vil ekki segja, að hvergi eigi sinn líka, því á síðustu tímum er það sjálfsagt svo víðar en á Íslandi, að ekki þykir fært að skrifa eignir niður eins og þarf, þegar þær verða arðlausar ár eftir ár. Slíkar afskriftir getur ekki viðskiptalífið borið, og það er auðvitað erfitt viðfangsefni. En það má ekki segja, að þeir, sem þetta hlutafé, sem einhverntíma var til, eru taldir eiga, séu auðugir menn. Þeir eru orðnir, að því leyti sem eignir þeirra hafa staðið í þessu hlutafé, eignalausir.

Mönnum getur ekki annað en dottið í hug í sambandi við þetta frv. kreppuráðstöfun ríkisvaldsins fyrir bændurna í landinu. Ég þarf ekki að taka upp neitt af því, sem sagt hefir verið um, hver upphæð er lögð fram í því skyni. En fyrir utan það, að allir bændur í landinu, sem eru fjárhagslega illa staddir, eiga kost á því að fá aðstoð kreppulánasjóðs til þess að lagfæra sín fjármál, og það hvort sem þeir eiga 50 kindur eða 500, hvort sem þeir eiga eina kú eða 50, þá er árlega varið hundruðum þúsunda úr ríkissjóði til þess að styrkja bændur til vaxtagreiðslu, styrkja bændur til framkvæmda, bæta upp andvirði varnings þeirra o. s. frv. Ég held, að það sé varla orðið nokkurt viðskiptaatriði til fyrir bændur landsins, sem þeir ekki geta einhversstaðar leitað eftir styrk til þess að framkvæma. Þetta fé hefir hingað til að miklu leyti verið tekið af sjávarútveginum. Og þessu á að halda áfram eftir að búið er, að því er álíta verður, að koma fjárhag bænda, þeirra, sem verst eru staddir, á viðunandi grundvöll; samt á að halda áfram að styrkja þá á allan hátt, þó látið væri í veðri vaka í upphafi, að hin stórmikla kreppuráðstöfun til handa bændunum væri gerð í því skyni, að þeir gætu þolað verðlagið, er þeir verða að sæta á erlendum markaði. Það var vitanlega ein aðalröksemdin. Nú er hún gleymd, og áfram er haldið að styðja bændur með löggjöf, sem skattleggur sérstaklega nokkurn hluta af borgurunum og ver skattinum til styrktar bændum. Það er ekki verið að spyrja í þessu sambandi, hvort bú bóndans er stórt eða lítið, heldur bara, hvernig hann er staddur. Ég skal ekki fullyrða um, hvort nokkuð af þessu kemur að notum; ég er í miklum vafa um það. En það þykist ég ekki vera í neinum vafa um, að sjávarútvegurinn á tilkall til að fá hlutfallslega svipaða aðstoð ríkisvaldsins. Og þegar hæstv. ríkisstj. ber fram frv. eins og það, sem hér liggur fyrir, um svona ómerkilega úrlausn í þessu vandamáli, þá er ómögulegt að orða það öðruvísi en svo, að gert sé upp á milli atvinnuveganna, og það stórlega.

Ég verð að vísu að láta það í ljós, að ég hefi ekki trú á, að með svipuðum ráðum eins og hér er gert ráð fyrir og eins og leitazt hefir verið við að beita við landbúnaðinn, verði neinu verulegu um þokað um erfiðleika sjávarútvegsins. Því mér sýnist erfiðleikar síðustu tíma

miklu meiri en það, að bættir verði með framlögum úr ríkissjóði, eða yfirleitt með framlögum, sem koma annarsstaðar að heldur en frá sjávarútveginum sjálfum. En hitt er jafnljóst fyrir því, að að því leyti, sem þetta frv. er ekki flutt fram vísvitandi til þess að sýnast, þá ber það ljósan vott um, að sjávarútvegurinn er sá hluti af atvinnulífi þjóðarinnar, sem hæstv. stj. og meiri hl. þings virðist vera nokkuð sama um, hvernig blessast.

Atvmrh. (Haraldur Guðmundsson) [óyfirl.]: Hv. 5. þm. Reykv. lauk máli sínu með því, að hann hefði ekki trú á, að með samskonar ráðum eins og hefði verið freistað til þess að rétta hag landbúnaðarins með kreppulögunum væri unnt að rétta við hag sjávarútvegsins. Með þessu hefir eiginlega hv. þm. svarað og að engu gert sín ummæli um það, að sjálfsagt væri að veita samskonar styrk til sjávarútvegsins eins og veittur var til landbúnaðarins með kreppulánasjóðslögunum. Ef menn hafa ekki trú á, að það verði til þess að reisa sjávarútveginn við, þá er engin meining að grípa til svo dýrra ráðstafana. Um það hygg ég allir ættu að geta verið sammála. Ég get líka tekið undir það með hv. þm., sem hann sagði á síðasta fundi, að ef svo færi, að markaðurinn fyrir fisk okkar lokaðist stórkostlega frá því, sem nú er, og ekki tækist að vinna nýja markaði í staðinn, þá væri ekki hægt að gera sér vonir um, að með fjárframlögur úr ríkissjóði yrði hægt að reisa sjávarútveginn við. Vonir okkar beggja hljóta því að standa í þá átt, að ekki takist svo hörmulega til með sölu afurðanna, að til slíks komi.

Hv. þm. vildi leggja mér þau orð í munn, að togaraflotinn væri ekki í neinni yfirvofandi hættu. Þetta hefi ég aldrei sagt. Ég sagðist ekkert um það vilja fullyrða, hvort togaraútgerðin eða annar þáttur sjávarútvegsins væri í bráðari yfirvofandi hættu. Ég sagðist þó vita, að nokkur hluti vélbátaútvegsins væri í bráðari hættu, þannig að hann myndi fyrr stöðvast í framhaldandi erfiðleikum heldur en togaraflotinn. Og ég byggði það á því, að tiltölulega meira af skuldum vélbátaútgerðarmanna, sem verst eru staddir, eru lausaskuldir heldur en af skuldum togarafélaganna; ósamningsbundnar skuldir hjá mönnum, sem enga hagsmuni hafa við útgerðina bundna og ekki telja skyldu sína að sjá um, að atvinnuvegirnir haldist gangandi. Þar er öðru máli að gegna um lánsstofnanirnar, sem ríkið stendur á bak við, bankana.

Þá flutti hv. þm. langt erindi um það, hvernig andaði til þeirra úr ráðherrastólunum, sem að togaraútgerðinni stæðu, að séð væri ofsjónum yfir því, að þeir byggðu sér sæmileg hús, ræktuðu jörðina og þesshátt ar. Allt er þetta hin mesta fjarstæða.

Þá beindi hv. 5. þm. Reykv. þeirri spurningu til mín í lokakapítula ræðu sinnar, hvort ég myndi heldur óska þess, að þessu fé hefði verið eytt á annan hátt. Ég vil svara þessari spurningu og þá um leið þessum kapítula öllum. Ég myndi vilja, að þetta fé, sem tekið hefir verið frá útgerðinni og varið til þess að reisa dýr íbúðarhús — hús, sem kannske kosta um 70 þús. kr. — eða varið hefir verið til annara fyrirtækja, óskyldra útgerðinni, væri nú til sem reiðufé í varasjóðum, sem útgerðin gæti gripið til á þessum örðugu tímum. Mér þætti skrítið að sjá framan í þann mann, sem ekki vildi óska þessa hins sama, og ég hygg, að um það séu ekki mjög skiptar meiningar, að þetta væri æskilegt. En það tjáir ekki að sakast um orðinn hlut. Þetta fé er nú orðið bundið og verður ekki í annað notað; og án þess að ég vildi nokkuð fara að rifja upp þennan kapítula, vildi ég svara þessari spurningu, sem hv. 5. þm. Reykv. beindi til mín, og það hefi ég nú gert. (**PHalld**: Út í hött). Það skiptir engu máli um niðurstöðuna. Að vísu er ekki hægt að fá að vita, hve fé það, sem á þennan hátt er bundið, er mikið, en það er enginn vafi á, að þarna er um geysiháar fjárhæðir að ræða, og myndi margir óska, að þetta fé væri nú til handa útgerðinni, eða að það hefði verið notað til eðlilegs viðhalds á henni, eins og fyllilega hefði þurft, og nægir í því sambandi að benda á yfirlýsingar sjálfstæðismanna um það, hvernig skipunum sé við haldið.

Þá sagði hv. 5. þm. Reykv., að ég hefði verið að tala um rík hlutafélög, sem gerðu út togara. Þetta er alls ekki rétt, enda væri þá þýðingarlaust að tala um fjárstyrk af hendi hins opinbera. Hitt sagði ég, að í sumum þessum hlutafélögum væru ýmsir mjög vel efnaðir menn, og þetta er staðreynd og þýðir ekkert að krossa sig á bak og brjóst með guðræknissvip og neita því. — Ég held, að það hafi ekki verið fleira í sambandi við ræðu hv. 5. þm. Reykv., sem ég hefi ástæðu til að taka fram, en ég get tekið undir það, sem hann sagði um einhliða ráðstafanir. Og ég hygg, að það sýni sig, að allt of einhliða ráðstafanir hafa verið gerðar, allt of mikil áherzla lögð á að koma á dýrum skuldaskilum. Þetta sama vakir fyrir mér nú, ég held, að hið opinbera megi ekki binda sig svo, að ekki sé til fé til að létta undir rekstrarafkomu útgerðarinnar.

Þá vil ég víkja að því, sem hv. 6. þm. Reykv. mælti til mín í gær í ræðu, sem ég sumpart heyrði, en sumpart heyrði ekki, af því ég var þá á flótta, eins og það heitir á þeirra máli — sbr. Mbl., þ. e. a. s., að ég gat þá ekki verið viðstaddur. Ég hygg nú, að flest af því hafi verið endurtekningar, eins og svo oft vill verða; en eitt af því, sem hann sagði og ég heyrði, og ég vil ekki láta ómótmælt, var það, að ég sem ráðh. hefði ekki gert annað en þvælast fyrir frv., þó að ég hefði beitt hóglátari aðferð en ýmsir aðrir minir flokksmenn, sem hefðu svívirt útgerðina svo, að honum, hv. 6. þm. Reykv., blöskraði, og getur hann þó stundum tekið upp í sig. Það er hv. 6. þm. Reykv. og hans mönnum að kenna, að ekki er þegar fengin lausn á þessu máli. Á síðasta þingi bauð ég að leysa málið á þeim grundvelli, sem lagður er með þessu frv.

Um þá óvild gegn ríku mönnunum, sem hv. þm. segir, að svo mikið beri á hjá mér, skal ég ekki segja margt, ég hefi sjálfur ekki gefið tilefni til þessa, nema ef það væri með því, að ég benti á, að ég hefði talið það fé, sem hefir verið tekið frá útgerðinni til óskyldra athafna, bet-

ur komið sem starfsfé í varasjóðum fyrir útgerðina, og að ég hefði heldur kosið, að því hefði verið varið á þann hátt.

Um það, hve tregir menn séu á að gefa eftir af skuldum, má lengi deila. Ef menn telja von um, að hagur skuldunauta batni, munu ýmsir verða tregir til að sleppa voninni, en ég hygg, að eins og horfur eru nú, þá séu ekki margir, sem geri sér þær hugmyndir, að framundan standi þeir uppgripatímar fyrir útgerðina, að mikil von sé um, að þær skuldir greiðist, sem nú eru vonlausar. Hygg ég, að flestir líti svo á, að betra sé að gefa eftir og fá eitthvað greitt af skuldinni heldur en að hafa vonina eina. Um þetta má auðvitað deila, en ég hygg, að þar sem svo er komið, að skuldir eru meiri en 75% allra eigna, að með því láni, sem svarar til 15—20% af virðingarverði eignanna, yrði ekki örðugt að ná samkomulagi við lánardrottna, þó að undantekningar geti verið á því. En í frv. er gert ráð fyrir því, að ef helmingur eða meira en helmingur umboðsmanna kröfuhafa samþykki eftirgjöf, þá verði hinir að beygja sig, og ég hygg, að eins og nú horfir, þá sé í langflestum tilfellum auðvelt að fá helming kröfuhafa til að fallast á þau skuldaskil, sem gert er ráð fyrir innan ramma frv.

Þá sagði hv. 6. þm., Reykv. það, og þóttist hafa orðrétt eftir mér, að ég vildi ekki hjálpa hlutafélögum, sem rækju útgerð. Þetta er ekki rétt, en hitt sagði ég, að þar sem geta ríkissjóðs væri takmörkuð, yrði fyrst og fremst að líta á það, sem mest væri aðkallandi, en það er sá hluti vélbátaútgerðarinnar, sem ætlast er til, að þessi lög nái til, þar eð atvinna flestra manna er bundin við hann, samanborið við það fjármagn, sem hann krefur, og þetta er gert með því frv., sem hér liggur fyrir. Hitt veit þessi hv. þm. eins vel og ég, að eins og sakir standa er ekki hægt að leggja fram til skuldaskila þá upphæð, sem nægir til að hjálpa útgerðinni í heild. Það frv. er því ekki af heilum huga fram borið, heldur er það tylliástæða til að spilla framgangi þessa frv., undir því yfirskini, að þessir hv. flm. þess vilji hjálpa allri útgerðinni, jafnt stórútgerðinni sem smáútgerðinni, jafnt hvort sem skuldirnar eru hundruð þúsunda, jafnvel milljónir, eða þær eru 1—2 þús. Undir þessu yfirskini ætla þeir að hindra það, að vélbátaútveginum komi hjálp. Það er þetta, sem er ósæmilegt við þennan málsflutning, og það er þetta, sem ég verð að víta hjá andstæðingum frumvarpsins.

Pétur Halldórsson [óyfirl.]: Hæstv. atvmrh. má ekki líta svo á, að hann hafi komið mér að óvörum með því að taka upp síðustu orðin, sem ég sagði. Eins og ég sagði þá, og hefi sagt fyrr, hefi ég ekki trú á, að ríkisvaldið geti, með ákvæðum svipuðum þeim, sem í þessu frv. eru, bjargað sjávarútveginum úr þeim vandræðum, sem hann nú er staddur í. Hæstv. atvmrh. dregur þá ályktun, að þá skuli ég ekki um þetta tala og þá ekki heimta framlag til allrar útgerðarinnar, heldur að minnsta kosti sætta mig við þetta lítilfjörlega frumvarp, sem stjórnin flytur.

Sé nú svo, að það sé vonlaust verk fyrir ráðh. með tilhneigingu til skipulagningar að framkvæma þetta mikla verk, sem fyrst og fremst er það, að hjálpa til þess að það megi halda áfram að reka íslenzkan sjávarútveg, með þeim tilkostnaði, sem á honum hvílir nú, þá vil ég segja það, að þó þetta verkefni sé vonlaust, eins og ég hefi látið í ljós, þá álít ég ekki, að bein afleiðing af því sé sú, að hætt sé að hjálpa þeim, sem lakast eru staddir af þeim lökustu. Ef samvinna um þetta væri fáanleg, eins og mér heyrðist, að vel gæti hugsazt, þá væri það bein afleiðing af þeirri hugsun, að hæstv. ráðh. ætti að biðja meiri hl. sjútvn. að taka frumv. til lagfæringar. En eins og ég hefi sagt, og stend við, þá álít ég, að þetta sé kák og aðeins gert til að sýnast, og þess vegna má hæstv. ráðh. ekki ætlast til, að ég fylgi frumv. og allra síst, ef ég væri í hópi skipulagningarmanna, því þá er farið aftan að siðunum, þegar hæstv. ráðh. segir, að þetta sé tilraun til þess að líta fyrst og fremst á það, sem mest kalli að.

Hvað kallar að? Ef það kallar að að takmarka útflutning á saltfiski um ⅓ og kannske um ½, hvað kallar þá að? Þá ættu skipulagningarmennirnir að koma og segja: Nú kallar það að, að hætt sé að nota þau framleiðslutæki, sem dýrust eru í framkvæmd. Þeir menn, sem ætla sér að skipuleggja, mega ekki um leið vera svo „human" eða svo fullir mannkærleika, að þeir af þeim ástæðum styðji allt það, sem fúið er og fánýtt. Það er alveg öfugt við planeringu. Það er engin þjóðfélagsleg ökonomi. Það er ekki skipulagning, heldur hugsanagrautur, og ekkert annað. Hæstv. ráðh. sagðist óska þess, að nú væri til í varasjóðum allt það fé, sem frá upphafi hefir verið goldið sem arður af því kapitali, sem í útgerðinni stendur, og gæti nú komið til viðbótar þeim eignum, sem hægt væri að grípa til. Ég skil þessa ósk hæstv. ráðh., en hún er ekkert annað en fjarstæða. Það sér væntanlega hver hugsandi maður, að það er engin von, að þetta fé komi til þess að ausa því í tjón á tjón ofan, og það er ekkert æskilegra, að þetta fé komi aftur heldur en fé allra landsmanna. Útgerðarmenn hafa notað þetta fé til beinna þarfa sinna, t. d. með því að breyta húsaleigu sinni í húsabyggingar. Ég vil í sambandi við þetta spyrja hæstv. ráðh., hvort hann geti gert þessari hv. þd. grein fyrir því, hve miklu af umsetningu, eða af því kapitali, sem í fyrirtækjunum er bundið, sá arður hafi numið, sem frá fyrstu hafi verið greiddur til hluthafanna. Ég veit, að hæstv. ráðh. getur þetta ekki, en mér er nær að halda, að ef rannsókn færi fram á þessum efnum, þá kæmi það í ljós, að sá arður, sem hlut-höfum þannig hefir verið greiddur af stofnfé, væri svo lítill, að allir mundu undrast.

Það er ekkert annað en lýðskrum hjá hæstv. atvmrh. eða öðrum þeim, sem um það tala, að þeir, sem að útgerðinni standa, hafi getað byggt sér hús — eins og svo fjöldamargir aðrir borgarar hafa gert. En það getur komið að því fyrir þessum mönnum, að þeir verði að hætta því á undan öðrum og að aðrir flytji inn í hús þeirra. Ég get ekki séð réttmæti þess, að þeir

vegna atvinnurekstrar síns þurfi að verða fyrstir fyrir þessu frekar en aðrir menn.

Nú hafði ég aðeins spurt hæstv. ráðh., hvort honum fyndist æskilegra, að þessu fé, sem varið hefði verið til húsbygginga og annara framkvæmda, hefði verið komið þannig í eyðslu, að ekkert sæist eftir af því, eins og er með megnið af því fé, sem hæstv. ríkisstj. hefir farið með síðan 1927. Þessari spurningu svaraði hæstv. ráðh. ekki, heldur fór undan í flæmingi. Þess vegna er þetta tal hæstv. ráðh. — ef þetta eru rök hans fyrir því að líta ekki eins á þörf stórútgerðarinnar eins og þeirrar smærri — fánýtt og einskisvert. Það hefir ekkert verið borið fram, sem sýni það, að frv. þetta sé borið fram af fulltrúa hinna vinnandi stétta í landinu. Hér er ekkert verið að hugsa um skipulagningu, ekkert verið að hugsa um að láta það lifa, sem lífvænlegt er. Þetta málefni er í eðli sínu eins og síldaruppbótin til sjómanna. Það er ekki verið að líta á allsherjar nauðsyn og alþjóðarhag, heldur er verið að afla kosningafylgis, og svo lengi sem ríkissjóður er notaður til þess í stórum stíl, svo lengi er vonlaust um hag og heill þjóðarinnar.

Sigurður Kristjánsson [óyfirl.]: Ég hefði ekki beðið um orðið, ef hæstv. atvmrh. hefði ekki vikið þeim orðum persónulega að mér og meðflm. mínum, að það frv., sem við nú í annað sinn flytjum fram á hinu háa Alþ., væri ekki af heilum huga flutt. Mér þykir nú hæstv. atvmrh. vera farinn að grýta fullhart úr glerhúsinu og mun kvitta fyrir það með nokkrum orðum áður en ég sezt. En af því að hæstv. forseti leyfði mér að gera þessa aths., vil ég gera aths. við nokkur fleiri atriði, sem sumpart er ranglega farið með hjá hæstv. ráðh., og sumpart rangar ályktanir af mínum orðum.

Hæstv. atvmrh. hefir ekki enn gert hreint fyrir sínum dyrum og svarað því afdráttarlaust, hvort hann álítur, að sú 1½ millj., sem ætluð er til skuldaskila útgerðarinnar samkv. frumv. hans, muni nægja til að rétta hag útgerðarinnar, svo að hún sem atvinnuvegur muni reisast úr þeim fjárhagslega kút, sem hún nú er í, með þessari 1½ millj. Ég hefi litið svo á, að þetta væri mál, sem varðaði alþjóð, og því ætti fyrst og fremst að athuga, hvort þessi atvinnuvegur í heild sinni væri í hættu staddur, hvort horfur séu á því, að hann svíki undan athafnalífi þjóðarinnar og skapi þar með starfleysi, og haga svo aðgerðunum eftir því, hvort komizt yrði að þessari niðurstöðu.

Við, sem fluttum frumv. í fyrra — og flytjum það aftur nú —, álítum, að þessi hætta sé fyrir dyrum, og því beri að hefjast handa. Ég vil benda á það í þessu sambandi, að ef atvinnuvegur er svo hætt staddur, að hann er rekinn með tapi og liggur við borð, að það dragi úr honum að miklum mun eða dragist svo saman, að ekki verði nema arðminni hluti hans í gangi, þá er sjálfsagt í fyrsta lagi að athuga, hvaða þunga sé hægt að velta af atvinnugreininni. Ég hygg, ef hæstv. atvmrh. væri staddur á sökkvandi fleytu á óstæðu vatni, að honum yrði það fyrst fyrir að athuga, hvort ekki væri hægt að létta fleytuna með því að kasta einhverju út — þ. e. a. s. öðru en sjálfum sér. Á útgerðinni hafa hvílt geysiþungir skattar um undanfarin ár, skattar, sem nema nálega 1 millj. árlega. Það er óhugsandi, að maður með skynsemd hæstv. atvmrh. sjái ekki, að það, sem fyrst ber að gera, er að velta af þessum óbærilega þunga steini, sem lagður er á herðar þeirra manna, sem menn héldu, að hann nú ætti að hugsa um. Þó hæstv. atvmrh. látist ekki sjá þetta og hlaupi í króka og lykkjur undan sannleikanum, sem er ekkert annað en það, að fá þessum beinu útgjöldum af létt. Hitt er svo aukaatriði og sérmál útgerðarinnar, að hún verji þessu fé til þess að mynda fyrir sig skuldaskilasjóð.

Hæstv. ráðh. sagði nú, að það væri okkar skuld, sjálfstæðismanna, að þetta mál hefði ekki verið leyst þegar á þinginu í fyrra. Ég veit það, að það er okkar skuld, að ekki var hægt að kæfa þetta mál gersamlega, eins og hæstv. ráðh. gerði hinar ítrekuðustu tilraunir til og hans flokkur. En af því að hann hafði nokkru meiri sóma að gæta og skyldu að rækja en margir hans flokksmanna, þá fór hann hóflega í málið, tók þann kostinn að þvælast fyrir viku eftir viku og mánuð eftir mánuð. Það varð til þess, að málið fékk ekki afgreiðslu. Ekkert hamlaði meir afgreiðslu málsins en það, að hans flokksmenn vildu ekki, að það yrði leyst. Og þegar hann vék því að mér, að þetta frv. okkar sjálfstæðismanna sé ekki flutt af heilum hug, þá spyr ég: Af hverju skipaði hann n. til að rannsaka þessi mál milli þinga? Hvernig heldur hann, að þeir menn skilji sitt hlutverk, sem skipaðir eru til að athuga þessi mál? Heldur hann, að þeir skilji það þannig, að þeir eigi að svíkjast frá því og segja sem svo, að allt geti lafað svona, ef þeir álíta, að eitthvað verði að gerast? Nei, okkar frv. er flutt af sannfæringu þess, að þeirra aðgerða sé mikil nauðsyn, sem það fer fram á.

En ég get sagt hæstv. ráðh. það, að það er sannfæring mín, að hans frv. sé ekki flutt af heilum hug. Það er honum áreiðanlega ljóst sjálfum, að þessi 1½ millj. nægir hvergi nærri til þess að koma þessum mikla atvinnurekstri á öruggan fjárhagslegan grundvöll. Og ég efast ekki um, að frv. hans og hans fylgismanna er ætlað til þess að blekkja einhvern hluta — a. m. k. — af útgerðarmönnum og þeim öðrum, sem lifa óbeint á útgerð, í þessum sökum, og látast vera viðgjarnlegur í þeirra garð. En tilgangurinn er að flýja frá málinu sjálfu og kannske líka að nota þessa skoplegu upphæð — sem ég vil kalla — til þess að kaupa sér fylgi eins og óbeinlínis að níðast á öðrum, eins og hefir einkennt svo nákvæmlega feril þessara flokka, sem nú ráða hér á þingi, í meðferð þess fjár, sem er almennings eign, sem er ríkissjóður. Hann hefir verið notaður til pólitískra kaupa annarsvegar og til áníðslu á andstæðinga hinsvegar. Og þessi smáupphæð er einmitt svona sniðin rétt til þessa. Það er gersamlega óhugsandi, að hún geti orðið útveginum að verulegu liði, ef ætti að jafna henni niður óhlutdrægt. Ég veit ósköp vel, að hæstv. atvmrh. hefir viss-

ar afsakanir. Hann hefir staðið í fylkingarbrjósti þess flokks, sem í fjölda, fjölda mörg ár hefir stundað það að rífa niður atvinnuvegi landsmanna og egna upp það fólk, sem tekur sinn arð beint í verkalaunum, gegn þeim, sem standa fyrir atvinnurekstri til lands og sjávar. Þessi niðurrifsstarfsemi er búin að móta svo hugarfar bæði hans og annara þeirra manna, sem í þeirri fylkingu hafa staðið, að þeir kunna ekki að hugsa á þann hátt, sem þeir menn verða að hugsa, sem ætla sér að styðja og byggja upp atvinnuvegina í landinu. Og það er þess vegna að mínu áliti allt að því hneyksli, að maður úr þeim herbúðum sé orðinn að atvmrh. í landinu.

Ég skal svo ekki eyða meira púðri á þennan ráðh. En hjá hæstv. fjmrh. þarf ég að leiðrétta nokkrar rangfærslur, með leyfi hæstv. forseta. Ég veit ekki, hvort hann er þarna inni í lambakrónni, — vona, að svo sé, en ég skal reyna að haga orðum mínum svo, að ekki sé beinlínis særandi fyrir hann. Hann kvað vera alrangt með farið hjá mér, að Framsfl. hefði farið með fjármálastj. í 8 ár, — hann hefði farið með fjármálastj. í 4½ ár með sósíalistum, en 3½ með stuðningi sjálfstæðismanna. Þess vegna sagði hann, að sjálfstæðismenn beri vitanlega ábyrgð á fjármálastj. landsins. Þessum hæstv. ráðh. er vel kunnugt um það, að sjálfstæðismenn hafa aldrei síðan 1927 ráðið neinu um fjármálastj. landsins. Hitt er honum jafnkunnugt, að þeir hafa mótmælt svo að segja hverju einasta atriði, sem hefir sýnt sig að vera misráðið hjá stj. Þetta hafa þeir gert líka þann tíma, sem þeir áttu einn ráðh. í stj., að svo miklu leyti sem átti við. En eins og ég tók fram á laugardaginn, þá er ekki hægt að neita, að það er mjög mikill munur á fjárstj. þau árin, sem framsóknarmenn höfðu ekki kröfur sósíalista til fjáraustur yfir sér, en það var einmitt það árabilið, sem sjálfstæðismenn áttu ráðh. í stj. En hann var vitanlega í minni hl., og hans hlutverk var allt annað. Hann var blátt áfram *til sátta í kjördæmamálinu. Hæstv. ráðh.* lét sér um munn fara aðra eins fjarstæðu og þá, að sjálfstæðismenn hefðu aldrei haft sérstöðu um fjármálastj. ríkisins. Ég veit ekki, hvaðan *hann heldur, að hlustendur sínir séu komnir!* Líklega úr ennþá þykkri hól en hann sjálfur! Það veit hvert mannsbarn í landinu, að í 8 ár hafa langmestar pólitískar deilur í landinu staðið *milli sjálfstæðismanna annarsvegar og* framsóknarmanna hinsvegar um fjármálastj. í landinu. — Þessu máli sínu til stuðnings sagði ráðh., að sjálfstæðismenn hefðu samþ. allar lántökur erlendis, sem farið hafa fram. Ég vil nú spyrja þennan hæstv. ráðh.: Hvernig heldur hann, að sé hægt að komast hjá því, þegar búið er að eyða fénu, að samþ. að gera samninga um það? Það veit ráðh., að þegar framsóknarstj. var búin að éta út þúsundir og milljónir á milljónir ofan, þá kom hún alveg eins og til okkar nú fyrsta dag þessa þings og bað um að samþ. í guðanna bænum með afbrigðum frá þingsköpum 12 millj. kr. lán. Hvar eru þær nú? Þær eru upp étnar. Það er ekki ný lántaka, heldur að lán sé ekki kræft fyrirvaralaust. Það eru sjálfstæðismenn, sem verða að samþ., að fyrir hengingarvíxla, sem framsóknarstj. hefir tekið, sé hægt að ganga að ríkinu hvenær sem er. Það var ekkert annað en að gera samninga um þessa hengingarvíxla, sem fjármálaóstjórnin hafði leitt yfir okkur.

Ég vildi mótmæla þessu um leið og ég gekk, að við sjálfstæðismenn hefðum ekki haft sérstöðu um fjárstj. ríkisins, því að við höfðum fyrst og fremst sérstöðu þar.

Það var ekki lítill gorgeir í hæstv. ráðh., þegar hann var að segja, að það varðaði engan mann um það, hvort mér væri ekki launungarmál á þessu eða hinu. En ég segi, að það varðar landslýðinn miklu, hvers vegna frá hendi fjmrh. er launung í þessu máli. Ég vil hér með skora á hann að birta öll skeyti, sem farið hafa milli hans og annara aðilja, og allar yfirlýsingar frá honum út af þessu máli, og síðan skulum við ekki tala frekar um, hverjum er launung. Mér er ekki launung á neinu, sem mér við kemur í stjórnmálum, enda er það smærra. En ég vildi, að ráðh. væri ekki launung á því, sem hann hefir gert. Og ef hann vill ekki birta plögg viðvíkjandi þessu máli, þá munu margir álykta — og sennilega með réttu —, að þar sé eitthvað, sem fela þurfi.

Atvmrh. (Haraldur Guðmundsson) [óyfirl.]: Út af ummælum hv. 5. þm. Reykv. um það, að sjálfsagt sé að styðja þá grein útvegsins, sem sýnir besta afkomu, en háskalegt hinsvegar, sérstaklega fyrir skipulagsmenn, sé að nota getu ríkissjóðs til þess að styðja aðrar greinir, sem sýna verri afkomumöguleika, vil ég benda á, að samkv. skýrslu mþn. í sjávarútvegsmálum, sem ég efast ekki um, að hann telji mjög ábyggilegt plagg, hefir niðurstaðan á rekstri þeirra skipa, sem rekstrarafkomuskýrslur ná yfir — þar vanta því miður ekki fá skip —, verið sem hér segir:

Á vélbátaútveginum hefir orðið samanlagt tap 2 millj. 100 þús. kr., 4 flokkum vélbáta á þorsk- *og síldveiðum. En tapið á línubátunum og tog*urum, sem hv. þm. telur, að beri sig bezt, er talið 6,5 millj. kr., eða meira en þreföld upphæð tapsins á vélbátunum. Þetta sýnir a. m. k., *að það var ákaflega lausleg ágiskun á ferð eða* lítt upp byggð fullyrðing, eins og fleira hjá þessum hv. þm. Ef miðað er við rekstrarafkomu sjávarútvegsins — (SK: Hvaða arð báru þessar tegundir útvegs fólkinu, sem að honum vann?). Það er þessi þm. búinn að reikna meir en ég, því að hann hefir ekki gert annað síðustu tvö árin en það. En niðurstaðan úr skýrslu mþn. sýnir þveröfugt við það, sem hv. þm. lét í ljós. Ég skal ekki fullyrða, hversu vel þetta er upp byggt. Vitanlegt er, að allmikið vantar í skýrsluna. En þetta er niðurstaðan, sem hún sýnir. Aflamagnið á þessum flota samanlögðum er að ég hygg heldur meira en á botnvörpuskipaflotanum, jafnvel þótt línuveiðarar séu taldir með, og þetta er niðurstaðan.

Þá bar hv. þm. brigður á það hjá mér, að af lausu skuldunum stafaði vélbátum meiri hætta en togurum. Ég hefi ekki aðrar öruggari heimildir en þessa skýrslu. En samkv. henni eru

verzlunarskuldir hjá vélbátum, sem allt eru lausaskuldir — línuveiðarar eru taldir með að einhverju leyti —, 4 millj. 310 þús. kr., en tilsvarandi lausar skuldir hjá togurum taldar 1 millj. 387 þús. kr., eða tæpur ⅓ af skuldaupphæð vélbátanna.

Þá taldi hv. þm. einnig sýnt og sannað, að togarar borguðu sig bezt fjárhagslega að því leyti, að tiltölulega minna færi úr landi við rekstur þeirra en vélbáta. Ég er nú svo alveg nýlega búinn að fá í hendur skýrslu mþn. og því ekki búinn að kynna mér nægilega niðurstöður. En ég sé það þó, sem ég vissi áður, að það er miklu meiri hluti af aflamagni vélbátaútvegsins heldur en togaraútvegsins, sem gengur beint til skipsmanna. Ég mun taka þetta nokkru nánar upp til 3. umr. og benda á það þá. En ég hygg, að þessar tilvitnanir úr skýrslu n. megi sýna hv. þm. fram á, að því fer ákaflega fjarri, að vélbátar séu sá hluti útvegsins, sem sízt sé ástæða til að veita nokkurn stuðning. Sérstaklega þegar þess er gætt, að sá stuðningur, sem gert er ráð fyrir, nemur fullum 75% af þeim töpum, sem skýrslan sýnir, að hann hafi beðið á árunum 1929—1932, það tímabil, sem rannsóknin nær yfir.

En að því er hinar tegundir útvegsins snertir er um svo geysiháar upphæðir að ræða, að það mundi reyna stórkostlega miklu meir á greiðslugetu ríkisins, ef ætti að taka þær með. Og þeim stafar miklu minni hætta yfir höfuð af lausu skuldunum heldur en vélbátunum.

Út af ummælum hv. 6. þm. Reykv. (SK) skal ég segja það, að hann má kalla það hneykslí, ef honum er það hugarléttir, að ég sé ráðh. Ég veit, að honum væri hugstæðara að vera það sjálfur, en kjósendurnir vildu ekki leyfa það, og hann verður að sakast um það við þá. Hann kvað skoplegt að láta sér detta í hug að koma sjávarútveginum á öruggan grundvöll með 1½ millj. kr. Hann má hafa hvaða orð, sem hann vill, um þetta. En það hefir verið sýnt fram á — og ekki reynt að hrekja —, að þeirri grein útvegsins, sem frv. á að ná til, má veita ákaflega mikilsverðan stuðning með þessari fjárhæð. Hitt er rétt — og ég tek undir það með hv. 5. þm. Reykv. —, að það er barnaskapur og ekkert annað að láta sér detta í hug, að með afslætti og samningum um skuldir sé hægt að tryggja afkomu sjávarútvegsins. Það má létta í bili, ef með öðrum ráðstöfunum er hægt að tryggja rekstrarafkomuna í framtíðinni. En skuldaskilin ein út af fyrir sig eru aðeins einn þátturinn í því starfi, og ekki sá þátturinn, sem mestu máli skiptir.

Hv. 6. þm. Reykv. kvað það bersýnilegt, að ekkert vit né skynsemi gæti verið í því að halda áfram að taka útflutningsgjald af sjávarútveginum, eins og högum hans er komið. Þegar einhver væri að sligast undir þunga, þá væri byrjað á að velta honum af, svo að maðurinn gæti gengið uppréttur. Þetta vill hann gera við útveginn á þann hátt, að taka sem útflutningsgjaldinu nemur úr ríkissjóði og leggja í skuldaskilasjóð, en útvegurinn á eftir sem áður að halda áfram að greiða útflutningsgjald í ríkissjóð. Þetta minnir mig á þá erfiðu list, sem sum börn halda sig geta gert, bæði að éta kökuna sína og eiga hana.

Fjmrh. (Eysteinn Jónsson) [óyfirl.]: Þau atriði, sem ég þarf að ræða við hv. 6. þm. Reykv., standa ekki í beinu sambandi við frv., sem fyrir liggur. En það hefir æxlazt þannig, að þau komu inn í umr., og verða menn að þola, að á þau sé drepið. Ég fer ekki langt út í að ræða þau atriði, því að hv. þm. endurtók að mestu það, sem hann sagði á laugardaginn, — og m. a., að Sjálfstfl. hefði ekki ráðið í fjármálum síðan 1927. Ég færði rök að því á laugardaginn, að þetta er ekki rétt. Flokkurinn studdi stj. síðustu tvö árin, og sú stj. hafði auðvitað fjármálin með höndum, sem er jafnan aðalmálið, sem fengizt er við á hverjum tíma. (SK: Í hvaða flokki var fjmrh.?). Hann var í Framsfl., en fjárl. voru samþ. sameiginlega af flokkunum. Það er í mesta máta ómannlegt af þm., sem studdu fyrrv. stj., að reyna að skjóta sér undan ábyrgðinni, þó að þeim falli ekki að öllu leyti útkoman.

Þá sagði þm., að ég hefði sagt það fjarstæðu vera, að Sjálfstfl. hefði sérstöðu í fjármálum. Ég sagði það ekki. En ég sagði, að hann hefði ekki sýnt neina sérstöðu þennan tíma, sem hann stóð að þessum málum, og að flokkurinn hafi þá enga stefnubreyt. sýnt, þó að hann hafi haft aðstöðu til að koma henni við.

Þá sagði hv. þm., að afstaða Sjálfstfl. til lántöku hafi verið sú, að hann hafi ekki séð sér fært að vera á móti því að taka peninga til að greiða fé, sem búið var að eyða. Þetta á alls ekki við um þau lán, sem hann samþ. með Framsfl., því að þau lán voru, eins og eðlilegt er, fyrst tekin og síðan eytt, en ekki það gagnstæða.

Þá spurði hv. þm., hvers vegna mér væri sérstök launung á því, sem fram hefir farið á milli mín og annara út af nýafstaðinni lántöku. Ég veit ekki til þess, að ég haldi neinu leyndu í því sambandi. Ég veit ekki betur en gerð hafi verið full grein fyrir, hvaða upplýsingar voru gefnar og öðru, sem máli skipti, svo að ég skil ekki dylgjur hv. þm.

Ég læt staðar numið um þetta nú. Mætti auðvitað lengi deila á þessum grundvelli um fjármálastjórn Framsfl. og Sjálfstfl. og annara flokka. En það snertir ekki dagskrármálið, og tel ég ekki rétt að eyða tíma þd. í það nú, þó að ég yrði með nokkrum orðum að svara hv. 6. þm. Reykv. út af tali hans um síðustu lántöku og aðrar.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
2.—26. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 19 shlj. atkv.

Á 39. fundi í Nd., 27. marz, var frv. tekið til 3. umr. (A. 97, 293).

Of skammt var liðið frá útbýtingu brtt. 293. — Afbrigði leyfð og samþykkt með 19 shlj. atkvæðum.

Atvmrh. (Haraldur Guðmundsson) [óyfirl.]: Till. er flutt í framhaldi af því, sem ég sagði við 2. umr. málsins, og þar sem ég gerði nokkra grein fyrir henni, þá get ég verið stuttorður nú. Svo er til ætlazt, að ef stj. sjóðsins þykir það hentugra, þá geti hún gefið út handhafaskuldabréf í hlutföllunum 175:150, og hækkar þá tillagið eftir 11. gr. í samræmi við það.

Ástæðan fyrir því, að lagt er til, að upphæðin sé hærri, ef gefin eru út handhafaskuldabréf, er sú, að búizt er við, ef þau verða notuð til skuldaskila, að ekki verði eins þægilegt að ná samningum, og er gert ráð fyrir, að sá mismunur nemi um 12½%, og er varla ástæða til að búast við, að hann verði meiri, þegar þess er gætt, að bréfin eiga að vera fullgildur gjaldeyrir til lúkningar á skuldum fram til 1935, á sama hátt og bréf kreppulánasjóðs voru fram til 1933. En sá hængur er á, eins og sett var á síðasta þingi um kreppulánasjóðsbréf bænda, að þau eru ekki gjaldgild til ríkis eða bæjarfélaga. Þótti sjálfsagt að samræma báða þessa flokka handhafaskuldabréfa ríkissjóðs. Í samræmi við þetta er í 4. gr. gert ráð fyrir 15—20% mismun, eftir því hvort greitt er í peningum eða skuldabréfum. Hygg ég, að þessa sé svo ljóst, að óþarfi sé að fjölyrða frekar um það.

Jóhann Jósefsson [óyfirl.]: Við 2. umr. þessa máls lýsti hæstv. atvmrh. því yfir, að hann skyldi sjá svo til, að viðræður gætu orðið milli beggja aðila, sem að skuldaskilafrv. standa, milli 2. og 3. umr. Mér þykir nú fyrir því, að hæstv. ráðh. skuli ekki hafa tekið neitt tillit til minni hl. sjútvn. og afstöðu Sjálfstfl. til málsins, eða leitazt við að efna loforð sín, að öðru leyti en því, að flytja þessa brtt., sem lítill tími er til að athuga, ef afgr. á málið nú frá 3. umr. En eins og sakir standa, er ekki um það að sakast, fyrst hæstv. ráðh. þóknast að hafa það svo, og mun minni hl. sjútvn. ekki hafa tök á að beygja hann eða sveigja inn á aðrar brautir. En þó ég álíti, að hér sé allt of skammt gengið og að frv. okkar sjálfstæðismanna sé betra en frv. stj., þá hefi ég samt látið mér koma til hugar, að eitthvað mætti bæta þetta frv., sérstaklega að hækka upphæðina, sem ætlazt er til, að notuð verði til hjálpar þessum hluta bátaútvegsins. Hæstv. stj. hefir áætlað, að 1½ millj. kr. nægi í þessu skyni, en ég leyfi mér að draga í efa, að þetta fé nægi til þess að gera það líklegt, að sporið verði stigið svo, að a. m. k. sá hluti bátaútvegsins, sem hér er látinn koma til greina samkv. till. hæstv. stj., fái þá hjálp, sem hann þarf. Álít ég því að nauðsynlegt sé að hækka upphæðina til muna. Hér með er ekki sagt, að ég samþykki þær aðferðir, sem hér er beitt, og hæstv. stj. hefir lýst yfir, að hún hafi í hyggju að herja fram með oddi og egg í þessu máli, sem sé lántökuaðferðina, og að okkar till., sem borin er fram í öðru lagi, í sérstöku frv., sé ekki lífs auðið. Brtt. mín miðar að því, að það komi í ljós, hvort það, sem hæstv. stj. lætur í veðri vaka, að hún ætli að gera, sé framkvæmanlegt. Þetta ætti að vera þeim mun aðgengilegra, þar sem hæstv. stj. hefir nú komið fram með brtt. á þskj. 293, þar sem gengið er út frá því, að horfið sé frá því að taka lán, heldur skuli gjaldeyrisins aflað með útgáfu handhafaskuldabréfa. Þegar þessa er gætt, þá ætti það að vera heldur aðgengilegra fyrir hæstv. stj., að ganga inn á dálitla hækkun á þessari upphæð, sem ég veit, að hæstv. stj. er ljóst, og ekki sízt þeim, sem til þekkja í þessu máli, að er allt of lág í stjfrv. Vegna þess, sem ég gat um áður, að við minni hl. biðum eftir boði frá hv. meiri hl. sjútvn. til þess að ræða málið, var ég ekki viðbúinn að hafa hér prentaða brtt., og með því að það eru aðeins fáar mínútur síðan ég sá brtt. hæstv. atvmrh., þá hefi ég samið skrifl. brtt., sem ég vona, að fái að koma hér undir atkv. Hún gengur í þá átt að hækka 1½ millj. um 1 millj. upp í 2½ millj. kr. Verði hún samþ. og horfið að því að gefa út handhafaskuldabréf, þá yrði umráðafé þessa sjóðs 1 millj. kr. hærra en upphaflega var gert ráð fyrir, og ímynda ég mér, að öllum muni þykja það sanngjarnt og ekki of hátt áætlað með því móti.

Þá er enn önnur brtt., sem mér virðist þurfa að flytja við þyrjun 21. gr. frv. Þar segir svo, með leyfi hæstv. forseta: „Frá því er lánbeiðandi hefir sent lánbeiðni til sjóðsstj. og þangað til samningaumleitunum endanlega er lokið, má lánbeiðandi eigi greiða skuldheimtumönnum skuldir, sem áður eru stofnaðar, hvort sem þær eru fallnar í gjalddaga eða eigi, nema um veðkröfur eða ótvíræðar forgangskröfur sé að ræða.“

Ég býst við, að mörgum muni þykja það ákvæði nokkuð strangt fyrir báða aðila, að þeir menn, sem sent hafa lánbeiðni til sjóðsstj., megi frá því augnabliki og þangað til samningaumleitunum er að fullu lokið, sem getur skipt mánuðum, alls ekki undir neinum kringumstæðum greiða nokkrar skuldir aðrar en veðskuldir og forgangsskuldir.

Í gr. er ekkert tekið fram um það, hvort um stærri eða smærri skuldir sé að ræða. Menn mega bara engar skuldir greiða. Mér virðist þetta ákvæði allt of einstrengingslegt og geti orðið jafnt skuldunautum sem skuldheimtumönnum til mikilla óþæginda. Þess vegna vil ég leggja til, að orðalaginu yrði dálítið breytt og vikið við, þannig að hendur manna séu ekki algerlega rígbundnar í þessu efni.

Forseti (JörB): 1. brtt. á þskj. 293 mun hafa misprentazt á einum stað. Orðið „eða“ sem er innan sviga, á að falla burt. Það er óþarft.

Mér hafa borizt tvær skrifl. brtt. frá þm. Vestm. Sú fyrri er við 2. gr. frv., um það, að í staðinn fyrir 1½ millj. kr. komi 2½ millj. kr. Sú seinni er við 21. gr. frv., um að gr. orðist svo:

„Frá því lánbeiðandi hefir sent lánbeiðni til sjóðstj. og þangað til samningaumleitunum er lokið, má hann ekki selja eignir sínar umfram venjulega afurðasölu“ o. s. frv. Þessar brtt. þurfa tvenn afbrigði til þess að hægt sé að taka þær til umr.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. leyfð og samþ. með 21 shlj. atkv.

Atvmrh. (Haraldur Guðmundsson) [óyfirl.]: Hv. þm. Vestm. átaldi mig fyrir að hafa samið brtt. við þetta mál án þess að hv. minni hl. sjútvn. væri gert viðvart um þá breyt., sem ég ætlaði að gera á frv. Ég vil minna á það, að það var síðastl. föstudag, sem ég bauð þetta, en svo hófust umr. um málið og var ekki lokið fyrr en á mánudag. Mér er það kappsmál, að þessu máli verði lokið á yfirstandandi þingi og þar sem ég var upptekinn í gær og gat ekki komið á fund n., þá gerði ég brtt. án þess að hafa tal af hv. n. Ég vona, að hv. þm. afsaki þetta, enda hygg ég, að þessar brtt. séu í fullu samræmi við það, sem ég sagði í ræðu minni við 2. umr. málsins.

Viðvíkjandi brtt. hv. þm. við 2. gr. frv., um að hækka upphæðina úr 1½ millj. upp í 2½ millj., vil ég taka það fram, að ég get ekki fallizt á hana. Ég læt mér nægja að vísa til þess, sem ég hefi áður sagt, bæði til þess, að geta ríkissjóðs er takmörkuð, og eins til hins, að innan þessa ramma, sem ákveðinn er í lögunum, er ástæða til þess að ætla, að þessi upphæð, sem gert er ráð fyrir í frv., muni nægja, sem sé, ef ekki á að hjálpa öðrum en þeim, sem skulda meira en 75% á móti eignum.

Um brtt. við 21. gr. frv. er það að segja, að það er ekki auðvelt að átta sig fljótt á henni, en mér virðist hún þó varla geta skemmt frv. neitt, ef hún yrði samþ., því að ef svo skyldi fara, að maður greiddi eitthvað af skuldum sínum í millibilinu, sem sjóðsstj. ekki telur ástæðu til, þá hefir hún það í hendi sér að neita þessum manni um lán, ef hún telur ráðstafanir hans óréttmætar. Þetta kann að vera fullstrangt ákvæði eins og það er í frv., og tel ég ekki hættulegt, að þessi breyt. verði gerð.

Jóhann Jósefsson [óyfirl.]: Ég efast ekkert um, að hæstv. ráðh. hafi afsökun í því, að hann kallaði ekki saman sérstakan sjútvn.fund til þess að ræða um málið, en ég verð samt sem áður að telja, að það hafi ekki verið heppilegt að láta það undir höfuð leggjast að gefa mér a. m. k. von við 2. umr. um það, að leiða mundi til úrslita þeirra, er viðunandi væru fyrir báða aðila.

Mér þykir leitt, að hæstv. ráðh. vill ekki fallast á hækkunartill. mína, sökum þess að ég er alveg viss um, að upphæðin, sem frv. gerir ráð fyrir, er allt of lág. Ég flyt þessa brtt. í raun inni aðeins til þess að hjálpa hæstv. stj. til þess að framkvæma sitt „programm“. Um þetta tjáir ekki að fást héðan af, en ég vil þó benda hv. þdm. á það, að málið horfir öðruvísi við núna, síðan gengið hefir verið út á þá braut, með brtt. hæstv. ráðh., að opna aðra leið til þess að ná gjaldeyri í þessu efni heldur en lántökuheimildina. Ég vil engu spá um þetta, en mig skyldi ekki undra, þótt það yrði einmitt vaxtabréfaleiðin, sem farin yrði í þessu efni, og þá virðist mér meiri sanngirni mæla með því, að brtt. mín um hækkunina verði samþ. Skal ég svo ekki fjölyrða frekar um þetta, en ég vil þakka hæstv. ráðh. fyrir að hafa tekið vel í síðari brtt. mína, sem mér virðist mjög nauðsynleg, ef ekki á að verða mjög mikið ólag og óþægindi í þessu efni einmitt fyrir lánbeiðendur við umsóknir úr þessum væntanlega kreppusjóði. Þar sem það er sýnilegt — mér er óhætt að segja, að það sé ákveðið af hæstv. stj. —, að þetta mál verður afgr. á þeim grundvelli, sem lagður er í frv., þá vjrðist mér, að hv. þdm. þurfi enn frekar að athuga vel það, sem við hv. 6. þm. Reykv. höfum haldið fram, að fjárupphæð sú, sem um er að ræða í frv., sé alveg ófullnægjandi, og vil ég enn leggja áherzlu á það, að biðja hv. þm. að samþ. mína skrifl. brtt. um hækkun á þessu framlagi, til þess að sú hjálp, sem gefið er í skyn, að veita eigi bátaútveginum, verði raunveruleg hjálp.

Sigurður Kristjánsson [óyfirl.]: Það er orðið nokkuð gamalt þetta, sem ég þurfti að svara hæstv. atvmrh.; það er síðan á mánudag. En þessu atriði get ég ekki látið ósvarað, því að það er byggt á misskilningi. Hæstv. ráðh. sagði því til afsökunar, að hann vildi ekki sinna stórútgerðinni, að það væri sýnilegt, að smáútgerðin hefði verið rekin með miklu betri árangri, þar sem töpin hefðu verið miklu minni á henni. Hann taldi, að samkv. yfirliti því, sem mþn. í sjávarútvegsmálum samdi um hag útgerðarinnar, hefði rekstrarhallinn á útgerðinni 4 næstu árin áður en rannsóknin fór fram verið á 9. millj. kr. Þar af sagði hann, að á bátaútgerðina, á alla 4 flokka, kæmu 2,1 millj. kr., en á togaraútgerðina 5,7 millj. króna tap. Ég get vel skilið, að hæstv. ráðh. hafi komizt að þessari niðurstöðu, ef hann hefir lesið allt yfirlitið eins og skrattinn les bibliuna. Hæstv. ráðh. átti að álykta þannig, að eftir því sem rekstur einnar útgerðartegundar hefir orðið óhagstæðari, því meiri þörf væri á hjálp henni til handa. En hæstv. atvmrh. ályktaði þannig, að því meiri sem hjálparþörfin er, því minni eigi hjálpin að vera. Þar sem hæstv. ráðh. vill miða lán til skuldaskila við það, hvað útgerðin á miklar eignir, þannig að lánin verði því minni sem eignirnar eru minni, þá vil ég benda á það, að af þessari forsendu leiðir þá röksemdafærzlu, að ekki verði tekið nóg tillit til þess, hvað skuldirnar eru miklar. Og hjálp til þeirra, sem mikið skulda, verður sannarlega eftir þessu mjög ófullnægjandi, þannig að engin skuldaskil geta orðið, og kannske sízt hjá þeim greinum útgerðarinnar, sem framfleyta hlutfallslega flestum fjölskyldum.

Ég skal þá koma að því, hve hæstv. ráðh. gerir sig ánægðan með litlar upplýsingar. Frá okkar sjónarmiði er hjálpin nauðsynleg til þess að tryggja afkomu bæði mannanna, stofnananna og opinberrar starfrækslu, sem hvílir á þessari útgerð, en ekki til þess að gleðja eða hrella foringja og framkvæmdastjóra vissra útgerðarfélaga. Nú er það svo, að á stórútgerðinni hefir lifað mikill fjöldi fólks; þess vegna hefði hæstv. ráðh. átt áður en hann fór að rökræða um tap þeirrar útgerðar og halda því fram, að hún hefði tapað miklu meira en smáútgerðin, að athuga það, hve margt fólk hún hefir brauðfætt, og hve mikið hún hefir greitt til opinberra þarfa samanborið við aðrar greinir útgerðar. Þetta er náttúrlega ekki fljótlegt verk, en af

því ég er allkunnugur þessum málum, hefi ég gert nokkra athugun á þessu. Náttúrlega er hér ekki um tæmandi skýrslu að ræða, en hún sýnir þó merkilega niðurstöðu. Eftir þessari skýrslu *hafa þeir 37 togarar, sem skýrslan nær yfir,* tapað á 4 síðustu árum 5,7 millj. kr., en á vélbátaflotanum hefir tapið verið um 2,1 millj. kr. Þetta þykir hæstv. ráðh. mikill munur, en ef hann hefði svo til viðbótar athugað, hvað bátaútgerðin hefir greitt í útsvör og tekju- og eignarskatt, og hinsvegar það, sem greitt hefir verið í samskonar gjöldum af togaraflotanum á þessum 4 árum, þá kemur í ljós, að allur bátaflotinn hefir greitt 273303 kr. (Atvmrh.: Er það það, sem bátaútgerðin hefir greitt?). Já, það, sem greitt hefir verið af driftinni sjálfri, en náttúrlega hafa eigendur hennar þar fyrir utan borið sín gjöld. En á sama tíma og bátaútgerðin greiðir þetta greiða þessir 37 togarar í sömu gjöldum rúmlega eina millj. kr., og eru þó hér náttúrlega ekki talin með útflutningsgjöldin. Af þessu sést, að togaraútgerðin hefir greitt þrefalt meira í opinberum gjöldum en vélbátaútgerðin. En hvað ber svo fólkið úr býtum, sem vinnur að útgerðinni, hvorri fyrir sig, það fólk, sem hæstv. ráðh. hefir talið sig fulltrúa fyrir? Ég hefi reynt að reikna þetta og tekið jafnaðartal af dagkaupi á togurum í öll þessi 4 ár, og það hefir reynzt 23 kr. En hvað hefir það svo verið hjá bátaútveginum? Honum er skipt í fjóra flokka. Í fyrsta flokki, sem hefir um (eyða í hndr.) skip eða báta, eru daglaun skipverja kr. 6,86, í næsta flokki, sem telur um 200 skip, er kaupið kr. 8,93, í þriðja flokki, sem mun hafa 50 til 60 skip í rekstri, hefir dagkaupið verið kr. 11,67, og í fjórða flokki, þar sem talin eru um 30 stærstu mótorskipin, hafa daglaunin verið kr. 13,28. Við sjáum á þessu, að daglaunin fara hækkandi eftir því, sem skipin eru stærri, en jafnaðartal daglauna á fjórum síðustu árum á bátunum yfirleitt mun vera undir 10 kr. Það er því ekki hátt reiknað, þó gert sé ráð fyrir, að togaraútgerðin hafi greitt sínum mönnum a. m. k. 10 kr. hærri daglaun heldur en smáútgerðin hefir greitt sínum mönnum, miðað við fjögur síðastl. ár. En á þessum fjórum árum hefir útgerðin öll greitt 3½ millj. kr. í vinnulaun. Mér finnst hæstv. ráðh. hefði ekki átt að *nota tölur sem rök fyrir því, að ekki bæri að* styrkja togaraútgerðina, úr því hann lætur vera að taka það með í reikninginn, hversu mikið meira sjómennirnir á togaraflotanum hafa borið úr býtum heldur en á smærri skipum og bátum, eða hitt, hvað þessir tveir aðalþættir útgerðarinnar, hvor um sig, hafa greitt til hins opinbera. Ég er ekki með þessu að segja, að ég vilji ekki láta sinna smáútgerðinni. Það er kunnugt, að hin mesta þörf er á því að hjálpa öllum tegundum útgerðar hér á landi, en ég mótmæli því harðlega, að ríkið líti fyrst og fremst á það, hverjir stjórna útgerðarfyrirtækjunum, og hagi hjálp sinni við útgerðina eftir því. Það kemur ekki neitt málinu við, hverjir veita togaraútgerðinni forstöðu, nema hvað það snertir, að fullvíst er, að hún hefði aldrei flotið svo lengi, sem raun er á orðin, nema af því, að til forstöðu hennar hafa ráðizt miklu meira en meðalmenn. Ég stóð á fætur til þess að taka þetta fram, en um leið skal ég bæta við, úr því hv. þm. Vestm. flytur brtt. við frv. um hækkun framlagsins úr ríkissjóði, sem ég er að sjálfsögðu fylgjandi, þá tel ég alveg fyllstu þörf að gera aðra breyt. á frv., ef það á að verða að l., sem ég þó sætti mig alls ekki við, þar sem hjálpin til sjávarútvegsins á að verða svo ónóg og óréttlát sem frv. ber með sér. En ef það á að verða að l., þá tel ég alveg nauðsynlegt að laga eina misfellu á frv., og hún er sú, að form. skuldaskilastj. á að vera bankastjóri úr öðrum bankanum. Ég skil ekki, hvernig stjórnin hugsar sér það, að bankastjóri í öðrum bankanum eigi að hafa yfirstjórn skuldaskilanna, þar sem vitanlegt er, að skuldaskilin snerta báða bankana. Það er alveg óviðunandi að segja við annan bankann: Þú skalt ráða yfir því, hvernig skuldaskilin verða framkvæmd, — en við hinn: Þú skalt taka þegjandi við þeim greiðslum, sem að þér verða réttar. Það væri sýnu nær, að hér stjórnuðu tveir menn, sinn frá hvorum banka, eða þá að útgerðarmenn veldu forstöðumann skuldaskilanna, eða máske ríkisstj. Ég bendi á þetta, af því ég tel óhjákvæmilegt að gera hér á breyt., og kannske hæstv. ríkisstj. vilji taka upp brtt. um þetta.

Atvmrh. (Haraldur Guðmundsson) [óyfirl.]: Ég skal ekki lengja mjög umr. um málið úr þessu. Það, sem hv. 6. þm. Reykv. sagði, breytti að engu leyti því, sem ég hafi sagt. Hann gat ekki komizt hjá því að viðurkenna þær tölur réttar, sem ég nefndi; svo langt sem þær náðu. Hitt er mér ljóst, enda hefi ég aldrei borið á móti því, að togararnir, að undanskildum örfáum undantekningum, hafa greitt mikið í vinnulaun og veitt ríkissjóði verulegar tekjur. Það er því ekkert annað en útúrsnúningur af verstu tegund að skilja orð mín svo, að mér sé ósárt um, þó floti togaraútgerðarinnar stöðvaðist. Mér er fyllilega ljóst, hvílíkur voði slíkt væri fyrir þjóðina og ríkið, en þar sem togaraútgerðin hefir að langsamlega mestu leyti lánsfé frá bönkunum, sem eins og allir vita eru ríkisstofnanir, þá tel ég rétt, að bankarnir geri upp skuldamál togaraútgerðarinnar. *Aðalhætta bátaútgerðarinnar er aftur á móti* sú, að mikill hluti þeirra skulda, sem á henni hvíla, eru verzlunarskuldir, sem eru kræfar hvenær sem er og skuldareigendum þóknast. Þess vegna verð ég að álíta, að þessi útgerð sé í meiri hættu vegna lánardrottna sinna heldur en togaraútgerðin. Það er því hreinasti útúrsnúningur að halda því fram, að ég vilji togaraútgerðina feiga, en með tilliti til takmarkaðrar getu ríkissjóðs, þá verð ég að telja sjálfsagt að reyna að hjálpa þeirri útgerðinni, sem í mestri hættu er stödd. Þá var ekki alveg réttur sá samanburður, sem hv. 6. þm. Reykv. var að *gera á tekjum þeirra manna, sem vinna* að útgerð á bátum og togurum. Bæði er það, að vélbátaútgerðin er af mörgum stunduð sem hjáverk, en togaraútgerðin miklu síður, og svo er á það að líta, að togararnir eru flestir gerðir

út í Reykjavík, þar sem kaup er hærra en annarsstaðar á landinu, og sömuleiðis opinber gjöld og allar lífsnauðsynjar manna. Aftur á móti eru flestir vélbátarnir gerðir út viðsvegar úr öðrum landshlutum. Ég ber engar brigður á það, að togararnir skili miklu kaupi þann tíma, sem þeir starfa, en það gera fleiri tegundir útgerðar. Línuveiðararnir eru næstum því jafnháir og stærri vélbátar í einstöku tilfellum, þegar á allt er litið. Að ég gerði í síðustu ræðu minni samanburð á rekstrarafkomu mismunandi greina útgerðarinnar, var í tilefni af orðum hv. 5. þm. Reykv. um daginn.

Þá er það hin mesta meinloka hjá hv. 6. þm. Reykv., að lánin ættu að vera því hærri, sem eignirnar séu minni. Slíkt nær ekki nokkurri átt, því ef hann vill lána þeim meira, sem minna eiga en aðrir, samanborið við skuldir, þá er það ekki annað en það, að verið er að greiða lánardrottnum skuldir, sem eru þeim að mestu leyti tapað fé, og þá væri hér um að ræða fyrst og fremst hjálp til lánardrottna útgerðarinnar, en ekki til hennar sjálfrar, en tilgangurinn er ekki sá fyrir þeim, sem flytja þetta frv., heldur hinn, að tryggja mönnum með tiltölulega lítilli hjálp eftirgjöf á skuldum, svo þeir geti verið færir um að starfa áfram.

Hv. 6. þm. Reykv. þótti það óviðfelldið, að bankastjóri í öðrum bankanum ætti að hafa yfirstjórn skuldaskilanna, en að hinn bankinn hefði þar enga íhlutun. Ég skal játa, að í fljótu bragði lítur þetta svona út, og skal ég gera grein fyrir því, hvers vegna þetta er talið heppilegt. Í 25. gr. frv. segir svo: „Þegar lokið er lánveitingum úr skuldaskilasjóði, skulu eignir sjóðsins renna í stofnsjóð fiskveiðasjóðs Íslands, jafnóðum og útlán skuldaskilasjóðs útborgast", enda á fiskveiðasjóður að annast allt skrifstofuhald skuldaskilasjóðs frá upphafi, skuldaskilasjóði að kostnaðarlausu. Nú er það svo, að einn af bankastjórum Útvegsbankans hefir stjórn og umsjón fiskveiðasjóðs með höndum, og þar sem eignir og tekjur skuldaskilasjóðs eiga að renna í stofnsjóð fiskveiðasjóðs, þótti okkur eðlilegt og rétt, að sá bankastjóri, sem hefir stjórn þess sjóðs með höndum, væri einnig formaður skuldaskilasjóðs.

Ólafur Thors: Það er nú búið að ræða þetta mál svo ýtarlega hér á Alþingi, að ég tel enga ástæðu til þess að bæta miklu við rök flokksbræðra minna til sönnunar á okkar skoðunum á málinu. Það frv., sem hér liggur fyrir, er ekkert annað en fullkomin brigðmælgi á þeim vilyrðum um lausn á málinu, sem ríkisstj. gaf í lok síðasta Alþingis. Frv. þetta er aðeins ófullnægjandi tilraun til þess að leysa úr einum þætti þeirra vandræða, sem sjávarútvegurinn á nú við að búa og greinilega er lýst í skýrslum og áliti mþn. í sjávarútvegsmálum, er lögð voru fyrir síðasta þing og þá var gerð fullkomin tilraun til að leysa með þeim frv. um skuldaskilasjóð útgerðarmanna, um fiskveiðasjóð og fleiri frv., er þá voru fram borin af sjálfstæðismönnum hér í hv. Nd. Ég tel enga þörf á því, eins og ég þegar hefi tekið fram, að bæta við rök minna flokksbræðra fyrir því, að frv. það, sem hér liggur fyrir, felur í sér enga lausn á þessu mikla vandamáli, en ég vildi gjarnan láta það sjást í Alþt., að þetta er mín skoðun eins og þeirra, og ég hygg ég megi segja, skoðun allra sjálfstæðismanna á Íslandi. Skýrsla sú, er hv. 6. þm. Reykv. flutti í síðustu ræðu sinni, er mjög merkilegt sönnunargagn í þessu máli og sýnir það, að hæstv. ríkisstj. hefir ekki litið á málið frá réttu sjónarmiði, þegar hún bar fram sínar lítilmótlegu og veigalitlu till. í þessu frv. Ég tel mig vera allkunnugan þessum málum, en þó brestur mig kunnugleika til þess að bæta nokkru við þá skýrslu, sem hv. 6. þm. Reykv. flutti hér í sinni síðustu ræðu. Ég vil aðeins minna á það, að daglaun á togurunum hafa á síðustu 4 árum verið meira en helmingi hærri en daglaun annara sjómanna á öðrum skipum, en jafnframt má taka það fram, að atvinnan á togurunum hefir yfirleitt náð yfir lengri tíma á hverju ári en atvinnan á hinum öðrum skipum, og mér er kunnugt um það, að meðaltekjur sjómanna á togurunum hafa verið tvisvar til þrisvar sinnum hærri yfir árið en á öðrum veiðitækjum, og margir þeir menn, sem á togurunum vinna, hafa enga aðra atvinnu yfir árið.

Af þessu er augljóst, sem hæstv. ráðh. þá líka telur sig hafa vitað, að togaraútgerðin er arðvænlegasta atvinnugreinin við sjávarsíðuna, en þá staðreynd, að þessi útgerð hefir ekki skilað sínum eigendum eins góðum tekjum og önnur veiðitæki, ber að rekja til þess, að þessi útgerð hefir greitt þeim, sem að henni vinna, hærra kaup en aðrar atvinnugreinir, og sömuleiðis hærri gjöld til hins opinbera. — Ég skal svo enda þessi orð mín með því að lýsa því yfir enn á ný, að ég uni á engan hátt við þau úrslit þessa máls, sem í frv. felast. Það má náttúrlega segja, að nokkur bót sé ráðin á málinu, ef hin skrifl. brtt. hv. þm. Vestm. verður samþ., og greiði ég henni að sjálfsögðu atkv., en lausnin er þó eftir sem áður ófullnægjandi og þeir, sem frv. bera fram, hafa ekki staðið við þau loforð, er þeir gáfu á síðasta þingi, heldur hafa þeir riftað þeim.

Atvmrh. (Haraldur Guðmundsson) [óyfirl.]: Ég nenni ekki að endurtaka það, sem ég er búinn að margsegja við þessar umr., ekki heldur það, sem bókað er í fundargerðum hv. sjútvn. Nd. á síðasta þingi um þetta mál, enda er hv. þm. G.-K. það fullkunnugt. Það eina loforð, sem ég gaf n., var, að reynt yrði að hjálpa vélbátaútgerðinni á þessu þingi, og það loforð hefir verið efnt út í æsar. Það eru því ekkert annað en rakalausar fullyrðingar, að ríkisstj. hafi ekki staðið við það, sem hún hefir lofað að leggja til þessa máls.

Ólafur Thors: Ég skal ekki lengja umr. með neinu óþarfahjali. Þessari tilraun hæstv. stj. til þess að svíkja loforð sín verður væntanlega svarað á sínum tíma af þeim, sem gerðu sér einhverjar vonir um efndir á þeim loforðum, sem stj. hefir nú svikið.

Sigurður Kristjánsson [óyfirl.]: Ég var ekki alveg við því búinn að svara fullyrðingu hæstv.

atvmrh. um, að það væri meiri ástæða til að láta bankana gera skuldaskil fyrir togaraútgerðina fremur en bátaútveginn, vegna þess að skuldir togaranna væru mestar í bönkum, en skuldir, sem á bátaútveginum hvíla, væru mestar við einstaka menn. Þetta er ekki nema að nokkru leyti rétt, en ég var ekki við því búinn áðan að hrekja þetta með tölum. Ég hefi það meira að segja á tilfinningunni, að þessi fullyrðing hæstv. ráðh. sé aðeins að litlu leyti rétt. Bátaútgerðin mun skulda öðrum lánardrottnum en bönkum kringum 6 millj. kr., þó er ekki hægt annað að sjá en sumt af því sé í bönkunum, því það er stór póstur, sem kallaður er aðrar skuldir og ekki er neitt flokkaður í framtölum manna, en í þessum pósti eru taldar veðskuldir, verzlunarskuldir og víxlar, og má ætla, að helmingur þessarar upphæðar, eða um 3 millj. kr., séu skuldir við banka.

Skuldir þær, sem vélbátaútvegurinn hefir hjá bönkum, eru að vísu ekki líkt því svona háar, svo skuldar bátaútvegurinn meira í ógreiddum vinnulaunum heldur en togaraútgerðin. Ógreidd vinnulaun hjá bátaútveginum eru 157 þús. kr., en hjá togaraútgerðinni er þessi upphæð engin. Þá eru skuldir hjá bátaútveginum fyrir hluti 131 þús. kr., en ekkert hjá togaraútgerðinni. Ógreidd opinber gjöld hjá bátaútveginum 10 þús., hjá togaraútgerðinni sama.

Svo koma þessar aðrar skuldir, sem eru hjá togaraútgerðinni 300 þús. kr. meiri en hjá bátaútgerðinni. Munurinn á þessum skuldum verður því alls ekki neinn, sem nemi verulegu. Ég held því, að þetta sé allt of völt undirstaða undir því að synja togaraútgerðinni um samskonar aðstoð og bátaútgerðinni.

Ég vil segja hæstv. ráðh. það, fyrst hann fór út í það, að bankarnir hafa ekki heimild til að gera upp skuldir nema á þann veg að gefa sjálfir eftir, eða þá að velta fyrirtækinu. Þegar bankarnir ganga þannig að fyrirtæki, þá er það meira og minna gert í þeim tilgangi að láta þá menn, sem hafa ótryggðar skuldir, tapa öllu, sem þeir hafa lánað. Síðan er fyrirtækið látið koma á annars hendur, sem er kannske betur til þess fallinn, kannske verr, býst við, að það verði svipað, upp og ofan. Bankarnir geta þannig aftur og aftur tekið fyrirtækin, og með því að hafa nafnaskipti á þeim geta þeir losað fyrirtækin við talsvert miklar skuldir, en setið eftir með allar sínar skuldir án þess að gefa eftir einn einasta eyri. Þessi skuldaskil eru gersamlega óviðunandi. Fyrst og fremst eru þau ekki fullnægjandi fyrir fyrirtækið, og í öðru lagi nálgast þau ákaflega mikið það, að vera svindl, sem jafnvirðulegar stofnanir og bankarnir mega ekki leggja stund á. Þess vegna álít ég, að þessi leið hjá hæstv. ráðh. sé ófullnægjandi og þar að auki óheilbrigð.

Hæstv. ráðh. segir, að ég hefði ekki getað sýnt fram á annað en að þær tölur, sem hann tilfærði með töpin, væru réttar. Ég var ekki að reyna að færa sönnur á annað. Hver, sem er læs, getur tilfært þessar tölur rétt, og ekki efast ég um, að hæstv. ráðh. sé læs á tölur. Hitt sýndi ég fram á, að hann hefði ekki með þessum tölum sannað það, sem hann vildi sanna. Bæði sönnuðu tölurnar þetta alls ekki sjálfar, og í öðru lagi hefir hann gengið framhjá rökum, sem voru miklu meira virði í þessu sambandi en þau, sem hann koma með. Ég sýndi fram á, að hann hefði ekki með þessum tölum sýnt fram á, að það væri nær að styðja togaraútgerðina en bátaútveginn, þó að þær tölur, sem hann notaði, væru réttar. Það er hægt að blekkja með réttum tölum, ef þær eru notaðar í röngu sambandi og öðrum tölum sleppt, sem miklu meira máli skipta í málinu

Atvmrh. (Haraldur Guðmundsson) [óyfirl.]: Ég vil taka undir þau orð hv. 6. þm. Reykv., að það sé hægt að fara rangt með réttar tölur, — það hefir hann greinilega sýnt. Hann vill nota þessar tölur til að afsanna, að lausaskuldir vélbáta væru tiltölulega miklu meiri en hjá togaraútgerðinni. En það er ekki hægt að komast framhjá því, að skýrslan sannar hitt. Skuldir vélbátaeigenda ásamt línuveiðurum eru taldar í skýrslunni á bls. 37 14039000 kr., en skuldir togaraeigenda 12481000 kr. Nú veit ég ekki, hvað skuldir línubáta eru miklar, en ég geri ráð fyrir, að láti nærri, að þær séu 1½ millj., og eru þá heildarskuldir vélbáta- og togaraútgerðarinnar svipaðar. Af þessu eru víxilskuldir vélbátaútgerðarinnar 4733 þús. kr., en víxilskuldir togaraútgerðarinnar 8272 þús. kr. Skakkar þar meira en 3½ millj. Hinsvegar eru verzlunarskuldir vélbáta 4310 þús. kr., en togaranna ekki nema 1387 þús. kr. Engum getur blandazt hugur um, að það eru einmitt þessar skuldir, verzlunarskuldir, sem eru ósamningsbundnar, sem langmest hætta stafar af, að fyrirtækin verði stöðvuð og að þeim gengið.

Ég veit ekki, hvað hv. þm. telur lausaskuldir, en mér sýnist eftir þessum skýrslum, að lausaskuldir vélbáta séu 6,1 millj., en togara um 3,2 millj., eða næstum því helmingi minni en vélbáta og línuveiðara. Framhjá þessu er ómögulegt að komast, hvernig sem reynt er að nota þessar tölur.

Sigurður Kristjánsson [óyfirl.]: Ég gat þess, að það munaði miklu, hvað lausaskuldir og verzlunarskuldir væru hærri hjá bátaútveginum en togurunum, og það er rétt. En ég vil benda hæstv. ráðh. á það, að það, sem ég sagði í minni ræðu, var það, að munurinn væri ekki svo mikill á þessum viðbótarskuldum, að það réttlætti þessa synjun um skuldaskil togaraútgerðinni til handa. Nú vil ég ennfremur benda hæstv. ráðh. á það, að í þessum verzlunarskuldum eru ekki taldar með ákaflega mikilsverðar verzlunarskuldir hjá togurunum, heldur eru þær taldar undir víxilskuldum. Honum er kunnugt um það, að skuldir fyrir t. d. kol og salt, sem togaraflotinn fær í geysilega stórum stíl, eru raunverulegar verzlunarskuldir, en þær eru yfirleitt taldar sem víxilskuldir. Ég ætla, að þetta muni vega þennan mismun að miklu leyti upp og þessar stoðir hjá hæstv. ráðh. séu því algerlega hrundar undan því, að ekki skuli styðja togaraútgerðina til skuldaskila.

Thor Thors: Ég skal ekki lengja umr. mikið frá því, sem orðið er, en ég sé ástæðu til að

segja nokkur orð í sambandi við þau ummæli, sem ég lét falla við 1. umr. Ég gat þess þá, að það væri yfirleitt sjónarmið Sjálfstfl., að frv. stj. um skuldaskil vélbáta væri aðallega flutt til þess að slá ryki í augun á útgerðarmönnum. Ég byggði það á því, að þar sem ekki var um annað að ræða en að taka 1½ millj. kr. lán í þessu skyni, þá gæti þessu engin alvara fylgt, af því að stj. hefir nýlega gefið yfirlýsingu um það, og reyndar skuldbundið sig til þess að forðast allar lántökur erlendis. Og þar sem ennfremur er vitað, að peningamarkaðurinn innanlands er ekki slíkur, að þess sé nokkur von, að hægt sé að fá lán innanlands, þá væri þessi heimild einskis virði fyrir bátaútveginn.

Mér er ánægja að sjá, að stj. hefir nú í raun og veru fallizt á þessi ummæli okkar sjálfstæðismanna, þar sem hún hefir vikið frá fyrri afstöðu til þessa máls og farið inn á þá lausn málsins, sem forsvarsmenn okkar fyrir sjávarútvegsmálin, hv. 6. þm. Reykv. og hv. þm. Vestm., einmitt bentu á í sinu frv. Þeir bentu á þá lausn, að gefa út handhafaskuldabréf, sem væru lögboðinn gjaldeyrir til þeirra, sem skuldir eiga á hendur útgerðarmanna. Hæstv. stj. hefir því, þrátt fyrir öll hin stóru ummæli hæstv. atvmrh. við fyrri umr. þessa máls, neyðzt til að fara inn á þá einu frambærilegu lausn málsins, sem henni hefir verið bent á við meðferð þess á þessu þingi, og ég verð að láta í ljós ánægju mína yfir því, að stj. hefir þó að þessu leyti viljað taka leiðbeiningum sjálfstæðismanna.

Ég sé fram á það, að með þessari aðferð, að gefa út þessi bréf, er þessu máli þó sinnt nokkuð, en ég tel, að sú upphæð, sem verja á í þessum tilgangi, sé allsendis ófullnægjandi. En vegna þess, að hér getur um vísi til úrlausnar verið að ræða, þá mun ég eigi greiða atkv. gegn þessu frv., en mun sitja hjá við atkvgr., þar sem ég tel lausnina algerlega ófullnægjandi.

Ég skal ekki fara langt út í að ræða það, hverjar ástæður geta legið til þess að vilja ekki sinna nauðsyn allra útgerðarmanna. En ég skal minna á það einu sinni enn, að þegar skuldaskil bænda voru hér til meðferðar, þá var ekki spurt um það, hvort það væru stórbændur eða smábændur, heldur átti að sinna málefnum þeirra allra, en nú þykir ástæða til að beita annari aðferð hér, þegar útgerðarmenn eiga í hlut. Og ef þeir láta sér það ekki vel líka, þá er þeim brugðið um smásálarskap, illkvittni og öfund. Þessu er slegið fram með stórum orðum í blöðum stjórnarflokkanna og fínum orðum í ræðu hæstv. ráðh., sem eftir að hafa fyrst verið hávær og heimtufrekur þm. í andstöðuflokki stj., hefir nú komizt í þá virðulegu stöðu að vera atvmrh. En ég hygg, að allir þeir, sem bíða með eftirvæntingu eftir raunverulegri og fullnægjandi lausn þessa máls, láti sér ekki lynda þetta músarrindilssjónarmið stjórnarflokkanna, og þess verði ekki langt að bíða að alþjóðarnauðsyn heimtar, að þetta mál verði tekið fyrir á ný og grundvöllurinn lagður á víðari og víðsýnni hátt en hér er gert.

Pétur Halldórsson [óyfirl.]: Herra forseti! Við 2. umr. þessa frv. lét ég í ljós fyrst og fremst dálítinn vafa um, að þessi tilraun, sem hér á að gera til að bjarga útgerðinni, væri á nokkurn hátt fullnægjandi, og í öðru lagi að það, sem hér ætti að gera, væri að styðja þann lakast stæða hluta af lökustu framleiðslutækjum landsmanna til samkeppni við önnur framleiðslutæki sömu atvinnugreinar. Ég var sannfærður um það þá, og er það enn, að ef á að nota aðstöðu ríkisvaldsins til þess að halda uppi útgerð án þess að tilkostnaður hennar sé nokkuð lukkaður eða að von sé um arð, þá er vafasamt, að þetta frv. fari í rétta átt, m. a. vegna þess, að gera má ráð fyrir, að togaraútvegurinn og stærri skipin í flota landsmanna séu hagkvæmari fyrir þjóðfélagið í rekstri heldur en smábátaútvegurinn, og þó sérstaklega smærri mótorbátar. Ég sagði þá, að ég skyldi reyna við þessa umr. að lýsa því nokkuð með tölum, hvernig hlutfallið er milli þessara framleiðslutækja, togaraútgerðarinnar og smábátaútvegsins, þegar litið er til þess, hversu mikið þessi útgerð hvor fyrir sig verður að kaupa af því, sem okkur landsmönnum er óhagstæðast, nefnilega frá útlöndum. Nú þykist ég vera nokkru nær um þetta, og skal ég því leyfa mér að segja með nokkrum tölum frá þeirri niðurstöðu, sem ég hefi komizt að í þessu efni.

Það er þá fyrst samanburður á aflamagni og tilkostnaði hjá bátaútgerðinni 1933, borið saman við afla og tilkostnað togaraútgerðarinnar frá sama tíma.

Sé nú aflinn athugaður fyrst, þá kemur það í ljós, að togararnir, 40 að tölu, hafa aflað alls um 50% af heildarafla landsmanna, og mótorbátarnir, 400 að tölu, hafa aflað á þessu sama ári 40% af öllum aflanum. Tilkostnaðurinn greiddur til útlanda var hjá togurunum á þessu ári hér um bil 1890000 kr., en samskonar kostnaður hjá smábátunum þessa sömu vertíð var hér um bil 2925000 kr., og eins og áður var sagt, var aflinn álíka mikill, eða 40%. Það munar því rúmlega 1 millj. kr., sem vélbátaútvegurinn hefir verið óhagstæðari þjóðarbúinu heldur en togaraútgerðin í þá 80 daga, sem það tók að ná í þennan afla.

Það er augljóst af þessu, að ef ríkisvaldið vill taka tillit til þess, hversu mikið hver grein sjávarútvegsinns þarf að kaupa frá öðrum löndum, þá er óhentugt að styðja vélbátaútveginn. Og það er alveg augljóst, að ef ríkisvaldið er með fjárframlögum að styðja lakasta hlutann af framleiðslutækjunum til þess að keppa — með árangri skulum við segja —, við betri framleiðslutæki, þá er ríkisvaldið þar að gera ráðstafanir, sem eru til þjóðartjóns.

Ég hélt, að það mundi ekki vera tilgangur ríkisvaldsins með þeirri íhlutun, sem þeir hafa nú meiri og meiri með hverjum mánuði um alla atvinnuháttu landsmanna, að tilgangurinn með þessum ráðstöfunum væri sá, að gera þjóðarbúinu augljóst tjón, með því að ég heyrði líka hæstv. atvmrh. viðurkenna, að þetta sjónarmið væri þó nokkurs virði, og að bæri vissulega að taka tillit til þess arna í hugleiðingunum um það, hvernig ráðstafanir skyldi gera, ef ríkisvaldið hefði afskipti af svona framleiðslu, og því vildi ég benda hæstv. ráðh. á

það, hvort hann vildi ekki, áður en hann gerir ráðstafanir til að fá þessa löggjöf í gegn óbreytta eins og hún liggur fyrir nú, kynna sér þetta og vitanlega draga af því ályktanir, sem ég fyrir mitt leyti álít, að geti ekki verið nema á einn veg, ef hér á að gera ráðstafanir til frambúðar, og ef þær ráðstafanir, sem gera á, eiga að verða til hagsmuna fyrir þennan atvinnuveg, og þá um leið fyrir þjóðarbúið í heild. Ég get skilið, að hæstv. ráðh. vilji ekki líta á þetta, ef hann vill bara hugsa um hagsmuni einstakra aðilja, en ekki taka tillit til þarfa þjóðfélagsins eða þeirra erfiðleika, sem nú eru að dynja yfir.

Hæstv. ráðh. segir, að fleiri menn hafi atvinnu á mótorbátum en í sambandi við togaraútgerðina. Ég játa, að mikið tillit má taka til þess. En af því að hæstv. ráðh. sagði við 2. umr., að hann hefði ekki gert sér grein fyrir því, ekki hefðu legið fyrir upplýsingar um það atriði sérstaklega og því hefði hann ekki tekið tillit til þess, þá vildi ég óska, að hæstv. ráðh. kynnti sér nánar þetta atriði og léti það hafa áhrif á sínar framkvæmdir í þessu máli, því að það er a. m. k. fyrir mér alveg augljóst, að ef ríkisvaldið ætlar að taka upp á sína arma og styðja þessi verstu framleiðslutæki, smábátana, og láta þá útrýma betri framleiðslutækjum, sem sé stærri skipunum, sérstaklega togurunum, styðja þá svo í samkeppninni við togaraflotann, að hann bíði lægri hlut, þó að ég sé ekki í vafa um, að hér sé verið að vinna óþurftarverk fyrir land og lýð.

Atvmrh. (Haraldur Guðmundsson) [óyfirl.]: Ég er ekki við því búinn að kryfja til mergjar upplýsingar hv. 5. þm. Reykv. um mismun á innkaupum frá útlöndum fyrir togara og vélbáta. Ég mun að sjálfsögðu kynna mér þetta, og hefi ég svo ekki fleira um það að segja.

Orð hv. þm. um það, að stj. vildi styðja vélbátana í því skyni að útrýma togurunum, eru að minni hyggju alveg út í bláinn sögð, því að mér er ekki kunnugt um neinar ráðstafanir, sem ríkisstj. sé að gera eða hafi gert, sem að þessu gætu miðað. Það, sem hér er um að ræða, er þetta: Hvað miklu er hægt að verja til að styðja útgerðina, og hvernig er bezt að haga þeirri hjálp, sem hægt er að veita?

Hv. þm. Snæf. sagði, að sér væri það mikil ánægja, að stj. hafði tekið hér upp till. sinna flokksmanna, og ef honum er einhver hugarbót í því, þá skal ég ekki vera að spilla þeirri gleði hans eða óróa hans sálarástand í því efni.

Hv. 6. þm. Reykv. fullyrti, að ekki væri rétt að bera saman lausaskuldir togara og vélbáta, af því að skuldir togara vegna kaupa á salti og kolum væru víxilskuldir. Mér er ekki vel kunnugt um þetta. Ég hygg þó, að í mörgum tilfellum sé það svo með vélbátaútveginn, að þeir fái olíu og salt að láni gegn ábyrgð bankanna, svo að þar sé svipað ástatt fyrir þeim og togurunum.

Pétur Halldórsson [óyfirl.]: Hæstv. ráðh. mótmælti því, sem ég sagði, að með þessari ráðstöfun væri hætta á, að togaraútvegi landsmanna gæti orðið lokið áður en langt um liði. Hann sagði, að tilgangurinn væri að sjálfsögðu ekki sá með þessum ráðstöfunum. Ég þykist líka vita það. En hitt er öllum ljóst, að ef ekki er hægt að selja meira en t. d. ⅔ eða aðeins helming af aflamagni landsmanna næstu árin og ríkisvaldið styður mótorbátaútgerðina til að geta selt það, sem þeir afla, en togaraflotinn fær engan stuðning, þá er togaraútveginum stefnt í hættu. Ef ríkisvaldið ætlar að styðja þannig einn hluta útgerðarinnar, en skiptir sér ekkert af hinum, þá fullyrði ég, að togararnir, þó það séu betri framleiðslutækin, standist ekki framar samkeppnina. Og þá hefir ríkisvaldið lagt grundvöll að því, að togaraflotinn getur ekki lengur haldið áfram að ganga. Hlýtur því að reka að því, ef ríkisvaldið heldur áfram á þessari braut, að togaraútgerðin líði undir lok. Hæstv. ráðh. gerði enga tilraun til að hugleiða þetta atriði, heldur hamraði alltaf á því, að þetta væri ekki tilgangurinn, og meinti væntanlega, að þessi afleiðing af ráðstöfunum ríkisvaldsins gæti ekki átt sér stað. En ég skil ekki, að neinum geti verið það hulið öðrum en hæstv. ráðh., að þetta verður afleiðingin, ef taka á mótorbátana á arma ríkissjóðs, en láta betri framleiðslutækin hverfa út úr samkeppninni. Óhjákvæmilega yrði þetta afleiðingin.

Hitt er ekki nægilegt, að láta það í ljós hér úr ráðherrastóli, að vélbátaútgerðin sé frekar verð stuðnings, því að fleiri menn hafi framfærslu af mótorbátum en togurum. Þetta getur verið sjónarmið góðviljaðs manns gagnvart þeim, sem erfitt eiga, en það er ekki nægilega vitt sjónarmið fyrir ráðh., sem á að leysa úr yfirvofandi vanda alls þjóðfélagsins.

Ég skil, að þær muni vera ástæðurnar til þessara ráðstafana, að í hópi vélbátaeigenda eru m. a. samvinnuútgerðarfélög, sem hæstv. ráðh. þykir líka þörf að styrkja, enda munu þau um alla framtíð þurfa styrks með. En þetta sjónarmið dugir heldur ekki fyrir atvmrh., sem á að gera ráðstafanir fyrir alla þjóðina.

Ég fullyrði það og er samfærður um, að þessar ráðstafanir eru fallnar til þess að útrýma togaraútgerð landsmanna, og þá mun mörgum þykja kollhúfulegt um að litast, þegar landsmenn geta ekki lengur sjálfir tekið þátt í veiðum á sínum ríkustu miðum.

Forseti (JörB): Þá hafa ekki fleiri kvatt sér hljóðs, og er umr. lokið. Verður nú gengið til atkv.

Jóhann Jósefsson: Með því að skrifl. brtt. mín veltur á miklu um það, hvort málið kemur vélbátaútveginum að gagni eða ekki, og þar sem tveir hv. dm., sem ég veit, að hafa samúð með því, að málið verði afgr. í því formi, sem ég fer fram á í till., eru nú veikir, þá mælist ég til þess við hæstv. forseta, að hann fresti atkvgr. til föstudags. Ég get sagt, að það eru líkur til, að þeir verði þá mættir.

Atvmrh. (Haraldur Guðmundsson): Ég vil mælast til þess við hv. forseta, að hann fresti ekki atkvgr., þar sem farið er að líða svo mjög að þingfrestun. Ég vil, að málið verði afgr. á

þessum hl. þingtímans. En ég óttast, ef atkvgr. er frestað, að málið geti ekki orðið afgr.

Forseti (JörB): Ég skil hæstv. atvmrh. svo, að honum leiki hugur á að láta málið ná samþykki þingsins áður en frestun á sér stað. En dráttur frá deildinni gæti orsakað það, að Alþ. yrði að standa e. t. v. tveim dögum lengur. Og þar sem lasleiki gengur nú mikill í bænum, og ekki er sýnt nema á föstudag gæti aðrir hv. dm. verið orðnir veikir, þá sé ég mér ekki fært að fresta atkvgr., þegar svo er ástatt, að hæstv. atvmrh. óskar eftir, að hún fari fram.

Jóhann Jósefsson: Þar eð hæstv. atvmrh. leggur svo mikið kapp á að fá málið fram og tekur ekki tillit til veikinda af hálfu stuðningsmanna till., þá vil ég vænta þess, að hæstv. ráðh. reyni að fá tvo af sínum flokksmönnum til að sitja hjá við atkvgr. Ég flyt ekki till. til að tefja málið, heldur til að bæta frv. Að öðru leyti þeygi ég mig fyrir úrskurði hæstv. forseta.

Atvmrh. (Haraldur Guðmundsson): Ég er ekki tilbúinn að gefa svar við þessu, því að ég veit ekki, hve marga vantar í deildina.

ATKVGR.
Brtt. 301,1 felld með 14:13 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: GTh, HannJ, JakM, JJós, JÓl, JónP, ÓTh, PHalld, SK, TT, GÞ, GSv, GÍ.
nei: HV, PZ, PÞ, SigfJ, SE, StJSt, ÞorbÞ, BJ, BÁ, BB, EystJ, FJ, GG, JörB.
MT greiddi ekki atkv.
Fimm þm. (JS, JG, PO, ÁÁ, EmJ) fjarstaddir.
Brtt. 293,1 samþ. með 22 shlj. atkv.
— 293,2.a samþ. með 20 shlj. atkv.
— 293,2.b samþ. með 22 shlj. atkv.
— 293,3 samþ. með 18 shlj. atkv.
— 301,2 samþ. með 17 shlj. atkv.
Frv., svo breytt, samþ. með 17 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 37. fundi í Ed., 29. marz, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 302).

Á 38. fundi í Ed., 30. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 14 shlj. atkv. og til sjútvn. með 9 shlj. atkv.

Á 39. fundi í Ed., 1. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 302, n. 335 og 336).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 12 shlj. atkv.

Frsm. meiri hl. (Ingvar Pálmason): Ég vil aðeins geta þess, að sjútvn. vill öll vinna að því, að mál þetta nái fram að ganga á þessu þingi, en eins og nál. ber með sér, þá ber hv. minni hl. fram brtt. við frv., sem ég hygg þó, að hann ætli að taka aftur til 3. umr.

Frsm. minni hl. (Jón Auðunn Jónsson): Ég vil aðeins taka það fram, að ég hefi orðið við tilmælum um að taka brtt. minar aftur til 3. umr. Fer ég því ekki fleiri orðum um mál þetta nú.

ATKVGR.
Brtt. 335 teknar aftur.
1. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
2.—28. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 12 shlj. atkv.

Á 41. fundi í Ed., 3. apríl, var frv. tekið til 3. umr.

Frsm. minni hl. (Jón Auðunn Jónsson): Jafnvel þó ég sé ósamþykkur grundvallaratriðum þessa frv., þá vil ég samt á engan hátt leggjast á móti því, að einhver viðleitni sé sýnd til hjálpar þessari grein sjávarútvegsins. En hitt dylst mér ekki, að eins og frv. liggur nú fyrir, þá er þetta ekki einu sinni sú minnsta hjálp, sem vænta hefði mátt. Það er eins og allir vita þannig komið fyrir sjávarútveginum, að hann hefir verið rekinn um nokkurra ára skeið með árlegu tapi, og það er varla útlit fyrir, að þetta lagist, nema þá með sérstökum aðgerðum, og þá að einhverju leyti með breyt. frá því, sem nú er, fyrst og fremst á þann hátt, að létt verði af þeim miklu tollum og sköttum, sem nú hvíla á sjávarútveginum. Við sjáum, hversu erfiðugt hefir stefnt hjá okkur í þessum málum, ef við berum aðstöðu þá, sem norskir fiskimenn og útgerðarmenn hafa, saman við okkar eigin kjör. Það mun láta nærri, að við höfum þrisvar sinnum hærri tolla í mörgum tilfellum á þeim nauðsynjavörum, sem útvegurinn þarf frá öðrum þjóðum, og að öðru leyti eru skilyrðin svo óhagstæð sem verða má. T. d. má benda á það, að öll vinna í landi er hér miklu dýrari heldur en hjá Norðmönnum, aðalkeppinautum okkar á saltfiskmarkaðinum. Það hefir verið venja þar um nokkurra ára skeið að þeir, sem ynnu í landi, fengju 25 kr. á viku ásamt húsnæði og fisk til að borða. Af þessu leiðir, að öll framleiðsla sjávarafurða er þar miklu ódýrari heldur en hjá okkur, t. d. hefir þar um langan tíma verið greitt um 32 kr. fyrir að fullverka 1 tonn af söltuðum stórfiski. Hér aftur á móti hefir það kostað yfir 100 kr. í flestum tilfellum undanfarin ár. — Það er því sýnilegt, að það þarf hér frekari aðgerða heldur en að létta í bili á útgerðinni þeim skuldum, sem hún með engu móti fær risið undir og sjálfsagt eru tapaðar að meira eða minna leyti, og kannske alveg án skuldaskila.

Ég verð að segja, að það væru allar ástæður til að taka hér með fleiri skip, sérstaklega línuveiðaskip, því á þeim eins og á mótorbátum er það að mestu leyti þannig, að menn eru ráðnir upp á hlut, og það kemur harðast niður á þeim, sem eru ráðnir upp á hlut, af öllum þeim, sem stunda fiskveiðar. En um slíkt er ekki að tala að þessu sinni. Og jafnvel þótt ég áliti, að hér sé skammt farið í því að rétta hjálparhönd, þá vil ég á engan hátt sporna við því, að þessi ó-

verulega viðleitni sé sýnd, en ég tel, að hún komi að sáralitlu gagni og verði til þess, að afarmargir vélbátaeigendur hljóta að verða útundan þessari hjálp, ef ekki er samþ. till. mín um að hækka stofnfé sjóðsins upp í 2 millj. kr. — Ég vænti þess, að hv. d. geti fallizt á þessa litlu hækkun, sem alveg er nauðsynleg til þess að meginþorri útgerðarmanna geti fengið þá litilfjörlegu hjálp, sem hér er gert ráð fyrir.

Jón Baldvinsson: Það var svo sem auðvitað, að ekki yrði hægt að komast hjá því að ganga inn á þá braut að styðja annan aðalatvinnuveg þjóðarinnar, þegar búið var að veita bændum landsins hina stórfelldu hjálp með kreppulögunum. Þar var gengið inn á braut, sem mér fannst alltaf varhugaverð að fara, að leggja fram úr ríkissjóði fé til þess að greiða skuldir atvinnurekenda, og það í jafnstórum stíl eins og gert var, 10—11 millj. kr. Það, sem ég stakk upp á þá, var, að ríkissjóður legði fram einhverja tiltekna fjárhæð, t. d. 2 millj. kr., til þess að greiða úr verstu flækjunni, en eiga ekki nein eftirköst, sem óhjákvæmilega hljóta að leiða af því, að svo stórfelldar lánveitingar fóru fram, sem ekki er séð fyrir nema svo fari, að ríkissjóður verði að meira eða minna leyti að standa undir innlausn kreppusjóðsbréfanna. Það fer vitanlega eftir ástandinu hjá landbúnaðinum, en því miður lítur svo út nú, að ekki eru miklar ástæður til þess að ætla, að allt komi inn, sem lánað var.

Frá mínu sjónarmiði er dálítið svipað með skuldaskilasjóð vélbátaeigenda, eða skuldaskil fyrir útgerðina yfirleitt, að það er hál braut að fara inn á að binda þannig fé ríkissjóðs, þó ég játi, að þetta, sem hér er um að ræða, sé í engum hlutföllum — miðað við stærð atvinnuveganna — við það, sem veitt var til landbúnaðarins. En samt sem áður er ég ekki sannfærður um, að þetta komi að því gagni, sem til er ætlazt. Það má búast við því, að þær skuldir, sem vélbátaútvegurinn hefir stofnað, séu að mestu leyti tapaðar lánardrottnum. Mér sýnist því, að aðalárangurinn af framkvæmd þessa frv. — sem ég vil á engan hátt setja mig á móti — muni vera sá, að þeir, sem nú eru búnir að tapa skuldum hjá útvegsmönnum, fengju þær að einhverju leyti greiddar með framlagi úr ríkissjóði, og einnig e. t. v. þeir, sem búa til skuldakröfur á útgerðina, eins og mér er ekki alveg grunlaust um, að kunni að hafa verið að einhverju leyti með kreppulánasjóð.

Það hefir gengið svo að undanförnu með vélbátaútveginn og aðra útgerð yfirleitt, að bankarnir hafa framkvæmt þessa uppgerð, sem í raun og veru er ætlað, að skuldaskilasjóðurinn eigi að gera; þeir hafa tekið að einhverju leyti á sig tap og í mörgum tilfellum gengizt fyrir því, að menn fengju eftirgefnar skuldir, þegar um er að ræða menn, sem hafa sýnt sig að því að vera duglegir og treystandi til þess, að halda útgerðinni áfram. En nú skilst mér, að það verði jafnvel gengið lengra í því heldur en gert hefir verið áður að tryggja þá, sem þegar eru búnir að tapa öllum þeim skuldum, sem þeir eiga hjá útgerðarmönnum. Það hefði því að minu áliti verið eins rétt, ef mögulegt hefði verið, að hafa til einhverja fjárhæð eða jafnvel leggja bönkunum til einhverja fjárhæð, sem ríkið liti eftir, hvernig notuð væri, til þess að gera upp þá, sem erfitt eiga og ástæða er til að láta halda áfram útgerð vegna dugnaðar, er þeir hafa sýnt og vegna þess að þeim er trúandi fyrir fé. Því þó allir, sem reka útgerð með tapi, ættu kannske rétt á því skv. frv. að fá einhvern stuðning, þá er ekki víst, að það sé heppilegt vegna þess, hvernig þeim hefir tekizt til með sinn rekstur. Þetta verður því álitamál og verður því að framkvæma frv. á þeim grundvelli að taka tillit til þeirra möguleika, sem menn hafa til þess að standa undir sínum skuldum. — Það er náttúrlega auðveldara að hjálpa bændum, vegna þess að þeir eru þó bundnir við sinar jarðir og ekki auðvelt að selja þær, eins og það er auðvelt að skipta um t. d. eigendur á mótorbátum, því fram að þessu hefir alltaf verið auðvelt að selja góð skip hér á landi, eins og sést á því, að nú síðustu árin hefir verið keypt mjög mikið af skipum frá útlöndum.

Ég ætla ekki að setja mig á móti þessu frv., en ég vildi láta þessar aths. koma fram, til að sýna, hvernig ég lít á málið. Ég geri ráð fyrir, að því hafi verið lofað af hæstv. ríkisstj. að koma málinu áleiðis, og ég býst við að styðja það, þó að ég sé ekki allskostar sannfærður um, að það komi að gagni fremur en kreppuráðstafanirnar til landbúnaðarins. En það er ekki nema eðlilegt með það hörmungarástand, sem nú er hjá mörgum útvegsmönnum, þó að komi fram sterkar óskir og kröfur um stuðning til handa þeim atvinnuvegi, sem leggur mest til ríkisþarfa, og vil ég þó ekki niðra landbúskapnum. En hvort þessar leiðir eru heppilegar, það er ég ekki sannfærður um. Það verður að koma í ljós á næstu árum.

Búast má við, vegna fjárskorts, að grípa verði til að gefa út þau bréf, sem 3. gr. heimilar; síðar kemur sennilega til ríkissjóðs að greiða eitthvað af þeim skuldabréfum, sem falla á hans ábyrgð, eins og ég geri ráð fyrir, að nokkur hluti af kreppulánasjóðsbréfunum lendi á ríkissjóði.

ATKVGR.

Brtt. 335,1.a felld með 9:5 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: PM, GL, JAJ, MG, MJ.

nei: SÁÓ, BSt, HG, HermJ, IngP, JBald, JJ, PHerm, EÁrna.

Tveir þm. (ÞBr, ÞÞ) fjarstaddir.

Brtt. 335,1.b felld með 8:5 atkv.

— 335,2.a—c kom ekki til atkv.

Frv. samþ. með 12 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 375).

35. Hæstiréttur.

Á 24. fundi í Nd., 9. marz, var útbýtt:
Frv. til l. um breytingar á l. nr. 22 6. okt. 1919, um hæstarétt, og l. nr. 37 4. júní 1924, um breyt. á þeim lögum (þmfrv., A. 98).

Á 25. fundi í Nd., 11. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Bergur Jónsson) [óyfirl.]: Eins og sést á grg. frv. er það samið af lögfræðinganefnd þeirri, sem skipuð var eftir þáltill. síðasta Alþingis. Í henni áttu sæti við flm. frv. og Einar Arnórsson hæstaréttardómari. Nefndin er í öllum aðalatriðum sammála um frv., en Einar Arnórsson hefir þó gert ágreining um tvö atriði. Hann er þannig mótfallinn c-lið 2. gr., sem felur það í sér, að hið svo kallaða dómarapróf verði fellt niður. Próf þessu hefir aldrei verið beitt hér á landi, og mun enda hvergi tíðkast nema í Danmörku. Hafa margir jafnan verið því andvígir að hafa slíkt ákvæði í lögum. En þótt E. A. sé andvígur niðurfellingu dómaraprófsins, telur hann samt d-lið 2. gr. vera til mikilla bóta, en þar er svo ákveðið, að dómsmrh. skuli leita umsagnar hæstaréttar um skipun dómara í réttinn, enda ætti það að jafngilda hinu umþráttaða dómaraprófi.

Ég vil geta þess um leið, að ef c-liður verður felldur, þá er sjálfsagt að fella d-lið líka, því að það getur ekki samrímazt, að dómarar gefi prófvottorð og að ráðh. sé skylt að leita umsagnar þeirra. — Þá er E. A. ósammála okkur flm. um það atriði 1. gr., að ráðh. skuli velja mann í dóminn að fengnum tillögum hans, ef einhver hæstaréttardómara forfallast. Við flm. álítum, að dómsmrh., sem er yfirmaður lögfræðingastéttarinnar, og þá einnig hæstaréttar, eigi líka að hafa skipunarvald þar. Það er alveg óhæfa, þegar um mál sem þetta er að ræða, að dæma út frá því pólitíska ástandi, sem er á hverjum tíma, í stað þess að fara eftir því, sem réttast er. Ef andstaðan gegn þessu byggist á því, hvaða flokkar fara nú með völd, er því til að svara, að það er með öllu óvíst, að svo verði framvegis um aldur og ævi, og gæti það þá komið þeim í koll, ef þeir eða ráðherrar þeirra misbeittu valdi sínu í þessu efni. — Að öðru leyti eru nm. sammála um efni frv.

Efni frv. er þegar rætt og kunnugt hér á þingi. Þótt nokkur ný atriði komi fyrir í því, er það í höfuðatriðum sama efnis og frv. um fimmtardóm, sem var næstum afgr. á þingi 1932, er það strandaði á lítilli brtt., og frv. um æðsta dóm, sem lá fyrir þinginu 1933. Það er álit mitt, að eins og nú er frá frv. gengið, hljóti allir að vera sammála um það, að því sé í hóf stillt, og dómnum með því komið í það horf, sem er í samræmi við réttarmeðvitund þjóðarinnar. Pólitísk hlutdrægni á ekki að geta komið hér til greina.

Af nýmælum í frv. má geta þess, að í stað þess, að áður var valið milli háskólaprófessoranna með hlutkesti, ef hæstaréttardómari víkur sæti, á samkv. frv. dómsmrh. að geta valið úr stærra hópi, svo sem hæstaréttarmálaflutningsmönnum og héraðsdómurum og öðrum, sem geta orðið hæstaréttardómarar. Ég álít rétt að stækka þennan hóp, enda getur vel staðið svo á, að enginn lagaprófessoranna hafi aðstöðu til að taka sæti í dómnum.

Þá teljum við og réttara að ákveða þóknun handa dómurum, er taka sæti í réttinum til bráðabirgða, fyrir hvert einstakt mál, í stað þess að nú er sama þóknun fyrir hvert mál, hvort sem það er stórt eða lítið.

Í 2. gr. er svo ákveðið, að veita megi manni með 2. einkunn dómaraembætti, ef hæstiréttur mælir með því. Þessi till. er shlj. till., sem við Einar Arnórsson bárum fram á þingi 1932 og þá var samþ., enda er það ekki sanngjarnt að vera svo strangur við 2. einkunnar menn, hversu mikla hæfileika sem þeir annars sýna og hversu vel sem þeir rækja störf sín, að þeir geti ekki átt kost á að fá dómaraembætti eins og þessir svo kölluðu 1. einkunnar menn, sem oft reynast ekkert betur eftir að þeir hafa tekið próf.

Þá hefir nokkuð verið fjölgað í þeim flokki manna, sem geta komið til greina sem hæstaréttardómarar. Því er haldið eins og er í núgildandi l., að kennarar við háskólann og hæstaréttarmálaflm. skuli hafa verið skemmst 3 ár í því starfi. En svo er bætt við fulltrúum þeirra dómenda, sem mesta dóma hafa með höndum, eins og fulltrúum lögmanns og lögreglustjórans í Reykjavík, þessara embættismanna, sem nær eingöngu fást við dóma. Þar sem mest af málum, sem koma fyrir hér á landi, ganga fyrir rétti hér í Reykjavík, þá er það augljóst, að þessir menn hafa sérstaka æfingu í meðferð dóma, og þar sem heimtaður er 5 ára starfstími, og maður gerir ráð fyrir, að leitað yrði álits hlutaðeigandi embættismanns um það, hvernig fulltrúinn hefði staðið í stöðu sinni, þá má ætla, að þarna geti verið um hæf dómaraefni að ræða. Þá er það ennfremur nýmæli, að sá geti orðið hæstaréttardómari, sem sýnt hefir verulega yfirburði í lögfræði með fræðimennsku eða á einhvern annan hátt.

Aðalbreyt., sem þetta frv. gerir ráð fyrir á hæstaréttarl., er fólgin í ákvæðinu um opinbera atkvgr. í dómnum og að allur almenningur geti átt kost á að vita, hvernig dómarar hafa greitt atkv. um mál, því það er samkv. þessu frv. skylt að birta öll ágreiningsatriði, sem fyrir koma. — Ég held, að það sé ekki mikið deiluefni nú orðið, að það sé rétt að taka upp opinbera atkvgr. í æðsta dómi. Bæði mun það vera ósk almennings að fá að vita um það, hvernig einstakir dómarar hafa greitt atkv., og í öðru lagi getur það haft fræðilega þýðingu, en tjón getur ekkert af því stafað. Sem sagt, í mínum augum er þetta mál núna þannig út búið, að það ætti ekki að geta orðið að neinum pólitískum ásteytingarsteini.

Garðar Þorsteinsson [óyfirl.]: Ég mun ekki við þessa umr. tefja mikið fyrir þessu máli. En ég get ekki stillt mig um að láta undrun mína í ljós yfir því, að sú lögfræðinganefnd, sem skipuð hefir verið af ríkisstj. samkv. ályktun síðasta Alþ., skuli sérstaklega hafa tekið út úr það mál, sem hér liggur fyrir, l. um hæstarétt. Ég er

hissa á því vegna þess, að með þeirri röksemdafærslu, sem hæstv. forsrh. færði fram fyrir nauðsyninni á skipun slíkrar n.; var það einmitt rækilega tekið fram af honum, að það væri *meðferð einkamála og opinberra mála í héraði*, sem þessi n. ætti að rannsaka og koma með frv. um. Og það var það, sem áreiðanlega vakti fyrir síðasta Alþ., með því að samþ. þá till., sem þá lá fyrir. — Það getur ekki verið ágreiningur um það, að sú löggjöf, sem fjallar um meðferð mála, er fullkomnust að því er snertir hæstarétt. Og ég er þeirrar skoðunar, að þetta frv. hefði því átt frekast að bíða af öllum þeim till., sem þessi n. væntanlega kemur fram með. — Ég get *ekki heldur neitað því, að þetta frv. stingur dálítið* í stúf við þær yfirlýsingar, sem gefnar voru á síðasta Alþ. af hæstv. dómsmrh. og þeim hv. þm., sem þá töluðu á móti frv. um opinberan ákæranda, sem hv. 11. landsk. bar fram. Þá var því borið við, að vegna þess að fyrir lægi að koma fram með till. um meðferð mála yfirleitt, einkamála og opinberra mála í héraði, og þá vitanlega í hæstarétti líka, þá bæri ekki að taka það mál sérstaklega út úr. Nú er þeim hv. þm., sem þetta frv. flytja, kunnugt um það, að frv. um opinberan ákæranda, sem fellt var á síðasta Alþ., snerti nær eingöngu meðferð mála fyrir hæstarétti. Það eru þess vegna slegin úr höndum þessara hv. þm. og hæstv. forsrh. þau rök, sem hann í fyrra færði fram fyrir því, að að ekki bæri að samþ. frv. um opinberan ákæranda. Þessir góðu flokksbræður hans hafa nú sýnt honum fram á, að hann hafði þá rangt fyrir sér, þegar hann taldi ekki nauðsynlegt að samþ. það frv., *heldur vildi*, að það *kæmi* fram í þeirri heildarlöggjöf, sem síðar yrði sett.

Þegar það er athugað, að einmitt löggjöfin um hæstarétt er að því er snertir allt réttarfar fullkomnust, þá er það ljóst, að þetta frv. er ekki komið fram vegna þeirrar bráðu nauðsynjar, sem er á því að breyta réttarfarslöggjöfinni yfirleitt, heldur er það annað, sem hér liggur á bak við flutning þessa máls, sem sé það, sem áður hefir komið fram hjá þeim flokki, sem stendur á bak við samning þessa frv., að draga hæstarétt undir yfirráð pólitísks ráðh. Það er þess vegna hreinasta blekking hjá hv. 1. flm. þessa máls, þegar hann segir, að aðalbreyt. þessa frv. sé það, að atkvgr. dómenda sé opinber. Það út af fyrir sig er aukaatriði, vegna þess að ágreiningsatriði dómenda er skv. þeim l., sem nú gilda, heimilt að birta og munu iðulega hafa verið birt í hæstaréttartíðindum. Aðalatriði þessa frv. er því ekki það, að atkvgr. skuli vera opinber; aðalatriðið er *vitanlega* það, að *dómsmrh.* getur skv. þessu frv. haft frjálsari hendur að því er snertir skipun dómara, bæði fastra dómara og í einstök mál. Mér er í rauninni alls ekki ljóst, hvers vegna flm. þessa frv. gera greinarmun á því, hvort settur er dómari í einstakt mál eða áframhaldandi vegna þess að dómari forfallast eða víkur sæti af öðrum ástæðum. Hv. 1. flm. sagði, að þetta ákvæði væri sett til þess að ekki væri lengur bundið við það, að *prófessorar háskólans* tækju við, ef losnaði sæti í hæstarétti, heldur gæti dómsmrh. vikið út fyrir þann ramma og sett annan lögfræðing, sem að öðru leyti fullnægði ákvæðum þessara l. til þess að vera dómari í hæstarétti. Ég fæ ekki skilið þetta, vegna þess, að ef það er nauðsynlegt að fara út fyrir þennan *ramma í einstökum málum*, eins og segir í 3. málsgr. 1. gr., því skyldi það þá ekki vera nauðsynlegt líka, ef um áframhaldandi laust embætti í hæstarétti væri að ræða? Það eru áreiðanlega minni líkur til þess, að nauðsynlegt sé að leita út fyrir lagadeild háskólans, þar sem eru 3 prófessorar, til þess að fá þá setta til að dæma í einu einstöku máli heldur en til þess að sitja áframhaldandi sem dómari, þar til annar er skipaður. Þetta er ekki sett til annars en þess að hafa það opið, *ef fyrir kemur eitthvert* pólitískt mál, sem þeir flokkar, sem að flutningi þessa máls standa, vilja hafa íhlutunarrétt um, hver niðurstaðan verður, að fara megi út fyrir lagadeild háskólans til þess að skipa dómara í það mál, ef dómari á annað borð víkur sæti í hæstarétti. — Ég fæ ekki heldur séð neina nauðsyn á því, að dómsmrh. skuli endilega þurfa að hafa vald á því, hverjir af prófessorum lagadeildar skuli taka sæti í hæstarétti *í hvert einstakt skipti*. Ég fæ *ekki* betur séð en að það fari vel á því eins og verið hefir, að þar ráði hlutkesti um. Ég geri ráð fyrir, að í flestum tilfellum séu prófessorar háskólans vel hæfir menn og góðir lögfræðingar, og þess vegna ætti það að vera sama, hver þeirra það væri, sem tæki sæti í hæstarétti, þegar svo bæri undir. — Það er eitt atriði enn, sem gengur í þá átt að veita pólitískum ráðh. möguleika á því að gera upp á milli lögfræðinga að þessu *leyti til*. Í 1. gr. frv. *segir*, að *dómsmrh. eigi* að velja einhvern lögfræðing, eins og þar er nánar tiltekið, „að fengnum till. dómsins“ til þess að taka sæti í hæstarétti. Nú vildi ég gjarnan fá það fram hjá hv. flm. og einnig hæstv. dómsmrh., hvort þetta: „að fengum till. dómsins“, eiga að þýða það, að ekki sé heimilt að setja mann sem dómara í hæstarétt, ef það er ekki í samræmi við þessar till. dómsins. Ég veit það, að hæstv. dómsmrh. mun ljúft að *segja sína skoðun á þessu, vegna* þess að hann hefir hangið í svipuðu orðatiltæki og fengið dómara til þess að fallast á þá skoðun sína, að svipað orðatiltæki að því er snerti skipun lögregluþjóna hér í Rvík þýddi það, að ekki væri hægt að skipa lögregluþjóna á móti till. lögreglustjóra. Ég vil fá það skýrt fram hjá hæstv. dómsmrh., hvort hann vill skilja þetta ákvæði á þann veg, að ekki sé hægt að skipa dómara í hæstarétt á móti þeim till., sem dómurinn *hefir sjálfur komið fram með*. — Einnig vil ég í þessu sambandi spyrja hv. 1. flm. og hæstv. dómsmrh., hvort d-liður 2. gr. frv. eigi að skiljast þannig, að ef hæstiréttur leggur á móti ákveðnum manni sem föstum dómara, þá sé dómsmrh. bundinn við það og hafi ekki leyfi til þess að skipa manninn. Ef svo er, þá er í rauninni ekki fellt niður það dómarapróf, sem áður var í l., vegna þess, að þá gildir sú umsögn, sem dómurinn gefur. En ef ekki er skylt að fara *eftir* þessari umsögn hæstaréttar, þá fæ ég ekki séð neina nauðsyn á að leita hennar. Það getur að vísu verið svo í einstaka

tilfellum, að dómsmrh. fari eftir slíkri umsögn hæstaréttar, þó hann væri ekki bundinn við hana, en ég geri þó fastlega ráð fyrir því, að ef svo fer, að dómsmrh. setur mann í hæstarétt í þeim tilgangi, að hann skuli síðar verða skipaður dómari, þá muni hann ekki kippa manninum þaðan burtu þrátt fyrir andmæli dómsins, það mun áreiðanlega verða þannig í framkvæmdinni. Ég fæ ekki séð, hver nauðsyn ber til þess að svipta ákvæðinu um dómaraprófið burt úr l. Af hverju má ekki viðkomandi maður sýna það með samningi dóms eða ákveðnum málafjölda, að hann sé fær um að kveða upp dóma? Við skulum taka hér t. d. mann, sem hefir verið skrifstofustjóri í dómsmrn. Hann hefir e. t. v. ekki kveðið upp neinn dóm, en hann hefir látið uppi álit sitt um ýmsa dóma. Ég sé því ekki, að það sé nein trygging fyrir því, að þessi maður sé út af fyrir sig hæfur til þess að semja dóma frá upphafi, jafnvel þó hann gæti sem góður lögfræðingur látið uppi álit sitt um það, hvort ákveðinn dómur væri réttur eða ekki, eða hvort hann sem skrifstofustjóri dómsmrn. teldi rétt að áfrýja áákveðnum dómi eða ekki. Ég hugsa, að ekki geti verið ágreiningur um það milli lögfræðinga, að það er sitt hvað að flytja mál og dæma í máli. Maður, sem hefir verið hæstaréttarmálaflm. nógu lengi til þess að geta orðið hæstaréttardómari, getur verið góður lögfræðingur, en það er ekki sönnun fyrir því, að hann sé góður dómari. Og hvers vegna má þá ekki tryggja það, að hæfur dómari fáist, með því að viðkomandi maður skuli ganga undir próf og hinir dómararnir segja til um það, hvort þeir álíti hann hæfan í þetta starf eða ekki? Ég álít, að eins og löggjafarvaldinu ber skv. ákvæðum stjórnarskrárinnar að hafa alla starfsmenn hæstaréttar eins óháða umboðsvaldinu eins og mögulegt er, þá sé það hreint brot á þeim anda, sem í viðkomandi gr. stjskr. felst, að veita dómsmrh. þetta vald.

Það er eitt ákvæði, sem ég sé, að ekki er tekið í þessi l., sem þó var sett í fimmtardómsfrv., það, að fimm dómendur skyldu vera í hæstarétti. Þessi lögfræðinganefnd hefir komið með ýms ákvæði til þess að draga úr öryggi því, sem borgararnir eiga kröfu til gagnvart dómsvaldinu, en hún hefir ekki komið með eitt einasta ákvæði, sem eykur það. Ef hv. nm. hefðu komið fram með ákvæði um að fjölga dómendum úr 3 og upp í 5, þá hefði það verið til bóta, og ég vona, að hv. flm., sem báðir eiga sæti í allshn. — en þangað fer málið væntanlega — muni vilja taka upp brtt., sem gengur í þá átt.

Ég skal svo ekki tefja meira fyrir þessu máli, en ég vil endurtaka það, að mér þykir það illa af stað farið af þessari lögfræðinganefnd, sem skipuð var til þess að undirbúa sérstaklega alla málsmeðferð í héraði, að hún skuli ekki hafa komið fram með neitt frv. um það, sem hún var skipuð til, en finna hjá sér skyldu til þess að draga úr því réttaröryggi, sem við þó eigum nú við að búa.

Flm. (Bergur Jónsson) [óyfirl.]: Mikill hluti af ræðu hv. 8. landsk. var um það, að við nm. hefðum brugðizt skyldu okkar, og rökin fyrir því voru þau, að aðallega hefði meiningin með þál., sem varð til þess, að við vorum skipaðir verið sú, að fást við réttarfar í undirrétti. Ég skil ekki, hvernig hv. þm. getur fengið þetta út úr till., þar sem þar er skýrt tekið fram, að rannsaka eigi og gera till. um alla réttarfarslöggjöf landsins, einkamál og opinber mál, og landsdómi bætt við. Það er m. ö. o. allt réttarfar, allir dómstólar, sem till. nær yfir, og það er gengið svo langt, að það er heimtað, að farið sé eftir fullkomnustu erlendum fyrirmyndum. Nú veit hv. þm., að n. var skipuð skömmu fyrir áramót og hefir því ekki á svo stuttum tíma haft tíma til að gera þær gagngerðu breytingar, sem hún á að gera í þessum efnum, og það er ástæðan til þess, að hún núna kemur aðeins með breyt. á hæstaréttarl. Það liggur í augum uppi, að það lá beinast við að byrja á þessu, þar sem þarna var um stofnun að ræða, sem hægast var að koma nær nútímanum með því að gera breyt. Hitt er algerður misskilningur, að það hafi verið meiningin, að n. mætti alls ekki hrófla við hæstarétti; hann væri alveg fyrir utan hennar verksvið. Á þeim stutta tíma, sem við höfum haft til starfa, höfum við reynt að gera sæmilegar bætur til bráðabirgða á lögum hæstaréttar. Hitt er annað mál, ef rannsókn leiðir í ljós, að gera verður fleiri breyt. á hæstarétti, þá getum við orðið því samþykkir að gera það. En við vorum allir nm., líka flokksbróðir hv. 8. landsk., Einar Arnórsson, þeirrar skoðunar, að auka þyrfti réttaröryggið í landinu, og með því að gera æðsta dómstól landsins sem fullkomnastan mætti bæta úr þeim göllum, sem eru á lægri dómstólunum.

Hv. 8. landsk. hneykslaðist á því, að við skyldum ekki hafa sett í frv. atriðið um opinberan ákæranda, sem kom fram í frv. á síðasta þingi. En fyrst og fremst er ekki gefið, að við séum sammála um að stofna embætti opinbers ákæranda eða okkur finnist við séum búnir að rannsaka það mál nógu vel, og okkur ber alls ekki skylda til þess á þessum stutta tíma, sem við höfum haft til umráða. Þetta verður að vera í samræmi við álit okkar á öðrum breyt. réttarfarsins, t. d. þeim, hvort koma eigi á kviðdómi og slíku. En það tvennt, að gera breytingar á stofnun, sem þegar er til í landinu, einhverri þýðingarmestu stofnun, sem engum dettur í hug að leggja niður, eða taka upp opinberan ákæranda út í bláinn, er auðvitað ósambærilegt.

Annars voru aths. hv. þm. yfirleitt ekki þannig lagaðar, að það taki því að fara frekar út í þær. Hann bar fram þá fyrirspurn til mín og hæstv. dómsmrh., hvort ákvæði 1. og 2. gr. frv., „að fengnum tillögum dómsins“ og „leita umsagnar dómsins“ viðvíkjandi skipun dómara til bráðabirgða í hæstarétt, væru bindandi umsagnir. Ég vil aðeins biðja hv. þm. að taka eftir orðum gr. Það er augljóst, að þegar dómsmrh. hefir fengið tillögur dómsins, gerir hann sína ákvörðun, hvort sem hann fellst á tillögurnar eða ekki. En með þessu gefst hæstarétti kostur á því að láta skoðanir sínar í ljós, dómsmrh. gefst tækifæri til að nota sér álit hæstaréttar, en

dómsmrh. verður eftir sem áður að fara eftir sínu eigin mati. Ákvæðin eru því alls ekki bindandi.

Þá minntist hv. þm. á dómaraprófið. Ég er sannfærður um, því meira sem ég hugsa um það efni (og ég hefi hugsað mikið um það), að þessi barátta með dómaraprófinu er einungis af gömlum þráa, og stafar af því að Íhaldsfl. beit sig í það, þegar frv. um fimmtardóm kom fram, að hér væri um pólitískt atriði að ræða. En það, að halda af pólitískum þráa í ákvæði, sem ekki gildir nema í einu landi utan Íslands, og er auk þess ákvæði, sem aldrei hefir verið notað, og vafasamt er, að nokkurn tíma yrði notað, má telja furðu lítla alvöru í jafnmikilvægu máli.

En ég álít, að það versta við að halda ákvæðinu um dómaraprófið sé einmitt það, að af því geti risið pólitiskar deilur milli dómara og dómsmrn. Dómsmrh. er ekki skuldbundinn til að veita stöðuna þeim manni, sem staðizt hefir prófið; hann getur sett mann í hana endalaust. Og það gæti orðið langtum meira tilefni til pólitiskra deilna. En það eru einmitt blöð þess flokks, sem hv. þm. fylgir, sem mest hafa talað um, að dómstólar eigi ekki að vera pólitiskir. Og það er líka rétt. En þess vegna eiga ekki heldur að vera í lögum um þá ákvæði, sem geta vakið pólitiskan styr. Það er ekkert annað en slagorð hjá hv. þm., að réttaröryggið sé minna en áður með afnámi þessa ákvæðis. Ég fæ ekki skilið, hvers vegna hann er með þessum orðum að vega að flokksbróður sínum, einum mesta lögfræðingi landsins, þó að hann af pólitiskum ástæðum vilji vega að mér og hv. 1. landsk.

Ég vil taka það fram, að fyrir mér hefir ekki vakað neitt annað en að gera endurbætur á frv. Ég held, að opinbera atkvæðagreiðslan sé í þessu efni aðalatriðið. Dómarar vanda sig þá betur, þegar þeir vita, að allir lögfræðingar landsins geta heyrt og dæmt um úrskurði þeirra, og þegar þeir verða persónulega að standa fyrir dómsúrskurði sínum, en geta ekki skotið sér á bak við tvo aðra. Ábyrgð dómaranna hlýtur þannig að vaxa og þeir að vanda sig betur, þegar þeir standa þannig berskjaldaðir fyrir alþjóð.

Það lítur út fyrir, að hv. 8. landsk. hafi skrifað greinina, sem birtist í Mbl. á dögunum, eftir ummælunum þar að dæma. Í greininni stóð, að það væri nær að fjölga dómurum í hæstarétti heldur en draga úr öryggi hans. Við höfum ekkert á móti því í n., að dómurum væri fjölgað. En við teljum ekki, að nú séu þeir tímar eða þær fjárhagslegu ástæður, að rétt sé að auka embætti og útgjöld, þar sem hægt er að spara. En svo er ekki heldur nein trygging fyrir því, að t. d. 5 dómarar dæmi betur en 3. Það fer mest eftir því, að dómararnir séu góðir.

Forsrh. (Hermann Jónasson) [óyfirl.]: Það er aðallega út af fyrirspurn hv. 8. landsk., að ég ætla að segja örfá orð.

Um frv. sjálft er þess að geta, að það hefir verið vel frá því gengið, eins og vænta mátti, því að það hafa unnið að því 3 hæfir menn, einn undirréttardómari, einn hæstaréttarmálaflm. og forseti hæstaréttar.

Þetta mál hefir áður verið mikið rætt, og ætti því að vera hægt að ljúka því á stuttum tíma, þar sem ekki er um mörg ágreiningsatriði að ræða. En viðvíkjandi fyrirspurninni, sem hv. 8. landsk. beindi til mín út af atriði í frv., þá get ég ekki látið henni ósvarað, því að viljandi eða óviljandi er þar blandað saman tveimur óskildum lagaákvæðum. Hv. þm. heldur því fram, að ég hafi fyrir nokkru síðan haldið mér að því, að svipað orðalag og í frv., „að fengnum tillögum dómsins“, þýddi, að þegar tillagna væri leitað, mætti ekki veita embættið gegn þeim tillögum. Þetta er rangt. Ákvæðið, sem ég hélt mig að, var öðruvísi orðað. Í því ákvæði stendur „eftir uppástungum lögreglustjóra“. Og ég get sagt það nú, að þetta ákvæði er til í samskonar löggjöf í Danmörku, og hefir af fræðimönnum þar verið skýrt svo, að ekki væri hægt að veita embætti gegn þessu orðalagi. En svo er tekið til orða í lögreglumálalöggjöfinni dönsku, og víðar. Aftur á móti þýðir þetta orðalag, að það eigi að fá upplýsingar frá viðeigandi stofnun, og ekki megi ákveða um veitingu fyrr en þær eru fengnar. Hliðstætt þessu er í fræðslumálalöggjöfinni. Þar er leitað upplýsinga án þess veitingarvaldið sé við þær bundið. Um þetta eru einnig hliðstæð lög til í Danmörku. Við þessa hluti hefi ég stuðzt í deilunum og eins hitt, að þannig er litið á málið af fræðimönnum. Hér er því um tvö ólík atriði að ræða.

Þá vil ég víkja nokkrum orðum að dómaraprófinu. Í frv. þessu á undanförnum þingum voru ekki orðin nein veruleg ágreiningsatriði önnur en dómaraprófið. En mótstaðan gegn því, að það verði afnumið, er þó lítt skiljanleg. Dómarapróf er ekki til í löggjöf hæstaréttar nema í einu landi Evrópu, Danmörku. Alstaðar annarsstaðar er veitingarvaldið eins og ráð er fyrir gert í þessu frv. En hér er reyndar farið það skemmra, eftir sænsku fyrirmyndinni, að leitað er álits hæstaréttar um umsækjendur, áður en embættið er veitt. Um leið og hæstiréttur hefir fengið leyfi til að gefa þessa umsögn, verður erfitt fyrir dómsmrh., ef góð rökstuðning fylgir umsögninni, að ganga í móti henni.

Í öðru lagi er þess að gæta, að hæstiréttur hefir ekki, í öll þau ár, sem hann hefir starfað, fært sér dómaraprófið í nyt. Ég veit ekki betur en þeir, sem mest hafa beitt sér móti því, að dómaraprófið yrði afnumið, telji samt hæstarétt vel skipaðan. En hann hefir í 15 ár verið skipaður án dómaraprófs. Í öll þau 15 ár, sem *hæstiréttur hefir starfað, hefir dómaraprófið* aldrei verið notað. Þó halda þeir, sem beita sér fyrir prófinu, að þörf sé á því til þess að fá réttinn vel skipaðan. Það er ekki á háu stigi logikin hjá þessum mönnum.

En það hefir verið deilt á dómaraprófið, og það af meiri logik, fyrir annað, sem ég hefi heyrt ýmsa hnjóta um. Þegar dómarar fara úr hæstarétti vegna aldurs, þá er það af því, að þeir eru taldir svo andlega eða líkamlega hrumir, að þeir séu ekki hæfir til þess að gegna dómarastörfum, það felist ekki í því nægilegt réttaröryggi. En svo eiga þessir sömu menn að dæma um, hverjir séu hæfir til að taka við eftir þá, eiga að vera prófdómarar yfir hinum nýju

dómendum. En ef þeir eru ekki orðnir færir til að dæma, eru þeir þá frekar hæfir til þessa?

Nei, dómaraprófið er í sjálfu sér lítils virði, og getur verið verra en það. Það á sér stað aðeins í einu landi í Evrópu utan Íslands. Hér í frv. hefir verið farinn millivegur, sem hinn skynsamlegasti er. Dómaraprófið hefir aldrei verið notað, hæstiréttur hefir komizt af án þess. Nú ætti því að láta deilurnar falla niður um dómaraprófið, því að það er eina atriðið í þessu frv., sem hefir verið deilt um. Önnur deiluatriði eru fallin niður; t. d. var fallin niður hjá hv. þm. deilan um opinbera atkvæðagreiðslu, sem af beztu sérfræðingum í Englandi og Noregi er talin meira öryggi réttarfarsins. Hin opinbera atkvgr. í Noregi hefir þótt stórkostleg framför frá því, sem áður var. Ég held því, að þar sem hv. þm. eru sammála um öll aðalatriði frv., þá ættu að hætta deilurnar um dómaraprófið, sem verið er að halda í af engu öðru en gömlum þráa, og ekki styðst við neitt.

Gísli Sveinsson [óyfirl.]: Það má segja með réttu, að allir flokkar hafi staðið að lögfræðinganefndinni, sem telur sig koma með þetta mikilsverða mál fyrir Alþingi, um breyting á lögum hæstaréttar. Aðalflokkarnir stóðu að n., stjórnarflokkurinn, eins og kunnugt er — en hann er nú tviskiptur —, og Sjálfstfl. Því að Sjálfstfl. óskaði þess, að Einar Arnórsson tæki þátt í n. Þar fyrir er engan veginn gefið, að þm. flokksins fallist á allt, sem n. kemur með, þó að þessi maður væri samþykkur því. En það, sem deilt er um, er ekki heldur það, sem með réttu verður eignað Einari Arnórssyni, því að það eru aðallega tvö atriði, sem aðalflm. málsins hefir lýst yfir, að Einar Arnórsson teldi sig undanskilinn að samþykkja. Þau tvö atriði eru að hve miklu leyti eigi að auka vald dómsmrh. í réttinum með skipun hæstaréttardómara, og í öðru lagi, hvort það öryggi, sem hæstiréttur telur þurfa fyrir veitingunni, sem sé dómaraprófið, skuli afnumið.

Það er óneitanlegt, að í flestum þjóðlöndum þessarar álfu kemur nú orðið ljóst fram, að þeir, sem ráða lögum og lofum, telja ekki rétt, að æðstu dómstólar fái að dæma eftir sínu höfði í öllum málum, sízt málum, sem skipta þjóðarheill. Það er kunnugt um vini okkar Rússana, eins um vini allra manna, Þjóðverja (og við erum allir af sama stofni og þeir), ennfremur Ítali o. s. frv. Stjórnir allra þessara ríkja halda því fram, að þjóðarheill eigi að standa yfir einstaklingsrétti. Og segja ekki lögin til um það? En þegar þjóðarheill er sama og stjórnarheill meðal þessara ríkja, fer málið þá ekki að vandast? Þegar stjórn situr við völd, er eðlilegt, að hún telji heill sína fara saman við heill alþjóðar, þó að við grunum nú stundum stjórnirnar um græsku.

Nú mætti segja, að okkur Íslendingum farist ekki og getum komizt af án þess að taka þetta upp eftir öðrum ríkjum, en ætli ekki geti farið svo, að við gerum það, hvort sem okkur líkar betur eða verr?

Ég get ekki kvartað undan hæstarétti, og ég held, að stjórnin geti það ekki heldur. Ég hygg, að segja mætti, að hæstiréttur væri farinn að laga sig eftir öðrum löndum, og væri orðinn ófús að dæma gegn stjórnarheill, jafnvel þó það væri fyrir þjóðarheill. Ég vil ekki þar með segja, að hæstiréttur sé svo ranglátur, eða þetta sé svo vísvitandi, heldur er hér eins og um lóð í vogarskál að ræða. Það getur verið álitamál, hvort lóðið vigtar hér meira, en það er eins og lóð stj. vilji oft verða þyngra. Þetta getur farið vel, ef heill stj. fer saman við alþjóðarheill, en annars illa. Þess gætir ef til vill helzt á Norðurlöndum, að einstaklingsréttur eigi að vera mest metinn. Aðrir geta reynt að hrekja þetta, en þó er þetta stefnan víðast, eins og allar fréttir staðfesta, sem utan að berast. Þessi stefna er venjulega talin vera afleiðing af einræði stjórnarvaldanna, en hún getur líka komið frá sjálfum þjóðunum, eða sumpart af því að ávallt beri á hverjum tíma, í mótsetningu við það, sem tíðkaðist um síðustu aldamót, að breyta æ meir um stefnu í þá átt að meta þjóðarheildina meira en einstaklinginn, og vinna að því að einstaklingurinn drukkni í heildinni. Ég er nú einu sinni svo gamaldags, að ég er á móti því að auka vald ríkisstj. eða áhrif um veitingu embætta, eins og gert er ráð fyrir í frv. þessu. Mér virðist hv. aðalflm. telja það sjálfsagt, að veiting embætta þessara yrði hagað eftir till. dómara, en það er tekið fram, að veitingu þessara embætta skuli hagað eins og áður þannig, að konungur veitir þau eftir till. ráðh., og er engu þar um breytt. Þá eru burt felld úr lögunum skilyrðin um dómararóf, og fæ ég ekki skilið, að þessi settu skilyrði valdi nokkrum trafala. Nú hefir það réttilega verið tekið fram, m. a. af hæstv. forsrh., að þetta dómararóf hafi aldrei verið notað. En því er þá verið að gera úr þessu meinlitla ákvæði stórt atriði? Því má það ekki vera eins og áður, þó að hvergi sé í lögum, nema í Danmörku? Mér finnst ekki ástæða fyrir hæstv. stjórn að sparka í þetta atriði, þó það sé í lögum í Danmörku. Mér hefir heyrzt, að þangað væru sótt svo mörg fordæmi, að það hefir sízt, enda hlýtur einhver önnur ástæða að liggja á bak við. Mér finnst það vera ófug „logik“ að afnema ákvæði vegna þess að það hefir ekki gert ógagn, en getur vel verið til öryggis. Það hlýtur að vera eitthvað sérstakt, sem vakir fyrir um að afnema þetta ákvæði, sem er til öryggis, þó að það hafi ekki verið notað. Þó að sett sé það skilyrði að leita umsagnar dómaranna, er það ekki sama og próf.

Þá er það og ekki heldur sama, að ráðh. sé skylt að leita álits dómara, eða fara eftir þeirra tillögum um skipun í dómaraembættin, og ráðh. er alls ekki skyldugur að fara eftir till. dómara. Þetta ákvæði, að ráðh. skuli „að fengnum till.“, er sett til að punta sem mest upp á þessa málsgr., en dómsmrh. getur samkv. frv. þessu ráðið því, hver situr í réttinum þennan og þennan dag sem dómari í forföllum aðaldómara. Hér er verið að stinga inn litla fingrinum, til þess síðar að geta komið inn allri hendinni. Dómarar réttarins hafa ráðið því fram til þessa, hverjir koma inn í forföllum. Nú er þetta vald lagt í hendur dómsmrh. og svo er talað um, að óþarfi sé að vekja umr. um svona lítið atriði.

En þetta er stefnumál, sem fyllilega er leyfilegt að ræða við 1. umr. Ég skal taka það fram, að núv. stjórn eða dómsmrh. getur ekki þakkað sér að eiga upptök að þessu máli, þó hann vildi. Hér sat dómsmrh. á undan honum, sem öllu vildi einn ráða og hafa bæði tögl og hagldir í æðsta dómstóli landsins, þ. e. hafa hæstarétt pólitiskan, því vitanlega hneig allt í þá átt að draga hann undir hið pólitiska vald, og þetta hnígur til sömu áttar. Því hér er ekki átt við neitt annað en að dómsmrh. leiti umsagnar án þess að þurfa að taka tillit til hennar á nokkurn hátt. Hitt getur vel verið, að núv. hæstv. dómsmrh. áliti, að mikil rök þurfi til að brjóta í bága við álit dómaranna, eins og hann minntist á í ræðu sinni. Er sjálfsagt óhugsandi annað en ráðh. taki til athugunar rök hæstaréttar, en dómar manna eru ærið misjafnir. Og hver er til að dæma um þau rök, ef ráðh. sýnist annað en dómurunum? Enginn annar en hann sjálfur. Ég skal taka það fram, af því ég sé hv. fyrrv. dómsmrh. skjótast hér um deildina, að hans stjórn og blöð stjórnarflokkanna hafa kallað suma dóma hæstaréttar íhaldsdóma. Við getum því skilið, hvernig dómar pólitisks ráðh. geta orðið um sín eigin rök, ef hann segir t. d., að rök hæstaréttar séu einskis virði eins og hv. fyrrv. dómsmrh. hefir komizt að orði, — því það má hann eiga, að hann fer ekki stundum dult með skoðanir sínar.

Ef ráðh. ætti samkv. frv. þessu að vera bundinn við tillögur dómara hvað snertir skipun nýs dómara eða setningu forfalladómara, þá hefði svo verið frá gengið að ákveða í grein þessari, að dómsmrh. setti í embættin eftir till. hæstaréttardómara, það hefði verið rétt orðalag, ef ætlazt hefði verið til þess af aðstandendum og flm. þessa frv., að svo yrði gert. En hitt skilur enginn maður svo, að ráðh. sé skuldbundinn, þó að eigi skuli skipa í embættið fyrr en að „fengnum till. hæstaréttardómara“. Eftir því sem stjórnskipunarlagafræði hefir verið skilin og skýrð, þá er ekki unnt að leggja annan skilning í þetta atriði. Þarf ekki að fjölyrða um, að með þessu frv. er verið að flytja veitingarvaldið úr hendi dómaranna yfir til ráðh., *því stjórnin vill fá að vera einráð um dómaravalið* og það verður hún, ef orðalag þessarar frvgr. verður samþ. óbreytt. Nú vil ég spyrja, hvort hæstv. stjórn vill ekki fallast á að taka *þarna í stað orðanna „að fengum till.“* — *eftir* tillögum, ef brtt. kemur fram um það, — hvort hún vill ekki hverfa frá þessari einræðisstefnu, þegar allt er nú gert í samræmi við lýðræðið, og að stofnunin mætti ráða þarna um, sérstaklega þegar ekki verður nú oft nema um stuttan tíma að ræða í forföllum, eins og skýrt er tekið fram í 1. gr. frv. að gegna dómaraembætti í forföllum aðaldómara.

Mér skilst, að fulltrúi Sjálfstfl. í lögfræðinganefndinni hafi gert ágreining um það, sem talið er annað höfuðágreiningsatriðið, hvort dómsuppkvaðning og atkvgr. í réttinum skuli vera opinber eða ekki. Menn hafa ekki fundið til þess hingað til, þó svo væri ekki, m. a. vegna þess, að það eru sérlega fá tilfelli, sem ágreiningur hefir orðið í hæstarétti. Það er rétt, að frá sjónarmiði praktiserandi lögfræðinga hefir þetta dálitið að segja, en ekki fyrir aðra, nema þá ef menn ætla að elta ólar við dómsuppkvaðningu eða nota í pólitisku augnamiði.

Ég skal svo ekki lengja mál mitt meira að sinni, en vildi aðeins taka fram aðalatriðin við þessa umr., þar sem um stefnumun er að ræða. Þó menn hafi fellt misjafna dóma um hæstarétt, og ekki fundizt hann alltaf þjóna vissri pólitiskri stefnu, þá hafa menn aldrei efast um, að í honum væri fullkomið öryggi. En svo maður segi ekki of mikið, þá er það alrangt, að með þessu frv. sé réttaröryggið tryggt á nokkurn hátt, enda er svo frá gengið, að tæplega er unnt að umbæta gildandi lög um hæstarétt hvað það snertir, *en hér er gerð tilraun til að rýra það.* Það er engan veginn hægt að koma með rök eins og það, að í staðinn fyrir vald eða rétt dómaranna komi úrskurður pólitisks dómsmrh., eða sem a. m. k. verður *pólitiskur ráðh.* meðan núv. stjórn situr. Vildi ég mega vænta þess, að menn gætu komið sér saman um lausn þessa máls, svo ekki þyrfti að rísa meiri ágreiningur en orðið er. Loks vil ég svo segja það, að það var ekki þetta atriði, sem lá beint fyrir, að nefndin ryki til, þegar hún vildi sýna rausn sína og þykjast vilja einhverjar umbætur á l. um hæstarétt.

Garðar Þorsteinsson [óyfirl.]: Ég beindi þeirri fyrirspurn áðan til hv. 1. flm. þessa frv. og hæstv. dómsmrh., hvernig þeir skildu þetta orðalag og ákvæði í 1. gr. frv. Ég spurði ekki vegna þess, að ég þættist ekki viss um, hvernig þeir skildu það og myndu skýra, en ég vildi fá því slegið föstu, svo svar þeirra lægi fyrir. Ég taldi hyggilegt af hæstv. dómsmrh. að láta hv. 1. flm. svara fyrst, því það var vitanlega hægara að svara á eftir, en þeir hafa báðir svarað.

Ráðh. neitaði að taka við nokkrum lögregluþjónum, sem bæjarstjórn Rvíkur skipaði án hans meðmæla eða tillagna, þegar hæstv. ráðh. var lögreglustj. Bendir það til þess, að hann taki bókstaflega tilskipunina frá 1872. Ef á að taka þetta bókstaflega um óbrotna lögregluþjóna, að neita að taka við þeim, ætli þá sé síður ástæða í hæstarétti að velja þá færustu menn, sem völ er á? (**Forsrh.**: Þetta skiptir ekki máli um rétt ráðh.). Ef nauðsynlegt er að beita ákvæðum þessum sem lögreglustjóri, þá ætti það ekki síður að vera *nauðsynlegt um jafnmikilsverð mál* og setningu hæstaréttardómara, að þar sitji jafnan hinir hæfustu menn. Um tilnefningu ráðh. í dómarasæti tók hæstv. ráðh. það fram, að *tilsvarandi ákvæði væri hvergi í erlendri löggjöf* hliðstæðri, nema hjá Dönum. (**Forsrh.**: Þetta er alrangt). En ef honum finnst Danir vera til eftirbreytni, því þá ekki að taka það til fyrirmyndar sem gott er? Mér skilst, að sú eftirbreytni sé skynsamlegri. Hæstv. dómsmrh. sagði, að það mundi erfitt að ganga framhjá vel rökstuddum tillögum hæstaréttar. Það má vel vera, að hæstv. dómsmrh. finnist svo. Ég skal ekki um það segja, en eins og hæstv. ráðh. tók líka fram, þá er það matsatriði. Ég býst við, að hann teldi till. hæstaréttardómaranna vel rökstuddar ef hann sjálfur vildi koma ákveðnum

manni í sætið, og er þá ekkert vafamál, að ráðherravaldinu yrði beitt, og ekki álitamál, á hvern hátt, því að ráðh. á hér að dæma um sín eigin rök annarsvegar.

Hæstv. ráðh. sagði, að próf dómaranna væri dauður bókstafur, það hefði ekki verið notað í 15 ár, sem hæstiréttur væri búinn að starfa. Eftir orðum hans var ómögulegt að skilja annað en þetta væri næstum daglegur viðburður. En síðan stofnaður var hæstiréttur, hefir aðeins verið skipaður 1 dómari — Einar Arnórsson. — Og ég get haft það eftir hvar sem er og staðið við það, að þegar þáv. dómsmrh., Magnús Guðmundsson, skipaði hann í þetta embætti, eftir ábendingu hæstaréttardómaranna, þá sagðist hann álíta, að próf væri með öllu óþarft, þar sem þessi maður hefði þegar sýnt hæfileika og yfirburði í dómsuppkvaðningu, hann hefði dæmt svo marga dóma og hefði það mikla dómarareynslu að baki. Þessi rök þessa hæstv. ráðh. eru því ákaflega veigalítil, að ég ekki kveði sterkara að orði.

Ég þarf ekki að svara hv. 1. flm. mörgum orðum. Honum þótti undarlegt, að ég skyldi vilja, að lögfræðinganefndin hefði fyrst tekið fyrir þær umbætur á réttarfarslöggjöfinni, er snerta meðferð einkamála í héraði. Hann taldi rétt að taka fyrst hæstarétt, því til hvers væri að taka meðferð einkamála í héraði, ef ekki væri nægilegt öryggi í hæstarétti. Hann var að tala um ró í kringum réttinn og frið, sem ætti að vera, en sjálfur gefur hann í skyn, að ekkert öryggi sé í hæstarétti, eða ég get a. m. k. ekki séð, hvernig hægt er að gefa meiri vantraustyfirlýsingu en hann og hans flokksbræður hafa gefið hæstarétti. Slík orð um hæstaréttardóma, sem Framsókn og Alþfl. hafa notað, hefir Sjálfstfl. aldrei látið falla eða viðhaft. (**Forsrh.**: En prófessoradómurinn?). Það getur greint á um einstaka dóma, en ekki um skipun réttarins.

Það er alveg víst, að lögfræðinganefndin var skipuð til þess að undirbúa sérstaklega breyt. á l. um meðferð einkamála í héraði, sem eru orðin gömul og úrelt á marga lund og þarf að koma í nýtt og betra horf. En það var ekki þörf á að rjúka til og endurskoða lögin um hæstarétt, sem ekki eru eldri en frá 1919, og þá sniðin eftir lögum um hæstarétt Dana, sem ekki er vitað, að hafi verið breytt síðan til nokkurra muna. Það má vel vera, að nefndin hafi ekki getað á svo stuttum tíma undirbúið þá löggjöf, en hægt hefði verið að flytja frv. um opinberan ákæranda, vegna þess að hann verður til, hvort sem skipaðir verða kviðdómar eða ekki, og það þurfti ekki að vera nema lítið frv. og þurfti ekki að koma í bága við önnur lög, hvenær sem þau yrðu sett.

Ég fæ ekki séð, að það komi af neinum þráa, þó menn vilji halda við það, að dómaraprófin haldist. Ég veit ekki betur en að hæstv. ráðh. hafi gengið undir embættispróf, — og mundi hann telja það heppilegra, að menn fengju embætti, ef þeir hefðu setið á skólabekkjunum svo eða svo lengi án þess að taka nokkurn tíma próf?

Það má þá alveg eins fella niður þau ákvæði, að sá, er verða vill málaflutningsmaður fyrir hæstarétti, þurfi að taka sitt próf, eða hafa fengið I. eink. Ég fæ ekki séð annað en það væri fyllilega réttlátt og samræmi í því, að svo væri gert, en þó er ekki gert ráð fyrir því í þessu frv., sem hér liggur fyrir. Ég sé ekki neina ástæðu til þess, að málaflutningsmaður við réttinn þurfi að taka strangara próf eða gerðar séu hærri kröfur til hans en dómaranna. (**BJ**: Kannske við verðum sammála?). Við verðum ekki sammála, vegna þess að hv. flm. vill ekki, að fulltrúar lögmanns, ráðuneytis eða lögreglustjóra, sem hafa starfað í 5 ár eða lengur, þurfi að dæma 4 mál, áður en þeir geti fengið dómararéttindi, en þeir verða að sækja eða verja 4 mál fyrir hæstarétti til að geta öðlazt réttindi sem hæstaréttarmálaflutningsmenn. Ég fæ ekki séð, hvers vegna á að gera strangari kröfur til þeirra sem málaflutningsmanna en dómara, og það nær vitanlega engri átt, að slík ákvæði sem þessi séu þannig. Það ber öllum saman um, að það sé minni vandi og minni raun að flytja mál fyrir rétti en að sitja í réttinum sem dómari. Það er þess vegna enginn þrái, sem hér liggur á bak við, heldur aðeins skylda, sem hlýtur að hvíla á löggjafanum, að setja sem ströngust ákvæði um það, hvernig menn geti orðið dómarar.

Það er algerlega rangt hjá hv. flm., að ég hafi verið að vega harðlega að Einari Arnórssyni hæstaréttardómara. Í fyrsta lagi er það ljóst af því, að í þeim tveimur höfuðatriðum, sem ég hefi gert að umtalsefni, hefir þessi maður sérstöðu, eins og kemur fram í grg. frv., og eins og hv. frsm. tók sjálfur fram í framsöguræðu sinni. Ég er því Einari Arnórssyni sammála, en ekki að ráðast á hann. Auk þess hefir hvor okkar sem er leyfi til þess að hafa okkar skoðun um einstök atriði. Og þó að ég virði mikils skoðanir Einars Arnórssonar, þá fæ ég ekki séð, að ég mætti ekki líta öðruvísi á lögfræðileg atriði en hann.

Bæði hv. flm. og hæstv. dómsmrh. hafa stöðugt verið að halda því fram, að ákvæðið um opinbera atkvgr. væri höfuðatriði í þessu máli. Nú vil ég benda hv. þm. á það, að eins og þetta ákvæði er í frv., þá er það gerólíkt því, sem áður var í fimmtardómsfrv. Ég vil líka benda á það, að eins og gr., sem um þetta fjallar, er orðuð, þá er nákvæmlega tekin upp starfsaðferð hæstaréttar við uppkvaðningu dóma. Ég veit ekki betur en að það sé regla, að dómarar komi saman að loknum málflutningi til að ræða málið, en einn sé kjörinn til að koma með dómsákvæðið, sem gengur skriflega á milli dómaranna, og þar á skrifa þeir, hvort þeir séu samþykkir eða ekki. Það eina, sem skilur, er það, að samkv. frv. skal birta atkv. þess, sem er ekki samþykkur, en í l. er það aðeins heimild, en hver sem vill getur birt sitt atkv., og hv. flm. veit, að þetta sérákvæði hefir í mörgum dómum verið birt, eins og hver og einn getur sannfært sig um með því að fletta upp í hæstaréttartíðindunum. Þetta er því vissulega ekkert höfuðatriði. Að allt eigi að gerast fyrir opnum dyrum, er heldur ekkert nema slagorð, því að allir dómarar hæstaréttar eru fyrir opnum dyrum að þessu leyti til.

Hv. þm. endaði ræðu sína á því, að lögfræðingan. hefði ekki viljað fjölga dómurunum upp í fimm, af því að það hefði í för með sér svo mikil aukin útgjöld og þeir væru því mótfallnir að stofna slík ný embætti. Það gengur alveg fram af mér, þegar maður úr þessum flokki er að tala um, að hann vilji ekki stofna ný embætti, hann sem er nú á launum vegna bitlings, sem stj. hefir útbúið með þessari lögfræðingan. Svo rís hann upp og segir, að hér megi ekki stofna ný embætti. (BJ: Ég þigg engin laun). Það verður gaman að sjá þann landsreikning, sem sýnir það, nema hann sé þá eins og hv. þm. S.-Þ., að gefa ríkissjóði hluta af launum sínum. Ég held, að þessir hv. þm. ættu ekki að tala hér um með vandlætingu, þeir sem hafa stofnað tugi nýrra embætta, sem eru öll eða flestöll óþarfari en fjölgun dómara í hæstarétti. Þeir munu ekki fá ámæli alþjóðar, þó að þeir yrðu þess valdandi, að ríkissjóður yrði að borga nokkrum þúsundum meira í þessu skyni til þessara viðbótardómara, sem ættu að vera í sambandi við prófessora háskólans. Ef þeir hefðu fært það fram sem rök, að það væri óþarfi að hafa dómarana fimm, þá væru það rök út af fyrir sig, en hitt eru engin rök hjá þeim, að þeir vilji ekki stofna ný embætti, því að þá fyrst verða þeir sér til athlægis.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 17. shlj. atkv. og til allshn. með 17 shlj. atkv.

Á 31. fundi í Nd., 18. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 98, n. 152).

Stefán Jóh. Stefánsson: Hv. þm. Barð., sem er fjarverandi, hafði í raun og veru verið úthlutað framsögu fyrir málið. En eins og málið liggur fyrir nú, eru ekki líkur til, að mikill ágreiningur verði um það, og þótti því rétt að láta málið ganga fram, og hefi ég því tekið að mér að fylgja því úr hlaði með nokkrum orðum.

Við 1. umr. voru skýrðar þær breyt., sem frv. gerir ráð fyrir, og sé ég ekki ástæðu til að endurtaka það nú. Ég skal þó aðeins drepa á nokkur helztu atriðin.

Allshn. er öll sammála um að leggja til, að frv. verði samþ. Þó hafa einstakir nm. gert ágreining um einstök atriði og munu bera fram brtt. í samræmi við það. Við 1. umr. mun hafa komið fram nokkur ágreiningur, en ég var þá fjarstaddur sökum veikinda, og hefi því frásögn annara af þeim umr.

1. gr. frv. fjallar um skipun varadómara í hæstarétt, þegar aðaldómari forfallast eða víkur sæti. Eru þar færð út skilyrði fyrir því að geta tekið þar sæti, og dómsmrh. falið að velja varadómara hverju sinni, úr hópi þeirra manna, er til þess hafa skilyrði.

Í 1. gr. segir:

„Nú forfallast dómari eða sæti hans verður laust af öðrum ástæðum, og velur þá dómsmrh., að fengnum till. dómsins, einhvern lagakennara háskólans til að taka sæti í dóminum, þar til hinn reglulegi dómari tekur þar aftur sæti, eða þar til nýr dómari verður skipaður."

Eftir l. um hæstarétt er gert ráð fyrir, að valið sé úr hópi þeirra manna aðeins, sem verið hafa kennarar í lögum, hæstaréttarmálflutningsmenn eða héraðsdómarar. Við 1. umr. mun hafa orðið nokkur ágreiningur út af því, að gert er nú ráð fyrir, að dómsmrh. skipi dómara að fengnum till. dómsins. En ég skal ekki fara út í þann ágreining nú, þar sem engar brtt. eru komnar frá einstökum þm. og munu ekki koma fyrr en við 3. umr. Ég vildi því leyfa mér að vænta, að allshn. fái málið aftur til meðferðar með þeim brtt., sem fram kunna að koma, og það verði nú samþ. til 3. umr. án þess farið verði að deila um ágreiningsatriði.

2. gr. frv. er um breyt. á skilyrðum fyrir því að geta orðið dómari í réttinum. Þar er einnig nokkur rýmkun frá því, sem verið hefir. Er þar gert ráð fyrir, að auk þeirra, sem réttindin höfðu, séu þau veitt fulltrúum í dómsmálaráðuneytinu, lögmanns eða bæjarfógeta í Reykjavík við samningu dóma og úrskurða, eða fulltrúum lögreglustjórans í Reykjavík við rannsókn opinberra mála og samningu dóma í þeim, og þeim, er sýnt hafa verulega yfirburði í lögfræði með fræðimennsku eða á annan hátt.

Verður þessi brtt. að teljast eðlileg, því það má segja, að allir þessir fulltrúar hafi ekki minni æfingu í starfinu en héraðsdómarar, sem nú hafa þessi réttindi. Þessi útvíkkun á réttinum til dómarastarfsins er því réttmæt og sanngjörn, enda enginn ágreiningur um það í allshn. Þær brtt., sem felast í þessari gr., hafa komið fram á undanförnum þingum, og ég held, að flestir þm. hafi verið sammála um, að þær miði til hins betra.

Um c-lið 2. gr. er aftur á móti nokkur ágreiningur í n., hvort fella eigi niður dómaraprófið eða ekki. En ég mun hér fylgja þeirri reglu að fara ekki út í þau atriði, sem deilur standa um.

3. gr. fjallar um rétt dómsins til þess að ráða starfsmenn. Það mun almenn venja, að yfirmenn ráði sína undirmenn, svo sem dómarar fulltrúa og aðra aðstoðarmenn, og er því eðlilegt, að það sama gildi hér.

Um þetta atriði er heldur enginn ágreiningur í allshn.

4. gr. er smábreyt. út frá fenginni reynslu á undanförnum 15 árum, og á rót sína að rekja til Einars Arnórssonar, sem sæti hefir átt í dómnum nú um skeið. Er gert ráð fyrir, að stefnufrestur verði hinn sami til hæstaréttar og í almennum einkamálum í héraði, en hann er nú hálfu lengri. Ég ætla, að allir, sem starfað hafa í dómnum, álíti þetta til bóta.

5. gr. er aðeins smábreyt. um að nema burt ákvæði, sem ekki hefir verið nema á pappírnum, um lán málsskjala, sem ekki hefir verið tíðkað, því hæstaréttarmálflutningsmenn leita yfirleitt í lestrarsal réttarins til þess að athuga þau málsskjöl, sem þeir hafa ekki fullnægjandi útdrátt úr.

6. gr. er um að hækka úr 25 kr. í 50 upphæð fjárkröfu, sem skjóta má til hæstaréttar. Um þetta er enginn ágreiningur í allshn.

Í 7. gr. er lagt til, að styttur verði frestur frá því ný gögn í málinu eru lögð fram, (varnir, kröfur, málsatriði) þar til það er sótt, úr 14 dögum í 7. Er ástæðulaust að láta líða 14 daga, en getur oft verið til þæginda að geta skotið að máli með skemmri fyrirvara en 14 dögum. Allshn. er sammála um, að þetta sé til bóta.

Í 10.—11. gr. eru merkileg nýmæli um opinbera atkvgr. í réttinum.

Ég hygg, að við 1. umr. þessa máls hafi verið frá þessu atriði skýrt, og vil ég því vera fáorður um það. Vil ég benda á það, að opinber atkvgr. í æðstu dómum er ekkert nýtt eða óþekkt fyrirbæri, þó að ekki sé slíkt alstaðar tíðkað. Hún er ekki komin á enn í Danmörku, en fram eru komnar þar till. um að taka hana upp í hæstarétti Dana, og eru þær raddir allháværar. En fyrir mörgum árum hefir verið upp tekin í Noregi slík opinber atkvgr., með þeim árangri, að hvorki dómarar réttarins né heldur málaflutningsmenn eða aðrir starfsmenn réttarins hafa óskað eftir breyt. þar á. Ég held, að það muni varla leika á tveim tungum, að það sé hollara og eðlilegra, að opinber atkvgr. sé viðhöfð í hæstarétti og dómarinn skýri frá því, hvort dómurinn hefir orðið sammála, og ef ágreiningur hefir orðið, þá skýri hann frá, í hverju ágreiningurinn sé fólginn. Og allra sízt má það koma fram, sem komið hefir fyrir í sögu hæstaréttar, að þessa sé ekki getið við uppkvaðningu dóma, ef verið hefir ágreiningur um niðurstöður þeirra. Þetta átti sér stað í máli, sem mjög var viðkvæmt mál og mikið rætt í landinu. Þess var þá getið, að einn dómari hefði gert ágreiningsatriði, og að hann væri á móti niðurstöðu dómsins í réttinum. En í hverju ágreiningurinn lá, var ekki birt. Menn gátu ekki um það fengið að vita, hvort álit þessa dómara, sem greindi á um dómsniðurstöðuna, stóð nær áliti þeirra manna, sem gagnrýndu dóminn, eða áliti hinna. Ég hygg, að það sé til hins verra að geta slíkra ágreiningsatriða, ef ekki er birt, í hverju þau liggja, enda var Einar Arnórsson okkur hinum lögfræðingunum í n. mjög sammála um, að slíkt mætti ekki vera, heldur ætti atkvgr. að vera opinbert mál. Um þetta mikils háttar nýmæli í frv. er ekki heldur ágreiningur í allshn., og vil ég vona, að þessu merka nýmæli um þessa starfsaðferð í hæstarétti verði tekið vel af hv. d. og að það nái samþykki á hæstv. Alþ.

Í 12. gr. frv. eru nokkur nánari fyrirmæli um efni dóms, eða m. ö. o. fyrirmæli í þá átt, að forsendur hæstaréttardóma séu sem mest tæmandi og skýrandi um þau atriði, sem lögð eru til grundvallar fyrir niðurstöðum réttarins í það og það skipti. Það er næsta skiljanlegt, að mjög heppilegt og eðlilegt sé að óska þess, að þegar eitthvert dómsmál er borið undir hæstarétt, þá séu ákvæði dómsins þannig, að þau geti varpað ljósi e. t. v. yfir önnur deilumál, sem upp hafa risið eða rísa, þannig að efnið í forsendum dómsins sé sem mest tæmandi til þess að geta gefið mönnum leiðbeiningar um deilumál í hliðstæðum málum eða svipuðum. Öll allshn. óskar eindregið eftir þessum breyt.

Í 13. gr. eru ákvæði, sem aðeins eru afleiðing af ákvæðunum um opinbera atkvgr., og þar er m. a. lagt til, að dómar hæstaréttar séu gefnir út fljótt, að einhverjum af dómendum réttarins sé falið að sjá um útgáfuna og að prentuð séu öll ágreiningsatriði, sem kunna að koma fram, og að útgáfunni sé hraðað sem mest og að henni fylgi sem nákvæmast efnisyfirlit. En á þessu hefir verið tilfinnanlegur galli að undanförnu, sem sé sá, að dómar hæstaréttar hafa komið seint og óreglulega út. Stafað hefir þetta af því, að ekki hefir verið gengið svo frá því í l. um hæstarétt, að neitt ákvæði væri um það, hverjir ættu að hafa þetta með höndum. Með brtt. þeim, sem í þessari 13. gr. frv. eru, vona ég, að á þessum annmarka í starfsemi hæstaréttar verði bót ráðin.

Um 14.—19. gr. er það að segja, að í þeim eru engin nýmæli, heldur eru þær afleiðingar af þeim breyt., sem ég hefi skýrt frá. Þá hefi ég lokið við að drepa með nokkrum orðum á helztu breyt., sem lagt er til í frv., að gerðar verði á skipun hæstaréttar. Ég endurtek það, að ég vona, þar sem ekki liggja fyrir brtt. við frv., að umr. um deilumál frv. verði skotið á frest til 3. umr. og að frv. verði án þess að deila um það nú vísað til 3. umr.

Umr. frestað um stund, en fram haldið síðar á fundinum. Var þá útbýtt brtt. á þskj. 185. Brtt. of seint fram komin. — Afbrigði leyfð og samþ. með 17 shlj. atkv.

Garðar Þorsteinsson [óyfirl.]: Eins og ég tók fram við 1. umr., verð ég að segja, að ég hafði búizt við, að svokölluð lögfræðinganefnd, sem skipuð var samkv. ályktun síðasta þings, hefði fyrst og fremst snúið sér að því að undirbúa umbætur á réttarfarslöggjöfinni, sem eru meira aðkallandi en þær, sem eiga að felast í þessu frv. um hæstarétt.

Hæstiréttur býr ekki við eldri löggjöf en frá 1919. Sú löggjöf var þá sniðin eftir reynslu annara þjóða. Þá var m. a. tekinn upp munnlegur málaflutningur, sem hefir þótt gefast vel og upplýsa málin betur en hinn skrifaði málaflutningur, sem enn tíðkast í héraði.

Ef það er nokkurs metið, sem fræðimenn segja, er það eftirtektarvert, sem Einar Arnórsson hæstaréttardómari sagði á þingi 1931, er hann lét svo um mælt, að meira máli en breytingar á hæstarétti skipti það, að fá umbætur á meðferð einkamála í héraði.

Hefði nú þetta, að fá umbætur á réttarfarinu almennt, vakað fyrir meiri hl. lögfræðingan., myndi hann hafa valið þá leið að taka málið neðan frá og færa sig upp á við, eins og Einar Arnórsson lagði til 1931. En að sú leið hefir ekki verið farin, bendir til þess, að það sé ekki öryggi hæstaréttar, heldur öryggi framkvæmdavaldsins, sem tryggja eigi með þessu frv.

Þá má einnig benda á ummæli hv. 1. landsk. og hæstv. dómsmrh. á þinginu í fyrra, er rætt var um opinberan ákæranda. Þá létu þeir báðir þá skoðun í ljós, að breyt. þær, sem það frv. gerði ráð fyrir á réttarfarslöggjöfinni, yrðu að ná til meðferðar allra opinberra mála.

Mér þætti gaman að vita, ef þessi hv. flm. frv.

vill halda því fram í alvöru hér á eftir, að það þurfi ekki að gera síðar ráð fyrir nýjum breyt. á hæstaréttarlögunum, þegar lögfræðingan. kemur fram með aðrar breyt. á réttarfarslöggjöfinni. Og ef hann játar þetta, þá er þar með vissulega fengin fullkomin viðurkenning hans á því, að það var í mesta máta óviðeigandi og undarlegt að hrófla í þetta sinn við löggjöfinni um þennan dómstól, án þess að það væri gert í samræmi við breytingar á réttarfarslöggjöfinni í heild. Hitt skal ég játa, að það eru ýms atriði í þessu frv. til bóta frá því, sem er í núv. löggjöf, en þær breyt. eru ekkert aðkallandi. Þess vegna skrifuðum við hv. þm. Snæf. undir nál. með fyrirvara, að við viljum að vísu afgr. frv., úr því að það er fram komið, og flytjum við allverulegar brtt. við það á þskj. 185; en ef þær verða ekki samþ., þá greiði ég atkv. á móti frv.

Fyrsta brtt. okkar er um það, hversu margir dómarar skuli eiga sæti í réttinum til að dæma í málum, eftir því hvað umfangsmikil þau eru. — Þegar landsyfirrétturinn tók til starfa hér á landi, þá voru þrír dómarar í réttinum, en þá var hægt að áfrýja dómum hans til hæstaréttar Dana í Kaupmannahöfn. En þegar hæstiréttur var fluttur heim samkv. l. frá 1919, þá var það álit löggjafarvaldsins, að ekki mætti stofna þann dómstól með færri en 5 dómurum. Þótti þá mjög nauðsynlegt, að hinn æðsti dómstóll í landinu væri þannig skipaður af nægilega mörgum hæfileikamönnum í dómarasætum, að landsmenn mættu vera nokkurnveginn öruggir um meðferð mála sinna, þannig að þjóðin mætti vissulega bera fullt traust til réttarins að því er snertir starfsemi hans inn á við. Og að því er við kemur starfi dómstólsins út á við, þá þurfa erlendir aðilar iðulega að sækja mál sín undir hæstarétt, og er því mikils um vert, að þeir megi öruggir treysta dómsvaldinu hér á landi. Þegar hæstiréttur var fluttur inn í landið, var ekki mikill ágreiningur um það, að dómarar ættu að vera 5 í réttinum. Og eins og kunnugt er, þá var til enn frekara öryggis sett ákvæði um það í stjórnarskrána, að hæstaréttardómarar skyldu vera sem óháðastir og eigi taka neinn þátt í umboðsstörfum.

En árið 1924, þegar þjóðin átti við óvenjulega fjárhagsörðugleika að etja, og leita þurfti margskonar sparnaðarráðstafana til útgjaldalækkunar á þjóðarbúinu, var ein þeirra ráðstafana sú, að dómurum var fækkað í hæstarétti úr 5 niður í 3. Einu rökin, sem borin voru fram til stuðnings þessari ráðstöfun, var fjársparnaðarþörf ríkisins. Jafnframt og þetta var gert urðu allir, sem að því stóðu, að játa, að raunverulega væri með þessari ákvörðun dregið mjög mikið úr réttarörygginu í landinu. Og nú, eftir að þessi dómarafækkun var látin fara fram, hafa komið fram hvað eftir annað mjög áberandi óánægjuraddir alstaðar að, út af því, að ekki skuli vera nema 3 dómarar í hæstarétti. Það er út af fyrir sig ekki af því, að 3 dómarar geti ekki dæmt rétt í málum eins og 5 manna dómstóll. En það, sem fyrir þeim mönnum vakir, sem þessar kröfur gera, er, að það veiti þó ætíð meira öryggi, bæði inn á við og gagnvart erlendum aðilum, því fleiri sem þeir dómarar eru, er komizt hafa að sömu dómsniðurstöðu. Þessar kröfur um fjölgun dómara í hæstarétti hafa komið fram frá lagadeild Háskóla Íslands og frá dómurum í hæstarétti, og iðulega frá málflutningsmannafél. Íslands. Það hefir oftar en einu sinni sent Alþingi tilmæli og áskoranir um það, að dómurum yrði fjölgað í hæstarétti. Dr. Björn Þórðarson, lögmaður í Reykjavík, ritaði fyrir nokkrum árum mjög góða grein um þetta mál í tímarit lögfræðinga og hagfræðinga, og komst þar að þeirri niðurstöðu, að réttaröryggi í landinu væri ekki fyllilega borgið nema í hæstarétti væru 5 dómarar. Á Alþingi 1930 flutti þáv. dómsmrh. (Jónas Jónsson) frv. um fimmtardóm, sem einnig var síðar flutt á þingunum 1931 og 1932, með lítilsháttar breytingum. Þó að allverulegur ágreiningur væri í þinginu um ýms atriði þess frv., þá var samt í því ein athyglisverð nýjung, þar sem lagt var til, að aðaldómarar í réttinum skyldu vera þrír, en að í hinum stærri og þýðingarmeiri málum, vandasömustu einkamálum og opinberum málum, skyldu 2 af prófessorum lagadeildar háskólans einnig taka sæti í réttinum, og ennfremur þegar aðaldómarar krefjist þess. Áttu þeir að taka sæti sem aukadómarar og vera þá 5 í dómnum. Hér er farið bil beggja í brtt. okkur á þskj. 185, og miðað við þetta ákvæði, sem var í fimmtardómsfrv. Leggjum við til, að aðaldómarar séu aðeins 3, og er þannig tekið fullt tillit til þeirra raka um sparnaðinn, sem komu fram á Alþingi 1934, þegar dómurum var fækkað úr 5 í 3, með því að ákveða ekki 5 fasta dómara. En til þess á hinn bóginn að taka nokkurt tillit til þeirra krafa, sem fram hafa komið um öryggi réttarins, þá er farin sú leið, að 2 af lagaprófessorum háskólans skuli vera aukadómarar, og taka þeir sæti í réttinum þegar hann hefir margbrotin og umfangsmikil mál til meðferðar. Ég geri ráð fyrir, að eins og þau rök voru tekin gild af meiri hl. Alþingis 1924, að fjárhagur ríkissjóðs leyfi ekki að hafðir væru 5 fastir dómarar í hæstarétti, þá sé skiljanlegt, að hv. þdm. vilji ekki, sökum slæmrar fjárhagsafkomu ríkissjóðs, auka nú við tveimur föstum dómurum í hæstarétt. En hinsvegar er það einnig skiljanlegt, að hinir, sem vilja tryggja sem bezt réttaröryggi í landinu, vilji fara þá leið, sem stungið var upp á í frv. um fimmtardóm, að fá aukadómara í réttinn í vandasamari málum. Í 1. lið brtt. á þskj. 185, frá mér og hv. þm. Snæf., er einmitt stungið upp á þessu fyrirkomulagi — 3 aðaldómurum og 2 aukadómurum — og ætlazt er til, að þeir skipi sæti í réttinum eftir þeim reglum, sem settar eru í greininni.

Þetta atriði, hvort hæstaréttardómarar skyldu vera 5, kom til umtals í allshn., og skal ég taka það fram, að raunverulega voru allir nm. því fylgjandi og sammála um nauðsyn þess að fjölga dómurunum í réttinum, en töldu af ýmsum ástæðum ekki fært að framfylgja því að svo komnu. Nú er það vitanlegt, að fjöldi af þeim málum, sem koma fyrir hæstarétt, eru ákaflega einföld og umfangslítil og vandalaust að

dæma í þeim; er því óþarft, að um þau fjalli fleiri en þrír dómarar. En svo koma hinsvegar stundum ýms vandasöm mál, sem menn skiptast mjög í flokka um, t. d. eftir afstöðu í þjóðmálum, og getur verið, að þau snerti jafnvel heilar stéttir í þjóðfélaginu. Þá er öruggara að hafa fleiri en 3 dómara.

Mér hefir skilizt á hv. flm. þessa frv., þm. Barð. og 1. landsk., að þeir mundu ekki treysta sér til að vera með brtt. um fjölgun dómara í réttinum. Mér finnst þetta satt að segja dálítið undarlegt, þegar litið er til þess, sem ég nú skal upplýsa, að hv. 1. landsk. átti upptökin að þessari till., að bæta við aukadómurum í hæstarétt, þegar hann undirbjó og samdi frv. um fimmtardóm 1930. Og til þess ennfremur að gera hv. þdm. kunna afstöðu hv. þm. Barð. í þessu efni, eins og hún var 1932, þá vil ég, með leyfi hæstv. forseta, lesa upp kafla úr ræðu hans í þingtíðindunum frá því ári um fjölgun dómara í hæstarétti. Hann segir:

„Um fyrsta atriðið munu allir sammála, að þar sé um miklar umbætur að ræða frá því skipulagi, sem nú er, en margir munu hinsvegar fremur hafa kosið, að hinum föstu dómurum réttarins hefði verið fjölgað upp í 5; en það er hvorttveggja, að þetta hefði orðið allmiklu dýrara en að taka prófessora lagadeildar inn í dóminn, þegar á þarf að halda, eins og frv. gerir ráð fyrir, enda er meiri trygging fyrir því með þessu móti, að dómurinn sé vel skipaður í vandasömum málum, sem til hans er skotið.

Eru allar líkur til þess, að við lagadeild háskólans séu á hverjum tíma starfandi færustu og lærðustu lögfræðingar landsins, og þó að það sé að vísu rétt, að fræðimaður í lögum þarf ekki endilega að vera góður dómari, mælir þó allt með því, að þetta fari að öllum jafnaði nokkuð saman, enda mun reglan sú, að góður dómari sé ekki síður fræðimaður í sínu fagi, þó að undantekningar séu frá þeirri reglu, sem öllum reglum öðrum."

Þannig leit hv. þm. Barð. á þetta mál 1932, að það gæti ekki orðið ágreiningur um, að þetta atriði væri til bóta, og að æskilegt væri, að hinir færustu og lærðustu lögfræðingar í landinu — prófessorar í lagadeild háskólans — tækju sæti í réttinum og störfuðu þar sem aukadómarar þegar mest þætti við þurfa. — Ég lýsi því yfir, að ég er því mjög fylgjandi, að það séu 5 fastir dómarar í hæstarétti. En ég veit, að það mætir mótspyrnu í þinginu vegna aukins kostnaðar. Hinsvegar get ég ekki skilið, hvernig þeir þdm., sem fyrir fáum missirum voru ákveðið fylgjandi þessari tilhögun, geta nú greitt atkvæði á móti henni. Ég skil ekki með nokkru móti þau rök, sem þeir láta leiðast af.

Um 2. brtt. okkar á þskj. 185 er það að segja, að hún felur í sér mjög mikilsvert nýmæli, sem gengur út á að ákveða um það, hvernig skipa skuli í dómarasæti í hæstarétti, ef hæstaréttardómari víkur sæti eða forfallast. Í frv. er gerður greinarmunur á því, hvort dómarasæti losnar í réttinum í einstöku máli eða um lengri tíma. Í öðru tillfellinu á dómsmrh. að skipa dómara í hið auða sæti, en í hinu gildir sú regla, sem ég hefi áður lýst, að einn af prófessorum lagad. háskólans tekur sætið eftir hlutkesti þeirra á milli eða tillögu hæstaréttar. Ég fæ ekki séð, að það sé neinn raunverulegur munur á því, hvort hæstaréttardómari víkur sæti í einu máli eða vegna forfalla, t. d. veikinda um lengri eða skemmri tíma. Í báðum tilfellum verður að setja mann í réttinn í hans stað, og fæ ég ekki séð, að á þessu tvennu sé neinn grundvallarmunur. Það er undarlegt, að í öðru tilfellinu á dómsmrh. að útnefna hinn setta dómara, en rétturinn sjálfur á að velja einn af prófessorum lagad. háskólans í hinu tilfellinu. Ég finn ekki nema aðeins eina skýringu á þessu, og hún er sú, að dómsmrh. vill þannig tryggja sér atkvæði í réttinum í pólitískum málum, og leggur því undir sig ákvörðunarrétt, sem á að vera í höndum dómaranna í hæstarétti. Um þetta hafa þær reglur gilt undanfarið, að þegar dómarasæti losnar í réttinum, þá tilkynnir forseti hæstaréttar lagadeild háskólans forföllin, og síðan er varpað hlutkesti á milli lagaprófessora deildarinnar um það, hver þeirra skuli settur í hið auða sæti í hvert sinn.

Það má vel vera, að ef til þess kæmi, að prófessorar lagadeildarinnar taka sæti sem aukadómarar í hæstarétti, þá sé hér um of þröngt svið að ræða, ef aðeins á að leita til lagadeildarinnar um dómara í forföllum hinna föstu dómara réttarins. Þess vegna höfum við í brtt. okkar fært út þetta svið þannig, að velja megi einhvern af kennurum lagadeildar háskólans, einhvern hæstaréttarmálaflm. eða héraðsdómara, sem fullnægir skilyrðum þessara laga, til þess að vera skipaður dómari í hæstarétti, og er þeim skylt að taka við þeirri kvaðningu. Sá meginmunur er á brtt. okkar og frv.gr., að samkv. brtt. okkar á hæstiréttur sjálfur að tilnefna mann í réttinn, en samkv. frvgr. á dómsmálaráðh. að gera það.

Ég lít svo á, eins og fram kemur í lögunum um hæstarétt frá 1919, að það eigi að neyta allra ráða til þess að hafa dómstólinn algerlega óháðan umboðsvaldinu. Dómararnir eiga að vera 5 og ekki gegna öðrum störfum en dómarastarfinu. Eftir okkar tillögum eiga þeir að vera sem óháðastir, og Alþingi á fyrst og fremst að gæta þeirrar reglu. En það verður vitanlega ekki, ef pólitískur ráðh. getur skipað menn í dómarasæti upp á sitt eindæmi, ef svo ber undir. Þriðja brtt., sem hér er um að ræða, er um það, með hverjum hætti skipa skuli hina föstu dómara í hæstarétti. Samkv. gildandi l. er ekki hægt að skipa dómara í réttinn nema þeir fullnægi vissum skilyrðum. Þeir þurfa að hafa hlotið 1. eink. við embættispróf og hafa starfað sem lögfræðingar ákveðinn tíma o. s. frv. Auk þess þurfa þeir að ganga undir dómarapróf, sem er fólgið í því, að dómaraefni á að kveða fyrstur upp dómsatkvæði í fjórum málum, af þeim á a. m. k. eitt að vera opinbert mál, og verður hann að hafa sýnt með þessu, að hann sé fær um að gegna dómsstörfum í hæstarétti. Með þessu ákvæði hefir það verið lagt á vald hæstaréttar að meta það, hvort viðkomandi er

hæfur til að skipa sæti í réttinum eða ekki. Þetta er eitt af þeim ákvæðum, sem löggjafarvaldið setti inn í lögin 1919, til tryggingar því, að dómarar væru ekki skipaðir eftir geðþótta pólitísks ráðh., heldur samkv. reglum, sem löggjafinn taldi öruggar. Ef þetta ákvæði væri ekki í lögunum, þá gæti dómsmrh. skipað mann í réttinn, sem engin trygging er fyrir, að sé hæfur dómari, en hinsvegar fullvíst, að hann muni vera pólitískur fylgismaður ráðh. Þegar rætt var um þetta atriði á Alþingi 1932, var mjög mikið um það deilt. Og sá maður, sem almennt mun viðurkennt, að hefir mesta þekkingu á þessu máli, núv. forseti hæstaréttar, Einar Arnórsson, lét svo um mælt þá — með leyfi hæstv. forseta:

„Þá er hitt höfuðatriðið, sem hv. frsm. meiri hl. talaði um. Það er um dómararaunina. Hann sagðist ekki skilja í mér, ekki lakari en ég væri nú, að ég skyldi vilja fórna frv. fyrir ákvæðið um dómararaunina. Það eru ekki mjög sannfærandi röksemdir, þó að megi á það benda, að í stórum löndum hér í álfu sé þessi skipun ekki höfð á. Við höfum síðan 1915 hér í okkar landi lagt mikla áherzlu á, að dómendur í æðsta dómstól landsins væru lausir við stjórnmál og dægurþras. Þess vegna voru sett þau ákvæði í stjskr. 1915, að dómendur væru sem lausastir við öll önnur mál en þau, sem fyrir réttinn koma. En á móti átti það að koma, að séð var um af löggjafarvaldinu, að þessi dómstóll gæti notið sín sem bezt og aflað sér þess trausts, sem nauðsynlegt væri. Í stórum löndum er ekki eins mikil hætta á ferðinni. Hér þekkir svo að segja hver annan, og hér er flokkabarátta hvað illvígust vegna fámennis og þeirrar smæðar, sem er hér á öllu hjá okkur. Þess vegna er hættara við því hér en annarsstaðar, að kali kunni að komast inn hjá pólitískum andstæðingum. Þess vegna hefir það verið skoðun mín og minni hl., að hættara sé við, að pólitískur ráðherra skipi í réttinn einungis menn eftir sínu höfði, sína pólitísku samherja, ef hann réði einn, heldur en ef rétturinn ætti að dæma um það, hverjir væru hæfir eða ekki. Það er að vísu svo, að ráðh. skipar menn í önnur embætti. En eftir minni skoðun er ekki jafnhættulegt, þó að lægri embætti séu skipuð pólitískt, eins og ef æðsti dómstóll landsins væri skipaður með þeim hætti. Ef dómaraefni á að sýna það í dóminum sjálfum, að hann muni vera hæfur til þess að vinna þau verk, sem þar skal vinna, þá skilst mér, að ríkari trygging sé fengin fyrir því, að maðurinn sé hæfur til verksins en með því fyrirkomulagi, sem hv. meiri hl. mælir með."

Þannig lítur þessi reyndi lögfræðingur og dómari á þetta atriði. Og ég fæ ekki séð, að það sé með sanngirni hægt að halda því fram, að aðrir séu hæfari að dæma um hæfni dómaraefnis heldur en þeir, sem á hverjum tíma sitja eftir í hæstarétti, og ég fæ ekki séð, hvers vegna ekki má tryggja það á þennan hátt, að hæfustu mennirnir komi til með að taka sæti í réttinum, því að á annan veg tekst það ekki betur.

Þau ummæli hæstv. dómsmrh. við 1. umr., að aldrei hafi verið gripið til dómaraprófsins síðan það var lögfest 1919, hefi ég nú tekið til athugunar. Þá kemur það í ljós, að á þessu tímabili hefir aðeins einu sinni verið skipaður dómari í hæstarétt, og var það Einar Arnórsson. En þá lá fyrir yfirlýsing frá dómurum réttarins um, að E. A. hefði þegar sýnt það með dómsuppkvaðningu í 4 málum, að hann væri hæfur dómari.

Önnur ummæli hæstv. dómsmrh. við 1. umr. voru þau, að hrumur maður, sem væri á förum úr dómnum, ætti að dæma um hæfileika þeirra, sem taka ættu sæti í réttinum í hans stað. Þetta er fullkominn misskilningur. Því að það eru þeir dómarar, sem eftir sitja í réttinum, er eiga að dæma um hæfni dómaraefna. Ég skal fúslega játa, að prófraunin út af fyrir sig eykur á engan hátt hæfni þeirra dómara, sem hana þreyta, en hún er sönnun, eða einskonar vottorð um það, að þeir séu færir um að taka að sér dómarastarfið. Og hvert sem við lítum liggja fyrir kröfur um prófraunir. Það er yfirleitt ekki hægt að skipa menn í embætti hér á landi án þess að þeir hafi lokið ákveðnu prófi. Það er ekki nægilegt, að maður hafi stundað sitt nám svo og svo lengi og komi með prófvottorð frá erlendum háskóla; hann verður að taka próf á ný. Og til þess að verða málaflutningsmaður fyrir hæstarétti, þarf lögfræðingur, auk þess að hafa 1. eink. og hafa starfað ákveðinn tíma sem lögfræðingur eða fulltrúi, að taka próf, sem felst í því, að hann hafi flutt a. m. k. 4 mál í hæstarétti og sýnt með því, að hann geti flutt mál sæmilega. Það fer eftir dómi hæstaréttar í hvert einstakt sinn. En ég hygg, að enginn vilji halda því fram í alvöru, að það beri yfirleitt að gera minni kröfur til þeirra manna, sem sitja í hæstarétti sem dómarar, heldur en til þeirra, sem flytja mál fyrir hæstarétti. En eftir því frv., sem hér liggur fyrir, er gerður mjög mikill greinarmunur á því að geta komizt til hæstaréttar sem dómari eða sem málflutningsmaður. Dómarinn þarf ekkert próf að taka, en málfærslumaðurinn verður að taka próf. Þetta er teoretiskt séð hreinasta hneyksli. Annað hvort verður að gera kröfu til þess, að dómarar taki próf eins og málflutningsmenn, eða þá að ganga verður út frá því, að prófin séu einskis virði. Í þessu sambandi vil ég vísa til þess, sem hv. þm. Barð. sagði á þingi 1932 og ég las upp áðan, sem sé, að það þurfi alls ekki að fara saman að vera góður lögfræðingur eða vera góður dómari. Við getum t. d. tekið fulltrúa í dómsmálaráðuneytinu, sem út af fyrir sig kannske hefir sýnt góða lögfræðikunnáttu. Ef hann hefir verið fulltrúi í 5 ár, er hægt að skipa hann sem fastan dómara í hæstarétti, en hann getur ekki orðið málaflutningsmaður fyrir hæstarétti án þess að taka próf fyrst, þ. e. a. s., að þessi sami maður er fær um að dæma í öllum málum, en er alls ekki fær um að flytja mál fyrir hæstarétti. Það hlýtur nú öllum að vera ljóst, hvað mikið ósamræmi er í þessu, því það er tvennt ólíkt að leggja mál fyrir rétt eftir framlögðum skjölum eða vinna burtu aukaatriði og það, sem er rangt, og semja forsendur dóms. Það er þess vegna frá

þessu sjónarmiði séð ekki nokkur vissa fengin fyrir því, að sá maður, sem út af fyrir sig er góður lögfræðingur, þurfi jafnframt að vera góður dómari. Þess vegna er það skynsamlegast og tryggast, að hæstaréttardómararnir sjálfir kveði upp sinn dóm um það, hvort viðkomandi maður sé einnig fær um að dæma í málum. Og það má nefna annað dæmi. Skv. frv. er hægt að skipa sem dómara í hæstarétt þann mann, sem hefir 1. einkunn, óflekkað mannorð og hefir setið sem dómari í einhverri sýslu landsins í 3 ár. Nú er það svo í sumum sýslum þessa lands, að það er einsdæmi, ef fyrir kemur nokkurt mál, sem þarf að dæma um. Vill nú nokkur halda því fram, að ungur lögfræðingur, sem skipaður hefir verið sýslumaður í einhverri minnstu sýslu þessa lands tilsettan tíma, kannske dæmt 8—10 mál, sé líklegur til þess að vera hæfur dómari í hæstarétti. Þetta er svo mikil fjarstæða, að mér finnst það alveg makalaust, að hæstv. dómsmrh. skuli geta staðið að þessu frv. Sú minnsta krafa, sem hægt er að gera, er, að sá hringur, sem hægt er að velja menn úr til þess að vera fastir dómarar, sé þrengdur og burtu teknir þeir menn, sem engin vissa er fyrir, að séu hæfir til þess að vera dómarar, eins og t. d. fulltrúar dómsmálaráðuneytisins og sýslumenn utan af landi. Aftur á móti tel ég fulltrúa lögmanns, sem hafa það lífsstarf eitt að dæma mál, hæfa til þess að vera dómarar í hæstarétti. Ég vildi skjóta því til hæstv. dómsmrh., að hann athugaði, hvort ekki væri rétt að þrengja þennan hring. Ég veit, að hann fellst á það, að óviturlegt væri að skipa sýslumenn, sem ekki hafa neina reynslu í því að dæma mál, sem fasta dómara í hæstarétt. Ef þetta verður svo, að prófraunin er afnumin, þá verður afleiðingin sú, að það er ráðh., sem á að skipa alla dómara, að fenginni umsögn hæstaréttar, sem hann ekki þarf að fara eftir. Og ég hygg, að það gangi þess enginn dulinn, að þegar svo er komið, að pólitískur ráðh. skipar dómara í hæstarétt, þá sé ekki lengur borgið því öryggi, sem þingið 1919 vildi þó fyrst og fremst tryggja og stjórnarskrárgjafinn 1915 með því að setja það ákv. í stjskr., að dómarar ættu ekki að hafa umboðsstarf með höndum. En jafnvel þó að ráðh. skipaði í þetta embætti eftir beztu sannfæringu, án tillits til pólitískrar skoðunar, þá er sá hængur á, að einmitt af því að það var hann, sem skipaði í embættið, mun koma upp einhver kurr eftir dómsuppsögu, að það sé eðlilegt, að dómurinn hafi farið svona og svona af því að það var ráðh., sem skipaði dómarann, og hann hefði tryggt sér, að úrslitin yrðu þessi. Hinsvegar er ekki hægt að koma með þessi rök, ef ráðh. hefir ekki sjálfur skipað í dóminn. Við höfum dálitla reynslu fyrir okkur í þessu, sem sé þá, að þangað til 1919 var það ráðh., sem skipaði dómara í landsyfirrétt, og einmitt þetta ákvæði um skipunarvald ráðh. í landsyfirrétt var fellt niður af því það sýndi sig, að það vakti óróa í kringum réttinn, og það var álitið að geta haft skaðleg áhrif á úrslit dóma í vissum tilfellum. Ég vona því, að þingið, sem nú sker úr um þetta, eftir nánari yfirvegun vilji fallast á, að það sé eðlilegra, að settar séu meiri takmarkanir fyrir því, að menn geti komizt til hæstaréttar sem fastir dómarar, að það sé heppilegra bæði inn á við og út á við að hafa þessa stofnun eins óháða umboðsvaldinu eins og frekast er unnt, sem ekki verður, ef ráðh. hefir meira og minna hönd í bagga með skipun dómara.

Hv. 2. flm. þessa máls sagði í sinni ræðu hér í dag, að aðalbreyt. væri fólgin í hinni opinberu atkvgr. Ég veit það, að flokksbræður þessa hv. þm., og eins sérstaklega hv. þm. S.-Þ., gerðu á sínum tíma talsvert veður út af þessu ákvæði, að ráðagerðir og atkvgr. dómaranna skyldi vera opinber, og nú hefir þessi hv. þm. í einfeldni sinni álitið, að það ákvæði, sem hann flytur, væri shlj. því, sem stóð í frv. hv. þm. S.-Þ. um fimmtardóm 1930. En svo er alls ekki. Ákvæðið eins og það er nú í frv. er í raun og veru ekkert annað en það, sem gengið hefir fyrir sig við dómsuppsögu. Sá eini munur er það, að dómari er nú skyldur til þess að birta ágreiningsatkv. sitt, en áður hafði hann heimild til þess, en ekki skyldu. Og ég vil benda á, að það út af fyrir sig hefir vitanlega engin áhrif á niðurstöðu dóms, hvort minni hl. dómenda birtir sitt atkv. eða ekki; dómsniðurstaðan er jafnóhagganleg fyrir það. Það má líka benda á, að reynslan hefir yfirleitt verið sú, að dómarar hafa birt ágreiningsatkv. sín. Og hv. þm., sem eflaust les hæstaréttartíðindin, hlýtur að vita þetta mjög vel. Hann má ekki blanda saman þeirri gr., sem nú kemur fram í þessu frv., við þá gr., sem áður var tekin upp í fimmtardómsfrv. 1930. Sú gr. gekk miklu lengra. Þegar þessari gr. þess frv. var síðar breytt með frv. 1932, þá viðhafði prof. Einar Arnórsson sem þm. þau ummæli, að í raun og veru væri þetta fyrirkomulag ekkert annað en það, sem gerist við dómsuppsögu. Dómararnir hafa innbyrðis sínar ráðagerðir. Þeir ræða málin eftir að búið er að flytja þau, og einum dómaranum er falið að koma með dómsniðurstöðu og semja forsendur. Og ef hinir dómararnir eru samþ., rita þeir undir dómsuppkastið og það er fært inn sem dómur. Ef dómari er ekki samþykkur, er honum heimilt að birta ágreiningsatkvæði sitt. Munurinn er aðeins sá, að nú er skylda að birta ágreiningsatkvæðið. Ég skal taka það fram, að ég er þessu alveg sammála, að hafa þetta svona, en það er bara dálítið hlægilegt, þegar hv. flm. er að apa það eftir hv. þm. S.-Þ., að þetta — sem á sér stað í framkvæmdinni — sé eitthvert meginatriði.

Brtt. okkar við 9. gr. er aðeins orðabreyt., og þarf ekki að fara neitt inn á það. Sama er að segja um brtt. við 6. gr. frv. — Að því er snertir brtt. við 10. gr., þá er eðlilegt, að þar sé bætt inn orðunum: í máli, sem flutt hefir verið munnlega, — því gr. ber það með sér, að hún á aðeins við munnlegan flutning máls. Það er líka eðlilegt, að 2. og 3. málsgr. 11. gr. komi sem sérstök gr., vegna þess að þær málsgr. eiga bæði við 10. og 11. gr. frv., sem sé bæði við skriflegan og munnlegan málflutning.

Að síðustu skal ég taka það fram, að mér finnst eðlilegt, að þessi l. séu látin ganga í gildi eftir sumarfríið, sem sé 1. sept. Dómar-

arnir hætta sínum störfum í hæstarétti, þegar sumarfríin byrja, og þá er eðlilegast, ef nýir dómarar koma, að þeir taki sæti að haustinu til, þegar rétturinn kemur saman. Ef hæstv. dómsmrh. vill ekki ganga inn á þetta, þá hlýtur að vaka eitthvað sérstakt fyrir honum, og ég get þá í seinni ræðu bent honum á það, ef hann getur ekki getið sér þess til. Ég veit, að hann skilur hálfkveðna vísu, enda líka slær samvizkan hann. Hann hefir ekki getað setið rólegur nokkra stund undir ræðu minni, því hann veit, að það, sem hér gildir, er ekki aukið öryggi réttarins, heldur aukin áhrif pólitísks ráðh. í réttinum.

Stefán Jóh. Stefánsson: Ég sé ekki ástæðu til að fara mörgum orðum um ræðu hv. 8. landsk. Okkur í allshn. var kunnugt um, að þær brtt., sem hann og hv. þm. Snæf. flytja hér í d., mundu koma fram, og við höfðum lýst yfir því í n., að við sæjum ekki ástæðu til þess að fylgja þeim.

Út af hinum almennu aths. þessa hv. þm. í upphafi ræðu sinnar um, að það hafi verið óeðlilegt að byrja á því að koma með breyt. á hæstarétti, þá er því til að svara, að það gildir mest um í íslenzku réttarfari, hvernig komið er fyrir lokastiginu, því dómstigi, sem ekki verður áfrýjað frá. Mesta öryggið er því það, að það dómstig verði búið þannig úr garði, að menn geti verið öruggir um, að þar sé gætt alls þess, sem krefjast verður af lokadómstigi. Þess vegna var eðlilegast að byrja á þessu atriði.

Þá skal ég minnast á brtt. á þskj. 185. Fyrsta brtt. fjallar um að hafa 2 aukadómara. Hér er um að ræða brtt., sem er kunn frá fyrri þingum, og ég skal játa, að hún getur haft til síns ágætis nokkuð. En þó ætla ég, að betra væri, ef ástæða þætti til fjölgunar, sem ég er ekki á móti í sjálfu sér, að fjölga upp í 5 föstum dómurum og skipta þá heldur dómstólnum í deildir, þannig að 3 dæmi í einu, en þó ekki alltaf 3 sömu mennirnir. Þessari breyt. mætti koma á hvenær sem væri, en ég býst við, að allar breyt. á réttarfarslöggjöfinni, sem hafa kostnað í för með sér, muni verða torsóttar fyrst um sinn. Þess vegna höfum við í meiri hl. ekki viljað hreyfa breyt. um fjölgun í réttinum, jafnvel þó við gætum verið því fylgjandi í principinu. Það atriði, sem ræðir um í brtt. við 1. gr. frv., er um val á varadómurum. Hv. flm. brtt. vilja, að það sé rétturinn, sem velur varadómara úr hópi þriggja stétta, kennara við lagadeild háskólans, hæstaréttarmálaflutningsmanna og héraðsdómara, hvort sem um val er að ræða vegna þess, að dómari er óhæfur til þess að sitja í einu máli vegna skyldleika eða mægða eða dómari forfallist fyrir fullt og allt. Við í meiri hl. n. gerðum glöggan greinarmun á þessu. Ef dómari er óhæfur til þess að dæma í einu máli vegna skyldleika eða snöggs sjúkdóms, þá gerðum við ráð fyrir, að velja mætti varadómara úr hópi þessara þriggja stétta, lagaprófessora, hæstaréttarmálaflutningsmanna og héraðsdómara. En ef dómari forfallast um lengri tíma, annaðhvort sökum langvarandi sjúkdóms eða fellur frá, þá gerum við ráð fyrir, að aðeins sé hægt að skipa sæti hans einum kennara lagadeildar háskólans, einungis af þeirri ástæðu, að héraðsdómarar og hæstaréttarmálaflutningsmennn gætu ekki orðið við því, að yfirgefa atvinnu sína, kannske svo mánuðum skipti, án þess þó að yfirgefa hana fyrir fullt og allt. Ef t. d. hv. 8. landsk. væri kvaddur til þess að sitja í hæstarétti 5—6 mán., þá væri það þyngri byrði heldur en hann vildi á sig taka. Hv. þm. hlýtur því að sjá, þegar hann athugar þetta nánar, að brtt. hans er vanhugsuð, því þarna þarf að gera glöggan greinarmun á, hvort dómari kemur í rétt í einu eða tveimur málum eða hvort hann kemur um langan tíma, vegna langvarandi forfalla reglulegs dómara eða vegna þess að hann fellur frá, því alltaf getur liðið nokkur tími þangað til hægt er að skipa annan dómara í hans stað.

Þá er það atriði, sem hv. 8. landsk. og fylgismenn hans lögðu aðaláherzluna á, og það er dómaraprófið. Ég þarf ekki að fara mörgum orðum um það. Það var rætt mikið við 1. umr. þessa máls og oft áður hér á þingi. En ég vil taka það fram, að ég álít, að okkur hér sé ekki um vandara heldur en þeim þjóðum öðrum utan Danaveldis, sem hafa þetta ákvæði eins og við flm. leggjum til í okkar frv. Í upphafi var þessi regla um dómarapróf tekin, eins og flest annað, frá Danmörku, án þess að leitað væri lengra eftir erlendum fyrirmyndum. Ég býst við, að ef komin væri á sú skipun, sem við leggjum til í meiri hl., að ráðh. velji hæstaréttardómara að fengnum till. dómsins, þá mundi reyndin verða svo, að saman féllu till. dómsins og ákvörðun veitingarvaldsins, þannig að það yrði í raun og veru lítil breyt. frá því, sem nú er. Hinsvegar er það óeðlilegt að láta þessa stofnun frekar en aðrar hafa einræði um skipun á mönnum. Ég álít, að þar þurfi ekki og eigi ekki að gilda aðrar reglur en um aðra æðstu embættismenn landsins. Hv. 8. landsk. taldi það háskalegt að láta dómaraprófið niður falla, vegna þess að heimilt væri að skipa héraðsdómara til að vera hæstaréttardómara, en þeir hefðu oft og tíðum mjög litla æfingu. En hann verður að gá að því, sá góði hv. þm., að það verður að ganga út frá því í þessu tilfelli sem öðrum, að veitingarvaldið líti yfirleitt á það, hverjir eru hæfastir af umsækjendunum, og velji þá menn til starfanna, sem það telur hæfasta. Ef maður sækti um dómarastöðu í hæstarétti, sem verið hefir sýslumaður í útkjálkahéraði skamman tíma og ekki væri vitað fyrirfram, að hefði neina sérstaka hæfileika sem dómari í hæstarétti, þá ætla ég, að ganga mætti út frá því sem gefnu, að framkvæmdarvaldið myndi ekki velja hann, heldur þann manninn, sem líklegastur væri sökum æfingar sinnar og hæfni til þess að inna starfið vel af hendi. Ég tel mig því ekki þurfa að fara frekari orðum um aths. hv. 8. landsk. um dómaraprófin.

Að lokum skal ég geta þess, að þessi hv. þm. fór nokkrum orðum um og vildi gera lítið úr því, sem ég hafði mælt um opinberu atkvæðagreiðsluna, sem felst í frv. því, er hér liggur fyrir, og vildi halda fram, að þar væri um allt annað að ræða heldur en þær till., sem á sín-

um tíma lágu fyrir í frv. um fimmtardóm um opinbera atkvgr. En hér verður hv. þm. algerlega reyk. Í þessu frv. er haldið sama meginatriðinu, því, að hafa atkvgr. opinbera, þó fyrirskipuð sé eilítið önnur aðferð við hina opinberu atkvgr. heldur en í fimmtardómsfrv. Í því frv. er orðalagið um opinberu atkvgr. dálítið almennara en hér er, en í báðum tilfellum er farið fram á sama aðalatriði, og skiptir engu, hvort orðalagið er viðhaft. Hvorttveggja er opinber atkvgr. og mjög ólíkt því, sem nú er í hæstarétti. Hv. 8. landsk. veit vel, ef hann gáir vel að, að nú gildir ekki í hæstarétti opinber atkvgr., heldur heimild dómenda til þess að birta atkvgr., ef þeir vilja, og láta getið ágreiningsatkv. án þess að birta þau. Ég ætla líka, að hv. 8. landsk. viti það, að í hæstarétti koma oft fyrir ágreiningsatkv., sem mönnum utan réttarins er með öllu ókunnugt um, eins og eðlilegt er, þar sem engin fyrirmæli eru um, að dómurum beri að birta þau, ef þeir kæra sig ekki um það. Hv. þm. veit, að ágreiningur er miklu oftar heldur en kemur í ljós, ég ætla, að ágreiningsatriði hafi verið tvisvar eða þrisvar sinnum birt í dómasafni hæstaréttar, og það má hv. þm. glögglega vita, að oftar hefir orðið ágreiningur í hæstarétti þau 15 ár, sem hann hefir starfað. Það er því fásinna hjá hv. þm., að hér sé með frv. einungis verið að lögfesta það sama, sem gilt hefir. Hér er um að ræða að lögfesta samskonar opinbera atkvgr., eins og t. d. gildir í hæstaréttinum norska; ef hv. þm. vill fletta upp í dómasafni hans, mun hann finna sömu aðferð sem ætlazt er til, að komist á hér samkv. frv., sem fyrir liggur.

Að öðru leyti sé ég ekki ástæðu til þess að orðlengja um brtt. hv. 8. landsk. og meðflm. hans. Þær af brtt., sem ég hefi ekki nefnt, eru smávægilegar og þess eðlis, að þær skipta ekki miklu máli, en þær, sem ég hefi nefnt, hefi ég nú sýnt fram á, að eru ástæðulausar og sízt til bóta.

Garðar Þorsteinsson [óyfirl.]: Hv. 2. flm. vildi telja, að lögfræðinganefndin hefði gegnt þeirri skyldu, sem mest reið á, að taka fyrst og fremst til athugunar æðsta dómstól landsins, hæstarétt. En hann reyndi ekki að hrekja eitt einasta orð af því, sem ég sagði um það, hvernig löggjöfin um þennan dómstól varð til, og umr., sem fram fóru þegar hún var samþ. árið 1919, sem sé það, að Alþingi gætti þess í hvívetna að hafa þennan dómstól eins óháðan umboðsvaldinu og frekast var unnt. Hann gat ekki heldur hrakið það, að löggjöfin um hæstarétt er sá þáttur réttarfarslöggjafar okkar, sem er mest moderne og í samræmi við þær reglur, sem gilda um munnlega málafærslu fyrir æðri dómstólum erlendis. Og lögfræðinganefndin gat ekki gengið framhjá því, að henni bar að skila einhverjum ályktunum um, hvernig breyta ætti þeirri málsmeðferð, sem úreltust er hjá okkur, síðan á 17. og 18. öld, sem sé meðferð einkamála í héraði. Ég veit nú reyndar, að þessum hv. þm. og flokksbræðrum hans er ákaflega annt um hæstarétt. Þeir hafa sýnt það nokkrum sinnum, þegar þeir hafa komið með meira og minna svæsnar árásargreinar um hann í blöðum sínum og blandað honum inn í dægurþras og pólitík svo sem þeim hefir frekast verið unnt. Engir hafa eins og flokksbræður þessa hv. þm. og nokkrir menn úr Framsfl. ráðizt á hæstarétt og reynt að gera hann sem tortryggilegastan á alla lund. Mér finnst, að þessir menn ættu því sízt að halda því fram, að þeim væri sérstaklega annt um þennan rétt.

Hv. þm. viðurkenndi út af fyrir sig, að æskilegt væri, að það sætu fleiri en þrír dómarar í réttinum, og taldi þá rétt, að það væru allt fastir dómarar. Ég er honum nú út af fyrir sig sammála um þetta. En ef hann hefir talið það bót 1930, að það skyldu sitja tveir aukadómarar í réttinum, — því er þá ekki eins bót að því nú? Mér skilst, að þær röksemdir, sem hann færði í frv., er hann samdi þá, fyrir því, að fá ætti aukadómara í réttinn, séu engu síður fyrir hendi nú en þá.

Þá vildi þessi hv. þm. telja mönnum trú um, að það væri verulegur munur á því, hvort dómari viki sæti í einstöku máli eða hvort hann forfallaðist um skemmri eða lengri tíma. Ég sé ekki, að svo sé. En hv. þm. hefir orðið að orða frvgr. þannig, að dómari verði að víkja sæti, til þess að það sé hægt að velja dómara til að taka sæti hans frá öðrum en háskólakennurum í lögum. Það er ekki nóg, að dómari verði snögglega veikur eða geti ekki tekið þátt í starfi hæstaréttar sökum fjarveru. Hann verður að víkja sæti, og það gerir hann ekki nema hann sé svo tengdur einhverjum aðila málsins, að hann af þeim sökum verði að víkja úr dómarasæti. Það, sem því liggur á bak við þetta ákvæði, er ekkert annað en það, að algengast er, að dómari víki sæti vegna skyldleika við aðila, og þá getur komið sér vel fyrir ráðh. að hafa rýmri hring til þess að velja úr dómara í slíkum einstökum málum heldur en annars, ef það væru einhver algeng mál, sem ætti að dæma og dómari forfallaðist um lengri tíma.

Hvað dómaraprófinu viðvíkur, þá reyndi þessi hv. þm. ekki að hrekja t. d. það, sem ég sagði, að í þessu frv. væru gerðar strangari kröfur til málaflutningsmanna fyrir hæstarétti heldur en dómaranna sjálfra, sem er mjög svo óeðlilegt. Mér finnst, að annaðhvort hann eða hæstv. dómsmrh. ætti að færa rök fyrir því, hvers vegna ekki má fylgja þeirri sjálfsögðu reglu, að einmitt sá maður, sem dæmir í málunum, sé hæfari til þess en málaflutningsmaðurinn. Ef ég man rétt, þá er annað aldursskilyrði fyrir dómara heldur en málaflutningsmennina, þannig að lögfræðingar geti fyrr aldurs vegna orðið málaflutningsmenn við hæstarétt heldur en dómarar, eins og sjálfsagt er, því í réttinum eiga að sitja eldri og reyndari menn. En hér er þessu alveg snúið við. Það er ekki krafizt hinnar raunverulegu kvalificeringar af dómurunum, heldur aðeins af málafærslumönnunum. Þó hv. þm. segi, að við getum vel unað við það um þetta atriði, sem aðrar þjóðir utan Danaveldis hafa, þá er slíkt engin rök. Ef þetta hefir gefizt vel hjá Dönum og einnig hjá okkur, því þá ekki að halda því? Það kom einu sinni fram í sambandi við fimmtardómsfrv., að æskilegt væri,

að dómarar æðsta dómstóls landsins væru valdir af Alþingi, sem sé að dómurinn væri skipaður tómum pólitískum mönnum. Það má náttúrlega hafa margskonar fyrirkomulag á þessum hlutum, en ég hygg, að menn almennt vilji þó ekki hallast að þeirri aðferð til þess að skipa æðsta dómstól þjóðarinnar. Ég hugsa, að menn séu yfirleitt ennþá þeirrar skoðunar, að það beri að hafa æðsta dómstólinn sem óháðastan framkvæmdar- og umboðsvaldinu að unnt er. Það er því víst, að þessi till., sem er komin frá hæstv. dómsmrh., er ekki út af fyrir sig til þess gerð, að það veljist hæfari menn í réttinn, heldur er hún fram komin vegna þess, að sú aðferð, sem hingað til hefir verið viðhöfð, fullnægir ekki þeirri þörf, sem hæstv. ráðh. telur sig hafa á því að skipa í þessi embætti eftir eigin geðþótta. Það er mjög svo hlægilegt, þegar hv. 1. landsk. er að skjóta því fram hér í d., að í reyndinni myndi það verða þannig, að veitingarvaldið mundi skipa hina hæfustu menn í samræmi við till. hæstaréttar. Hann slær þannig föstu, að hæstiréttur geri sínar till. um hina hæfustu menn, og því geti vel farið saman ráðstöfun ráðh. og till. hæstaréttar. Hann dregur ekki í efa, að hæstiréttur geri hinar réttu till., — en því þá ekki að halda sér í öllum tilfellum við þær réttu till.? Það er hlægilegt að heyra hv. þm. halda þessu fram, þegar er rétt búið að lesa grein í hans eigin flokksblaði, þar sem ráðizt er á hæstv. dómsmrh., sem hann sjálfur styður, fyrir mjög vafasama skipun í dómaraembætti. Ég ætla ekki að leggja dóm á þá ráðstöfun, það, sem sumir telja sjálfsagt eða þolanlegt o. s. frv. í þessum efnum, slá oft aðrir föstu, að sé óviðunandi. En viðkomandi ráðh. hefir rétt í þessum svifum fengið harða ádeilu fyrir það, hvaða mann hann skipaði í þetta umrædda embætti, og því verður heldur ekki neitað, að það virðist undarlegt að ganga framhjá miklu eldri og reyndari embættismanni, án þess ég vilji nokkuð fara út í þær ástæður, sem blaðið ber fram. Komi slík dæmi fyrir nú, hvers vegna skyldi það þá ekki geta endurtekið sig, þegar skipa á dómara í hæstarétt? Mér finnst dómsmrh. geti alveg jafnt farið eftir sínum meira eða minna pólitísku ákvörðunum, hvort sem um er að ræða skipun hæstaréttardómara eða undirréttardómara.

Þá minntist hv. þm. á hina opinberu atkvgr. Ég mundi, ef hann væri hér til staðar, benda honum á 52. gr. í fimmtardómsfrv. 1930, þar sem gert er ráð fyrir, að „ráðagerðir og atkvæðagreiðslur fimmtardómsins um mál, er munnlega hafa flutt verið, skulu munnlegar vera". Í þessari gr. er sem sé gert ráð fyrir, að dómurinn komist að sínum niðurstöðum um úrslit mála fyrir opnum dyrum, að dómararnir ræði opinberlega, hvernig og hvers vegna þeir komist að hinni ákveðnu niðurstöðu í hvert skipti. Þar er ekki um að ræða ráðagerðir, sem dómararnir gera einir eftir að málaflutningi er lokið, heldur ráðagerðir, sem allir eiga aðgang að. Í því liggur hinn mikli munur. Í frv., sem nú liggur fyrir, er gert ráð fyrir, að þessar ráðagerðir fari fram einslega hjá dómurunum, og það er í fullu samræmi við það, sem nú tíðkast. Mér finnst það illa til fundið hjá hv. þm. að reyna að dylja allan sannleika um það, hvers vegna þetta frv. er fram komið, með því að halda fram, að þetta ákvæði um hina svokölluðu opinberu atkvgr. sé eitthvert höfuðatriði í þessu máli. Ég hygg, að hann geti ekki fengið neinn af þeim, sem um málið fjalla, til þess að fallast á, að það sé nokkurt höfuðatriði. Ég hefi áður bent á, hvert höfuðatriðið í raun og veru er, nefnilega að draga þennan æðsta dómstól þjóðarinnar undir yfirráð pólitísks ráðh. og draga þannig úr höndum hans það óháða vald, sem hann hefir og þarf að hafa, til þess að fella lokadóm í málum manna.

Umr. frestað.

Á 32. fundi í Nd., 19. marz, var fram haldið 2. umr. um frv.

Gísli Sveinsson [óyfirl.]: Herra forseti! Það hefir orðið að vonum, að nokkuð miklar umr. yrðu um þetta mál, og satt að segja er það svo, að ýmsum okkar dm. sem hér sitjum, finnst, að það gæti gengið öðruvísi en verið hefir með hraðann á gangi þessa frv. Okkur finnst, að málið hefði átt að sæta gætilegri meðferð í þinginu. En það hefir verið lagt alveg sérstakt kapp á það af flm. frv. að hamra það áfram. Eins og öllum má vera ljóst, þegar verið er að tala um að breyta æðsta dómi landsins, þá getur það ekki þótt neitt lítilræði. Menn muna, hversu við brá um undirtektir, þegar fimmtardómsfrv. kom fram. Þá höfðu flokkar þeir, sem þá stóðu að ríkisstj., nægilegt atkvæðamagn til að samþ. það og gera að lögum, ef þeir hefðu fengizt til að standa óskiptir um málið. En það þótti þá ekki öllum henta og því fengust ekki allir flokksmenn ríkisstj. til þess að ganga að málinu og ljá því fylgi sitt. Þetta þóf hefir nú staðið í nokkur ár, og upp úr því er nú komið annað frv., runnið undan rifjum núv. ríkisstj. En það er ekkert áhlaupaverk, og á heldur ekki að vera áhlaupaverk, að breyta um meðferð mála í æðsta dómi landsins. Eins og allir vita, er þetta sá dómstóll, sem ekki verður áfrýjað frá, og hlutaðeigendur verða að láta sér niðurstöður hans lynda, hvort sem þeim líkar betur eða verr. Það verður því um fram allt að gæta þeirrar sjálfsögðu reglu að ganga svo frá þessum dómi, að það geti orðið almennings álit og orki ekki tvímælis, að hann hljóti að vera óhlutdrægur. Ég benti á það með nokkrum orðum, sem ég lét falla við 1. umr. þessa máls, hver væri hin almenna stefna þessara flokka, ég sýndi fram á það, sem öllum er ljóst, að nú á tímum er þessi pólitíska einræðisstefna víða mjög áberandi. En mér finnst það koma úr hörðustu átt, þegar lögfesting á þeirri stefnu er borin fram af þeirri ríkisstj. og þeim flokkum, sem samkv. sínni eigin umsögn og blaðaskrifum þykjast standa einir á lýðræðisgrundvelli hér í landi. Auðvitað eru þessi orð töluð algerlega út í loftið. Það er fullkunnugt, að þessir flokkar eru ekki fremur lýðræðissinnaðir heldur en aðrir, og koma jafnvel stundum fram sem ofbeldisflokkar og hreinir einræðissinnar, þó að

það sé undir lýðræðisyfirskini. En jafnvel þó að þessi stefna sé víða áberandi, þá virðist engin þörf á að lögfesta hana í flýti, og engin ástæða að hrófla við æðsta dómi landsins.

Ég ætla þá sérstaklega að koma að þremur áberandi atriðum. Í fyrsta lagi, hvernig frv. er til komið utan þings og fram borið í þinginu. Eins og tekið hefir verið fram og kunnugt er af grg. frv., situr hér svokölluð lögfræðinganefnd, hvort sem hún nú hefir meðal almennings fengið nafn sitt af því, að allir þeir, sem eiga sæti í henni, eru lögfræðingar, eða af öðrum ástæðum, þá hefir hún sem sagt fengið nafnið lögfræðinganefnd. Þessi n. var skipuð til að koma fram með tillögur til gerbreytingar á réttarfarslöggjöf landsins. Hún hefir svo ekki komið fram með aðrar till. en frv. þetta, sem hér liggur fyrir, og á það hefir verið bent við þessar umr., að mönnum kemur það mjög á óvart, að n. sá það eitt vanta að breyta nokkrum ákvæðum um hæstaréttarlöggjöfina. Það má nú búast við, að n. ætli sér að sitja lon og don og taki sér til fyrirmyndar aðra nefnd, sem hér situr og er að peðra frá sér hinum ólíklegustu frumvörpum. En ef þessi hv. n. ætlar sér að koma með fleiri brtt., þá er ekki annað hægt að segja en að hún hafi byrjað á öfugum enda og komið nú fram með tillögur um breytingar á því, sem sízt var þörf á að breyta. Það gefur að skilja og orkar ekki tvímælis, að hæstaréttarlöggjöfin er það nýjasta og fullkomnasta, sem við höfum í okkar löggjöf, og því varasamt að hrófla við henni. Það getur heldur enginn sýnt fram á það með frambærilegum rökum, að á þessari löggjöf sé aðkallandi nauðsyn á breytingu. Það eru engin frambærileg rök, þó að pólitískir ofstækismenn krefjist þess að fá að hafa hönd í bagga með einstökum dómum. Enginn maður með fullri ábyrgðartilfinningu getur sýnt fram á aðkallandi þörf á að breyta hæstaréttarlöggjöfinni. Þessir hv. nefndarmenn hefðu átt að byrja á öðrum enda — byrja á því að laga það, sem meira fór aflaga. „Skjóttu geiri þínum þangað, sem þörfin meiri fyrir er.“ Vitanlega hefðu þeir fyrst og fremst átt að koma með brtt. við almenna réttarfarslöggjöf. En með þessu er sýnt, hvert stefnir, og er í samræmi við það, sem ég hefi lýst hér áður. Það á að fara með lögum að fullkomna einræðisvald hinnar pólitísku ríkisstj. Ekki aðeins á öðrum sviðum, heldur á það líka að endurtaka sig hér, á þeim vettvangi, sem á að vera yfir það hafinn og á að geta tryggt rétt hinna einstöku borgara. Það er að nokkru leyti í samhengi við það, sem ég tala um. Það er nefnilega eins og þeir menn, sem helzt standa að málinu, jafnvel sjálfir flutningsmenn, og svo stjórnarflokksmenn og ríkisstj., áliti sér alveg óviðkomandi að hlusta á umr. um það eða taka þátt í þeim, nema í hæsta lagi einn og einn í viðlögum. Fyrst var það hv. þm. Barð., sem gafst upp á miðri leið. Síðan varð að taka við af honum hv. 1. landsk. og gerði það á þann veg, að menn gátu bara orðið hissa, en alls ekki öðruvísi. En sjálf ríkisstj. forðast að vera við, og það hæstv. dómsmrh. líka, sem málið snertir virkilega, því að það er m. a. frá hans rótum runnið.

Annars var það ljóst einmitt af ræðu hv. 1. landsk. í gær, hvernig málið er rekið í hv. deild og hvað bak við liggur. Það er látlaust malað um aukaatriði, en dregin fjöður yfir það, sem er undirrótin og aðalatriðið. Hann talaði langt mál um það, sem enginn er að rekast í og ekki hefir tekið nema hálftíma til klukkutíma verk að undirbúa, um það, að breyta fresti til ákveðinna athafna í dómnum, og hitt, hvernig orðalag samræmdist betur að fenginni reynslu. Eða þá það, sem hann gerði að stóru atriði, líkt og hv. þm. Barð., þetta mikla nýmæli, sem á að vera í hinni opinberu atkvgr. og sannleikanum samkv. er hreint ekki það, sem verið er að tala um. Þetta kalla þeir hið mesta nýmæli. Er það að finna í 13. gr., sem ég skal lesa, með leyfi hæstv. forseta:

„Niðurlag dóms eða úrskurðar skal lesa upp í dómi í heyranda hljóði. Að því loknu skal þess getið, ef ágreiningur hefir verið um niðurstöðu, og lesa þá upp á sama hátt niðurlag ágreiningsatkvæðis.“

Og ennfremur segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Alla dóma hæstaréttar og úrskurði og öll ágreiningsatkvæði skal orðrétt birta jafnan í dómasafni hans, enda fylgi hverju bindi af því rækilegt efnisyfirlit.“

Þetta kalla þeir vera svo nýtt og stórmikils vert. Ég fullyrði, að það er svo frá þessu gengið, að það er alls ekki mikils virði og alls ekki í neinu verulegu atriði frábrugðið því, sem verið hefir, því að það hefir verið venja að gefa til kynna um ágreining um dómsniðurstöðu. Það er alls ekki svo, að þetta sé fyrir opnum dyrum. Það er bara tilkynnt um ágreining, sem þegar er orðinn. En opinber „votering“ er með allt öðrum hætti. Hún er þannig, að allir fá að heyra, hvernig ráðagerðir og rökstuðningur dóma er. Þetta gerðist á opinberum stað, og þess vegna væri öllum opið og ljóst, hvernig dómarar færu að kveða upp dóm, með hvaða ágreiningi og með hvaða rökstuðningi. Hér er ekki um slíkt að tala. Þetta er í rauninni meir breyt. á orðalagi á því, sem hefir við gengizt, en nálgast ekki neitt að vera opinber atkvgr., enda síður en svo aðalatriði í þessu frv. Tilgangur þess segir til sín í ákvæðum 1. gr., og líka að nokkru leyti í 2. gr. Og loks er þriðja atriðið, sem segir til um markmiðið, og það er meðferð málsins hér í hv. deild. Það er eins og það sé eitt af þeim málum, sem fyrirfram er ákveðið um, hvaða úrlausn og afgreiðslu eigi að fá. En hér er alls ekki um kartöflur né kláða að tala. Hér er að tala um gerbreytingu á viðhorfi í æðstu réttarfarsmálum, gerbreytingu á því, hvernig fara beri með einstaklinga og aðra, sem leita úrskurðar dómstóla á landi hér. Og um 1. gr. verður það að takast fram alveg afdráttarlaust, að hún miðar mjög til að þjóna þeirri pólitísku einræðisstefnu, sem ég hefi vikið að. Minni hl. hv. allshn., hv. 8. landsk. og þm. Snæf., komu fram með brtt. á þskj. 185, sem færir þetta í lag, ef samþ. verður, og mætti þar ná framgangi það atriði, sem öllum skynbærum mönnum kemur saman um, að geti verið til bóta, en engum til skaða.

Nú er það kunnugt öllum, sem þekkja þessa

löggjöf, að það er ekki svo sem ráðh. geti engu ráðið, hvort sem er um skipun hæstaréttardómara eða annað embætti, sem konungur skipar í. Ráðh. er það vitanlega, sem skipar dómara í hæstarétt, en vitanlega aðeins þá, sem hæstaréttarl. frá 1919 segja, að komi til greina. Það verður hver ráðh. að sætta sig við. Og ef fleiri menn eru, sem uppfylla skilyrði l., þá getur hann valið. Hann er sem sé ekki með öllu bundinn við það, sem hæstiréttur segir. Þá kemur og til greina hið svokallaða dómarapróf, sú raun. sem þeir verða að ganga undir, sem ætla sér að verða skipaðir dómarar í hæstarétt.

Nú hefir verið talað um það, m. a. af hæstv. dómsmrh., sem kom hingað eins og kría á stein á dögunum, að þetta próf hafi ekki verið notað. Af hverju? Af því að enn hefir það ekki komið til, að maður sækti í hæstarétt, nema sá, sem var búinn að standast strauminn, líka að vottorði hæstaréttar, nefnilega Einar Arnórsson. Það er þess vegna ekki hægt að afnema þetta atriði með því að slá svona orðum alveg út í loftið. Prófið er auðvitað til þess að nota það þegar þess þarf, en annars ekki. Þetta getur komið til greina í framtíðinni. Og það hefir væntanlega hæstv. ríkisstj. og hennar menn séð, að það hlaut að reka að því, að í dómstólinn kæmu nýir menn, og þá væri um að gera að tryggja, að hæstiréttur sjálfur hefði ekki mikil tök á að ráða, — m. ö. o. engin —, því að eins og brtt. við frv. gerir ráð fyrir, á hann engin ráð um skipun fastra dómara í réttinn.

En svo er hitt, sem sýnir berast af öllu, hvert stefnir. Þeim þykir ekki nóg að ráða dómarana, ef dómarapróf verður fellt, heldur má dómari ekki forfallast einn dag, því þá kemur ráðh. óðar og skipar sinn mann, sem honum sýnist. Eins og það nái raunar nokkurri átt, þó að dómari forfallist einn dag, að dómstóllinn sjálfur, sem þannig er um búið, að engin hætta er á, að hann misnoti vald sitt, ráði ekki, hver kemur. Nú er það svo, að í slíkum tilfellum er það viss hópur manna, mjög þröngur, sem mönnum kemur saman um, að séu vel fallnir að grípa til. Það eru lagaprófessorarnir við háskólann. Og rétturinn á að ákveða, hver þeirra það sé, sem kemur. Þetta virðist svo einfalt, að ekki þyrfti um að bæta, ef aðeins væri réttaröryggið um að ræða. En hér er verið að blanda pólitískum ráðh. inn í, til þess að þjóna þessari pólitísku stefnu, sem á að innleiða.

Það er sagt í 1. gr., að ef dómari víkur sæti, þá velur dómsmrh. einhvern þann mann, sem komið getur til greina, til að taka sæti í dómnum. Í öðru lagi, að ef dómari forfallast eitthvað — þarf ekki að vera nema einn dag —, þá á dómsmrh. líka að fá vald til að skipa mann, ekki af þeim, sem lögkvaddir eru til þess, kennurum við háskólann, heldur af þeim hópi manna, sem nú verður stækkaður; og mætti þó telja að ýmsu leyti skaplega í sakir farið, ef eitthvert íhald væri þarna í, en ekki allt með gáleysi gert. Ég fullyrði enn, að þessi breyt. sé alls ekki af umhyggju fyrir réttaröryggi borin fram, og alls ekki fyrir umkvörtun frá neinum þeim, sem hlut eiga að máli og dómbærir eru í þessu efni. Þetta er því alveg út í loftið og mundi talið firra ein, ef menn vissu ekki um upphafið og ástæðuna.

Brtt. frá minni hl. allshn., sem ég gat um, ræður bót á þessu tvennu og líka því, sem 2. gr. ætlast til, að ákvarðað verði, sem sé að niður falli svokallað dómarapróf.

Hv. flytjendur þessa máls hafa vitnað í það, að dómsmrh. gæti ekki valið þessa menn nema að fengnum till. hæstaréttar. Það er rétt. En nú er á allra vitorði, — enda skýrt til fulls af hæstv. dómsmrh. — að það þýðir alls ekki, að það eigi að taka tillit til bendingar hæstaréttar undir vissum kringumstæðum. Upphaflega var ekki hægt að víkja frá till. réttarins, en síðan var þessu breytt og hefir svo haldizt, þar sem ríkisstj. og flokkar hafa viljað ná tökum yfir öllum stofnunum. Till. eru fengnar að nafninu til, en hafa verið — og væntanlega verða — oft að vettugi virtar. Og þetta, sem þeir vitna í um dómaralaunin, er sama „humbugið", að leita umsagnar, sem þeir eru fyrirfram ráðnir í að binda sig ekki við frekar en verkast vill. Það getur náttúrlega vel verið, að samvizkusamir menn í ráðuneytinu taki tillit til umsagna réttarins, en við vitum vel, að það er langt frá, að í þessu felist nokkur trygging. Við vitum, að ráðherrar fara nú á tímum eftir sínu pólitíska höfði og því, sem þeir hyggja koma flokknum og einstaklingum hans vel, en ekki eftir því, þótt dómstóll gefi umsögn sína. Það gæti auðvitað af hendingu farið saman í einstökum tilfellum.

Fyrir þessa sök skal það endurtekið, að það er óhæfa að festa þetta í lög eins og það kemur frá hv. flm. og eins og það er undirbúið af þessari lögfræðinganefnd, þ. e. a. s. meiri hl. Það hefir komið í ljós síðar, að einn úr n., Einar Arnórsson, er á móti þessu atriði, sem hér hefir verið deilt á. Hann sér vitanlega vel, að það er verið að ofurselja dóminn í hendur þess valds, er sízt skyldi.

Frsm. (Bergur Jónsson) [óyfirl.]: Hv. þm. V.-Sk. er nú búinn að halda hér nokkuð langa ræðu. En sá galli var á ræðu hans, að hún kom ákaflega lítið nálægt málinu, sem var verið að ræða, reyndar ofurlítið í lokin, en framan af voru það bara „filosofiskar" aths. út í loftið.

Mér er náttúrlega alveg sama, hvað þessi hv. þm. vill deila harðlega á flokksbróður sinn. hæstaréttardómara Einar Arnórsson. En hann var með í samningu þessa frv., og við meðnm. hans gengum yfirleitt inn á þær till., sem hann kom með. Það voru bara tvö atriði, sem hann samþ. ekki, eins og ég hefi tekið fram hreinlega í ræðu minni. Þau álít ég smávægileg og að það stafi af einhverjum pólitískum þráa í þessum flokki, sem hv. þm. V.-Sk. tilheyrir, að hann vildi ekki ganga inn á nein rök um þessi atriði.

Hv. þm. talaði um lýðræðismenn, einveldismenn og ofbeldismenn. Ég skal ekki segja um það, hverjir mundu reynast mestir ofbeldismenn hér á landi, ef þeir færu með stj. landsins. En hitt get ég sagt með góðri samvizku, að

ég veit ekki til annars en að þeir flokkar, sem með völdin fara nú, ráði málum sínum á þingræðislegan hátt, með því að nota meirihlutavald sitt til að koma fram málum, sem þeir álíta rétt að koma fram, en um ofbeldi eða einræðisstefnu hefir alls ekki verið að ræða. Ég undrast, að heyra þetta tal af vörum jafngreinds manns og hv. þm. V.-Sk., þótt þingræðisflokkar beiti þingræðisvaldi sínu til að ráða málum. Það er ekki annað en hver einasti flokkur, sem hefir völd, mundi gera, flokkur hv. þm. V.-Sk. alveg eins og aðrir. Hann myndi ekki taka tillit til andstöðuflokka sinna — að svo miklu leyti sem hann áliti það ekki rétt. Og hv. þm. hefir enga ástæðu til að halda fram, að við álítum það ekki rétt, sem við höfum gert —, að við höfum viljað gera það fyrir þjóðina, en alls ekki fyrir okkur sjálfa.

Hann var eitthvað að tala um lögfræðinganefndina, og virtist kenna nokkurs kala til hennar. Ég veit ekki, hvort það stendur þannig á, að honum hafi fundizt réttara að setja sig í þá n. heldur en hæstaréttardómarann Einar Arnórsson. Ekki hefi ég neitt lítið álit á þessum hv. þm., en ég efast um, að hann sé betri maður til þessa starfa en dómarinn. Svo að það er alveg á röngum stað sagt að kvarta undan því, að Sjálfstfl. hafi ekki haft gildan fulltrúa í n. Hann hafði einhvern bezta lögfræðing landsins. (MG: Er hann betri en hv. þm. Barð?). Já, miklu, miklu betur að sér í lögfræðilegum málum en ég. Það dettur mér ekki hug að bera saman.

Hann var að tala um, hvernig lögfræðinganefndin væri til komin. Ég veit ekki betur en skipun hennar sé samþ. af þm. allra flokka. Það kom fram þál., sem var breytt eftir till. hv. 1. þm. Skagf. og samþ. þannig. Það var auðvitað rétt breyt., sem hann kom með, en ég sá ekki, að nokkur mótmælti. Það getur verið, að hv. þm. sé óánægður með það, hvernig í n. var skipað. Ég skal a. m. k. að því er mig snertir ekkert mótmæla, að það hefði kannske verið hægt að fá betri mann og færari en mig til þess. En ég ætla samt að reyna að starfa eftir því, sem mér er mögulegt. Getur verið, að minir hæfileikar séu ekki nægilega miklir til þess. Og eins og ég er búinn að segja hv. þm., þá dettur mér ekki í hug að bera mig saman við fulltrúa Sjálfstfl., því að hann er langfærastur af okkur öllum, og þurfum við mörg ár til þess að hafa tærnar þar, sem hann hefir hælana. Hitt getur verið, að við höfum pólitiskar skoðanir fyllilega sambærilegar við hans.

Hv. þm. taldi, að ekki væri sérstaklega aðkallandi þörf að breyta hæstarétti. Ég get sagt það, hvers vegna við viljum breyta honum. Það er vegna þess, að við höfðum ekki tíma til að undirbúa aðra gerbreytingu á réttarfari landsins. Við tókum hæstarétt af því, að l. um hann eru þannig úr garði gerð, að auðvelt er að breyta þeim. Ég efast ekki um, að hv. þm. hefði farið alveg á sama hátt, að hann hefði reynt að grípa til að breyta því, sem fljótlegast var að breyta og sjálfsagðast, úr því að tími var til þess.

Óþarft er hjá hv. þm. að kvarta yfir, að við viljum ekki verja þetta frv. Þar er engin gr., sem ég er ekki tilbúinn að verja og aðrir samherjar, og hv. þm. má ekki ganga að því gruflandi, að það er sama, hvað hann segir um þetta frv., ég mun alltaf sjá svo til, að hann fái góð og gild svör. Ég álít þetta mál undirbúið af eins mikilli hreinskilni og einlægni og þekkingu eins og við höfum til að bera. Hitt getur verið, að það hafi einhvern galla.

En svo að ég viki að einstökum atriðum, þá skal ég fyrst játa, að ég hefi mikla trú á opinberri atkvgr. Ég álít, að hún sé aðhald fyrir dómarann. Og ég ætla að nefna eitt dæmi, sem mér er dálitið nærstætt, dóminn í bæjarfógetamálinu, þar sem Lárus H. Bjarnason gerði ágreiningsatriði, en lét ekki birta það og lofaði engum manni að sjá það. Það var stórpólitiskt mál, sem menn greindust um í flokka í landinu, og því sérstaklega óheppilegt, að dómari í hæstarétti skyldi geta skotið sér undan því að segja, hvað hann vildi.

Ég get sagt, hvað ég álít, að hann hafi sagt. Páll Einarsson var herbergisfélagi fógetans og bekkjarbróðir í Kaupmannahöfn, og var kunningsskapur þeirra sem bezt má verða. Eggert Briem mun og standa honum mjög nærri. Þriðji maðurinn var — að því er vitað var — ekki vinur hans. Þess vegna verðum við, sem utan við stöndum og viljum gera okkur grein fyrir, hvað ágreiningsatriðið hafi að þýða, að draga okkar ályktanir af þessum aðstæðum. Og ég vil segja, að það sé — og ég veit það er rétt —, Lárus Bjarnason mundi aldrei hafa gert ágreining í þessu máli með þeim dómurum öðrum, sem voru, til vægðar, því að þá hefðu hinir ekki verið á móti. Því er þetta alveg rökrétt ályktun, af því að það var vitað, að hann var minnstur vinur þess ákærða af þeim, sem dóminn sátu. Ég veit, að hv. þm. V.-Sk. gengur alveg inn á þennan hugsanagang. Það þýðir ekki, þó að það væri borið út, að hann hafi ætlað að gera ágreining út af refsingunni. Nei, það var sökin. (**Forseti**: Ég vil biðja ræðumann að blanda sem minnst inn í ræðu sína niðurstöðum, sem rétturinn hefir komizt að). Þetta kemur beinlínis málinu við. (**Forseti**: Það er óþarft að leiða þetta mál inn í umr.). Já, hæstv. forseti getur hagað sér eins og honum sýnist. Það er enginn vafi, að það er rangt, þegar sonur hins sakfellda heldur fram, að það hafi verið út af sektarákvæðinu, sem dómara deildi á. Deilan hefir verið um sökina, hvort dæma ætti eins og ég dæmdi, — að það væri saknæmt atferli að fara í banka og sparisjóði og taka peninga úr bókum erfingja og halda þeim á vöxtum fyrir sjálfan sig svo og svo mörg ár. Það er það, sem þeir hafa deilt um. Og það er það, sem gerði, að ég ákaflega þvert um geð mitt, varð að dæma manninn.

Ég er bara í þessu tilfelli að benda á dæmi þess, að það hefir komið dálitið leiðinlega niður, þegar einn af dómurum hæstaréttar hefir ekki þorað að birta ágreiningsatriði, sem hann gerði. Það er dautt í bókum hæstaréttar, og menn hafa ekki leyfi til að birta það. En menn hafa a. m. k. leyfi til að draga ályktun og taka tillit til þess, hvernig aðstæðurnar voru.

Hv. þm. sagði, að það væru fyrirfram ákveðin

forlög þessa frv. Hvað veit hann um það? Heldur hann sig svo kunnugan innan hinna svokölluðu „rauðu flokka", að hann viti um það? Hann veit ekkert. Þetta er bara fullyrðing út í loftið. Annað mál er það, að við fylgismenn frv. viljum gjarnan, að frv. nái fram að ganga sem allra fyrst, því að við álítum þannig gengið frá því, að það sé þess vert að samþ. það.

Eins og eðlilegt er af manni úr Sjálfstfl., varð hv. þm. tíðrætt um dómaraprófið og taldi ákaflega illa farið, ef það yrði fellt niður. Við erum alveg á gagnstæðri skoðun um þetta. — Ég álít, að hæstiréttur eigi ekki heldur neitt einræði um það, hvernig á að fylla dóminn, þegar einstakir dómarar forfallast. Ég álít algerlega forkastanlegt, að dómari, sem fyrir aldurs sakir er orðinn óhæfur til að dæma í almennum málum, dæmi, hver hæfur sé til að koma í dóminn. Ég álít, að hæstiréttur eigi ekkert að hafa um þetta mál að segja, heldur eigi það að heyra undir þann mann, sem fer með æðsta valdið í þessum málum, og það alveg án tillits til þess, hvaða stjórnmálaflokki hann kann að fylgja. Það verður finnst mér alveg að eiga það undir drengskap hans, að hann fari samvizkusamlega með þetta vald. Ég fyrir mitt leyti sé enga ástæðu til þess að svipta dómsmrh. þessu valdi, þar sem hann skipar í öll dómaraembætti landsins.

Hvað snertir ákvæðið um dómaraprófið, þá vil ég benda hv. þm. á, að slíkt þekkist hvergi nema í dönskum og íslenzkum lögum. Er því ótrúlegt, að skilnaðarmaðurinn gamli, hv. þm. V.-Sk., vilji halda þessari fyrirmynd frá Danmörku. Annars er ég sannfærður um, að það er ekki nema af gömlum þráa hjá sjálfstæðismönnum, að þeir vilja endilega halda í þetta úrelta ákvæði um dómaraprófið.

Ég skal þá með fáum orðum snúa mér að þeim brtt., sem komið hafa fram við frv. þetta frá hv. minni hl. allshn. Hin fyrsta er sú, að hafa tvo aukadómendur auk aðaldómendanna, og að þá skuli velja úr lagadeild háskólans. Við þessu hefi ég ekki mikið að segja. Þetta er gamalt ákvæði, sem við framsóknarmenn vildum koma inn í lögin 1932, en fengum eigi fram sakir andstöðu sjálfstæðismanna. Ég held þó, að það sé óþarfi að fara að setja þetta ákvæði inn í lögin nú, vil fyrst sjá a. m. k. hvernig réttlurinn klárar sig eftir þessa góðu breyt., sem gerð verður á honum nú, áður en ég tel rétt að fara að íþyngja ríkissjóði með auknum útgjöldum vegna þessara hluta.

Þá er annað atriði, sem ég tel mjög vafasamt, en það er, að forfallist einhver hæstaréttardómarinn eða víki sæti, þá skuli dómurinn velja einhvern af kennurum lagadeildar háskólans eða einhvern meðal málaflutningsmanna, sem fullnægir þeim skilyrðum, sem sett eru fyrir því að mega taka sæti í dómnum. Inn á þessa brtt. get ég ekki gengið, því að ég lít svo á, að okkar aðferð, að láta dómsmrh., sem er æðsti maður dómsmálanna í landinu, ráða því í hverju tilfelli, hverja hann velur úr hópi þeirra manna, sem réttindi eiga að fá samkv. frv. okkar til þess að vera dómarar í hæstarétti. Mín skoðun er því sú, að dómsmrh. eigi að vera, eins og hann er nú, æðsti maður dómsmálanna í landinu, og því sé ekki rétt að vera að draga undan valdssviði hans að velja dómara í hæstarétt, þegar þannig stendur á sem hér hefir verið lýst, frekar en aðra embættismenn landsins. Það, sem því hér er um að ræða, er ekkert annað en pólitísk bóla frá hendi sjálfstæðismanna. Þeir óttast nfl., að núv. dómsmrh. verði þeim ekki þægur ljár í þúfu hvað þetta snertir; þeir búast við, að hann muni fylgja fullkomnu réttlæti í þessu, eins og að hann hefir líka gert, og því er í b-lið sömu gr. sett ákvæði um, að það gildi einnig um 1. einkunnarmenn, að þeir þurfi að hafa sýnt yfirburði í fræðimennsku í sinni fræðigrein, eða á annan hátt, ef þeir hafa ekki þau hin önnur skilyrði, sem sett eru fyrir því að geta orðið dómari í hæstarétti. En þetta vilja þeir hv. minnihl.menn fella burt, og það tel ég misráðið, því að þess er t. d. ekki krafizt, að hæstiréttur mæli með 1. einkunnarmönnum, sem þó er gert að skyldu, að sé jafnan gert í öllum málum.

Þá er 3. brtt., sem er við 2. gr. frv. Ég held, að hún sé á misskilningi byggð. Í a-lið 2. gr. frv. segir svo, að þeir, sem hlotið hafi 2. einkunn við lagapróf, geti fengið rétt til dómaraembættis við hæstarétt, ef rétturinn mælir með þeim og þeir hafi sýnt sérstaka hæfileika sem fræðimenn í lögum eða lögfræðilegum störfum. Það nær vitanlega ekki nokkurri átt að setja þetta skilyrði gagnvart 2. einkunnarmönnum, ef það á ekki að ná til 1. eink. manna.

Þá vill hv. minni hl. láta d-lið 2. gr. frv. falla burt. Ég skil hreint ekki, hvers vegna þessir ágætu lögfræðingar vilja ekki fá umsögn hæstaréttar áður en dómaraembætti er veitt.

Fjórða brtt. er við 6. gr. Hún er á rökum byggð; það gleymdist að taka þetta upp í frv. Fyrir þessa lagfæringu vil ég þakka hv. minni hl. — Þá get ég sömuleiðis gengið inn á 5. og 6. brtt. Þær tel ég frekar til bóta.

Þá tel ég mig hafa tekið fram aðalatriði þessa máls, og læt við það standa, fyrst um sinn að minnsta kosti.

Thor Thors: Það er ekki nema eðlilegt, að það verði nokkrar umr. um slíkt stórmál sem þetta, og ekki sízt þegar það er athugað, að ennþá hafa verið frekar litlar umr. á þessu þingi. Hér er verið að gera tilraun til að koma á mjög þýðingarmikilli og ef til vill örlagaríkri breyt. á hæstarétti þjóðarinnar. Það eru aðallega þrjú nýmæli, sem hér eru á ferðinni. Um tvö þeirra eru skoðanir manna a. m. k. mjög skiptar. Fyrsta breyt., sem lögfræðinganefndin vill gera, er sú, að koma á opinberri atkvgr. hjá dómendunum. Við minni hl. allshn. getum fallizt á slíka opinbera grg. dómendanna, teljum jafnvel, að það geti orðið til þess að rétturinn yrði ekki tortryggður, eins og nú á sér stað, undir því fyrirkomulagi sem nú er, en það teldum við vel farið. Eins og kunnugt er, hefir töluvert verið gert að því að ala á tortryggni í garð æðsta dómstóls þjóðarinnar nú á seinni árum. Það hefir jafnvel gengið svo langt, að vissir stjórnmálamenn hafa ekki virzt hafa önnur áhugamál meiri en ala á þessari tortryggni. Með

þessari opinberu grg. dómendanna myndi þessum rógberum vera gert erfiðara fyrir.

Annað atriðið, sem um er deilt, er hið svonefnda dómarapróf og skipun varadómara. Hvorttveggja þetta snertir þann grundvöll, sem við sjálfstæðismenn viljum, að sé grundvöllurinn fyrir æðsta dómstóli landsins. Við viljum *forða dómsvaldinu, eftir því sem frekast er unnt*, úr höndum framkvæmdavaldsins. Eins og kunnugt er, þá greinist ríkisvaldið samkv. stjskr. í þrennt: Löggjafarvald, framkvæmdavald og dómsvald, sem hún segir, að eigi að vera hjá dómendum.

Í jafnlitlu þjóðfélagi sem okkar, þar sem flokkadeilur eru líka mjög miklar, verður að leggja mikla áherzlu á að hafa sem greinilegust og gleggst mörk á milli framkvæmdavalds og dómsvalds. Það er því ekki við því að búast, að við, *sem fylgjum þessari skoðun fram*, getum sætt okkur við till. hv. meiri hl. allshn. í þessu efni, þar sem þær miða beinlinis að því að gera æðsta dómstól þjóðarinnar háðan framkvæmdavaldinu á hverjum tíma. Um það verður ekki með rökum deilt, að það sé hin fyllsta nauðsyn, að æðsti dómstóll þjóðarinnar hafi sem mest sjálfsforræði í öllum dómsmálum. Það geta því allir séð, hve skaðleg áhrif það getur haft á þá friðhelgi, sem á að vera yfir hæstarétti, ef harðvítugur pólitiskur ráðh. á að fá að *ráða um dómendurna í mörgum tilfellum*. Við minnihlutamenn erum með því að færa út þann hring, sem taka má úr menn í réttinn, en varadómendurna teljum við sjálfsagt að taka úr lagadeild Háskóla Íslands.

Hv. 8. landsk. talaði langt mál og snjallt fyrir brtt. okkar, og skal ég því ekki ræða þær mikið nú, en aðeins vekja athygli á því, að það séu fastir varadómarar, sem taki sæti í öllum hinum vandasömustu *málum*, sem fyrir *réttinn* koma. Við teljum það til að auka réttaröryggi í landinu, að 5 menn dæmi, í stað 3, í öllum hinum meiri háttar málum. Að sjálfsögðu hefðum við helzt kosið að bera fram brtt. um það, að rétturinn skyldi jafnan skipaður 5 mönnum, en sakir þess, hvernig fjárhag ríkissjóðs er nú komið, sáum við okkur það ekki fært.

Hv. þm. Barð. gat þess, að sumar brtt. okkar væru ekki ágreiningsmál. Þannig vildi hann telja 4., 5., 6. og 7. brtt. leiðréttingar á frv., *sem allir gætu fallizt á*. Hvað snertir 8. brtt. á þskj. 185, þá verð ég að leggja áherzlu á, að hún nái fram að ganga, því að það er vitanlega mjög æskilegt, að breyt. sú á hæstarétti, sem af samþykkt frv. leiðir, komi til framkvæmda á sem hentugustum tíma, en það teldi ég vera að hausti, t. d. 1. sept., þegar réttarfríið er afstaðið. Að láta lögin öðlast gildi þegar í stað, svo þau kæmu til framkvæmda nú innan skamms, teldi ég misráðið. Annars verð ég að segja það um ræðu hv. þm. Barð., að mér fundust rökin lítil í henni. Geymi ég mér því að svara honum þar til ég heyri aðra rökfastari og skýrari ræðu frá honum.

Gísli Sveinsson [óyfirl.]: Herra forseti. Aðeins örfáar aths. Það hefir ekki komið fram, að andstaðan gegn till. minni hl. allshn. hér í deildinni hafi neina málsvara, sem svara þarf. Get ég því látið hjá líða að fara frekar inn á þær umr. En ég vildi aðeins tala örfá orð við hv. þm. Barð., sem eflaust er hvergi nærri, eins og jafnan þegar þarf að svara einhverju af vaðli hans. Það er nú svo, þó að honum þyki það kannske ótrúlegt, þá þarf ég í raun og veru sáralitlu að svara honum, því að hann kom hvergi nálægt því atriði, sem um er deilt. Hann var allur einhversstaðar uppi í loftinu, og var ræða hans því ekkert annað en tómt rugl, — sumt sjálfrátt, en þó meira ósjálfrátt. Af þessu rugli hans er þó eitt atriði, sem taka ber til greina. Hann sagði, hv. þm., að ákvæðið í hæstaréttarlögunum um dómaraprófið væri það vitlausasta í þeim. Maður skyldi nú ætla, að hann hefði a. m. k. reynt að færa rök fyrir þessum sleggjudómi sínum, en hann gerði það einu sinni ekki. Það hefir nú upplýstst, að ákvæðið um dómaraprófið hefir aldrei verið notað hér. Það hefir ekki þurft á því að halda. Er því ekki hægt að segja, að reynslan hafi leitt í ljós, að það væri vitlaust. Að hv. þm. og fylgifiskar núv. stjórnar hafa svo mjög horn í síðu þessa ákvæðis, er sakir þess, að það er þrepskjöldur fyrir pólitíska stjórn að geta troðið inn í réttinn skjólstæðingum sínum. Því vilja þeir, eins og þm. Barð. hefir verið að japla á, að dómsmrh. skipi menn í réttinn.

Það eina atriði, sem hann nokkurn veginn í samhengi fékkst við, en þó kom sitt úr hvorri áttinni, var, þegar hann fór að blanda inn í þetta mál hneykslismáli, sem hann var við riðinn hér um árið, þar sem hann í umboði pólitísks dómsmrh. felldi áfellisdóm yfir gömlum embættismanni, dóm, sem hæstiréttur vitanlega hrakti. Hv. þm. lýsti því berlega nú í ummælum sínum um þetta hneykslismál, að einn af *dómurum hæstaréttar*, Lárus H. Bjarnason, hefði ekki þorað að láta uppi álit sitt. Og hv. þm. sagði, að þessi dómari hefði verið í samræmi við sig að því er snerti undirréttardóminn. En aðrir, sem betur þekkja til, fullyrða, að þessi dómari hafi staðið fjarst hneykslisdómi hv. þm. Barð. En hinir hröktu dóminn, — og hvað þá um hinn, sem ekki varð þeim samferða? Hv. þm. Barð. rökstuddi þetta með því, að Páll Einarsson hefði verið bekkjarbróðir og herbergisfélagi Jóhannesar Jóhannessonar bæjarfógeta, og þess vegna hafi hann dæmt rangan dóm. Og sömuleiðis hafi verið ástatt með Eggert Briem. M. ö. o., hv. þm. Barð. gengur út frá því, að vinátta eigi að ráða í dómum; þess vegna hafi hans dómur orðið svona, af því að hann var ekki vinur hins dómfellda og dómur hæstaréttar gagnstæður. Það þarf ekki að fjölyrða um aðra eins svívirðingu og þetta, en af því að það komst inn í umr. hefi ég orðið að svara því á þennan hátt, sem kunnugur maður öllum málavöxtum, en hv. þm. Barð. má halda áfram á þessari braut, svo framarlega sem hæstv. forseti leyfir það.

Frsm. (Bergur Jónsson) [óyfirl.]: Ég hefi ekki ástæðu til þess að svara þeim fúkyrðum, sem hv. þm. V.-Sk. skaut úr sér núna. Hann er líklega sár yfir því, að hann skyldi ekki vera

valinn til að vera hæstaréttardómari frekar en Einar Arnórsson. En ég get sagt hv. þm., að ég álít, að hans flokkur hafi farið mjög skynsamlega að ráði sínu að velja heldur Einar Arnórsson. (GSv: Hver hefir talað um þetta?). Það kom fram í ræðu hv. þm. V.-Sk. Hann var að deila á lögfræðinganefndina alla í heild, og þess vegna kom það alveg jafnt niður á Einari Arnórssyni og öðrum.

Það, sem hv. þm. gerði aðallega að umræðuefni, var dómaraprófið. Honum þykir það hneyksli, að dómsmrh. skuli eiga að ráða, hverjir taki sæti í dómnum, enda þótt hann fái umsögn dómaranna um það. Eigum við þá ekki að taka völdin af dómsmrh.? Eigum við að láta hann ráða því, hverjir eru náðaðir? Eigum við að láta hann ráða, hvaða málum er áfrýjað? Hv. þm. veit vel, að völdin eru öll í höndum dómsmrh., og þess vegna er ekki ástæða til að skerða það vald hvað snertir skipun dómara, frekar en á öðrum sviðum. En meiningin er, að þetta er ekki annað en pólitískt mál hjá Sjálfstfl., vegna þess að hæstv. núv. dómsmrh. er ekki af þeirra flokki, og ennfremur vegna þess, að þegar fimmtardómsfrv. var borið fram, börðust þeir á móti því í öllum atriðum, og þeir geta ekki snúið til baka, enda þótt þeir sjái rökin, sem mæla með þessu frv., og vita, að þeir eru með sínu framferði að vaða reyk í þessu máli.

Hv. þm. var að tala um eitthvert leyndarmál viðvíkjandi Lárusi H. Bjarnasyni, og hneykslaðist yfir því, að ég skyldi nefna dóminn í bæjarfógetamálinu; sagði að hann væri mér til skammar. Ég hefði verið látinn dæma dóminn o. s. frv. Ég ætla að biðja hv. þm. V.-Sk. að muna eftir því, að hann hefir viðhaft þessi orð við mig. Það getur verið, að hann hafi einhverntíma verið látinn dæma dóm — einhverntíma verið látinn gera viss embættisverk, en ég hefi aldrei verið látinn gera neitt. Ég hefi gert það sjálfur eins og sannfæring mín hefir boðið. En þetta er ekki nema ódrengskapur af hv. þm., að vera að halda slíku fram. Hann er að taka upp það sama og sonur hins sakfellda hélt fram gagnvart mér í blöðum, að ég hefði verið látinn dæma. Ég þarf ekki annað en að vísa honum á dóminn. Ég veit, að hv. þm. er nógu greindur til þess að sjá, að dómurinn verður ekki með rökum felldur. (GSv: Hvað gerði hæstiréttur?). Hæstiréttur gerði það sama. Ég skal segja hv. þm. sögu. Prófastur vestur á Barðaströnd, einhver hinn greindasti og bezti maður, sem ég hefi kynnzt, var bekkjarbróðir dómaranna í hæstarétti. Hann sagði við bróður sinn: „Ég veit, að hæstaréttardómararnir munu ekki dæma um málið að efni til.“ Hann þekkti mennina og vissi, að það mundi verða reynt að finna einhver undanbrögð. Það, sem þeir áttu að gera, var að víkja sæti. Þeir voru allt of hliðhollir til þess að geta dæmt um málið. (**Forseti**: Ég vil biðja hv. þm. Barð. að stytta mál sitt um þetta atriði). Ég vil benda hæstv. forseta á, að þetta mál fór hv. þm. V.-Sk. inn á, og ég hefi ekki ástæðu til annars en verja mig persónulega, hvaða hlutdrægni. sem hæstv. forseti kann að sýna mér. Þykir mér þó undarlegt, að flokksbróðir minn skuli gera það. — En sannleikurinn er sá, að hæstaréttardómararnir fóru að á sama hátt og þessi gamli og vitri skólabróðir þeirra sagði, — þeir þorðu ekki að dæma eftir málefninu. Þeir dæmdu ofan í sjálfa sig; þeir dæmdu þvert ofan í dóm, sem þeir skömmu áður voru búnir að kveða upp í Shell-málinu, máli, sem ég hafði einnig fengizt við. Ég fór þá skipunarlaus suður að Bessastöðum og yfirheyrði Björgúlf lækni. Þá segja þeir ekkert. En eftir eina viku ógilda þeir minn dóm í bæjarfógetamálinu, af því að dómarinn í Reykjavík hafði ekki löglega vikið sæti. Þetta veit hv. þm. V.-Sk. Það var rétt hjá sr. Bjarna heitnum Símonarsyni, skólabróður þeirra, að þeir mundu aldrei dæma málið að efni til. (GSv: Það er hægt að segja þetta þegar maðurinn er dáinn). Ég get fengið vottorð bróður hans. En hvernig var svo þessi dómur? Það er laukrétt ályktun út frá honum, sem einn vitur maður sagði: „Það er ekki refsivert að taka annara manna peninga og skila þeim aldrei, en það er refsivert að taka annara manna peninga og skila þeim seint“. Hv. þm. V.-Sk. veit, að þetta er rétt ályktun, þó að hann sé nú að hreyta ónotum í mig út af því máli, sennilega af því að hann fékk ekki það embætti, sem hann var að sækja um á móti mér. Ég get sagt hv. þm. V.-Sk., að mér finnst það ekkert aukaatriði, hvort dómararnir hafa leyfi til þess að liggja á atkvæði sínu í opinberum málum, sem skipta miklu fyrir alþjóð manna. Ég hefi heyrt miklu merkari og betri lögfræðinga en hv. þm. V.-Sk. láta í ljós óánægju sína yfir því, að Lárus H. Bjarnason skyldi ekki hafa haft kraft í sér til þess að opinbera ágreiningsatkvæði sitt, og að lögin skyldu ekki hafa heimtað það. Það þýðir ekkert fyrir hv. þm. V.-Sk. að gera aths. við ályktun mína um það, hvernig atkvæði Lárusar H. Bjarnasonar hefir fallið, hvort það hefir verið til sakfellingar eða sýknunar þeim ákærða. Það sér hver maður, að hann var sá maðurinn í réttinum, sem hafði minnsta ástæðu til þess að hlynna að sakborningnum, og það er gefinn hlutur, að það hlýtur að hafa verið til sakfellingar, sem Lárus H. Bjarnason gerði ágreining, ekki um refsinguna, heldur um sökina sjálfa.

Garðar Þorsteinsson [óyfirl.]: Ég vona, þar sem n. er í raun og veru klofin í þessu máli, að hæstv. forseti verði mér ekki mjög reiður, þó að ég tali í lengra lagi um málið.

Það væri ekki óeðlilegt, þó að ég þyrfti að endurtaka mest af því, sem ég hefi áður sagt um þetta mál, vegna þess, að aðalflm. málsins, hv. þm. Barð., hefir ekki verið í deildinni, þegar það hefir verið rætt. En ég skal, af því að ég hefi ekki leyfi til að gera nema stutta aths., aðeins drepa á tvö eða þrjú atriði, sem að minu áliti skipta mestu máli. Mér virðist sem hv. þm. Barð. muni eiga erfiða aðstöðu með að vera á móti því, að settir skuli aukadómarar, þar sem hann var frsm. allshn. á þinginu 1932 og mælti þá eindregið með slíku ákvæði, og nú eru allar þær sömu ástæður fyrir hendi og þá voru. (BJ: Það er vond aðstaða fyrir hv. þm. að vera með

þessu núna). Ég vil benda hv. þm. á, að það er rangt hjá honum, að fimmtardómsfrv. hafi strandað að þessu leyti til vegna andstöðu Sjálfstfl. Einar Arnórsson, sem þá var frsm. minni hl. allshn., mælti með því, að brtt. um, að aukadómarar yrðu settir, yrði samþ. Þó að frv. hafi af ýmsum ástæðum strandað vegna andstöðu Sjálfstfl., þá var það ekki í sambandi við þetta atriði.

Það var líka rangt hjá þessum hv. þm., þar sem hann var að tala um, að það mundi geta orðið stríð milli dómsmrh. og hæstaréttar vegna þess, að dómsmrh. gæti sett hvaða mann í réttinn, sem hann vildi, svo og svo lengi. Þetta er ekki rétt, vegna þess að það er eingöngu takmarkað við lagadeild háskólans. Ég fæ ekki séð, hversvegna ekki má nú, eins og þessir hv. þm. vildu 1930, 1931 og 1932, sætta sig við að taka aukadómara hæstaréttar úr flokki kennara háskólans, eins og minni hl. allshn. vill nú.

Um dómaraprófið hefi ég áður talað tvisvar sinnum, og skal ég því ekki lengi tefja við það. En ég vil leggja sérstaka áherzlu á, að ég fæ ekki séð, að það sé samræmi í því að krefjast frekari skilyrða af málafærslumönnum við réttinn heldur en dómurunum sjálfum, og það eru engir til, sem eru færari um að dæma hæfni nýrra dómara heldur en hæstaréttardómararnir sjálfir. Það er alveg sama, hvernig þetta mál er varið af hv. flm., það verður aldrei framhjá því gengið, að þetta ákvæði er sett til þess, að viðkomandi ráðh. nái meira valdi yfir dómurunum en nú er.

Hv. þm. Barð. sagði, að þetta væri pólitískt mál hjá Sjálfstfl. Ég hygg, að þeir, sem lesa það, sem fram fór á Alþingi 1919, þegar lögin um hæstarétt voru sett, muni sannfærast um, að Alþingi gerði þá allt, sem það gat, til þess að tryggja öryggi þessa réttar — tryggja, að hann yrði sem óháðastur framkvæmdavaldinu, og Sjálfstfl. hefir ótrauður viljað halda þeirri stefnu áfram. En mér finnst sem þessir lögfræðingar, sem eru flm. þessa máls, sjái ástæðu til þess að teygja umboðsvaldið inn á vettvang hæstaréttar. Ég held, að hv. þm. Barð. ætti ekki að vera að kasta hnútum að Sjálfstfl. um, að hann væri að koma með pólitíska árás á þennan rétt, rétt eftir að hann er búinn að flytja tvær ræður, sem voru að mestu leyti níð um tvo dómara hæstaréttar. Ég verð að segja það í fullu bróðerni við hv. þm., að ég álít það ósæmilegt af hv. þm. að leyfa sér hér í þingsalnum að ráðast á þessa tvo virðulegu dómara hæstaréttar og bera þeim á brýn, að þeir hafi sýknað mann af ákæru — sem hann er viss um, að hafi við rök að styðjast — af því að þeir séu vinir hans. Ég hygg, að vegur þessa hv. dómara, hv. þm. Barð., vaxi ekkert, þó að hann leyfi sér að ráðast með slíkum ummælum sem þessum á þessa menn, jafnvel þó að hann álíti sig hafa á réttu að standa. Ég vil benda hv. þm. á, að það er sitt hvað að komast að rangri niðurstöðu, en dæma eftir beztu vitund, eða að kveða upp rangan dóm, jafnvel þó að maður viti betur, og það var einmitt það, sem hv. þm. var að bera hæstaréttardómurunum á brýn. Mér finnst það einnig ósmekklegt af hv. þm. Barð. að vera að ráðast á hv. þm. V.-Sk. og segja, að hann hafi veizt að sér vegna þess, að honum hafi verið veitt embætti, sem hv. þm. V.-Sk. hafði ekki fengið, en hann þó sótti um. Mér finnst þetta óviðeigandi, þó að hv. þm. V.-Sk. hafi tekið upp hanzkann fyrir þá menn, sem voru fjarverandi, sem sé hæstaréttardómarana, alveg á þinglegan hátt og vítt þennan hv. þm. harðara en hæstv. forseti gerði, sem hann þá hefði átt að gera. Það er harla einkennilegt, að í sömu andránni sem þessi hv. þm. er að halda því fram, að sá virðulegi dómsmrh., sem nú situr, muni áreiðanlega hér eftir sem hingað til sýna fullkomið réttlæti í embættaveitingum, halda því fram, að þessi andmæli hv. þm. V.-Sk. komi af því, að sér hafi verið veitt embætti, sem hv. þm. V.-Sk. hafði sótt um. Hv. þm. (BJ) verður að viðurkenna það, að þessi veiting á embættinu til hans var alveg þvert ofan í allar reglur, sem hingað til hafa þekkzt. Og með fullri virðingu fyrir hv. þm. Barð., þá held ég, að ég verði að leyfa mér að slá því fram, að hv. þm. V.-Sk. muni þola allan samjöfnuð við hann sem dómari, sýslumaður og þingmaður. Og hvað er þá eftir?

Það er óviðkunnanlegt af hv. þm. að færa rök fyrir sínu máli á þessum vettvangi á þann veg að ráðast með persónulegu níði á fjarverandi menn og segja, að þeir hafi vísvitandi kveðið upp rangan dóm. Ég er hissa á því, að hann skuli leyfa sér slíkt.

Forsrh. (Hermann Jónasson) [óyfirl.]: Ég ætla ekki að blanda mér inn í þær deilur, sem út af þessu máli hafa spunnizt og liggja að mestu fyrir utan það. Það er talað um embættaveitingar, dómara hæstaréttar og að menn séu látnir dæma þetta og hitt. Það er umræðuefni, sem ég ætla ekki að blanda mér í, fyrr en ég sé, að það gengur svo langt, að maður sé neyddur til að svara því einhverju. En viðvíkjandi embættaveitingunum vil ég geta þess, að það er ekki rétt að snúa sér til þeirra, sem um embættin hafa sótt og fengið þau, heldur til þeirra, sem hafa veitt þau, og þess vegna ætti hv. 8. landsk. að snúa sér til mín; það er velkomið, ef hann óskar eftir að ræða um slíkt við mig.

En viðvíkjandi því máli, sem hér liggur fyrir, þá vil ég taka það fram, að það atriði, sem vitanlega er mestur ágreiningur um, er það, hvort eigi að afnema dómaraprófið í hæstarétti eða eigi, og hvort dómararnir eigi sjálfir að segja til um það, hverjir eigi að taka sæti í hæstarétti, þ. e. að veitingavaldið sé í raun og veru í höndum réttarins. Þetta gildir í einu landi, Danmörku — hvergi annarsstaðar en þar og hér á Íslandi. — Þetta margumtala dómarapróf hefir aldrei verið notað í hæstarétti í þau 16 ár, sem hæstiréttur hefir starfað hér. (GÞ: Af hverju?). Vegna þess fyrst og fremst, að þeir, sem tóku sæti í réttinum í upphafi, gátu vitanlega ekki gengið undir próf hjá neinum. Síðan hefir verið fækkað í réttinum og þess vegna ekki komið til skipta. Sá dómari, sem seinast tók sæti í réttinum, þótti hafa dæmt svo marga dóma, að þess var ekki álitin þörf, að hann gengi undir dómarapróf. Nú álíta allir menn, sem fylgja

dómaraprófinu, að rétturinn sé prýðilega skipaður eins og hann er, en þó hefir enginn þeirra, er sæti eiga í réttinum, tekið dómarapróf. Þetta er mjög einkennilegt ósamræmi, því að hv. þm. V.-Sk. hefir haldið því fram, að það væri nauðsynlegt að hafa dómarapróf, vegna þess að því fylgdi svo mikið öryggi. Þó hefir það sýnt sig, segir hann, að dóminn hefir verið hægt að skipa vel í þau 16 ár, sem hann hefir starfað, án þess að nokkurt dómarapróf hafi verið notað.

Það er náttúrlega hægt að staðhæfa, að það sé öryggi að prófinu, en það er ekki hægt að sanna það. Það er alltaf í sambandi við veitingu þessara dómaraembætta verið að tala um, að pólitík megi ekki komast inn í réttinn. Ég vil benda á í því sambandi, að þeir menn, sem eru hæfir til þess að taka sæti í hæstarétti og sitja þar sem dómarar, munu tvímælalaust, eins og hver maður í þessu landi, sem er meira en miðlungsmaður, hafa einhverja ákveðna pólitiska skoðun. Það er staðreynd, að þeir, sem lítið koma nálægt stjórnmálum, þeir, sem ekki sitja hér á þingi og tala við andstæðinga sína og finna á þeim ýmsar góðar hliðar sem mönnum, eru oft og tíðum manna æstastir í stjórnmálaskoðunum. Þess vegna verður valdið yfir hæstarétti aldrei dregið úr höndum þeirra manna, sem hafa pólitiskar skoðanir. Það, sem andstæðingarnir vitanlega álíta að rétt sé, er, að í réttinum sitji menn, eins og nú er, sömu pólitiskrar skoðunar og andstæðingar ríkisstj., — að haldið sé áfram á þeirri braut, sem nú er, og leggja ekki veitingavaldið í hendur dómsmrh., sem vitanlega skiptast á af ýmsum flokkum. Þá halda þeir, að veiting dómaraembættanna muni sveigjast eftir því, sem pólitísk skoðun viðkomandi dómsmrh. er á hverjum tíma. Um þetta er í raun og veru deilt. En það er ómögulegt út af fyrir sig að segja, að dómaraprófið sé nokkurt öryggi í þessu sambandi.

En það hefir verið reynt að færa fram rök þessu viðvíkjandi, og þau eru, að undanfarið hefir það tíðkazt, að menn hafa orðið að taka próf til þess að mega flytja mál fyrir hæstarétti. En ég ætla að leyfa mér að staðhæfa, án þess þó að deila á neinn sérstakan hér í bænum, að sumir þeirra, sem tekið hafa próf sem málafærslumenn, eru ekkert betri málafærslumenn, nema síður sé, heldur en þeir, sem ekkert próf hafa tekið.

Ég hefði gaman af að spyrja hv. 8. landsk. um það, hvort hann viti til, að nokkur hafi fallið við þetta próf? Það er áreiðanlegt, að það hefir enginn fallið við þetta próf, svo að það er ekki nema kák.

Við skulum alveg sleppa að fara út í aukaatriði þessa máls. Deiluatriðið er, hvort eigi að hafa veitingavaldið viðvíkjandi dómurunum í hæstarétti, eins og það er alstaðar utan Danmerkur og Íslands, eða ekki. Deiluatriðið er það, hver eigi að hafa veitingavaldið um dómaraembættin við hæstarétt. Og ég get ekki séð, að fram hafi komið nokkur gild rök með því, að við eigum, fremur en aðrir, að halda þessu ákvæði um dómarapróf, sem auk þess hefir aldrei verið notað.

Frsm. (Bergur Jónsson) [óyfirl.]: Ég skal ekki lengja umr. um hóf fram.

Ég vildi aðeins segja nokkur orð út af þeirri siðferðisprédikun, sem hv. 8. landsk. fann ástæðu til að halda yfir mér. Hann sagði, að ég hefði farið hér með níðgrein (hefir víst meint níðræðu) um hæstaréttardómara. Ég neita þessum áburði. En ég álít, að þeir hefðu, sjálfra sín vegna og almenningsálitsins, átt að víkja úr dómi í þessu máli, þar sem vitað var, að þeir voru sérstakir vinir þess sakfellda. Hv. 8. landsk. hefði eflaust sjálfum fallið illa að verða að dæma í máli bekkjarbróður síns og sérstaks vinar. Ég sé ekki heldur annað en að ég hafi haft leyfi til að geta þess, að einn hinn göfugasti og bezt gefni maður, sem var í skóla með þessum manni, viðhafði þau orð, að hann væri sannfærður um það, af þekkingu sinni á þessum dómurum, að þeir myndu hvenær sem væri finna undanskot til að sýkna þennan sakborning. Get ég hvenær sem er sannað þetta.

Þá sagði hv. þm., að það hefði verið ósmekklegt af mér að minnast á Hafnarfjörð. Það getur verið, eftir þeim reglum, sem gilt hafa hér á landi um slík mál, þá hefði átt að veita hv. þm. V.-Sk. þetta embætti. En þessar reglur er nú margsinnis búið að þverbrjóta, og það hafa fleiri gert en Jónas Jónsson. Það er kunnugt, að fyrrv. dómsmrh. Magnús Guðmundsson lét það vera sitt síðasta embættisverk að veita eitt af stærstu bæjarfóetaembættum hér á landi ungum kandidat, enda var hann Heimdellingur. Vona ég, að fyrrv. dómsmrh. svari sjálfur, ef hann treystir sér til að réttlæta sig.

Hér í þingi er einn flokkur, sem hefði mátt ætla, að ekki réðist á mig með þeim svívirðingum, sem blað hans hefir borið mér á brýn. Þessar svívirðingar þeirra eru algerlega órökstuddar og ómaklegar í minn garð. Þessir menn mega þó vita, að framarlega í flokki þeirra eru ýmsir menn, sem sekari eru en ég um það, sem á mig var borið. Ég ætla ekki að nefna nein nöfn. Ég gæti opinberað þau, ef ég yrði til þess neyddur. En þessi árás á mig er algerlega ómakleg, ef tillit er tekið til ýmsra flokksbræðra þeirra. Sjálfstæðismenn hafa farið með svipaðar ásakanir á mig. En það er eins og öllum öðrum megi líðast það, sem ráðizt er á mig fyrir. Það er ekki á það minnzt, þótt hv. þm. V.-Sk. og hv. 8. landsk. drekki, þótt allir viti, að þeir drekka meira áfengi en ég.

Við skulum ekki vera að ræða þessar reglur um embættaveitingar, sem allir vita, að búið er að þverbrjóta. Hver ráðh. hefir þær reglur, sem honum sýnist, um slíkar veitingar. Þeir hafa sýnt, að þeir vilja ekki virða neinar reglur í þeim efnum. Anciennitetið er horfið úr sögunni.

Ég skal ekki um það dæma, hvor okkar hv. þm. V.-Sk. er hæfari til að vera bæjarstjóri í Hafnarfirði. Ég er nú yngri maður og gæti e. t. v. af þeim ástæðum verið þróttmeiri til starfa. En það má vera, að hann sé bæði betur gefinn og hafi betri sögu að baki sér.

En því vil ég mótmæla, að ég hafi flutt níð um nokkurn mann hér. Það hefir verið ráðizt á mig, svo að það er því nær eins dæmi hér á

landi. Ég viðurkenni ekki, að slíkar árásir á mig eigi meiri rétt á sér en það, þótt litillega sé hnippt í hæstaréttardómara. Það er rétt, að það eru hinir síðustu dómarar, en því meiri ástæða er til að kritisera þá, ef tilefni er til þess gefið. Frá þeim getur stafað meiri hætta en öðrum dómendum.

Ástæðan til þess, að ég viðhafði þessi orð áðan, var sú, að hv. þm. V.-Sk. lét þau orð falla, að ég hefði verið látinn dæma dóm þann, er hann talaði um. Ég gæti auðvitað með sama rétti sagt um hann, að hann hefði verið látinn framkvæma ýms embættisverk, látinn skipta búum, dæma ákveðna dóma o. s. frv. En þetta segi ég ekki, og hann hefir ekki frekar rétt til að segja svona hluti um mig.

Ég er þess fullviss, að framtíðin mun dæma minn dóm og eins hæstaréttar í þessu máli, og ég er ekkert hræddur við þann dóm.

Garðar Þorsteinsson [óyfirl.]: Hv. dómsmrh. spurði, hvort ég gæti upplýst, að nokkur hefði fallið við hæstaréttarpróf. Mér er ekki kunnugt um, að svo sé. En ég skil ekki, hvernig það ætti að sanna, að hæstaréttarprófið hafi ekki náð tilgangi sínum. Hann gæti eins spurt: Er nokkur vissa fyrir, að lögfræðingar með I. einkunn séu betri hæfileikum búnir en þeir, sem fengið hafa II. einkunn?

Það, sem mestu máli skiptir, er þetta, að ekki er hægt að ætlast til, að í l. standi ákvæði um það, að menn geti orðið hæstaréttardómarar án prófs, þó að þeir verði að ganga undir próf til þess að geta orðið málaflutningsmenn.

Hann sagði, að þessu prófi hefði aldrei verið beitt. Þetta er ekki nema hálfur sannleikurinn. Að því hefir ekki verið beitt, stafar af því, að ekki hefir verið skipaður nema einn maður í þetta embætti síðan ákvæðið var tekið í l. Þessi maður var Einar Arnórsson. En þá lá fyrir hjá dómurum hæstaréttar og þáv. dómsmrh. yfirlýsing um það, að þessi maður hefði þegar dæmt í svo mörgum málum, að það væri næg sönnun fyrir hæfileikum hans.

Hv. þm. Barð. sagði það rangt með farið hjá mér, að hann hefði viðhaft níð um hæstaréttardómara. Ég sé nú ekki, að hægt sé að níða dómara með öðru meira en því að segja, að hann hafi kveðið upp rangan dóm, af því að hann hafi verið vinur sakbornings.

Gísli Sveinsson [óyfirl.]: Hv. dómsmrh. sagði, eins og áður, að af því að dómarapróf hefði ekki verið notað hingað til, þá væri það ekki einungis óþarft, heldur líka skaðlegt. Og ef það væri einungis óþarft, þá þyrfti auðvitað ekki að leggja slíka áherzlu á að nema það úr gildi. En hann gat hvorugt sannað, enda er í hæsta lagi hægt að segja um þetta ákvæði, að það hafi ekki, enn sem komið er, verið notað. En það getur ekkert sannað um þýðingarleysi eða skaðsemi ákvæðisins. Hv. dómsmrh. veit, að sérstakar ástæður liggja til þess, að það hefir ekki komið til framkvæmda, og þessar ástæður voru þær, að í réttinn voru sjálfskipaðir menn, sem voru sjálfprófaðir. Þá var ekki um aðra dómara að ræða, og þó að þeir hefðu átt að taka próf, þá voru þeir þegar búnir að standast það próf, eins og Einar Arnórsson. Þetta sannar því ekkert. Hingað til hefir ekki þurft á ákvæðinu að halda, en nú þarf á því að halda, því að það kemur að notum sem slagbrandur fyrir þá, sem vilja setja sína menn í réttinn án tillits til alls annars. Þessir menn geta að vísu sagt, að aðrir myndu gera það sama, ef þeir væru í stj. En nú eru það þeir, sem á réttinn hafa ráðizt, en ekki sjálfstæðismenn.

Hæstv. ráðh. sagði, að þeir, sem réttinn skipa, væru sömu pólitískrar skoðunar og við. Ég veit ekki vel um það. En dæmi þeir rétta dóma — og það er ekki langt síðan hæstv. dómsmrh. myndi sjálfur hafa viðurkennt, að dómur þeirra væri réttur —, hvað hefir hann þá við þetta að athuga?

Hann segir, að enginn sé án pólitískrar skoðunar. En hann blandar því saman við það, að taka opinberlega þátt í pólitík. Hlýtur hann þó að sjá, að það er tvennt ólíkt, hvort þessum dómendum er meinað að hafa pólitíska skoðun eða varnað að vasast í pólitík opinberlega.

Hv. þm. Barð. þarf ég ekki mörgu að svara. Ég minntist á dóm hans að gefnu tilefni frá honum sjálfum. Hans mál virtist vera einskonar eintal sálarinnar, harmagrátur hrelldrar samvizku, sem ég mun ekki blanda mér inn í.

Forsrh. (Hermann Jónasson) [óyfirl.]: Ég vil svara nokkrum orðum ræðu hv. þm. V.-Sk., sem var með talsverðum gorgeirsblæ, eins og hans var von og vísa. Þessi eiginleiki var það, sem ég tók fyrst eftir hjá þessum hv. þm. 1917 eða '18, og það er sami gorgeirsblærinn yfir honum enn í dag.

Það kann að vera, að hv. þm. viti ekkert um það mál, sem hann er að ræða um, og ef hann hugsar meðan hann talar, þá hugsar hann a. m. k. órökrétt.

Það hefir ekki verið hrakið, að dómarar þeir, sem nú sitja í hæstarétti, hafa ekkert próf tekið, enda þótt þeir hafi setið í öðrum dómum áður, eins og undirdómi. Það var að vísu mikið að gera í þeim dómi, en það var þó engan veginn neitt próf að sitja þar. Reynslan sýndi, að þótt pólitískur ráðh. veitti þessar stöður án prófs, þá gekk það svo vel, að rétturinn hefir verið prýðilega skipaður með þessu fyrirkomulagi.

Það hefir að vísu enn ekki reynzt, að dómarapróf sé skaðlegt, en það gæti hæglega orðið til skaða. Ég hefi bent á, að þeir, sem eiga að fara úr réttinum vegna aldurs, eiga að dæma um það, áður en þeir fara, hverjir séu hæfir til að taka við. Setjum svo, að þeir væru ekki farnir úr réttinum fyrr en hinir tækju við, því að um það stendur ekkert í l. Hitt er aðeins staðhæfing hv. 8. landsk. (GÞ: En ef þeir væru dánir?). Ég get svarað því hiklaust, að þá myndu þeir ekki dæma í málinu. En þessir menn, sem e. t. v. eru orðnir fjörgamlir og sljóvir, eiga að ákveða, hverjir við skuli taka. Það er augljóst, að þetta getur orðið hættulegt, eða a. m. k. skaðlegt, og broslegt er þetta fyrirkomulag.

Ég skal ekki fara út í það, hverjir muni að jafnaði vera pólitískari, þeir, sem láta í ljós

sinar pólitísku skoðanir, eða hinir. En ég hika ekki við að staðhæfa, að pólitískar skoðanir hafa ekki síður áhrif á menn, þótt þær komi ekki fram opinberlega.

Viðvíkjandi dómum þeim, er hæstiréttur hefir kveðið upp undanfarið, ætla ég ekkert að segja. Ég veit, hvað hv. þm. átti við, og ætla ég ekki að fara að deila við hann um það mál hér í d.

Ég læt svo máli mínu lokið með því að endurtaka þetta: Því hefir verið haldið fram, að hér sé verið að finna upp eitthvert alveg sérstakt form fyrir æðsta dómstól þjóðarinnar. En þetta er ekki annað fyrirkomulag en það, sem ríkir alstaðar í Evrópu, utan Danmerkur og Íslands, t. d. í Svíþjóð.

Thor Thors: Hæstv. forsrh. vill gera lítið úr dómaraprófinu. Rökstyður hann andstöðu sína gegn prófinu með því, að það hafi ekki verið notað fram að þessu. Ég vil nú benda honum á, að rík ástæða var til þess, að prófið var ekki viðhaft. Í 51. gr. hæstaréttarl. er það beint tekið fram, að ekki þurfi að beita prófinu, af því að þá var völ á færustu dómurum landsins í réttinn, mönnum, sem starfað höfðu í landsyfirrétti, reyndum dómara utan af landi og prófessor í lögfræði.

Það hefir verið tekið fram af meðflm. mínum, að prófinu var í raun og veru beitt í fyrsta sinn sem l. heimiluðu, sem sé þegar Einar Arnórsson fékk sæti í réttinum. Hann hafði þá dæmt í svo mörgum málum, sem varadómari, að hann þótti hafa fullnægt skilyrðunum.

Hæstv. forsrh. virtist leggja kapp á, að dómarar í hæstarétti væru pólitískir, og þótti mér ánægjulegt að heyra þá játningu. Ég þekki að vísi engin l. hér á landi, er banni mönnum að hafa pólitíska skoðun, og hæstaréttardómarar mega auðvitað hafa sína skoðun sem aðrir. En þeir mega ekki taka virkan þátt í stjórnmálabaráttunni. Þetta var lögfest með því að þeir einir allra embættismanna voru sviptir kjörgengi. Það þótti fara illa á því, að menn gengju beint af vettvangi hinnar pólitísku baráttu upp í dómarasætið.

Hæstv. ráðh. sagði, að þetta ákvæði væri hvergi í gildi nema á Íslandi og í Danmörku. Ég skal ekki fullyrða neitt um það. En ég tel meiri ástæðu til þess að það gildi hér en annarsstaðar, vegna þess, hve mjög stjórnmálabaráttan fer hér fram í návígi.

Þá fannst mér það harla einkennilegt, sem hæstv. ráðh. var að rugla um það, hvernig dómarar tækju sæti í réttinum, er þeir gengju undir próf, og tel ég óþarft að mótmæla þessum staðhæfingum hans frekar en þegar hefir verið gert.

Umr. (atkvgr.) frestað um stund, en var fram haldið síðar á fundinum.

Forseti (JörB): Þá hefst atkvgr. um 4. dagskrármálið, frv. um breyt. á hæstaréttarlögunum, og koma fyrst til atkv. brtt. á þskj. 185.

Garðar Þorsteinsson: Af því að þingmenn vantar í deildina, óska ég ekki eftir, að brtt. okkar á þskj. 185 séu bornar undir atkv. nú, og tek þær því aftur til 3. umr.

Frsm. (Bergur Jónsson): Ég leyfi mér að taka till. upp. Ég hefi fullt leyfi til þess samkv. þingsköpum og sé enga ástæðu til að treina lífið í þessum brtt. til 3. umr.

Magnús Torfason: Ég hefi í hyggju að bera fram brtt. við frv. við 3. umr. og vænti ég því þess af hv. þm. Barð., að hann lofi þessum brtt. að fara til 3. umr., svo að þær verði bornar undir atkv. um leið.

Frsm. (Bergur Jónsson): Ég mun halda fast við þá ákvörðun mína að taka brtt. upp, hvað sem hv. 2. landsk. segir og gerir.

Garðar Þorsteinsson: Á því getur enginn vafi leikið, að flm. er heimilt að taka aftur tillögur sínar. Hitt er með öllu óþinglegt og á móti anda þingskapanna, að taka upp tillögu, til að greiða atkv. á móti henni sjálfur. Ég sé enga aðra ástæðu til þess en þá, að hv. þm. Barð. treysti sér ekki til að mæta við 3. umr. málsins.

Forseti (JörB): Samkv. þingsköpum er fyllilega heimilt að taka upp brtt. annara þingmanna á sama fundi. Ég vona, að hv. þm. geti komið sér saman um þetta mál, svo að ekki fari að verða langar umr. um það í miðri atkvgr.

Frsm. (Bergur Jónsson): Það er algengt hér á þingi, að þm. taki upp brtt. andstæðinganna í því skyni að fá þær drepnar, og mun ég svo gera að þessu sinni.

ATKVGR.

Brtt. 185,1.a felld með 15:15 atkv.
— 185,1.b-c komu ekki til atkv.
— 185,2.a felld með 16:13 atkv.
— 185,2.b felld með 15:14 atkv.
— 185,2.c felld með 16:15 atkv.
1. gr. samþ. með 17:8 atkv.

Brtt. 185,3.a felld með 17:10 atkv.
— 185,3.b felld með 18:15 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: JakM, JJós, JÓl, JónP, JS, ÓTh, PHalld, PO, SK, TT, GÞ, GSv, GÍ, GTh, HannJ.

nei: HV, JG, MT, PZ, PÞ, SigfJ, SE, StJSt, ÞorbÞ, ÁÁ, BJ, BÁ, BB, EmJ, EystJ, FJ, GG, JörB.

Brtt. 185,3.c tekin aftur.
2. gr. samþ. með 18:4 atkv.
3.—5. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.

Brtt. 185,4 samþ. án atkvgr.
6. gr, svo breytt, samþ. með 18 shlj. atkv.
7.—8. gr. samþ. með 18. shlj. atkv.

Brtt. 185,5 (ný 9. gr.) samþ. með 24 shlj. atkv.
— 185,6 samþ. án atkvgr.
10. gr., svo breytt, samþ. með 19 shlj. atkv.

Brtt. 185,7 (11. gr. skiptist í tvennt) samþ. með 24 shlj. atkv.
2. og 3. málsgr. 11. gr. (verður 12. gr.) samþ. með 22 shlj. atkv.
12.—18. gr. (verður 13.—19. gr.) samþ. með 20 shlj. atkv.

Brtt. 185,8 felld með 17:15 atkv.
19. gr. (verður 20. gr.) samþ. með 18:2 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 18:8 atkv.

Á 34. fundi í Nd., 21. marz, utan dagskrár, mælti

Jakob Möller: Ég vil vekja athygli hæstv. forseta á því, að um 2. mál dagskrárinnar (frv. um hæstarétt), er svo ástatt, að frv. var ekki útbýtt á síðasta fundi. Að vísu las hæstv. forseti það upp meðal útbýttra frv., en það var ekki komið, þegar fundi var slitið. Mér skilst þess vegna, að aths. ætti að fylgja því um að beiðast leyfis þd.

Forseti (JörB): Ég treysti mér ekki til að segja um þetta. Ég verð að fara eftir listanum frá skrifstofunni, sem mun nokkurn veginn óhætt að treysta. Hinsvegar er ekki hægt fyrir mig að hafa ætíð tölu á, hvað útbýtingu líður.

Jakob Möller: Ég vil bara taka fram, að ég sat hér nokkra stund eftir að fundi var slitið, og frv. barst mér þá í hendur. Skrifaði ég þá á frv., að því hafi ekki verið útbýtt fyrr en eftir fundarslit. Og nú vil ég vekja athygli hæstv. forseta á því, að nú las hann upp einhverjar brtt. við frv., sem útbýtt væri á þessum fundi, en eru ekki komnar enn. Því fremur er ástæða til að láta málið bíða.

Forseti (JörB): Ég hafði hugsað mér, hvað sem líður útbýtingu frv. sjálfs, sem ég vissi ekki, að hefði ekki komið í tæka tíð, að fresta þessu máli nú um stundarsakir, vegna þess að brtt., sem von er á, eru ekki enn komnar. Ég fresta því málinu, um stundarsakir að minnsta kosti.

Síðar á sama fundi var frv. tekið til 3. umr. (213, 220, 228, 231).

Forseti (JörB): Brtt. við frv. eru of seint fram komnar. Auk þess er talinn vafi á því, hvort frv. var útbýtt á fundi, og telja sumir, að búið hafi verið að slíta fundi, er því var útbýtt. Þarf því afbrigði til þess að málið megi koma hér fyrir.

ATKVGR.
Afbrigði leyfð af stj., en deildin synjaði þeirra með 8:14 atkv.

Á 35. fundi í Nd., 22. marz, var frv. aftur tekið til 3. umr. (A. 213, 220, 228, 231, 247).
Of skammt var liðið frá útbýtingu brtt. 247. — Afbrigði leyfð og samþ. með 17 shlj. atkv.

Magnús Torfason: Mér er ánægja að geta lýst því yfir, að það hefir fagurlega komið fram í umr. um þetta mál, að deiluefnið er eðlilega aðeins það, hvernig tryggja megi sem bezt öryggið í réttarfarsmálum í landinu. Öllum kemur saman um, að það beri að tryggja sem bezt. Það, sem menn greinir á um, er aðeins aðferðirnar til þess. Er ekki nema gott til þess að vita, að hv. þm. skuli láta sér svona annt um hina háu dómstóla.

Ég hefi ekki viljað láta hjá líða að koma með brtt. við þetta frv., sem ganga í þá átt að gera réttaröryggið í landinu ennþá öruggara en það þó mundi vera með frv. án þeirra breyt., sem minar brtt. gera ráð fyrir á því. Og að ég kem hér með þessar brtt., sérstaklega breyt. um það, að fjölga hæstaréttardómurum, er af því, að það er vitað, að þjóðin var nokkurn veginn ánægð með hæstarétt á meðan hann skipuðu 5 dómarar. En eftir að fækkað var í réttinum, þá setti dóminn talsvert ofan. Því verður ekki neitað. Það er líka að vonum, að svo hafi farið, blátt áfram af því, að með því var breytt á móti reglu, sem hefir reynzt vel og verið alveg ófrávíkjanleg í öðrum siðuðum löndum. Þessi regla er að hafa hina æðri dóma, og þá sérstaklega þá, sem æðstir eru, sem fjölmennasta. Árið 1919 var talið, að hæstaréttardómarar mættu ekki vera færri en 5. Því er það, að ég fyrir mitt leyti tel rétt að koma dómnum í sama far og áður var í þessu efni.

En nú er þetta ekki svo að skilja, að ekki sé ennþá meiri þörf á því að fjölga dómurum réttarins heldur en var 1919. Það er víst, að störf hæstaréttar hafa farið óðum vaxandi með ári hverju. Ég hygg, að þau séu orðin það mikil sum árin og það margbreytt og vandasöm, að það sé hæpið, að dómurinn hafi fullkomlega nægilegan tíma til þess að athuga nógu vel hin vandasamari mál, sem oft og tíðum eru mikil fyrirferðar og umfangsmikil. Því er það, að ég held mér sé óhætt að segja, að enn meiri ástæða sé til þess nú að hafa dómaratöluna þá sömu og hún var 1919, fyrir 15 árum. En sérstaklega er það varhugavert að hafa mjög fáskipaðan dóm í þessu kunningsskaparins landi sem vort land er, þar sem við þekkjum allir, að allt smátt verður stórt og stórt verður smátt. Ég get þess t. d., að þegar um vafaatriði hefir verið að ræða, þá hefði verið komizt fram hjá sumu af því, sem hneykslað hefir menn, ef dómararnir í hæstarétti hefðu verið 5. Það er ekki hægt hjá því að komast, að hæstaréttardómurum beri að dæma í málum vina sinna og kunningja. Þá segir það sig sjálft, að ástæða getur verið til þess, að menn færist undan slíku. Nú er það svo oft og tíðum, að menn hafa ekki rétt til þess að færast undan slíku. Menn geta það ekki með núv. fyrirkomulagi á dóminum. Þess háttar vandræðum má ráða bót á með því að fjölga dómurunum. T. d. í bæjarfógetamálinu, sem mikið hefir verið um talað og um deilt, þá er ég ekki í vafa um, að þeir skólabræður og háskólabræður bæjarfógetans hefðu getað látið málið afskiptalaust, ef reglulegir dómarar hefðu verið 5 í hæstarétti, og látið aðra fjalla um málið.

Ég hefi með 2. brtt. minni lagt til, að með konunglegri tilsk. verði kveðið á um, hvenær dómur skal settur með 5 mönnum. Að sumu leyti er þessi brtt. afleiðing af því, að það er ekki lagt til, að 5 menn skuli alltaf sitja í dóminum. Og þar sem ekki er heldur til þess ætl-

azt, að fjölgunin fari fram nú þegar, heldur síðar, þá er það nauðsynlegt, að þetta sé haft þannig.

Í fyrra frv. er ákveðið um það, hvenær eigi að setja dóminn með 5 mönnum og í hverjum málum. Menn voru alls ekki ásáttir um það, hvað væri heppilegast í þessu tilliti. Ég hygg líka, að talsverður vandi sé að ákveða um það fyrirfram. Því býst ég við, að það sé að mun hagkvæmara að láta gera þetta með konunglegri tilsk. Það er m. ö. o., að venja og reynsla dæmir svo um. Og að sjálfsögðu ætlast ég til, að tilsk. um þetta verði ekki sett nema að dómurum hæstaréttar heyrðum.

Þá er 3. brtt. mín um það, að dómarar skuli þó aðeins vera 3 þangað til fé er veitt í fjárl. til fjölgunar dómurum. Ástæðan til þess að ég legg þetta til, er sú, að ég tel varhugavert að demba mörgum nýjum dómurum í einu inn í réttinn. Ég tel heppilegra, að svo verði til hagað, að hægt sé að skipta aðeins um einn í einu, svo að ekki verði kippt í sundur þeirri tradition, sem er í réttinum. Því er heldur ekki að neita, að mér er kunnugt um, að sumir menn setja fyrir sig í þessu sambandi fjárhag ríkissjóðs eins og hann er nú og treysta sér ekki til þess að vera með því að ákveða, að fjölga skuli strax í dómnum. Þetta er mjög skiljanlegt, eins og nú lætur í ári. Ég tel ekki heldur, að það saki svo mjög, þó þetta sé gert, að fjölga ekki dómurum strax, fyrst og fremst af þeirri ástæðu, sem ég talaði um áðan, en svo líka af því, að það má fjölga í dómnum hvenær sem þörf er, og það verður nokkurskonar reiddur vöndur á hæstarétt. Ég hefi þá trú, að ekki verði fjölgað í hæstarétti nema því aðeins, að menn verði óánægðir með hann. M. ö. o., að ákvæði um fjölgun á hæstaréttardómurum komi fram eins og nokkurskonar vantraust á þeim dómurum, sem fyrir eru.

Því hefir verið haldið fram sem ástæðu fyrir því að fjölga ekki dómendum, að ekki væri nógu mikið mannval úr að velja til þess að skipa dóminn. Þetta hygg ég ekki vera rétt, og svo mikið var víst, að þegar hæstiréttur var fluttur hingað heim, þá lét einn merkur lögfræðingur þau orð falla, að svo mikið úrval væri hér af góðum lögfræðingum, að vel væri hægt að tvísetja réttinn. Ég vil nú ekki trúa því, að lögfærðimenntuninni hafi farið svo mjög aftur þau 15 ár, sem liðin eru síðan, að ekki sé hægt að fá sæmilega menn í réttinn. Ef sú væri raunin á, að það væri ekki hægt, þá væri fenginn ófagur dómur um lagakennslu okkar hér við háskólann. Þó er það víst, að sumir mjög mætir menn hafa haft kennsluna með höndum.

Þá er brtt. á þskj. 231 þess efnis, að þeir, sem fengið hafa 2. einkunn við embættispróf, geti orðið málflutningsmenn við réttinn, ef þeir hafa gegnt þeim störfum, sem sett eru sem skilyrði fyrir því að geta orðið málflutningsmenn við réttinn, í 6 ár, í stað þess sem þeir, sem hlotið hafa 1. einkunn, þurfa ekki að hafa gegnt þeim nema 3 ár. Út af þessu ákvæði brtt. vil ég taka það fram sem mína skoðun, að ég býst ekki við, að menn þessir með hina lakari einkunn hafi nokkurn hlut, þó að þeir starfi helmingi lengur í þessum embættum.

Ég gæti að sjálfsögðu farið um þetta fleiri orðum, en tel þess ekki þörf að sinni. Vona aðeins, að till. minum verði vel tekið, enda þótt ég, sem hálfgerður einstæðingur hér, geti ekki búizt við, að þær verði samþykktar.

Gunnar Thoroddsen [óyfirl.]: Í 3. kafla hæstaréttarlaganna, sem er um málflutningsmenn fyrir hæstarétti, segir svo, með leyfi hæstv. forseta: „Dómsmálaráðherra getur veitt hverjum þeim, sem er 25 ára gamall, hefir ríkisborgararétt, er fjár síns ráðandi, hefir óflekkað mannorð, leyfi til málflutningsstarfa í hæstarétti, ef hann hefir: 1) Lokið lagaprófi með 1. einkunn. 2) Gegnt málflutningsstörfum að afloknu prófi í 3 ár, annaðhvort á eigin hönd eða í skrifstofu hæstaréttarmálaflutningsmanns sem fulltrúi hans, eða um jafnlangan tíma gegnt embætti eða stöðu, sem lagapróf þarf til. 3) Sýnt með málflutningi 4 mála, og sé eitt þeirra að minnsta kosti opinbert mál, að hann sé að dómi hæstaréttar hæfur til að vera hæstaréttarmálaflutningsmaður".

Við hv. þm. Mýr. og hv. 6. landsk. höfum borið fram brtt. á þskj. 231 þess efnis, að skilyrðið fyrir lögfræðinga að hafa fengið 1. einkunn við embættispróf, til þess að geta fengið leyfi til að flytja mál fyrir hæstarétti, verði fellt niður. Við teljum þetta ákvæði ranglátt, og því beri að fella það úr lögum. Ástæðan fyrir því, að þetta var á sínum tíma sett inn í lögin, mun fyrst og fremst hafa verið sú, að fá sem bezta málflutningsmenn að réttinum, og ennfremur mun það hafa átt að vera til þess að auka áhuga stúdenta þeirra, sem lögfræðinám stunda, að stunda námið sem bezt og fá sem hæst próf. Þetta eru vitanlega ástæður út af fyrir sig, en það vegur svo margt á móti því að láta þær ráða um svona mikið, að það verður að teljast óhæfilegt ranglæti.

Það er vitanlegt, að við próf ræður heppni of miklu. Góðir námsmenn, sem vel eru að sér, geta komið upp í einhverju smávægi, sem þeir hafa hlaupið yfir að lesa. Sumir geta verið „nervösir" og tapað sér þeirra hluta vegna, svo þeir fái þess vegna lægri einkunn en þeir í raun og veru eiga skilið. Að láta menn vera alla æfi sína að vinna upp gamlar prófsyndir er ekki rétt, og úr því ranglæti verður að bæta. Það er vitanlegt, að hér á landi eru nokkrir ágætir málflutningsmenn, sem ekki fá að flytja mál við hæstarétt vegna þessara gömlu prófsynda. Það er og þeim mun ranglátara, þegar þess er gætt, að málflutningsmönnum með 2. einkunn var og er leyft að flytja mál fyrir hæstarétti, sem áður höfðu starfað við landsyfirréttinn. Margir þeirra hafa reynzt mjög prýðilega, og eru sumir þeirra jafnvel taldir með beztu málflutningsmönnum við réttinn. Hliðstæð ákvæði þessu þekkjast hvergi gagnvart öðrum stéttum. Guðfræðingar geta t. d. orðið prestar, prófastar og jafnvel biskupar, þó að þeir hafi ekki hlotið nema 2. einkunn við embættispróf, eða aðeins skriðið í gegnum prófin. Sama máli gegnir um læknana. Þeir geta orð-

ið læknar í hverri grein, sem þeim sýnist, og *jafnvel prófessorar, hvað sem einkunninni líður.* Og sé litið til lögfræðingastéttarinnar sjálfrar, þá er hvergi neitt sambærilegt þessu. Lögfræðingar með 2. einkunn geta komizt í hin ábyrgðarmestu og vandasömustu embætti. Þeir geta orðið bæjarfógetar, sýslumenn og jafnvel dómarar við hæstarétt sjálfan, a. m. k. samkv. frv. því, sem nú er hér til umr. Þegar þetta er nú eins og ég hefi lýst því, hvaða meining er þá í því að halda í þetta úrelta ákvæði gagnvart málflutningsmönnum fyrir hæstarétti?

Það skyldi nú enginn skilja orð mín svo, að ég vilji ekki leggja áherzlu á, að menn fái sem bezt próf, jafnt í lögfræði sem öðrum fræðigreinum, en þetta ákvæði í hæstaréttarlögunum gagnvart málflutningsmönnunum tel ég hafa mjög litla þýðingu til þess að vekja áhuga manna við nám. Við flm. brtt. á þskj. 231 leggjum það til, að þeir, sem hlotið hafi 2. eink. til embættisprófs, þurfi að gegna í 6 ár þeim störfum, sem sett eru sem skilyrði fyrir því að geta orðið málflutningsmenn við hæstarétt. Og ennfremur er enn í gildi ákvæðið um flutning 4 mála við réttinn, sömuleiðis sem skilyrði fyrir því að mega flytja mál fyrir réttinum. Þetta hvorttveggja ætti því að vera nægileg trygging fyrir því, að ekki fengju aðrir en góðir og æfðir lögfræðingar réttindi til þess að flytja mál fyrir réttinum.

Þetta ákvæði um 1. einkunn sem skilyrði fyrir því að geta orðið málflutningsmenn við hæstarétt mun vera einsdæmi í löggjöf annara þjóða. Það mun vera tekið upp í hæstaréttarlögin hér úr dönskum lögum. En nú eru Danir sem óðast að *falla frá þessu. Þeir leyfa t. d. málflutn*ingsmönnum við landsyfirréttinn að fylgja málum sínum til hæstaréttar, alveg burt séð frá því, hvort þeir hafi 1. einkunn eða ekki.

Á fundi málflutningsmanna, sem haldinn var hér 18. þ. m., var samþ. að skora á Alþingi að fella þetta umrædda ákvæði úr lögum hæstaréttar. Ég hefi þegar tekið fram, að mér finnst þegar kominn tími til þess, og trúi ekki öðru en hv. dm. séu mér yfirleitt sammála um, að svo sé, og samþ. því brtt. mína.

Hv. 1. landsk. var að tala um, að ekki væri viðeigandi að vera að rýra hæstarétt með því að kvika frá þessum skilyrðum, sem sett eru fyrir því að geta orðið málflutningsmaður við hæstarétt. Mér finnst annað eins og þetta koma úr hörðustu átt, þegar það kemur frá þessum hv. þm., þar sem hann *er flm. að frv., sem heimilar* að taka menn með 2. einkunn fyrir dómara í réttinn sjálfan.

Hvað snertir brtt. hv. 2. landsk. um að fjölga dómendunum í hæstarétti, vil ég taka það fram, að ég tel rétt að fjölga þeim upp í 5, því að ég álít, að með því sé réttaröryggi landsmanna betur borgið. Ég myndi því fylgja brtt. um að fjölga þeim úr 3 upp í 5, en ekki með því skilyrði, að fjölgunin komi fyrst til framkvæmda, þegar fé er veitt í því skyni í fjárl. Hinu vil ég aftur mótmæla harðlega, sem þessi hv. þm. sagði, að þetta ákvæði myndi verða til þess að auka aðhald að dómendum þeim, sem fyrir væru í réttinum, og til þess væri það líka nauðsynlegt. Þessu mótmæli ég harðlega, og vil taka það fram um leið, að enda þótt ég gæti verið með því nú þegar að fjölga hæstaréttardómendunum í 5, þá felst ekki í því neitt vantraust á réttinum. Síður en svo.

Frsm. (Bergur Jónsson) [óyfirl.]: Það hafa komið fram nokkrar brtt. við frv. þetta frá því að það var til 2. umr. hér.

Hv. 11. landsk. mælti sérstaklega með brtt. frá sér og þeim hv. þm. Mýr. og 6. landsk., þess efnis, að fellt verði niður skilyrðið um 1. einkunn til þess að geta orðið málflutningsmenn við hæstarétt. Ég get nú ekki glatt hv. flm. með því, að ég telji rétt að samþ. þessa brtt. þeirra. Það, sem fyrir mér vakir, er það, að ég tel ekki rétt, að málflutningsmannastéttin verði illa stödd fjárhagslega, en að svo myndi verða, leikur enginn vafi á, ef hún yrði aukin jafngífurlega og verða myndi, ef allir 2. eink. menn gætu fengið leyfi til þess að flytja mál fyrir réttinum. Eins og nú standa sakir eru nógu margir, sem fást til þess að flytja mál fyrir hæstarétti, og er þeirra hluta vegna því engin þörf að hleypa 2. einkunnar mönnum að. Og það þeim mun síður, þegar þess er gætt, hvernig stendur á nú, að málflutningsmenn hafa yfirleitt misst mikið af tekjum sínum vegna gjaldeyrishamlanna, þar sem þeir fá nú því nær engar innheimtur.

Væri nú horfið að því ráði að breyta þessu umrædda ákvæði hæstaréttarlaganna, sem brtt. á þskj. 231 fer fram á, þá myndu áreiðanlega 6 lögfræðingar, sem ég þekki, bætast í hóp hæstaréttarmálflutningsmannanna. Annars er það nú svo með þessa 2. eink. menn, að sumir þeirra geta verið góðir, en yfirleitt eru þeir mjög misjafnir. Svo misjafnir, að ég leyfi mér mjög að efast um hæfileika sumra þeirra til þess að flytja mál, en þar með er ekki sagt, að þeir hinir sömu séu kannske ónýtari að ná sér í mál til flutnings en þeir, sem betri eru. Mér þykir ekkert undarlegt, þó hv. 11. landsk. leggi töluverða áherzlu á að fá þetta ákvæði um 1. eink. afnumið úr hæstaréttarlögunum, þar sem hann mun hafa tekið að sér að fylgja því fram hér í þinginu. En ég vil bara ekki, að slíkt komi honum, sem mun vera 1. eink. maður, eða öðrum ungum og efnilegum lögfræðingum í koll, og legg því eindregið á móti brtt. hans og þeirra félaga.

Hann sagði, hv. þm., að 1. eink. menn væru *ekki yfirleitt látnir ganga fyrir embættum.* En þetta er ekki rétt, því að fyrir sumum embættum er beinlínis sett sem skilyrði, að þau geti ekki fengið nema 1. eink. menn.

Þá vil ég leyfa mér að benda þessum hv. þm. á, að það er ekki hægt að bera saman skilyrðin fyrir því að verða hæstaréttarmálaflutningsmaður eða hæstaréttardómari. Ég álít, að skilyrðin fyrir því að geta orðið hæstaréttardómari megi vera miklu minni heldur en til að verða málflutningsmaður. Í hæstarétt komast ekki nema sárfáir menn, en ótakmarkað í hinn hópinn. En ég vil ekki fara að skapa nein varasöm ákvæði í lögum aðeins vegna þess, að meðal einhverra 2. einkunnarmanna kynnu að finn-

ast menn, sem væri ranglátt að útiloka. Það hefir verið gerð dálítil tilraun til þess að bæta úr þessu með brtt. frá hv. 8. landsk. og hv. þm. Snæf., um að veita megi þeim 2. einkunnar mönnum, sem sýnt hafa sérstaka hæfileika sem lögfræðingar, leyfi til þess að þreyta prófraun. Ég held, að það sé réttara, a. m. k. á þessu stigi málsins, að láta það nægja, að þeir menn, sem hafa hæfileika og dugnað og fullnægja að öðru leyti þessum skilyrðum, megi vera jafngildir 1. einkunnar mönnum til hæstaréttarmálaflutningsmannsstarfsins.

Ég vil aðeins geta þess, að hv. þm. minntist á prestana. Hann sagði, að það væri ekki sett að skilyrði með þá, hvort þeir væru 1. eða 2. einkunnar menn. Ég vil benda hv. þm. á, að það er ekki hægt að bera saman presta og málaflutningsmenn, vegna þess að prestarnir eru kosnir af söfnuðinum. Það kemur undir hinum almennu eiginleikum prestsins, hvort söfnuðinum lízt svo vel á hann, að söfnuðurinn vilji kjósa hann. Prófraun sú, sem hæstaréttarmálaflutningsmenn hafa orðið að ganga undir í hæstarétti, getur ekki verið sambærileg við þetta. Þar hefir aðeins verið um það að ræða, hvort viðkomandi maður hafi flutt svo vel fjögur mál, að dómararnir álíti hann hæfan til þess að halda áfram að flytja mál.

Ég get sagt það, þó að það komi í bága við ræðu hv. 11. landsk., að mér hefir verið sagt það af lögfræðingi, að það séu til málaflutningsmenn við hæstarétt nú, sem hafa fengið 2. einkunn og í raun og veru hafa ekki unnið til þess með prófraun að komast þangað, vegna þess að þeir munu hafa fengið hjálp við undirbúning málsins, sem gerði það að verkum, að dómararnir gátu ekki neitað þeim.

Þannig er hægt að fara að fyrir hvern mann, sem vill þreyta prófraun, jafnvel þó að hann eigi að taka dómarapróf. Er þetta ein af ástæðunum fyrir því, að ég hefi fulla ástæðu til að leggjast á móti því, að dómarapróf sé lengur haft í lögum.

Þá ætla ég að snúa mér að brtt. hv. 2. landsk., sem gerir ráð fyrir því, að í hæstarétti skuli oftast eiga setu 5 dómarar. Þar er þó látið koma undir konunglega tilskipun, hvort svo eigi að vera eða ekki. Ég vil ekki beinlínis mótmæla því, að þetta geti í ýmsum tilfellum verið heppilegt, að hafa 5 dómendur. En ég held, að það ákvæði brtt., að dómurum skuli ekki verða fjölgað fyrr en fé er veitt til þess í fjárl., muni verða til þess, sérstaklega á þeim tímum, sem nú eru og búast má við, að verði framvegis, að hv. þm. verði tregir til þess að veita þetta fé. Þetta verður því aðeins dauður bókstafur. Það er nokkurnveginn víst, að ef fjvn. og hæstv. fjmrh. eru í vandræðum með peninga, mundu þau alls ekki finna upp á því að gera það, sem engin lagaskylda býður þeim að gera. Ég held því, eins og gengið er frá brtt., að hér sé um algerlega þarflausa till. að ræða, sem ekki muni a. m. k. í náinni framtíð koma til greina að framkvæma. Þar að auki er þetta að mínu áliti vafasamt, beinlínis með lögum að fjölga dómendum upp í 5. Það er vitanlegt, að í fimmtardómsfrv. 1932, sem ég hafði allmikil afskipti af, vildi ég ganga inn á, að lagakennarar háskólans ættu sæti í dóminum í viðlögum, þegar mikils þætti við þurfa. En við 2. umr. þessa máls, er hér liggur fyrir, var felld till. um að fjölga í dóminum. Ég mun því ekki ganga inn á brtt. hv. 2. landsk., heldur tel ég réttara að láta við það sitja, að dómendurnir séu þrír. En það er eitt, sem þarf að gera, og þarf að ganga fyrir fjölgun dómara í hæstarétti, og það er að bæta kjör hæstaréttardómaranna. Eins og nú standa sakir er mikill fjöldi lögfræðinga, sem hefir miklu betri launakjör heldur en hæstaréttardómararnir sjálfir. Það sér því hver maður, að sá, sem þarf á peningum að halda vegna erfiðra heimilisástæðna, mun ekki vilja setja fjárhag sinn í hættu með því að setjast í helgan stein í hæstarétt. Þetta mundi sennilega ekki koma síður í ljós, ef ætti að fjölga dómendunum upp í 5. Ég vil því ráða hv. þd. til þess að láta við það sitja að hafa 3 dómendur, en reyna sem fyrst að bæta launakjör þeirra, svo að þjóðin þurfi ekki að bera neinn vansa af því, að til þessa starfa veljist menn, sem þurfa að vera á hnotskóg allan starfstímann eftir bitbeinum. Þetta er miklu meira aðalatriði fyrir mér heldur en hvort dómendurnir eru 3 eða 5. Oft er það, að færri menn finna betri ráð heldur en fleiri, þó að stundum komi fyrir, að betur sjái fleiri augu en færri. En það er tvímælalaus skylda Alþingis að búa þannig að þeim mönnum, sem setu eiga í æðsta dómstóli landsins, að það sé engin hætta á, að hinir hæfustu menn geti ekki af fjárhagslegum ástæðum tekið að sér það starf.

Þá hefir hv. 2. landsk. borið fram brtt. við 2. málsgr. 3. gr., um að þóknun til starfsmanna réttarins skuli ákveðin í fjárlögum. Ég þyrfti að fá frekari skýringu á þessari brtt. áður en ég tek afstöðu til hennar. Það má skilja hana þannig, að það sé heimilt að láta hæstarétti í té, að undanteknum ritara, sem er skylt að láta í té, alla þá starfskrafta, sem þörf er á. Þá má skilja þetta sumpart þannig, að með þessu ákvæði í fjárl. sé það bundið, hvað mikla aðstoð megi veita hæstarétti og að skylt sé að fara eftir því. Nú getur auðveldlega í sumum árum verið meiri þörf á aukavinnu en öðrum, og þá getur verið, að fjárl. geri ekki ráð fyrir meiri fjárveitingu en í almennu ári. En ef þetta er meint þannig, að í fjárl. komi áætlunarákvæði um þóknun til þessara starfsmanna, sem dómararnir gætu skipt á milli, eftir því hvaða starf er lagt fram, þá hefi ég ekkert við till. að athuga. En ef það er meiningin að binda hæstarétt með því að velja honum þá hjálp, sem þörf er á til þess að starf ritara geti orðið sómasamlega unnið, þá get ég ekki fylgt till.

Ég vil fylgja frv. eins og það er, og ég vil, að dómurunum sé a. m. k. í þessu tilfelli sýnt það traust, að þeir megi ákveða þóknun til starfsmanna sinna, annara en ritara.

Það hefir nýlega verið sagt, að ég væri ógætinn með að óvirða hæstarétt. Ég hefi þó a. m. k. í þessu atriði gengið skemmra en aðrir. Ég vil nú að lokum segja, að það er alls ekki meining mín, hvorki gagnvart þeim hæstarétti, sem nú situr, eða þeim, sem áður var, að ó-

virða hann eða hans gerðir. Ég neyddist til þess í einu máli, bara með rökum, að gera aths. við ýmislegt, sem málið snerti. Var það einkum, að tveir af dómurunum voru að mínu áliti þannig settir, að það mátti búast við, að réttúrinn hlyti meiri óvirðingu af því, að þeir dæmdu ákveðið mál, heldur en að þeir gerðu það ekki. Ég vildi aðeins benda á þetta atriði, en hitt hefir mér aldrei komið til hugar, að treysta ekki dómurum réttarins til þess að ákveða þóknun til starfsmanna sinna. Ég kæri mig ekkert um að kasta steini að hæstaréttí og vantreysta honum í því smæsta. En þeir, sem vantreysta honum í því smæsta, hljóta að vantreysta honum í því stærsta.

Garðar Þorsteinsson [óyfirl.]: Þegar mál þetta var til 2. umr., færði ég nokkur rök fyrir því, að löggjafinn hefði árið 1919 reynt að ganga þannig frá hæstarétti, að hann væri sem óháðastur umboðsvaldinu og að við réttinn störfuðu aðeins hæfustu menn. Ég tel, að tvö ákvæði í því frv., sem nú hefir verið samþ. til 3. umr., séu fremur til þess að rýra sjálfstæði réttarins. Ég tel, að þau séu til þess, að dómsmrh. fái aukið vald yfir dómnum, sem þó ekki var tilætlunin, þegar lögin voru upphaflega sett.

Það hefir ætíð verið mín skoðun, að það ættu að sitja 5 dómendur í hæstarétti. Við 2. umr. þessa máls bar ég og hv. þm. Snæf. fram till. þess efnis, að í stærri málum sætu 5 dómarar. Tveir af dómurunum áttu að vera prófessorar lagadeildar háskólans. Þetta átti ekki að vera nema bráðabirgðaákvæði, því að þegar fjárhagur ríkisins leyfði, átti að skipa 5 fasta dómara. Þessi brtt. var felld. Nú hefir hv. 2. landsk. borið fram brtt., þar sem hann gerir ráð fyrir, að skipaðir verði 5 fastir dómarar, þó ekki fyrr en til þess verður veitt fé í fjárlögum. Einnig er ákvæði um það, að konunglega tilskipun þurfi til þess að kveða á um, hvenær skuli sitja 5 dómarar og hvenær 3. Ég tel, að þessi brtt. muni vera til bóta, og mun því greiða atkv. með henni. En hinsvegar vil ég taka fram, að eitt af þeim skilyrðum, sem þarf að fullnægja til þess að rétturinn sé sem óháðastur umboðsvaldinu, er, að þeir menn, sem í réttinum starfa, hafi þau laun að þeir geti lifað af þeim, til þess þeir þurfi ekki að leita út fyrir sitt starfssvið um atvinnu og þar með að nokkru leyti að gera sig háða ýmsum kringumstæðum, sem ekki kæmu til greina, ef laun þeirra væru nægileg. Ég hygg, að það sé enginn ágreiningur um, að hæstaréttardómararnir séu þeir embættismenn landsins, sem eiga að hafa góð laun. Um það mun tæpast vera ágreiningur, að þau laun, sem þeir hafa nú, séu óviðunandi lítil. Mér er óhætt að segja, að þegar þetta mál var til umr. í allshn., bar öllum nm. saman um það, að laun dómaranna væru of lág. Bæði ég og hinir aðrar nm. mundu hafa borið fram brtt. til hækkunar á launum þeirra, ef ekki hefði komið tvennt til. Annarsvegar fjárhagur ríkisins og hinsvegar, að það liggur fyrir að ganga frá launum embættismanna yfirleitt, og því eðlilegt, að sú nefnd, sem um það fjallar, komi einnig til að ræða um þessi laun. Það verður einnig að hafa það í huga, þegar þingið setur inn í fjárl. laun til tveggja nýrra dómara, að það verði ekki beinlínis á kostnað þeirra, sem fyrir sitja.

Hv. 11. landsk. hefir ásamt tveimur öðrum hv. þm. borið fram brtt. á þskj. 231. Þessi brtt. fer í þá átt að heimila lögfræðingum með 2. einkunn að vera hæstaréttarmálaflutningsmenn, ef þeir að öðru leyti uppfylla skilyrðin, hafa starfað í 6 ár, hafa lokið prófraun, hafa óflekkað mannorð o. s. frv. Hv. 11. landsk. fór um þetta mörgum orðum, og það, sem mér skildist vera aðalrök hjá honum, var í raun og veru það, að það væri sanngjarnt, að þessir menn fengju einnig möguleika til þess að starfa sem málaflutningsmenn við hæstarétt, því að þau tilfelli gætu verið til, að menn hefðu ekki náð 1. einkunn vegna óheppni í prófi. Ég játa, að það getur komið fyrir, en hinsvegar hygg ég, að það muni vera aðalreglan, að þeir lögfræðingar, sem fengið hafa 1. einkunn við próf, séu yfirleitt hæfari til málaflutnings heldur en hinir, þó að frá þessu skuli vitanlega gerð undantekning. En það atriði, sem hv. þm. nefndi, sem sé að nú störfuðu við hæstarétt menn, sem hefðu hlotið 2. einkunn, sannar ekkert í þá átt. Ég ætla ekki að gera neinn samanburð á málaflutningshæfileikum þeirra, sem við réttinn starfa. En ég vil benda á, að þeir menn, sem nú starfa við réttinn sem málaflutningsmenn og hafa 2. einkunn, gera það vegna þess, að þeir hafa áður en lögin um hæstarétt gengu í gildi fengið leyfi til að starfa sem málaflutningsmenn við landsyfirréttinn. Það var vitanlega ekki sanngjarnt að svipta þá menn möguleikum til að starfa sem hæstaréttarmálflutningsmenn, ef þeir höfðu áður leyfi til að starfa sem málaflutningsmenn við þann dómstól, sem áður var, sem sé landsyfirréttinn. Það hefir ætíð verið álitið, að það ætti ekki að semja lög á þann veg, að þau sviptu borgarana þeim réttindum, sem þeir hefðu samkv. eldri lögum. En það hefði vissulega orðið, ef þessir menn hefðu verið sviptir möguleikum til þess að starfa við hæstarétt. Auk þess má benda á, að þeir urðu vitanlega að taka það próf, sem skipað er í lögum. Þetta dæmi, sem hv. þm. nefndi, er því engin rök hér. Það er heldur ekki rétt hjá þessum hv. þm., að það sé ekki farið eftir því við embættaveitingar, hvort umsækjandinn hafi 1. eða 2. einkunn. Hv. þm. nefndi í þessu sambandi presta. En þeir koma þessu ekkert við, af því að þeir eru kosnir. En það mun aldrei gilda önnur regla en sú um embættaveitingar, að einkunnin sé látin ráða að öðru jöfnu. Það getur að vísu komið fyrir, að 2. einkunnar maðurinn sé svo miklu eldri og hafi sýnt sérstaka hæfileika, að það geti vegið upp einkunnamismuninn. En ef tveir jafngamlir menn sækja um embætti, annar með 1. einkunn og hinn með 2. einkunn og hvorugur hefir sýnt hæfileika öðrum framar í sínu starfi, þá mun sá með 1. einkunnina í öllum tilfellum sitja fyrir þeim með 2. einkunnina. Ég vil einnig leiðrétta það, sem hv. þm. Barð. sagði, að þetta gilti ekki um sýslumannaveitingar úti á landi, en það mun einmitt gilda þar.

Það er vitanlega atriði út af fyrir sig, hvort

í hópi þeirra manna, sem hafa 2. einkunn, finnist menn, sem rækja sínar skyldur sem hæstaréttarmálaflm. eins og 1. einkunnar menn. Ég get játað, að þess kunni að finnast dæmi, en hitt mun þó vera reglan. Ég vil í þessu sambandi vísa til ræðu þess manns, sem þekkir þessi mál manna bezt, nefnilega dómsforseta Einars Arnórssonar. Hann segir í þingræðu 1932, að málflutningur ráði oft úrslitum mála fyrir hæstarétti. Því að það væri oft haldið þannig á góðum málstað, að hann fengi ekki notið sín, en aftur á móti vel haldið á hæpnum málstað. Málið gæti því legið þannig fyrir dómurunum, að þetta réði úrslitum. Það er því enginn vafi, ef þessi hv. þm. (BJ) vill ekki rýra hæstarétt á nokkurn hátt, má hann engu síður vera því fylgjandi, að sett séu þau skilyrði, að málaflutningsmenn við réttinn séu þeir hæfustu, sem völ er á. Og ég tel, að einkunnaatriðið sé einn þátturinn til þess að tryggja það. Auk þess má benda á hið almenna, sem snýr að háskólanum. Eitt af því, sem hefir verkað í þá átt, að lögfræðingar reyndu að tryggja sér fyrstu einkunn, var einmitt það, að þeir sáu, að þeir gátu ekki komizt að hæstarétti nema að hafa 1. einkunn. Það skal sýna sig, að þeir munu vera fjölmennari tiltölulega, sem hlotið hafa 1. einkunn eftir 1919 en fyrir. Það, sem því hefir valdið, er vitanlega þetta skilyrði í hæstaréttarlögunum. Ég held, að það sé full ástæða til þess með þessu atriði að reyna að ýta undir þá lögfræðinga, sem í háskólanum sitja, að ná sem beztu prófi. Því að yfirleitt er gott próf sönnun fyrir góðri þekkingu.

Svo er annað, sem ég get tekið undir með hv. þm. Barð., og það er, að sízt er ástæða til fyrir löggjafarvaldið að vera að ýta undir, að stétt manna, sem starfar við hæstarétt, verði svo fjölmenn, að þeir, sem við réttinn starfa, geti alls ekki lifað af því starfi. Það er vitanlega með þetta starf eins og önnur, að það má hafa þann hóp svo fjölmennan, sem að því vinnur, að þær tekjur, sem af því hlotnast, verði ekki nægar til þess að viðkomandi menn geti lifað af þeim. Í Danmörku munu ekki vera nema 20 hæstaréttarmálaflutningsmenn. En hér eru þeir 13 eða 14. Ef nú eiga að bætast við svo og svo margir málaflutningsmenn, verður það vitanlega til þess að draga frá möguleikum hinna, sem fyrir sitja. Hitt er að sjálfsögðu rétt, að dugnaður og hæfileikar skapa hlutaðeigandi málaflutningsmanni nóg að starfa. En hvað verður svo um hina? — Ég þarf ekki að benda á, að málaflutnings- og innheimtustörf eru mjög hættuleg í þessu efni. Þessir menn hafa oft mikið undir höndum af annara fé, og ef þeir geta ekki aflað sér sæmilegs lífsviðurværis, taka þeir þetta fé til sinna þarfa. Þannig hefir þetta oft og tíðum farið. Slíkir menn hafa oft gripið til þess óyndisúrræðis að nota sér annara fé, í von um að geta seinna borgað það með starfa sínum.

Ég hefi heyrt á ýmsum málaflutningsmönnum, að þeir standa í þeirri trú, að ef maður geti komizt að hæstarétti, þá séu honum tryggðar ágætar tekjur. Þetta er mesti misskilningur. Þetta próf myndi engan veginn verða nein trygging fyrir slíku. En vonin um þetta verður til þess, að menn gæta sín síður, og hingað til Rvíkur safnast fjöldi málaflutningsmanna, miklu fleiri en von er til, að haft geti hér ofan af fyrir sér. Hér skapast þannig öreigastétt, sem er að því leyti verr sett en aðrar, að þessir menn eru oft búnir að notfæra sér annara fé, er þeir höfðu undir höndum.

Ég veit, að aðrar þjóðir, eins og Danir, Norðmenn og Svíar, líta svo á, að hæstaréttarmálaflutningsmenn séu menn, sem treysta megi í fjármálum sem öðru. En það væri bagalegt, ef það sýndi sig, að hér væri ekki hægt að bera fullt traust til þessarar stéttar.

Út af samþykkt þeirri, er gerð var í Málaflutningsmannafélagi Íslands, vil ég geta þess, að sú samþykkt var ekki einróma. Flestir, sem atkv. greiddu með henni, voru 2. einkunnar menn, en þeir vilja eðlilega öðlast þennan rétt, þótt það verði á kostnað annara. Því vil ég taka undir við hv. þm. Barð. um það, er hann sagði um þetta efni.

Ég hefi hinsvegar heyrt á ýmsum hv. þm., að þeim þykir það skortur á samræmi, ef í hæstaréttarl. eru ákvæði um, að maður með 2. einkunn geti alls ekki orðið hæstaréttardómari. Því höfum við hv. þm. Snæf. borið fram till. um, að tilsvarandi ákvæði séu sett í l. um 2. einkunnar menn. Ef slíkur maður hefir sýnt sérstaka hæfileika, á hann heimtingu á þessum rétti. Og hví skyldi ekki lagadeild háskólans vera fær um að dæma um þetta?

Þegar hv. þm. segir, að það sjáist ekki á brtt., hvort maðurinn eigi að fá prófskírteini, þó að hann hafi staðizt prófið, þá er það ekki annað en útúrsnúningur. Lögfræðingur, sem taka vill prófið, verður að fá til þess leyfi hjá dómsmrh. En ef hann hefir staðizt prófið, þarf ekki að taka það fram, að hann á heimtingu á réttinum. En brtt. gengur aðeins út á veitingu leyfis til að þreyta þessa raun.

Ég vil mælast til, að brtt. hv. 11. landsk. og þeirra verði felld, því að hún miðar að því að rýra rétt, sem löggjöfin á að efla.

Magnús Torfason: Út af því, sem hv. frsm. sagði um brtt. á þskj. 228, get ég lýst yfir því, að ég skil það eins og hann vill skilja. Það hefði fremur átt að standa, að þóknun til annars starfskostnaðar skyldi ákveðin í fjárl. Hugsunin var ekki sú, að ég tryði ekki hæstarétti til að ákveða þetta, heldur taldi ég hér um stefnuatriði að ræða. Þetta hefir verið ákveðið í fjárl. áður, og er ekki rétt að fara út á nýjar brautir í því efni. Hinsvegar tel ég sjálfsagt, að forsetar dómsins beri sig saman við dómsmrh. um málið. Er sjálfsagt að veita þetta, því að hér er um að ræða störf, sem verður að vinna. Orð hv. frsm. ber þá víst að skilja á þá leið, að hann sé samþykkur þessari brtt.

Um hinar brtt. mínar þarf ég ekki mikið að segja. Ég skildi hv. frsm. svo, að hann talaði ekki í flokksins nafni, ekki heldur n., heldur aðeins fyrir sig, enda hafði hann skýrt mér frá því sjálfur. Vildi hann gera lítið úr þessum brtt., sem hann var þó ekki á móti. En hann taldi, að þær myndu seint verða framkvæman-

legar. Ég get ekkert um það fullyrt. Það fer eftir fjárhag okkar á næstunni. En með því að taka þetta í l., er gefið í skyn, að þessu muni verða kippt í lag og dómurum fjölgað upp í fimm undir eins og fjárhagurinn batnar svo, að það verði hægt.

Þá sagði hann, að launakjör hæstaréttardómara væru ekki sem bezt, og get ég fallizt á það. En ef hann leggur nokkuð upp úr þessu, þá er hægt að lagfæra það, þegar málið kemur fyrir Ed. Enda býst ég við, að svona mikilvæg l. verði nokkuð lagfærð þar hvort sem er, svo að málið verði að koma hingað aftur.

Mér þótti skrítið að heyra, og hafði ekki heyrt það áður, að dómur fimm manna væri ekki öruggari en þriggja. Ég álít, að þetta geti ekki náð átt, nema hjá þeim mönnum, sem álíta, að í hæstarétti séu saman komin heimskra manna ráð. En ég held, að þar sitji sæmilega greindir menn. Því má gera ráð fyrir, að því fleiri dómarar sem þar séu saman komnir, því betur verði málin athuguð, og sérstaklega, að þau verði þá athuguð frá fleiri hliðum en einni. En í því sambandi vil ég minna á, að hæstaréttarstörf eru nú orðin svo mikil og margþætt, að dómurum vinnst stundum tæpast tími til að setja sig nógu vel inn í málin. Fimm dómarar myndu bæta úr þessu, og þyrfti þá ekki að vera að setja ýmsa hlaupagosa í réttinn, sem hvergi er gert annarsstaðar en hér.

Gunnar Thoroddsen [óyfirl.]: Hv. þm. Barð. færði þá röksemd fram gegn því að afnema 1. einkunnar skilyrðið úr l., að þá myndu hæstaréttarmálaflutningsmenn verða svo margir, að þeir hefðu ekki nægar tekjur til þess að góðir menn fengjust til starfsins. En þetta er aðeins röksemd gegn því, að hæstaréttarmálaflutningsmönnum sé fjölgað um hóf fram. Minn tilgangur er ekki að fjölga dómurum. En ég álít réttara að gera strangari kröfur á öðrum sviðum og miða ekki einungis við einkunnir. Það er líka skilyrði, að menn hafi starfað sem lögfræðingar í þrjú ár, og brtt. gerir ráð fyrir, að menn með 2. einkunn hafi gegnt þessum störfum í sex ár. Þeir eiga auk þess að hafa sýnt hæfileika sína með því að flytja fjögur mál. Það er því misskilningur bæði hjá hv. þm. Barð. og hv. 8. landsk., að ég vilji vinna að því að fjölga hæstaréttarmálaflutningsmönnum. Ég vil aðeins hafa annan mælikvarða en 1. einkunn til að leggja á þetta efni.

Hv. þm. Barð. talaði um, að þetta myndi verða til þess, að hæstaréttarmálaflutningsmenn fengju lægri tekjur, og myndi það koma mörgum þeirra í koll, er nú gegna þessu starfi, og ef til vill mér líka, ef ég legði út á þessa braut. Þar er því til að svara, að það er misskilningur hjá hv. þm., ef hann heldur, að allir þm. láti efnalega hagsmuni ráða afstöðu sinni til málanna.

Þá kvað hv. þm. ástæðu til að gera strangari kröfur til hæstaréttarmálaflutningsmanna en dómara, því að dómarar væru svo fáir, að alltaf væri úr nógu mörgum að velja til að fylla þá tölu. Ég held, að þetta sé einmitt öfugt. Það er alltaf hægt að fá góða menn til að flytja mál í hæstarétti, þó að ýmsir séu auðvitað miður vel til þess fallnir. Loks kvað hann rangt að taka presta til samanburðar í þessu tilliti, því að þeir væru kosnir. En ég sé ekki betur en að þetta sé fyllilega sambærilegt, því að það þarf þó að fullnægja ákveðnum skilyrðum til þess að geta orðið prestur, alveg eins og t. d. alþingismaður. En til þess að maður geti orðið prestur er alls ekki krafizt 1. einkunnar, og er því engu fremur ástæða til að krefjast þess um hæstaréttarmálaflutningsmenn. Enda er það svo, eins og allir vita, að óheppni við próf getur oft valdið því, að menn ná ekki 1. einkunn, þrátt fyrir ágætan dugnað, og er það augljóst ranglæti, að þessum mönnum sé aldrei síðan gefið tækifæri til að vinna af sér þessa óheppni.

Ég bendi á það, að hér er alls ekki verið að rýra öryggi hæstaréttar, því að skilyrði þau, sem sett eru, nægja fyllilega til að tryggja, að málaflutningsmenn við hæstarétt verði aðeins þeir, sem hæfastir eru.

Hv. 8. landsk. sagði, að brtt. okkar væri þannig úr garði gerð, að hún væri nýtt frv. Till. okkar var prentuð upp, því að fyrri hluti hennar féll niður í fyrstu prentun. Ég vísa því þess vegna til baka, að till. okkar sé illa úr garði gerð.

Hv. þm. viðurkenndi, að brtt. væri sanngirnismál, en honum fannst samt ekki ástæða til að fallast á hana. Hann sagði, að við veitingu embætta væri yfirleitt farið eftir prófseinkunnum, og er það rétt. Að öðru jöfnu á að fara eftir þeim og láta hærri einkunn hafa forgang. En það kemur ekki því máli við, hvernig menn snúast við brtt. okkar. Það getur rétt verið, að krafan um 1. einkunn sé oft aðhald við nám í lagadeild. En því vill hv. þm. þá ekki berjast fyrir því, að 1. einkunn verði gerð að skilyrði þess, að menn geti orðið t. d. sýslumenn? Það fær enginn mig til að trúa því, að störf hæstaréttarmálaflutningsmanna séu þýðingarmeiri en önnur lögfræðileg störf hér á landi.

Þá sagði hv. þm., að till. sú frá Málaflutningsmannafélagi Íslands, sem ég minntist á, hefði ekki verið samþ. einróma. Í bréfi til Alþingis var sagt, að hún hefði verið samþ. einróma, en það má vera, að hv. þm. hafi greitt atkv. á móti henni.

Þá sagði hv. 8. landsk., að þessi till. þeirra hv. þm. Snæf. væri hliðstæð breytingu þeirri, er gert er ráð fyrir um dómaraskilyrði í frv. því, sem hér liggur fyrir. Þetta er ekki rétt. Í frv. er gert ráð fyrir því, að hæstiréttur verði að mæla með manninum og að hann verði að hafa sýnt sérstaka hæfileika sem fræðimaður í l. eða lögfræðilegum störfum, að áliti hæstaréttar, en eftir brtt. þeirra á lagadeild háskólans að dæma um þetta. Er alveg ástæðulaust að vera að fara út fyrir hæstarétt með þetta.

Annars er þessi till. þeirra lítil breyting frá því, sem nú er, því að lagadeild myndi ekki oft finna ástæðu til að lýsa yfir því, að maður væri sérstaklega vel fallinn til þessa starfa fyrir sakir vísindastarfa, er hann hefði unnið, og yrði það þá a. m. k. sjaldnast fyrr en hann væri kominn á gamals aldur, hefði skrifað sína doktorsritgerð o. s. frv.

Frsm. (Bergur Jónsson) [óyfirl.]: Hv. 11. landsk. taldi það ekki röksemd hjá mér gegn því að afnema skilyrðið um 1. einkunn, að hæstaréttarmálaflutningsmenn myndu þá verða fleiri en góðu hófi gegndi. Ég þekki sjálfur marga menn, sem myndu reyna að ná prófinu og komast í hóp þeirra manna, sem rétt hafa til að starfa sem hæstaréttarmálaflutningsmenn.

Hv. þm. sagði, að það væri ekki ætlun hans og meðflm. hans að fjölga málaflutningsmönnum við hæstarétt um hóf fram, heldur að setja önnur skilyrði fyrir starfsréttinum. Skilyrðin eru nú þau, að þeir eiga að hafa gegnt lögfræðilegum störfum í sex ár í stað tveggja. Að öðru leyti eru skilyrðin þau sömu og verið hafa. En þegar á það er litið, að varla er nokkur málaflutningsmaður við hæstarétt, sem ekki hefir starfað meira en sex ár, þá verður þetta skilyrði þýðingarlitið.

Það, sem skilur okkur, er ekki það, að í mér sé meiri prófgorgeir en í honum. Ég lít ekki niður á 2. einkunnar menn fremur en hann. En þessum skilyrðum hv. þm. er einungis beint gegn 2. einkunnar mönnum. Það eru aðeins þeir, sem eiga að koma undir þetta strangara skilyrði. En fyrir mér er þetta ekkert aðalatriði. Það eiga ekki eingöngu að vera þeir lögfræðingar, sem fengið hafa 2. einkunn, sem sett eru sérstaklega ströng skilyrði fyrir að öðlast þennan rétt. Fyrir mér er það aukaatriði, hvort maðurinn hefir fengið 1. eða 2. einkunn. Þeir, sem fá 2. einkunn, geta orðið eins góðir eða betri lögfræðingar. Fyrir mér er aðalatriðið það, að þeir þurfi að ganga í gegnum einhvern þann hreinsunareld, er sýni að þeir skari fram úr. Ég tel, að reisa þurfi skorður við því, að þessi stétt, sem jafnmikill vandi hvílir á, verði allt of fjölmenn, og því sé réttmætt, að ganga þurfi undir einhverja þraut til þess að öðlast réttindi til að flytja mál fyrir hæstarétti.

Mig furðar á því, að hv. 2. landsk. skyldi vera að tala um prófraun. Hvernig stendur á því, að úr öllum þeim hópi, sem gengið hefir undir hæstaréttarmálflutningsmannapróf, hefir enginn fallið, enda þótt þeir hafi ekki verið álitnir nema miðlungsmenn? Það er vegna þess, að dómurinn hefir ekki gengið inn á þá braut. Eða heldur hv. 11. landsk., að það yrði frekar gert, ef aðeins 2. eink. menn ættu hlut að máli?

Það eru tvö atriði, sem okkur greinir hér á um. Hv. 11. landsk. virðist líta meira á 2. eink. en prófin, og vill gera aðstöðumuninn enn meiri og verri fyrir 2 eink. menn. En ég vil láta það gilda jafnt fyrir alla lögfræðinga, hvað sem einkunnum líður, að þeir komist ekki að starfinu nema þeir hafi sýnt, að þeir séu hæfari en fjöldinn. Það gæti svo farið, ef kippt væri burt öðrum skilyrðum en prófraun, að menn eins og Árni frá Höfðahólum eða Pétur Jakobsson fengju dómarapróf. Ef þeir leystu sæmilega úr því verkefni, sem fyrir þá væri lagt, gæti vel farið svo, að dómarar þyrðu ekki annað en veita þeim réttindi eftir þeirri frammistöðu. En það er ekki aðalatriði, hvernig menn leysa þannig einstaka prófraun, heldur hvernig þeir hafa yfirleitt leyst af hendi þau trúnaðarstörf, sem þeim hafa verið falin.

Ég vil gjarnan taka höndum saman við hv. 11. landsk. um að þrengja þessi skilyrði svo, að það sé ekki bara leikur fyrir hvern sem er að fullnægja þeim. Fyrir mér er aðalatriði, hvernig hægt sé að skapa reglulega duglega og hæfa málflutningsmannastétt, eftir því, sem okkar litla þjóðfélag hefir völ á, á hverjum tíma.

Hv. þm. álasaði mér fyrir að vilja ekki ganga inn á þá líkingu, sem hann gerði milli presta og málflutningsmanna, en þar er svo ólíku saman að jafna, að ekki er hægt að bera það saman. Að ganga undir próf færustu manna stéttarinnar, eða að ganga undir próf almennra kosninga, þar sem jafnvel er hægt að flytja ræður, sem aðrir hafa samið. Ef hv. þm. vill ganga inn á mína skoðun um, að rétt sé að takmarka fjölgun hæstaréttarmálflutningsmanna og leggja áherzlu á, að í þá stétt veljist vel hæfir menn, þá er einnig bezt fyrir hann að fallast á, að heppilegast sé að láta alla ganga gegnum sama hreinsunareldinn.

Um persónulega hagsmuni þurfum við ekki að tala, því það er vonandi, að þm. láti þá hvergi koma til greina. Og í þessu atriði snertir það mig ekki, því bæði mun ég ekki fara að spreyta mig á hæstaréttarmálflutningsmannsprófi, og hefi enda til þess öll réttindi, en ég vil aðeins benda hv. þm. á, að það gæti fremur komið honum í koll.

Annars er þýðingarlaust fyrir okkur að þræta um þá hluti, því það mun hvorugum okkar 11. landsk. fært að rannsaka hjörtun og nýrun.

Gunnar Thoroddsen: Hv. þm. Barð. verður tíðrætt um líkinguna við prestana og segir, að hún eigi hér ekki við, en það eru aðeins undanbrögð. Ég nefndi einnig próf lögfræðinga og lækna, og þess vegna álít ég rétt, að það sama gildi um hæstaréttarmálflutningsmenn.

Þá viðurkenndi hv. þm. það, sem ég hefi haldið fram, að sumir málflm. hefðu reynzt illa, og er I. einkunn þar að sönnu ekki örugg. Skal ég taka það fram, að af þeim fáu málflm., sem voru við yfirréttinn, voru menn með 2. einkunn, sem reyndust með beztu málflm. eins og þm. Barð. veit. Vona ég, að hv. þm. Barð. standi við það, að vera hlutlaus og greiða ekki atkv. um brtt.

Umr. (atkvgr.) frestað um stund, en fram haldið síðar á fundinum.

ATKVGR.

Brtt. 220,1 samþ. með 16:15 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: GÍ, GTh, HannJ, HV, JJós, MT, PÞ, SigfJ, SE, StJSt, TT, ÞorbÞ, EmJ, FJ, GÞ, JörB.

nei: GG, JakM, JÓl, JónP, JS, JG, ÓTh, PZ, PHalld, PO, SK, BJ, BÁ, BB, EystJ.

Tveir þm. (GSv, ÁÁ) fjarstaddir.

Við nafnakallið um brtt. 220,1 gerðu 5 þm. grein fyrir atkv. sínu á þessa leið:

Jakob Möller: Ég er því fylgjandi, að dómarar hæstaréttar séu 5 fastir, en þar sem hinsvegar

mun vera gert ráð fyrir því í þessari brtt., að sá dómarafjöldi sé því skilyrði bundinn, að fé verði veitt í fjárl. til þess kostnaðar, sem af þessari viðbót leiðir, og ég tel óhæft, að slíkt sé sett í fjárl., þar sem gera má ráð fyrir, að þessu verði hringlað til, sitt á hvað, þá greiði ég atkv. gegn þessari brtt.

Ólafur Thors: Með tilvísun til grg. hv. 3. þm. Reykv. segi ég nei.

Sigurður Kristjánsson: Með sama rökstuðningi og hv. 3. þm. Reykv. segi ég nei.

Bergur Jónsson: Að svo miklu leyti sem það atriði, sem hv. 3. þm. Reykv. tók fram, að fjárveitingavaldið gæti hringlað fram og aftur með fjölgun og fækkun dómara hæstaréttar, og vegna þess, að ég tel það sérstaklega óheppilegt, að eins virðuleg stofnun og hæstiréttur skuli þurfa að hlíta slíku, þá segi ég nei.

Bjarni Ásgeirsson: Með sama rökstuðningi og hv. 3. þm. Reykv. segi ég nei.

Brtt. 220,2.a-c samþ. með 17 shlj. atkv.
— 228 samþ. með 16:7 atkv.
— 231 felld með 16:14 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: FJ, GTh, JakM, JÓl, JG, ÓTh, PÞ, SK, StJSt, ÞorbÞ, BÁ, EmJ, EystJ, JörB.
nei: GÞ, GG, GÍ, HV, JJós, JónP, JS, MT, PZ, PHalld, PO, SigfJ, SE, TT, BJ, BB.
HannJ greiddi ekki atkv.
Tveir þm. (GSv, ÁÁ) fjarstaddir.

Við nafnakallið um brtt. 231 urðu þessar umr.:

Bergur Jónsson: Enda þótt það yrði samþ., að ekki þyrfti nema 2. einkunn, þá er ekki víst, að menn vildu hafa árin jafnmörg eða fá, eins og getið er um í 2. tölul., og þó menn vildu hleypa að einhverjum, þá er ekki víst, að þeir kærðu sig um að hafa skilyrðin svona sterk. Svo að þetta er efnismunur, og segi ég nei.

Gunnar Thoroddsen: Ég er — af hálfu flm. — algerlega mótfallinn þessari skoðun hv. þm. Barð. Það er ósk okkar flm., að a- og b-liður verði bornir upp báðir í senn.

Bergur Jónsson: Ég hélt, að það væri meiningin með atkvgr., að þm. fengju að hafa óbundnar hendur um, hvað þeir vilja samþykkja og hvað ekki. Með því að skella báðum þessum liðum saman er hægt að setja suma hv. þm. í klípu með það, hvernig þeir eiga að greiða atkv. Þótt þeir vildu samþ. fyrri liðinn, þá er ekki víst, að þeir vilji samþ. það skilyrði, sem felst í b-liðnum.

Forseti (JörB): Brtt. þessi er borin fram með ákveðið markmið fyrir augum af hálfu hv. flm., og mun ég því ekki skipta henni við atkvgr. Hv. þm. verða að ráða það við sjálfa sig, hvernig þeir vilja haga atkvgr. Hv. þm. verða því að greiða atkv. um till. eins og hún liggur fyrir.

Héðinn Valdimarsson: Þar sem atkvgr. er ekki skipt og ég get því ekki greitt atkv. eins og ég helzt mundi kjósa, segi ég nei.

Brtt. 247 samþ. með 19:2 atkv.
— 220,3 samþ. með 19:12 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: StJSt, ÞorbÞ, BB, EmJ, EystJ, FJ, GG, GÍ, HannJ, HV, JÓl, JónP, MT, PZ, PÞ, PO, SigfJ, SE, JörB.
nei: SK, TT, BJ, BÁ, GÞ, GTh, JakM, JJós, JS, JG, ÓTh, PHalld.
Tveir þm. (ÁÁ, GSv) fjarstaddir.

Við brtt. 220,3 gerðu 2 þm. svohljóðandi grein fyrir atkv. sínu:

Magnús Torfason: Ég vil lýsa yfir því, að það er mín skoðun sem flm., að jafnskjótt og búið er að veita fé í fjárl., skuli skipa þessa tvo menn til viðbótar við þá, sem fyrir eru, og það sé ekki hægt að taka þetta aftur, fyrst þeir eru einu sinni komnir.

Bergur Jónsson: Vegna þess að ég er raunverulega meðmæltur fjölgun dómenda í hæstarétti, þá vil ég ekki samþ. þetta ákvæði. Ég vil ekki láta það vera komið undir duttlungum fjárveitingavaldsins, hversu margir dómarar hæstaréttar eru. Greiði ég því atkv. gegn þessari till. og segi nei.

Frv., svo breytt, samþ. með 17:14 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: SigfJ, SE, StJSt, ÞorbÞ, BJ, BÁ, BB, EmJ, EystJ, FJ, GG, HV, JG, MT, PZ, PÞ, JörB.
nei: PHalld, PO, SK, TT, GÞ, GÍ, GTh, HannJ, JakM, JJós, JÓl, JónP, JS, ÓTh.
Tveir þm. (ÁÁ, GSv) fjarstaddir.
Frv. afgr. til Ed.

Við nafnakallið um frv. gerðu 2 þm. grein fyrir atkv. sínu á þessa leið:

Thor Thors: Ég tel, að aðalatriði þessa frv. miði til skemmda á núv. hæstaréttarlögum, þar sem rétturinn er um of dreginn undir yfirráð hins pólitíska framkvæmdavalds, og segi ég því nei.

Garðar Þorsteinsson: Ég segi nei með sama rökstuðningi og hv. þm. Snæf.

Á 33. fundi í Ed., 23. marz, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 257).

Á 34. fundi í Ed., 25. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 35. fundi í Ed., 26. marz, var frv. aftur tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 9 shlj. atkv. og til allshn. með 10 shlj. atkv.

Á 38. fundi í Ed., 30. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 257, 314).

Magnús Guðmundsson: Mér finnst meðferð þessa máls allkynleg, því að eins og kunnugt er, var því vísað til allshn., en n. hefir ekki komið með neitt nál., og samt er það tekið á dagskrá. Ég get ekki skilið 18. gr. þingskapa öðruvísi en þannig, að nefndir eigi að láta uppi álit um mál, sem til þeirra er vísað. Þar stendur, að n. láti uppi álit sitt um málið, það skuli prentað og því skuli útbýtt til þm. Þetta hefir ekki átt sér stað hér. Hinsvegar býst ég við, að heimilt sé að veita afbrigði frá þingsköpum um þetta ákvæði, eins og yfirleitt flest ákvæði þingskapa, en mér skilst það ekki vera hægt, a. m. k. ekki eins og málið liggur nú fyrir, þar sem nál. er ókomið, að taka málið fyrir nema fyrst fáist undanþága um þetta. Ég vildi gjarnan óska eftir úrskurði hæstv. forseta um þetta atriði. Ég hygg, að 2. málsgr. 18. gr. þingskapanna eigi hér við.

Forseti (EÁrna): Ég ætla, að það standi hvergi í þingsköpum, að sú skylda sé lögð á herðar n., að hún skuli í hvert sinn skila nál. um mál, sem henni hefir verið fengið til meðferðar, enda er margföld reynsla fengin fyrir því, að svo hefir ekki verið gert. Þess vegna hefir það oft komið fyrir, að mál hefir verið tekið á dagskrá án þess að n. hafi látið uppi nokkurt sérstakt álit um það. Það gæti ekki heldur verið meining þingskapa, að n. gætu setið á málum, ef til vill á móti vilja meiri hl. þingsins, með því einu að flytja ekki um þau neitt nál. Í 18 gr. þingskapa, sem hv. 1. þm. Skagf. vitnaði í, stendur.

„N. lætur uppi álit sitt, og skal það prentað og því útbýtt meðal þm. á fundi. Eigi má taka mál af nýju til umr. fyrr en a. m. k. tveim nóttum síðar en nál. var útbýtt."

Eins og ég tók fram áðan, er það ekki skylda nefnda að flytja álit um mál. Þess vegna getur þessi málsgr. 18. gr. þingskapanna ekki átt við annað en það, að þegar n. lætur prenta álit sitt um mál, þá megi ekki taka málið til meðferðar fyrr en tveim nóttum eftir að álitinu var útbýtt í d. En þó vil ég taka það fram, sem ekki stendur í 18. gr. þingskapanna, að það er til undantekning frá þessu, þannig að ¾ af d. geta leyft það, sem þessi 18. gr. í raun og veru bannar. Þegar eins stendur á og nú, að ekkert álit liggur fyrir, þá þarf vitanlega ekki að leita neinna afbrigða frá þingsköpum, og nú stendur svo á um þetta mál, að það hefir verið tekið á dagskrá í samráði við hv. meiri hl. hlutaðeigandi n., þar sem hann segir, að málið megi taka á dagskrá, og meiri hl. n. muni ekki flytja skriflegt eða prentað nál. Ennfremur er málið tekið á dagskrá af mér í samráði við hæstv. stj., sem hefir lýst því yfir við mig, að hún óski eftir því, að þetta frv. næði afgreiðslu áður en þingfundum verður frestað. Það er því aðeins til þess að greiða fyrir því, að afgreiðsla þessa máls verði ekki til þess, að þessum hluta þings verði haldið lengur áfram en ella þyrfti. Ég held því, að það séu engin ákvæði í þingsköpum eða í þingreglum, sem mæli á móti því, að sú meðferð, sem verið hefir hér á þessu máli, sé alveg réttmæt. Málið verður því tekið til meðferðar, samkv. þessu. (**JBald:** Er nauðsynlegt að veita afbrigði fyrir till. strax?). Nei. (**JBald:** Ég vil mælast til þess, að því yrði frestað. — **MG:** Ég hefi ekki beðið um nein afbrigði fyrir till. Ég fer ekki fram á það, að þær séu teknar fyrir nú.). Ég vil taka það fram, að það þarf ekki að veita afbrigði um þessar brtt., áður en hv. flm. þeirra gerir grein fyrir þeim, svo að hann má ræða þær nú, ef hann óskar þess. Hinsvegar skal ég fara eftir óskum hans um það, hvort brtt. skuli koma til atkv. nú við þessa umr. eða við 3. umr. — Er málið þá til 2. umr.

Ingvar Pálmason: Það er rétt hjá hæstv. forseta, að hann spurði mig og meiri hl. n. líka, að ég hygg, hvort n. væri viðbúin því, að þetta mál yrði tekið á dagskrá. Ég svaraði, að n. væri það, þótt hún væri ekki búin að skila nál. Ég vil aðeins geta þessa til þess að sýna fram á, að ummæli hæstv. forseta voru rétt að þessu leyti.

Þetta frv. er eins og hv. þdm. er kunnugt um, samið af milliþn., sem starfaði að athugun á réttarfarslöggjöfinni. Ég þarf ekki að nafngreina þessa nm., því að ég býst við, að öllum hv. þdm. sé kunnugt um þá. Frv. er flutt af tveimur nm., sem sæti eiga í hv. Nd., eins og mönnum er að sjálfsögðu kunnugt um. Frv. gerir ráð fyrir breyt. á l. um hæstarétt frá 1919, sem mér skilst aðallega vera tvennskonar. Fyrri breyt. er um skilyrðið til þess, að menn geti verið skipaðir í dóma og um fyrirkomulag á skipun dómsins. Að vísu hefir bætzt brtt. inn í frv. úr hv. Nd., þess efnis, að hæstiréttur skuli skipaður 5 dómurum. Seinni aðalbreyt., sem þetta frv. gerir ráð fyrir á hæstaréttarlögunum, er sú, að dómsatkvæði hæstaréttardómara skuli gert kunnugt, einnig þegar ágreiningur verður í dómnum, og þá skuli færð rök fyrir atkvgr. Nokkrar fleiri breyt. er gerðar á lögunum, en ég tel ástæðulaust að minnast á þær sérstaklega. Þó vil ég benda á það, að allar breyt., sem í þessu frv. felast á l. um hæstarétt, hafa verið til meðferðar hér á hv. þingi áður í tveim frv.formum, frv. um fimmtardóm og frv. um æðsta dóm, enda er til þess vísað í grg., sem fylgir frá hv. flm., og þar er skýring á þeim breyt., sem frv. fer fram á, að verði gerðar.

Allshn. hefir haft þetta mál til meðferðar og haldið um það tvo fundi. Á þeim fyrri, sem var aukafundur, en þó boðaður öllum nm., mættu aðeins þrír af nm. Var frv. þá athugað og borið saman við hæstaréttarlögin og ákvað meiri hl. n., sem mættur var á fundinum, að bera sig saman við lögfræðinga, fyrst og fremst hv. flm. málsins, og ennfremur, til frekari tryggingar, við aðra lögfræðinga, sem eru málinu óháðir. Allir þeir, sem eru í meiri hl. n., eru ólögfróðir menn. Þess vegna þótti þeim rétt að leita upplýsinga og aðstoðar lögfræðinga um ýms atriði málsins. Að þeim upplýsingum fengnum, bæði frá hv. flm. frv. og frá tveimur lögfræðingum, sem eru málinu óháðir, komst meiri hl. n. að

þeirri niðurstöðu, að fylgja frv. óbreyttu eins og það liggur fyrir. Síðan var annar fundur haldinn, og þá var öll n. mætt. Þá kom það strax í ljós, að n. var ekki öll sammála um málið, og sá lögfræðingur, sem á sæti í allshn., hv. 1. þm. Skagf., taldi verulega formgalla vera á frv., en það var einmitt um þá hlið málsins, formshliðina, sem meiri hl. n. hafði leitað sér upplýsinga hjá þessum lögfræðingum, sem ég nefndi áðan.

Um efnisbreyt. á frv. var ekki rætt í n., en niðurstaðan varð sú, að n. gat ekki orðið sammála. Hv. 1. þm. Skagf. og hv. 10. landsk. töldu báðir, að á frv. væru formgallar og ekki hægt að láta það ganga fram óbreytt. Það má vel vera, að einhverjar efnisbreyt. hafi þeim líka þótt ástæða til að gera, en ekki kom það samt fram í n. Nú liggja hér fyrir brtt. frá hv. 1. þm. Skagf. Ég ætla samt ekkert að ræða um þær að neinu leyti, því að eftir því sem orð hans féllu áðan, þá veit ég ekki, hvort hann ætlast til þess, að umr. fari fram um þær nú. En ég vildi lýsa yfir því fyrir hönd meiri hl. allshn., að hann leggur til, að frv. verði samþ. óbreytt, og hefir sannfærzt um það, að þeir formgallar, sem hv. 1. þm. Skagf. telur vera á frv., eru ekki þess eðlis, að ástæða sé til þess að leggjast á móti frv. þeirra vegna. Og eins og málið liggur nú fyrir sé ég enga ástæðu til þess að lengja þessa umr., nema ef tilefni kynni að gefast til þess út af brtt. hv. þm. Skagf.

Magnús Guðmundsson: Ég verð að játa, að þessi úrskurður hæstv. forseta kom mér alveg á óvart, en ég fer ekkert inn á hann. Ég vil aðeins láta mér nægja að benda á, að ég get ekki skilið 2. málsgr. 18. gr. þingskapa öðruvísi en sem beina fyrirskipun um það, að nál. skuli koma fram. En vitanlega er hægt að undanþiggja frá því eins og öðrum ákvæðum þingskapanna. En það hefir þótt þessu máli of hættulegt, því að það er auðséð, að þetta mál er rekið fram af svo miklu kappi, að ekki er verið að hugsa um, að málið sé vel undirbúið, heldur á það að fara breytingarlaust í gegnum þessa d., og það var mér tilkynnt strax á þeim fundi um málið, sem ég kom á í n., að ekki væri til neins að vera að koma með breyt., því að þær fengjust ekki fram. Frv. ætti að samþ. óbreytt. Þetta kom mér nokkuð undarlega fyrir sjónir, af því að ég gat bent n. á það, að á frv. eru þeir formgallar, að ekki er hægt að fella það inn í l. um hæstarétt, eins og þó er ætlazt til. Þetta var líka viðurkennt af meiri hl., en þeir sögðust hafa haft tal af einhverjum lögfræðingum, sem segðu, að þetta gerði ekkert til. Hér stendur t. d. í 17. gr.: „Á eftir 48. gr. komi ný 49. gr., svo hljóðandi:“ En þetta á að vera: Á eftir 49. gr. komi ný gr., sem verði 50. gr. — Þetta stafar af því, að við 2. umr. í Nd. var borin fram brtt. um að skipta í sundur einni gr., þeirri gr., sem nú eru 13. og 14. gr. Við þetta kemur þessi ruglingur inn, og mér datt sannast að segja ekki í hug, að ekki mætti leiðrétta formgalla á frv. fyrir kappi um að fá það samþ. Það hefði vel verið hægt að samþ. frv. á þessu þingi, þótt þetta hefði verið leiðrétt. Það gefur lítið skemmtilega hugmynd um, hvað á bak við þetta frv. liggur, þegar ákafinn er svo mikill, að ekki má leiðrétta í því hreinar og beinar vitleysur. Ég hélt, að þetta hefði átt að nægja til þess að n. fengist til að gera á frv. einhverjar breyt., þ. e. a. s. þær breyt. a. m. k., sem formgallarnir kröfðust En af því að ég gekk út frá þessum breyt. sem vísum, þá hreyfði ég því í n., að ég kynni ekki við þau l. frá 1935, sem byrjuðu á því að segja, að hæstarétt skyldi stofnsetja á Íslandi og að dómsvald hæstaréttar Dana væri afnumið. Úr því að farið var að endurskoða þessa löggjöf á annað borð, hefði átt að fella þetta niður. Það gat aldrei orðið að aðalatriði. Ég kann ekki heldur við, eins og kemur til með að standa í 2. gr., að landsyfirrétturinn á Íslandi skuli vera afnuminn, þegar búið er að afnema hann fyrir 15 árum. En það var ekki svo mikið, sem n. reyndi að víkja frá þeim fyrirskipunum, sem hún sjáanlega hafði fengið um að leggja með frv. óbreyttu. Ég veit ekki, hvernig á að líta á það, að n. í heild eða meiri hl. hennar kemur ekki með neitt álit. Hvort það á að skoðast þannig, að meiri hl. n. fyrirverði sig fyrir að leggja með frv. í nál., þar sem á því eru aðrir eins formgallar og öllum er kunnugt. Forseti fann ástæðu til þess að skýra frá því, hvers vegna hann hefði tekið þetta mál á dagskrá án þess að nál. lægi fyrir. Ég skal ekkert út í það fara, en skil, að hann hefir fengið um það eindregna beiðni, en ég skil ekki, að meiri hl. hefði ekki haft tíma til að útbúa nál. frá því á fimmtudag, þegar síðasti fundurinn var í n., og þangað til nú. Ég skil ekki, að hann hefði ekki getað búið nál. til strax á fimmtudag, hefði hann á annað borð viljað skila nokkru nál., og hefði þá verið heimilt samkv. þingsköpum að taka málið fyrir á þessum fundi. En það kann að fara í vöxt hér, að föllnum þessum úrskurði hæstv. forseta, að n. skili ekki áliti. Ég skal líka í sambandi við það, sem ég sagði um sjálft frv., benda á, að það er mjög undarlegt að taka upp í síðustu gr. hinna nýju laga, útgefinna á árinu 1935, alla þá runu, sem voru afnumin 1919. Ég held, að það sé engin hætta á því, að þessi l. fari að ganga aftur, sem legið hafa í gröf sinni í 15 ár. (**JBald**: Það skaðar ekki, þótt hnippt sé í þau). Mér finnst það að leggjast á náinn, og það gæti orðið löng lagafrv., ef ætti að telja upp öll þau l., sem hafa snert það atriði frá fyrstu byrjun, sem verið er að setja l. um. Þetta hefir auðvitað enga aðra þýðingu en formið. Það skal ég viðurkenna. En hitt er álappalegra, eins og ég nefndi áðan, að ný l., frá 1935, byrji með því, að hæstarétt skuli stofnsetja á Íslandi. Allir vita, að hann hefir staðið í 15 ár. Og svipað má segja um dómsvald hæstaréttar Dana og niðurfelling landsyfirréttarins. Ræða hv. frsm. — hann er víst frsm., hv. 2. þm. S.-M. (**IngP**: Ég hefi auðvitað ekki neinn framsögurétt, en það má telja mig það) — fól eiginlega ekki neitt í sér um málið, annað en það, að hann fór fáeinum orðum um, hvað væri nýtt í þessu frv. Ég skal nefna nokkur atriði, sem mér sýnast mikilsverð. Hið fyrsta er afnám dómaraprófs

þess, sem nú er í l. Þetta dómarapróf veldur því, að enginn getur orðið dómari í hæstarétti nema bæði rétturinn og dómsmrh. séu því samþykkir. Hvor þessara aðilja um sig hefir neitunarvald, og þá er svo ákveðið í l., að sjálfkjörnir varadómendur í hæstarétt séu lagaprófessorar háskólans. Nú er tilgangurinn að breyta þessu þannig, að rétturinn ráði engu um þetta, heldur dómsmrh. einn. Ég verð um þetta atriði að segja það, að það er eðlilegt, að þannig sé um þennan æðsta dómstól landsins búið, að í hann komizt ekki aðrir en þeir, sem bæði rétturinn og ráðh. eru sammála um, að þangað eigi að fara, og það getur ekki verið neinn annar tilgangur með því að breyta þessu en sá, að auka vald stjórnarmeirihlutans, ráðherranna, í þessum efnum. Eins og allir vita, þá hafa dómstólarnir eftir okkar stjórnarskrá sérstöðu. Þeir eru um vald settir við hliðina á Alþ. og framkvæmdavaldinu. En hér á að fara inn á þá braut, að þetta þriðja vald ríkisins verði háð framkvæmdavaldinu meira en nú er, og til þess á að nota löggjafarvaldið. Þetta tel ég vera mikinn galla á þessu frv. Af því að hv. frsm. sagði, að mál þetta væri flutt af n. þeirri, sem skipuð var til þess að endurskoða réttarfarslöggjöfina — (**IngP**: Samið af henni), þá vil ég benda á það, að einn nm., sá, sem ekki á sæti á þingi og sjálfur er hæstaréttardómari, er á móti sumum þessum breyt. og hefir, að ég hygg, lýst yfir því opinberlega, og ég ætla, að það sé tekið fram í grg. frv., svo að ekki er hægt að eigna n. í heild frv. (**JBald**: Að öðru leyti). Ekki heldur að öllu öðru leyti, því að hann hefir látið í ljós, þótt það standi ekki í grg., að hann sé mótfallinn því ákvæði, að dómsmrh. skipi mann í réttinn, þegar dómari víki sæti eða forfallist á annan hátt. Og það er ekki nema eðlilegt, að þessi 2 atriði fylgist að, því að í raun og veru er um sama atriði að ræða. Ég vil benda á það, hvort mönnum finnst ekki undarlegt, að dómsmrh. á t. d. þegar hann sjálfur á í máli við einstaka menn, og svo verður t. d. einn eða tveir af reglulegum dómurum réttarins að víkja sæti, þá á ráðh. að skipa dómara til þess að dæma um það mál, sem hann sjálfur hefir höfðað eða verið höfðað gegn honum. Þetta kalla ég ekki að búa vel og tryggilega um æðsta dómstól landsins. Hér er opin leið til þess að beita hinni örgustu hlutdrægni. Það hljóta allir að sjá, og ég skil ekki í því, að allir skuli ekki vera sammála um það, að svona má þó ekki útbúa l. um hæstarétt. Ég veit það vel, að það er ekki til neins að tala um þetta hér, því að þetta er allt afráðið fyrirfram af hv. meiri hl., og það fara allir héðan burtu eða flestir, sem ekki þurfa endilega að vera við, meðan verið er að ræða þetta mál. Þetta er ekki annað en skrípaleikur, sem verið er að leika með þetta mál. Ég veit, að það er meiningin að láta nú þessar umr. enda, fresta síðan atkvgr. og kalla saman fund síðar til þess að þessir háu herrar þurfi ekki að þreyta sig á því að hlusta á rökin í þessu máli, heldur megi hvíla sig heima á meðan málið er rætt. — Ég geri ráð fyrir því, að frsm. geti sagt mér, hver sé meiningin með ákvæði 3. gr. frv., þar sem sagt er, að með konunglegri tilskipun skuli ákveðið, hvenær dóminn skuli skipa 5 dómendur. Hvernig á að skilja þetta í sambandi við síðustu gr. frv., þar sem stendur, að dómarar skuli aðeins vera 3 þangað til fé er veitt í fjárl. til fjölgunar dómurunum? Ég hefi skilið þessi ákvæði þannig, að þegar einu sinni væri búið að veita fé til þess í fjárl., þá skyldi fjölga dómurunum upp í 5, og síðan verði þeim ekki fækkað nema með lagaboði. Ef svo ber að skilja þetta, þá skilst mér ekki þurfa neina konungl. tilskipun um það, hvenær dómarar eiga að vera fimm og hvenær þrír, nema ef meiningin er, að nóg sé að 3 sitji réttinn, þótt 5 séu dómarar. Annars verð ég að segja það, að ég sé ekki, hverskonar útbúnaður það er á hæstarétti, ef það á að vera komið undir fjárveitingu í fjárl., hvort 3 eða 5 dómarar eiga að skipa réttinn, og svo eru e. t. v. mismunandi reglur um þetta frá ári til árs. Eitt árið er fjárveiting, annað ekki, og svo enn á ný fjárveiting þriðja árið. Hvað á að gera við þessa 2 dómara árið, sem líður á milli? Er það meiningin, að þegar einusinni hefir verið veitt fjárveiting til þessa, skuli dómendurnir vera 5 framvegis, hvort sem fjárveitingarvaldið veitir fé til þess eða ekki? (**IngP**: Allt er í heiminum hverfult). „Allt er í heiminum hverfult“. Hvað meinar hv. þm.? (**IngP**: Allt getur breytzt). Ég vona, að frsm. firrtist ekki við, þótt ég biðji hann um skýringar á þessum ákvæðum og hvernig hann hugsar sér þetta framkvæmt. Mér finnst það ekki liggja ljóst fyrir. (**JBald**: Hann ætlar ekki að leyfa okkur að komast að að tala). Ég held áfram dálítið ennþá. Eins vildi ég biðja hv. frsm. um skýringu á því, hvers vegna allt aðrar reglur eiga að gilda þegar dómari víkur sæti en þegar hann forfallast. Ég get ekki skilið, að ekki skuli þá sömu reglur gilda. Ef nú t. d. dómari veikist nóttina áður en taka á mál fyrir, og aðeins 2 dómarar mæta. Þegar það er lögákveðið hverjir eru varamenn, þá þarf aðeins að kalla til varamann en eftir þessum nýju ákvæðum ber réttinum að skrifa dómsmrh. og biðja hann um að útnefna mann. Svo á að fá tillögur réttarins, en við skulum nú segja, að þær fylgi með í sama bréfinu. Þótt samkomulag verði, tekur það tíma að bræða málið, og fyrirtekt málsins verður að fresta, þar sem öll mál er búið að dagsetja allt að því ½ mánuð fyrirfram. Og þá getur vel svo farið, að hinn virðulegi dómari sé orðinn gallfrískur, svo að þessi umsvifamikla skipun varadómara er alveg óþörf. En þetta veldur því, að í slíkum tilfellum þarf réttur inn að fresta málinu í stað þess að ljúka því. — Annars eru í þessu frv. ýms ákvæði, sem ég hefi ekkert við að athuga, og tel jafnvel til bóta, og þess vegna hefði verið mjög auðvelt að komast að samkomulagi um það við mig, að þetta mál gengi fram, hefði það ekki þurft að vera alveg breytingalaust. — Ég hefi ekkert á móti þessum undanþágum, sem hægt er að veita mönnum með 2. einkunn. En ég hefði kosið að viðhafa dálítið aðra aðferð í þeim efnum. En að svo stöddu mun ég ekki fara út í það. — Hitt þykir mér undarlegt, að þegar verið er að afnema dómaraprófið, skuli vera haldið prófinu

fyrir málaflm. við réttinn. Það er undarlegt, að gera að þessu leyti strangari kröfur til þeirra manna, sem flytja mál fyrir réttinum, en þeirra, sem málin eiga að dæma. Sýnir þetta m. a., hver er tilgangurinn með því að koma málinu hér í gegn.

Mér skildist á hv. frsm. meiri hl., að hann teldi mikið unnið með þeim ákvæðum frv., sem gera það að skyldu að halda saman öllum ágreiningsatriðum og prenta þau. Ég hefi ekkert á móti þessu ákvæði, en ég held, að það sé fremur litils virði, því að það er víst ekki næsta oft, að ágreiningur verði í réttinum. Það, sem gerist, er, að dómarar bera sig saman um málið og koma sér þá oftast niður á það, hver dómsúrslit skuli vera og á hverju dómurinn skuli byggður. En ef ágreiningur kann að verða, hefi ég ekkert á móti því, að hann sé birtur. En það er eins og menn haldi, að þannig ágreiningsatriði, sem í réttinum hafa orðið, séu hvergi varðveitt. Auðvitað er þetta allt til í skjölum réttarins. Hér er því ekkert nýtt á ferðinni. Hér er aðeins ákveðið, að þetta sé allt skrifað á samskonar pappír og bundið í sömu bók. En svo kemur það nýja: Þessi ágreiningsatriði, sem ég hygg, að séu mjög sjaldgæf, á að birta í dómasafninu.

Ég hirði ekki um að fara út í fleiri atriði. Þetta voru aðalatriðin í því, sem ég hefi út á frv. að setja. Ég vil geyma mínar brtt. til 3. umr. Vil ég ekki eiga á hættu, að þeim sé ekki leyft að komast hér að. Ég skildi hv. 4. landsk. svo, að hann legði til, að þeim yrði bægt frá, og af því að ég get náð mínum ásetningi með að fresta till. til 3. umr., ætla ég ekki að hætta þeim undir hnífinn hjá honum eða öðrum hv. þm.

Ingvar Pálmason: Ég tel rétt að svara hv. 1. þm. Skagf. nokkrum orðum, þó að í raun og veru gæfi ræða hans ekki tilefni til andsvara. Vegna þess, sem hann lét skína í það, að við stjórnarstuðningsmenn vildum ekki mikið um þetta mál segja, vil ég taka það fram, að ég vil um það segja allt það, sem ég hefi um málið að segja.

Það fór eins og mig grunaði um eðli athugasemdanna, að þær lytu að formsatriðum. Það var eðlilegt, eftir því sem fram kom í n. Hv. 1. þm. Skagf. sagði, að meiri hl. n. hefði kannazt við það á fundi, að nokkrir formgallar væru á frumvarpinu. Þetta er ekki rétt. Það eina, sem ég kannaðist við, var það, að álitamál væri, hvort ekki væri rétt að taka lögin upp að nýju og flytja frv. til l. um hæstarétt, en ekki frv. til l. um breyt á l. um hæstarétt. Hitt gekk ég ekki inn á, að formgallar væru á frv.

Það, sem hann fyrst reyndi að sýna fram á, var það, að í frv. væru ákvæði, sem ekki væri hægt að fella inn í meginmál laganna eins og þau væru nú, og nefndi hann sem dæmi núv. 15. gr. og sagði, að af því að 13. gr. væri skipt í tvær greinar gæti þetta ekki passað. Nú er 15. gr. breyt. á 47. gr. laganna eins og þau eru nú og verður því látin falla þar inn og greinartalan breytist eftir því. Hitt er ekki fremur formgalli, sem hann nefndi, að 14. gr. væri nú búið að kljúfa frá 11. gr. í frv. eins og það var lagt fyrir Nd. og væri nú hvergi vísað inn. En bæði leiðir það af sjálfu sér og áframhald á 13. gr. sýnir, hvar þetta á að koma inn. Svo þetta er enginn formgalli.

Hv. 1. þm. Skagf. sagðist ekki kunna við það ákvæði í lögum, sem gefin væru út árið 1935, að dómsvald Dana væri afnumið og stofnaður hér hæstiréttur. Fyrst ber að líta á, hvernig þetta ber að. Þetta ber svo að, að Alþ. samþ. breyt. á l. frá 1919 um hæstarétt, og auðvitað ber það svo að, að fyrst verða staðfest l. um breyt. á l. frá 1919 og svo verða lögin frá 1919 gefin út með þeim breytingum. Þó að lögunum sé breytt 1935, ber fyrst að staðfesta breytingarnar og svo eru þær færðar inn í lögin, og lögin þannig gefin út sem lög frá 6. okt. 1919 um hæstarétt. Þess vegna er það ekkert álappalegt, eins og hv. 1. þm. Skagf. komst að orði, þó þau lög mæli svo fyrir, að dómsvald Dana sé hér afnumið og hæstiréttur settur á stofn. Ef þetta frv. verður samþ. og staðfest af konungi sem l., gerir það ekki annað en breyta vissri gr. í l. frá 1919, en aðalefni l. stendur óbreytt. Hitt skal ég kannast við og var rætt í n., að það getur verið álitamál, hvort ekki er eins heppilegt að semja l. frá 1919 alveg upp að nýju og fella úr gildi l. frá 1921 og 1924. En það eru ýms fordæmi fyrir því, að svona hefir verið farið að, að samþ. lagabreyt., sem felldar eru inn í aðallögin og þau svo gefin út í heild sem l. frá þeim tíma, er heildarlögin voru staðfest. N. hafði fyrir sér ummæli glöggra lögfræðinga, sem töldu enga formgalla á frv., eða a. m. k. ekki áberandi. Ég verð því að telja þau ummæli hv. þm. alveg óréttmæt. Ég vil líka minna hann á, að í Nd. fjölluðu um málið margir lögfræðingar, þar á meðal ýmsir flokksbræður hv. 1. þm. Skagf. Fluttu þeir að vísu brtt. við frv., en ekki um formgalla. Og hvað sem um álit okkar þessara ólögfróðu manna er að segja, eru a. m. k. ekki allir lögfræðingar sammála hv. 1. þm. Skagf. um, að formgallar séu á frv. Ég vil líka benda á, að próf Einar Arnórsson var með við samningu frv., og þó ekki væri sérstaklega minnzt á þetta atriði býst ég ekki við, að neinn þurfi að væna próf. um að kasta svo höndunum að sínum störfum, að hann léti frá sér frv. með þeim formgöllum, að ekki væri fært fyrir Alþingi að samþ. Ég held því, að formgallar geti ekki orðið því til fyrirstöðu, að frv. nái fram að ganga.

Þá kom hv. 1. þm. Skagf. að efni frv. Það er allt annað mál, þó menn hafi skiptar skoðanir um það. Það fyrsta, sem hann nefndi, var, að hann taldi óheppilegt að fella niður dómaraprófið. Það er nú erfitt fyrir mig að tala um þetta frá lögfræðilegu sjónarmiði. En með dómgreind ólögfróðs manns virðist mér þetta ákvæði ekki að neinu leyti óeðlilegt. Ég vildi spyrjast fyrir um, hvað þetta ákvæði, sem búið er að gilda í 15 ár, hefir oft verið notað, fyrst það er þessi gimsteinn, sem ekki má sleppa. Var það notað í því eina tilfelli, sem dómaraskipti hafa orðið? Ég spyr, því ég hefi ekki heyrt þess getið. Nokkur ágreiningur varð milli n. og próf. E. A. um þetta atriði.

Þá kem ég að því, að hv. þm. taldi ástæðu til

þess að leggja fyrir mig spurningar. Ég skil vel, að hann hafi hug á að sýna yfirburði málaflutningsmannsins fram yfir leikmanninn, sem aldrei hefir við þessi mál fengizt og aldrei mætt fyrir sáttanefnd, og því síður í rétti nema einusinni sem vitni. En þetta hefði þm. átt að geta gert lýðum ljóst án þess að þurfa að leggja fyrir mig lögfræðilegar spurningar. En þó sé ég ekki neitt því til fyrirstöðu, að ég frá minu leikmannssjónarmiði svari því, hvernig ég skil gr. frv., en það er gefin sök, að ég fer ekki út í skæklatog um lögfræðilegar skýringar. Út í það dettur mér ekki í hug að fara. Hv. þm. spurði. hvernig færi, ef það yrði gert gildandi, að 5 menn fengju sæti í dóminum, og fé yrði jafnframt veitt til þess í fjárl., en svo vildi fjárveitingavaldið kippa aftur að sér hendinni og veitti ekki fé. Ég get sagt það, að ég lít þannig á þetta minum leikmannsaugum, að þegar þetta hefir einu sinni átt sér stað, að skipað hefir verið í embættin og launagreiðslur til þeirra tekin upp í fjárl., þá sé ekki hægt að breyta því nema með nýrri lagasetningu. Svona skil ég þetta, en hvort hv. 1. þm. Skagf. skilur það öðruvísi, get ég ekki sagt um. Ef litið er á þetta frá heilbrigðu leikmannssjónarmiði, en án alls skæklatogs, virðist mér þetta auðskilið.

Þá var sami hv. þm. að tala um, að sér fyndist það ekki viðfeldin ráðstöfun, að það skyldi vera dómsmrh., sem hefði skipunarvald í dóminn, án þess að það væri borið undir þá dómendur, sem fyrir eru. Minntist hann sérstaklega á, að ef dómari forfallaðist, þá gæti svo farið, að af hlytist töf á afgreiðslu mála, ef svo væri um búið. Því komið gæti fyrir, að dómari forfallaðist á næturfresti, en búið væri að ákveða fyrirtöku máls. Þá gæti svo farið, ef leita þyrfti ráðh. um skipun dómara, að ekki næðist til hans í tæka tíð. Það kann að vera, að þetta geti komið að sök meðan dómarar eru ekki nema 3, en þó mun þetta undir flestum kringumstæðum ekki koma að sök. Því oftast mun dómsmrh. vera í Rvík, eða a. m. k. annar ráðh. settur í hans stað. Hygg ég því, að meira sé gert úr þessu af hv. þm. en ástæða er til, en þó vil ég ekki fortaka, að þetta geti komið fyrir. En þetta er svo lítilfjörleg ástæða, að tæplega er þörf á að breyta frv. þess vegna, því það er skýrt, að eftir að dómendur eru orðnir 5 getur þetta ekki komið að sök.

Hv. þm. sagði, að dómstólar hér á landi hefðu sérstöðu að því leyti, að þeir væru óháðir umboðsvaldinu. Ég er ekki fróður um þessi mál, en ég held, að þetta nái ekki nema til hæstaréttar. Ég held, að dómarar undirrétta séu skipaðir af dómsmrh., og geta þeir því ekki talizt óháðir umboðsvaldinu. Ég vil segja almennt talað, að smærri borgarar eigi ekki minna undir héraðsdómurum en yfirréttar, því flest þeirra mál lúkast í héraði. Það er ekki hlaupið með mál til hæstaréttar fyrir okkur smámennina, og því oftast látið sitja við dóm héraðanna.

Ég hefi þá gert hv. 1. þm. Skagf. úrlausn bæði á þann hátt, að ég hefi sýnt, að við stuðningsmenn stj. erum ekki hræddir við að halda uppi og verja okkar málstað og munum því ekki flýja af hólmi eins og hv. þm. var að gefa í skyn. Í öðru lagi hefi ég nokkuð rökrætt þau atriði, sem ágreiningur hefir verið um.

Að því er formshliðina snertir sé ég ekki betur með minni leikmannsþekkingu en að min rök standist fyllilega, að hér sé ekki um neitt formsbrot að ræða og því sé óhætt að láta frv. ganga fram þess vegna.

Mér nægir að vitna um þetta til ummæla hv. þm., hann kvað ekki fastara að orði en svo, að sér félli ekki, að l. byrjuðu svona, og að orðalagið yrði álappalegt, þegar búið væri að fella þetta inn í lögin.

Ég ætla svo að láta þetta nægja í bili. Þó ég vilji í fullri vinsemd tala við hv. 1. þm. Skagf., skal ég ekki gefa tilefni til málþófs eða langra umr. Við höfum nú báðir flutt fram okkar rök, og er honum vitanlega heimilt að gagnrýna mín rök.

Jón Baldvinsson [óyfirl.]: Ég er hræddur um, að hv. 1. þm. Skagf. hafi eitthvað vonda samvizku, fyrst hann vildi ekki láta till. sína koma undir atkv. til afbrigða. Ég hreyfði þessu af því mér heyrðist vera hálfgerðar erjur í hv. þm., en ég skal gleðja hann með því, að hann þurfti ekkert að óttast að því er mitt atkv. snerti, því ég ætlaði að greiða atkv. með afbrigðum, þó ég hefði ekki greitt atkv. með sjálfri till.

Þetta hæstaréttarmál hefir verið oft á dagskrá á undanförnum þingum, og hefir verið lagt á það mikið kapp af sjálfstæðismönnum að halda í það fyrirkomulag, sem verið hefir, þó nú sé það orðið úrelt. Sérstaklega að þeir menn. sem búnir eru að vera lengi í dóminum, geti alltaf útnefnt sína eftirmenn. En það er ekki í samræmi við stjórnarhætti þessara tíma. Það er því aðaldeiluefnið, hvað sjálfstæðismenn halda fast við þetta atriði, að dómurinn fái allt af sjálfur að velja alla þá, sem í hann eiga að setjast sem dómarar. Ég hefi áður sagt, að ég treysti ekki hæstarétti þeim, sem nú situr, eða meiri hl. hans til þess að vera óhlutdrægur og þykir mér því betra, að pólitískur ráðh. útnefni dómara, því hann er þó hægt að draga til ábyrgðar, en dómarar í hæstarétti eru hafnir yfir allt slíkt. Alþ. nær ekki til þeirra, og þó verið sé að kritisera störf þeirra í blöðunum, eiga þau á hættu, að sá sami réttur loki fyrir munninn á þeim með sektum.

Þá er atriðið um fjölgun dómaranna, sem bráðlega þyrfti að koma í framkvæmd. Þegar breytingin var gerð um fækkun dómaranna á þingi 1922, greiddi ég atkv. með því með samvizkunnar mótmælum og aðeins í því trausti, að ofurlítið létti yfir réttinum, ef mestu steingervingarnir færu, en því miður hefir hann ekki breytzt mikið, og breytingin ekki svarað til þess, sem menn gerðu sér vonir um. Ég álít að það sé aðeins sparnaðarráðstöfun að fækka dómurunum, og ætti því að fjölga þeim í 5 svo fljótt sem hægt er.

Ég fæ ekki skilið það, sem hv. 1. þm. Skagf. var að benda á, að það sé hægt að hringla með dómaraembættin eins og hverjum sýnist. Ef konungur er einu sinni búinn að skipa í þau, verður fjárveitingavaldið að áætla fé til þeirra.

Og ég álít, að bráðlega verði horfið að því að fjölga dómurum í 5. Bæði er rétturinn sterkari þannig skipaður, og fjöldi mála að verða svo mikill, að ekki veitir af góðum starfskröftum til þess að setja sig svo vel inn í þau, að dómar geti orðið öruggir.

Ég skil ákaflega vel, að Sjálfstfl. sé ekki ánægður. Ég minnist ekki að hafa séð sjálfstæðismenn glaðari, og einnig hálfbræður þeirra nasistana, en þegar Jón í Stóradal felldi með þeim frv. um hæstarétt.

Ég skildi þá bezt, hvert geysikapp þeir leggja á að halda í það steingerða fyrirkomulag, sem nú er. Þó ég hefði helzt kosið 5 dómara strax, mun ég greiða atkv. með frv. óbreyttu eins og það kom frá Nd., svo að það geti orðið sem fyrst að lögum.

Ég hefi í mörg ár talið mikla þörf á því að breyta hæstarétti, og sérstaklega því ákvæðinu, sem hv. 1. þm. Skagf. heldur fastast í, að rétturinn geti endurnýjað sig á þann hátt, að dómararnir velji alltaf sína eftirmenn. Þá er betra, að pólitískur ráðh. skipi dómarana, því til hans næst bæði á þingi og í blöðum, og er hægt að láta hann svara til saka.

Ég þarf ekki að svara aths. hv. 1. þm. Skagf. um formgalla á frv., því þær virðast ekki hafa við mikið að styðjast. Enda hafa þeir þar um fjallað, er vel kunna að búa frv. formlega úr garði. Ég vil halda því fram með fullum rétti, að við, sem erum aðeins leikmenn — en ekki juristar —, getum vel verið dómbærir um, hvernig æðsti dómstóll þjóðarinnar skuli skipaður.

En lagavitið er gott, þegar um lögfræðileg atriði er að ræða. Þó hv. 1. þm. Skagf. hafi verið dómari og því fengið nokkra reynslu, þurfum við ekki að vera himinfallnir yfir öllu, sem hann segir, því honum getur skjátlazt eins og öðrum.

Magnús Guðmundsson: Hv. 2. þm. S.-M. vildi ekki viðurkenna, að n. hefði játað formgalla á frv. eins og það kom frá Nd. Mér kemur þetta á óvart, því ég gat ekki skilið hann og meiri hl. n. öðruvísi en að þeir viðurkenndu að gallar væru á frv., en að þeir vildu samþ. frv. óbreytt þrátt fyrir gallana. Hv. þm. sagði, að ég hefði nefnt dæmi úr 15. gr. Það er ekki rétt, ég nefndi 17. gr. Þar stendur, að eftir 48. gr. komi ný gr., sem verði 49. gr. Þetta getur ekki staðizt. Þetta var rétt í frv. eins og það kom frá flm. þess, en svo við það, að ein grein er klofin í tvennt þá gerist það, að einni gr. fleira verður á undan þessari gr. Þar af leiðandi er ekki hægt fyrir þá, sem setja saman lögin, að uppfylla ákvæði 17. gr., þannig að sú gr. verði 49. gr., sem frv. segir, að eigi að vera það, heldur verður hún 50. gr.

Það er ekki til mikils mælzt, þó að farið sé fram á að leiðrétta þetta misræmi, svo að greinatalan verði rétt. En þetta er það, sem ómögulega má, að dómi hv. meiri hl.

Skal ég svo ekki segja meira um 1. og 2. gr. l. eins og þau eiga að verða. En ég held fast við það, að það sé mjög óviðkunnanlegt á árinu 1935 að gefa út lög, sem mæla svo fyrir, að stofna skuli hæstarétt á Íslandi, þar sem hæstiréttur er búinn að starfa hér í 15 ár, og lög, sem sömuleiðis mæla svo fyrir, að hæstiréttur Danmerkur skuli ekki vera lengur æðsti dómstóll í íslenzkum málum og að landsyfirréttur skuli lagður niður, þar sem hvorugur þessara dómstóla hefir starfað hér síðustu 15 árin. Og úr því að leiðrétta þurfti tilvísanir í l., þá var útlátalítið að leiðrétta þetta.

Hv. þm. sagði, að l. öll væru frá 1919, þau væru gefin út sem lög frá 1919. En það er ég búinn að margbenda hv. þm. á, að svo er ekki. Ég sýndi honum fram á það með skírskotun til Stjtíð., að lög, sem konungur skrifar undir þannig, að undirskriftin er dagsett á árinu 1935, þau hljóta óhjákvæmilega að verða l. frá 1935, en geta alls ekki verið l. frá árinu 1919. Eftir þann dag, sem þessi l. verða þannig undirskrifuð, nefnilega nú á þessu ári, verða lögin um þetta efni frá 1919 ekki lengur til.

Hv. þm. viðurkenndi nú, að það gæti verið álitamál, hvort ekki væri rétt að semja upp öll l. um hæstarétt frá 1919 í eina heild. Þetta er einmitt það, sem ég hefi verið að segja, að væri réttara. Það þurfti að fella úr l. ákvæði, sem nú eiga ekki lengur við, svo sem það, að landsyfirréttur skuli afnuminn, sem fyrir löngu er gert, o. s. frv. Þetta er nú það, sem ég fór fram á í n.

Það var engin ástæða til fyrir minni hl. í n. að fara inn á stefnuatriði frv., því að meiri hl. n. sagði, að ekki væri um að ræða neinar breyt. á þessu frv., það yrði að fara í gegn með þeim formgöllum, sem á því væru, því þeir töldu þá ekki svo mikilvæga, að þeir hindruðu að hægt væri að setja saman lögin þrátt fyrir þá. En ég hefi bent á, að það er ekki unnt að fylgja fyrirmælum frv. um að setja 17. grein þess inn á eftir 48. gr. l. án þess að greinatalan breytist við það. Það er þess vegna ekki til neins fyrir hv. þm. að flagga með nafn Einars Arnórssonar í þessu sambandi, því að þessi villa hefir komið inn við meðferð málsins í Nd. Getur slíkt verið alveg afsakanleg óaðgæzla og er ekki nema það, sem vill til mjög oft. Og ég var reyndar hissa á því, að einmitt hv. 2. þm. S.-M. skyldi halda því fram, að hægt væri að fella frv. þetta og lögin frá 1919 saman, því að í n. kom það fyrir í öðru máli, að þessi hv. þm. tók eftir því, að lagabreyt. gat ekki fallið inn í eldri l. af svipuðum ástæðum og hér er um að ræða, og þá var það einmitt þessi hv. þm., sem tók það ráð, sem skynsamlegast var, að hætta við þessa samfellingu, og var gott samkomulag um það.

Þá var það dómaraprófið. Hv. þm. hélt því fram, að það hefði ekki mikið að segja og spurði, hvort það hefði nokkru sinni verið notað. Í fyrsta skipti þegar dómurinn var settur á stofn, var ómögulegt að viðhafa dómaraprófið, því að hver ætti þá að dæma? Áttu hinir nýskipuðu dómarar að dæma um sjálfa sig? Það var auðvitað ekki hægt að nota dómaraprófið, þegar dómurinn var fyrst settur á stofn, því þá var enginn til þess að dæma. Síðan hafa ekki orðið dómaraskipti nema alls einu sinni í réttinum, og þá kemur inn í réttinn maður,

sem búinn er þegar að dæma í mörgum tugum mála, m. ö. o. er búinn að leysa af hendi margfaldlega þetta dómarapróf.

Þá breiddi þessi hv. þm. sig talsvert út yfir það, að ég hefði verið að leggja fyrir sig margar spurningar, og hv. þm. lét skína í það, að ég hefði verið með málfærslukróka og ætlað að koma honum í ófærur. Þetta er alls ekki rétt. En ég vildi fá fram frá þessum hv. þm. og hv. 4. landsk. þm. með fyrirspurn minni viðvíkjandi 22. gr. frv., hvernig þeir skildu þetta ákvæði um tölu dómaranna. Þeir svöruðu því, að þeir álitu, að eftir að búið væri að veita fé einu sinni á fjárl. til 5 dómara, þá væri þetta ákvæði laganna í 1. gr. frv. um 5 dómara gengið í gildi og þá yrði þessi dómaratala að gilda áfram. Með þessu svari hefi ég fengið það, sem ég vildi fá með þessari fyrirspurn. En ég er í vafa um, að þetta sé rétt, eftir því sem frv. er orðað, sérstaklega með tilliti til ákvæða 2. gr., þar sem tekið er fram, að með konunglegri tilsk. skuli ákveða, hvenær settur skuli dómur með 5 dómendum. Ég vil skilja þetta ákvæði 2. gr. þannig, og skoða það samþ., ef enginn mótmælir því, að með þessari konunglegu tilsk. sé átt við það, að rétturinn sé nægilega mannmargur, þó að ekki séu nema þrír dómarar í honum, nema í málum, sem upp séu talin í þessari konunglegu tilsk.

Þá var það og, að hv. þm. sagði, að dómstólarnir væru allir háðir framkvæmdarvaldinu, nema hæstiréttur. Það var einmitt það, sem ég sagði. En stjskr. gerir ráð fyrir þrískiptu valdi, dómsvaldi, löggjafarvaldi og umboðsvaldi. Við erum nú ekki komnir lengra í þessari skiptingu en það, að við höfum sett þennan hæstarétt, sem á að vera óháður. (**IngP**: Næsta sporið verður, að við kjósum alla dómara í landinu, svo að þeir verði óháðir umboðsvaldinu). Ég veit ekki, hvað næsta sporið verður í því efni, og hygg ég, að ósköp lítið sé um það vitað. Ég ætla a. m. k. ekki að gerast neinn spámaður um það. En hér er um að ræða spor aftur á bak, að hverfa af þeirri braut, sem lagt var út á eftir stjórnarbyltinguna í Frakklandi 1789 og síðan hefir verið farin í flestum löndum álfunnar, þar sem reynt hefir verið að keppa að því að gera dómstólana sem óháðasta. En við höfum bara ekki getað komizt lengra en gera okkar hæstarétt óháðan, af því að okkar staðhættir eru þannig, að við erum fámennir og dreifðir um stórt land. En nú á sem sagt að taka sporið aftur á bak og gera hæstarétt háðan framkvæmdavaldinu.

Þá var það hv. 4. landsk. Hann byrjaði sína ræðu með því að segja, að hann héldi, að ég hefði eitthvað vonda samvizku út af mínum brtt., af því að ég ætlaði ekki að láta þær koma til atkv. nú við þessa umr. Þetta er misskilningur. Ég gerði þetta af því, að ég skildi hv. þm. þannig, að hann ætlaði að neita um afbrigði fyrir þær. Annars hefði mér verið sama, þótt brtt. kæmu til atkv. nú. En af því að ég af nefndum ástæðum ákvað að fresta þeim til 3. umr., þá held ég fast við það. Ég trúi því náttúrlega, þegar þessi hv. þm. segir, að hann mundi hafa greitt atkv. með afbrigðum um brtt. mínar. En ég missti alveg trúna á honum, er hann sagði, að hann væri ráðinn í að greiða atkv. á móti öllum brtt. Það skiptir þennan hv. þm. engu, þótt brtt. mínar séu sumar alveg nauðsynlegar til þess að frv. verði ekki þinginu til hneisu af formsástæðum. Hann er, eins og allur stjórnarflokkurinn, staðráðinn í því að samþ. frv. breytingalaust.

Hv. þm. sagði, að rétturinn væri orðinn úreldur og að hann útnefndi sig sjálfur. Það er með öllu rangt, að dómurinn útnefni sig sjálfur. Eftir því fyrirkomulagi, sem nú er, þarf samkomulag á milli réttarins og dómsmrh. um það, hver verði dómari, og báðir hafa þar neitunarvald. Og ég get ekki séð, að hægt sé að búa betur um þennan æðsta dómstól okkar en með því að heimta, að dómsmrh. og dómstóllinn skuli vera sammála um val dómara og að á meðan ekki næst samkomulag um það, þá séu kennarar lagadeildar háskólans sjálfkjörnir varadómarar í réttinum. Breyt. með frv. í þessu efni sú, að leggja þetta vald um val dómara algerlega í hendur dómsmrh., og það verður auðvitað til þess að minnka sjálfstæði réttarins, en ekki til þess að auka það. Það sjá allir. Það er mjög algengur misskilningur þetta, sem kom fram nú, einmitt hjá hv. 4. landsk., að rétturinn útnefndi sig sjálfur.

Hv. 4. landsk. sagði líka, að fyrirkomulag þetta um útnefningu dómara væri algerlega úrelt. En ég vil benda honum á, að í Danmörku er þetta ákvæði enn í gildi. Það þykir ekki úrelt þar. Einmitt sú stjórn, sem nú situr þar, hefir komið fram með till. til breyt. á l. um hæstarétt þeirra, en ekki hreyft við þessu ákvæði. (**JBald**: Það er svo margt, sem þeir eiga eftir að breyta þar ennþá). Ég hélt, að hv. 4. landsk. bæri svo mikið traust til stjórnarinnar í Danmörku, að hann áliti, að ef nauðsyn væri á að breyta þessu ákvæði, þá mundi hún hafa gert það. (**JBald**: Það getur verið annað ennþá nauðsynlegra til fyrir þá að sinna. Þeir berjast t. d. um nafn á Landsþinginu. Það eru fornminjar eins og þetta). Landsþingið kemur ekki þessu máli við, en Dönum dettur ekki í hug að hrófla við þessum fornminjum í hæstaréttarl. sínum, enda undarlegt, ef afnema á gott ákvæði einungis vegna þess að það er gamalt.

Um fjölgun dómaranna viðurkenni ég það, að ég tel meira öryggi í því, að dómarar séu 5 heldur en 3. En mér virðist, eins og frv. er orðað nú, að þar sé aðeins um von að ræða um þá fjölgun, en ekki vissu. Ég álít því hæpið að telja þetta út af fyrir sig kost á frv.

Þá vildi hv. 4. landsk. koma því að í ræðu sinni að líkja hæstarétti við steingerving. Á hverju byggir hv. þm. þessi ummæli? Nýlega er kominn einn maður í réttinn og á allra næstu tímum hljóta hinir tveir, sem í réttinum eru, að fara úr honum. Svo að það koma nú um þessar mundir nýir menn í öll dómarasæti í réttinum. Hvar er þá þessi steingervingsháttur? (**JBald**: Í fyrirkomulaginu sjálfu). Ég get ekki séð, að neinn steingervingsháttur sé í því fyrirkomulagi, að rétturinn og dómsmrh. skuli þurfa að verða sammála þegar skipaður er nýr dómari í réttinn. Hv. 4. landsk. sagði, að sér

þætti gott að geta náð í pólitíska ráðh. til að skamma hann fyrir veitingu á þessum embættum, ef illa tækist til. Það væri kannske synd að taka þessa ánægju frá hv. þm. En ég vil benda honum á, að ráðh. skipar dómarana hvort sem er, en þarf aðeins samþykki réttarins um veitinguna, svo að það er í lófa lagið fyrir hv. 4. landsk. að veita sér þá ánægju að skamma dómsmrh., ef honum líkar eitthvað illa við hann út af þessum hlutum. (**JBald:** Nei, dómsmrh. er skyldur til að skipa þann, sem hæstiréttur tilnefnir). Nei, það er alls ekki. Hvar stendur það? Það stendur vitanlega hvergi. Um þetta fer þannig, að þegar hæstiréttur tiltekur einhvern sem dómaraefni, þá getur dómsmrh. sagzt ekki vilja skipa hann, heldur verði einhver annar að taka dómarapróf. (**JBald:** Þeir geta þannig fellt alla). Afleiðing af því verður þá sú, að einhver prófessor við lagadeild háskólans verður dómari á meðan því fer fram.

Þá ræddi hv. 4. landsk. að síðustu um, að ekki þyrfti lögfræðinga til að sjá, hvað rétt væri að ákveða í þessu máli, nema um formsatriði. Hinir væru jafnfærir til að dæma um efni frv.

Ég hefi aldrei haldið því fram, að lögfræðingar einir væru dómbærir um stefnu þessa frv. (**JBald:** Ég sagði, að gott væri að hafa þá með, til leiðbeiningar, en nauðsynlegt væri það ekki). Hv. þm. sagði, að nauðsynlegt væri að hafa þá með til leiðbeiningar um formsatriði, en hann má vitanlega taka þau orð aftur, ef hann vill; mér er það alveg að meinalausu. Ég hefi nú bent hér á formsatriði, sem ég veit, að stjórnarstuðningsmenn skilja, að er á rökum byggt; það þarf að breyta tilvísun í greinar á sumum stöðum. Það er ekki hægt, eins og frv. er úr búið, að fella það inn í l. eins og ætlazt er til að gert verði. Þetta er formsatriði, en samt sem áður vill stjórnarflokkurinn ekki leiðrétta þetta. *Ég get ekki skilið, að ekki hefði verið* hægt, ef að því hefði verið undið strax, að koma frv. í gegn á þessu þingi eða þinghluta eins fyrir því, þó að þetta hefði verið leiðrétt. Svo geta komið til greina fleiri formsatriði og deiluatriði í sambandi við þetta frv. En ég læt bíða til 3. umr. að ræða þau í sambandi við mínar brtt. Meining mín með þessu er ekki að taka upp málþóf um þetta mál. Það hefi ég aldrei gert í þingi og mun aldrei gera.

Forsrh. (Hermann Jónasson) [óyfirl.]: Þessar umr., sem hér hafa farið fram um þetta mál, hafa snúizt að miklu leyti um sömu atriði og deilt var um í Nd. Hér er að vísu deilt um formsatriði frv., en ég mun ekki fara út í að ræða þau, vegna þess að hv. 2. þm. S.-M. og hv. 4. landsk. hafa haldið þannig á þeirri hlið málsins, að ég sé ekki ástæðu til að bæta við það. Aðeins skal ég geta þess, að það er sjálfsagt að breyta greinatölunni eftir því, sem nauðsyn krefur. Það verður aldrei álitið rangt að gera það.

Hinu, að verið sé með þessu frv. að gera dómsvaldið háð pólitísku valdi, vildi ég svara örfáum orðum. Það er verið að tala um, að með þessum l. sé verið að gera dómsvaldið háðara umboðsvaldinu hér heldur en annarsstaðar, og að við stöndum, vegna þessara ákvæða, neðar en aðrar þjóðir viðvíkjandi skipun þessa æðsta dómstóls í landinu. Þetta er algerlega rangt með farið. Hv. 1. þm. Skagf. hlýtur að vita það, að þessi fyrirhugaða skipun á kjöri hæstaréttardómara er, samkv. upplýsingum frá sendiherra Íslands í Kaupmannahöfn, með nákvæmlega sömu tilhögun og á sér stað í hverju einasta landi Evrópu, sem sendiherrann gat gefið upplýsingar um, nema í Danmörku. M. a. í Svíþjóð mæla l. um þetta efni svo fyrir, að þessum málum skuli skipað nákvæmlega eins og hér er gert ráð fyrir, að dómsmrh. skuli skipa dómara í æðsta dómstól landsins, að fengnum till. þess dómstóls. Því að þótt hér sé talað um, að konungur skipi dómara, þá er það vitanlega gert fyrst og fremst á ábyrgð ráðh., svo að skipun dómsvaldsins, þó að hún verði færð í þetta horf, er nákvæmlega sú sama eins og annarsstaðar í álfunni, að Danmörku einni undanskilinni. Þetta er það sanna í málinu. Vitanlega er dómsvaldið ekki háðara umboðsvaldinu, þó að ráðh. skipi dómara án dómaraprófs. Það veit hver maður og skilur, og hv. 1. þm. Skagf. líka, að dómsvald undirdómaranna í landinu er á engan hátt háðara umboðsvaldinu, þó að þeir dómarar hafi verið skipaðir af ráðh., án þess að legið hafi fyrir till. frá dómstólunum um, að þeir skyldu skipaðir. Þegar þeir dómarar hafa verið skipaðir, eru þeir eftir það algerlega óháðir umboðsvaldinu, svo að það getur ekkert við þeim hreyft. Það má því alls ekki eiga sér stað, að það sé látið ómótmælt, þegar verið er að halda því fram, að verið sé að stefna að því að skerða dómsvaldið með þessu fyrirhugaða fyrirkomulagi. Þetta fyrirkomulag, sem verið er hér að taka upp, er sama fyrirkomulag og nær alstaðar gildir í álfunni. Ákvæðið um opinbera atkvgr. er ákvæði, sem Norðmenn *leggja mjög mikið upp úr viðvíkjandi sínum* hæstarétti.

Þá kvað hv. 1. þm. Skagf. mikið öryggi fólgið í dómaraprófinu. Á það hefir verið bent, og viðurkennt af honum, að dómarapróf var eðlilega ekki notað, þegar fyrst var skipað í réttinn. Allir þeir dómarar, sem setið hafa í hæstarétti okkar í 16 ár, eru þess vegna, að einum undanskildum, sem kalla má, að tekið hafi próf, skipaðir próflaust í hæstarétt af pólitískum ráðh. án prófs, og þannig hefir hann starfað til þessa, svona mætavel.

Um Einar Arnórsson próf. hefir því verið haldið fram, að hann hafi ekki þurft að taka dómarapróf, af því að hann hefði verið búinn að dæma í svo mörgum málum, svo að það hefði verið sama sem próf.

Því hefir verið haldið fram, að með dómara-

próf væri fengið nokkurt öryggi fyrir því, að ekki væri tekið tillit til stjórnmálaskoðana um skipun dómara í hæstarétt. Ég get aldrei látið þessu ómótmælt, þegar ég heyri það, að dómarar, sem sitja í hæstarétti, eða hvar svo sem þeir sitja, og ekki koma nálægt stjórnmálum, séu yfirleitt skoðanalausir um stjórnmál. Reynslan er sú, að næstum hver einasti maður í þessu landi, sem kominn er til vits og ára og er jafnvel gefinn og hæstaréttardómari á að vera, hefir myndað sér ákveðna skoðun í stjórnmálum. Og ég vil segja, að þeir menn, sem ekki koma nálægt stjórnmálum með sínar skoðanir, heldur byrgja þær inni, séu oft miklu æstari en þeir, sem standa í stjórnmálabaráttunni og koma í „kontakt" við andstæðinga, eins og t. d. hér á þingi, og finna góðar hliðar á þeim. Þess vegna geta þær tillögur og þessi próf engu síður orðið lituð af stjórnmálaskoðunum, þó tillögurnar komi frá hæstarétti, heldur en þó þær kæmu frá dómsmrh. Þessu atriði má ekki gleyma, þegar rætt er um þetta mál. Það er atriði, sem ekki má gleyma, að þessir menn eru menn eins og stjórnmálamenn, alveg á sama hátt. Það hefir líka verið bent á, að engar reglur væru til um það í hæstaréttarlögunum, hvernig þessu dómaraprófi skal hagað undir vissum kringumstæðum. Auk þess má benda á, að ef svo færi, að tveir menn færu úr réttinum fyrir aldurs sakir, sem ekki væru lengur færir um að taka þátt í störfum réttarins, vegna þess hvað þeir væru orðnir andlega sljóir, þá ættu þessir menn að dæma um, hverjir séu hæfir til þess að taka við af þeim, áður en þeir færu sjálfir úr réttinum. Því hefir að vísu verið haldið fram, að varadómararnir, prófessorar lagadeildar háskólans, mundu taka sæti í stað þessara dómara, og þeir ættu að dæma um það með hinum dómurunum, sem eftir sitja, hverjir væru hæfir til þess að taka sæti í dóminum eftir þá, sem færu úr honum, en gallinn er bara sá, að það er ekki einn einasti stafur í hæstaréttarlögunum, sem bendir til þess, að þau beri að skýra þannig. Þá minntist hv. 1. þm. Skagf. á það, að það væri rangt hjá þeim, sem héldu því fram, að dómstólarnir réðu því, hverjir yrðu dómarar, og sýndi hann fram á það, sem er vitanlega rétt, að dómsmrh. og dómarar þyrftu að vera á einu máli, en þótt hv. þm. héldi þessu fram og færði fram þau rök, að þar af leiðandi réðu dómendurnir því ekki, hverjir yrðu dómarar í hæstarétti (MG: Ekki fremur en ráðh.), þá verður það öðruvísi í framkvæmdinni, eins og ég skal sýna fram á.

Dómarar hafa neitunarvald. Þeir gera tillögur um það, að afloknu prófi, hver sé hæfur til þess að verða hæstaréttardómari. Eins og lögin eru nú, má dómsmrh. ekki veita embættið öðrum en þeim, sem hæstiréttur hefir lagt til, að verði skipaður. Það eina, sem hann getur gert, er að skipa engan dómara í réttinn, en setja mann inn í hann til bráðabirgða meðan samkomulag næst ekki. Þannig geta hæstaréttardómarar haldið dómsmrh. frá því að skipa dómara í réttinn ár eftir ár, unz sá dómsmrh. kemst til valda, sem er sammála réttinum um það, hver skuli hljóta embættið. Þannig verður þetta í framkvæmdinni, þótt það sé að vísu rétt samkv. orðaleik hv. 1. þm. Skagf., að það þurfi að vera samkomulag milli dómsmrh. og dómendanna í hæstarétti. Það er því raunverulega hæstiréttur, sem ræður því, hverjir verða skipaðir sem dómarar í réttinn, því að hann hefir neitunarvald og getur staðið á móti, ef honum sýnist, þangað til sá dómsmrh. kemur, sem er honum sammála um veitingu embættisins.

Ég hefi þá leiðrétt það, sem mér þótti ástæða til að leiðrétta. Ég býst ekki við að ég sjái ástæðu til að taka aftur til máls um þessi helztu atriði, sem deilt er um viðvíkjandi dómaraprófinu, en um þau atriði hefir verið talað mjög greinilega í hv. Nd.

Ingvar Pálmason: Ég gæti vel fallið frá orðinu, því að það er lítið, sem okkur ber á milli um formshlið málsins, hv. 1. þm. Skagf.og mér. Mér hefir orðið það á að taka upp aðra gr. heldur en hann í sinni ræðu. Mér finnst það breyta mjög litlu, vegna þess að sú breyt. á greinatölunni, sem hér um ræðir, hefir komið fram löngu áður í frv. Þetta er því ekkert annað en að hengja sig í smámuni, því að það sjá allir, að greinatalan í þessu frv. getur ekki breytt greinatölu laganna, sem um þetta efni gilda. Þess vegna hljóta allar tilvitnanir í l. frá 1919 um hæstarétt að standa í frv., en þar sem um nýjar greinir er að ræða, þá er það aðeins röðunin, sem kemur til greina, og það er ekkert annað en verk, sem hver og einn verður að leysa af hendi, sem fellir lögin inn í greinatöluna. Ég man ekki betur en að svipað tilfelli hafi komið fyrir hér á þingi fyrr, og að þingið hafi litið á það sem prentvillu, sem yrði leiðrétt í prentuninni. Þetta getur ekki talizt sá formgalli, að ekki megi afgr. frv. fyrir því, þótt greinatalan kunni eitthvað að breytast.

Að öðru leyti sé ég ekki ástæðu til þess að svara hv. 1. þm. Skagf. Mér skildist hann leggja sömu merkingu í það og ég, að eftir að búið væri að veita fé í fjárl. til þess að fimm dómarar yrðu skipaðir í réttinum, þá væri sú skipun orðin lögfest og henni yrði ekki breytt nema með lagabreytingu.

Magnús Guðmundsson: Það er vitanlega ekki til neins að þræta um þessi formsatriði. Ég mun samt fara dálítið nánar út í þetta atriði við 3. umr. málsins. En ég vil aðeins benda á það nú, að þegar búið er að samþ. þetta frv. og konungur hefir undirskrifað lögin, þá stendur það í 17. gr. þeirra, að í hinum nýju samsteypulögum skuli ein ákveðin gr. verða 49. gr. Þetta er ekki hægt að gera, nema hafa 2 gr., sem eru 49. gr., og sjá allir, að það nær engri átt. Sá, sem setur saman lögin, getur alls ekki uppfyllt það, sem í frv. segir. Það er því tvímælalaus formgalli á frv., og þykir mér undarlegt, að ekki skuli fást leiðrétting á þessum galla.

Þá vil ég víkja fáeinum orðum að hæstv. dómsmrh. Hann sagði, að mér hlyti að vera kunnugt um það, að hvergi nema í Danmörku og hér væri látið fara fram dómarapróf, heldur væri rétturinn spurður um, hvort hann sam-

þ. þann dómara, sem um er spurt. Þetta er að sönnu svo, en fyrst og fremst þarf þetta ekki að vera skaðlegt ákvæði, þótt það gildi aðeins hér og í Danmörku, og í öðru lagi, og það er aðalatriðið, er jafnan farið eftir tillögum réttarins í öðrum löndum, að því er ég bezt veit. Reglurnar annarsstaðar eru því í reyndinni eins og hér. Og nú vil ég spyrja hæstv. ráðh. að því, hvort hann álíti það sama fólgið í þessu „að fengnum tillögum“ eins og í þeim rétti, sem hæstiréttur hefir nú í þessu efni. Ef það er ekki, þá er verið að rýra vald hæstaréttar. Það er ekki hægt að hafa nema eina skoðun á því atriði. En þó þessu sé öðruvísi hagað annarsstaðar, þá er það engin sönnun fyrir því, að sama fyrirkomulag blessist betur hjá okkur en það, sem verið hefir. Hér er kunningsskapur milli manna miklu meiri en tíðkast í öðrum löndum, vegna mannfjölda, og þar er farið miklu meira eftir embættisaldri við embættaveitingar en hér er gert. Í því sambandi væri hægt að nefna dæmi, sem skeði nýlega. Af þessu sem nú var sagt, sést, að það er rétt, sem ég sagði, að með þessu, sem hér um ræðir, er verið að gera réttinn ósjálfstæðari en hann nú er. Viðvíkjandi því, hvort undirdómararnir eru háðir umboðsvaldinu, vil ég taka það fram, að þeir eru það vitanlega, því að umbóðsvaldið getur svipt þá embætti hvenær sem er. Það er meira að segja mikið vafamál, hvort umboðsvaldið getur það ekki, enda þótt þeir standi vel í sinni stöðu. Ég get vel ímyndað mér, að það sé ekki fjarri sanni, að það fari mjög mikið eftir því, hver er ráðh. á hverjum tíma, hvort undirdómararnir eru háðir umboðsvaldinu eða ekki. Ég get ekki skilið, hvers vegna hæstv. stj. og hennar flokkur vilja þessar breyt. endilega. Hvað á að nást með þeim? Er það nokkuð annað en að auka vald pólitísks ráðh. á kostnað réttarins?

Það er rétt hjá hæstv. ráðh., að þótt menn séu dómarar, þá hafa þeir einhverja skoðun í þjóðmálum, en þetta er ekki aðalatriði, heldur hitt, að dómarar réttarins eru að velja sér starfsbróður, og þess vegna er ekki nema eðlilegt, að þeir fái a. m. k. að hafa hönd í bagga með veitingu embættisins. Ég get ekki séð, að ráðh. sé á neinn hátt hafður útundan með því *að honum sé gert jafnhátt undir höfði*. Það þarf ekki heldur neinn að segja mér, þrátt fyrir það, sem hæstv. ráðh. sagði, að það geti komið fyrir, að rétturinn finni upp á því að veita hverjum manni, sem til greina getur komið, bara til þess að móðga og fjandskapast við ráðh. Einmitt í því að það eru tveir aðilar, sem þurfa að vera sammála um það, hverjir skuli teljast hæfir til þess að fara í réttinn, felst trygging fyrir því að hæfir menn verði dómarar, en pólitískur ráðh. getur, ef hann ræður einn, komið að manni, sem ekki er hæfur dómari. Segjum nú, að rétturinn vilji þetta líka, þó ég haldi, að þetta geti ekki komið fyrir, vegna þess að rétturinn er að velja sér samstarfsmann, en ef ráðh. hefir samt grun um þetta, eða veit það, þá getur hann neitað því, að veita honum embættið. Hæstv. ráðh. sagði, að rétturinn hefði í byrjun verið skipaður af pólitískum ráðh. Þetta er vitanlega rétt, því að öðruvísi gat það ómögulega verið í byrjun. En þetta sannar vitanlega ekki, að óheppilegt sé að hafa þetta fyrirkomulag, sem nú er, í framtíðinni. (**Forsrh.**: Reyndist þetta ekki vel?). Jú, en það sannar ekki, að öllum ráðherrum takist eins vel skipun í dóminn.

Þá minntist hæstv. ráðh. einnig á það, að dómarar, sem yrðu að fara frá fyrir aldurs sakir, ættu að dæma um, hverjir yrðu eftirmenn þeirra, og hann vildi láta skína í það, að dómarar, sem væru 65—70 ára gamlir, væru orðnir svo skyni skroppnir, að þeir væru ekki lengur færir um að ákveða, hverjir skyldu taka sæti í dóminum á eftir þeim. Ef þessum dómurum er treyst til þess að hafa dómsstörf á hendi allt fram til þess tíma, að þeir fara frá embætti, þá verð ég að telja, að þeim sé líka trúandi til þess að velja eftirmann sinn. Ég vil benda á það í þessu sambandi, að víða annarsstaðar er ekkert takmark fyrir því, hvað gamlir dómarar megi verða við hæstaréttardómstóla. Í því tilfelli vill hæstv. ráðh. ekki fara eftir því, sem tíðkast erlendis. Erlendis hafa menn verið dómarar fram að áttræðu og jafnvel lengur. Þess vegna þýðir ekkert að halda því fram, að bara af því, að maður sé 65 ára gamall, þá sé hann orðinn svo sljór og hrumur, að hann geti ekki sagt til um það, hvort einhver maður, *sem á að koma í réttinn, sé til þess hæfur eða* ekki.

Hæstv. ráðh. minntist á það, að svo gæti farið tímunum saman, að enginn nýr dómari yrði skipaður í réttinn. Það er kannske hugsanlegt, en það er engin ástæða til þess að ætla það, en ef það kæmi samt fyrir, þá er enginn hætta á ferðum, því að það er lögákveðið, hver á að vera í réttinum á meðan. Ég sé enga ástæðu til þess að halda, að rétturinn hafi tilhneigingu til þess að setja sig upp á móti dómaraefni, ef á annað borð er um hæfan starfsmann að ræða.

Það eru fleiri atriði í frv., sem ég hefði þurft að gagnrýna og ég er óánægður með, en ég ætla ekki að fara út í þau nú. Ég mun minnast nánar á ýms atriði frv. við 3. umr. málsins, þegar brtt. mínar koma til meðferðar.

Hv. 2. þm. S.-M. þarf ég engu að svara, því að það kom ekkert nýtt fram í síðustu ræðu *hans*.

ATKVGR.

Brtt. 314 tekin aftur til 3. umr.

1. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.

2.—22. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 9:3 atkv.

Á 39. fundi í Ed., 1. apríl, var frv. tekið til 3. umr. (A 257, 314).

Magnús Guðmundsson: Ég vil segja hér nokkur orð út af brtt. á þskj. 314, sem frestað var að taka afstöðu til við 3. umr. Býst ég þó ekki við, að það hafi mikla þýðingu, þar sem meiri hl. n. hefir lýst yfir því, að stjórnarflokkarnir séu einráðnir í að láta frv. ganga fram óbreytt.

1. brtt. er á þá leið, að felld skuli niður á-

kvæði 1. gr. frv. um það, að stofnaður skuli hæstiréttur og dómsvald hæstaréttar í Danmörku falli niður. Þetta á ekki lengur við og er sjálfsagt komið inn í frv. af vangá.

Í 2. gr. frv. stendur ennfremur, að landsyfirréttur skuli afnuminn. Þetta er auðvitað óþarft, þar sem landsyfirréttur var afnuminn fyrir 15 árum síðan. Þess vegna er hjákátlegt að taka slík ákvæði upp í l., sem gefin eru út 1935.

Þá er 3. gr. þessa kafla, sem ég legg til, að falli niður. Hún er um svonefndan synodalrétt. Ég tel fara betur á að flytja þá gr. aftar í þessi l. Það á ekki við, að hún sé hin raunverulega 1. gr. um hæstarétt. Þessi réttur er nokkurskonar geistlegur réttur, sem eins og kunnugt er er skipaður 5 mönnum, 3 hæstaréttardómurum og 2 guðfræðingum, sem rétturinn kallar til. Þessi gr. þarf að sönnu að vera í l., en hún á ekki við sem fyrsta efnisgr., og þess vegna sting ég upp á með 14. brtt. minni, að þessi gr. komi næst á undan niðurlagsákvæðum l. eins og þau koma til að verða, þegar þau eru gefin út, að samþ. þessu frv.

Þá kem ég að 2. brtt. sem er við 1. gr. þessa frv. um hæstarétt. Ég hefi ekki séð mér fært að leggja til, að það verði 5 dómarar, heldur 3, eins og nú er og eins og verður fyrst um sinn, þó frv. verði samþ. óbreytt. Og það er þá alltaf hægurinn hjá hvenær sem er að fjölga dómurunum. Ég skal taka það fram, að ég er því í rauninni fylgjandi, að dómurunum verði fjölgað, en ég álít, að á tímum eins og nú verði slíkt að bíða. Hinsvegar geri ég ráð fyrir, að reyndin verði sú, að þessi viðbót bíður jafnvel þó frv. verði samþ. óbreytt, eins og telja má nokkurn veginn víst.

3. brtt. mín er við 2. gr. frv. og gengur út á það að taka upp í þessa gr. aðalinnihald l. frá 1914 um að kennarar lagadeildar komi í réttinn eftir hlutkesti dómaranna, þegar þeir forfallast eða víkja sæti. Ég vék dálítið að því við 2. umr. þessa máls, að þau ákvæði, sem eru í 2. gr. frv. eins og það nú liggur fyrir á þskj. 257, væru að mínu viti ákaflega óhentug. Þar er svo fyrir mælt, að þegar dómari forfallast eða víkur sæti, þá skuli dómsmrh. tilnefna dómara, 1, 2 eða 3, eftir því sem þörf krefur. Nú er það svo með dómsmrh., að enginn maður á landinu höfðar eins mörg eða áfrýjar eins mörgum málum eins og einmitt hann. Það er þess vegna ekki útilokað, að hann af ýmsum ástæðum, og meira að segja af pólitiskum ástæðum sé „interesseraður" í því, hverjir eigi að dæma í ýmsum af þeim málum. Það er því augljóst, að þó leitað væri með logandi ljósi um allt þetta land eftir manni, sem væri óheppilegri til þess að gera þetta, þá væri ekki unnt að finna hann. Hér er sem sagt verið að gera leik að því að gera tortryggilegt þetta vald dómsmrh. Það má líka bæta því við, að ríkisstj. á sjálf oft í málum, og það er ekki viðkunnanlegt og ekki mikið öryggi í því fólgið, að það sé einmitt aðili málsins, sem á að tilnefna 1—2 eða jafnvel 3 dómara, m. ö. o., að það getur hæglega farið svo, að sá maður, sem er beinlínis f. h. ríkisstj. aðili í máli, eigi að velja alla dómarana. Þetta er með öllu óhæfilegt, og mér er óskiljanlegt, að þetta skuli hafa getað náð samþykki meiri hl. þingsins. Og ég er sannfærður um, að þó að þetta verði keyrt í gegn nú með flokksfylgi og ofurkappi, þá líður ekki á löngu þangað til þessu verður breytt aftur. Þetta er beinlínis blettur á löggjöfinni um æðsta dómstól landsins. Ég tel, að það sé ólíkt betra að hafa kennara lagadeildar fyrir lögskipaða varamenn í hæstarétti. Það er miklu vafningaminna fyrir réttinn að geta kallað til þessara ákveðnu manna og þurfa ekki í hvert skipti að fara í ráðh., skrifa honum og leggja til með manni og bíða svo eftir bréfi frá ráðh. Þetta getur orðið til þess, að þegar um skyndilegan lasleika dómara er að ræða, verði að fresta máli. — Ég hefi breytt innihaldi l. frá 1914 dálítið með brtt. minni, á þá leið, að dómarar hæstaréttar séu sjálfráðir um það, hverja þeir kveðji til af kennurum lagadeildar háskólans. Það hefi ég gert af því, að ég tel, að það sé mikil trygging fyrir góðum dómara í máli, þegar rétturinn getur valið einmitt þann af kennurum lagadeildar, sem er kennari í þeirri grein, sem viðkomandi mál fjallar um. Ef t. d. um refsimál er að ræða, þá geng ég út frá því, að rétturinn kveðji til þann kennarann, sem kennir refsirétt í háskólanum. Og ef um eitthvert sérstakt réttarfarsfræðiatriði er að ræða, þá sé tilkvaddur sá maður, sem kennir þá grein. Ég held, að með þessu sé fengin sú mesta trygging, sem hægt er að fá í þessum efnum. Ég hefi ekki getað skilið, hversvegna gerður er greinarmunur á því í frv., af hvaða ástæðum dómarar skipa ekki réttinn. Ef dómari víkur sæti í einu máli, þá gilda aðrar reglur um val varadómara heldur en þegar dómari forfallast á annan hátt. En mér skilst, að um þetta eigi að gilda nákvæmlega sömu reglurnar.

Þá kem ég að 4. brtt., við 3. gr. frv., um það, að c- og d-liður falli niður. Þessar brtt. snerta hið svokallaða dómaraþróf. Ég fór um það nokkrum orðum við 2. umr. þessa máls og skal því ekki bæta miklu þar við, enda fann ég ekki, að þau rök, sem þá komu fram á móti dómaraþrófinu, væru önnur en þau, að ennþá hefði ekki þurft á því að halda. En allir gengu þó inn á það við 2. umr., að það hafi ekki verið hægt að viðhafa slíkt próf í byrjun, og í það eina skipti, sem nýr dómari kom í réttinn, hafi verið um mann að ræða, sem hafði kveðið upp dóma í 40—50 málum og þar af leiðandi margfaldlega leyst af hendi þessa þraut, sem þarna er um að ræða. — Og undarlegt verður það að teljast undir öllum kringumstæðum, að dómarar eiga ekki að leysa af hendi neitt próf, sem málfærslumenn þó verða að gera. Þessi breyt. á þeim reglum, sem nú gilda, getur ekki verið af öðru sprottin en því, að það sé beinlínis vilji meiri hl. þings, að stj. fái meira vald yfir réttinum heldur en hún nú hefir. Ég vil endurtaka það, sem ég sagði við 2. umr., að það er ekki hægt að fá meiri tryggingu fyrir heppilegu vali manna í réttinn heldur en þá, að bæði dómsmrh. og rétturinn þurfi að vera sammála. En það sjá væntanlega allir, að með því að gefa öðrumhvorum þessara aðilja fullan rétt er dregið úr öryggi. Eftir því, sem frv. er nú,

getur hvaða ráðh. sem er skipað í réttinn af pólitiskum ástæðum. Ég skal líka ganga inn á það, að slíkt hið sama gæti komið fyrir, ef rétturinn einn ætti að ráða. En þegar samþykki beggja þessara aðila þarf til, þá tel ég slíkt hér um bil útilokað. Það verður að muna eftir því, að dómararnir í réttinum hafa ákaflega sterka hvöt til þess að velja glöggan og góðan starfsmann til þess að vinna með sér, og það er þeim mjög sterk hvöt til að velja eftir beztu sannfæringu.

Þá kem ég að 5. brtt., við 11. gr. frv. Þessi brtt. ásamt 6.—13. brtt. er í raun og veru aðeins formsbrtt. og gengur út á það, að leiðrétta þær formsskekkjur, sem komið hafa inn í frv. við 2. umr. í Nd., og mér skilst það bezt gert á þann hátt, sem hér er stungið upp á, að segja bara, að í staðinn fyrir þessar gr., 44.—47. í l. frá 1919 og 1924, komi 8 nýjar gr., sem verður einn kafli. Og þá á að sjálfsögðu að falla niður þessi tilvísun í upphafi gr. til l. frá 1919. Ég sé því ekki neina ástæðu til þess að ræða um hverja einstaka af þessum brtt. Þær eru bara til þess að leiðrétta frv., svo að það sé frambærilegt og í raun og veru samþykkjanlegt, því eins og ég tók fram við 2. umr., er komin inn í frv. tilvísunarskekkja, sem veldur því, að ómögulegt er að setja saman l. á þann hátt, sem fyrir er skipað í þessu frv.

Um 13. brtt. er það að segja, að 19. gr. frv. má eftir mín viti alveg falla niður, vegna þess að ef 1. brtt. mín verður samþ., er búið að nema úr gildi einn kafla, svo að kaflatalan kemur til með að verða rétt.

Um 14. brtt. er í raun og veru búið að tala, þar sem ég minntist á synodalrétt. En það sér hver maður, að hann á ekki heima í l. um hæstarétt sem fyrsta efnisgr.

Þá er 15. brtt. um það, að 21. gr. frv. falli niður. Hún er óþörf, því hún er um það að breyta réttri töluröð á köflum.

Um 16. brtt., við 22. gr., er það að segja, að ég kann ómögulega við að taka upp hér í l. frá 1935 alla þá lagarunu, sem var felld úr gildi 1919. Tel ég það með öllu óþarft og óviðeigandi, því ef menn fara síðar að líta á þessi l., þá sýnist þeim, sem ekki þekkir til, að það sé nú í fyrsta skipti, sem þessi l. eru afnumin. Og eins og ég sagði við 2. umr., þá tel ég ekki hættu á því, að þessi gömlu og úreltu lagaákvæði finni upp á því að ganga aftur, þó ekki sé farið að afnema þau í annað skipti.

Ég skal svo ekki, af því ég fór svo nákvæmlega út í þetta mál við 2. umr., segja um það fleiri orð að sinni a. m. k., en bíð eftir undirtektum undir þessar brtt. mínar, þó ég verði að viðurkenna, að það sé í raun og veru búið að lýsa því yfir, að ekkert af þeim verði samþ.

Jónas Jónsson [óyfirl.]: Mér finnst ekki alveg óviðeigandi áður en þessu máli er lokið hér í d., að ég segi um það nokkur orð einmitt við suma hv. andstæðinga, sem hér eru, vegna þess að þetta mál í nokkuð stærra formi var hér til umr. í d. fyrir nokkrum árum fyrir mína tilstuðlun. Sá hluti, sem hér er til meðferðar, eru þau atriði, sem þá var barizt fyrir og mest voru aðkallandi.

Að því leyti sem hv. 1. þm. Skagf. minntist á minni háttar formsatriði viðvíkjandi frv., þá leiðir það af sjálfu sér, að þar sem hér er aðeins um bráðabirgðabreyt. að ræða og gert er ráð fyrir, að innan mjög skamms tíma komi aftur ýmsar minni umbætur á frv., þá er fyrir þreyttan að þola að bíða eftir því. Það, sem stj. þótti réttilega við eiga, var að taka kjarna deilumálsins frá 1930—1932 og bera það undir þingið eins og það nú er skipað.

Mig furðar á því, að hv. 1. þm. Skagf. skuli hafa komið fram með sum af þeim rökum, sem hann bæði við þessa umr. og við 2. umr. hefir hreyft, sem sé það, að með þessum breyt. væri verið að gera hæstarétt meira pólitískan heldur en hann hefði verið, þar sem það sé ekki rétturinn sjálfur, sem velji varadómara, heldur dómsmrh. Ég vil skjóta því til hv. þm., að ef hann hefði samþ. frv. 1932, þar sem þetta var ekki, heldur ákvæði, sem hann nú mundi telja réttara, þá hefði hann getað sparað sér þetta óánægjuefni. En af því hann, eins og margir fleiri, var lokaður fyrir hinni stóru nauðsyn að breyta hæstarétti, þá sýnist mér hann ekki geta verið mjög undrandi yfir því, þó umbótakröfur á dómstólunum gangi lengra eftir því sem þjóðin er orðin langþreyttari á því formi, sem valið var 1919 og flokkur hv. 1. þm. Skagf. hefir beitt sér mest fyrir að halda uppi.

Ég ætla ennfremur að benda á það, að enginn maður stendur í raun og veru verr að vígi að tala um þetta atriði, útnefningu pólitískra samherja, heldur en einmitt þessi hv. þm. Það er svo kunnugt, að það þarf ekki um það að tala, en þó verður rétt að tæpa á því, að hv. 1. þm. Skagf. braut þetta sjálfur svo freklega sem framast var unnt, þegar hann valdi sinn nánasta samherja, sinn stuðningsmann á þingi, sem nýbúinn var að hjálpa honum til þess að komast í ráðherrastólinn, í þetta embætti. Þessi maður hafði verið meðráðunautur hans flokks í æsingunum 1931, og þó þetta hafi annars verið merkilegur maður, þá líta allir á hans juridisku skýringar 1931 sem botnlausa vitleysu, sem aldrei eru skoðaðar öðruvísi heldur en flokksplagg, gert af greindum manni fyrir þann flokk, sem hann þá barðist með. Þetta var þá sú aðferð, sem þessi hv. þm. hafði sjálfur, þegar hann var ráðh. og valdi í réttinn. Aftur á móti hafði ég áður en stjórnarskipti urðu leitað til tveggja manna, sem eru utan við alla pólitík, þeirra Ólafs Lárussonar og Sveinbjörns Jónssonar, og reynt að fá þá í réttinn, en hvorugur þeirra óskaði eftir því, af ástæðum, sem voru persónulegar fyrir þá. Á þessu sést, hvort það hafi verið meiri ásókn af hálfu framsóknarmanna um að velja pólitíska menn í réttinn heldur en af hálfu þessa hv. þm., því ég hygg, að erfitt sé að tilgreina 2 menn í Reykjavík, sem hafa rétt til að taka þetta embætti, sem eru lausari við það að vera pólitískir baráttumenn heldur en þessir 2 menn, sem ég leitaði til og áreiðanlega mundu hafa prýtt réttinn, ef það hefði hentað þeim að skipta um lífsstöðu. Ef hv. þm. efast um, að þetta sé rétt frá skýrt

hjá mér, þá getur hann spurt þessa 2 menn um þetta, og ég hygg, að ég hafi ennþá bréf frá Ólafi Lárussyni, þar sem hann færir fram rök fyrir því, að hann geti ekki tekið þetta embætti að sér, þó hann hinsvegar gæti verið varadómari.

Það er líka annað, sem ég vildi beina til hv. 1. þm. Skagf. Þegar hann kom í stjórnina 1931, þá var Ólafur Lárusson varadómari. Segjum svo, að það hafi verið erfitt að finna ópólitíska menn til þess að taka starfið að sér; ég var nú búinn að reyna við þessa 2 menn, en á hinn bóginn var mér það ljóst, að Ólafur Lárusson var ekki sérstaklega frá því að gegna þessu starfi. Hann gerði mikinn mun á því að vera fyrst og fremst prófessor og grípa við og við inn í hæstarétt, eða vera hæstaréttardómari og skilja við háskólann. En hversvegna er það þá, að um leið og íhaldsmenn fá völdin reka þeir að þarflausu burt þann mann, sem gat sameinað þetta? Hvers vegna reka þeir hann burt? Aðeins til þess að koma að manni, sem nýbúinn var að vera meðráðunautur í því vafasamasta pólitíska máli, sem hér hefir komið fyrir. — Ég hefi aðeins tekið þetta dæmi til þess að sýna hv. þd., hvernig aðstaða þessa hv. þm. og hans flokks er í þessu máli. Hún er sú, að þeir hafa viljað hafa réttinn alveg pólitískan fyrir sig, hreinan stéttardómstól fyrir sig. Þannig er dómstóllinn búinn út frá byrjun. Það var Jón Magnússon, samherji hv. 1. þm. Skagf., sem fól Einari Arnórssyni, flokksbróður sínum, að búa til frv. 1919, sem studdist við hæstarétt Dana að mestu leyti, en ekkert var leitað til annara landa. Inn í þennan dóm setti svo Jón Magnússon 5 menn, sem allt voru pólitískir jábræður hans. Það var náttúrlega ekkert því til fyrirstöðu að láta dómaraprófið, sem nú er lagt svo mikið upp úr, koma til greina gagnvart þessum mönnum. Það þurfti ekki að setja það í l., að þeir fyrstu skyldu vera undanþegnir því. Var það til þess, að Jón Magnússon gæti valið sína skoðanabræður í réttinn? Það væri þá í stuttu máli nákvæmlega sama og segja: Jón Magnússon skal veita embætti hæstaréttar um alla eilífð.

En vitanlega var þetta hyggileg flokkspólitík hjá Jóni Magnússyni. Hann réð dóminum, en reyndi undir klóku formi að láta sýnast sem þetta væri réttlæti. Þeir pólitíkusar, sem við þetta fengust, hafa sennilega ekki vitað, að þetta var eins dæmi, að í því eina landi öðru, þar sem þetta fyrirkomulag var, var komin áköf opposition á móti því. Þeir vissu ekki, að í Noregi var þetta allt öðruvísi, og í Svíþjóð er aðeins leitað tillagna réttarins um það, hverjir eigi að skipa réttinn.

Mér finnst, að þessi flokkur, sem hefir haft dómstólinn eins og sitt uppeldisbarn, ætti að viðurkenna, að þetta var ákaflega góð flokkspólitík á sínum tíma. En það hefir verið erfitt að verja, að það væri flokkspólitík, því að rökin eru á móti. Og þess vegna hafa þeir alltaf reynt að fara á bak við þetta eins og einskonar tjald, að rétturinn væri bezt settur með því, að sá andi, sem mótaði hann upprunalega, fengi alltaf að ráða þar.

Þegar Lárus H. Bjarnason var farinn úr réttinum og ég hafði stungið upp á við annan af dómurunum tveim hlutlausum mönnum, Ólafi prófessor Lárussyni og öðrum til — og var þó ekki hægt að segja, að það væri mikil vinátta milli þeirra og mín —, þá valdi dómarinn hvorugan þessara manna, heldur einn af mest lituðu andófsmönnum minnar stjórnar. Þetta benti mér á, að þessi maður, sem er annar af tveim gömlu mönnunum í hæstarétti, væri ekki fíkinn í að fara út fyrir þann vettvang, sem Jón Magnússon setti. Hann virtist hallast að því eingöngu að tilnefna í réttinn pólitíska menn úr sínum flokki. Þó að ýmsir flokksmenn hans, eins og t. d. hv. 1. þm. Skagf., hefðu sætt sig við að fá Ólaf Lárusson, þá vildi nú þessi dómari fá pólitískan samherja sinn.

Í öðru lagi: Þetta er því alveg tilgangslaust fyrir hv. 1. þm. Skagf., að vera að halda því fram, að það sé nokkurt hlutleysi í þessu efni frá hans flokki. Það er hans flokkur, sem hefir skapað réttinn svona, og það er sá flokkur, sem hefir barizt á móti hverri breyt. á réttinum, svo að það hefir verið talin goðgá, að þangað bærist nokkrir nýir straumar.

Morgunblaðið (sem er það eina stöðuga í flokki hv. þm., það eina, sem verulega er hægt fyrir okkur andstæðingana að reiða okkur á og meta, því að það svíkur aldrei sinn málstað, svo að þegar flokkurinn tekur á sig dulklæði, þá þarf ekki annað en að sjá afstöðuna til Morgunblaðsins) hefir nú sagt, út af smámeiðyrðamáli, sem komið hefir fram í vetur gegn því, að nú ætti að fara að breyta réttinum til þess að þeir gætu tapað málinu. Þetta er eitt dæmi um ágæta hreinskilni Morgunblaðsins, því að nú sá það, að því og flokknum gat stafað hætta af svo venjulegu meiðyrðamáli, sem vanalega tapast. Nú sá þessi ágæti útvörður flokksins, að það var ekki víst, að það yrðu til eilífðar þeirra flokksmenn í réttinum, svo að nú var hætta á ferðinni. Það hefir víst verið óvart, að blaðið kæmi þessu upp, en þetta er ekki þýðingarminna fyrir það.

Ég ætla lítið að tala um opinberu atkvgr. Það leiðir af sjálfu sér, að það getur ekki verið heilbrigt, að dómararnir feli sig hver bak við annan. Það er eðlilegt, að þjóðin, sem á dómstólinn, vilji fá að vita, hvernig atkvgr. og rök falla í þessum úrslitadómi landsmanna. Sýnir því fátt betur en andstaðan gegn þessari réttarbót, hvernig íhaldið vill hafa dómstólinn. Og er þá eðlilegt, að ósigurinn, sem hv. 1. þm. Skagf. býst við fyrir sig og samherja sína, þyki þeim tilfinnanlegur, sem barizt hafa á móti hverri nauðsynlegri breyt. og hverri sjálfsagðri menningarumbót á réttinum, því að opinbera atkvgr. þýðir bara það, að rétturinn eigi þann menningarbrag og haldi uppi þeim málstað, að hann þori að kannast við niðurstöður dóma sinna og þurfi ekki að leyna þeim. En hjá þessum mönnum á þetta að vera einhver útkantur á flokksdómstóli, svo að ekki er óeðlilegt, þó að þurfi skúmaskotsaðferðir.

Mér virðist það ekki óviðeigandi, um leið og þetta mál fer nú út úr d. og verður samþ., þó að ég, sem hefi gert meira en aðrir menn til að

vekja athygli þjóðarinnar á því, að þessi dómstóll þyrfti breyt. við, reki hér dálitið sögu þessa máls. Fyrsta ástæðan til þess, að ég fór að kynna mér það, var sú, að Björn Kristjánsson gerði árás á Sambandið og gerði skipulagða tilraun til þess að eyðileggja kaupfriðinn í landinu í fyrstu kreppunni eftir stríðið. Lá þá fyrir svo glöggt dæmi um róg á milli verzlana, að það hefir aldrei legið í augum uppi, hvernig rétt væri að dæma í máli, ef ekki þá í máli Sambandsins. En svo þvældist þetta mörg ár fyrir hæstarétti að afgr. málið. Og meðan það var á döfinni, þá veiktist málafærslumaðurinn Björn Kalman af lömunarveiki og gat ekki almennilega haldið sína lokaræðu. En þá voru vissir menn í dóminum svo ósvífnir, að þeir köstuðu allri velsæmi og „chikaneruðu" þennan heilsulitla málafærslumann og réðust beinlínis á hann eins og á pólitiskum fundi. Svo var Björn Kristjánsson dæmdur til að greiða 100 kr. sekt, eins og í venjulegu meiðyrðamáli. En sekt hæstaréttar var svo greinileg þarna, að það var enginn maður í landinu í vafa um, að þetta væri rangur dómur.

Svo vill til, að það er til hér í d. í sama flokki og hv. 1. þm. Skagf. einn af málafærslumönnum þessa bæjar, sem ekki málar hlutina svo skörpum litum og ég mun gera, en dró þó ekki í efa, þegar hann tók að sér mál Tryggva Þórhallssonar, þegar Garðar Gíslason stefndi honum, að Tryggvi hlyti að verða sýknaður, því að sakargiftir voru óendanlega litlar. En hvað gerist? Hæstiréttur snýr við blaðinu á nokkrum mánuðum, sem liggja milli dóma. Hann segir: Það þarf ekki að sannast, að fyrirtæki hafi orðið fyrir skaða, heldur nægir að sanna, að það hefði getað orðið fyrir skaða. Þessi lögfræðingur, samherji hv. 1. þm. Skagf., var hissa á þessari logik. En það skipti ekki svo miklu máli. Þjóðin öll var vöknuð til vitundar um það, hvernig þessi tvö mál voru rekin. Eftir að þessir tveir dómar voru fallnir, þá var hverju mannsbarni ljóst, hvernig hæstiréttur var, að hann var flokksdómstóll. Mönnum var þetta ljóst eftir málið gegn Birni Kristjánssyni, en mönnum varð það enn ljósara eftir 5000 kr. skaðabæturnar til Garðars Gíslasonar. Eftir þessa tvo dóma var það aðeins tímaspursmál, hvenær frjálslyndir menn í landinu segðu: hingað og ekki lengra.

Upp úr þessu var svo farið að vinna að endurbótum á hæstarétti á árunum 1929—1932. Og þetta mál er nú útrætt fyrir löngu. Það er mest fyrir siðasakir, að verið er að deila um það hér. Málstaður hæstaréttar er tapaður fyrir löngu á hans eigin verkum.

Á þeirri vinnu, sem hafin var 1929—1932 til endurbóta á hæstarétti, hefir n., sem nú starfar að réttarfarsmálum, byggt tillögur sínar, og á áliti hennar verða byggðar áframhaldandi endurbætur á réttinum, sem ekki hefir þótt taka að koma fram með hér.

Það er rétt að segja frá því, að þegar flokki hv. 1. þm. Skagf. hafði tekizt að ná einum manni úr Framsfl., Jóni í Stóradal, á sitt band, og þegar Jón kom með fleyg inn í fimmtardómsfrv. hér í d., sem vitanlega varð til að eyða málinu í það sinn, þá kom gamli maðurinn, Björn Kristjánsson, hingað í þingið, settist hér í d., tók þskj., þar sem þessi svikari Framsfl. hafði sett fram till. sínar, og sagði, að þetta væri merkilegasta þskj., sem komið hefði fram lengi. (MG: Það hefir kannske verið rétt hjá honum?). Frá hans sjónarmiði sennilega, og það hefði verið vanþakklæti annað, því að hæstiréttur hafði verið honum góður og þeim, sem lifðu eins og hann. Það fór því ekki leynt, hvernig flokksbræður hv. 1. þm. Skagf. litu á þetta mál. Þeir litu á það sem sigur að geta haldið hæstarétti óbreyttum, eins og þeim tókst á þinginu 1932. Ég veit ekki, hvort þeim þykir það eins þýðingarmikið nú, þó að þeir hafi reyndar fengið marga hlægilega dóma á síðustu árum.

Ég kem nú að dóminum í kollumálinu, sem er einn af síðustu stórfrægu dómum hæstaréttar. En ég ætla þó áður að benda á, að það, sem næst hinum einhliða pólitiska blæ á réttinum hefir verið hans aðalgalli, sem sé það, hvað hann hefir verið gamaldags og menningarlega ófullkominn, verður skiljanlegt af því, hvernig hann var skipaður. Það voru menn úr þeim hópi stúdenta, sem útskrifuðust kringum 1885, lásu síðan í Danmörku, komu svo hér heim og urðu embættismenn í Suðurgötu, fóru ekkert út úr landinu, en einangruðu sig og slitnuðu úr öllu lifrænu sambandi við atvinnulíf þjóðarinnar og þær breyt., sem urðu hér eftir aldamótin. Þeir fóru, eins og ég sagði, lítið úr landi og voru þá líka miður hæfir til að gera sig skiljanlega á alþjóðamálum, ekki af því að þeir væru ógreindari en aðrir menn, heldur af því, að þeir voru aldir upp á þeim tíma, þegar málaþekking var miklu minni en nú er, þegar þessir menn höfðu yfirleitt minna tækifæri til utanfara heldur en dósentar við háskólann hafa nú, sem ekki láta þó vel yfir sinni aðbúð. Í stað þess, að það hefði verið hin fyllsta nauðsyn fyrir dómara hæstaréttar, að þeir hefðu farið utan til næstu landa og reynt þannig að bæta úr einangrun sinni, þá höfðu þeir einhvern veginn ekki auga fyrir því, þessir gömlu menn, og þeir urðu jafnvel mjög framandi fyrir breytingunum hér innanlands. Einn dómari hæstaréttar lét sér t. d. um munn fara, að æskilegt væri að geta tekið hausinn af Alþýðuflokksforingjunum. Það er óhugsandi, að sá maður hafi botnað í, að verkalýðsstéttin er ekki alveg þýðingarlaus faktor í þjóðfélaginu, ekki böl eða skaðleg eins og eiturgas. Svona nokkuð segja þó dómarar líklega ekki, nema þegar þeir eru reiðir, en reiðir menn segja heldur ekki svona, nema það hafi sinn undirbúning í hugarfari þeirra. Þessir menn, sem Jón Magnússon hafði valið í réttinn, höfðu aldrei kynnzt nema því gamla. Það var þeim því ekki sjálfrátt, þó að þeir yrðu einangraðir. Það getur verið, að þeir dæmi dóm eins og kollumálið í alvöru eða góðri trú, en þeir sjá þá bara ekki grínið í þessu, þó að aðrir sjái það. Og þó er það ef til vill heiðarlegri dómur en margir aðrir dómar réttarins, enda þótt hann muni vera einna hlægilegastur.

Ég býst við, að málafærslumönnum réttarins sé orðið þetta ljóst. Þeir fylgjast nú orðið með í straumum atvinnulífsins, og þeim hefir

hlotið að finnast það áberandi, hvað sumir dómararnir eru orðnir utan við lífið. Það er því algerður misskilningur hjá hv. 1. þm. Skagf. að halda, að við, sem óskum eftir breyt. á hæstarétti, séum að hugsa um að koma upp flokksdómstól, er eigi að notast sem einhver kvalamaskína á Sjálfstfl.

Þar sem ég hefi beitt mér fyrir, að þessar umbætur kæmust á, og hefi leitað til manna, sem ekki eru flokksmenn minir, heldur frekar flokksmenn hv. 1. þm. Skagf., þá sýnir það, að það er ekki tilgangur Framsfl. að fá flokksmenn sína í dóminn. Og ég hefi ekki ástæðu til að halda, að núv. stj. hugsi þetta frá svo þröngu sjónarmiði, að það sé tilgangur hennar. Það, sem gat verið snyrtileg framsýni hjá Jóni Magnússyni 1918, er ekki víst, að sé það nú. Þjóðin kærir sig ekki um flokksdómstól, heldur vill hún réttlátan og menntaðan dómstól. Og lífrænir flokkar hafa ekkert við slíkt áhald að gera, sem hv. 1. þm. Skagf. vill hafa hæstarétt. Þó að ég gagnrýni skipun þá á réttinum, sem hv. 1. þm. Skagf. gerði 1932, rétt eftir að hann var orðinn dómsmrh., þá er það ekki af því, að ég sjái nokkurn hlut því til fyrirstöðu, að hann skipaði flokksbróður sinn í þetta embætti, heldur hefi ég gagnrýnt hitt, að hann valdi einhvern pólitískasta flokksbróður sinn, sem hægt var að finna og gat komið til greina. Ég álít þar fyrir, að þetta hafi verið einn bezti flokksbróðir hv. þm., þó hann ynni sér litinn lögfræðisóma í þingrofsvikunni og eigi lítið hrós fyrir þá framkomu. Ég sé ekkert á móti því að inn í réttinn kæmi framsóknarmaður eða sósialisti, en ég er bara alveg viss um, að núv. stj. leitar ekki að pólitískustu mönnunum í sínum flokki í þessa stöðu, eins og hv. 1. þm. Skagf. gerði.

Áður en ég lýk við þennan kafla í ræðu minni skal ég víkja að því, að ein af þeim umbótum, sem ég vildi gera, var að hækka laun hæstaréttardómara. Ég hefi fallið frá því, sú barátta var þrálát og dálitið langt undan landi, þar sem ekki er rétt að stuðla að því, að gamlir menn lifi þarna á óeðlilega háum lífeyri. Ég viðurkenni, að dómurunum hefir verið breytni sín að ýmsu leyti ósjálfráð. Það hefir aldrei verið sýnd viðleitni í þá átt af hv. 1. þm. Skagf. eða liðsmönnum hans, að þessir menn gætu haldið lífsfjöri, fengið tækifæri til að sjá sig um o. s. frv. Af því hefði getað orðið sú breyt. á hæstarétti, að hann hefði orðið þjóðardómstóll, en hætt að vera flokkspólitískt áhald. Nú er reynt að búa svo um hnútana, að með yngsta dómaranum komi yngri menn, sem kynni sér réttarfar erlendis, og skal ég ekki telja eftir það fé, sem þarf til að viðhalda og auka slíka kynningu.

Ég ætla að minnast á annað mál, sem er að vísu óskylt, en þó nokkuð hliðstætt. Það dettur engum manni í hug, sem vit hefir á bókmenntum, að sr. Matthías hefði getað ort svo sem hann gerði fram á elliár, ef hann hefði alltaf verið kyrr á Akureyri og messað þar yfir sínum fáu sálum. Það dettur engum í hug, að við eignumst eins frægan mann og Matthías var, og jafnáhrifamikinn, nema hann fái tækifæri til að sjá sig um. Ég álít þess vegna, að sú bráðabirgðabreyt., sem hæstv. ríkisstj. fer fram á að verði gerð, muni nú ná samþykki hér í deildinni, af því að hér er nú enginn Jón í Stóradal til að halda í það gamla. (MG: Það eru aðrir ekki betri). Enginn, sem hefir staðið jafnfast á móti því eða lagzt dýpra. Ég lít á þetta sem bráðabirgðabreyt., aðeins byrjun á starfi því, sem á að vera lokið innan ekki langs tíma, að rétta fyrirkomulagið og fullkomna eftir stefnu fólksins eða meiri hl. þjóðarinnar og menningarástandið. Hefir verið reynt að bæta úr verstu ágöllunum á réttinum með frv. þessu.

Ég ætla mér ekki að blanda mér inn í deilu þeirra hv. 1. þm. Skagf. og hæstv. dómsmrh. út af því stóra atriði um varadómarakvaðningu, en mér finnst, að eitt af því, sem n. ætti að taka til athugunar sem fyrst, sé uppástunga hæstv. dómsmrh., sem var hæfilegt svar við aths. hv. 1. þm. Skagf., eins og hans fordæmi hefir verið. Þetta frv. gengur aðeins út á það að gera réttinn skýrari og varna því, að málin dragist óhæfilega lengi í meðferð réttarins, en allt þetta o. fl. kemur væntanlega til athugunar hjá þeirri n., sem fjallar um breyt. á réttarfarslöggjöfinni.

Mér finnst það eiga við í þessari umr. að minnast á niðurstöður réttarins í málinu um fuglinn, æðarkolluna, sem aldrei hefir fæðzt og aldrei dáið (MJ: Dó hann ekki af slysi?), því að hann var aldrei annað en skáldskapur, sem hefir gripið inn í okkar líf. Þá er þetta mál samt stórmerkilegt, sérstaklega þegar litið er aftur í tímann um nokkur ár og athugaðar myndir úr réttarfarssögunni. Ef hv. 1. þm. Skagf. athugar það, að þegar honum hafði tekizt með aðstoð samherja sinna að stöðva umbæturnar á hæstarétti, þá kemst hann í ríkisstj. til að setjast á fjársvikamálin við Íslandsbanka. Hann skilur ekki, að þjóðin er enn að greiða fyrir þá glæpi, en ýmsir flokksbræður hans skilja það eins vel og hinir, sem styðja núv. stj., af því að þeir finna það, þeir sjá það á vixlunum sínum og vöxtunum, er þeir greiða af lánum sínum. Ef við athugum, hvað gerðist við myndun fyrrv. sambræðslustj., hver var tilgangur og árangur hennar, þá sjáum við, að hún hefir tekið lán, smálán til að eyða á fáeinum dögum, lán, sem borgað var upp við sameiningu lánanna nú fyrir nokkrum dögum. Hún gat, þessi sambræðslustj., auk þess að viðhalda sukkinu, stöðvað umbæturnar á hæstarétti og veitt þar stöður eftir pólitískum lit. Hún gat stöðvað stærstu glæpamálin og viðhaldið og aukið réttarfarsspillinguna. Þannig var stefna og starf þessarar sambræðslustj., sem m. a. var tekinn í merkisprestur utan af landi, sem átti að vera saklaus. (MG: Var hann það ekki?). Jú, það getur verið, en hann spilltist a. m. k. fljótt af samvistunum við þennan hv. þm. í ríkisstj. Við munum eftir ofsókninni á hendur Einari á Ægi, sem stóð yfir í mörg ár og endaði á þá hlægilegu leið, að hann var farinn að taka skipin út við ströndina með berum höndunum, skipin, sem landhelgisgæzlan hafði tapað upp að ströndinni.

Það er hægt að taka mál eins og ofsóknina á hendur forstjóra áfengisverzlunarinnar, sem ofsóttur var um langt skeið og borinn þjófnaðar-

sökum. Gekk það svo langt, að ihaldið kallaði hann um skeið „rummunginn“ í blöðum sínum. Átti hann að hafa stolið frá fyrirtækinu og lagt í flokkssjóð.

Það eru til fleiri mál, sem ihaldið hefir eytt í feiknakrafti, mál, sem sumir ihaldsmenn hafa reynt að kæfa, af því þeir hafa séð, að þau voru flokknum til skammar. Það hefir komið í ljós, að duglegir menn hafa verið ofsóttir og hundeltir eins og villidýr, og jafnvel verið eytt til þess stórfé úr ríkissjóði, eins og t. d. um ofsóknamálið á hendur Pálma Loftssyni, sem var sakaður um að hafa ranga bókfærslu. En sakargiftir þær og rök, sem þessir góðu herrar komu með, voru þær t. d., að í hverju vörpukasti veiddust a. m. k. 500 þorskar, eftir að hafa eytt miklu fé til að ganga gegnum bækurnar og leita að rökunum, þá kom þessi gáfulega röksemd. Bækurnar sýndu, hvað „trollin“ höfðu verið mörg, og svo var reiknað. Þessi reikningur kostaði mikið fé, mörg þús. kr., en enginn fiskur fannst, sem Pálmi hefði stolið. Þessir menn urðu þarna hafðir að „gríni“, og þetta varð þeirra hneyksli, mannanna, sem ekki vildu breyta hæstarétti.

Þá kemur upp fuglsmálið gegn núv. dómsmrh., mál þar sem búið var að ráða ljúgvitni *til að sanna, að dómsmrh. hefði skotið „kollu“.* En það vildi bara svo illa til, að vitnin voru alltaf tvísaga, — af því þeir voru að ljúga, bar þeim aldrei saman. Eitt vitnið sagði, að kolluna hefði rekið út á sjó, annað, að hún hefði borizt upp í fjöru, eitt að hún hefði verið blóðug, og annað, að svo hefði ekki verið, o. s. frv. (**MJ**: Voru þetta þá ekki margar kollur?). Þessi málarekstur er alveg einstæður og einkennilegur að því leyti, að hann er útbúinn eins og góður sjónleikur. Ef þetta hefði verið maður, sem ekki var lögfræðingur en gat þó verið jafnvitur og menntaður, t. d. heimspekingur, þá er ekki víst, að hann hefði séð veilurnar, en af því hér átti hlut að máli vanur lögfræðingur og æfður í réttarhöldum, þá sá hann veiku punktana í vitnisburðinum og gat tætt þá sundur. Þeir, sem höfðu hugsað sér að misnota réttinn á þennan hátt, voru því afaróheppnir. Þegar svo þetta mál kemur fyrir hæstarétt, þá sannast, að það er fyrnt, þó svo að um sök hefði verið að ræða, sem alls ekki var.

Ef dómararnir hefðu verið kunnugir úti í heimi og þekkt eitthvað meira en blettinn kringum Suðurgötu, hefði þeim ekki dottið í hug að kveða upp efnisúrskurð í máli, sem var fyrnt. En þeir finna ekki til þess, að þeir eru að gera grín að sjálfum sér og þjóðinni, því þá hefðu þeir aldrei tekið málið upp til dóms. Í fyrsta lagi vegna þess, að upplýst var, að það var fyrnt. Í öðru lagi vegna málatilbúnings, og í þriðja lagi vegna þess, að í slíku máli á ekki að kveða upp dómsúrskurð, en þeir gátu ekki látið hjá liða að kveða hann upp og segja álit sitt, þó málið væri fyrnt. Þeir fara þessa leið eins og ákaflega ómenntaðir og blindaðir menn af flokksofstæki, til að fá einhverja ástæðu til að gefa Mbl. rétt í því, að kollan hefði verið drepin. Það var óhugsandi, að annað fólk en þeir, sem standa að „Stormi“, hefðu gaman af slíkum dómi. Málið var útkljáð um land allt, og það get ég sagt sjálfstæðismönnum til heiðurs og lesendum Mbl., að þeir voru orðnir leiðir á þessu máli og höfðu fyrirlitningu á því. En nú er það svo, að maðurinn, sem átti að drepa, hann fer með undirréttardóminn blaðskellandi í framboð norður í Strandasýslu, hérað, þar sem hann hafði aldrei komið áður. Og þar fellir hann einn vinsælasta og rótgrónasta þm. landsins, sem búinn var að hafa þar þingsetu í 10 ár fyrir kjördæmið. Svona var mikil og almenn óbeitin, sem menn höfðu á dómnum og ofsóknum þessum. Það hefði engum manni verið fært að fella Tryggva Þórhallsson, nema hann hefði eitthvað slíkt á bak við. (**MJ**: Kollurnar höfðu ekki atkvæðisrétt!). Það voru allir búnir að sjá, nema ihaldskollurnar hér í Rvík, að þetta var óþverramál, og það veit hv. 1. þm. Reykv., fyrrum dósent — ef ég má kalla hann svo — ósköp vel, að þjóðin var búin að dæma sinn dóm, og hún sá, að hér var farið yfir línuna. Hún skildi, að þetta var ofsóknarmál, og eitthvert illartaðasta mál, sem hér hefir verið útbúið. Og það er ekki eingöngu þetta, sem hefir gerzt, að sá, sem var ofsóttur á þennan ósvífna hátt, hefir fellt Tryggva Þórhallsson, og að hann er nú orðinn dómsmrh. landsins, *heldur hefir þjóðin líka ákveðið — eftir* að Arnljótur litli er búinn að leiða ljúgvitnin og eftir að hæstiréttur hefir sýnt sýna hlið —, að hér þarf að sjá að sér. Þjóðin hefir séð, og hæstiréttur er búinn að sýna það, að Jón sál. Magnússon var skarpskyggn 1919, þegar hann bjó til flokksáhaldið, hann hefir sýnt það, þegar hann fór að gera Stormi og þess háttar fólki þá ánægju að segja, að kollan hafi verið drepin. Ég hefði nú haldið, að þeim væri nóg að sýna karlmennsku sína með því að standa kröftuglega með sínum málstað á kjördegi, en þeir bættu við því eina hugsanlega til að gera réttinn hlægilegan. Eða svo er það a. m. k. frá mínu sjónarmiði, þar sem þeir segja, að kollan hafi verið drepin og það sé óviljaverk, vitnin höfðu sýnt, að málið var allt tilbúningur, og loks var málið fyrnt, svo ekki var hægt að kveða upp dóminn. Við verðum að gera okkur ljóst, að þetta er fullkomið grínmál, og með þessu er hæstiréttur að leggja síðasta blómið á leiðið sitt. Við lítum svo á, að málið sé fyrnt, segja dómararnir, en við lítum svo á og göngum í þeirri trú inn í eilífðina, að hann hafi drepið kolluna, en það hafi verið óviljaverk. Hvað veit rétturinn um það, hvort það var óviljaverk? Hver veit það, ef ég geng hér út við Austurvöll og hleypti af byssu út í loftið og hitti fugl, — hver getur sagt um, hvort það er óviljaverk eða ekki, að ég drap fuglinn? Annaðhvort hefir hæstv. forsrh. sigtað á kolluna eins og góður veiðimaður og drepið hana, eða hitt, að hann hefir ekki gert það. Þetta munu allir skynsamir menn vera sammála um. Þess vegna er mjög undarlegur sá dómsúrskurður, að hún hafi dáið af voveiflegu skoti, en það hafi verið fyrnt. Til þess að hv. 1. þm. Skagf. skilji betur eða fái einhverja hugmynd um álit þjóðarinnar og hvaða spor þetta mál setur í meðvitund hennar, þá get ég sagt honum, að þetta hefir ekki tilætluð pólitísk áhrif, hans flokki til framdrátt-

ar, og a. m. k. hefir yngsta dómaranum verið ljóst, að málið var fyrnt, og það hefði honum sem fyrrv. dómsmrh. líka átt að vera ljóst. Almenningur skilur það, að meiri hl. réttarins reyndi að teygja sig eins langt og hann gat til að sanna sökina, en hann gat það ekki. Hún hæfði því illa þessi eitraða ör hv. fyrrv. dómsmrh., þó hátt væri skotið, en þetta ætlast þjóðin ekki til, að hæstiréttur geri. Það er öllum ljóst, sem einhverja nasasjón hafa af menningu hér og erlendis, að þörf er á að bæta hæstarétt, og að þessar breyt. miða að því að sneiða af stærstu gallana. Ég vona, að núv. stj. takist að velja nýja menn í réttinn, sem ekki eru lakari en þeir 2 menn, sem ég ætlaði að fá í réttinn fyrir fáum árum, en vildu ekki taka það þá, — að henni takist að velja menn, sem tekst að hefja réttinn úr því álitsleysi, sem þessir gömlu menn hafa skapað. Ég skal enn taka það fram, að þeir hlutir eru þeim ekki að öllu sjálfráðir. Þeir eru innilokaðir, hafa því stirðnað upp af elli og einangrun umhverfisins. En það skiptir nú ekki svo miklu máli, því sú þjóð, sem nú lifir og starfar, ætlar ekki að að láta dæma fleiri kolludóma.

Ingvar Pálmason: Ég stend upp til þess að mótmæla staðhæfingu hv. 1. þm. Skagf. Hann sagði, að það hefði komið fram hjá meiri hl. allshn., að hæstv. stj. gerði það að skilyrði, að frv. væri samþ. óbreytt af stjórnarflokkunum. Þessi yfirlýsing hefir aldrei verið gefin, hvorki í n. eða d. Hitt benti ég á, að það væri ekki hættulaust að breyta frv., ef það ætti að geta orðið að lögum áður en þingfundum er frestað.

Því, sem hv. 1. þm. Skagf. talaði um brtt. sínar, sé ég ekki neina ástæðu til að svara f. h. meiri hl. Þessar brtt. voru fullræddar af hálfu meiri hl. við 2. umr., bæði af mér, hæstv. dómsmrh. og hv. 4. landsk., og sé ég ekki ástæðu til að fara að endurtaka við þessa umr. þær ástæður, sem þá voru fram færðar gegn þeim, þó hv. 1. þm. Skagf. fyndi ástæðu til, eins og hann sjálfur viðurkenndi, að endurtaka hér sína ræðu frá fyrri umr.

Magnús Guðmundsson: Ég er óviss um, hvort ég þarf nokkuð að tala um það mál, sem hér er á dagskrá, a. m. k. talaði hv. þm. S.-Þ. hér um bil ekkert um það, og ég er að hugsa um að hafa sömu aðferð. En ég vildi mælast til þess, að þessi hv. þm. sitji kyrr í sæti sínu meðan ég svara honum og að hann hegði sér ekki eins og þúsund títuprjónar stæðu í óæðri endanum á honum á meðan ég svara honum. Það stendur þannig á, að ég þarf engu að svara hv. 2. þm. S.-M. öðru en því, að mér kemur undarlega fyrir, að hann skuli ekki vilja viðurkenna þessa yfirlýsingu hv. meiri hl. n., sem ég minntist á. Ég er viss um að hv. form. n., sem sagði þetta við mig, að það væri ekki til neins að bera fram neinar brtt., því frv. ætti að ganga fram breytingalaust, mun kannast við það, þó hv. 2. þm. S.-M. vilji það ekki. Að öðru leyti sagði hann, að ekki væri ástæða til að svara neinu af því, sem ég sagði. Það stendur þá ósvarað, og hv. þm. hefir bara talið, að hann hefði engin rök á móti því, sem ég hélt fram.

Þá er nú hv. þm. S.-Þ. kominn í d. aftur. Hann fékk hér eitt af sínum gömlu köstum, sem eru nú upp á síðkastið að verða fremur fátíð. Hann talaði um alla heima og geima, m. a. mikið um gamla menn. Hann var að benda á dæmi um aðra menn, hvað þeir væru orðnir gamlir. En hvaða dóm hefir hann sjálfur nýlega fengið í þeim efnum. Það hefir nú komið fram einn ungur og efnilegur maður og sagt, að hv. þm. væri orðinn svo gamall, að hann ætti nú að fara að draga sig í hlé. Telur ekki hv. þm., að úr því fram er komin slík krafa, þá eigi hann þegar að verða við henni? Það er að sönnu rétt, að hann verður ekki talinn vera orðinn gamall fyrir aldur fram vegna kyrrsetu, eins og hann sagði um dómarana, því hann tollir hér aldrei á sama stað minútunni lengur. Það er eins og hann gangi með alla þessa 1000 títuprjóna í rassinum á hverju augnabliki lífs síns. (**JJ:** Ég held, að ég hafi stungið einhverju af þeim í hv. 1. þm. Skagf.). Mér finnst ég vera nokkuð rólegur, en mig undrar, að hv. þm. skyldi geta sezt þarna niður og setið víst einar tvær mínútur, og ég ætla nú að prófa, hvað hann endist lengi. (**JJ:** Ef ræðan verður góð). Hún verður ágæt, en ég efast um, að hún verði svo kröftug, að hún yfirvinni þennan ólæknandi sjúkdóm, sem hv. þm. gengur með. (**MJ:** Hann játar a. m. k., að hann þurfi „stimulans“).

Hv. þm. byrjaði á því, að þessi breyt. á hæstaréttarlögunum væri partur af þeim breyt., sem hann hefði viljað koma á hér um árið. Fór hann mörgum orðum um það, hvað málið hefði verið rækilega athugað, og gaf fyrirheit um, að það mundu koma meiri breyt. seinna. Ég held, að það hefði verið hyggilegri vinnubrögð að láta þessar breyt. bíða og taka málið í einu til þeirrar gagngerðu meðferðar, sem hv. þm. álítur þörf á.

Ég gat ekki skilið hv. þm. öðruvísi en að hann væri mér sammála um, að breytingin á 2. gr. væri til ills, því hann sagði, að ég hefði komizt hjá því að samþ. hana, ef ég hefði samþ. frv. hans 1932, þegar Jón í Stóradal gerði uppreisnina móti þessum hv. þm. Hv. þm. S.-Þ. gaf, að því er mér skildist fyrirheit um, að þetta óhafandi ákvæði 2. gr. ætti að hverfa aftur við næstu endurskoðun á hæstaréttarlögunum. En hann sagðist vel skilja, að hæstv. dómsmrh. hefði viljað koma þessu inn í lögin til þess að hefna sín á mér, af því að ég setti Einar Arnórsson í réttinn. Þessi skipun Einars Arnórssonar í réttinn varð hv. þm. tilefni til langra umr. og það merkilegasta er það, að hann er í öðru orðinu alltaf að lasta mig fyrir hana, en í hinu orðinu viðurkennir hann, að þessi dómari sé ágætlega til starfsins fallinn. Og ef hann álítur það eitt aðalskilyrðið fyrir því að geta verið góður dómari, að hafa farið oft til útlanda, þá uppfyllir Einar Arnórsson það skilyrði, jafnvel eins vel og hv. þm. sjálfur, sem alltaf er blaðskellandi til útlanda. Annars skal ég taka það fram, þó óþarft sé, að ég átti ekki upptökin að skipun Einars Arnórssonar í hæstarétt, heldur rétturinn sjálfur. Rétturinn óskaði

fyrst eftir Ólafi Lárussyni, sem hafði lengi verið í réttinum, en hann neitaði. Það kom fram í ræðu hv. þm., að hann hafði beðið Ólaf Lárusson að taka sæti í hæstarétti, og hann neitað honum líka. Ég skal ekkert segja um það, hvorn þessara manna rétturinn vildi heldur; til þess kom ekkert, úr því Ólafur neitaði, en að honum frágengnum var það Einar Arnórsson. Og álítur hv. þm. S.-Þ. að ég hefði átt að hafna Einari Arnórssyni af því hann er flokksbróðir minn. Önnur ástæða gat ekki verið fyrir hendi, úr því hann er ágætur dómari samkv. eigin játningu hv. þm. Nú hefi ég gaman af að sjá, þegar núv. valdhafar fara að skipa í réttinn, hvort þeir kasta sínum mönnum fyrir það eitt, að þeir eru flokksbræður þeirra. Það er held ég af öllum vitað um Einar Arnórsson, að það er enginn maður til á þessu landi, sem er eins vel menntaður lögfræðingur eins og hann, ekki einungis í íslenzkum lögum, heldur og í löggjöf annara þjóða, því hann hefir hvað eftir annað farið til útlanda til þess að setja sig inn í réttarfar og löggjöf erlendra þjóða. Þó hv. þm. S.-Þ. sé allur af vilja gerður til þess að skjóta að mér pólitískum örvum fyrir þessa veitingu, þá verða þær á hans boga algerlega bitlausar, því hann kemst ekki hjá því að viðurkenna í öðru orðinu hæfileika þessa manns og hæla honum fyrir dómarahæfileika hans. Svo var hv. þm. að finna Einari Arnórssyni til foráttu eitt lögfræðisverk, sem hann hefði unnið, lögskýringuna út af þingrofinu 1931. Sjálfur sagði hv. þm., að þetta væri vafasamasta pólitiska atriðið, sem komið hefði fyrir á seinni tímum. Ef svo er, þá held ég, að hv. þm. S.-Þ. sé ekki til þess borinn að taka sér einræðisvald um það, hvað sé rétt í því efni, því allir þekkja það, að hans dómgreind er gersamlega rugluð af pólitískum æsingi. Hann getur aldrei litið á nokkurt mál nema frá pólitísku sjónarmiði og gegnum sín eigin pólitísku gleraugu. Hann lítur á hvern mann eftir því, hvar hann stendur í pólitíkinni; ef hann er með honum, þá er hann ágætur, en sé hann á móti honum þá er hann alveg djöfullegur. Maður eins og Jón í Stóradal er þar gott dæmi. Hv. þm. dáði og dásamaði hann á alla lund meðan hann var í hans flokki, en nú síðan hann sneri baki við honum, telur hann Jón verri en fjandann sjálfan og að hann hafi fallið dýpra en nokkur annar, eftir því sem hv. þm. sagði í ræðu í dag. Maður, sem kveður upp slíka dægurdóma, á ekki skilið, að tillit sé til hans tekið. Sá, sem ekki kinokar sér við að fara þannig að, hann er ekki dómari, hann hefir ekki þann hæfileika, sem þarf til þess að líta óhlutdrægt á mál. Og hv. þm. S.-Þ. hefir aðeins eitt sjónarmið og það er: hvernig kemur mér þetta? Ef maður eða málefni er á móti honum, þá er það illt, — ef það er með honum, þá er það gott. Svona hefir þetta ætíð verið; hann er einsýnasti og hlutdrægasti maður, sem nokkru sinni hefir við stjórnmál átt hér á landi. Það situr því illa á honum að vera að bera hlutdrægni á aðra.

Hv. þm. sagði, að þegar ég hefði orðið dómsmrh. 1932, þá hefði ég byrjað með því að bola Ólafi Lárussyni út úr hæstarétti. Þetta er rangt. Ég skipti mér ekkert af því, beið bara eftir till. frá réttinum. Og mig minnir, að Ólafur Lárusson lýsti því yfir við réttinn, að hann óskaði eftir að vera laus þaðan, því hann þyrfti að fara að fást við annað starf, mjög umfangsmikið. Hygg ég, að hann hafi borið við lögbókarsamningarstarfinu.

Svo segist hv. þm. hafa farið til annars manns til þess að reyna að fá hann til þess að fara í réttinn, Sveinbjarnar Jónssonar, en hann vildi það ekki heldur. Var þá hv. þm. alveg uppgefinn við að fá mann í réttinn? Ég get vel ímyndað mér, að honum hafi ekki fundizt fýsilegt að fara til fleiri manna, eftir að hann var búinn að fá nei hjá þessum báðum; ég skil vel ástæðuna fyrir því.

Þá ræddi hv. þm. mjög mikið um skipun Jóns heitins Magnússonar í réttinn í byrjun, árið 1920, og lagðist þar svo freklega á náinn, að ég verð að reyna að taka dálítið málstað þessa ágæta, gamla starfsbróður míns, sem nú er látinn fyrir löngu. Ég vil í því sambandi benda á það, að þeir menn, sem hann skipaði í réttinn, voru fyrst og fremst þeir þrír menn, sem höfðu verið yfirdómarar áður. Ekki hafði hann ráðið, hverjir það voru. En hverjir voru það svo, sem hann setti að auki í réttinn? Það voru þeir Lárus H. Bjarnason og Páll Einarsson. Um þessa menn er það að segja, að þeir voru ekki flokksmenn Jóns Magnússonar, svo hv. þm. fer þar alveg með rangt mál. Það er vitanlegt, að árið 1913 skildu algerlega leiðir með þeim í pólitíkinni, Jóni Magnússyni og Lárusi H. Bjarnason. Páll Einarsson var aftur aldrei fylgismaður Jóns Magnússsonar. Ég sé því ekki, að skipun Jóns Magnússonar í hæstarétt hafi haft nokkurn pólitískan blæ á sér. En ef þessir menn hefðu verið skipaðir í réttinn í pólitískum tilgangi, hvað sannaði það? Jón Magnússon gat ekki fengið till. annarsstaðar að, og það var ekki hægt að hafa dómarapróf, því það var verið að skapa réttinn að nýju. Upp af þessu segir hv. þm. S.-Þ., að hafi sprottið pólitískur réttur. En því vill þá hv. þm. halda framvegis því fyrirkomulagi, sem hann sjálfur telur, að hafi gefizt svona illa? Hann segir, að þegar ráðh. hafa skipað í dóminn, þá hafi þeir gert það hlutdrægt, en þó vill hann, að ráðh. einir hafi vald til að velja dómara. Hvaða samræmi finnst nú hv. þm. í þessu? Svona fer nú fyrir honum, ef hann er flengdur með sínum eigin vopnum, sem hann ætlar að nota á okkur andstæðinga.

Þá talaði hv. þm. S.-Þ. mikið um Mbl., eins og hann er vanur, þegar hann fer í þennan æsing og heldur þessa ræðu, sem eiginlega er alltaf sú sama. Mbl. er hjá honum ætíð ofarlega á blaði. Nú sagði hann, að það stæði eins og klettur úr hafinu og væri, að mér skildist, bezta blað. En í ræðu hér í vetur, sem liggur óprentuð enn, man ég, að hv. þm. sagði, að Mbl. hefði snarsnúizt um sjálft sig á einum degi, af því að ég hefði borið eitthvað ofan í það austur í Ölfusi. Svona hagar nú hv. þm. sér, talar eftir því, sem á honum liggur í hvert skipti, hvort sem nokkur fótur er fyrir því, sem hann segir, eða ekki.

Þá vík ég að ákvæðum frv. um ágreiningsat-

kvæði dómaranna. Ég hefi ekki haft neitt á móti þeim ákvæðum, en ég verð að leiðrétta dálitið það, sem hv. þm. sagði þar að lútandi. Hann hélt því fram, að það ætti að vera opinber atkvgr. í réttinum. Hvar stendur það í frv.? Hv. þm. verður að þegja og horfa í gaupnir sér, því það stendur hvergi þar. Það, sem stendur í frv., er það, að fyrst er leynileg ráðagerð á milli dómaranna, og ef þeir koma sér saman, þá búa þeir til sameiginlegan dóm, en séu þeir ekki sammála og skiptast í 2 eða 3 hluta, þá býr hver hluti til sinn dóm, sem síðan er birtur í dómasafninu. Það getur vel verið, að hv. þm., sem yfirleitt þekkir lítið inn í þessi mál, haldi, að ekki séu til skjalfest í hæstarétti þau ágreiningsatriði, sem þar hafa orðið. En þau eru auðvitað til. Það eina, sem nýtt er í þessum ákvæðum, er það, að birta á ágreiningsatriðin í dómasafninu. Við það hefi ég ekkert að athuga, og ég veit ekki til, að nokkur úr Sjálfstfl. hafi nokkuð haft við það að athuga. Það er því ekki til neins fyrir hv. þm. S.-Þ. að flagga með þessu sem einhverri stórfelldri siðabót í dómsmálum hér á landi.

Annars var þessi ræða hv. þm. S.-Þ. svo löng, að mér dettur ekki í hug að reyna að svara henni orði til orðs, enda var hún ekkert um það mál, sem fyrir liggur. En ég get ekki látið hjá líða að benda á, hversu ósvífinn hv. þm. getur leyft sér að vera í garð hæstaréttar, þegar hann heldur því fram, að rétturinn hafi á meðan á réttarhaldi stóð verið að „chikanere“ ákveðinn málaflutningsmann, af því að hann hafi fengið lömunarveikina og því átt erfitt með að flytja málið. Svona dónalega ósvífni hefi ég sjaldan heyrt borna fram á Alþingi. Ég veit ekki, hvað hv. þm. hefir fyrir sér í þessu. En það, sem ég get ímyndað mér, að hann hafi tekið fyrir „chikaneri“, er það, að dómararnir beina oft spurningum til málaflutningsmannanna, sem hver málaflutningsmaður verður að vera viðbúinn að svara. Það getur hugsazt, að í þessu tilfelli hafi málaflutningsmaðurinn átt erfiðara með að svara af því hann var veikur. En að rétturinn hafi borið fram spurningar til þess að „chikanere“, því vil ég mótmæla, því eftir minni þekkingu á hæstarétti hefði engum dómaranna getað dottið slíkt í hug. Hann segir, að dómur í máli Sambands ísl. Samvinnufélaga hafi orðið til þess, að hann tók sér fyrir hendur að endurskoða alla löggjöfina um hæstarétt og leggja til, að gerðar yrðu breytingar á henni, eins og hann fór fram á við þingið 1932. Ef þetta hefir verið ástæðan fyrir endurskoðun laganna, þá má segja, að ávöxturinn hafi verið svipaður tilefninu. Annars tíndi hv. þm. upp marga dóma, sem hann taldi sig ekki ánægðan með. Þetta sýnir ekki annað en að sá dómari, sem dæmir eins og þessi hv. þm. vill, er í hans augum góður dómari, en sá dómari, sem dæmir ekki að hans skapi, er slæmur dómari. Þetta kemur líka alveg heim við hlutdrægni hans í skoðunum, svona almennt. Þessu til sönnunar má líka minna á það, að lögmaðurinn hér í Reykjavík, sem þessi hv. þm. einmitt skipaði í embættið, dæmdi eitt sinn dóm, sem hv. þm. var illa við, og þá rauk hann upp til handa og fóta og skrifaði óbótaskammir í blöð sín um dómarann. Ég segi því eins og er, að ég get ekkert tillit tekið til dóma og álits manns eins og hv. þm. S.-Þ., manns, sem ég um fleiri ár hefi þekkt hér á Alþingi og víðar að því að vera allra manna hlutdrægastur í dómum sínum um menn og málefni. Það er hreint og beint hlægilegt, að maður eins og þessi hv. þm., sem er miklu ófróðari í lögum en búast mætti við, skuli setja sig á þann háa hest að rjúka upp með rogaskammir um dómarana við hvern þann dóm, sem fellur og eitthvað brýtur í bága við skoðanir hans. Að þjóta þá jafnan með ritræpu í blöðin, eins og venja hans er, sýnir aðeins, hve algerlega hann er sneyddur allri sjálfs„kritik“.

Það var eitt í ræðu þessa hv. þm., sem var rétt, en það var það, að hann eignaði sér þetta mál, taldi það sitt eigið afkvæmi. Þó var auðheyrt, að hann var ekki ánægður með það, taldi ekki allt fengið með því, sem hann vildi fá, og lofaði því endurbótum síðar. Að þær endurbætur verði honum einum líkar, þarf tæplega að efa, því að fjórðungi bregður jafnan til fósturs.

Það er vitanlega engin ástæða til að ræða hér persónulega um dómendur hæstaréttar, eins og hv. þm. lét sér sæma að gera. Hann sagði, að þeir væru menningarsnauðir og óþroskaðir, færu aldrei utan til þess að afla sér frekari menntunar og viðsýni. Í stað þessa héldu þeir sig oftast hér suður á Suðurgötu. Hvers vegna þeir eiga sérstaklega að halda sig þar, veit ég ekki, a. m. k. er mér ekki kunnugt um, að þeir búi þar suður frá. Þegar svona langt er gengið í því að rægja menn persónulega, þá er djúpt sokkið í rógi og mannlasti. Enda munu, sem betur fer, þess fá dæmi, að menn gangi eins langt í þeirri iðju eins og hv. þm. S.-Þ. Ég minnist þess t. d. líka, að þessi hv. þm. hefir oft sagt um einn dómarann, að hann hafi farið utan á einhvern lögfræðingafund, en svo illa hafi hann verið að sér, að hann hafi ekki getað sagt eitt einasta orð á fundi þessum. Það mun vera alveg rétt hjá hv. þm., að dómari sá, sem hann mun eiga við, sagði ekki eitt einasta orð á þessum lögfræðingafundi. En af hverju? Af þeirri einföldu ástæðu, að hann kom ekki á fund þennan og gat því ekki talað þar. Hér fer því hv. þm. að nokkru leyti með rétt mál, en vitanlega alveg ósjálfrátt. Annars hélt ég, að það væru lítil rök gegn einum manni sem dómara, þó að hann hafi ekki haldið ræðu á einhverjum fundi úti í löndum. Veit hv. þm. annars, hvað margir héldu ræður á þessum fundi? Eða heldur hann, að það séu einhver sérstök meðmæli með mönnum, ef þeir geta haldið innihaldslausar kjaftaræður á mannfundum, eins og t. d. hann?

Höfuðádeilan gegn dómendum hæstaréttar, sem nú eiga bráðum að fara úr embættum sínum, var, eins og ég hefi drepið á, að þeir væru svo gamlir, að þeir hvorki sjái né skilji. Að þeir séu svo illa menntaðir, að þeir tali ekkert erlent mál og geti því ekki farið utan sér til menningar. Hvaða sanngirni liggur hér á bak við, hljóta allir að sjá. Að öðru leyti en þessum nýju svívirðingum á dómendur hæstarétt-

ar var ræða hv. þm. bara gamla ræðan hans, þar sem hann byrjaði á Morgunblaðinu, fór þaðan út í Íslandsbankamálin og endaði að tala um hæstarétt. Í umr. um hæstarétt fór hann núna jafnvel svo langt, að hann sagði, að einn dómari hefði látið orð falla í þá átt, að hann vildi helzt taka hausinn af öllum Alþfl. í einu. Ég vil nú spyrja hv. þm.: Hvaða dómari var það, sem sagði þetta? Vill hv. þm. ekki svara þessu strax? (**JJ**: Það er enginn samtalstími hér nú. Annars býst ég við að fá orðið á eftir). Máske hv. þm. vilji fá frest til að svara þessu. Ef svo er, þá mun ég fyrir mitt leyti gefa það eftir, að hann fái hann.

Það var óneitanlega dálítið leiðinlegt fyrir þennan hv. þm., eftir það sem á undan var gengið, að fara að tala um elli dómaranna, — manninn, sem nýlega var búinn að fá þann dóm hjá ungum og efnilegum menntamanni hér, að hann væri orðinn svo gamall, að hann væri þegar farinn, og að sumu leyti búinn að éta ofan í sig öll sín gömlu princip sakir elli og andlegrar hrörnunar, og það því fremur, þar sem ekki er heldur annað hægt að sjá en að hv. þm. taki þennan dóm um sig sem góða og gilda vöru, því að hann er engu farinn að svara honum ennþá. Hvað mig snertir, þá er ég ekki þeirrar skoðunar, að það, sem áfátt er um þennan hv. þm., sé sakir elli og hrörnunar, heldur er það skoðun mín, að hið óvenjulega innræti mannsins sé aðalorsökin til þess, að hann er á engan veg eins og aðrir heiðarlegir menn.

Hann heldur því fram, að þjóðin vilji hafa menntaðan dómstól, og því sé ekki um annað að ræða en láta þá dómara, sem nú skipa hæstarétt, fara, því að þeir séu svo illa menntir. Já, nú sé ég, að hv. þm. er ofraun að sitja lengur. Hann hefir nú setið kyrr í hart nær hálfa klukkustund, og er það miklu meira en ég gat búizt við. Get ég því gefið honum „komplement" fyrir rósemina. En nú getur hv. þm. ekki haldizt við lengur. Hann verður að fara að ganga á milli og hvísla og hvísla.

Það var alls ekki ætlun mín að fara að halda hér eins langa ræðu og þessi hv. þm. Get ég því gjarnan farið að ljúka máli mínu. (**MJ**: Ætlar þm. ekki að minnast á kollumálið?). Nei, út í það mál ætla ég ekki að fara frekar en önnur dómsmál, því að ég álít, að dómstólarnir eigi einir að skera úr um þau, en ekki hv. þm. S.-Þ., sem ekkert vit hefir á þeim frekar en mörgu öðru, sem hann þó telur sig þurfa að vaða elginn um.

Að síðustu vil ég leyfa mér að átelja það, úr því að hæstv. forseti gerði það ekki, hversu óvirðuleg orð þessi hv. þm. hafði um hæstv. forsrh., er hann sagði, að ráðh. hefið farið „blaðskellandi" norður í Strandasýslu í vor sem leið. (**JJ**: Hann fór líka blaðskellandi norður í Skagafjörð). Vann hann kannske sigur þar? Mér virðist þingseta mín ekki bera vott um það. (**JJ**: Já, með skömm). Það má vera; að hv. þm. kalli það, að ég hafi sigrað með „skömm", enda þótt enginn frambjóðandi í Skagafjarðarsýslu hafi áður fengið jafnmörg atkv. og ég hlaut í vor. Annars býst ég við, að það sé svo með þetta atriði eins og allt annað, sem hv. þm. S.-Þ. fer með, að það þurfi að snúa því öfugt til þess að fá það rétt út.

Umr. frestað.

Á 40. fundi í Ed., 2. apríl, var fram haldið 3. umr. um frv.

Magnús Jónsson [óyfirl.]: Ég skal játa, að ég hafði ekki hugsað mér að taka frekar til máls um þetta frv., því mér hefir alltaf komið það svo fyrir sjónir, að löggjöf sem þessi væri frekar mál fyrir lögfræðinga, sérfræðingana á þessu sviði.

En eftir að hv. þm. S.-Þ. hafði haldið hér sína ræðu sá ég, að það er vel hægt að láta ljós sitt skína hér, þó maður sé ekki lögfræðingur, því hann setti hér á langa ræðu og kom víða við, eins og hans er vandi, og gaf mönnum með því þann tón, að það mætti vel nota þessa 3. umr. málsins til þess að tala um ýmislegt, sem ekki snertir beinlínis frv., sem fyrir liggur. Annars sé ég nú, að það er alveg búinn þessi friður, sem greip hv. þm. hér í gær samkv. áskorun hv. 1. þm. Skagf. um að sitja hér á meðan talað væri við hann. Hann virðist nú aftur vera farið að svíða undan títuprjónunum. Hélt ég þó, af því að farið var í göngur eftir honum, eins og þegar stóðhrossum er smalað með hundum af fjöllum ofan, að hann mundi sitja um kyrrt svolitla stund á eftir, en það virðist ekki ætla að verða. Annars verð ég að segja það út af fögnuði þessa hv. þm. yfir því, að þetta frv. verði nú samþ., að ég er satt að segja hálfhissa, að hann skuli láta sér nægja það, sem í þessu frv. felst, því talsverðum breyt. hefir það nú tekið síðan hann bar það fram fyrst. T. d. er það eitt atriði, sem ég get vel skilið, að hann sjái eftir, eftir hans upplagi öllu, og það er, að í hans frv. var talað um, að hæstiréttur skyldi lagður niður. Hæstiréttur virðist vera hans versti óvinur, nærri því verri en Helgi Tómasson. Menn muna, að hann sagði fyrir nokkrum árum, þegar hann var sjálfur dómsmrh., að hæstiréttur fremdi justitsmorð, sem er eitthvað það ljótasta, sem hægt er að segja um nokkurn dómstól. Hefir hann þar líklega þótzt vera að styðja okkur til að halda uppi réttvísinni gagnvart erlendum sökudólgum, t. d. landhelgisbrjótum. En um slíka dóma þarf að búa þannig, að þótt þeir séu strangir, þá geti enginn efazt um, að þeir séu óhagganlega réttir. — Á meðan ráðherrar í enska þinginu standa upp og lýsa yfir því, að þeir álíti dómsúrskurði hæstaréttar alveg örugga, þá stendur hinn íslenzki dómsmrh. upp og heldur fram öðru eins og þessu. Heggur þar sá, er hlífa skyldi.

Hinar ströngu refsingar okkar gagnvart landhelgibrjótum haldast okkur uppi vegna þess, hve skilningsgóðar erlendar þjóðir eru á nauðsyn okkar í þessum efnum. Sem siðaðar þjóðir beygja þær sig fyrir þessum dómum. En það verður að kallast leikur með eldinn, er dómsmrh. lýsir réttarfari í landinu eins og þessi gerði. Það er alkunnugt af greinum, sem hv.

þm. hefir skrifað, að það er eins og hann áliti, að ekki hafi til verið réttarfar í landinu fyrr en Bergur Jónsson kvað upp dóm þann, er hann nefnir þar í sambandi við æðra siðgæði. Þetta er nú sá maður, sem um árabil átti að halda uppi okkar sóma í þessum málum.

Þá hefir ekki nafnið á réttinum átt upp á pallborðið hjá honum, fremur en annað í sambandi við hann. Hann vildi t. d. taka upp heitið lögmaður fyrir allt annan starfa en áður var við það heiti bundinn. Sama er að segja um fimmtardómsnafn hans. Það getur ekki átt við um hæstarétt, því að fimmtardómur var ekki æðsti dómstóll landsins að fornu.

Hv. þm. virðist stefna að því, að dómurinn verði eins pólitískur og unnt er, vegna dómaranna. Ég er nú reyndar ekki eins hræddur við þetta og margir aðrir, því að ef dómaraembættin eru ekki skipuð tómum fíflum eða illmennum, finnst varla nokkur maður, sem ekki fyndi til ábyrgðartilfinningar, þegar hann væri kominn í dómarasætið. En aðalbreytingin, sem farið er fram á, er þó óneitanlega allháskaleg, sem sé sú, að pólitískur ráðh. á að skipa dómara í réttinn, og er það eitthvað það óheppilegasta, sem hægt er að finna upp á. Þá eru það vissulega dálítið einkennileg vinnubrögð, að þegar búið er að skipa n. til að gera till. um skipun þessara mála, og meðan hún er ekki búin að ljúka störfum sínum, að fara þá að keyra í gegn löggjöf um þetta. Það er raunar ekki um það að fást, þótt einn undarlegur maður beri fram slíka hluti sem þennan. Einkennilegra væri, ef meiri hl. Alþingis léti hafa sig til að samþ. slíkt.

Hv. þm. undirbyggði meðmæli sín með frv. þannig, að einn ráðh. hefði á sínum tíma komið ófærum mönnum í réttinn. Ráðh. skulu framvegis skipa menn í dóminn, af því að einn hefir einhverntíma gert það á ófæran máta. Ég skal ekki ganga inn á það efnislega í þessari röksemd. Jón Magnússon var andstæðingur Jónasar Jónssonar, og hafði Jónas lýst honum þannig í skrifum sínum, að bóndi einn, sem sá Jón á fundi, furðaði sig á því, að hann skyldi vera í manns mynd og ekki hafa horn og klaufir. En látum það vera, að það væri rétt, sem hv. þm. sagði um misbeitingu Jóns Magnússonar á valdi sínu. Þá lýsir hv. þm. ágætlega innræti sínu með því að þykja þetta eitt fyrirmyndarvert í fari Jóns Magnússonar. Með þessa mynd af Jóni í huga hugsar hann sem svo: Þetta skal ég reyna að gera, svona á að skipa dóminn og ná valdi á hæstarétti undir pólitíska ráðh. Þá fóru fimmtardómsfrv. að verða til.

Lýsingar hv. þm. á æðsta dómstóli ýmsra þjóða voru ærið hlægilegar. Þó að ég sé ekki sérlega kunnugur þessum hlutum, þótti mér kátlegt að heyra útlistanir þessa manns, sem hefir ekkert vit á dómaskipun eða hugmynd um það, hvernig dómar eru skipaðir annarsstaðar. Hann hefir hvað eftir annað haldið því fram, að þegar Einar Arnórsson samdi frv. að hæstaréttarl., hafi hann gert það af einstakri vanþekkingu og ekkert vit haft á þeim málum. Sjálfur þykist hann hafa stúderað þessi efni og byrjað á því, þegar Sambandið höfðaði málið á móti Birni Kristjánssyni. Þessar stúderingar báru svo þann árangur, að hann vissi strax margfalt meira en nokkur þeirra manna, sem ekki hafa annað gert en að kynna sér þessi mál. Við að stúdera þetta varð hann svo sprenglærður í þessu sem fimmtardómsfrv. hans bera vitni um, en sögu þeirra ætla ég ekki að fara að rekja hér. En það, sem hann byggir allt þetta á, var eitt einstakt mál og úrslit þess í hæstarétti. Sambandið tapaði málinu gegn Birni Kristjánssyni, og rétturinn varð sekur, samkvæmt orðalagi hv. þm. Hann sagði, að réttinn hefði kastað hanzkanum framan í allt frjálslyndi í landinu.

Ég hefi sjálfur tapað máli fyrir hæstarétti. Mér fannst reyndar dómurinn nokkuð vafasamur, eins og öllum finnst, sem tapa máli, en mér fannst ekki rétturinn þar með kasta hanzkanum framan í allt frjálslyndi. Allir, sem málum tapa, eru óánægðir með dómsúrslitin. En einmitt þess vegna er nauðsynlegt, að rétturinn sé öllum óháður og þannig skipaður, að dómarar séu óafsetjanlegir og algerlega einangraðir frá pólitík. Ef í hlut eiga fantar, sem ráða yfir voldugum pólitískum blöðum og stórum verzlunarfyrirtækjum, þarf á öllu að halda til að tryggja það, að rétturinn þori að kveða upp sanna dóma yfir slíkum mönnum. Aðrar þjóðir hafa einmitt búið þannig um dómstóla sína. Þegar ég var í Bandaríkjunum, voru þar allir dómarar kosnir af kjósendum. Rétt áður en ég kom þangað hafði réttur einn kveðið upp áfellisdóm yfir stóru kirkjufélagi. Dómararnir féllu náttúrlega allir við næstu kosningar.

Mér skildist hv. þm. vera fjarri því að viðurkenna þessa reglu, að einangra bæri dómara frá pólitík. Hann taldi það þeirra mesta galla, hvað þeir væru einangraðir. Þeir áttu að vera eins og útspýtt hundskinn um allar jarðir. Þeir áttu að kunna meira í útlendum málum, vera meira erlendis og tala þar á fundum. — Annars er það skringileg krafa, að hver og einn eigi að taka til máls á þessum fundum, sem sóttir eru af mörgum hundruðum manna og standa oftast ekki nema í 2—3 daga. Það er undarlegt, að hv. þm. skuli láta sér detta í hug að blanda þessu saman við það, hvort hæstiréttur eigi sér tilverurétt eða ekki, að honum skuli detta í hug að færa það sem rök gegn hæstarétti, að einn dómari hans hafi komið á fund í útlöndum og ekki tekið til máls. Út af þessu lagði hann svo í ábyggilega yfir fjórðung stundar (ég fylgdist með tímanum). Ef ráðh. skipaði þessa dómara, yrðu þeir víst eitthvað öðruvísi, fyrirtak í tungumálum, síblaðrandi á öllum fundum o. s. frv. Það eru frá hans sjónarmiði þeirra æðstu kostir.

Annars er það að segja um einangrun dómara, að hún er aðalatriði, og ætti það atriði að koma til greina víðar. Mig minnir, að Plató, sem hugsaði mikið um ríkið, hafi viljað láta ala upp ákveðna menn til að vera ráðamenn þjóðfélagsins, veita þeim öll skilyrði til, að þeir gætu sem bezt ráðið ráðum og einangra þá síðan gersamlega. Ef tryggja á óhlutdræga dóma um hvert mál, þá er þetta rétt. En þetta getum

við ekki gert í praksis. Það hefir verið gert um hæstaréttardómara, eftir því sem hægt er.

Ég held, að það sé nærri því einsdæmi hér nærlendis, að slíkum orðum hafi verið farið um nokkurn dómstól sem hv. þm. fór um hæstarétt. Ein dauðasök þessara dómara var sú, að þeir væru alltaf að þvælast í Suðurgötu. Enginn þeirra á þar víst heima, og aldrei hefi ég mætt neinum þeirra þar. Skil ég ekki, hverju þetta sætir, nema hér komi í ljós vilji hv. þm. *til að láta þá alltaf vera á leiðinni suður í* kirkjugarð, að þetta sé orðið að „fiksri ídeu", að flugu á heila hans, að vilja þessa dómara feiga.

Til sönnunar því, að dómarar ættu að sigla, tók hann dæmi af Matthíasi Jochumssyni og sagði, að hann myndi ekki hafa ort svo mörg góð kvæði, ef hann hefði ekki siglt. Ég veit nú ekki, hversu vel Matthías hefði dugað sem dómari. Það er sjálfsagt gott og blessað yfirleitt, að menn fari utan. En þetta dæmi sannar ekkert í því máli, sem hér um ræðir. Matthías átti ekki að dæma dóma, heldur yrkja. Og ef dómararnir ættu að yrkja um hvert mál grínkvæði, þá væri vafalaust gott, að þeir væru alltaf að sigla.

Eins og ég sagði áðan, er ég ekki eins hræddur við það og margir aðrir, að ráðh. skipi dómarana, því að þótt ráðh. skipaði þá eingöngu eftir pólitískum lit, sem ég er ekki viss um, að alltaf yrði, þá er ekki víst, að þeir færu alltaf að vilja ráðh., eins og sést á dæmi um héraðsdómarann í Reykjavík, sem þessi hv. þm. skipaði á sínum tíma, þó að hann dæmi svo öðruvísi en hann vildi. Ástæðan til þess, að menn eru svo hræddir við, að ráðh. skipi þessa embættismenn, er sú, að hv. þm. var dómsmrh. hér um árið og beitti þá valdi sínu þannig, að síðan er það orðin ægileg grýla, að ráðh. skipi dómara, en áður var enginn hræddur við það. Mönnum datt ekki í hug, að nokkur maður myndi hafa hug á að ná æðsta dómstól landsins undir sig.

Mér þykir slæmt, að hv. þm. flýtti sér út, *rétt áður en ég byrjaði að tala*. Ég ætlaði að reyna að „húkka" í hann, en það tókst nú ekki. En mig langaði til að spyrja hann, hverjir ættu að setjast í réttinn. Honum virtist vera fullkunnugt um það, því að hann fullyrti, að núv. stj. myndi skipa mjög ópólitískt í réttinn. Ef hann veit það, hlýtur hann líka að vita, hvaða menn hafa verið útséðir til að taka sæti í réttinum — sé þetta þá ekki tómt blaður hjá honum. Þær upplýsingar gætu haft áhrif á afstöðu manna til frv.

Þá hafði ég gaman af að heyra það, að eftir að búið væri að koma pólitískum mönnum í réttinn, þá yrðu laun þeirra að hækka, þegar búið væri að bola þaðan hinum gömlu mönnum, sem ekki töluðu tungumál. Ég hefði haldið, að það væri þvert á móti, dómarar þyrftu þá ekki á eins góðum launum að halda. Hv. þm. virðist álíta, að bezt sé, að dómarar séu að snúast í sem flestum málum, og að þeir tækju þá auðvitað líka þátt í pólitík, þar sem einangrun er þeim svona skaðleg. Er þá minni ástæða til að hækka laun þeirra, því að þeir hafa þá tækifæri til að afla sér tekna með öðrum störfum. En eins og nú er ásatt er full ástæða til að launa þá ríflega, þar sem þeim er alveg bægt frá öðrum störfum. [Frh.].

Umr. frestað.

Á 41. fundi í Ed., 3. apríl, var enn fram haldið 3. umr. um frv.

Magnús Jónsson [frh.]: Það er orðið svo langt síðan ræðan var flutt, sem ég var að svara með ræðu minni í gær, að ég get að mestu fallið frá því, sem ég ætlaði að segja. Ég ætla þó að minna á umr. hv. þm. S.-Þ., er hann hóf um kollumálið, eða lagði út af í löngum kapitula. Mér virtist röksemdafærsla hans, ef nokkur brú var í henni, vera á þessa leið: Í fyrsta lagi var engin æðarkolla til, í öðru lagi skaut Hermann Jónasson aldrei neina æðarkollu, og í þriðja lagi var það óvart, að hann skaut hana. Það er auðvitað ekki til neins að vera að ræða mál, þegar þau eru tekin á þennan máta.

Hv. þm. talaði mikið um vitnaframburðinn. Mér finnst, að hann ætti ekki að vera að rifja það mál of mikið upp. Það hafa farið svo orð af ýmsum vitnaleiðslunum, sem hann sjálfur átti þátt í, að honum kæmi bezt að rifja það ekki upp eða vera neitt að nefna það. En manni virtist sönnunin fyrir því, að æðarkollan hefði aldrei verið til, vera sú hjá hv. þm., að sumir hefðu sagt, að hún væri á sjó, aðrir, að þeir hafi séð hana á landi, sumir hafi séð hana blóðuga, aðrir stirðnaða. Mörgum hefði nú orðið fyrir að draga þær ályktanir af öllu þessu, að æðarkollan hafi ekki verið ein, heldur hafi þær verið margar. Ef ég hefi séð mann skjóta æðarkollu á landi og annan á sjó, þá er auðvelt að draga þær ályktanir, að það hafi verið kolla á sjó og kolla á landi.

Ég fer ekki lengra út í þetta, en þó verð ég að minnast á eitt atriði, sem hv. þm. S.-Þ. taldi sönnun fyrir því, að maður hefði verið hafður fyrir rangri sök í máli. Og sönnunin var sú, að sami maður hefði nokkru síðar verið kosinn þm. í einu kjördæmi á Íslandi. Mér skildist hann hefði verið kosinn fyrir kollumálið. Og það var helzt að heyra, að sami maður hefði líka orðið forsrh. fyrir það, og ekki haft annað sér til ágætis en hafa verið hafður fyrir rangri sök. Hans einu kostir hefðu verið að vera borinn þessari sök. Aðalástæðurnar til þess, að hann varð bæði þm. og forsrh., urðu því þær, að hann skaut kolluna. En ef hér er fólgin einhver sönnun fyrir því, að málsstaður mótstöðumanna hv. ráðh. hafi verið vondur í þessu máli, þá hefir hv. þm. S.-Þ. sannað fleira en hann ætlaði sér að sanna.

Hv. þm. man kannske, að rétt áður en hann vék úr ráðherrasessi höfðaði hann sakamálarannsókn gegn hv. 1. þm. Skagf., og núv. forsrh. dæmdi síðan í því máli óþægilega frægan dóm. Og hvernig varð svo reynslusönnunin í þessu máli? Tveim eða þrem dögum eftir að hv. þm. S.-Þ. skipaði sakamálarannsóknina, var Magnús Guðmundsson kosinn þm. í Skagafjarðarsýslu með miklu meira atkvæðamagni en áður.

Ef hv. þm. S.-Þ. hefir sannað sakleysi Hermanns Jónassonar í kollumálinu með því, að hann var kosinn á þing, þá hefir hann um leið sannað sakleysi Magnúsar Guðmundssonar. Það þýðir ekki að koma með rök, sem eiga bara að gilda í einu tilfelli, en ekki öðrum. Ég legg engan dóm á, hvers virði svona rök eru, en þau ættu að gilda jafnt fyrir alla. — Svo vil ég ekki orðlengja þetta frekar, né þreyta lengur málið.

Pétur Magnússon: Ég get gert grein fyrir afstöðu minni í fáum orðum. — Því hefir verið haldið fram af hv. þm. S.-Þ., og verið tekið undir það af hv. 1. þm. Skagf., að þetta frv. sé sama eðlis og það, sem lá fyrir Alþ. á árunum 1930—1933, eða fimmtardómsfrv. Ég get ekki fallizt á, að þetta sé rétt. Ég álít þetta frv. vera annars eðlis.

Athyglisverðast við fimmtardómsfrv. var það, að þar var gert ráð fyrir að leggja hæstarétt niður. Síðast var þetta þó aðeins orðið teoretiskt atriði, því að ákveðið var, að dómarar þeir, sem sátu í hæstarétti, skyldu eiga sæti í hinum nýja dómstóli. En samt, þó að það væri ekki annað en teoretiskt atriði, þá var það alvarlegt, óskynsamlegt og hættulegt í löggjöfinni. Það gat verið hreinn voði fyrir þjóðfélagið, ef löggjafarvaldið gæti tekið æðsta dómstól landsins og gert hann að leiksoppi pólitískra flokka. Þessu atriði var barizt harðast á móti af mér og öðrum. Í þessu frv. er engin slík ráðagerð, af skiljanlegum ástæðum, því að sá maður, sem er dómsmrh. nú, ber skyn á starf sitt og veit, hvað hann er að gera. Hann ber þá virðingu fyrir starfi sínu að hann fer ekki fram á slíka óhæfu sem fyrirrennari hans, hv. þm. S.-Þ., ætlaði að gera á sínum tíma. Tillögur hans um dómstólinn voru sennilega meira sprottnar af því, að hann bar ekki skynbragð á starf sitt, af þekkingarleysi hans og dómgreindarleysi, heldur en hinu, að hann ætlaði sér að gera illt með þeim. En það getur aldrei farið vel, þegar menn taka að sér störf, sem þeir hafa enga þekkingu á eða vitsmuni til að leysa af hendi.

Á ýms önnur ákvæði þessa frv., sem eru samhljóða fimmtardómsfrv., verður nú litið öðrum augum en áður, af því að dómsmrh. sá, sem nú situr, er síðaður maður. Á ég þar fyrst og fremst við ákvæði 3. gr. og 2. gr. frv.

Sum nýmæli frv., t. d. ákvæði 1. gr. um dómarafjölgunina, þar sem a. m. k. í orði kveðnu er heimild til að fjölga dómurunum upp í fimm, álít ég vera til bóta. Ég hefi haldið það vera styrk fyrir réttinn, að dómarar væru fleiri en nú. Ég játa þó, að óviðkunnanlegt er, að það skuli komið undir fjárveitingarvaldinu, hvenær dómurunum verður fjölgað. Fyrst lögin mæla svo fyrir, að dómarar skuli vera fimm, þá er óhjákvæmileg afleiðing, að það verði ætlað fé til launa þeirra. Ég hefði því kunnað betur við, að ákvæði síðustu gr. frv. (22. gr.), „dómarar skulu þó aðeins vera 3 þangað til fé er veitt í fjárlögum til fjölgunar dómurum“, hefði verið fellt burtu, svo að dómarafjölgunin kæmi strax til framkvæmdar. En það má segja, að þetta sé ekkert höfuðatriði. Rétturinn er skipaður af jafnmörgum dómurum og síðustu ár.

Um dómaraprófið ætla ég ekki að ræða; ég hefi talað svo oft um það áður. Ég játa, að í höndum sæmilegs dómsmrh., sem ber virðingu fyrir sér og stöðu sinni, er það lítt hættulegt, þó að dómaraprófið falli niður. Ég álít þetta ákvæði hæstaréttarlaganna vera aðeins aðhald fyrir dómsmálastjórnina, að senda ekki til prófs aðra en þá, sem fyrirfram er nokkurn veginn víst um, að standist prófið. Og ég held varla, að nokkur stjórn myndi senda til prófsins aðra en þá, sem stæðust það. Og ég er líka sannfærður um, að svo framarlega sem í sæti dómsmrh. situr maður, sem vill gera rétt og sjá til þess, að æðsti dómstóll landsins sé þannig skipaður, að þaðan megi vænta réttlátra dóma, þá skipar hann ekki annan í dómarasætið en þann, sem stæðist prófið. Aðeins í því eina tilfelli, að landið hendi slík ógæfa, að í embætti dómsmrh. veljist misindismaður eða fáráðlingur, getur orðið hætta af afnámi prófsins. Ef dómsmrh. er svo gerður, að hann hefir annað sjónarmið en það að fá hæfasta mann í starfið, getur komið fyrir, að í hæstarétt veljist menn, sem ekki eru færir um að taka á sig jafnábyrgðarmikið og vandasamt starf sem það er að kveða upp endanlega dóma.

Ég verð því að segja, að þessi breyt., að afnema dómaraprófið, er til hins verra. Ég álít það hollt og heppilegt fyrir stj. að hafa aðhald það, sem í dómaraprófinu felst, án þess að ég haldi, að hér sé stór hætta á ferðinni. Sú hætta er einungis, ef óhæfur maður skipar sæti dómsmrh. Það hefir komið fyrir, og það getur orðið aftur, en þó er vonandi, að þjóðina hendi ekki sú ógæfa með stuttu millibili, að í sæti dómsmrh. veljist maður eins og hv. þm. S.-Þ.

Þá má segja, að til spillis sé það ákvæði, sem kom inn í frv., að dómsmrh. tilkveðji varadómara í réttinn í stað þess, að nú eru lögákveðnir lagaprófessorar við háskólann. Það hefir verið bent á það af hv. 1. þm. Skagf., og ég þarf ekki að endurtaka það, að sú hætta felst í þessu, að dómsmrh. getur oft haft áhrif á það, hvaða menn sitja réttinn, líka í málum, sem varða hann persónulega eða sem dómsmrh. Þetta er allmjög athugavert, þó ég játi eins og áður, að í höndum sæmilegs dómsmrh. er það ekki stórhættulegt. Það er ekki hægt að gera ráð fyrir, að dómsmrh., sem vill rétta niðurstöðu málanna, taki þá í réttinn, sem sízt eru hæfir til starfsins, heldur hina, sem hann telur hæfasta. Ég get þó sagt sama um þetta nýmæli og það fyrra, að ég álít það til spillis, því að ég hefi ekki komið auga á líklegri menn til þess að taka varadómarastarfið að sér en lagakennarana við háskólann.

Annað atriði, sem bent var á af hv. 1. þm. Skagf., er naumast hægt að telja nýmæli í frv., að gert er að skyldu að prenta ágreiningsatriði í dómunum. Eftir l. nú er heimild til þessa, en eftir frv. á það að verða skylda. Ég álít það heppilegt, að ágreiningsatriðin komi alltaf fram, og sé því breytingin til bóta, en þó ekki af þeim ástæðum, sem hv. þm. S.-Þ. hélt fram, að þetta væri siðferðislegt aðhald fyrir

dómarana, svo að þeir væru í minni hættu að víkja frá sannfæringu sinni. Þetta er vitanlega mesti misskilningur, enda hefir opinber atkvgr. hvergi verið rökstudd á þann veg. Þvert á móti hefir það verið fært fram sem rök á móti henni, að dómararnir hefðu frekar tilhneigingu til að látast vera sammála, ef atkvæðin væru birt. En einu rökin fyrir þessu eru þau, að það er lærdómsrikt, einkum fyrir lögfræðinga, að sjá atkv. þess dómara, sem orðið hefir í minni hluta. Og þegar breytingar verða á réttinum við mannaskipti, þá líta nýju dómararnir á, hvernig fyrirrennarar þeirra hafa dæmt, þó þeir séu í minni hluta, eða hafi verið.

Það getur vel komið fyrir, og hlýtur hver maður að skilja, að hversu vandaður sem réttvirinn er í dómum sínum, þá getur minni hl. haft betri rök eða jafngóð fyrir sínum málstað eins og meiri hl., af þeirri einföldu ástæðu, að allir menn eru ófullkomnir og öllum getur yfirsézt.

Ég hefi nú stuttlega gert grein fyrir skoðun minni á þeim ágreiningsatriðum og nýmælum, sem eru í frv. þessu og mestur styr hefir staðið um, en ég álít, að fullmikið hafi verið gert úr þeirri hættu, sem af því mundi stafa að samþ. frv. þetta. Ég er heldur á móti því, að dómaraprófið sé fellt niður og að ráðh. hafi valdið um kvaðningu dómara í réttinn, en ég álít þetta alls ekki stórhættulegt.

Hv. þm. S.-Þ. er ekki staddur hér í d. fremur venju. En hann fór hér í þessum umr. sömu leiðina og hann er vanur gagnvart hæstarétti. Hann jós úr sér óbótaskömmum og sagði berum orðum, að dómararnir hefðu vísvitandi dæmt ranga dóma, og reyndi að henda gaman að réttinum og gera hann hlægilegan. Ég ætla mér ekki að fara að rökræða við þennan hv. þm. um þessa hluti, því það er ekki hægt, þar sem hann ber ekki skyn á þá. Það á ekki að deila um lögfræði við börn, og ekki heldur fullorðna menn, sem eru „börn í lögum“ og auk þess „litblindir á allt velsæmi“. En ég vil minna hv. d. á það, að hæstiréttur hefir hlotið þann dóm hjá öllum skynbærum mönnum, sem um það hafa talað, að hann hafi leyst starf sitt betur af hendi en nokkur gat búizt við, þegar æðsta dómsvaldið var flutt heim. Var þá nokkur uggur í mönnum, að þjóðin ætti dómhæfa menn, því hér vantaði menn með dómaraæfingu, þó að þekkingin væri nægileg. Ég ætla ekki að segja, að hæstiréttur sé óskeikull, — því dettur mér ekki í hug að halda fram, og ég efast ekki um, að hæstarétti í öllum löndum hefir yfirsézt. En hitt er ég ekki í nokkrum vafa um, að dómar hæstaréttar hafa verið vel undirbyggðir, og annað er ekki hægt að segja með réttu en að menn hafa með öryggi mátt leggja mál sín undir réttinn. Ég vil líka minna á ummæli lögfræðiráðunautar eins stórveldis álfunnar, sem fékk til meðferðar einn — ekki óverulegasta — þáttinn úr dómum hæstaréttar, sem voru dómar í landhelgismálum fram til 1933. Hann segist hafa fengið hina mestu virðingu fyrir réttinum, og dómar hæstaréttar hafi verið eins og hann mundi sjálfur hafa dæmt. Ég verð að segja, að þessi ummæli eru meira virði og meira mark takandi á þeim en sleggjudómum hv. þm. S.-Þ., sem að vísu eru skiljanlegir út frá því, að hann vill ekki, að hæstiréttur kveði upp rétta dóma, og er því óánægður með dóma hans. Hann sýndi það bezt, þegar hann var dómsmrh., að honum var annara um eitthvað annað frekar en vandaða dóma. Hann fékk mann til að vinna að dómarastörfum, sem ekki var orðinn fær um það vegna andlegs heilsubrests, og kvað svo ramt að, að úr varð ævarandi hneyksli og skömm fyrir íslenzkt réttarfar.

Í áframhaldi af skömmum þessum fann hann einnig ástæðu til að ráðast að einum merkasta þm., sem um langt árabil átti hér sæti í þessari hv. deild. — Jóni Jónssyni frá Stóradal —, og hann skammar þennan mæta mann af nákvæmlega sömu ástæðu og hann skammar hæstarétt, af því að hann þolir ekki réttdæmi. En Jón frá Stóradal mat meira sannfæringu sína en flokksfylgi, og þó svo hafi verið, að hann hafi af þeim sökum tapað kjördæminu, þá ætla ég, að hann megi vel við una að tapa kjördæminu fremur en að missa æruna með því að láta flokkshagsmuni ráða meiru en sannfæringu sína. Það er alveg af sama toga spunnið, þegar þessi hv. þm. skammar hæstarétt og þennan fyrrv. þm. Það er af því, að hann þolir engum manni að breyta rétt.

ATKVGR.

Brtt. 314,1 felld með 9:6 atkv.
— 314,2 felld með 9:6 atkv.
— 314,3 felld með 9:6 atkv.
— 314,4 felld með 9:6 atkv.
— 314,5 felld með 9:6 atkv.
— 314,6 felld með 9:6 atkv.
— 314,7—15 komu ekki til atkv.
— 314,16 felld með 9:6 atkv.

Frv. samþ. með 9:5 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 376).

36. Rannsóknarstofnun Háskóla Íslands.

Á 25. fundi í Nd., 11. marz, var útbýtt:

Frv. til l. um rannsóknarstofnun í þarfir atvinnuveganna við Háskóla Íslands (þmfrv., A. 102).

Á 28. fundi í Nd., 14. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Frsm. (Héðinn Valdimarsson) [óyfirl.]: Á síðasta þingi var lagt fyrir d. frv. um atvinnudeild við Háskóla Íslands og rannsóknarstofnun í sambandi við hana. Málið var ekki útkljáð þá. Umsagna hinna og annara var leitað um frv. og flestir óskuðu nokkuð annarar skipunar á því en þá var. Síðan hefir atvmrh. falið skipulagsnefnd atvinnumála að semja þetta frv., og er það flutt hér að tilhlutun atvmrh. af meiri hl. allshn. Hv. minni hl. n. gat ekki orðið sammála meiri hl. um frv. og flytur hér annað mál, sem er næsta mál á dagskránni.

Um þetta frv. vil ég geta þess, að um það hafa fjallað þeir menn, sem helzt hafa fengizt við vísindalegar rannsóknir, og samkomulag hefir náðzt um það við háskólaráð, á þeim grundvelli, að háskólinn leggi fram fé til byggingar rannsóknarstofnunar, ef frv. þetta verður samþ. Meiri hl. allshn. leggur því mikla áherzlu á, að frv. fái fljóta afgreiðslu, því að ef þetta frv. verður að l. nú þegar, má gera ráð fyrir því, að byrjað verði á rannsóknarstofnuninni á komanda hausti og lokið á næsta vetri, og getur hún þá tekið til starfa í nýjum húsakynnum á næsta vori.

Það hefir lengi þótt nauðsynlegt að setja á stofn rannsóknarstofu fyrir atvinnuvegina, og sérstök l. hafa verið sett um það efni, en ekki framkvæmd nema að litlu leyti. Við þau l. hefir verið stuðzt, þegar frv. þetta var samið, og tekið upp úr þeim ýmislegt, eins og það t. d., að notið yrði aðstoðar ýmsra embættismanna ríkisins, er unnið gætu vísindaleg störf fyrir landið. Auk þess hefir verið steypt saman í eina heild þeim rannsóknarstofnunum, sem nú eru, svo að talizt gæti sem fullkomnast fyrir atvinnuvegina, sem eru fiskveiðar, iðnaður og landbúnaður. Iðnaðardeildinni er ætlað að vera aðaldeildin, vegna þess að hún á að taka að sér ýms hlutverk, sem fyrst og fremst beint snerta iðnaðinn, en einnig landbúnað og sjávarútveg, t. d. efnagreiningar o. fl. slíkt. Í þessu frv. er ekki gert ráð fyrir því, að skipa þurfi alla þá menn, sem ætlazt er til, að starfi við stofnunina, undir eins, heldur megi bæta við, eftir því sem fjárhagur leyfir, og jafnvel í þeim fögum, sem íslenzkir menn hafa ekki enn kunnáttu til að starfa, megi fá erlenda menn um stundarsakir. Hér er safnað saman í eina heild öllum atvinnugreinum. Er sérstaklega ætlast til þess, að hægt verði að vinna að rannsókn búfjársjúkdóma. Það þótti ekki fært að hafa það með rannsókn mannasjúkdóma, heldur ætti það að heyra undir rannsóknirnar í þágu atvinnuveganna, enda hefir byggingin, sem þessar rannsóknir hafa farið fram í, verið sérstaklega gerð til að láta fara þar fram rannsóknir í þágu atvinnuveganna. Hinsvegar er ráð fyrir því gert, að þeir menn, sem að þessu hafa unnið, geti haldið áfram starfi sínu, þótt það verði nú í þágu rannsóknarstofnunar atvinnuveganna og hjá henni.

Það mun valda ágreiningi, hvernig eigi að haga stjórn þessarar stofnunar. Meiri hl. allshn. hefir álitið, að hún ætti fyrst og fremst að vera fyrir atvinnuvegina og því í nánu sambandi við þá og þá stjórn, sem á þeim er, og þar af leiðandi atvinnumálaráðuneytið, sem fyrst og fremst eigi að geta sagt rannsóknarstofnuninni fyrir verkum. Þar að auki er gert ráð fyrir sérstakri nefnd, sem rannsóknarstofnuninni sé skylt að leggja ársstarfsáætlun sína fyrir, og er þetta í samræmi við það, sem gert er á Norðurlöndum, a. m. k. í Danmörku. Slíkar praktiskar rannsóknir er ekki hægt að láta heyra undir háskólann, heldur verður að fara eftir þörfum atvinnuveganna í hvert sinn.

Þá er okkur flm. þessa frv. það ljóst, að æskilegt hefði verið, að fram hefði getað farið nokkur kennsla í þeim greinum, sem rannsóknirnar fara fram í, og er höfð opin leið til þess, að því verði komið á, strax og ráðuneytið telur æskilegt, og þar með kemur þá af sjálfu sér, að kennsludeild myndast við háskólann. Stendur þá rannsóknarstofnunin beint undir ráðuneytinu og kennsludeildin undir háskólanum. Á þennan hátt næst hvorttveggja: Að koma upp rannsóknarstofnun í þágu atvinnuveganna og kennsludeild við háskólann. Eftir nokkrar umr. milli háskólans og allshn. hefir orðið samkomulag um, að frv. gengi fram á þessum grundvelli.

Ég þarf ekki að orðlengja mikið um þetta. Við stöndum á þeim tímamótum, að nauðsynlegt er að taka upp nýjar starfsaðferðir og fara inn á nýjar leiðir á ýmsum sviðum, og á engan hátt er slíkt betur undirbúið en með vísindalegum rannsóknum. Gildir hið sama bæði fyrir nevzluvörur almennings innanlands og útflutningsvörur okkar, jarðvegsrannsóknir, rannsóknir á fiskigöngum o. s. frv., að hina mestu þýðingu hefir að taka vísindin til aðstoðar í þessum efnum. Þetta hefir jafnt gildi hvort heldur er fyrir iðnaðinn, afurðir landbúnaðarins eða rannsóknir á húsdýrasjúkdómum, og ennfremur göngum og lífnaðarháttum fiskanna. Rannsóknir á hinum ólífrænu efnum í náttúrunni, leit að málmum o. fl. hafa og mikla þýðingu. Ég vil geta þess, að það hefir nú þegar verið safnað að verkefnum fyrir slíka rannsóknardeild í þágu atvinnuveganna, sem erfitt er að framkvæma nema að hún fái betra húsnæði. Ég vil mælast til þess, að frv. fari nefndarlaust til 2. umr. — Út af ummælum hæstv. forseta um frv. það, sem er næst á eftir á dagskránni og ég er mótfallinn, skal ég geta þess, að ég hefi ekkert á móti, að það fari til 2. umr.

Thor Thors: Það er rétt, sem hv. 2. þm. Reykv. sagði, að það varð ekkert samkomulag um þetta frv. í allshn. En það var ekki af því, að við hv. 8. landsk. séum andvígir þessu máli, þvert á móti. Við viljum, að það sé komið upp við háskólann sem fullkomnastri rannsóknardeild fyrir atvinnuvegina, með viðtækari kennslukröftum en þetta frv. gerir ráð fyrir. Þess vegna berum við fram annað frv., sem við álítum, að nái betur þeim tilgangi, sem upphaflega vakti fyrir frumherjum þessa máls og flm. þess á síðasta þingi, er vildu efla háskólann sem mest og gera stúdentum fært að stunda þar nám á fleiri sviðum en kostur hefir verið á hingað til. Ég skal svo ekki ræða það atriði meira að sinni; ég mun flytja mína aðalræðu um þetta mál við framsögu þess frv., sem hér er næst á eftir á dagskránni.

En hins vil ég geta, að það er ekki alveg rétt frá skýrt hjá hv. 2. þm. Reykv., að háskólaráðið hafi fallizt á frv. meiri hl. allshn. Þó mun það hafa verið barið í gegn, að 3 menn af 5 sem eru í háskólaráðinu, féllust á það, en 2 voru á móti því. Hinsvegar get ég upplýst það, að allir prófessorar lagadeildarinnar og guðfræðideildarinnar hallast fremur að því frv., sem við hv. 8. landsk. flytjum og ennfremur

nokkrir af prófessorum læknadeildar og heimspekideildar háskólans.

Ég vil nú mælast til þess, að hv. 2. þm. Reykv. sýni svo mikinn rannsóknarhug í þessum málum, að hann sem form. allshn. gangi inn á það, að n. fái þetta frv. til nánari athugunar og meðferðar ásamt frv. okkar hv. 8. landsk., sem hér er næst á dagskánni, og að bæði frv. verði borin undir alla prófessora háskólans í heild, svo að Alþingi fái að vita um afstöðu þeirra til málsins skýrt og ótvírætt, og að því verði ráðið til lykta með fullu samkomulagi við háskólann. Það hefir jafnan verið svo um málefni háskólans, að þó þau hafi átt erfitt uppdráttar á Alþingi, þá hafa þau ekki verið gerð að flokksmálum á þinginu. Enda teldi ég það illa farið, ef þeim tillögum, sem nú liggja fyrir um aukningu á starfsemi háskólans, yrði blandað inn í flokkadeilurnar.

Ég mun því ekki fara út í einstök atriði í ræðu hv. 2. þm. Reykv., enda snerta þau hinar einstöku greinar frv., sem ég get athugað nánar við 2. umr.

Ég geri það að till. minni, að þessu frv. verði aftur vísað til allshn., og vil vænta þess, að hv. 2. þm. Reykv. verði svo sanngjarn, að hann geti fallizt á það. Hann er form. n. og getur í sambandi við hæstv. forseta haft áhrif á það, að slík meðferð yrði ekki til að tefja málið að óþörfu.

Frsm. (Héðinn Valdimarsson) [óyfirl.]: Það er mikill misskilningur hjá hv. síðasta ræðumanni, að frumkvæði og upphaf þessa máls hafi komið fram á síðasta þingi. Aðdraganda þess má rekja lengra aftur í tímann. Á þinginu 1929 kom fyrst fram frv. um rannsóknarstofnun í þágu atvinnuveganna. Hitt er aftur á móti rétt, að á síðasta þingi kom fram till. um það, að þetta ætti fyrst og fremst að vera prófessorastofnun við háskólann, því að dósentar verða síðar gerðir að prófessorum, en ekki rannsóknarstofnun fyrir atvinnuvegina. Nú höfum við, sem flytjum þetta frv., aðallega haldið okkur við þá stefnu, að þetta ætti að vera rannsóknarstofnun, en þó jafnframt ætlazt til þess, að í sambandi við hana væri hægt að fá aukna kennslukrafta við háskólann í hagnýtum fræðum, sem stofnunin fjallar um, þegar því verður við komið.

En hitt er enganveginn eins nauðsynlegt, sem sumir hafa mest talað um, að reisa þessa stofnun aðeins fyrir þann stúdentagrúa, sem nú er í landinu, svo að þeir fái aðstöðu til þess að ná magisterprófi í sem flestum greinum. Við höfum að vísu þörf fyrir nokkra vísindalega menntaða menn í þeim hagnýtu fræðum, sem hér er gert ráð fyrir, en þeir geta komið smámsaman, og mætti þá síðar búa betur í haginn fyrir þá við háskólann til vísindalegs náms. Ég vil halda fast við það, að sú stefna okkar er rétt, að þessi stofnun á fyrst og fremst að starfa fyrir atvinnuvegina, en ekki sem stúdentasmiðja.

Viðvíkjandi andmælum hv. þm. Snæf. gegn því, að háskólaráðið hafi tjáð sig fylgjandi þessu frv. okkar, vil ég aðeins vísa til þess, sem stendur í fskj. með frv., að meiri hl. háskólaráðs hefir samþ. það, og þarf ekki frekar um það að deila. Meiri hl. þess hefir fullkomið vald til að ákveða, að þessi stofnun skuli byggð, og getur gert bindandi ráðstafanir um fjárframlög til hennar frá háskólanum. Það er ekki hlutverk háskólans að segja fyrir um það, hvort lögin eigi að vera á þennan hátt eða hinn, heldur þingsins. Þess vegna skiptir það ekki svo miklu máli, hvað háskólinn segir um þau. En háskólaráðið hefir skriflega lofað að veita fé til byggingar fyrir rannsóknarstofnunina, sem gert er ráð fyrir í þessu frv., og það er aðalatriðið.

Ég vil mótmæla því, að þessu frv. verði aftur vísað til allshn. Hv. minni hl. n. kvaðst ætla að flytja brtt. við frv. og tafði fyrir því í 3 daga í n. En nú hafa þeir flutt sérstakt frv. um málið, og mætti vitanlega vísa því til n. Þar að auki má búast við, að þessi hluti þingsins standi ekki lengi, og þess vegna er nauðsynlegt, að þetta mál fái fljóta afgreiðslu á þinginu, svo að hægt sé að undirbúa byggingu stofnunarinnar fyrir næsta þing. Ég get því ekki verið meðmæltur neinum töfum á framgangi þessa máls, þó að ekki sé nema um 2—3 daga að ræða, því að búast má við, að hv. þm. Snæf. vilji draga það á langinn og koma í veg fyrir afgreiðslu þess nú.

Thor Thors: Hv. 2. þm. Reykv. vildi ekki viðurkenna það, að prófessorar háskólans væru upphafsmenn þess, að þetta mál er framborið á Alþingi. Ég vil þó fullyrða, að þeir eru upphafsmenn að því í þeirri mynd, sem það nú er. En Jón Sigurðsson er eins og kunnugt er fyrsti frumherji þessa máls, með tillögu þeirri, er hann bar fram árið 1845 um stofnun þjóðskóla hér á landi, og mun ég gera fyllri grein fyrir því á morgun, þegar frv. okkar hv. 8. landsk. verður til umr.

Ég tel óþarft að svara útúrsnúningum hv. 2. þm. Reykv. um mismuninn á frv. okkar og frv. hv. meiri hl. allshn.; það er með öllu óviðeigandi í svo mikilsverðu máli að viðhafa þær blekkingar sem hann leyfir sér, þegar hann heldur því fram, að frv. okkar um atvinnudeild við háskólann sé aðeins um prófessorastofnun, en frv. meiri hl. um rannsóknarstofnun fyrir atvinnuvegina. Ég geri nú ráð fyrir, að ekki sé hægt að reka slíka stofnun nema þar starfi sérfræðingar í ýmsum vísindagreinum. Og það vill nú svo til, að það er gert ráð fyrir jafnmörgum starfsmönnum við þessa stofnun í báðum frumv. En það, sem skilur á milli þessara frumv., er þetta, hvort heldur á að efla háskólann á þann hátt að bæta við hann nýrri vísinda- og kennsludeild — eins og við leggjum til — eða hitt, að vísindastarfsemin í þessum greinum verði dregin undan yfirráðum Háskóla Íslands og afhent pólitískum nefndum, eins og vakir fyrir þessum hv. þm. og flokksbræðrum hans í öllum málum.

Hv. þm. sagði, að það heyrði ekki undir háskólann að segja fyrir um það, hvernig gengið yrði frá þessum lögum; vitanlega lítur hann svo á, að hann eigi einn að ráða úrslitum í

þessu máli eins og öðrum, og að aðrir hafi þar tæplega tillögurétt.

Hv. þm. sagði, að við, sem erum í minni hl. allshn., hefðum tafið frv. í n. í 2—3 daga undir því yfirskyni, að við ætluðum að bera fram brtt. við það. En sannleikurinn er sá, að frv. var lagt fyrir fund allshn. á föstudag, á þann hátt, að form. n. las það upphátt í belg og biðu, og að lestrinum loknum krafðist hann þess, að nm. greiddu tafarlaust atkv. um það, og þeir, sem væru því fylgjandi, áttu að rétta upp hönd — einn, tveir, þrír. — Ég get nú lýst því yfir fyrir mitt leyti og hv. 8. landsk., að við höfðum alls ekki fengið að sjá frv., en aðeins hlustað á hinn þvoglulega upplestur hv. form. n. á því; þess vegna var ómögulegt fyrir okkur að ganga inn á það á svipstundu athugasemdalaust.

Það er því algerlega rangt hjá hv. 2. þm. Reykv., að við höfum tafið málið 2—3 daga í n.; við höfðum það aðeins örstutta stund til athugunar. En það var undirbúið til meðferðar fyrir nefndarfund á laugardag, en sá fundur fékkst ekki haldinn, form. n. mun ekki hafa talið það svo aðkallandi nauðsyn þá. Annars mun ég ræða ýtarlega um þetta mál á morgun við framsögu þess frv., sem við hv. 8. landsk. höfum flutt. — Úr því að hv. form. allshn. neitar því, að þessu frv. verði vísað aftur til n. til fyllri athugunar, þá má búast við, að meiri hl. þessarar hv. þd. þeygi sig fyrir því, hann er svo vanur við að hlýða boði og banni hv. 2. þm. Reykv. En það er hart, að þetta stóra og merkilega mál skuli ekki geta fengið þann undirbúning og þá meðferð hér á Alþingi, sem því vissulega ber.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 18 shlj. atkv.

Forseti (JörB): Það er komin fram ósk um, að málinu verði aftur vísað til allshn. Að vísu er það flutt af meiri hl. n., og það er út af fyrir sig rétt, að þá er ekki venja að vísa því aftur til n. En ég vil nú til samkomulags mælast til þess, að hv. form. allshn. taki það aftur til athugunar í n. án þess að því verði formlega vísað þangað, og vona ég, að það geti leitt til sátta og samkomulags.

Frsm. (Héðinn Valdimarsson): Ég vil mælast til, að frv. verði ekki vísað aftur til n., ég sé enga ástæðu til þess, þar sem meiri hl. hennar hefir flutt það. En ef frv. hv. minni hl. n. verður vísað til allshn., þá er hægt að ræða frumv. þar sameiginlega.

Forseti (JörB): Ég vil beina þeirri fyrirspurn til hv. þm. Snæf., hvort hann geti ekki sætt sig við þetta.

Thor Thors: Ef hæstv. forseti vill nú góðfúslega lofa því að sjá um, að þetta frv. verði ekki tekið fyrir til 2. umr. fyrr en allshn. hefir haft nokkurn tíma til að athuga frv. okkar, þá get ég vel sætt mig við þetta.

Frsm. (Héðinn Valdimarsson): Ég vil mælast til þess, að hv. þm. Snæf. fái ekki að tefja fyrir þessu máli, svo að það nái ekki fram að ganga á þessum hluta þingsins.

Forseti (JörB): Ég vil nú vona, að báðir aðilar geti fallizt á uppástungu mína til samkomulags.

Á 30. fundi í Nd., 16. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 102).

Thor Thors: Ég kann því illa, að þetta mál fari gersamlega umræðulaust til 3. umr., meðan ekki er vitað, hvaða meðferð það frv., sem við hv. 8. landsk. flytjum um svipað efni, fær í hv. allshn. Ég vil því leyfa mér að ræða nokkrar gr. þessa frv. og bera fram fyrirspurnir til hv. flm. um það, hver er tilgangurinn með ýmsum ákvæðum þeirra.

Það kom upp nokkur ágreiningur milli háskólaráðsins og skipulagsnefndar atvinnumála um það, hvort rannsóknarstofa háskólans, sú er nú starfar, skyldi halda starfsemi sinni áfram og hvort hún eins og hingað til skyldi hafa með höndum lyfjasölu, eins og samþ. var með lögum frá síðasta þingi. Skipulagsnefndin breytti frv. sínu samkv. óskum háskólaráðsins þannig, að það virðist vera tilgangurinn að rannsóknarstofa háskólans fái áfram að verzla með lyf, en samt sem áður eru í grg. frv. ráðgerðar 30 þús. króna tekjur fyrir hina nýju rannsóknarstofnun af lyfjasölu. Þetta getur ekki staðizt, ef leyfa á rannsóknarstofu háskólans þessa starfrækslu, eins og mér skildist vera orðið samkomulag um milli skipulagsnefndarinnar og háskólaráðs.

Þá er tekið fram í 5. gr. frv., að hin nýja rannsóknarstofnun, þ. e. a. s. búnaðardeild hennar, skuli hafa með höndum búfjársjúkdómarannsóknir, en þær hafa hingað til verið í höndum rannsóknarstofu háskólans, og ég hygg, að það sé almannadómur, að hún hafi starfað til mikilla nytja að þessum rannsóknum og allir hlutaðeigendur séu ánægðir með það. Nú vil ég spyrja hv. flm. þessa frv., hv. 2. þm. Reykv., hvernig stendur á því, að þessar rannsóknir á að taka af rannsóknarstofu háskólans, enda þótt hún hafi öll tæki til slíkra rannsókna, og þau tæki, sem hún notar við rannsóknir mannlegra sjúkdóma, eru mikið þau sömu sem þarf til rannsóknar búfjársjúkdóma.

Við ákvæðin um stjórn þessarar nýju rannsóknarstofnunar, sem koma fram í 8. og 13. gr. frv., hefi ég það að athuga, að eðlilegt er, að forstjóri hverrar deildar ráði málefnum hennar, en séu fleiri en einn hlutgengir um stjórn hverrar deildar, skuli atvmrh. skera úr, en að öðru leyti fari um stjórn þessarar stofnunar eins og hverrar annarar deildar við háskólann. Við það ákvæði 13. gr., að skipa skuli nefnd, sem sé fulltrúi atvinnuveganna og ríkisstj. og rannsóknarstofnuninni sé skilt að ráðfæra sig við um viðfangsefni rannsókna sinna og leggja árlega fyrir skýrslu um fyrirhuguð viðfangsefni, finnst mér það að athuga, að ég er hræddur um, að þetta verði í reyndinni

nokkuð þýðingarlaust eftirlit með rannsóknarstofnuninni, því vitanlega fer verkefni hennar ekki eftir árlega fyrirfram saminni áætlun, heldur verða þarfir atvinnuveganna á hverjum tíma að segja fyrir um, hvaða rannsóknarefni á að meta mest. Í frv. eru ákvæði þess efnis, að rannsóknarstofnuninni skuli vera skylt að sinna rannsóknum í þarfir atvinnuveganna. Þarf því ekki að óttast, að forstöðumenn hennar einskorði sig um of við sín sérstöku vísindalegu hugðarefni, þar sem á þeim hvílir bein lagaskylda að sinna viðfangsefnum atvinnuveganna. Það mun verða metnaður þessarar stofnunar, sem stofnuð er til þess að vinna í þágu atvinnuveganna, að láta sem mest nýtilegt frá sér fara og verða atvinnuvegunum að sem mestu liði. Þess vegna tel ég enga nauðsyn á að hafa slíka yfirstjórn eða eftirlitsnefnd, sem ráðgerð er í frv. Innan þeirra takmarka, sem frv. markar, hygg ég, að bezt fari á því, að þessi rannsóknarstofnun hafi, eins og önnur vísindastofnun og háskóladeild, fullt sjálfsforræði yfir sínum málum.

Þá verð ég að telja, að það sé varhugavert, svo sem ráðgert er í 14. gr. frv., að eigi megi þessi rannsóknarstofnun taka upp kennslu við háskólann í þeim fræðigreinum, sem hún hefir með höndum, fyrr en hún sjálf og atvmrh. telja að svo skuli vera. Hér er atvmrh. gefið algert stöðvunarvald um það, hvenær þessir vísindamenn, sem þarna starfa, skuli taka upp kennslu við háskólann og jafnframt fræðilega fyrirlestra fyrir almenning, eins og gera má ráð fyrir, að þeir gerðu þegar þetta væri orðin sjálfstæð deild við háskólann. Ef þetta frv. á að ná fram að ganga, eins og öll sólarmerki benda til, þá held ég, að betur færi á, að sett væri inn í það ákvæði um, að kennsla skuli hefjast þegar háskólaráðið telur þörf á því og skilyrði til þess fyrir hendi.

Þá hefi ég það við 15. gr. frv. að athuga, að þar er lögð sú skylda á háskólann að leggja fram 100 þús. kr. til byggingar þessarar stofnunar, en mér finnst háskólinn fá næsta lítið fyrir. Þetta 100 þús. kr. framlag yrði vitanlega til þess að tefja byggingu háskólans, en allir viðurkenna, að á henni er orðin hin brýnasta nauðsyn. Ég tel því eðlilegt, að ef háskólinn á að leggja fram þetta fé á annað borð, þá fái hann það endurgreitt á þann hátt, sem stungið er upp á í frv. okkar um atvinnudeild, að gjald það, sem háskólinn á að greiða ríkinu fyrir happdrættisleyfið, endurgreiðist honum unz allur kostnaðurinn við byggingu rannsóknarstofunnar er greiddur.

Þá verð ég að ætla, að sú kostnaðaráætlun, sem fylgir í grg. þessa frv., sé ekki allskostar rétt. Það er t. d. augljóst, að ef rannsóknarstofa háskólans á að fá að halda áfram lyfjagerð sinni og sölu eins og hún hefir rétt til samkv. lögum frá síðasta Alþingi, þá má ekki ætla, að þessi nýja rannsóknarstofnun hafi 30 þús. kr. tekjur af lyfjasölu. Þá er og vafasamt að reikna 15 þús. kr. tekjur af matvælarannsóknum, og það er ennfremur varhugavert að reikna 5 þús. kr. tekjur af fjörvi- og gerlarannsóknum, svo sem einnig er gert í grg. Það hafa kunnugir menn talið, að í stað þess sem stendur í grg. frv., að aukinn kostnaður fyrir ríkissjóð verði 12 þús. kr., þá megi varla áætla þessi útgjöld minna en 50—60 þús. kr. Ég tel rétt, að menn reyni þegar í öndverðu að gera sér grein fyrir hinum raunverulega kostnaði, sem þessu máli er samfara, því blekkingar í þessu efni verða aðeins til þess eins og endranær að vekja óánægju síðar. Ég fyrir mitt leyti horfi ekki í að fylgja þessu máli fram, þó það hafi í för með sér töluvert aukinn kostnað fyrir ríkissjóð, því ég er svo bjartsýnn að vona, að það fé komi aftur til atvinnuveganna fyrir bættar aðferðir vegna þeirra rannsókna atvinnuvegunum til framdráttar, sem vænta má, að þessi stofnun láti frá sér fara.

Frsm. (Héðinn Valdimarsson) óyfirl.]: Mér er sönn ánægja að því að svara þeim fyrirspurnum, sem hv. þm. Snæf. kom með, þó að ég í framsöguræðu minni hafi tekið flest af því fram, sem hann spurði um, en hann hafi þá ekki veitt því eftirtekt. Sú breyt., sem á frumv. yrði, ef farið væri að tilmælum háskólaráðsins, er ekki önnur en sú, að rannsóknarstofa læknadeildar, sem sennilega yrði kölluð svo áfram, héldi áfram að hafa leyfi til þess að hafa á hendi lyfjasamsetningu og lyfjasölu. Prófessorar háskólans héldu því fram, að margar af þeim lyfjavörum og efnasamsetningum, sem þessi rannsóknarstofa hefði haft með höndum, gætu ekki fallið undir rannsóknarstofnun í þarfir atvinnuveganna. Aftur á móti fellur sú lyfjasala og lyfjagerð, sem búfénað snertir, undir þessa deild. Hún á líka þau áhöld, sem til þess þarf að nota. Voru þau gefin hingað 1930. Var það þýzka ríkið, sem gaf þau og ætlaði þau sérstaklega til búfjárræktunar.

Hér er ekki um það að ræða, að eitthvað sé tekið frá öðrum og gefið hinum; enda kemur þetta í sama stað niður, því eigandinn er sá sami — hvorttveggja er ríkisins eign — og húsakynnin eru sameiginleg; en sá kostnaður, sem af þessu yrði, væri þá færður á nýju deildina.

Eins og reikningar deildarinnar hafa sýnt, hefir verið sæmilegur hagnaður af þessu starfi. Má gera ráð fyrir, að hann sé um 30 þús. kr. Finnst mér mjög líklegt, að sá sami maður, sem þessu hefir veitt forstöðu — sem er prófessor Niels Dungal — og hefir farið það mjög vel úr hendi, gæti náð samkomulagi við ríkisstj. um það, hvernig starfinu yrði haldið áfram.

Ég er ekki á sömu skoðun og hv. þm. Snæf. um það, að rétt væri, að forstjórinn væri einráður um starf rannsóknarstofunnar. Mér finnst réttara að hafa sama fyrirkomulag og haft er í Danmörku, að nefnd sérfróðra manna sé höfð til þess að halda þessu í beinu og lifandi sambandi við atvinnuvegina og sjái um, hvað sérstaklega er á rannsóknarplaninu á hverju ári.

Þar sem margir eiga að starfa samhliða, má ekki ganga ákvörðunarlaust til vinnu og búast við því, að verkefnin komi fljúgandi upp í hendur manna og taka aðeins það, sem þannig berst að. Þeir, sem eiga að framkvæma starfið, verða að gera áætlun fyrirfram, þeir verða

sjálfir að gera út um það, hver þau verkefni eru, sem mest eru aðkallandi, og hvernig eðli þeirra smærri verkefna, sem þeim kunna að berast, sé háttað og hvernig þetta allt verði framkvæmt í sem nánustu og beztu samræmi við hina ýmsu þætti atvinnulífsins. Tilgangur frumv. er sá, að festa sem bezt lifandi samband milli rannsóknarstofnunarinnar og atvinnuveganna.

Þá fann hv. þm. Snæf. að því, að ekki skuli ákveðið að taka upp kennslu af hverjum manni þegar háskólaráðið telur, að skilyrði séu fyrir hendi. Ég tel það heppilegt að hafa það ekki bundið með lögum í hverri grein, hver skuli kenna. Það er á valdi rannsóknarstofnunarinnar sjálfrar að dæma um það, hvort hún álítur sig hafa hæfa menn til að hafa þau störf á hendi og að hverjum sviðum menntunin eigi fyrst og fremst að veitast; og þá er eðlilegt, að staðfestingarvaldið sé hjá ráðh., og ef misbeiting þykir á því valdi, þá er auðvelt að gera á því breyt. og leggja þær fyrir þing og fá þær samþykktar.

Þá finnst hv. þm. Snæf. framlag háskólans til rannsóknarstofnunarinnar vera of mikið, og að háskólinn fái of lítið í staðinn. Nú er ætlazt til, að þessu verði þannig skipt, að rannsóknarstofan sjálf leggi til helminginn af byggingarkostnaðinum með jöfnu árlegu framlagi í 10 ár, en háskólinn sjálfur legði fram hinn helminginn, og þó að bein afnot háskólans af þessu yrðu lítil í byrjun, þá yrðu þau strax nokkur, t. d. við efnafræðikennslu, og það segir sig sjálft, að eftir því sem atvinnuvegirnir þroskast og því víðara svið sem atvinnugreinarnar taka yfir, því meiri skylda er háskólanum að leggja þeim stuðning.

Það er rétt, að þetta tefur háskólabygginguna um eitt ár og kannske meir; en hún virðist nú eiga nokkuð langt í land, ef byggja á eftir tillögum háskólaráðsins, en það er meiri aðkallandi þörf á að koma upp húsnæði fyrir rannsóknarstofnunina heldur en fyrir háskólann sjálfan.

Viðvíkjandi kostnaðaráætluninni er því að svara, að vel má vera, að hún sé ekki fyllilega rétt. Ég þori t. d. ekki að fullyrða, að það fáist 15000 kr. fyrir matarrannsóknir, en ég get bent á það, að fyrir smjörlíkisrannsóknir eru nú greiddar 5000 kr., svo ef matarrannsóknir yrðu almennar, þá virðist þetta ekki vera of hátt reiknað. Við lýsisrannsóknir má búast við allverulegum tekjum með tímanum, er það kemst í lag, að heimtuð verði um það efnarannsóknarvottorð og þau tekin gild erlendis, og fleira mætti telja. Ég hygg, að þessar tekjur séu fremur of lágt reiknaðar en of hátt.

Ég held, að það hafi svo ekki verið fleiri atriði í ræðu hv. þm. Snæf., sem ég þurfti að svara.

Páll Zóphóníasson: Herra forseti! Ég hefi flutt brtt. við þetta frv. og lagði hana fram í morgun, en líklega liggur hún ekki fyrir fyrr en við 3. umr. Brtt. þessar ganga í þá átt, að sett séu inn í frv. nokkur nánari ákvæði, sem gætu orðið tengiliður á milli rannsóknarstofnunarinnar og atvinnuveganna. Það er oft svo, að margir vísindamenn komast meira og meira út úr daglegu lífi atvinnuveganna og verða einsýnir á þau viðfangsefni, sem fyrir liggja. Það er því viðbúið, að eins geti farið hér. Það er hætt við, að þau viðfangsefni, sem mest kalla að, verði ekki tekin fyrir nema lifandi samband sé milli atvinnuveganna og rannsóknarstofnunarinnar, svo hún viti sem bezt, hvar skórinn kreppir að. Þessa samvinnu yrði reynt að skerpa með því, að fulltrúanefndin héldi fundi með deildarstjórum rannsóknarstofnunarinnar. Á þeim fundum væru gerðar ályktanir um, hver væru helztu viðfangsefnin, og ákveðið, á hvern hátt væri heppilegast að vinna að þeim. Þar væri líka ákvarðað, á hvern hátt bezt myndi henta að birta almenningi niðurstöður rannsóknanna.

Þá er annað atriði, sem mér finnst, að komi til athugunar, þegar ríkið er búið að setja upp þessa stofnun, og það er, hvort ekki væri hægt, með tiltölulega litlum kostnaðarauka, að veita þeim stúdentum, sem ekki geta numið fræði sín hér, nokkra undirstöðuþekkingu og á þann hátt sparað þeim nám erlendis. Mér þætti ekki óeðlilegt, þó þetta færi saman, og með lítilli breytingu á frv. væri hægt að tryggja það. Það er sýnilegt, að hér kemur strax til starfsins sá maður, sem vel gæti veitt kennslu í einni af þessum greinum — efnafræðinni, og vantar þá ekki nema stærðfræðina og eðlisfræðina, sem þyrfti að sækja út, en jafnvel í þessum greinum hægt að veita þá undirstöðu, sem sparaði stúdentum 1—2 ára nám ytra, með viðbótarkennslukröftum. Það ber vel að athuga áður en gengið er frá frv., hvort ekki sé hægt að búa rannsóknarstofnunina þannig út, að hún spari námsmönnum tíma erlendis með því að búa þá betur undir námið heldur en hægt er að gera hér í menntaskólanum. Ég vil skjóta þessu fram til athugunar fyrir 3. umr., hvort ekki muni fært að athuga þetta nánar

Hinsvegar er mér það ljóst, að þetta frv. er miklu aðgengilegra en hitt frv. um sama efni, sem hér var á dagskrá í gær og ég ætlaði að tala um, en féll þá frá orðinu til að spara tíma og flýta fyrir málinu.

Thor Thors: Það er ekki ástæða til að ræða mikið um þetta nú, þar sem aðalflm., hv. 2. þm. Reykv., er horfinn úr deildinni.

Mér er það ekki almennilega ljóst, þegar hv. 2. þm. Reykv. heldur því fram, að tekjur hinnar nýju rannsóknarstofnunar af lyfjasölunni muni nema 30000 kr., þó að rannsóknarstofa læknadeildar haldi lyfjasölu áfram. Mér finnst þetta rekast á. Ég hygg, að sú verði raun á, ef rannsóknarstofa læknadeildar heldur starfi sínu áfram, þá muni þeir menn, sem vanir eru að skipta við hana og reynt hafa viðskipti hennar, snúa sér til hennar framvegis eins og hingað til. Mér hefir skilizt á kennurum háskólans, að þetta samkomulag byggist á því, að rannsóknarstofa læknadeildar óski eftir því að halda starfi sínu óskertu áfram. Ég veit, að læknadeild háskólans leggur mikla áherzlu á, að þessi rannsóknarstofa læknadeildar fái að halda áfram

starfa sínum vegna starfa hennar í þágu læknadeildarinnar og læknanámsins, en ef taka ætti frá henni lyfjasöluna — eins og vildi skína í hjá hv. 2. þm. Reykv. —, þá gæti þessi stofnun ekki lengur risið undir byrði sinni.

Út af því, sem talað hefir verið um yfirstjórn deildarinnar, vil ég segja það sama og ég hefi áður haldið fram: Að það er bezt, að hún fái eins og aðrar vísindastofnanir að vera sjálfráð sinna rannsókna. Frumskilyrði fyrir þróun allra vísinda er, að þau fái sjálf að ráða sér, en séu ekki dregin undir pólitísk yfirráð. Hinsvegar er rannsóknarstofnuninni, samkv. ákvæðum frv., skylt að starfa í þágu atvinnuveganna, og er því nægileg trygging fyrir því, að þeim viðfangsefnum atvinnuveganna, sem vísað er til stofnunarinnar, verði ekki vísað frá.

Hv. 2. þm. Reykv. vildi halda því fram, að tekjuáætlunin væri fremur of lág en of há. Ég hefi nú bent á, hvernig þetta komi út í sambandi við lyfjasöluna, og af matarrannsóknum hygg ég fullhátt að ætla 10000 í stað 15000 kr., og tel það muni mjög vel reiknað að áætla 5000 kr. tekjur af fjörvirannsóknum og gerlarannsóknum.

2. þm. N.-M. fór inn á sömu hugsun, sem vakti fyrir okkur, um að atvinnudeildin veiti stúdentum undirbúningsmenntun, sem geti stytt námstíma þeirra erlendis, með stofnun atvinnudeildar til bráðabirgða. En úr því að hugsun hans er þessi, þá á hann einmitt að fylgja okkar frv., en ekki þessu, og ég býst við, að þegar hv. 2. þm. N.-M. hefir gert sér þetta betur ljóst, hvað sú stofnun, sem við viljum koma á fót, á að hafa með höndum, þá leiði það til þess, að hann verði fylgjandi okkur, sem flytjum frv. um atvinnudeildina, því þá sé fengin frekari trygging fyrir því, að undirbúningsmenntun komist fljótt í það horf, sem hann óskar.

Emil Jónsson: Ég vil segja hér örfá orð, af því að hv. 2. þm. Reykv. er ekki viðstaddur, en ég vil ekki láta ósvarað fáeinum atriðum af því, sem hv. þm. Snæf. minntist á í ræðu sinni. Ég vil þá sérstaklega athuga tekjur af lyfjasölu, og til þess að sýna fram á, hvernig þessar tekjur hafa farið sívaxandi í höndum þeirra manna, sem nú fara með þessi mál, vil ég lesa nokkur atriði úr reikningum rannsóknarstofu háskólans, með leyfi hæstv. forseta: Árið 1930 var selt bóluefni fyrir 1349 kr. og seinna á sama ári 2000 kr. Árið 1931 sést ekki, að neitt hafi verið selt af þessu efni. Árið 1932 er selt af því fyrir 16900 kr., árið 1933 fyrir 25600 og enda meira og árið 1934 er selt fyrir 52000 kr. af þessu sama efni. M. ö. o. á þessum fjórum árum, frá 1930—1934, hefir salan vaxið úr tæpum 2000 kr. upp í 52000 kr. Það verður því að álítast varlega áætlað, þó að þessi stofnun haldi áfram og önnur ný bætist við, að nýja stofnunin geti haft 30000 kr. tekjur, þar sem það er litlu meira en helmingurinn af því, sem nú er. Annars lætur frv. samband þessara stofnana að mestu laust og óbundið, og hlýtur það að vera samningsatriði. Það er min persónulega skoðun, að rannsóknarstofa læknadeildar eigi að halda áfram að starfa í sama anda og hún hefir gert, en sé ekki flutt inn undir aðaldeildina, en mér finnst það ekki of hátt áætlað á þessum lið, þó tekjur hinnar nýju stofnunar verði helmingur af því, sem nú er.

Þá er hitt atriðið, að fullhátt sé að ætla 10000 kr. fyrir matarrannsóknir, en nú eru greiddar 5000 kr. fyrir rannsóknir á einni vörutegund, og munu framleiðendur vera þessari rannsókn mjög fegnir, því hún gefur þeim það öryggi, sem á að vera og þarf að vera. Þá taldi hv. þm. Snæf. fjörvirannsóknirnar fullhátt áætlaðar með 5000 kr.; á þann lið kemur öll rannsókn á lýsi. Ég heyri nú, að mikið er lagt upp úr rannsókn á lýsi, og það má vitanlega gera ráð fyrir, að mikið meira en 5000 kr. fáist fyrir þær rannsóknir, þegar öryggi er fengið fyrir þeim, og mun þó ekki verða neinn baggi á lýsisframleiðslunni, heldur þvert á móti veita henni aukið öryggi. Biologiskar rannsóknir í sambandi við þessi mál eru á því stigi nú, að enginn getur sagt um, hve stórfelldur árangur getur orðið af þeim með þeirri bættu aðstöðu, sem þær væntanlega fá innan skamms með stofnun rannsóknarstofnunar háskólans.

Mér er sagt, að vitaminrannsóknir séu einhverjar þær örðugustu vísindarannsóknir, sem menn fást við, og til þeirra þurfi bæði góða aðstöðu og hina færustu menn. Nú er mér kunnugt um mann, eða menn, sem eru að búa sig undir að takast þennan starfa á hendur hér.

Þá er það eitt í ræðu hv. þm. Snæf., að rannsóknarstofnunin yrði að ráða sér sjálf til þess að hún kæmi hvergi nálægt pólitík og pólitískra áhrifa á hana yrði hvergi vart; en ég sé ekki betur en að í hans frv. sé gert ráð fyrir, að starfað verði eftir reglugerð. Og hver semur slíka reglugerð annar en ráðh. eða hver samþykkir hana?

Ég sé ekki mun á þeirri pólitísku íhlutun, sem kemur til greina við reglugerð þessa, og á hinni, sem hv. þm. Snæf. var að tala um að gætu komið til greina við ákvæði frv.

Það gladdi mig, að það kom að lokum fram, að fyrir þeim vakti að koma á stofn undirbúningsmenntun fyrir stúdenta. Ég vakti máls á í gær undirbúningsmenntun í teoretiskum fögum, en um það talaði ég þá svo rækilega, að ekki er þörf á að fara út í það nú. En þetta verður ekki gert með því að skipa þrjá prófessora í atvinnudeild. Það frv. verður ekki til að hrinda slíkum undirbúningi af stokkunum, heldur verður það gert með frv. meiri hl. allshn.

Thor Thors: Mér þótti það engin sérstök fræðsla, að tekjur af lyfjasölu rannsóknarstofu háskólans hefðu aukizt á undanförnum árum — mér var það fullkunnugt. Spurningin er sú, hvort rannsóknarstofa háskólans á að hafa þessar tekjur áfram eða hvort nýja deildin á að fá þær. Ef nýja deildin á ekki að vera ein um hituna og rannsóknarstofa háskólans á að halda starfa sínum áfram, þá er mjög varasamt að ætla nýju stofnuninni 30000 kr. tekjur á þessum lið. Viðvíkjandi matvælarannsóknum hefir það verið tekið fram, að fyrir rannsóknir á smjörlíki séu goldnar 5000 kr., en ég hygg,

að þetta sé lögboðið samkv. heimild, sem gefin var um það efni. Það má vitanlega fá miklar tekjur af matarrannsóknum, ef þær eru lögskipaðar, en þá eru lagðir nýir skattar á atvinnuvegina, og það vakir ekki fyrir mér.

Þá sagði hv. þm., að við vildum skerða sjálfsforræði atvinnudeildarinnar með því að skipa vissum atriðum hennar með reglugerð. Það er talsverður munur á því, hvort reglugerð eða lög koma til. Því að reglugerð er ekki hægt að setja nema innan takmarka laganna. Og aðalákvæði okkar frv. er það, að atvinnudeildin haldi sínu sjálfsforræði, svo sem aðrar deildir háskólans. Það byggist á háskólalögunum. Og í þeim er gert ráð fyrir, að ýmsum smærri atriðum sé skipað með reglugerð, og hefir enginn hingað til leyft sér að draga í efa, að háskólinn hefði sjálfsforræði í sínum málum.

Ég get varla skilið, hvernig hv. þm. Hafnf. gat látið þau orð falla, að hann gleddist yfir því, að ég sé kominn inn á þá hugsun, að við þessa rannsóknarstofnun megi fara fram nauðsynleg undirbúningsmenntun. Ég hefi alltaf haldið þessu fram, en hv. þm. vill ekki leyfa þar neina kennslu, nema þá seint og síðar meir. Það getur því ekki vakað fyrir honum, að slík menntun sé tekin upp, því að hún fæst ekki fyrr en kennsla er hafin.

Þá sagði hv. þm., að þrír prófessorar gætu varla annað kennslu við undirbúningsmenntun. En eins og kom fram í gær, er það vilji minn, að þar séu ekki eingöngu þrír prófessorar, heldur líka sex aðstoðarmenn. Það er sameiginlegt við bæði frv., að níu menn standi að starfrækslunni, og mætti með því tryggja það, að sæmileg kennsla fáist í hinum nauðsynlegu greinum þessara vísinda.

Emil Jónsson: Hv. þm. Snæf. vildi draga í efa, að rannsóknarstofan gæti haft 30 þús. kr. í tekjur, ef ekkert yrði tekið af rannsóknarstofu háskólans eins og hún nú er. En það stendur ekkert í l. um það, og engin ákvæði í neinum lögum, að rannsóknarstofa háskólans eigi að vera ein um hituna gagnvart lyfjasölunni. Það stendur bara í l. frá þinginu í vetur heimild til slíkrar framleiðslu, en ekki einkaheimild. Þessari rannsóknarstofnun, sem sett verður á stofn, er opin leið til að framleiða a. m. k. að einhverju leyti lyf, og þá þykir mér mjög sanngjarnt og vægt áætlað að taka helming af framleiðslunni eins og hún nú er, en það gæti væntanlega orðið meira í framtíðinni.

Annars þarf ég ekki neitt að elta ólar við síðustu ræðu hv. þm., þar kom ekkert nýtt fram. Hann sagði, að ég vildi ekki leyfa kennslu við háskólann. Það er mesti misskilningur. Ég undirstrikaði í öllum ræðum mínum í gær og ávallt, að kennsla byrjaði undir eins og hægt væri að dómi rannsóknarstofunnar og atvinnumálaráðh. Og ég sé ekki muninn á því, hvort ráðh. hefir nokkurn íhlutunarrétt um þetta, eða eins og það er orðað í frv. hv. þm. Snæf. og 8. landsk., þar sem stendur, að um kennslu og próf í þessari nýju deild skuli ákveða í háskólareglugerð. Þessa reglugerð verður ráðh. að staðfesta, svo að það munar engu, hvort hann staðfestir reglugerð eða ákveður með rannsóknarstofunni, hvenær kennsla skuli hefjast.

Það er rétt, að matvælaeftirlit er ekki lögþvingað. Það getur verið, að eftirlit þurfi með fleiri varningi, og er ekki nema gott eitt um eftirlit að segja. Nýlega talaði ég við einn smjörlíkisframleiðenda, sem kvaðst vera mjög ánægður með eftirlitið, þó að hann verði að borga fyrir það. Slík greiðsla er ekki alltaf baggi, heldur nokkurt öryggi fyrir framleiðanda og kaupanda.

Forseti (StJSt): Því hefir verið lýst yfir af hv. form. allshn., að hann óski ekki eftir þessu máli á dagskrá til 3. umr. fyrr en búið er að athuga frv. hv. þm. Snæf. og hv. 8. landsk. í allshn., svo að ég vænti þess, að málið gangi greiðlega til 3. umr.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
2.—17. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 18 shlj. atkv.

Á 33. fundi í Nd., 20. marz, var frv. tekið til 3. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 34. fundi í Nd., 21. marz, var frv. aftur tekið til 3. umr. (A. 102, 162, 190, 229).

Of skammt var liðið frá útbýtingu brtt. 229. — Afbrigði leyfð og samþ. með 18 shlj. atkv.

Emil Jónsson: Á þskj. 190 höfum við hv. þm. V.-Ísf. borið fram brtt. við frv. Þarf ég ekki að eyða mörgum orðum til að gera grein fyrir henni, því að hún er í samræmi við það, sem ég hefi haldið fram áður. Brtt. undirstrikar betur en í frv. er gert, í hverja átt beri að beina kennslunni, sem sé í átt tækni og náttúruvísinda, með hliðsjón af því, að síðari hluti kennslunnar geti farið fram erlendis.

Í sambandi við þetta viljum við flm. bera fram skrifl. brtt., sem okkur hefir verið bent á, að haft geti þýðingu í þessu sambandi. Brtt. á þskj. 190 orðist svo: „Í stað orðanna „að dómi rannsóknarstofnunarinnar og atvinnumálaráðherra“ komi: að dómi rannsóknarstofnunarinnar, háskólaráðs og atvinnumálaráðherra.“

Hér er m. ö. o. ætlazt til, að háskólaráð sé jafnrétthár dómari um málið og rannsóknarstofnunin sjálf og atvmrh.

Um aðrar brtt. skal ég ekki fara mörgum orðum. Um brtt. á þskj. 162 er það að segja, að 2. gr. hennar er tekin upp í okkar brtt. En 1. gr. þess þskj. er ég ekki samþykkur, því að ég tel nóg, að n. komi saman einu sinni á ári, en rannsóknarstofan hafi að öðru leyti frjálsar hendur.

Brtt. 229 leggur til, að orðið atvinnudeild háskóla Íslands verði tekið upp í frv. og að fyrirsögn þess orðist svo: „Frv. til l. um rannsóknarstofnun í þarfir atvinnuveganna og atvinnudeild við háskóla Íslands..“

Um orðið „atvinnudeild“ er ég ekki sammála hv. flm. Það er nokkuð villandi. Hér er átt við

náttúrufræðideild og tekniska deild. Orðið „atvinnudeild“ er óákveðið og segir lítið um væntanlega starfsemi deildarinnar. En annars er þetta frá mínu sjónarmiði algert aukaatriði.

Skal ég svo ekki orðlengja þetta frekar, en aðeins leggja fram þessa skrifl. brtt. um, að háskólaráði sé bætt inn í sem aðilja til að dæma um það, hvenær kennsla skuli hafin við þessa rannsóknarstofnun.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 239) leyfð og samþ. með 19 shlj. atkv.

Pétur Ottesen: Ég býst við, að ég muni fara nokkuð minna ferða í þessu máli og ekki eiga samleið með ýmsum þeim, er atkv. hafa greitt með því.

Ég viðurkenni, að réttmæt hugsun felst í öðru frv., sem hér liggur fyrir um þetta efni. Ég sé ekki, að annað beri á milli en það atriði, að þeir, sem flytja frv. á þskj. 105, gera ráð fyrir, að í þessum deildum, sem stofna á við háskólann, fari fram kennsla í sambandi við þær rannsóknir, sem allir eru sammála um, að þar *eigi að fara fram. Ég viðurkenni réttmæti þessarar hugsunar.*

Hvað snertir fiskiveiðadeild, þá er þegar búið að leggja grundvöll að slíkri deild. Það hefir Fiskifélag Íslands gert. Hefir það lagt til þess nokkurt fé, og fiskifræðingi þeim, sem taka á við þessari deild, hefir verið veitt fé til undirbúnings. Auk þess hefir verið veittur styrkur til þess máls með lóðum undir byggingar, sem Fiskifélagið hefir komið sér upp og skapa eiga húsrúm fyrir slíka rannsóknarstofnun.

Um búnaðardeild er það að segja, að það mál er ekki heldur nýtt, því að rannsóknarstofa háskólans, sem komið hefir verið á fót, hefir í *ýmsu sama hlutverk og þau, sem þessi deild á* að hafa. Geri ég ráð fyrir, að sá maður, sem nú hefir þar forstöðu, verði líka forstöðumaður deildarinnar.

Þá er iðnaðardeild. Þar er málið skemmst á veg komið. Þó hefir Trausti Ólafsson starfað um hríð að slíkum rannsóknum, og hefir hann rannsakað ýms þau viðfangsefni, sem gert er ráð fyrir, að þessi iðnaðardeild hafi með höndum, og hefir verið gert ráð fyrir, að Trausti Ólafsson tæki við forstöðu þeirrar deildar, eða m. ö. o., að það er komið sæmilegt skipulag á starfræksluna, þó hún eigi vitanlega eftir að þróast frá því, sem nú er, eftir því sem kringumstæðurnar leyfa.

Það aðalatriði, sem er nýtt í frv., er að reisa nýja byggingu yfir þessa deild, sem vitanlega kostar allmikið fé. Það er að vísu rétt, að nokkur hluti þess á að fást með lotterísölu, en þar sem sá hluti á að öðrum kosti að ganga til rikissjóðs, má í raun og veru segja, að það sé beinlínis, eða a. m. k. óbeinlínis frá honum tekið. Mun þetta áætlað um 10 þús. kr. á ári í 10 ár, eða um 100 þús. kr. Um hitt þarf ekki að deila, að jafnvel þó ekki verði mikil útfærsla á starfi deildarinnar, þá má gera ráð fyrir ýmsum skipulagsbreyt., sem hafa viðbótarkostnað í för með sér. Á þskj. 102 er að vísu gerð tilraun til þess að sýna fram á, að kostnaðurinn þurfi ekki að aukast mikið frá því, sem nú er, en við þurfum ekki að ganga þess duldir, að hann verður miklu meiri en ætlað er, án þess að geta reiknað á móti nokkurn sýnilegan vinning fyrir þjóðarbúið sem heild.

Með tilliti til þess ástands, sem nú er um leiðir til þess að afla fjár til að halda atvinnuvegunum uppi, verður naumast talið hyggilegt að *sækja inn í atvinnuvegina mikið fé í óarð*bæra hluti, eins og t. d. þessa byggingu. Ég vildi því gefa hv. Alþ. bendingu um að fara varlega í því að leggja á stór útgjöld, sem hægt er að komast hjá í bráð. Mér sýnist því frv. ekki fullkomlega tímabært og við geta leyst nauðsynlegustu verkefnin með þeim stofnunum, sem við nú höfum, og hlíft okkur við nýjum byggingum, enda skylda að hlaða nú ekki á þjóðina útgjöldum, sem hægt er að komast hjá að leggja á. Fyrst og fremst verðum við að auka framleiðsluna, svo hún geti staðið undir útgjöldunum.

Ég býst við, að allir séu sammála um, að viðhorfið í viðskipta- og atvinnumálum sé ægilegt. *Og með tilliti til þess verð ég að segja,* að ekki sé ráðlegt að leggja í framkvæmdir, sem hafa mikinn kostnað í för með sér, en halda heldur áfram, þó hægra fari, á þeirri leið, sem við nú erum á, til frekari þróunar. — Ég mun því greiða atkv. móti báðum frv.

Páll Zóphóníasson: Ég á hér 2 brtt. við 13. og 14. gr. frv. Seinni till. hefir verið tekin í fóstur af þeim hv. þm. Hafnf. og hv. þm. V.-Ísf. Ég tel því vel fyrir henni séð og mun því ekki fjölyrða um hana. En ég skal þá snúa mér að fyrri brtt., við 13. gr. Ég legg ákaflega mikið upp úr, að sem mest tengsli séu milli atvinnuveganna og stofnunarinnar. Eins og 13. gr. nú er orðuð á ráðh. að skipa 5 manna n., sem rannsóknarstofnunin á að ráðfæra sig við, þannig að deildarstjórarnir rétta nefndinni skýrslu um, hvað fyrirhugað sé að gera, en þurfa svo ekki að taka neitt tillit til þess, sem n. segir.

Allir starfsmenn þessarar stofnunar verða vitanlega vísindamenn, og þeir geta átt þau hugðarefni, sem þeir vilja vinna að, en ekki teljast nauðsynleg eins og á stendur. Ég geri því ráð fyrir, að n. haldi a. m. k. 4 fundi á ári, og séu þar teknar ákvarðanir um, hver aðalrannsóknarefni skuli taka til meðferðar á hverjum tíma. Ég tel, að þannig sé betur tryggt, að ætíð séu tekin til meðferðar þau viðfangsefni, sem atvinnuvegunum eru nauðsynlegust á hverjum tíma. Ennfremur er gert ráð fyrir, að n. ráði, á hvern hátt niðurstöður rannsóknanna skuli birtar almenningi.

Ég vil fá það tryggt, að gripið sé á kýlunum þar, sem þörfin er mest, en ekki sé verið að grúska í því sem liggur alveg fyrir utan atvinnuvegina — jafnvel þó vísindi geti talizt.

Thor Thors: Því var lofað, að frv. þetta yrði ekki tekið til 3. umr. fyrr en allshn. hefði fjallað um frv. okkar hv. 8. landsk. Það má nú e.

t. v. segja, að um það hafi verið fjallað á vissan hátt. Um málið var lítillega rabbað við 2. þm. Reykv. og svo var bókað, að n. hefði klofnað. (HV: Hvaða vitleysa er þetta? Þm. ætti þá að mæta). Ég held, að hv. 2. þm. Reykv. ætti sjálfur að mæta. Ég hefi mætt oftan en hann, sem ekki mætti í morgun né heldur í gær. Mun hann þá hafa verið að spila „golf".

Við 8. landsk. höfum leitazt við að kynna okkur sem bezt álit háskólaráðsins á þessum málum, og sent því frv. okkar til umsagnar. Nú hefir okkur borizt bréf frá því, sem prentað er á þskj. 230 og ég vil lesa hér upp, með leyfi hæstv. forseta. Það hljóðar svo:

Háskóli Íslands.
Háskólaráðið.

Reykjavík, 18. marz 1935.

Alþingismenn Thor Thors og Garðar Þorsteinsson.

Frumvarp um stofnun atvinnudeildar og rannsóknarstofnunar við Háskóla Íslands, sem þér í bréfi, dags. 16. þ. m., hafið óskað umsagnar háskólaráðsins um, var í dag lagt fyrir fund í háskólaráðinu.

Svo hljóðandi ályktun var gerð af meira hluta háskólaráðs:

Meiri hluti háskólaráðs hefir þegar lýst yfir fylgi sínu við frv. skipulagsnefndar um rannsóknarstofnun í þarfir atvinnuveganna við Háskóla Íslands, og þar sem telja má víst, að frumvarp það verði samþykkt á núverandi Alþingi, vill háskólaráðið ekki taka afstöðu til frv. um stofnun atvinnudeildar og rannsóknarstofnunar við háskólann, enda þótt háskólaráðið hefði gjarnan viljað hafa frá öndverðu frekara samband milli háskólans og rannsóknarstofnunarinnar en frv. skipulagsnefndar gerir ráð fyrir.

Minni hluti háskólaráðs gerði svo fellda ályktun:

Þar sem meiri hluti háskólaráðsins hefir neitað að bera umrætt frumvarp undir deildir háskólans, þá lýsir minni hlutinn þegar þeirri skoðun sinni, að frv. til laga um stofnun atvinnudeildar og rannsóknarstofnunar við Háskóla Íslands sé í fullu samræmi við frumkröfur háskólans og mælir því eindregið með samþykkt þess.

Pétur Sigurðsson
f. h. rektors háskólans.

Þetta bréf sýnir glögglega hug háskólaráðsins; minni hl. er alveg samþykkur okkar frv., og meiri hl. er óánægður yfir, að ekki er nægilega náið samband við háskólann eftir frv. meiri hl. allshn.

Það er vitanlegt, þó meiri hl. háskólaráðsins hafi látið til leiðast að samþ. það frv., sem mun vera samið af skipulagsnefnd, þá vildi hann fremur frv. okkar 8. landsk. Einnig hefir málið verið rætt á almennum stúdentafundi, þar sem mættir voru allir kennarar, og prófessorar háskólans og flestir stúdentar, og voru allir sammála um, að frv. okkar um atvinnudeild ætti fram að ganga, að undanteknum þm. Hafnf. og þeim 3 prófessorum úr háskólaráðinu, sem búnir voru að ganga inn á frv. skipulagsnefndar. Á fundinum var samþ. í einu hljóði svofelld ályktun — með leyfi hæstv. forseta —:

„Almennur stúdentafundur, haldinn á Garði mánud. 18. marz 1935, skorar á háskólaráðið að nota rétt þann, er það hefir með bréfi til kennslumálaráðherra 4. marz 1935 áskilið sér til breytinga á frumvarpi til laga um rannsóknarstofnun í þágu atvinnuveganna við Háskóla Íslands, á þann hátt, sem hér segir: Hin fyrirhugaða rannsóknarstofnun verði jafnframt regluleg kennsludeild í þessum fræðum við háskólann. Séu forstöðumenn hennar prófessorar, og fari um þá og aðra kennara eftir lögum nr. 24 1930, en kennsludeildin lúti háskólalögunum, að því er viðkemur rétti hennar til að útskrifa kandidata, enda verði nánari ákvæði um það sett með reglugerð. Vilji hinsvegar Alþingi ekki fallast á þessar breytingar, krefst fundurinn þess, að háskólaráðið hlutist til um, að þeim tekjum, sem háskólinn hefir af happdrættinu, verði varið til háskólabyggingar, en ekki til fyrirtækja, sem raunverulega yrðu háskólanum alveg óviðkomandi."

Það ætti því ekki að þurfa að deila frekar um það hér í d., hver sé hugur háskólamanna til þeirra frv., sem hér liggja fyrir. En sá eini þm. úr stjórnarliðinu, hv. þm. Hafnf., sem fengizt hefir til að rökræða þetta mál, bar það fram sem höfuðrök, að háskólinn væri búinn að taka afstöðu með frv. meiri hl. allshn., og því þýddi ekki að ræða frv. okkar 8. landsk. En af því, sem ég nú hefi sagt, er það ljóst, að ef einhver úr liði stj. vildi fara að vilja háskólans, ber honum að samþ. frv. okkar 8. landsk. Þeir hv. þm. Hafnf. og hv. þm. V.-Ísf. flytja brtt. á þskj. 190, og ég verð að segja, að það gleður mig, að hv. þm. Hafnf. er kominn á þá skoðun, að starfsmenn rannsóknarstofnunarinnar megi stunda kennslu við háskólann, sem hann var alveg andvígur við 1. umr. nú fyrir nokkrum dögum. Deildum við þá allmikið um þetta atriði, hvort taka ætti upp kennslu við háskólann eða ekki. Nú virðist þó hv. þm. vilja stuðla að því, að þetta verði gert, en vill leggja það undir dóm rannsóknarstofnunarinnar og atvmrh., hvenær það skuli gert. Er af þessu ljóst, að hv. þm. er orðinn annarar skoðunar en hann var við 1. umr. En ég tel þetta ófullnægjandi og ekki heppilegt, að gefa atvmrh. sérstaka aðstöðu til þess að tefja fyrir því, að kennslan byrji. Þó tel ég 14. gr. betur orðaða með brtt. á þskj. 190 en eftir frv. skipulagsnefndar.

En úr því það virðist vaka fyrir flm., að kennsla hefjist, og tekið er fram í fyrirsögn frv. að stofnunin sé við Háskóla Íslands, teljum við, hv. 8. landsk. og ég, eðlilegast, að kennslan sé þegar hafin, og stofnunin sé sem ein deild háskólans, og um réttmæti slíkrar atvinnudeildar vík ég ekki í neinu frá því, sem ég hefi áður sagt. En ég mun sjálfsagt við þessa atkvgr. taka það næstbezta, ef það bezta fæst ekki.

Emil Jónsson: Það er aðeins örstutt, því ég þarf ekki miklu að svara. Ég vil aðeins minna hv. 2. þm. N.-M. á, að það hefði þótt fyrirsögn fyrir nokkrum dögum, þegar ég var að deila

við háskólamennina um íhlutun atvinnuveganna um stjórn stofnunarinnar, ef ég yrði á móti slíkri íhlutun nú. Ég hélt því fram þá, að heilbrigð íhlutun væri sjálfsögð, þó ég gengi ekki eins langt og hv. 2. þm. N.-M. Það er nú svo, að vísindalegar rannsóknir þokast ekki langt á ½ ári og eru því verkefnin oft svo að kalla jafnlangt frá að vera leyst. Ég tel því ekki hafa þýðingu að ákveða fundi á hverjum ársfjórðungi, þar sem n. er aðeins ætlað að leggja höfuðlínurnar. Frekari íhlutun tel ég óþarfa, og jafnvel geta orðið til skaða.

Það, sem fyrir mér vakir, er að fá samvinnu atvinnuveganna og vísindanna um, hvað þurfi að gera og hvar sé mest þörfin, að bætt sé úr. Atvinnuvegirnir eiga því að fá fullkomlega heilbrigða íhlutun, þó till. hv. þm. N.-M. verði felld, enda ekki líklegt, að hún kæmi að sérstökum notum.

Um ræðu hv. þm. Snæf. get ég verið fáorður. Hann sagði, að við 1. umr. hefðum við deilt um, hvort kennsla ætti að vera eða ekki. Ég minnist ekki, að við höfum deilt um það, heldur hvenær kennslan skuli hefjast og hvernig henni verði hagað. Og það er einmitt þetta, sem hefir mótað afstöðu mína, en ég tel óþarft að fara að rökræða aftur nú.

Þá sagði hv. þm., að ráða mætti hug háskólamanna af ályktun þeirri, sem hann las upp frá almennum stúdentafundi. Ég tel það ekki nema eðlilegt og sjálfsagt, að þeir menn séu því fylgjandi, að sem mest sé gert fyrir þá stofnun, sem þeir eru ýmist nemendur eða kennarar við. Þeir eru þar í fyllsta rétti, og býst ég við, að eins hefði farið um mig, ef ég hefði haft sömu afstöðu til þeirrar stofnunar. En hér verður að fara eftir því, sem rétt er og sanngjarnt á báðar hliðar, eftir viðhorfi á hverjum tíma.

Ég tel sæmilega séð fyrir þessum málum, ef undirbúningur verður hafinn samkv. frv. okkar meiri hl. allshn. Hitt er misskilningur, að þessum málum sé betur borgið með frv. hv. þm. Snæf. og hv. 8. landsk., þó að það hljómi betur í eyrum, að kennsla skuli hafin strax í búnaðarvísindum, fiskifræði og efnafræði, en að gera þar ráð fyrir allverulegum undirbúningi. En þeir, sem vilja málinu vel, ættu að taka vænsta kostinn og vera sanngjarnir og fylgja því fram til úrlausnar á þeim grundvelli, sem tryggt er, að það gangi fram.

Ég sé svo ekki ástæðu til að taka fleira fram nú, þar sem málið er þrautrætt frá fyrri umr.

Thor Thors: Ég þarf ekki að eyða mörgum orðum til þess að svara hv. þm. Hafnf. En ég vil aðeins minna hann á, að hann hefir breytt afstöðu sinni undir umr. málsins, þar sem hann hélt því ákveðið fram við 1. umr., að ekki ætti að hugsa um kennslu að svo stöddu, og við hefðum því byrjað á öfugum enda. Studdi hann mál sitt þá aðallega með því, að háskólaráðið væri búið að tala og hefði tjáð sig samþ. frv. skipulagsn. En nú hefir það einróma lýst yfir því, að það hafi frá upphafi talið æskilegra frekara samband við háskólann en það frv. gerir ráð fyrir. Einmitt vegna þessarar umsagnar verð ég að telja, og ég veit það raunar, að allur þorri háskólaráðs er okkar frv. fylgjandi í raun og veru, hvað sem kann að hafa komið fram á yfirborðinu.

Hv. þm. talaði öðruvísi en jafnaðarmenn tala stundum, a. m. k. þegar þeir eru í minni hl., því að þá er allt hægt að gera. En nú er ekki hægt að gera annað en það, sem er kleift og sanngjarnt og rétt. Það er nú svo, að það er lítið, sem munar á því um atvinnudeild og rannsóknarstofnun, hvað er kleift. Atvinnudeild hefir nær engan aukinn kostnað í för með sér fram yfir rannsóknarstofnun. Það er sanngjarnara að samþ. atvinnudeild en rannsóknarstofnun, þegar tekið er tillit til þess, í hvert öngþveiti stúdentar eru komnir í vali á námsgreinum. Það er réttara að samþ. atvinnudeild einmitt út frá því sjónarmiði, að það þarf að finna einhverja nýja leið til þess að beina stúdentastraumnum inn á.

Hv. þm. taldi að lokum, að háskólaráð hefði gert rétt í því að samþ. þetta, sem það fékk hjá skipulagsnefnd, því að á þann hátt yrði stúdentum gert mest gagn í þessu efni. Ég vil benda honum á það, að fyrsta kastið verður nær ekkert gagn að þessu fyrir stúdenta, þar sem kennsla byrjar ekki fyrr en einhvern tíma í framtíðinni, þegar háskólaráði, atvmrh., og skipulagsnefnd þóknast. Hér er seilzt svo langt út í framtíðina, að vitanlega er ekki auðvelt að tala um það gagn, sem stúdentar hafa af því, að frv. frá skipulagsnefnd verði samþ.

Páll Zóphóníasson: Herra forseti! Ég vil benda hv. þm. Hafnf. á það, sem ég hefi áður sagt, en hann virðist ekki hafa tekið eftir, að eins og 13. gr. frv. ber með sér, er rannsóknarstofnuninni skylt að ráðfæra sig við nefndina, en henni er ekki skylt að taka tillit til þess, sem hún ráðleggur. Rannsóknarstofnuninni er skylt að senda nefndinni skýrslu yfir það, sem hún ætlar að gera, til samþykktar, en nefndin ræður þar engu. Það skiptir engu máli, hvort hún er samþ. eða ekki. Ef n. á ekki að vera annað en slíkt pappírsgagn, aðeins til þess að sýna, að atvinnuvegirnir hafi þar fulltrúa, þá mun ég ekki fylgja þessu frv.

Brtt. mína við 14. gr. tek ég að sjálfsögðu aftur, herra forseti, þar sem hún er tekin inn í till. hv. þm. Hafnf. og hv. þm. V.-Ísf.

Emil Jónsson: Hv. þm. Snæf. taldi það rangt hjá mér, sem ég sagði, að háskólaráð hefði tekið þann kostinn, sem réttastur var og sanngjarnastur og kleift að framkvæma. Hann „filosoferaði“ einnig yfir því, að það væri lítið gagn fyrir stúdenta að því námi, sem ekki ætti að hefjast fyrr en einhvern tíma langt úti í framtíðinni. Ég vil þá spyrja hv. þm., hvort hann telji stúdenta hafa meira gagn af námi, sem þeir fá ekkert próf í fyrr en einhvern tíma úti í framtíðinni, og ef til vill enn síðar en gert er ráð fyrir, að kennsla hefjist í okkar frv. Samkv. grg. þeirra frv. er ekki gert ráð fyrir því, að stúdentum gefist kostur á að ganga undir próf fyrr en einhvern tíma seinna, eftir dúk og disk. Þetta er því verri og hættu-

legri leið en sú, sem farin er í okkar frv., vegna þess að hún dregur stúdenta út í nám, sem hefir lítið gagn í för með sér fyrir þá, en er þeim lítið annað en tímaeyðsla og fyrirhöfn. Sú leið, sem aftur á móti er farin í okkar frv., er að byggja þetta upp smátt og smátt, eftir því sem unnt er, en fara ekki örara en það, að stúdentarnir fái prófréttindi fyrir þann námstíma, sem þeir fást við námið við háskólann eftir að kennsla hefir verið tekin þar upp.

Thor Thors: Ég stend aðeins upp til þess að svara fyrirspurn hv. þm. Hafnf. Hann spurði mig, hvaða gagn væri að því að draga stúdenta út í nám, sem veitti þeim engin prófréttindi. Ég vil benda hv. þm. á það, að enda þótt deildin hafi ekki prófréttindi að bjóða í öndverðu, þá má samt taka þau upp síðar. Heimspekideild háskólans hafði engin prófréttindi í upphafi. Enginn talaði þá um, að verið væri að draga stúdenta út í nám, sem engin prófréttindi veitti.

Þótt prófréttindin verði ekki veitt fyrst um sinn, þá er stúdentum samt opin leið að nema undirbúningsnámsgreinir og fara þá síðar meir til erlendra háskóla, svo að þeir geti lokið við námið þar. Námið hér á landi gæti orðið til þess að draga úr námskostnaði þeirra. Þetta sýnir, að okkar frv. miðar einmitt að því að gera stúdentum gagn, en frv. skipulagsnefndar er einskis virði, a. m. k. fyrst um sinn.

ATKVGR.

Brtt. 229,1 felld með 16:12 atkv.

— 162,1 samþ. með 13.12 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: PHalld, PO, SigfJ, SE, SK, BÁ, EystJ, FJ, GG, HannJ, HV, PZ, JörB.

nei: PÞ, StJSt, TT, ÁÁ, EmJ, GÞ, GÍ, GTh, JakM, JJós, JG, MT.

BJ, BB, JónP, JS greiddu ekki atkv.

Fjórir þm. (ÞorbÞ, GSv, JÓl, ÓTh) fjarstaddir.

Brtt. 162,2 tekin aftur.

— 239 samþ. með 18 shlj. atkv.

— 190, svo breytt, samþ. með 21 shlj. atkv.

— 229,2 kom ekki til atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 20:6 atkv. og afgr. til Ed.

Á 32. fundi í Ed., 22. marz, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 240).

Á 33. fundi í Ed., 23. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 8:1 atkv.

Magnús Jónsson: Af því að hér er um stórt mál að ræða og ekki tvímælalaust, bjóst ég ef til vill við, að því yrði fylgt úr garði af einhverjum þeirra manna, sem áhuga hafa fyrir framgangi þess, en fyrst svo er ekki, vil ég segja örfá orð um málið almennt, áður en því verður væntanlega vísað til 2. umr.

Það eru í raun og veru þrjú mál, sem mætast í þessu máli hér. Það er byggingarmál háskólans, hvernig það verður leyst, það er stúdentafjöldinn, og það er að lokum þörfin fyrir að koma upp rannsóknarstofnun fyrir atvinnuvegina.

Byggingarmál háskólans kemur þannig inn í þetta frv., eins og hv. þm. er kunnugt, að það voru þau mjög svo einkennilegu ákvæði sett í l. um happdrætti háskólans, að greiða skyldi ⅙ af nettóágóða happdrættisins í ríkissjóð. Þannig skattlagði ríkissjóður í vissu falli sjálfan sig með þessu, því að þó að einstaklingar, sem fá sérleyfi, verði að greiða eitthvað fyrir það, þá er það ekki eins eðlilegt, að ríkissjóður skattleggi sjálfan sig, þar sem hann veitti sjálfum sér óbeinlínis nýjar tekjur, því að það er vitanlegt, að tekjurnar af happdrættinu ganga allar til að inna af hendi eina af þeim skyldum, sem ríkissjóður hefði samkv. hlutarins eðli og samkv. l. um byggingu háskólans annars orðið að taka að sér einmitt á þessu árabili, sem hér um ræðir. Það undarlega ákvæði var sett í l., og náttúrlega aðeins skiljanlegt út frá því, að ríkissjóður er í mikilli peningaþörf. En ég þykist vita og sé það á þessu frv., að það sé ekki nema eðlilegt, að þessum hluta af ágóða happdrættisins yrði varið til þessa sama verks eða annars náskylds, og að á þann hátt sé byggingarmáli háskólans komið inn í þetta frv., sem hér liggur fyrir.

Annað af þeim málum, sem ég sagði, að kæmi hér til greina, er stúdentafjölgunin við háskólann. Nú er svo komið, að háskólinn rúmar ekki þann stúdentafjölda, sem vill halda þar áfram sérnámi. Og í tveimur deildunum, læknadeild og lagadeild, er svo komið, að nú eru þar svo margir bæði við nám og nýútskrifaðir, að nú er séð fyrir þörf sérfræðinga í þeim greinum um alllangt árabil. Það er náttúrlega mjög athugavert, þegar menn leggja á sig svo gífurlega mikið sérnám sem hér um ræðir, án þess að það geti orðið mönnum að verulegu liði, ef þeir ekki taka fyrir embætti eða önnur störf, sem þessa sérþekkingu þarf til. Þess vegna hefir verið mikið um það rætt, bæði innan háskólans og utan. Vil ég þar minna á ræðu, sem hæstv. forsrh. hélt í útvarpi s. l. nýár, þar sem hann taldi nauðsynlegt að geta beint einhverju af þeim stúdentafjölda inn á einhverjar aðrar brautir, og þá helzt af öllu sveigt þann straum aftur inn í það praktiska líf þjóðarinnar. En það hafa menn sérstaklega hugsað sér að gera með því að setja á stofn við háskólann kennslu, sem veitti stúdentum fræðslu, sem snerta sérstaklega atvinnuvegina og afkomumöguleika þjóðarinnar á því efnalega sviði. Út á þetta gekk frv., sem borið var fram á Alþingi í haust um stofnun atvinnudeildar við háskólann, þar sem sumpart átti að rannsaka og sumpart að kenna búvísindi, fiskifræði og ýmiskonar iðnfræðslu, t. d. efnafræði, eðlisfræði og annað slíkt. Og þá er ég kominn að þriðja málinu, sem hér er komið að í þessu frv., en það er þörfin til að koma upp rannsóknarstofnun fyrir atvinnuvegina. Það er enginn vafi á því, að sú þörf er orðin mjög aðkallandi, og í raun og veru einkennilegt, að ekki skuli vera búið að gera það fyrr, jafnmikil verðmæti og hér er um að ræða, þar sem um

aðalatvinnuvegi okkar er að ræða og allt, sem að þeim lýtur og getur blessað þá. Nú er það sýnilegt, að þessi þrjú mál mátti sameina, og það hygg ég, að hafi verið gert með frv. hv. þm. Snæf., sem flutt var í Nd. samhliða þessu, sem sé að stofna atvinnudeild og kennslu í því, sem snertir sérstaklega atvinnuvegina og mundi taka á móti svo og svo miklum hluta af stúdentum, og starfsmenn við þessa deild sem sérfræðingar á sínu sviði yrðu þeir, sem voru starfsmenn við rannsóknarstofnunina í þágu atvinnuveganna, og til þess að koma upp húsi fyrir þessa stofnun væri varið þessum ⅕ hluta af nettóágóða happdrættis háskólans. Þessi þrjú mál voru því þarna algerlega sameinuð. Ég held, að innan háskólans hafi enginn ágreiningur verið um þessa lausn málsins. — Það litla og að ýmsu leyti ófullkomna frv., sem kom fram á þinginu í haust, var látið fara til skipulagsn., og þar var búið til úr því allt annað frv. um rannsóknarstofnun í þágu atvinnuveganna, og það var tengt við háskólann aðeins með einu litlu orði, orðinu „við", — rétt í orði kveðnu, og svo er ákveðið, að einhverntíma í blárri framtíð, þegar ráðh. og þessi stofnun ákveða, skuli verða tekin upp kennsla í þessum greinum og þeir, sem þarna starfa, skyldu þá verða kennarar í þessum greinum við háskólann. En að þessi stofnun yrði ekki í neinu lífrænu sambandi við háskólann, sést bezt á því, að það á að leggja hana undir annað ráðuneyti en háskólinn heyrir undir. Hann heyrir, eins og menn vita, undir kennslumálaráðuneytið, en ekki skipt þannig, að t. d. læknadeildin heyri undir heilbrigðismálaráðuneytið, guðfræðideildin undir kirkjumálaráðuneytið eða lagadeildin undir dómsmálaráðuneytið. Það er því augljóst, að ef þessi rannsóknarstofnun hefði átt að verða sem ein deild háskólans, þá hefði hún verið látin heyra undir kennslumálaráðuneytið líka, en ekki tekin þannig ein út úr.

Háskólaráðið var kvatt á fund skipulagsn., þegar hún samdi þetta frv., og fékk gerðar á því smábreyt. Árangurinn varð svo þetta frv., sem borið var fram af meiri hl. allshn. Nd., sem er nú komið hingað til þessarar d. með ofurlitlum breyt.

En það er sem sagt eins og ég hefi lýst, að þetta mál hefir snúizt svo merkilega við, ég vil segja í höndunum á háskólaráðinu líka. Hér er hvorki um að ræða stofnun sérstakrar deildar við háskólann eða heldur, að þessi 20% séu tekin til þessarar stofnunar, og finnst mér það nokkuð „fatalt", svo merkilegt að hafa ekkert fram af því, sem maður ætlaði að fá fram.

Ég skal ekki ræða þetta mál frá háskólans sjónarmiði; ég ræði það auðvitað frá þingsins sjónarmiði, en ég vil þó benda á það, að með þessu beygist málið þannig til, algerlega að nauðsynjalausu, út af þeirri braut, sem átti að beina nokkrum hluta stúdentanna inn í það praktiska líf. Það er sett upp stofnun, þar sem eiga að komast að fullmenntaðir menn, sem eiga að fást við rannsóknir. Sú stofnun er vitanlega þörf og góð út af fyrir sig, en það má bara ómögulega nota um leið þá starfskrafta til að koma upp nýrri kennsludeild við háskólann. Það má ekki vinna svo mikið til þess, að til þess megi verja því fé, sem þarf til þess að reisa hús yfir þessa stofnun. Það er því fjarstæða, að háskólinn leggi hér fram neitt af því fé, sem honum er ætlað til sinnar byggingar og hann hefir mjög mikla þörf fyrir.

Ég skal geta þess, af því að ákaflega mikið er lagt upp úr meðmælum háskólaráðsins, að þar stóðu tvær deildir með og tvær á móti, og svo var rektor með því, svo að ekki voru nú allir ánægðir með það. Ég vil svo skýra frá því, að nýlega var haldinn fundur af stúdentum og kennurum háskólans, þar var þetta mál rætt í hér um bil 5 stundir, og þar kom ekki fram ein einasta rödd, sem mælti með þessu frv., nema frá þessum 3 mönnum, sem mynduðu meiri hl. háskólaráðsins. Nú liggur fyrir áskorun frá öllum kennurum háskólans nema þessum þremur, að halda í kvöld kennarafund um málið. Og ég er alveg sannfærður um það, að Alþingi hlýtur að taka svo mikið til greina skoðanir háskólans í sínum eigin málum, að það hiki við að afgr. þetta mál í skyndi gegn vilja allra kennara og stúdenta háskólans, að þremur mönnum undanskildum, sem fyrir einhver atvik hafa látið til leiðast að vera með þessu frv.

Ég hefi nú nokkuð rætt þetta mál almennt, eins og vera ber við þessa umr., en náttúrlega eru ýms einstök atriði, sem ástæða er til að ræða um, en þau bíða 2. umr.

Ef þessi hv. d. vill ekki fallast á að breyta þessu frv. í áttina til þess, sem hitt frv. er og ég hefi ekki heyrt eitt orð vera haft á móti, þá verð ég að segja það, að ég get ekki annað en greitt atkv. á móti framgangi þessa frv. nú á þinginu. Þó hér sé um þarft mál að ræða, þá liggur ekki svo mikið á að afgr. það, að það borgi sig ekki betur að bíða til næsta þings, í þeirri von, að fást mætti samkomulag milli skipulagsnefndar og háskólans um málið.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 34. fundi í Ed., 25. marz, var fram haldið 1. umr. um frv.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv. og til allshn. með 9 shlj. atkv.

Á 39. fundi í Ed., 1. apríl, var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 40. fundi í Ed., 2. apríl, var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 240, n. 308, 313).

Frsm. meiri hl. (Sigurjón Á. Ólafsson): Þetta mál hefir legið fyrir allshn., og hefir hún afgr. það eins og sjá má á nál. á þskj. 308. Meiri hl. er sammála um að mæla með, að frv. nái fram að ganga, með þeim fyrirvara, sem þar er tilgreindur, að einstakir nm. eru óbundnir af brtt., sem fram kynnu að koma, en ekki hafa komið fram aðrar brtt. en frá minni hl., hv. 1. þm. Skagf. Er mér óhætt að lýsa því yfir, að a. m. k. 3 af meiri hl. eru þeirri brtt. mótfallnir.

Mál þetta er þannig lagað, að óþarfi er að halda langa ræðu um það á þessu stigi. Grg. er ýtarleg, eins og sjá má á því þskj., þar sem málið er flutt. Og eftir því, sem bezt verður séð, þá er ágreiningurinn ekki um það, að rannsóknarstofnunin eigi að komast á, heldur er ágreiningurinn um form hennar á byrjunarstiginu, og eftir því, sem bezt verður vitað, þá mun skipulagsn. atvinnumála hafa verið búin að ganga svo frá þessu máli við háskólaráðið, að þar var fengið fullkomið samkomulag um, að málið skyldi verða flutt eins og það liggur nú fyrir. Að vísu hefir n. og fleiri orðið þess áskynja, að innan háskólans ríkja einnig aðrar skoðanir um þetta, en hvað því veldur, ætla ég ekki að fara út í, en hinsvegar getum við í meiri hl. ekki séð, að þær kröfur, sem nú eru bornar fram af hálfu háskólans, séu þess eðlis, að við getum fallizt á þær. Með frv. er ætlazt til að stíga sporið skemmra en eftir þeim brtt., sem hafa verið bornar fram á þskj. 313 og eru orðréttar þær brtt., sem háskólaráðið hefir sent til allshn.

Ég tel svo ekki ástæðu að orðlengja meira um frv. á þessu stigi, og a. m. k. f. h. okkar þriggja legg ég til, að frv. verði samþ. óbreytt.

Magnús Guðmundsson: Ég varð í minni hl. í allshn. um þetta mál. Ég áleit, að það væru komnar fram þær upplýsingar í málinu, að það hefði gott af því að bíða, a. m. k. til hausts, því að n. fékk bréf frá háskólanum um þetta mál, og mér skilst, að þar séu skilyrði, sem háskólinn setur, sem ekki er fullnægt í þessu frv.

Ég vildi, að n. fengi háskólaráðið til viðtals, en n. vildi það ekki, svo að ég get ekki neitt haft eftir háskólaráðinu. En mér þykir sennilegt, að hæstv. ráðh. sé þessu máli kunnugur og geti sagt, hvort hér er um eiginleg skilyrði að ræða. Mér skilst á niðurlagi aths. við þetta frv. eins og það kom fram fyrst, að það megi a. m. k. skilja það svo, að um reglulegt skilyrði sé að ræða fyrir framlagi til rannsóknarstofubyggingar, þar sem háskólaráðið áskilur sér rétt til að koma fram með brtt., ef þurfa þyki eftir nánari athugun á frv. Þessi áskilnaður, að mega koma fram með brtt., er mér ekki alveg ljóst, hvað þýðir. Ef hann á ekki að þýða annað en það, að háskólaráðið muni ef til vill koma með brtt., þá er þetta þýðingarlaust, því að náttúrlega getur háskólaráðið, án þess að gera nokkurn áskilnað, komið fram með brtt. Ég var í nokkrum vafa um þetta og óskaði eftir að fá háskólaráðið til viðtals, en það fékkst ekki. Eftir upplýsingum, sem ég fékk eftir að meðferð n. á málinu var lokið, hygg ég, að hér sé um eiginlegt skilyrði að ræða þannig, að tilgangslaust sé að samþ. þetta frv. nema skilyrðinu sé fullnægt. Með þetta fyrir augum hefi ég flutt nokkrar brtt. við frv. á þskj. 313. Brtt. þessar eru fluttar til þess að fullnægja skilyrði háskólans. Annars skildist mér á meiri hl. n., að hann væri ekki búinn að athuga frv. nægilega, en óskaði þó, að það yrði tekið til 2. umr., og mundi n. síðan athuga frv. milli 2. og 3. umr. Nú hefir 2. umr. dregizt, svo að meiri hl. n. hefir haft nægan tíma til þess að athuga frv., og vil ég spyrja hv. frsm., hvort það hefir verið gert. Mér skilst, að ekki geti liðið langur tími milli 2. og 3. umr., ef afgr. skal frv. á þessu þingi, eins og ætlunin mun vera. Annars er mér sagt, að töluvert skiptar skoðanir séu um ýms atriði frv. meðal kennara og nemenda háskólans, en ef svo er, þá held ég, að málið hefði ekki nema gott af því að hvíla sig a. m. k. til haustsins, til þess að séð verði, hvort ekki er hægt að ná góðu samkomulagi um það innan háskólans. Það sjá allir, að það er alveg unnið fyrir gýg að samþ. frv., ef háskólinn reynist svo ófáanlegur til þess að leggja fram það fé, sem frv. gerir ráð fyrir. Ég ætla svo ekki að fara lengra út í að ræða málið fyrr en ég hefi heyrt, hvað hæstv. atvmrh. upplýsir um, hvað gerzt hefir í málinu. Ég get getið þess, að ég hefi átt tal við rektor um málið og spurt hann um viðskipti stj. og háskólans út af því, og hefi nú gaman af að vita, hvernig frásögn hæstv. ráðh. ber saman við frásögn rektors.

Atvmrh. (Haraldur Guðmundsson): Ég get svarað fyrirspurn hv. 1. þm. Skagf. í stuttu máli, þó get ég engu lofað um það, að svar mitt fullnægi hv. þm. Það liggur í augum uppi, að réttur sá, er háskólaráð áskilur sér til þess að koma með brtt. við frv., þýðir ekki annað en það, að háskólaráðið vill una við frv. í þeirri mynd, sem það var lagt fyrir háskólaráðið, en einstakir menn í háskólaráðinu vilja fylgjast með því, hvaða viðtökur og afgreiðslu frv. fær á Alþingi og haga sínum brtt. þar eftir. Ég játa, að ég hefi ekki alveg nýlega átt tal við háskólaráðið, en mér er þó óhætt að fullyrða, að þær breyt., sem gerðar hafa verið á frv., hafa ekki valdið skoðanaskiptum hjá háskólaráði.

Að því er snertir afgreiðslu málsins skal ég taka það fram, að mér er það kappsmál, að frv. verði afgr. áður en þingi verður frestað, af því ég hefi von um, að hægt verði að byrja á fyrirhugaðri byggingu þegar á þessu ári. Það er öllum hv. þdm. kunnugt, hversu húsakynni háskólans og efnarannsóknarstofu ríkisins eru bágborin, en fjöldi þarfra verkefna bíða meðferðar þangað til sú stofnun, sem frv. gerir ráð fyrir, kemst á laggirnar.

Magnús Jónsson [óyfirl.]: Hv. frsm. sagðist ekki vita, hvaða ástæður væru yfirleitt fyrir því, að háskólinn snerist á móti þessu frv. í þeirri mynd, sem það nú liggur fyrir, en mér þótti það dálítið undarlegt, að hann sagði í sömu andránni, að þessar ástæður væru þess eðlis, að hann gæti ekki tekið þær til greina. Ég skil ekki þessa röksemdafærslu hv. frsm., hvernig meiri hl. n. getur fordæmt skoðanir háskólans án þess að kynna sér þær, enda tel ég nú sjálfsagt, að n. hafi þegar gert það. Það er nú svo, að skoðanamunur innan háskólans um þetta mál er ákaflega mikill, og það er mjög hættulegt að knýja fram afgreiðslu á því máli án þess að ágreiningurinn sé jafnaður.

Eins og hv. þdm. er kunnugt, hefir þessi skoðanamunur komið fram í tveimur frv., er

lögð voru fram hér á þinginu. Eru þau þetta frv. og annað frv., sem flutt var í hv. Nd. af tveimur hv. þm., og er það í því formi, sem háskólinn óskar eftir, að farið verði eftir. Frv. þessi eru sem sé frv. um stofnun atvinnudeildar og rannsóknarstofnunar við Háskóla Íslands og svo þetta frv. um rannsóknarstofnun í þarfir atvinnuveganna við Háskóla Íslands, sem hér liggur fyrir.

Munurinn á þessum tveimur frv. er í aðalatriðum sá, að frv. það, sem hér liggur fyrir, fer fram á, að sett verði á stofn rannsóknarstofnun fyrir atvinnuvegina, sem í fyrirsögn frv. heitir að sé við Háskóla Íslands, en virðist við nánari athugun ekki eiga að verða skyldari háskólanum en það, að byggingunа á að reisa við hliðina á háskólanum. Þar á ekkert lífrænt samband að vera á milli. Í frv. síðar er aðeins gefið í skyn, að þegar ákveðnir aðilar komi sér saman um, þá skuli tekin kennsla í háskólanum af starfsmönnum rannsóknarstofnunarinnar í þeim fræðigreinum, sem stofnunin einkum fjallar um. Þá á háskólinn að verða einskonar sel eða útibú frá rannsóknarstofnuninni. Það er bersýnilegt, að rannsóknarstofnunin er hér aðalatriðið, enda á hún að heyra undir annað ráðuneyti en háskólinn, sem verður einskonar sel frá rannsóknarstofnuninni, þar sem starfsmenn hennar eiga að kenna án sérstakrar borgunar. Það á að verða líkast því, þegar vinnumaður, sem ráðinn er á heimili, er lánaður eitthvað burtu til þess að vinna eitt og eitt dagsverk án borgunar, en er eftir sem áður fastur starfsmaður á heimilinu, rannsóknarstofnuninni. Það er vitanlegt, að hér á háskólinn, sem hefir mikla þörf fyrir fé og fengið hefir leyfi til að afla sér fjár með sérstökum hætti, með því þó að greiða fyrir leyfið há gjöld, að fá að verja sínu fé til byggingar, sem þó á ekki að verða partur af háskólanum og má ómögulega heita deild við háskólann.

Í samræmi við þau mótmæli, sem komið hafa fram í háskólanum gegn þessu frv., hafa 2 hv. þm. í hv. Nd. borið fram frv. um atvinnudeild og rannsóknarstofnun við Háskóla Íslands, sem er algerlega í samræmi við háskólalögin, sem samþ. voru hér í þessari d. og eru nú fyrir hv. Nd. Í frv. um atvinnudeildina er ákveðið, að deildin skuli vera skipuð eins og aðrar deildir háskólans og skuli heyra undir sama ráðuneyti og þær. Það væri algerlega óhæfilegt í okkar löggjöf, að ýmsar deildir eins skóla eða stofnunar heyri undir ýmsar deildir stjórnarráðsins eða ýmsa ráðh. Slíkt væri alveg gagnstætt því, sem gerist í okkar löggjöf. Ef ætti nú að fara að breyta þessu, þá yrði að skipta háskólanum þannig að láta t. d. guðfræðideildina heyra undir kirkjumálaráðuneytið, læknadeildina undir þann ráðh., sem hefir heilbrigðismálin, og lagadeildina undir dómsmrh. Svo ætti að skipta öðrum skólum í landinu milli ráðh. og láta hvern skóla heyra undir það ráðuneyti, sem fer með skyld mál hverjum skóla. Það hefir verið svo, að allir skólar í landinu hafa þótt eiga að vera undir stjórn kennslumálaráðuneytisins. Því hefir verið treyst, að sá ráðh. taki tillit til velferðarmála allra skóla í landinu. Það, að láta þá stofnun, sem þetta frv. gerir ráð fyrir, heyra undir atvmrh., sýnir því ekkert annað en það, sem skín út úr frv., að rannsóknarstofnunin á aðeins að vera í þágu atvinnuveganna, og af því svo lítið er um fé í ríkissjóði, á að taka þetta fé háskólans 200 þús. kr., til þess að gefa atvinnuvegunum þessa stofnun. Og til þess að fá þetta fé er því offrað að hnýta því aftan við nafn frv., að þetta eigi að vera stofnun við háskólann.

Í hinu frv. er gert ráð fyrir, að stofna skuli atvinnudeild við háskólann, og eru í því frv. auk þess öll þau sömu ákvæði um rannsóknarstofnun og eru í þessu frv. h. u. b. óbreytt. Kennarar við atvinnudeildina eiga svo samkv. stöðu sinni að verða yfirmenn og starfsmenn við rannsóknarstofnunina hver á sínu sviði. Þannig verður því kennurum háskóladeildanna sköpuð aðstaða til þess að vinna við rannsóknarstofnunina, hverjum fyrir sína deild. Mér finnst þetta fyrirkomulag svo eðlilegt og útlátalaust, að ég er algerlega hissa á því, að því skuli vera mótmælt, og hvers vegna þetta frv. nær ekki fram að ganga, enda hefi ég enga ástæðu heyrt færða fram gegn því. Þetta er ekkert dýrara fyrirkomulag, og yfirleitt virðist ekkert vera því til fyrirstöðu. Eftir frv. því, sem hér liggur fyrir, er aftur á móti ekkert samband milli rannsóknarstofnunarinnar og háskólans. Háskólinn á bara að leggja fram allt sitt fé til stofnunarinnar, en hún má ekki einusinni heita deild við háskólann.

Þar sem þetta er 2. umr., þykir mér hlýða að athuga nokkuð einstakar gr. frv.

Í 1. gr. er sagt, að stofnunin eigi að heita rannsóknarstofnun Háskóla Íslands. Ég verð nú að segja það, að mér þykir út af fyrir sig þetta nafn ákaflega óheppilega valið. Um nokkurt skeið hefir hér verið til stofnun, sem heitir rannsóknarstofa Háskóla Íslands. Þar sem nú þessi stofnun virðist eiga að starfa áfram, þá sýnist það vera skynsamlegra að velja hinni nýju stofnun nafn þannig, að þessar tvær stofnanir þekktust sundur, en það er alveg eins og með þessu nýja nafni sé ætlazt til, að menn villist á þessum tveimur stofnunum, og mér þætti hreint gaman að vita, hve margir menn, sem ekki hafa sérstakan kunnugleika í þessum efnum, vita það, hver er munur á rannsóknarstofu háskólans og rannsóknarstofnun háskólans. Ég hygg, að þeir verði ekki margir. Það er því alveg augljóst, ef þessar tvær stofnanir eiga báðar að starfa í framtíðinni, að þá verður að velja þessari nýju stofnun eitthvert heppilegra nafn, svo sem rannsóknarstofnun atvinnuveganna, eða því líkt. En þetta er nú kannske afsakanlegt eða skiljanlegt, af því það hefir nú skinið í það gegnum meðferð þessa máls, að rannsóknarstofu háskólans eigi að leggja niður. Það hefir ekki verið talað um það upphátt, því það hefir ekki verið álitið vinsælt úti um landið. Yfirmaður rannsóknarstofunnar er orðinn mjög vinsæll úti um landið fyrir störf sín, og því ólíklegt, að því yrði tekið með þökkum, að sú stofnun verði lögð niður, sem þó upphaflega a. m. k. var tilgangurinn, og því hefir það ekkert þótt saka, þó sett yrði á stofn rannsókn-

arstofnun háskólans. Þrátt fyrir þetta er nafnið gersamlega óskiljanlegt. Hér á að safna saman starfsmönnum, sem ekki koma háskólanum nokkurn hlut við, nema þá helzt efnafræðingurinn. Þarna eiga að starfa fiskifræðingur ríkisins o. fl., sem ekkert eru tengdir við háskólann. Náttúrlega er þetta „þent" nafn, rannsóknarstofnun háskólans, en það er alveg eins og þegar barn er heitið í höfuðið á einhverjum mikilsmetnum manni, að það þykir ákaflega „þent", en stundum hefir verið álitið, að einhver klókindi væru á bak við slíkar nafngiftir, að til þess væri þá ætlast, að sú virðulega persóna, sem þannig var heitin, gæti átt von á gjöfum frá þeim, sem hún er heitin í höfuðið á. Ég býst við, að þannig sé ætlazt til, að háskólinn gefi rannsóknarstofnuninni hús, en það versta við þetta er það, að það er bara ekkert að vita, að háskólinn vilji gefa þetta hús. Það er ekki hægt að taka fé háskólans nema með leyfi hans, og það er ekki fengið, þó meiri hluti háskólaráðs hafi hér gefið einhvern ádrátt.

Þá er sagt í 3. gr., að fiskideildin skuli hafa með höndum eftirlit með síldar- og fiskigöngum. Ég hafði nú haldið, að síld væri fiskur, og ég sé ekki, hvers vegna ekki er alveg eins nefndur þorskur, ísa o. fl. tegundir fiska, sem við höfum gagn af. (**SÁÓ**: Hér er miðað við sérstakt fiskveiðitímabil). En því er þá ekki líka talað um lax og silung? Það eru þó dálitið sérstæðar fiskitegundir. Nei, þetta heitir ekkert annað en vitleysa á íslenzku máli, og sýnir það eitt, þegar svo smávægilegar vitleysur eru samþ. í frv., að ekki er um annað hugsað en að sulla frv. einhvern veginn í gegnum þingið án þess það sé athugað. Þetta er aftur á móti leiðrétt í hinu frv.

Þá er í 3., 4. og 5. gr. talað um þær rannsóknir, sem hinar þrjár deildir rannsóknarstofnunarinnar eiga að hafa með höndum. Þar er t. d. talað um fjörvirannsóknir og búfjárrannsóknir. Mér er að vísu ekki kunnugt um það persónulega, en ég hefi fengið um það upplýsingar hjá forstöðumanni rannsóknarstofu háskólans, að þessar rannsóknir hafa farið þar fram og munu verða framkvæmdar þar eftirleiðis eins fullkomnar og hægt er hér á landi. Það er því alveg augljóst, að þetta ætti að taka út úr frv. á þessum stað og setja í annan kafla, sem raunar vantar í frv., en ætti að vera um það, sem rannsóknarstofnun háskólans felur rannsóknarstofunni að vinna.

Í 7. gr. eru ákvæði um það, að rannsóknarstofnun háskólans skuli hafa heimild til að láta úti og selja hverskonar lyf, sem hún vinnur sjálf eða útvegar frá öðrum rannsóknarstofnunum. Þetta eru alveg óþörf ákvæði. Ég held, að á síðasta þingi hafi verið samþ. l. um það, að slík stofnun sem þessi skuli hafa þennan rétt. Þetta er því óþarft.

Þá eru í 10. gr. taldir upp ýmsir menn, sem heimilt er að krefjast starfs af í þágu rannsóknarstofnunarinnar. Það átti vitaskuld í þeirri upptalningu fyrst og fremst að nefna rannsóknarstofu háskólans, því henni verður rannsóknarstofnunin að fela þegar frá byrjun mjög mikilvægt starf, og það er ákaflega einkennilegt að gleyma þeirri stofnun, sem frá upphafi á að hafa a. m. k. fjörvirannsóknirnar og búfjársjúkdómarannsóknirnar.

Þá kemur nú 13. gr. Þar er ein nefndin á ferðinni. Maður getur kannske sagt, að hún sé meinlaus og gagnslaus, en ég er þó ekki viss um, að svo sé. Það er nú svo, að vísindamönnum, sem eru að vinna við rannsóknir, er ekki hægt að skipa fyrir verkum nema mjög takmarkað. Það er ekki hægt að skipa þeim að finna upp eða að komast að niðurstöðum. Vísindamaðurinn verður að starfa eftir sínu höfði, og hann leiðir stundum ýmislegt merkilegt í ljós án þess að vita af því, hann stendur oft á þröskuldinum áður en varir. Þannig er þetta venjulega með vísindalegar rannsóknir. Hitt er miklu sjaldgæfara, að hægt sé að skipa vísindamönnunum að rannsaka og komast að ákveðinni niðurstöðu. Þess vegna finnst mér geta komið til mála, hvort þessi n. er ekki a. m. k. gagnslaus, eða jafnvel verra en það. Í n. þessari skulu eiga sæti fulltrúar frá atvinnuvegunum, en það er nú svo sem ekki þannig, að þessir atvinnuvegir séu fulltrúalausir í landinu. Ég veit ekki betur en að landbúnaðurinn hafi Búnaðarfélag Íslands, fiskframleiðendur Fiskifélagið og iðnaðarmenn iðnráðið. Þessir aðilar ættu að hafa fullkominn áhuga fyrir því að efla hver sína atvinnugrein án þess verið sé að skipa þessa aðila í sérstaka n. Það er nú komið svo með þetta nefndafargan, að það nær ekki nokkurri átt, það er orðið að innflúensufaraldri hér á Alþingi, þar sem ekkert frv. sleppur við að sýkjast. Í hvert einasta frv. er sett n., annars er ekkert vit í því, og gott ef ein n. dugir. Ég held, að þessi n. sé alveg óþörf, og hún getur ef til vill undir sumum kringumstæðum verið lakari en ekkert.

Þá vil ég minnast á 14. gr. þessa frv., en það er hún, sem segir, á hvern hátt þessi stofnun geti tengzt við háskólann. Upphaflega var þessu þannig fyrir komið, að háskólinn átti ekkert að segja um þetta atriði. Starfsmenn rannsóknarstofnunarinnar áttu bara sjálfir að segja til um, hvernær kennsla skyldi hafin. Svo átti atvmrh. að vera þar með í ráði líka. Þessu hefir nú verið breytt þannig, að háskólaráðið hefir einnig atkv. um þetta. En það er í minni hl., svo að það getur ekki sjálft ákveðið, hvenær kennsla hefst. Ef þetta kemst á einhverntíma í blárri framtíð, sem varla er unnt að eygja ennþá, og hin tilvonandi háskólabygging endist svo lengi, að búið verði að stofna deildina, áður en þarf að fara að endurnýja bygginguna, þá verður þetta þannig framkvæmt, að háskólinn verður einskonar útibú eða sel frá rannsóknarstofnuninni. Starfsmennirnir eiga að stunda kennsluna við háskólann án sérstakrar borgunar. Starfsemi þeirra á að vera eins háttað og starfsemi manna, sem eru í föstum stöðum og eru valdir í ólaunaðar n. til þess að vinna ýms nefndarstörf.

Þá kem ég að síðustu málsgr. 14. gr. frv. Þar segir, að kennarar rannsóknarstofnunarinnar myndi sérstaka kennsludeild í háskólanum, sem skuli lúta sömu almennum fyrirmælum um skipulag sem aðrar kennsludeildir háskólans.

Ég er ekki viss um, hvernig þetta ákvæði getur samrýmzt öðrum ákvæðum frv., t. d. ákvæðum 8. gr. Þetta hlýtur að rekast hvað á annað. 8. gr. frv. gerir ráð fyrir því, að atvmrh. feli einum af starfsmönnum hverrar deildar rannsóknarstofnunarinnar deildarstjórn til 5 ára, en samkv. háskólalögunum og frv. um Háskóla Íslands skal háskólaráð kjósa forstöðumenn deildanna til 1 árs í senn. Ég sé ekki, hvernig þetta getur samræmzt. En samkv. hinu frv. er þetta atriði alveg ljóst. Þar er gert ráð fyrir því, að allir kennarar rannsóknarstofnunarinnar myndi eina háskóladeild, sem kjósi sér svo einn deildarforseta til eins árs, sinn í hverja deild stofnunarinnar. Þar er ekki gert ráð fyrir neinum forstjóra, heldur skal einn af prófessorum atvinnudeildarinnar vera deildarforseti þeirrar deildar, eins og tíðkast um aðrar deildir háskólans. Það eru því margir ágallar á þessu frv., en þótt hv. meiri hl. þingsins vilji sem minnst tillit til óska háskólans taka, þá ætti samt að mega vænta þess, að sómasamlega verði gengið frá þessu máli.

Þá vil ég minnast á 15. gr. Hún rúmar eitt af aðalatriðum þessa máls. Það er peningaspursmálið. Þar er svo ákveðið, að til rannsóknarstofnunarinnar skuli ganga það 20% gjald, sem ríkið áskildi sér, þegar háskólinn öðlaðist sérleyfi fyrir happdrættið. Þetta er vel til fundið, og er ekkert athugavert við það. Ég vil benda hæstv. stj. og hv. meiri hl. þings á það, að þetta hefði verið rétta og eðlilega leiðin, fyrst ómögulega mátti setja upp atvinnudeild við háskólann. Þá hefði verið rétt að leggja til, að fyrir þetta 20% gjald yrði sett upp sjálfstæð stofnun í þarfir atvinnuveganna, án þess að talað væri um háskólann í því sambandi, fyrst hann mátti ekki koma þar nálægt. En þar sem það liggur á því að koma upp þessari byggingu, eins og hæstv. ráðh. minntist á, þá er fundið upp á því að tengja þessa stofnun í orði kveðnu við háskólann, til þess að brjóta ekki í bága við lögin um happdrætti, og láta gjaldið ganga til stofnunarinnar og láta hana svo endurgreiða háskólanum helming fjárhæðarinnar upp í byggingarkostnaðinn. Hinsvegar er ekkert tekið fram um það, hver þessi byggingarkostnaður verði. Það er gert ráð fyrir, að gjaldið muni nema um 200 þús. kr. á þessu 10 ára tímabili, að vísu allt eftir því, hvernig happdrættið gengur. En þegar gefnir eru út heilir seðlar, þá er óvíst, hver ágóðinn verður. Með sæmilegri sölu getur hann jafnvel enginn orðið. Ef svo er hátt að, að heilir vinningar falla á heila seðla, t. d. ef borga þarf út 50 þús., 25 þús. eða 20 þús. krónur, þá verður ágóðinn áreiðanlega hverfandi lítill. Að ágóðinn af happdrættinu varð eins mikill síðastl. ár og raun gefur vitni um, stafar að mjög miklu leyti af því, að stjórn happdrættisins sá sér ekki fært að gefa út meira en hálfmiða meðan happdrættið var á byrjunarstigi. Nú er í ráði að fara einnig að gefa út heilseðla, og þá er ágóðavonin vitanlega langtum minni. Verði ágóðinn í meðallagi mikill, þá verður upphæð sú, sem hér um ræðir, eitthvað í kringum 200 þús. kr. Þá fær háskólinn 100 þús. kr. aftur í þann byggingarkostnað, sem hann leggur fram. Upphaflega var gert ráð fyrir 150 þús. kr., en sú upphæð var hækkuð upp í 200 þús. kr., — en hver er tryggingin fyrir því, að þessi upphæð verði ekki hærri en 200 þús. kr., ef ekkert er um það ákveðið? Það má kannske segja, að það sé trygging, að háskólinn borgi aldrei meira en ef hægt er að svæla út úr honum 200 þús. kr. fyrir ekkert. En fyrst það er þó hægt, þá sé ég ekki annað en að hægt muni vera að halda áfram að svæla út úr honum fé. T. d. átti sundhöllin ekki að kosta meira en 200 þús. kr. til að byrja með. Það er rétt, að ég taki það fram í þessu sambandi, að byggingarmeistarinn, sem um sundhallarbygginguna sá, var ekki meiri meistari en það, að hann „planlagði" sundlaugina þannig, að djúpi endi sundlaugarinnar átti að liggja á móti brekkunni, en grynnri endinn átti að hvíla á súlum. En hversu mörg hundr. þús. sem hafa gengið til sundhallarinnar, þá er hún samt ófullgerð, eins og kunnugt er.

Eins og ég benti á, þegar fundur var haldinn um þetta mál á Garði, þá finnst mér vera möguleiki fyrir því, að það verði aldrei byggt yfir háskólann, svo framarlega sem haldið verður áfram á þeirri braut, sem málið er komið út á. Ef háskólaráðið lætur undan slíkum röddum, þá verður aldrei byggt yfir hann. Ef byggja þyrfti yfir ríkisprentsmiðjuna, þá væri víst ekkert því til fyrirstöðu að kalla hana prentsmiðju við Háskóla Íslands og heimta, að hún væri byggð við háskólann. Það tíðkast víða erlendis, að háskólar hafa prentsmiðjur. Þannig mætti setja hverja stofnunina á fætur annari, sem ríkinu þóknast að setja upp, í samband við háskólann.

Eins og þetta peningaspursmál er leyst hér, þá er ekki nema eðlilegt, að fram komi raddir, ef fara á að byggja allt annað hús en menn dreymdi um, þegar háskólinn útvegaði sér þessa peninga, og spyrji, hvort ekki megi finna jafngóðar ástæður og þessar til þess að taka alla peningana af háskólanum til einhvers annars.

Hæstv. ráðh. lagði áherzlu á, að málinu væri hraðað nú, til þess að hægt yrði að byrja á byggingunni strax í sumar, vegna þess að þar rannsóknir og starfsgreinir, sem hér um ræðir, ættu við svo líkt húsakynni að búa. Ég vil aðeins benda þessum hæstv. ráðh. á það, að engin stofnun á landinu á við nálægt því jafnlíkt húsakynni að búa og einmitt háskólinn. Háskólinn var settur niður í stofur alþingishússins 1911, svo sem mönnum er kunnugt um, aðeins til þess að tengja hann við minninguna um Jón Sigurðsson forseta. Þótti öllum það vel til fundið þá, en engum datt vitanlega í hug annað en að þetta yrði bráðabirgðahúsnæði fyrir háskólann.

Það hefir lengi verið almennur áhugi fyrir því, að hægt yrði að koma upp nýrri deild við háskólann, og þá helzt rannsóknarstofu í þarfir atvinnuveganna. Menn hafa fyrir löngu komið auga á það, að til vandræða horfir, hversu takmarkaður og þröngur sá farvegur er, sem stúdentastraumurinn rennur eftir. Sérstaklega hefir það horft til stórvandræða, hvað stúdentahópurinn hefir þyrpzt í tvær deildir, laga- og

læknadeildir, sem báðar eru yfirfullar fyrir löngu. Skólanum er bráðnauðsynlegt að geta sveigt stúdentastrauminn í aðrar áttir, og þá einkum í hinar praktisku áttir. Ég legg ekki svo sérstaklega mikið upp úr því, að nauðsynlegt sé endilega að gera úr stúdentunum sprenglærða „specialista", heldur tel ég þeim nægilegt að fá staðgóða undirstöðumenntun, svo að þeir gætu t. d. komizt á visst háskólastig, yrðu t. d. kandidatar í sinni sérgrein, en það nám ætti svo að veita þeim aðgang að hinu praktiska lífi á eftir, t. d. í fiskifræði, landbúnaðarvísindum, iðnaðarstörfum og öðru þess háttar. Margir hafa og minnzt á það, að skynsamlegt væri að stofna verzlunardeild við háskólann. Það væri óneitanlega mikils virði að fá heilan hóp af háskólagengnum mönnum inn í verzlunarstéttina. Ég er viss um, að bæði stéttin sjálf og landið hefði mjög gott af því. Þessi von er alveg slegin niður.

Þetta, sem nú var nefnt, er sérstaklega ástæðan fyrir því, hvað stúdentar hafa tekið þetta mál föstum tökum. Fyrir nokkru síðan var boðað til fundar á Garði til þess að ræða um þetta mál. Fundurinn var fjölsóttur, og sótti hann fjöldi stúdenta og flestir háskólakennararnir, þar á meðal þeir þrír, sem eru meiri hluti háskólaráðs. Auk þess var þar hv. þm. Hafnf., sem manna mest barðist fyrir frv. í hv. Nd. Ég verð að segja, að ég hefi aldrei verið á einlitaðri fundi. Það kom engin rödd fram á fundinum, hvorki meðal stúdenta né heldur kennara, sem ekki fordæmdi alveg þær aðgerðir, sem hér er verið að framkvæma, að undanteknum þessum meiri hl. háskólaráðs. Þetta eru nú þau sterku meðmæli, sem þetta frv., sem hér liggur fyrir, á að hafa fengið. Eftir að þessi fundur hafði verið haldinn, var boðað til kennarafundar til þess að ræða málið. Ég held, að allir kennararnir, nema þeir, sem eru í meiri hl. háskólaráðs, hafi skorað á rektor háskólans að halda fundinn. Ég vil taka það fram, að allar samþykktir, sem gerðar voru á þessum fundi, voru samþ. með samhljóða atkvæðum. Skal ég lesa upp aðaltillöguna, með leyfi hæstv. forseta. Hún hljóðar svo:

„Almennur fundur kennara háskólans lýsir því yfir, að hann telur, að með frv. til l. um stofnun atvinnudeildar við Háskóla Íslands, er nú liggur fyrir Alþingi, sé óskum háskólans um atvinnudeild fullnægt í grundvallaratriðum, og lýsir því fylgi sínu við frv. þetta".

Þetta var aðaltill. kennarafundarins. Þetta voru till., sem allir háskólastúdentar stóðu saman um. Þar sem minni hluti háskólaráðs vildi sýna sanngirni og ekki ganga á móti því, sem meiri hl. hafði gert, þá var samþ. varatill. í sambandi við það, sem háskólaráðið áður hafði sagt, um það, að það áskildi sér rétt til þess að bera fram brtt. Síðan komu brtt. shlj. þeim, sem hv. 1. þm. Skagf. hefir borið fram og nú liggja hér fyrir til atkvgr.

Þar sem hæstv. ráðh. og ég held næstum því hv. frsm. meiri hl. n. töldu nokkurn vafa á því, hvort háskólaráð gengi ekki að og samþ. þetta frv., þótt það vildi frekar hafa það öðruvísi, þá vil ég lesa upp niðurlagið á brtt. eftir að hún hafði verið skrifuð. Það hljóðar þannig, með leyfi hæstv. forseta:

„Fundurinn telur, að það verði að vera óhjákvæmilegt lágmarksskilyrði fyrir fjárframlögum af háskólans hálfu til rannsóknarstofnunar þeirrar, er ræðir um í lagafrv. skipulagsnefndar, að þessar breytingar verði á því gerðar".

Ég held, að það sé ómögulegt að taka skýrara til orða en hér er gert. Þetta samþ. meiri hluti háskólaráðs engu síður en hinir kennararnir, þó að undanteknum rektor, sem var veikur og gat því ekki sótt fundinn. Ef litið er á þessar brtt., sem hér eru settar fram sem óhjákvæmilegt skilyrði fyrir því, að háskólaráð leggi fram fé til byggingarinnar, þá er auðséð, að þær eru svo meinlausar, að ég fyrir mitt leyti gerði það með hangandi hendi að ganga að þeim á þessum fundi. Ég vildi halda mér við frv. um atvinnudeild, en vildi þó ekki brjóta þannig einróma samþykkt. Mér er óskiljanlegt, hvers vegna ekki mátti samþ. frv. um atvinnudeild. Þó var framkvæmd ein leiðrétting um það, að rannsóknarstofa háskólans skyldi hafa rannsóknir á búfjársjúkdómum með höndum.

Þá vil ég drepa á brtt. við 14. gr. frv. Þar er sagt, að þegar háskólaráð og atvmrh. ákveða skuli rannsóknarstofnunin verða sérstök deild við Háskóla Íslands, og nefnist hún atvinnudeild. Þessi stofnun á þá að ganga inn í háskólann sem raunveruleg háskóladeild. Skipulagning deildarinnar og skipun starfsmanna hennar skal lúta sömu lögum og aðrar deildir háskólans. Síðan koma fyrirmæli, sem eru svipuð fyrirmælum frv. sjálfs, um það, að ef þessi deild verður sett upp, þá þurfi að sjá fyrir undirstöðukennslu í nokkrum fyrrihlutanámsgreinum, og skal lögð sérstök áherzla á tekniskar fræðigreinir og náttúruvísindi, með það fyrir augum, að auðvelt sé að búa menn undir það, að síðari hluti námsins geti farið fram erlendis. Af því að menn eru ef til vill hræddir við þessa aukakennslu í sambandi við atvinnudeildina, þá vil ég upplýsa það, að fyrir nokkrum árum voru gerðar till. um undirbúningsfræðslu við háskólann, þannig að menn gætu numið byrjun í náttúrufræði, verkfræði og tungumálum hér heima við háskólann og lokið þannig við tveggja ára nám heima, og farið síðan til erlendra háskóla til þess að ljúka við námið þar. Ég held, að þetta hefði verið mjög heppilegt. Í fyrsta lagi hefðum við getað sparað erlendan gjaldeyri, í öðru lagi var hægt að veita færum íslenzkum mönnum atvinnu við kennsluna, og í þriðja lagi hefði frekar verið hægt að sjá, hvað í mönnum býr og hverjir eru hæfir til þess að verða styrks aðnjótandi framvegis við erlenda háskóla. Þetta hafðist ekki í gegn, en við þessa rannsókn kom það í ljós, að auðvelt var að veita þessa fræðslu hér fyrir tiltölulega litla borgun.

Breytingin á 15. gr. fer fram á það, að tryggt sé, að háskólanum sé ekki skylt að leggja fram meira en þá hámarksupphæð, sem gert er ráð fyrir í sambandi við þessa byggingu, sem sé 200 þús. kr. Þetta finnst mér sjálfsagt, en hinsvegar er það ákvæði frv. látið haldast, að rannsóknarstofnunin greiði háskólanum ekki aftur

Rannsóknarstofnun Háskóla Íslands.

meira en helming þess fjár, sem háskólanum ber að greiða ríkissjóði samkv. lögum um happdrætti. Það verða þá undir öllum kringumstæðum fjárútlát fyrir háskólann, sem hann yrði að inna af höndum með tilliti til þess að fá þá á sínum tíma þessa deild.

Ég verð að segja eins og hv. 1. þm. Skagf., að mér er óskiljanlegt, hvers vegna ríður svo mjög á að ljúka þessu máli nú. Hæstv. ráðh. sagði að vísu, að það þyrfti að ljúka málinu nú til þess að hægt væri að byrja á byggingunni strax í sumar. En ég get alveg fullvissað hv. þm. um, að það verður ekki hægt að byrja á byggingunni í sumar, hvort sem þetta frv. nær samþykki eða ekki. Hvað sem því líður, að fé á nú ekki að fást, úr því ekki var gengið að úrslitaskilyrðum, sem háskólinn setti fyrir því, að það fengist. Þó maður sleppi því alveg, þá eru aðrar ástæður, beinlínis tekniskar ástæður, sem gera ómögulegt að byrja á byggingunni í sumar. Svo ég nefni bara eina, þá á háskólinn ennþá enga lóð til þess að byggja á. Ég hefi orðið var við, að sumir hv. þdm. halda, að háskólinn eigi lóð, en það fer fjarri því. Það hefir verið talað um lóð handa honum suður á Melum, og bæjarstj. hefir haft góð orð um að láta hana af hendi. En á því eru ýmsir annmarkar. Þessi lóð hefir ekki verið afhent ennþá, og ég tel vafasamt, að það mál leysist á þessu ári. Fyrir það fyrsta eru kvaðir á lóðinni, sem menn eru ekki á eitt sáttir um, hver á að leysa inn. Í öðru lagi er risinn ágreiningur um, hvernig þessi lóð á að vera. Menn muna vafalaust eftir þáltill., sem hv. þm. S.-Þ. fékk samþ. á þinginu í haust um ákveðið skipulag á þessari lóð, og var hún vitanlega fram borin sökum þess, að fullkominn ágreiningur er um það, hvernig lóðin á að vera. Upphaflega hugsuðu menn sér, að hún næði frá Suðurgötu og alla leið yfir melana, mýrarnar og túnin meðfram öllum suðurenda tjarnarinnar og yrði geysilega stór. Nú hefir það komið í ljós, að bæjarstj. álítur nauðsynlegt að leggja umferðargötu yfir þetta svæði. (JJ: Grútargötu). Já, við getum kallað hana Grútargötu, hún mun valda jafnmiklum ágreiningi, hvort sem hún er kölluð Grútargata eða Gullgata. Það er gott, að hv. þm. leggi til eitt uppnefni í þessu máli. Annars ætti hann nú heldur að hugsa um fylliríissögurnar, sem hann er að skrifa um þessar mundir; hann kann að gleyma einhverju af þeim, ef hann er að skjóta hér inn í umr.

En sem sagt, það er kominn fullkominn ágreiningur um, hvernig á að haga þessari lóð. Ýmsir innan háskólans og jafnvel stjórnarinnar hafa staðið á móti því, að gata kæmi þarna yfir lóðina, og það er alls ekki séð, hvenær það spursmál verður leyst. Hitt er víst, að háskólinn hefir nú sem stendur ekki ráð á neinni lóð, og það er ekki hægt að byrja á byggingu fyrr en afhending hefir farið fram. Stúdentagarðurinn var að vísu reistur þarna, en hann leysti til sín horn af lóðinni fyrir sín efni, af því stúdentarnir voru óþolinmóðir eftir því að koma honum upp, svo það kemur ekki þessu máli við. Og nú vil ég spyrja hæstv. ráðh.: Hvar ætlar hann að reisa þá byggingu, sem hér er um að ræða? Ég spurði rektor háskólans, sem er mjög ákafur í þessu máli. Hann sagði bara, að þetta kæmist í lag. En ég segi, að það kemst ekki í lag meðan allur þessi ágreiningur er óleystur. Það er nóg til þess, að ekki er hægt að byrja á byggingunni, að enginn veit, hvar hún á að standa. Og þegar búið er að ákveða lóðina, þarf að undirbúa rækilega skipulag húsanna á henni. Það er hreinasta óvit að fara að peðra upp húsum hér og hvar á lóðinni án þess að athuga fyrst, hvernig húsaskipunin í heild á að vera.

Þetta er nú út af fyrir sig nóg ástæða til þess, að aldrei verður byggt í sumar. En ég vil einnig nefna aðra ástæðu, ef menn skyldu halda, að það gerist eitthvert kraftaverk, svo lóðin verði tilbúin. Þá vantar bara blátt áfram peningana. Græddi ekki happdrættið 100 þús. kr. síðastl. ár, munu menn spyrja. Jú, það er rétt, að ágóðinn varð um 93 þús. kr., sem rann í háskólasjóð. En happdrættið getur ekki starfað með minni sjóð en sem því svarar. Það er ekkert vit í því að láta happdrættið starfa án þess að hafa varasjóð. Fyrsta árið slampaðist þetta af með því að dreifa áhættunni, en aðrir sjóðir háskólans hlupu líka undir bagga. Happdrættinu veitir alls ekki af sínum fyrsta ágóða sem varasjóði.

En þetta gerir ekki heldur nokkurn skapaðan hlut til. Stofnunin tekur ekki til starfa einum degi fyrr, þó eitthvað væri byrjað að grafa fyrir byggingunni í sumar. Það yrði bara farið þeim mun hægar við framkvæmdirnar. Nei, það á ekki að byrja fyrr en búið er að ganga frá lóðamálinu, planleggja lóðina vel og safna fyrir nægilegu fé. Þá er hægt að byrja með þeim krafti, að húsinu verði lokið á eðlilegum tíma. Því er engin ástæða til að afgr. þetta mál nú. Það verður ekkert búið að gera, þegar þingið kemur saman í haust, hvað sem samþ. er nú. Hér er aðeins um að ræða ofurkapp einstakra manna — sem ég veit ekki, hvernig á stendur —, er vilja keyra þetta mál í gegn á móti vilja næstum því hvers einasta manns í þeirri stofnun, sem hér á hlut að máli.

Ég skal nú ekki fjölyrða um þetta frekar, en ég vildi nota þessa umr., áður en málið gengi lengra og í sambandi við brtt. hv. 1. þm. Skagf., til þess að gera grein fyrir minni skoðun á málinu.

Magnús Guðmundsson: Ég er alveg undrandi yfir því, að hæstv. ráðh. skuli ekki finna ástæðu til að svara neinu í þessari löngu og ýtarlegu ræðu hv. 1. þm. Reykv. Það bendir til þess, sem mig uggir, að í þessu máli eigi lítið að skeyta rökum. En auk þess, sem ég benti á áðan, finnst mér æði flasfengið að samþ. þetta frv. nú, einmitt á sama þinginu, sem við erum í þann veginn að fresta af því, að því er sagt er, að það þykir svo óvíst um fjárhagsafkomu ríkisins í framtíðinni. Þetta frv. kemur til með að kosta ríkið mikið, ef að lögum verður og þau komast í framkvæmd, og þess vegna finnst mér ekki til of mikils mælzt, þó farið sé fram á, að afgreiðsla þess bíði til haustsins, ekki sízt ef það er svo, sem ég hygg, að ekki eru neinar líkur til, að frv. komi að notum, þó það verði samþ. nú. Væri þá nær að nota tímann í sumar til þess

að ná samkomulagi um málið. Því eins og hv. 1. þm. Reykv. hefir nú upplýst, þá segja háskólakennararnir hér einum rómi á fundi, að það verði að teljast óhjákvæmilegt lágmarksskilyrði fyrir fjárframlögum af háskólans hálfu, að brtt. mínar verði samþ., og það var ástæðan til þess, að ég bar þær fram. Ég skil ekki, hvernig hæstv. ráðh. ætlar að láta samþ. frv. eins og það er; það er alveg óforsvaranlegt, þegar maður hefir það svart á hvítu, að þeir menn, sem yfir fénu ráða, munu ekki leggja það fram nema fullnægt sé þessu skilyrði. Undir slíkum kringumstæðum er það ekkert annað en skollaleikur að vera að samþ. frv.

Mér kom það einkennilega fyrir að heyra hæstv. ráðh. segja, að það hefði verið óþarfa fyrirspurn hjá mér, þegar ég spurði, hvað lægi í því skilyrði af hálfu háskólans, sem prentað var í niðurlagi aths. við frv. eins og það var flutt í byrjun. Ég spurði af því ég vildi fá svar hæstv. ráðh. um það, hvort hann væri samþykkur því, sem segir í bréfi háskólaráðs, sem ég hefi hér í höndum. En hann svaraði þessu eiginlega ekki neinu. Ég varð að líta svo á, að þar sem háskólaráðið hefir verið með í þessari atkvgr., sem hv. 1. þm. Reykv. nefndi, þá geti hæstv. ráðh. ekki lengur byggt á samþykki þess fyrir þessu frv., en hvort það hefir nokkurntíma samþ. það, veit ég persónulega auðvitað ekkert um.

Það hlýtur að vera á ábyrgð hæstv. ráðh., að hann sé ekki að láta samþ. hér frv., sem vitað er um, að ekki getur komið að neinum notum. Og þess vegna er hann skyldur til, að því er mér finnst, að sanna hér fyrir d., að hann hafi einhver ráð til þess að koma þessu máli í framkvæmd þrátt fyrir mótmæli háskólakennaranna allra í einum hóp.

Mér sýnast það einnig rök í þessu máli, að stúdentarnir yfirleitt eru á móti því. Það er þó mikilsvert skilyrði fyrir notum þessarar stofnunar fyrir háskólann, að hún sé vel séð af stúdentunum. Og mér er óskiljanlegt það kapp, að vilja ekki reyna þann útveg, að fresta málinu og reyna að fá samkomulag um það í sumar. ekki sízt þegar það er upplýst af hv. 1. þm. Reykv., sem ég vissi ekki áður, að það vantar alveg lóð undir þetta hús.

Annars skal ég ekki fjölyrða um þetta mál frekar. Hv. 1. þm. Reykv., sem er málinu nákunnugur, hefir gert hér sérlega glögga grein fyrir því, svo ég get þar að sjálfsögðu engu bætt við. En mig undrar, að hæstv. ráðh. og meiri hl. n. skuli enga hvöt finna hjá sér til þess að reyna að svara einhverju af þeim rökum, sem komu fram hjá hv. 1. þm. Reykv.

ATKVGR.
Brtt. 313 teknar aftur til 3. umr.
1. gr. samþ. með 9:1 atkv
2.—4. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
5.—17. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
Fyrirsagnir frv. og kaflar þess samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 9:1 atkv.

Á 42. fundi í Ed., 4. apríl, var frv. tekið til 3. umr. (A. 240, 313).
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Brtt. 313,1 felld með 8:4 atkv.
— 313,2 felld með 8:4 atkv.
— 313,3 felld með 8:4 atkv.
Frv. samþ. með 9 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 381).

---

37. Lokunartími sölubúða (breyt. á eldri l.).

Á 33. fundi í Nd., 20. marz, var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 79 14. nóv. 1917, um samþykktir um lokunartíma sölubúða í kaupstöðum (þmfrv., A. 205).

Á 35. fundi í Nd., 22. marz, var frv. tekið til 1. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 37. fundi í Nd., 25. marz, var frv. aftur tekið til 1. umr.
Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 19 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

Thor Thors: Þar sem hv. þm. G.-K. er ekki viðstaddur, vildi ég leyfa mér að skýra frá því, að þetta mál er flutt samkv. ósk hreppsnefndar Keflavíkur og er ofur einfalt mál. Sé ég ekki ástæðu til að fjölyrða um það, en vil mælast til þess, að því verði vísað til allshn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 19 shlj. atkv. og til allshn. með 19 shlj. atkv.

Á 41. fundi í Nd., 30. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 205, n. 311).
Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 17 shlj. atkv.

Frsm. (Thor Thors): Þetta frv. miðar að því að veita hreppsnefndum í kauptúnum með yfir 800 íbúa sama rétt og bæjarstjórnum í kaupstöðum að ákveða eða setja reglugerð um lokunartíma sölubúða. N. er öll sammála um að mæla með frv. með þeirri breyt., sem okkur finnst eðlileg, að þessi réttur nái til allra sveitarfélaga. Flytur n. brtt. í þá átt og leggur einróma til, að frv. verði samþ. með henni.

ATKVGR.
Brtt. 311 (ný 1. gr.) samþ. með 21 shlj. atkv.
2.—5. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 19 shlj. atkv.

Á 42. fundi í Nd., 1. apríl, var frv. tekið til 3. umr. (A. 327).
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 16:1 atkv. og afgr. til Ed.

Á 39. fundi í Ed., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 327).
Á 40. fundi í Ed., 2. apríl, var frv. tekið til 1. umr.
Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 9 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 9 shlj. atkv.

Á 42. fundi í Ed., 4. apríl, var frv. tekið til 2. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
2.—5. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 10 shlj. atkv.

Á 43. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 3. umr.
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 9 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 382).

38. Útflutningur á vikri.

Á 38. fundi í Nd., 26. marz, var útbýtt:
Frv. til l. um einkaleyfi til að flytja út vikur og vörur, unnar úr vikri, og selja á erlendum markaði (þmfrv., A. 276).

Á 40. fundi í Nd., 29. marz, var frv. tekið til 1. umr.
Frv. of seint fram komið — Deildin leyfði með 17 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

Frsm. (Emil Jónsson) [óyfirl.]: Ég veit ekki, hvort það er rétt af mér að fara að hafa umr. um frv. Mér finnst þó, að það hafi verið talað um ýmis mál, sem ekki hafa verið merkilegri en þetta. Því að málið er dálitið sérstakt, og öllum hv. þm. er það kannske ekki eins kunnugt og þyrfti að vera.

Það er þá um málið að segja, að vikur er ákaflega merkilegt byggingarefni, vegna einangrunarhæfileika sins, og er mjög eftirsótt vara. Það er flutt inn til Noregs, Englands og Danmerkur og fleiri landa, sem ekki hafa það, aðallega frá Þýzkalandi.

Allir vita, að hér á landi er til talsvert af vikri, en hvað mikið það er, er ekki fullvitað, því að það hefir ekki verið rannsakað til hlítar. Hitt vita menn, að í Þjórsárdal og meðfram Jökulsá í Axarfirði er mikið til af honum.

Nú hafa verið hér áhugamenn, sem hafa reynt að notfæra vikurinn, aðallega á innlendum markaði. Þeir hafa flutt hann á bílum úr Þjórsárdal til Reykjavíkur og frá Jökulsá til Akureyrar, búið til úr honum plötur, til einangrunar í hús í staðinn fyrir kork.

Ef nú mætti takast hagkvæmari framleiðsla á vikrinum, og þó aðallega ódýrari flutningur, þá mætti spara með því innflutning á korki og nota í staðinn vikur.

Sveinbjörn Jónsson, byggingarmeistari á Akureyri, hefir haft forgöngu þessarar framleiðslu á Norðurlöndum og gert tilraunir með hana síðan 1925. Hann hefir búið til plötur úr vikrinum, en vegna þess hvað flutningskostnaðurinn hefir orðið mikill, hefir þetta ekki getað orðið nógu ódýr verzlunarvara.

Nú hafa umsækjendur einkaleyfisins hugsað sér nýja leið, að láta ána flytja vikurinn til sjávar, og taka hann upp í árósnum. Fellur þá flutningskostnaðurinn svo að segja úr sögunni. En til þess að ráðast í þetta, þarf mikinn og dýran útbúnað uppi á öræfum, og munu væntanlegir kaupendur ekki vera ófúsir að leggja eitthvað af mörkum, ef þeir fengju einhverja tryggingu á móti, og hafa þeir því farið fram á einkaleyfi til 10 ára til að flytja út þessa vörutegund. Þeir hafa fengið tilboð, aðallega frá enskum og norskum firmum, og hafa von um að geta selt við því verði, að framleiðslan borgi sig.

. En svo að hv. þm. sjái, hvað mikill er kostnaður við vikurinn, þá skal ég geta þess, að bílfarmurinn frá Þjórsárdal til Reykjavíkur, eða frá Axarfirði til Akureyrar, kostar 30—40 kr. En ef vikurinn á að vera til útflutnings, þá má verðið ekki vera meira en 6—8 kr. Ef hægt væri að lækka kostnaðinn niður í brot af þessu verði, þá mætti takast að koma hér upp vikuriðnaði í sambandi við útflutning. En þá mun verðið líka verða miklu lægra hér innanlands, svo að ekki þyrfti lengur að flytja inn kork.

Ég skal svo ekki þreyta hv. dm. með því að tala lengur um þetta. Ég vildi nota hér tækifærið til þess að skýra málið fyrir mönnum, því að það er nokkuð sérstakt og merkilegt. En það getur verið áhættusamt fyrir þá, sem ætla að ráðast í fyrirtækið, að leggja út í kostnað við það, ef aðrir gætu eyðilagt fyrir þeim, þegar iðnaðurinn væri kominn dálitið á rekspöl.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 21 shlj. atkv.

Á 41. fundi í Nd., 30. marz, var frv. tekið til 2. umr.
Of skammt var liðið frá 1. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 19:1 atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
2.—4. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 20 shlj. atkv.

Á 42. fundi í Nd., 1. apríl, var frv. tekið til 3. umr. (A. 276, 328).

Frsm. (Emil Jónsson) [óyfirl.]: Iðnn. flytur brtt. við þetta frv. á þskj. 328, þess efnis, að við 2. gr. frv. bætist: „þó er fjmrh. heimilt að lækka útflutningsgjaldið, ef leyfishafar færa sönnur á nauðsyn þess, til að framleiðslan geti borið sig fjárhagslega.“

Það er líklegt, eftir upplýsingum, sem n. hefir fengið, að ekki fáist nema 6—8 kr. fyrir tonnið af þessari vöru, þannig að útflutningsgjaldið, 50 au. af hverri smálest, sem ákveðið er í frv., nemur 7—8% af verði vörunnar, sem er tiltölulega mjög hátt borið saman við annað útflutningsgjald.

Þar sem upplýsingar benda til, að verðið á þessum vörum muni verða lágt, og allar líkur eru til, að einkaleyfishafar muni eiga í vök að verjast, þar sem þeir verða að leggja fram allmikinn stofnkostnað í byrjun til vélakaupa o. fl., er vafasamt, að þessi rekstur geti borið sig, a. m. k. til að byrja með. Iðnn. leggur því til, að fjmrh. sé heimilað að lækka útflutningsgjaldið, ef ástæður þykja til. M. ö. o., ef það sýnir sig, að útflutningsgjaldið veiki fyrirtækið, eða kunni jafnvel að ríða því að fullu, þá er þessi heimild til. Að öðrum kosti greiða leyfishafar hið tiltekna útflutningsgjald.

ATKVGR.
Brtt. 328 samþ. með 17 shlj. atkv.
Frv., svo breytt, samþ. með 17 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 40. fundi í Ed., 2. apríl, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 345).

Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10:1 atkv.

Magnús Jónsson [óyfirl.]: Þetta frv. er náskylt frv., sem hefir verið til umr. í þessari hv. d. Að ég greiddi atkv. móti því, að þessu máli væri hraðað svona mikið, var vegna þess, að ég tel, að svipað eigi að ganga yfir þessi tvö mál, en mér virtist svo sem hv. d. vildi ekki flýta fyrir því máli, sem var til umr. hér í d. í gær. Hv. 4. landsk. mælti þá móti því frv., og ef ég ætti þá ræðu uppskrifaða, þá myndi ég halda hana núna. Það er reynt að greiða svo fyrir þessu máli, að það er ekki einusinni búið að útbýta skjölunum, þegar það er tekið fyrir. En hitt málið var búið að liggja í 12 daga hjá n., og þó var það ekki nógu vel rannsakað.

Nú væri gaman að fá allar þær upplýsingar um þessa vöru, sem hv. 4. landsk. talaði um, að vantaði viðvíkjandi málinu, sem var á dagskrá í gær. Það væri gaman að fá upplýsingar um, hvað mikið muni vera hægt að selja af þessari vöru, hver hafi fundið upp á því að hagnýta hana, og hvort ekki verði að áskilja uppfinningamanninum rétt til þess að hagnýta hana. Ef þetta er ekki gert, þá leyfi ég mér að staðhæfa, að hér sé á ferðinni sama réttlæti og nú er yfirleitt látið gilda, en það er að mismuna alveg eftir því, hver á í hlut, og eftir því, hvort þeim býður svo við að horfa.

Ég vil fullyrða, að hér er um skyld mál að ræða. Það hefir komið í ljós, að hér á landi finnast bergtegundir, sem hagnýta má sem byggingarefni, og má ef til vill gera þær að söluvöru á erlendum markaði. Menn eru sammála um aðferð þá, sem stungið hefir verið upp á í þessu skyni, en hún er í báðum tilfellum sú, að veita mönnum þeim, sem vilja brjótast í því að ryðja þessari vöru braut á erlendum markaði, þau fríðindi, sem þeir telja sér nauðsynlegt að fá til þess að geta lagt í kostnað þann, sem af því leiðir. En ef ekki þykir annað sáluhjálplegt en að ríkið græði á þessu, þá getur það auðvitað síðar tekið þetta í sínar hendur. Það er ómögulegt að sjá muninn á þessum tveimur tilfellum, enda er hann enginn. Það eru sjálfsagt í báðum þessum tilfellum margir, sem eiga þessa svokölluðu uppgötvun, og eins og ég minntist á í gær, þegar ég talaði um hitt málið, þá hefi ég heyrt marga eigna sér þá uppgötvun að nota hrafntinnu til múrhúðunar. En húsameistari ríkisins er mikill vinur hv. þm. S.-Þ., en húsameistari vill eigna sér þessa uppgötvun, og af því að hv. þm. S.-Þ. er svo viðkvæmur gagnvart húsameistara, þá hefir hv. 4. landsk. ekki talið sig mega sitja hjá í þessu máli og lýst því yfir, að hann geti ekki afgr. málið fyrr en upplýsingar eru fengnar um allt mögulegt viðvíkjandi málinu. En í því tilfelli, sem hér um ræðir, er þessu ekki til að dreifa, og því á að hraða þessu máli eins mikið og hægt er.

Ég sé, að hv. þm. S.-Þ. er kominn í d. og býst ég við, að hann leggi lið sitt til þess, að þessu máli verði ekki flaustrað af, og að beðið verði eftir því, að nauðsynleg rannsókn hafi farið fram, áður en það verður tekið til meðferðar aftur.

Ég sé, að hv. 4. landsk. óskar eftir því að taka til máls, og býst ég við, að afstaða hans frá í gær hljóti að vera óbreytt.

Ég vænti þess svo, að bæði þessi mál verði afgr. í þessari hv. d., því mér er ómögulegt að koma auga á mismuninn á þeim.

Jón Baldvinsson [óyfirl.]: Það er mikið ímyndunarafl, sem hv. 1. þm. Reykv. hefir. Hann tók það sem gefið, af því að ég greiddi atkv. með afbrigðum um að málið fengi að koma fram í d., að ég mundi vera því fylgjandi. Ég vil nú segja hv. 1. þm. Reykv. það, að það er alls ekki óalgengt, að alþm. greiði atkv. með því að veita afbrigði fyrir till. og frv., sem þeir greiða svo atkv. á móti síðar. Þetta er meira að segja mjög algengt fyrirbrigði hér á Alþ. og sýnir hvorki fylgi eða andstöðu gegn till. eða frv.

En um þetta frv. er það að segja, að það stendur vissulega svipað á með það eins og frv. um einkaleyfi til þess að flytja út hrafntinnu. Ég skal játa, að ég hefi ekki fengið upplýsing-

ar um þetta mál. Ég geri ráð fyrir, að því verði vísað til nefndar, og get ég ekki séð, að það séu hundrað í hættunni með að það verði afgr. í flýti. Það eru ekki nema fáir dagar eftir af þessum hluta þingsins, og er því ekki sennilegt, að þetta mál nái afgreiðslu á þessum hluta þingsins, ef það fer til n., sem mér þykir eðlilegt að það fari.

Ég hefi ekki sagt neitt um fylgi mitt við þetta frv. Ég gat vel greitt atkv. með afbrigðum án þess að láta nokkuð í ljós um það. Ég skal geta þess, að ég myndi hafa greitt atkv. með því, að brtt. hv. 1. þm. Skagf. við frv. um hæstarétt mættu komast að, þó að ég væri staðráðinn í því að greiða atkv. móti hverri einustu brtt. Hv. 1. þm. Reykv. og hv. 1. þm. Skagf. greiða oft atkv. með að veita afbrigði, þó að þeir síðar greiði atkv. móti frv. Það þarf ekki að benda neitt á fylgi við málið.

Ég skal svo ekki segja neitt um fylgi mitt við þetta frv. eða andstöðu gegn því, fyrr en ég hefi haft aðstöðu til þess að athuga það.

Jónas Jónsson [óyfirl.]: Af því að hv. 1. þm. Reykv. bjóst við, að þetta mál ætti að fylgja þeirri steintegund, sem talað var um í gær, þá *vil ég ekki neita því*, að *vit geti verið í því*. Þó finnst mér, að ekkert sé á móti því að taka frá þetta mál um vikurinn, því það mál hefir verið athugað í skipulagsnefnd. Ég get sagt fyrir mitt leyti, að ég hefi áhuga á því, af því að ein helzta vikurnáman er í mínu kjördæmi. Ég býst við, að það geti verið mjög vafasamur gróði að því að vinna vikurinn. Mér finnst rétt að segja frá því, hvernig sú aðferð er, sem þeir hafa hugsað sér að nota til þess að vinna vikurinn. Þeir ætla sér að veita vatni yfir sandana og skola vikrinum þannig niður í Jökulsá, og þaðan niður í sjó, en þar ætla þeir að veiða hann í net, og flytja hann svo á bílum til næstu hafnar. Það getur verið, að þetta lánist, en þó mun það vera bundið annmörkum. [Hér mun vanta eitthvað í ræðuna.]

Ég hefi fengið munnlegar upplýsingar um það, að það hafi verið gerðar stórvægilegar uppgötvanir af húsameistara með þessar steintegundir, sem verða þá annaðhvort ekkert notaðar eða að það getur numið þúsundum tonna. Þess vegna er þessi skattur svo hlægilega lítill og óverulegur, að ef á annað borð er um eitthvað hér að ræða, þá er verið að spila úr höndum ríkisins möguleikum til verulegrar tekjuöflunar.

Ég vil um leið leiðrétta það, sem hv. 1. þm. Reykv. sagði, að það þyrfti að kaupa dýrar vélar til að vinna steininn. Það þarf ekki. Ég lít svo á, að vel geti komið til mála að flytja hann út sem hráefni fyrst um sinn, ef menn vildu ekki leggja í vélar. Mig grunar, að bak við þessa hugmynd standi peningamannafélag, sem hefir séð, að einn af starfsmönnum ríkisins er búinn að gera merkilega uppgötvun á þessu sviði og ætlar sér að gera þetta að „spekúlations"-máli.

Ég vona, að hv. 1. þm. Reykv. sé þakklátur fyrir þessar upplýsingar og að hægt skuli vera að flytja þessa vöru út og gera hana verðmæta, og þó að hún væri nú flutt óunnin, þá væri hægt að koma breytingu þar á tiltölulega fljótt, ef til kæmi.

Magnús Jónsson [óyfirl.]: Mér er mikil ánægja að biðja hv. 4. landsk. afsökunar á, að ég skyldi gera honum upp svona óhreinar hvatir, af því að mér þótti hann koma undarlega fram í hinu málinu í gær. Mér finnst það skjóta skökku við, þó að það sé algengt, að menn greiði atkv. með afbrigðum, að tefja hitt málið, en greiða fyrir þessu, sem getur orðið til þess, að það verði samþ. nú, því að það er honum kunnugt, að þegar leitað er afbrigða undir þinglokin, þá er það í þeim tilgangi að keyra málið í gegn.

Hv. þm. S.-Þ. fór að gefa upplýsingar í þessu máli. Mér skildist það vera tvennt, sem hann teldi mæla með þessu máli. Annað var það, að það hefði gengið í gegnum skipulagsn., en maður sér hennar fingraför lítið á málinu. Mér fannst hann gefa litlar upplýsingar um málið og hvers vegna væri svo hættulegt að sleppa því úr höndum ríkisins í 5 ár. Hitt, sem hann mælti með þessu frv., var það, að þessar vikurnámur væru í hans kjördæmi. Mér sýndist það eiga að vera sú stóra ástæða fyrir því, að engin hætta væri á ferðum. (**JJ**: Því betra sem hann er betur ættaður!). Já, það *er sérstaklega* vel ættaður sá vikur, sem er úr auðnunum fyrir ofan hans kjördæmi. Nú er vikur víðar til en þarna, og ef gefinn er einkaréttur til útflutnings á honum, þá hlýtur hann að ná yfir hann líka.

En sem sagt, mér finnst vera rétt að leyfa einstaklingum að brjóta hér brautina, hvað sem menn annars segja um einstaklingsframtakið. Jafnvel þeir, sem vilja láta þingið grípa yfir allt, ættu að geta fallizt á, að hentugt væri að láta einstaklingana brjóta hér brautina, en að mörgum millj. verði kastað burt við að leyfa mönnum að gera tilraun með þetta í 4—5 ár, það nær engri átt.

Annars er talsvert *mikill* munur á þessum tveimur frv. Fyrst er það, hvað tíminn er mislangur, í þessu frv. er hann 5 ár, en 10 ár í hinu frv. Í öðru lagi á að greiða 50 aura útflutningsgjald af hverri smálest af þessari útflutningsvöru, en í hinu frv. er gert ráð fyrir 3 kr. útflutningsgjaldi auk venjulegs útflutningsgjalds, svo að þetta er þá hreint sérleyfisgjald. Aftur á móti á aldrei að verða meira en 50 aura gjald af hverju tonni af hinni vörunni, hvað hátt sem verðið verður á henni. Ég er ekki að segja, að ég sé á móti þessu, því að það verður að stuðla að þessu, því að það er erfitt að vinna upp svona markaði, en ég skil ekki þann mun, sem hér er á gerður. Ef það er rétt að veita einstaklingum svona sérleyfi, og það álít ég að sé rétt, þá á ekki að gera þennan mun, sem hér ræðir um.

Það eina, sem gerir mig hikandi við afgreiðslu þessa máls, er grunsemd hjá mér um það, að gera eigi mun á þessum tveimur málum.

Annars skal ég ekki, af því að hitt málið er síðar á dagskrá, fara nánar út í það nú.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv. og til iðnn. með 9 shlj. atkv.

Á 42. fundi í Ed., 4. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 345, n. 370).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 9 shlj. atkv.

Frsm. (Páll Hermannsson) [óyfirl.]: Við 1. umr. var minnzt á þetta mál, svo að ég þarf ekki að ræða mikið um það. Er málið einfalt, og er því nokkurnveginn lýst að fullu í frv. Frv. ætlast til, að tveim mönnum, þeim Jóni S. Loftssyni í Reykjavík og Sveinbirni Jónssyni á Akureyri, verði veitt einkaleyfi í 10 ár til að vinna úr vikri og flytja það út.

Um þetta verk liggja fyrir nokkrar áætlanir. Er gert ráð fyrir, að hægt verði að selja til Noregs 20 þús. m^3 af vikursandi. Verðið er að vísu lágt, en þó viðunandi. Gengið er út frá því, að vinna megi úr vikri efni til að þétta hús, er komið gæti í staðinn fyrir kork og slíkt.

Eins og bent var á við 1. umr., hagar svo til, að vikursandur er í stórum breiðum um öræfi landsins, sérstaklega þó vestan Jökulsár á Fjöllum. Þetta er eldfjallaaska frá Dyngjufjallagosinu mikla, sem lagði í eyði stóra landshluta. Er þarna af nógu að taka, vikurlagið er 25—30 cm. þykkt, og liggur það yfir óhemjusvæði öræfanna, einkum Ódáðahraun.

Gert er ráð fyrir að láta Jökulsá á Fjöllum flytja efnið til sjávar. Er hugsað til að ná sandinum þannig, að láta vatnið úr ánni flæða yfir sandana.

Talið er, að til þess að koma fyrirtæki þessu af stað muni þurfa 100 þús. kr. stofnfé og 20 þús. kr. til rekstrar 1. árið. Áætlað er, að það, sem hægt er að selja árlega, unnið og óunnið, muni nema 185 þús. kr. Af þessu fé er meiri hlutinn vinnulaun, sem verða hér eftir. Bæði þarf að greiða fyrir vinnu við flutninga um öræfin að ánni, einnig vinnu við útskipun auk vinnu þeirrar, sem skapast við þann vikuriðnað, sem fyrirhugað er að setja á stofn við árósana. Frv. er búið að ganga gegnum hv. Nd. og var þar flutt af iðnn. og samþ. mótatkvæðalaust. Var aðeins gerð á því lítilsháttar breyting við niðurlag 2. gr., um að veita fjmrh. heimild til þess að lækka útflutningsgjaldið, ef á þyrfti að halda.

Iðnn. þessarar d. hefir nú athugað frv. og leggur einróma til, að það verði samþ.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
2.—4. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 9 shlj. atkv.

Á 43. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 9 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 9:1 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 383).

---

39. Löggilding Buðlungahafnar.

Á 40. fundi í Nd., 29. marz, var útbýtt:

Frv. til l. um löggilding verzlunarstaðar í Buðlungahöfn (þmfrv., A. 304).

Á 41. fundi í Nd., 30. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Frv. of seint fram komið og of skammt liðið frá útbýtingu þess. — Afbrigði leyfð og samþ. með 20 shlj. atkv.

Flm. (Gísli Guðmundsson): Þetta frv. er flutt í sambandi við frv. það, sem hér var til umr. næst á undan (frv. um einkaleyfi til að flytja út vikur), og vildi ég óska þess, að þau mál fengju að verða samferða í gegnum þingið. Ég geri ekki ráð fyrir, að þetta mál mæti neinni mótstöðu, og vona, að það fái góða og skjóta afgreiðslu.

Ég leyfi mér að leggja til, að frv. verði vísað til 2. umr.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 18 shlj. atkv.

Á 42. fundi í Nd., 1. apríl, var frv. tekið til 2. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 19 shlj. atkv.

Á 43. fundi í Nd., 2. apríl, var frv. tekið til 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 20 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 20 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 40. fundi í Ed., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 304).

Á 41. fundi í Ed., 3. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 9 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 9 shlj. atkv.

Á 42. fundi í Ed., 4. apríl, var frv. tekið til 2. umr.

Of skammt var liðið frá 1. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 9 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 10 shlj. atkv.

Á 43. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 3. umr.
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 10:1 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 384).

---

40. Virkjun Fljótaár.

Á 20. fundi í Ed., 8. marz, var útbýtt:
Frv. til l. um virkjun Fljótaár (þmfrv., A. 72).

Á 22. fundi í Ed., 11. marz, var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv. og til allshn. með 10:1 atkv.

Á 38. fundi í Ed., 30. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 72, n. 287).

Frsm. (Þorsteinn Briem) [óyfirl.]: N. hefir orðið sammála um að mæla með þessu frv. með nokkrum breyt., og lúta þær að því, að réttur sá, sem Holtshreppi er veittur skv. 4. gr. frv. til þess að taka þátt í virkjun Fljótaár á allt að 200 hö., nái og til hrepps þar fyrir vestan, sem sé Haganeshrepps, og verður þá miðað við Holtshrepp hinn forna, og virðist það eðlilegt, þar sem Fjótaá skiptir mörkum á parti milli hreppanna. Og það því fremur virðist ekkert þessu til fyrirstöðu, þar sem þær vatnsrennslisathuganir, sem lágu fyrir, þegar áætlanir um virkjun þessarar ár voru gerðar, bera með sér, að öruggt má telja, að virkja megi ána upp í 2500 hö, og sennilega allt upp í 3000 hö., með því að aðstaðan þykir hentug. Ef miðað er við mannfjölda þann, sem var í Siglufjarðarkaupstað og þessum 2 hreppum árið 1933, þá svara þessi 2500 hö. til þess, að þarna komi um 600 volta afl á mann, og er það tvöfalt afl við það, sem gera má ráð fyrir, að notað verði framan af. Nú má gera ráð fyrir, að Siglufjarðarkaupstaður vaxi allmjög hér eftir sem hingað til, en þar sem gera má ráð fyrir, að auka megi virkjunina enn meir, þá virðist ekkert sérstakt vera í veginum fyrir því að veita Haganeshrepp þessa ívilnun, jafnvel þó Ólafsfjarðarkaupstaður fengi og að taka þátt í þessari virkjun.

Hinar aðrar breyt. á frv. eru að mestu leyti í sambandi við þessa aðalbreyt., sem n. gerir. En ég vil aðeins geta þess, að n. ætlast til, að aftan við 3. gr. frv. — þar sem gert er ráð fyrir, að ef Siglufjarðarkaupstaður reisi og reki raforkustöð við ána, þá skuli virkjunin rekin sem sjálfstætt fyrirtæki með sérstöku reikningshaldi — bætist: „Samkv. reglugerð, sem atvmrh. staðfestir“, og ætla ég, að það sé hliðstætt við önnur dæmi, þar sem líkt stendur á.

Ég skal svo taka það fram, að svo ber að líta á, að ef Siglufjarðarkaupstaður notar sér þann rétt, sem honum er veittur skv. 2. gr. frv., til að framselja rétt sinn til virkjunar og rekstrar raforkustöðvarinnar og sölu rafmagns til annara, þá hafi þessir hreppar, Holtshreppur og Haganeshreppur, hlutfallslegan rétt til þátttöku í þeim samningi.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
Brtt. 287,1 samþ. með 9 shlj. atkv.
3. gr., svo breytt, samþ. með 10 shlj. atkv.
Brtt. 287,2 samþ. með 9 shlj. atkv.
4. gr., svo breytt, samþ. með 9 shlj. atkv.
Brtt. 287,3 samþ. með 10 shlj. atkv.
5. gr., svo breytt, samþ. með 10 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 10 shlj. atkv.

Á 40. fundi í Ed., 2. apríl, var frv. tekið til 3. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 41. fundi í Ed., 3. apríl, var frv. aftur tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 9 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 44. fundi í Nd., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 356).
Á 45. fundi í Nd., 4. apríl, var frv. tekið til 1. umr.
Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 17 shlj. atkv.

Garðar Þorsteinsson: Þetta frv. var flutt af mér í fyrra í þessari hv. d., en var þá nokkuð öðruvísi en nú. Þá var gert ráð fyrir ríkisábyrgð á kostnaðinum, en nú hefir sú grein verið felld burt og frv. svo breytt flutt í hv. Ed., og þar var fullkomið samkomulag allra flokka um afgreiðslu málsins. Bæjarstj. Siglufjarðar hefir einróma lagt til, að málið yrði afgr. á þessum hluta þingsins og talað um það við mig og hv. 1. þm. Eyf. Ég leyfi mér þess vegna að mælast til þess við hæstv. forseta, að hann reyni að fá þetta mál afgr. úr hv. Nd. í dag, með afbrigðum, og vænti þess, að hv. þingmenn samþykki þau afbrigði, sem til þess þarf.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 18 shlj. atkv.

Forseti (JörB): Ég mun verða við tilmælum hv. 8. landsk. og gera mitt til þess, að málið fái

afgreiðslu í dag, þar sem það er áhugamál héraðsmanna, að það fái afgreiðslu á þessum hluta þingsins.

Á 46. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 2. umr.

Of skammt var liðið frá 1. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 17 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.

2.—5. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 18 shlj. atkv.

Á 47. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 17 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 17 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 385).

---

41. Eftirlit með skipum.

Á 30. fundi í Ed., 20. marz, var útbýtt:

Frv. til l. um eftirlit með skipum (þmfrv., A. 208).

Á 32. fundi í Ed., 22. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 10 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

Atvmrh. (Haraldur Guðmundsson): Eins og segir í grg. fyrir frv. þessu, voru tvær alþjóðasamþykktir gerðar í London, sem gengu í gildi fyrir Ísland árið 1933. Var önnur um öryggi mannslífa á sjónum, en hin um hleðslumerki skipa. Með frv. þessu er breytt lögum um skoðun skipa og færð til samræmis við samþykktir þessar, og hefir skipaskoðunarstjóri samið frv. þetta eftir beiðni minni.

Annað nýmæli er í frv. þessu, að fellt er niður, að lögreglustjórar skuli annast skráningu skipa, eða m. ö. o. að gefa út haffærisskírteini. Ég skal geta þess, að ef frv. þetta verður samþ., er ætlunin að fá árlega skoðun skipanna hingað heim, og sjá þá svo um, að hér verði fær maður, er kunni þetta verk til fulls, að mæla skip og setja hleðslumerki. Yrði þá afstýrt, að árlega fari nokkurt fé út úr landinu fyrir þetta verk, eins og nú er. — Sé ég ekki ástæðu til að fara fleiri orðum um frv. þetta, en vil mælast til, að því verði vísað til 2. umr., að þessari umr. lokinni.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv.

Á 34. fundi í Ed., 25. marz, var frv. tekið til 2. umr.

Ingvar Pálmason: F. h. sjútvn. þarf ég ekki að segja margt um þetta frv. Ég get látið nægja að vísa til grg., sem fylgir frv., og til þeirrar ræðu, sem hæstv. atvmrh. flutti hér við 1. umr. þessa máls. Sjútvn. hefir flutt þetta mál, eins og frv. ber með sér, skv. beiðni hæstv. atvmrh., og er gerð grein fyrir ástæðunum til þess í grg. frv. En ég vildi aðeins taka það fram við þessa umr., að n. lítur þannig á, að ákvæði 5. gr. frv., þar sem ákveðið er, hverjir bátar skuli vera skoðunarskyldir, nái ekki til báta, sem notaðir eru aðeins til heimilisþarfa, þó um fólksflutninga geti verið að ræða mjög stutta leið. Þetta ákvæði bárum við líka undir aðalhöfund frv., skipaskoðunarstjórann, og hann taldi líka, eins og við, að bátar, sem notaðir væru til heimilisþarfa, væru undanþegnir. Það eru til nokkrar tegundir af þessum bátum, sem mætti máske hugsazt, að ákvæði 5. gr. næði til, en ef réttilega er athugaður sá skilningur, sem semjandi frv. hefir haft fyrir augum, þá er auðséð, að þessir bátar verða undanþegnir, bæði bátar til flutninga milli lands og eyja og milli skipa og lands, o. s. frv. — Þessa skýringu vildi ég láta fylgja frv. frá n. nú við þessa umr.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.

2.—37. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 10 shlj. atkv.

Á 35. fundi í Ed., 26. marz, var frv. tekið til 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 13 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 9 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 38. fundi í Nd., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 208).

Á 40. fundi í Nd., 29. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 17 shlj. atkv. og til sjútvn. með 17 shlj. atkv.

Á 45. fundi í Nd., 4. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A.208, n. 377).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 17 shlj. atkv.

Frsm. (Páll Þorbjörnsson): Eins og grg. ber með sér, er frv. þetta flutt af sjútvn. Ed. eftir beiðni atvmrh. Aðalorsök þess, að frumv. er fram komið, er sú, að alþjóðasamþykktir hafa verið settar um öryggi mannslífa á sjónum, og

hefir nú frv. þetta verið samið til þess að samræma ákvæði íslenzkra laga við fyrirmæli þeirra. Þetta frv. er búið að ganga í gegnum Ed. mótmælalaust, og sjútvn. Nd. hefir tekið það til meðferðar og leggur til, að það verði samþ. óbreytt. Einn nm. skrifaði undir með fyrirvara og sagðist ekki vera búinn að kynna sér málið nægilega og vildi nota sér þennan tíma til þess. Mun hann nú, ef hann hefir rekizt á nokkra annmarka á frumv., gera grein fyrir því. — Ég vonast eftir, að þetta frv. fái sömu afgreiðslu í þessari hv. d. eins og það fékk í hv. Ed., og ég vil leggja áherzlu á, að það nái fram að ganga áður en þingi er frestað.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
2.—37. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 19 shlj. atkv.

Á 46. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 17 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 17 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi. (A. 386).

---

42. Kjötmat o. fl.

Á 42. fundi í Nd., 1. apríl, var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 39 19. júní 1933, um kjötmat o. fl. (þmfrv., A. 324).

Á 44. fundi í Nd., 3. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 18 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 18 shlj. atkv.

Á 48. fundi í Nd., 15. okt., var frv. tekið til 2. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frvgr. samþ. með 17 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 17 shlj. atkv.

Á 50. fundi í Nd., 17 okt., var frv. tekið til 3. umr.

Magnús Torfason: Ég kveð mér ekki hljóðs sakir þess, að ég ætli mér að leggja stein í götu þessa frv., heldur þvert á móti til þess að ýta undir það, að frv. verði fært til réttari vegar. Því miður sé ég ekki, að hæstv. landbrh. sé viðstaddur, og ég kem ekki heldur auga á formann landbn. En ég vænti þess, að hér séu einhverjir inni af mönnum, sem skipa landbn.

Það er við síðasta lið gr., sem ég vildi gera aths. Þar stendur: „Einnig skulu þeir hafa ferðakostnað eftir sanngjörnum reikningi, er ráðuneytið úrskurðar.“ — Eftir réttu máli virðist mér, að í þessu ætti það að liggja, að því aðeins, að yfirkjötmatsmenn sendi sanngjarnan reikning, fái þeir hann borgaðan. Þetta er að ég hygg nýmæli í l. Það mun yfirleitt ekki standa þannig orðað, heldur aðeins, að menn fái ferðakostnað greiddan samkv. reikningi, er ráðuneytið úrskurðar. Og hvernig sem menn vilja skilja þetta, þá held ég, að engin ástæða sé til annars en reikningarnir verði sanngjarnir, þegar þeir eru úrskurðaðir. Ef það væri ekki, þá er verið að drótta því að landbúnaðarráðuneytinu, að reikningar séu ósanngjarnir eftir að þeir hafa verið úrskurðaðir. Ég segi þetta ekki sérstaklega með tilliti til þessa ráðuneytis, því þetta nær til allra náðuneyta, sem eiga að úrskurða þessa reikninga. Þess vegna hygg ég, að réttast væri að sleppa orðinu „sanngjörnum“ úr og fari bezt á því. — Í öðru lagi stendur hér, að yfirkjötmatsmenn eigi að fá 4 kr. fyrir fæði og húsnæði fyrir dag hvern, sem þeir eru frá heimilum sínum vegna yfirmatsins. Ég tel þetta ekki fullnægjandi. Það er ekki unnt að fá fæði og húsnæði, a. m. k. ekki á gististað, fyrir 4 kr. á dag og ég býst við, að engum sæmilegum manni, sem er á ferðalagi fyrir það opinbera, detti í hug að rétta húsráðanda 4 kr. fyrir næturgistingu og mat kvölds og morgna. Yfirleitt hélt ég, að hugsunin með þessu væri sú, að yfirmatsmennirnir fengju uppborið kostnað sinn af ferðalögum, og get ég ekki annað séð en að það sé sanngjarnt og eigi svo að vera. En ef þeir fá ekki uppborið kostnað sinn, þá þýðir það vitanlega, að það geti orðið til þess að draga úr ferðalögum yfirkjötmatsmannanna, en það mun ekki vera hugsunin, að þeir ræktu þessi erindi sín slælega, heldur þvert á móti, að þeir gegndu slíkum erindum með fullri alúð og samvizkusemi á allan hátt.

Ég hefi ekki hugsað mér að koma fram með neina brtt. að svo stöddu, því ég hefi talið réttast að landbn. taki þetta til athugunar sjálf og leiðrétti það.

Umr. frestað.

Á 51. fundi í Nd., 18. okt., var fram haldið 3. umr. um frv.

Magnús Torfason: Ég gat þess hér í gær, að mér þættu nokkrir ankannar á þessu frumv., en þá var hvorki hæstv. landbrh. né hv. form. landbn. til staðar í d. Nú sé ég, að hv. form. landbn. rís ekki á fætur til þess að tala um þessar till. mínar, og gæti ég trúað, að ekki hefði verið kallaður saman nefndarfundur til að athuga þær. Nú vildi ég óska þess, að hann lýsti því yfir, hvort hv. nm. hefir verið gert aðvart um þær.

Bjarni Ásgeirsson: Það er rétt hjá hv. 2. landsk., að ég var ekki viðstaddur umr. í gær, þegar hann hreyfði brtt. sínum, og mér hefir hvorki gefizt tækifæri til að sjá þær né leggja þær fyrir nefndina.

Frsm. (Páll Zóphóníasson): Það, sem hv. 2. landsk. hafði við frv. að athuga í gær, var viðvíkjandi þessum orðum: „eftir sanngjörnum reikningi er ráðuneytið úrskurðar.“ Leit hann svo á, að óþarft væri að taka það fram, að reikningurinn ætti að vera sanngjarn, því það lægi í hlutarins eðli, og ráðuneytið myndi ekki samþ. aðra reikninga en þá, sem væru sanngjarnir. Ég lít svo á, að þetta geti að vísu verið rétt, en með þessu er viðurkennt, að reikningarnir eigi að vera sanngjarnir, og þetta er einmitt sett til þess að minna þann, sem reikninginn semur, og þann, sem samþykkir hann, á, að hann eigi að vera sanngjarn. Ég sé þess vegna enga bót í því að fella þetta í burt og tel, að frv. megi samþ. eins og það liggur fyrir.

Magnús Torfason: Ég gat þess í gær, að mér þætti það koma illa við, að þetta stæði eins og hér er — með leyfi hæstv. forseta: „Einnig skulu þeir hafa ferðakostnað eftir sanngjörnum reikningi, er ráðuneytið úrskurðar, og 4 krónur fyrir fæði og húsnæði fyrir dag hvern, er þeir eru frá heimilum sínum vegna yfirmatsins.“ — Þetta má skilja svo, að ef reikningurinn væri ósanngjarn, þá ættu þeir ekkert að fá. Líka má skoða það svo, að ráðuneytið úrskurði ekki reikninga sanngjarnlega, og gæti þannig falizt í því vantraust á ráðuneytið um þau efni.

Svo er 4 kr. á dag fyrir fæði og húsnæði of lítið; það er áreiðanlega enginn sæmilegur maður, sem leyfir sér að borga aðeins 4 kr. á dag fyrir fæði og húsnæði.

Samkv. þessu leyfi ég mér að bera hér fram skrifl. brtt., sem er svolátandi: „Orðið „sanngjörnum“ falli niður, og í stað „4 kr.“ komi: 7 kr.“ Er þá miðað við það, sem sýslunefndarmenn fá, og það mun víst að þeir sem juku dagpeninga sýslunefndarmanna hafa ekki viljað fara hærra en sanngjarnt er. Þeir hafa aðeins óskað þess, að menn fengju uppborinn beinan kostnað.

Að svo mæltu leyfi ég mér að afhenda hæstv. forseta þessa brtt. mína.

Forseti (JörB): Mér hefir borizt hér brtt. frá hv. 2. landsk. Brtt. þessi er bæði of seint fram komin og skrifl. og þarf því tvennskonar afbrigði.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 400) leyfð og samþ. með 17 shlj. atkv.

Frsm. (Páll Zóphóníasson): Viðvíkjandi þessari brtt. vil ég segja það, að fyrri hluti hennar virðist mér vera til hins verra, því þótt minnt sé á það í lögum, að reikningar starfsmanna skuli vera sanngjarnir, þá er það sízt til skaða.

Viðvíkjandi síðari hluta brtt. vil ég geta þess, að hann virðist byggður á misskilningi. Hv. 2. landsk. benti í sambandi við hann á dagpeninga sýslunefndarmanna, en þar er mjög ólíku saman að jafna. Sýslunefndarmenn hafa 7 krónur á dag bæði í kaup og kostnað; en yfirkjötmatsmönnum er ætlað ákveðið kaup, 600 kr. á ári, og auk þess dagpeningar þegar þeir eru á ferðalagi. Það má vel vera, að 4 kr. séu í minnsta lagi, en það eru þó ýmsir opinberir starfsmenn, sem ekki hafa hærri dagpeninga, og ég held því, að það sé ástæðulaust að samþ. þessa brtt. og sé óhætt að samþ. frv. eins og það liggur fyrir.

Magnús Torfason: Það er satt, yfirkjötmatsmenn eiga að hafa í árslaun allt að 600 kr., og ég verð að játa, að mér hefir fundizt það einsætt, að ekki eigi að gera þessum starfsmönnum landbúnaðarins of hátt undir höfði, eftir því sem vani er að launa slík störf. Ég er ekki í vafa um, að þetta er starf, sem áríðandi er að vel verði rækt og öll alúð lögð við. En frá því ber að segja, að yfirleitt er því svo farið, að þeir, sem eiga að vinna fyrir landbúnaðinn, eru hafðir útundan. Þarf í því sambandi ekki annað en að minna á hreppstjórana, sem hafa 80 kr. í árslaun, og hefir það haldizt óbreytt langan aldur og aldrei verið bætt við, þótt vitanlega hafi störf þeirra margfaldazt frá því, sem áður var, þegar þetta kaup var sett. Öll þeirra skýrslugerð er orðin meiri og margbrotnari, auk þess sem heita má, að í hverjum mánuði komi til þeirra einhverjar rellur frá stjórnarráði, hagstofu og öðrum aðilum um allskonar skýrslur um allt milli himins og jarðar.

Ég vil hreinsa mig af því, að þetta yfirmat verði ekki rækt eins vel og hugsanlegt er. En að láta mennina skaðast á því að ferðast til þess að framkvæma starf sitt er vitanlega til þess að draga úr starfi þeirra, og löggjöfin leggur ekki áherzlu á, að þeir menn standi vel í stöðu sinni, sem hún býr svo við. Vér megum ekki vitna í það, þótt sýslumenn hafi ekki ferðakostnað. Fram til 1894 höfðu þeir 2 kr. á dag, en var þá tekið af. Sú stétt hefir aldrei átt upp á háborðið hjá löggjafanum, enda er nú svo komið, að kvartað er undan því af ráðuneytinu, að ekki fáist sæmilegir menn í þau embætti.

Þetta hefir líka verið borið saman við sýslunefndarmenn og sagt, að þeir hefðu ekki annað kaup en dagpeningana. Vitanlega er það heiður fyrir hvern mann að vera sýslunefndarmaður í sínum hreppi, og það er nokkurskonar heiðursstaða fyrir oddvita, sem staðið hefir vel í stöðu sinni. Þess vegna sækjast fleiri eftir sýslunefndarmannsstarfi heldur en fá það. Auk þess er þess að geta, að hér er aðeins um 3—4 daga starf á ári að ræða, og það að vetrinum, svo að menn sleppa engu niður við það. En um þetta starf, kjötmatið, er slíku vitanlega ekki til að dreifa, en það starf hlýtur að verða nokkurskonar aukastarf fyrir menn. Og þó að kjötmatsmenn hafi nokkur laun, má samt búast við, að þeir verði að fella einhver önnur störf niður að meira eða minna leyti, þau er þeir

hafa áður stundað. Þess vegna er sjálfsagt, að þeir hafi eitthvað fyrir snúð sinn. Það er mín meining, að það komi ekki til mála að skipa mönnum að vinna opinber störf upp á það, að þeir séu matvinnungar og ekki meira.

Að síðustu vil ég geta þess, að í Árnessýslu fá sýslunefndarmenn ekki aðeins sína dagpeninga, heldur líka fæði. Það var gert blátt áfram af því, að með því að láta mennina vera á fæði (hjá sýslunni) alla á sama stað, gekk starf þeirra miklu fljótar. Sýslufundir í Árnessýslu eru nú í 3—4 daga í hvert sinn, í staðinn fyrir fulla viku í gamla daga, eða lengur.

Af því, sem ég hefi nú tekið fram, er það bersýnilegt, að ekki er hægt að bera þetta starf, sem hér um ræðir, kjötmatsstarfið, að neinu leyti saman við störf sýslunefndarmanna.

ATKVGR.

Brtt. 400 (fyrri liður) felld með 13:7 atkv.
— 400 (síðari liður) felld með 13:6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: EE, MT, PÞ, SE, StJSt, JörB.
nei: BJ, BÁ, BB, EystJ, GG, GSv, GÍ, JónP, JS, JG, PHalld, PO, SigfJ.
EmJ, JakM, ÓTh greiddu ekki atkv.
Ellefu þm. (ÁÁ, FJ, GÞ, HannJ, HV, JJós, JÓl, PZ, SK, TT, ÞorbÞ) fjarstaddir.

Frv. samþ með 17 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 48. fundi í Ed., 19. okt., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 324).

Á 50. fundi í Ed., 22. okt., var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv. og til landbn. með 10 shlj. atkv.

Á 61. fundi í Ed., 5. nóv., var frv. tekið til 2. umr. (A. 324, n. 417).

Frsm. meiri hl. (Bernharð Stefánsson) [óyfirl.]: Þetta frv. var flutt af landbn. Nd. Efni þess er í stuttu máli það, að skipaðir verði 3 yfirkjötmatsmenn, í stað þess að samkv. núgildandi lögum hefir verið 1 yfirkjötmatsmaður með 3 menn sér til aðstoðar. Landbn. Nd. segir í grg. fyrir þessu frv., að reynslan hafi nú sýnt, að það sé ofvaxið einum manni að vera yfirkjötmatsmaður yfir öllu landinu. Við, sem erum í landbn. þessarar d., höfum leitað upplýsinga um þetta atriði og komizt að þeirri niðurstöðu, að þetta álit sé á fullum rökum byggt. Yfirkjötmatsmaður sá, sem skipaður var samkv. núgildandi lögum, hefir enn ekki getað komið nema á nokkurn hluta slátrunarstaða á landinu. Það er ekki hægt að sjá, að þessi breyt. á skipun yfirkjötmatsmanna valdi neinum kostnaðarauka, því að það, sem 3 yfirkjötmatsmönnum er ætlað til launa fyrir störf sín, er ekki eins mikið og það, sem 1 yfirkjötmatsmaður með 3 aðstoðarmönnum hefir nú. Þessi breyt. virðist frekar munu leiða til sparnaðar, en þó skal ég játa, að það er svo lítið, að út af fyrir sig verður það ekki talin veruleg ástæða til stuðnings þessu frv.

Það er ætlazt til þess, að í staðinn fyrir 1 yfirmatsmann og 3 aðstoðarmenn komi 3 yfirkjötmatsmenn, en yfirumsjón með störfum þeirra er afnumin, enda sýnist svo, samkv. fenginni reynslu, að hún hafi verið óþörf. Af þessum ástæðum leggur meiri hl. landbn. til samkv. nál. á þskj. 417, að þetta frv. verði samþ. óbreytt.

Pétur Magnússon [óyfirl.]: Ég gat ekki orðið samnm. mínum í landbn. samferða í þessu máli. Í þessu frv. er lagt til, að í staðinn fyrir 1 yfirkjötmatsmann og 3 aðstoðarmenn, sem nú eru, skuli vera 3 yfirkjötmatsmenn. Ég get ekki séð, og hefi ekki heldur heyrt flutt gild rök fyrir því, að þessi breyt. leiði til betra kjötmats en nú er. Ég hefði fremur haldið, að með því að hafa einn yfirkjötmatsmann fengist meiri trygging fyrir því, að matið færi fram á sama hátt um allt land og yrði betur samræmt. Ef þessi breyt. nær fram að ganga, þá er þessi yfirumsjón í höndum þessara þriggja matsmanna, og er hver þeirra sjálfráður í sínu starfi, og finnst mér engin trygging fyrir því, að matið verði framkvæmt á sama hátt hjá þessum þremur mönnum. En það hygg ég, að menn ættu að vera sammála um, að æskilegt sé, að samræmi komist á í þessu efni. Ég skil ekki, að nokkrum manni komi til hugar að rökstyðja þessa breyt. með því, að um sparnað sé að ræða. Það getur að vísu verið um nokkur hundruð krónur — 300 til 400 — að ræða á ári, þótt mér þyki hæpið, að sparnaðurinn verði nokkur við þetta, en jafnvel þó að hann fengist, tel ég ekki borga sig að spara þær fáu kr., ef nokkur hætta gæti verið á, að matið kæmi að minni notum. Undir þeim kringumstæðum, sem nú eru, þar sem frosið kjöt er orðið svo mikill þáttur í útflutningnum og hefir verið síðustu árin, þá er enginn efi á því, að það er ekki lítið komið undir því, að matið fari sem bezt úr hendi. Það á að veita tryggingu fyrir því, að kjötið sé eins og það samkv. mati á að vera. Af þessum ástæðum verð ég að álíta, að hér sé um afturför en ekki framför að ræða hvað matið snertir. Ég sé mér því ekki fært að ljá þessu frv. fylgi mitt, en mun greiða atkv. á móti því.

Frsm. meiri hl. (Bernharð Stefánsson) [óyfirl.]: Mál það, sem hér liggur fyrir, er ekkert stórmál, og ætla ég ekki að fara út í neinar kappræður um það. Hv. 2. þm. Rang. hélt því fram, að það væri engin trygging fyrir því, að betra kjötmat fengist með þeirri tilhögun, sem stungið er upp á í frv., heldur en þeirri, sem nú er. Það er e. t. v. ekki beint hægt að segja, að það sé full trygging fyrir því, að kjötmatið verði betra, en líkur finnst mér til, að svo verði. Mér virðist meiri trygging fyrir því með því að láta reglulega yfirkjötmatsmenn framkvæma þetta verk heldur en svokallaðan aðstoðarmann, sem framkvæmir sitt verk á ábyrgð þessa eina yfirkjötmatsmanns. Mér finnst það meiri trygging, að svo miklu leyti sem þrír menn eru meiri trygging heldur en einn maður. Hitt finnst mér

veigameiri ástæða, sem hv. 2. þm. Rang. nefndi, að það gæti e. t. v. orðið minna samræmi í matinu með þessu móti heldur en ef einn maður ætti að sjá um það. Þessi ástæða gæti verið réttmæt í alla staði, ef reynslan hefði sýnt, eða líkur væru til, að einn maður kæmist yfir að hafa eftirlitið á öllu landinu. En nú hefir reynslan sýnt, að þó að liðin séu a. m. k. tvö haust síðan þessi l. voru sett, þá hefir kjötmatsmaður ekki komizt yfir að líta eftir nema nokkrum hluta af landinu. Við getum líka sagt okkur það sjálfir, að það er ómögulegt fyrir einn mann á einu hausti að líta eftir á öllu landinu, þar sem sláturtíðin stendur svo stutt yfir. Það mætti e. t. v. segja sem svo, að það mætti skipta landinu og bæri ekki nauðsyn til að fara um allt landið á einu hausti. En það geta orðið breytingar; bæði getur orðið skipt um menn og ýmsar aðrar breyt. orðið (MG: Menn geta líka breytt skoðun.), svo að ég veit ekki, hvort meiri trygging fyrir samræmi fæst með því móti, að einn maður eigi að gera þetta á svo og svo mörgum árum heldur en að mennirnir væru þrír. Menn geta breytt skoðun sinni, sagði hv. 1. þm. Skagf., en menn eru dauðlegir, og það getur komið fyrir, að kjötmatsmenn deyi eins og aðrir. Út af dylgjum ýmsra hv. dm. skal ég taka það fram, að mér er alls ókunnugt um það, hvaða pólitíska skoðun núv. yfirkjötmatsmaður hefir eða hverjum flokki hann fylgir, og fyrir mig skiptir það heldur engu máli. En ég vil benda á, að landbn. Nd. flutti þetta frv., og voru sjálfstæðismenn í n. með í því að flytja það. Mér þykir því ólíklegt, að hv. sjálfstæðismenn ætli nú að gera það að flokksmáli að rísa gegn þessu.

Pétur Magnússon [óyfirl.] Ég verð að segja það, að mér finnst þessi síðari ræða hv. 1. þm. Eyf. vera bezta sönnunin fyrir því, hve lítil rök er hægt að færa fyrir þessari breyt. Hv. þm. er sýnt um að færa fram rök fyrir sínu máli, en ég fæ ekki séð annað í þessari ræðu hans en rökvillur. Hv. þm. taldi eina aðalástæðuna fyrir breyt., að hægara væri fyrir þrjá menn að komast yfir matið en einn. Hver er að bera á móti því? En ég sé ekki, að með þessari breyt. eigi að fjölga matsmönnunum, heldur að fækka þeim. Nú eru fjórir matsmenn, einn yfirmatsmaður og þrír aðstoðarmenn, sem vitanlega hafa aðallega matið með höndum. Svo að ef hann vill byggja skoðun sína á tölu matsmannanna, þá ætti hann að telja heppilegra að hafa þrjá menn í staðinn fyrir fjóra. (BSt: Þeir bera ekki ábyrgð allir). Eins og þeir beri ekki ábyrgð á sínum störfum eins og hver annar starfsmaður hins opinbera. Ég man ekki betur en að þegar l. frá 1933 voru sett, hafi allir flokkar verið sammála um, að það væri heppilegast að hafa einn yfirmatsmann og með honum störfuðu svo þrír aðstoðarmenn, til þess að fá samræmi í starfið. Eitthvað hefir gerzt síðan, sem gerir það knýjandi að breyta nú til aftur, og það er ósköp eðlilegt, að menn fari að leita að slíkum ástæðum, þó að ég hafi ekki gert það. Einhver skaut því fram hér áðan, að það væru einhverjir aðrir agnúar á núv. matsmanni en að hann gæti ekki framkvæmt sitt starf, t. d. hans pólitísku skoðanir, sem er ekki alveg óvanalegur agnúi nú á dögum. Við höfum nú í tvö ár búið við þetta fyrirkomulag, en matsmaðurinn ekki ennþá komizt yfir að líta eftir á öllu landinu. Ég verð nú að segja, að það skiptir ekki svo miklu máli, hvort það tekur tvö eða fjögur ár, en hitt er aðalatriðið, að hann geri það í fullu samræmi, þannig að kaupendurnir megi treysta því, að kjötið, sem metið er í sama flokki, sé sambærilegt. Ég vil minna hv. þm. á það, að á síðasta þingi var gerð breyt. á fiskimatslögunum í svipaða átt og gert er ráð fyrir í kjötmatsl. frá 1933. Fiskimatsstjóra er ætlað að líta eftir hjá fiskimatsmönnum í þeim tilgangi að samræma fiskimatið. Er þetta sama tilhögun og verið hefir á kjötmatinu. Mér þykir undarlegt, ef þetta fyrirkomulag á fiskimatinu er betra, en sama fyrirkomulag er verra á kjötmatinu. Mér virðist sjálfsagt, að sömu reglur gildi um kjötmat sem fiskimat. Ég er því hræddur um, að eitthvað annað liggi á bak við þessa breyt. en það, sem hv. þm. þora að bera fram opinberlega.

Þorsteinn Briem [óyfirl.]: Ég vil taka undir þau orð hjá hv. frsm. minni hl., að mér þykir einkennilegt, að þessi breyt. skyldi vera flutt aðeins tveim árum eftir að kjötmatsl. voru endurskoðuð. Sú endurskoðun hafði verið sérstaklega undirbúin, þar sem skipuð var n. með fulltrúum frá Samb. ísl. samvinnufél. og dýralækni, sem hafði aðallega borið kjötmatið uppi. N. var á einu máli um, að sú breyt. væri æskileg, sem þá var gerð, og að það skyldi vera einn yfirkjötmatsformaður, en svo væru þrír aðrir kjötmatsmenn, sem að vísu bæru ekki annað nafn en aðstoðarkjötmatsmenn, en sem í raun og veru væru yfirkjötmatsmenn. Eins og tekið var fram áðan, var þetta fyrirkomulag tekið upp í fiskimatsl. og hét yfirmaðurinn þar matsstjóri. Það þótti mjög vænlegt til endurbóta að búa þarna til nýtt embætti, þó að af því leiddi kostnað, því að sá kostnaður myndi í raun og veru fást endurgreiddur með hærra verði á fiskinum, sem leiddi af því, að þetta fyrirkomulag veitti meira öryggi. Um framkvæmd fiskimatsins er alveg hið sama að segja og um kjötmatið, að það skapar meira öryggi og samræmi í matið, að einn sé yfirmaður og svo séu aðrir honum til aðstoðar. Hvort þeir heita yfirmatsmenn eða aðstoðarmenn, það skiptir ekki máli. Þar sem síðasta þing var á einu máli um, að þetta fyrirkomulag væri nauðsynlegt að því er fiskimatið snertir, kemur þetta mál, sem hér er á ferðinni, einkennilega fyrir sjónir. Og hvað því viðvíkur, að kjötmatsformaður hafi ekki enn getað komið á alla staði síðan matið kom til framkvæmda, álít ég ekki gera neitt til, þótt hann hafi ekki getað komið á hvern smáfjörð eða höfn enn þá, og að það sanni ekki það, sem það átti að sanna hjá meiri hlutanum. — Ég lít svo á, að þessi breyt. sé óþörf, og mér finnst alleinkennilegt, að þeir, sem voru einhuga og töldu æskilegt að samþ. kjötmatsl. 1933, skuli telja það nauðsyn nú, tveim árum síðar, að hverfa aftur til hins úrelta skipulags.

Forsrh. (Hermann Jónasson) [óyfirl.]: Það er þessi brtt., sem fyrir liggur og er borin fram eftir beiðni landbúnaðarráðuneytisins, sem hefir mætt talsverðri mótspyrnu. Mér virðist sú mótspyrna byggjast að miklu leyti á misskilningi á þessu máli. Ég skal taka það fram, að þessi breyt. er ekki gerð sem pólitísk árás á þann mann, sem nú er yfirkjötmatsmaður, og ég get fullvissað hv. þdm. um það, að hann myndi verða einn af þessum þremur yfirmatsmönnum, sem eiga að koma í stað þessa eina. En ástæðurnar til þess, að þessar brtt. eru bornar fram, eru þær, að undanfarin þrjú ár hefir verið fenginn frá Englandi sérfróður maður af S. Í. S., sem hefir alltaf fylgzt með geymslu á kjöti hér og frystingu, af því að það hefir reynzt dálítið erfitt að halda kjötinu óskemmdu. Hann hefir jafnframt reynt að ala upp menn í þau störf, sem eiga að taka við af störfum yfirkjötmatsmanns. Það er sem sagt samkv. bendingu frá honum, að þessi brtt. er fram borin. Hann segist álíta, að nauðsynlegt sé, að a. m. k. þrír menn, nægilega fróðir, væru til þess að fara um svæði, sem væru hæfilega stór, til þess að líta eftir hjá matsmönnum og leiðbeina um geymslu kjötsins. Í raun og veru koma þessir þrír menn í stað yfirmatsmannsins og Englendingsins, sem nú þrjú síðustu haustin hefir komið hingað til landsins til þess að líta eftir matinu og hvernig frystihús væru rekin hér á landi. Mér finnst eðlilegt, þar sem okkar aðalmarkaður fyrir fryst kjöt er í Englandi, að tillit sé tekið til þess manns, sem var fenginn til þess að leiðbeina frystihúsunum um, hvernig kjötgeymslunni yrði bezt hagað og til að hafa eftirlit með kjötmatinu, ekki sízt þegar þeir, sem starfa að þessu, hafa ásamt kaupfélagsstjórunum verið með í að senda áskorun til þingsins, þar sem það er tekið fram, að einmitt þetta fyrirkomulag sé öruggast, og byggja það á reynslu þriggja undanfarinna ára. — Sé ég svo ekki ástæðu til að fara um þetta fleiri orðum að sinni.

Þorsteinn Briem [óyfirl.]: Ég þarf ekki að taka fram, að ég hefi ekki verið með neinar getsakir í þessu máli, og vísa því orðum hæstv. forsrh. algerlega frá mér. (**Forsrh.**: Þær komu annarsstaðar fram). Mér var kunnugt um, að maður frá Englandi hefir heimsótt frystihúsin undanfarin haust í þeim tilgangi að leiðbeina þeim með freðkjöt, frystingu á því og hvernig allur útbúnaður skyldi vera, svo að tryggt væri. Þó að þessi maður gefi sínar upplýsingar, þá finnst mér það ekki raska neinu af því, sem hér hefir verið haldið fram, að til þess að skapa fullt samræmi í kjötmatinu, þá sé nauðsynlegt, að einn sé yfirmaður. Það mun reynast betur á hvaða fleytu sem er, að einn sé skipstjórinn, en ekki þrír, og til hans megi leita, ef ágreiningur verður. Og til þess að sem bezt samræmi ráist í kjötmatið, tel ég líklegt, að tryggasta leiðin verði, að einum manni sé falið að hafa á hendi samræmingu matsins hjá hinum matsmönnunum. Ég vil áskilja mér rétt til þess að flytja brtt. við 3. umr. í þessu efni.

Pétur Magnússon [óyfirl.]: Það er ekkert annað en gott við því að segja, að ráðuneytið eða kjötmatsmenn noti sér þekkingu þessa enska manns, og það er ekki heldur annað en gott um það að segja, að stj. taki til athugunar þær till., sem frá þeim góða manni koma, og ég myndi í sporum landbrh. hafa spurt þennan góða mann um það, í hverju það lægi, að þessir þrír menn, sem hafa haft matið á hendi undanfarin ár, verði hæfari til þess, ef þeir heita yfirkjötmatsmenn heldur en þó að þeir heiti aðstoðarmenn. Það er vitanlega sama, og mennirnir verða alveg hinir sömu. Þetta geta þeir ekki um fyrr en menn hafa tekið hreina afstöðu til málsins. En annars sé ég ekki, eins og ég hefi áður tekið fram, neina bót í þessari breyt. og sé ekki, að hún verði til annars en að minnka trygginguna fyrir samræmi í matinu.

Forsrh. (Hermann Jónasson) [óyfirl.]: Ég skal ekki lengja umr., enda ættu upplýsingarnar, sem ég gaf áðan, að nægja. Það var aðeins þetta, sem hefir komið fram síðan, að það væri ekki meiri trygging, heldur síður, að hafa þrjá yfirmatsmenn heldur en einn, og að minna samræmi verði í starfinu, og hv. 10. landsk. nefndi sem rök, að betra væri, að einn skipstjóri væri á hverju skipi heldur en þrír. Menn mega vara sig á þannig löguðum líkingum, að það verði ekki frekar til þess að villa málin heldur en skýra, og svo er um þessa samlíkingu. Það er vitanlegt, að þessi eini kjötmatsmaður hefir ekki komizt yfir að fara á milli sláturhúsanna og hefir því ekki getað leiðbeint eins og skyldi. Því að þótt hægt sé að ná til hans í síma, gerir það alls ekki sama gagn. Menn eru sammála um, að þeir ferðist á staðina. Yfirkjötmatsmaður kemst ekki yfir það verkefni, sem hann á að gegna.

Þá ætla ég að minnast á þau mótmæli, sem komu frá hv. 2. þm. Rang. Það er ekki hægt að neita því, að hann færði nokkur rök að því, að undirmatsmennirnir ættu að geta leyst þetta af hendi. Um þetta vil ég segja það, að tilætlunin er sú, að þeir menn, sem þetta starf eiga að hafa með höndum, hafi fengið sérmenntun, svo að þeir séu færir um að leysa það vel af hendi. Það á skv. þessu frv. að borga þeim betur og því krefjast meira starfs af þeim. Það hefir verið svo, að þeir hafa aðeins farið í eina yfirferð á ári. A. m. k. er það svo á Vestfjörðum, en þar þekki ég til þess, að það er farið í eina yfirreið á ári, og svo látið nægja að leita í síma til yfirmatsmannsins. En nú er gert ráð fyrir, að það verði meiri umferð um það svæði, sem hverjum er ætlað, og það á að borga þeim betur en áður. Ég býst við, að það geti orðið eins mikið samræmi í matinu og áður, og jafnvel meira. Ef það eru menn, sem hafa svipaða menntun, og þeir rækja þetta starf vel og samvizkusamlega, þá er vel hægt að búast við því, að fullkomið samræmi verði í matinu. Það er líka álit þeirra, sem til þekkja, að það verði meiri trygging fyrir því en nú, þegar yfirkjötmatsmaðurinn er einn.

Pétur Magnússon: Það eru aðeins örfá orð. Nú er fengin sú skýring, sem ég hefi verið að

leita að. En ég skil aðeins ekki, hvers vegna hún mátti ekki koma strax. Nú hefir hæstv. forsrh. leyst frá skjóðunni og sagt, að það ætti að fá nýja menn í matið. En ég vil nú spyrja, hvort það hafi ekki verið hægt án þess að vera að basla við þessa lagabreyt. Eða hafði stj. ekki aðstöðu til þess að velja aðra menn án þessarar lagabreytingar? En þarna er komin skýring á frumvarpinu, sem ekki hafði verið gefin áður.

Forsrh. (Hermann Jónasson): Það er alls ekki rétt, að ég hafi sagt, að það ætti að fá nýja menn í þetta starf. Það getur verið, að það verði skipt um menn á sumum stöðum. En það, sem ég sagði, var að þeir ættu að hafa betri menntun en nú, og það er alls ekkert því til fyrirstöðu, að það verði hægt að veita sumum af þeim, sem nú eru, betri menntun.

Þorsteinn Briem: Það er erfitt að eiga orðastað við hæstv. forsrh., því hann ruglar saman nöfnum á þeim mönnum, sem vinna það starf, sem hér um ræðir. Hann talaði um undirmatsmenn, og stundum var ekki hægt að átta sig á því, hvort hann átti við hina virkilegu undirmatsmenn eða aðstoðarmennina, en það var sýnilegt, að hann átti stundum við aðstoðarmenn kjötmatsformanns, þegar hann talaði um undirmatsmenn. Hann átti t. d. við aðstoðarmenn kjötmatsmanns, þegar hann sagði, að undirmatsmennirnir kæmust ekki til þess að fara yfir þau svæði, sem þeir hefðu oft átt að fara yfir. En á þessu tvennu, undirmatsmönnum og aðstoðarmönnum kjötmatsmanns er gerður glöggur greinarmunur í l. frá 1933. Ef það er fundið að núv. l., að aðstoðarmenn kjötmatsformanns komist ekki nægilega oft yfir þau svæði, sem þeir eiga að fara yfir, þá er lítið um bætt með þeirri breyt. að láta 3 menn vinna það starf, sem nú er ætlað 4 mönnum. Ég get ekki séð, að 3 menn hafi betra tækifæri til þess að afkasta meiri vinnu heldur en 4 menn. Ég hefi áður bent á, að það er engin nauðsyn, að kjötmatsmaður komist yfir alla þá staði, sem fé er slátrað á, því ef hann getur gefið aðstoðarmönnum sínum nægilegar leiðbeiningar, þá getur það komið að fullu gagni. Ég held mig því við það, sem ég hefi áður sagt, að ég sé ekki, að það sé stigið spor áfram með þessari lagabreyt., heldur aftur á bak.

ATKVGR.
Frvgr. samþ. með 8:6 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 9:2 atkv.

Á 63. fundi í Ed., 7. nóv., var frv. tekið til 3. umr. (A. 324, 488).

Of skammt var liðið frá útbýtingu brtt. 488. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

Þorsteinn Briem [óyfirl.]: Ég gerði grein fyrir þeirri skoðun minni við 2. umr. þessa máls, að mér þætti vera stigið spor aftur á bak, en ekki fram, að ekki væri hafður einn yfirmaður yfir kjötmatinu til tryggingar því, að sem bezt samræmi væri í framkvæmd matsins og öllu, sem þar að lýtur. Ég gat þess við þá umr., að ég mundi flytja brtt., sem færi í þessa átt, og liggur hún hér fyrir á þskj. 488.

Brtt. gengur í þá átt, að einn þeirra þriggja yfirkjötmatsmanna, sem frv. gerir ráð fyrir, skuli jafnframt vera kjötmatsstjóri og hann hafi yfirumsjón með allri framkvæmd kjötmatsins í landinu, og að hann skuli halda fundi með yfirkjötmatsmönnunum, svo oft sem þurfa þykir, og veita þeim nauðsynlegar leiðbeiningar til þess að árangur náist um samræmingu matsins. Jafnframt er gert ráð fyrir því, að ráðh. hafi heimild til þess að láta þennan kjötmatsstjóra ferðast til útlanda, ef nauðsyn þykir til bera, til þess að kynna sér meðferð kjöts í þeim löndum, sem sérstaklega framleiða kjöt til kælingar, og ennfremur að kynna sér kröfur neytenda. Er þetta í samræmi við þau ákvæði, sem sett voru í lög um fiskimatsstjóra, og ætla ég, að það geti verið eins mikil þörf á því í þessu tilfelli eins og með fiskimálin, a. m. k. þegar svona ber undir.

Kostnaðurinn af þessari breyt. er miðaður við það, að laun kjötmatsstjóra og yfirkjötmatsmanna svari nákvæmlega til þeirra útgjalda, sem nú eru til yfirkjötmatsmanns og aðstoðarmanna hans. Svo að kostnaðaraukinn verður enginn af frv., meira að segja getur verið um sparnað að ræða, því að gert er ráð fyrir, að aðstoðarmenn yfirkjötmatsmanna fái dagkaup fyrir þann tíma, sem þeir eru á ferðalagi til aðstoðar við kjötmatið, svo að þrátt fyrir þessa breyt. er heldur um sparnað að ræða frá því, sem nú er. Brtt. miðar því eingöngu að því að tryggja betra samræmi á kjötmatinu, og ætla ég, að hv. þd. líti svo á, að rétt sé að tryggja það samræmi sem bezt.

Forsrh. (Hermann Jónasson) [óyfirl.]: Um þessa brtt., sem hér liggur fyrir frá hv. 10. landsk., vil ég segja það, og í samræmi við það, sem ég hefi áður sagt um þetta mál, að ég sé ekki, að það sé nein bót, þó að einn af þeim mönnum, sem á að hafa kjötmatið með höndum — og ef tekst að velja verulega hæfa menn til þess — að einn þeirra heiti öðru nafni og fái 300 kr. meiri laun heldur en hinir. Það er ekki ólíklegt, að þetta sé að einhverju leyti miðað við þann mann, sem nú gegnir þessu starfi, en ég veit ekki, hvort honum er nokkur þægð í að vera potað þarna upp fyrir.

Ég held, að bezt sé að ganga frá málinu eins og tillögur liggja fyrir um það frá þeim mönnum, sem búnir eru að afla sér þekkingar á þessum málum á undanförnum árum, en það eru menn, sem fyrst og fremst af hálfu S. Í. S. og af hálfu kaupfélaganna hafa með frystingu og sölu kjöts að gera í samráði við þá sérfræðinga erlenda, sem þeir hafa fengið til þess að annast þetta. Í samráði við þessa menn var frv. samið, og vil ég þess vegna mælast til við hv. d., að hún treysti sér til þess að ganga frá málinu á þann hátt, sem þeirra till. liggja fyrir, en samþ. ekki brtt. hv. 10. landsk., sem ég sé ekki, að sé til neinna bóta, nema síður sé.

Þorsteinn Briem [óyfirl.]: Það kemur manni dálitið einkennilega fyrir, að úr stóli hæstv. forsrh. skuli heyrast rödd í þá átt, að ekki sé nein bót að því að tryggja betur samræmi á kjötmatinu, nema síður sé. Þegar lögin um fiskimálastjóra voru hér fyrir hv. Alþingi, lögðu allir þeir, sem þar áttu hlut að máli mesta áherzlu á, að það, sem skipti þar mestu máli, væri einmitt samræmið í matinu, þannig að menn gætu treyst því fullkomlega, að matið færi eins fram á öllum stöðum á landinu. Og það liggur í hlutarins eðli, að til þess að tryggja samræmi í framkvæmd matsins verður að fela einum manni að hafa yfirumsjón með matinu, því að ef fleiri eru og hver hefir sinn hátt á um framkvæmd matsins, þá getur orðið allmikið ósamræmi á því. Ég vil líka leggja áherzlu á nauðsyn þess, að sá maður, sem hefir það starf á höndum að samræma kjötmatið, eigi þess kost að fara til útlanda og fylgjast sem bezt með þeim kröfum, sem þar eru gerðar af hálfu neytenda.

Ég þykist mega vænta þess, ef þeir menn, sem hafa haft mest með þessi mál að gera — ef þeir hafa átt kost á að kynna sér þessa brtt. og líta eingöngu á það atriði, hversu nauðsynlegt sé að samræma kjötmatið —, taki þessari brtt. vinsamlegar en hæstv. forsrh.

ATKVGR.
Brtt. 488,a felld með 8:6 atkv.
— 488,b—d komu ekki til atkv.
Frv. samþ. með 8:4 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 496).

43. Gelding húsdýra.

Á 35. fundi í Nd., 22. marz, var útbýtt:
Frv. til l. um gelding húsdýra (þmfrv., A. 245).

Á 37. fundi, 25. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 18 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

Frsm. (Bjarni Ásgeirsson): Þetta mál hefir nú legið fyrir ýmsum undanförnum þingum, og býst ég því við, að flestum hv. þm. sé meira og minna kunn forsaga þess. Það er borið fram af meiri hl. landbn., eftir beiðni Dýraverndunarfélags Íslands, og er tilgangur þess vitanlega sá, að lögbjóða meiri mannúð en hingað til hefir tíðkazt gagnvart húsdýrunum, þessum þörfu þjónum landbúnaðarins. Vænti ég, að ekki þurfi að fylgja þessu frv. mörg orð, því að ég býst við, að hv. þdm. sjái, að fullkomin ástæða er til þess að sýna meiri mannúð við geldingu húsdýra en hingað til hefir viðgengizt yfirleitt og að löggjafarvaldið láti til sín taka um það efni. Vil ég vænta þess, að hv. þm. láti þetta mál sjá meiri náð fyrir sínum augum heldur en raun hefir á orðið á undanförnum þingum og afgr. málið fljótlega.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 17 shlj. atkv.

Á 39. og 40. fundi í Nd., 27. og 29. marz, var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 49. fundi í Nd., 16. okt., var frv. enn tekið til 2. umr.

Frsm. (Bjarni Ásgeirsson): Frv. þetta hefir áður verið til umr. á þessu þingi, en mér þykir þó rétt að rifja efni þess upp að nokkru, ef hv. þm. skyldu vera farnir að ryðga í því.

Eins og kunnugt er, er það aðalefni frv. að lögbjóða, að framvegis skuli viðhöfð meiri mannúð við geldingu húsdýra en hingað til, en fram til þessa hefir sú athöfn fremur verið framkvæmd af heiðinni grimmd en í samræmi við upplýsingu og hugsunarhátt vorra tíma. Vitanlega hefir hugsunarleysi valdið mestu um það, hve meðferð húsdýra hefir verið óhæfileg í þessu efni.

Frv. sama efnis hefir áður legið fyrir þinginu, en ekki náð fram að ganga. Í því frv. var gert ráð fyrir að lögleiða svæfingu á undan geldingu. Í þessu frv. er hinsvegar gert ráð fyrir staðdeyfingu, sem talin er betri, hægari og ódýrari, og notkun nýtízku tanga. Frv. lögbýður staðdeyfingu á hinum eldri og þroskaðri húsdýrum, og sé bæði deyfingin og geldingin einungis framkvæmd af hæfum og vönum mönnum. Hin dýrin, sem yngri eru og óþroskaðri, séu gelt með Burdizzotöngum, sem fróðir menn telja, að taki hinum eldri töngum langt fram og geri geldinguna kvalamanni. Ég vænti þess, að hv. þm. sjái sóma sinn í því að afgr. þetta mál fljótt og vel og koma því þar með í það horf, sem hæfir vorum tímum, upplýsingu þeirra og mannúðarhugmyndum.

Páll Zóphóníasson: Ég var í minni hl. í landbn., er mál þetta lá þar fyrir, og fann ekki ástæðu til að samþ. frv. þetta. Vil ég því gera stutta grein fyrir afstöðu minni.

Þetta frv. er fyrst og fremst flutt sem dýraverndunarfrv. Þó mun það ekki ná til þeirra húsdýra, sem sæta verstri meðferð í þeim efnum, sem hér ræðir um, en það eru hundar og kettir. Ef mannúðin er aðaltilgangur frv. — og svo mun hafa átt að vera —, hefði verið sjálfsagt, að það hefði einnig náð til þessara dýra.

Í frv. er gert ráð fyrir staðdeyfingu. Ég álít, að mönnum hefði átt að vera það alveg í sjálfsvald sett, hvort þeir notuðu staðdeyfingu eða svæfingu, einkum vegna þess, að svæfing hefir verið notuð töluvert á síðari árum, og ýmsir því orðnir henni vanir.

Samkv. frv. eiga yngri dýr en ársgömul að geldast með Burdizzo-töngum. Af þessum töngum munu ekki vera til nema 60—70 á öllu landinu, og engar í sumum héruðum, og byrjuðu þær þó að flytjast hingað fyrir 17 árum. Það eru því meira en lítil innkaup, sem gera þyrfti á þessum töngum, ef þær ættu að verða svo almennar, að hægt verði að framfylgja lögunum.

En til þess að tryggja það, sem mun vera tilgangur frv., mannúðina í meðferð húsdýra að þessu leyti, skiptir það langmestu máli, að á vissum svæðum, í hverjum hreppi eða tveimur hreppum, sé tryggt, að til séu jafnan menn, sem kunna að gelda. Sé það tryggt, kemst þetta mál í heppilegt horf smátt og smátt, og á þann hátt næðist betri árangur en með því að þröngva mönnum til að nota tæki, sem óvíða eru til, eða staðdeyfingu, sem fáir kunna. Aðalatriðið er það, að aðrir fáist ekki við geldingar en kunnáttumenn.

Frsm. (Bjarni Ásgeirsson): Andmæli hv. 2. þm. N.-M. voru ekki veigamikil. Hann taldi það galla á frv., að það næði ekki til hunda og katta, því að þar væri þörfin mest. En ég tel, að ekki sé hægt að skilja frv. öðruvísi en að það nái einnig til þessara dýra. A. m. k. eru þau húsdýr eigi síður en hin. En ef þetta gat kynni nú að vera á frv., ætti hv. 2. þm. N.-M. fremur að koma með brtt. til að bæta úr þessu heldur en vilja fella allt frv.

Hann sagði, að eigi væri til nema 60—70 tengur af þeirri tegund, sem frv. gerir ráð fyrir. Ég sé ekkert á móti því, að útbreiðsla þessara tækja aukist, enda munu þau ekki vera svo dýr, að menn geti ekki eignazt þau í samlögum, eða þá hreppsfélögin.

Hv. þm. sagði ennfremur, að tryggasta leiðin til að ná tilgangi frv. væri sú, að ákveða, að ekki mættu aðrir en kunnáttumenn fást við geldingar. En þetta er einmitt ákveðið í frv. Þar, sem slíkir menn eru ekki til, ætti jafnan að vera hægt að fá menn til að afla sér slíkrar kunnáttu.

Hv. þm. sagði, að margir hefðu notað svæfingu undanfarið. Fróðir menn segja mér, að miklu vandaminna og einfaldara sé að nota staðdeyfingar. Þeir, sem þegar kunna svæfingar, myndu því ekki verða lengi að læra hina aðferðina. Auk þess mun staðdeyfing vera mun ódýrari.

Mótmæli hv. 2. þm. N.-M. hnekkja því þess vegna á engan hátt, að Alþingi beri að lögleiða, að hér eftir skuli viðhöfð mannúðlegri meðferð á húsdýrum vorum en tíðkazt hefir frá upphafi landsbyggðar.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 18:2 atkv.
2.—6. gr. samþ. með 16:1 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3 umr. með 16:2 atkv.

Á 51. fundi í Nd., 18. okt., var frv. tekið til 3. umr. (A. 245,399).

Of skammt var liðið frá útbýtingu brtt. 399. — Afbrigði leyfð og samþ. með 17. shlj. atkv.

Frsm. (Bjarni Ásgeirsson): Ég hefi ekki séð brtt. á þskj. 399 fyrr en nú í byrjun fundarins, en vegna þess að mál þetta á að útkljá hér í hv. d. við þessa umr., vildi ég sem frsm. málsins óska þess, að málið verði tekið út af dagskrá í dag, svo hv. þdm. gefist tækifæri til að athuga brtt. Það er ekki hægt að ætlast til þess, að hv. þm. séu tilbúnir að ræða till. á sama augnabliki og þær eru lagðar fram.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 52. fundi í Nd., 19. okt., var frv. aftur tekið til 3. umr. (A. 245, 399, 401).

Frsm. (Bjarni Ásgeirsson): Ég vona, að það gangi greiðlegar með þetta mál en það sem var verið að ræða um (hafnarl. fyrir Siglufjörð). Mál þetta var tekið út af dagskrá á síðasta fundi sökum þess, að við það höfðu komið fram brtt. frá einum nm., sem n. eða aðrir hv. þm. höfðu ekki haft tækifæri til að athuga. Nú hefir n. öll orðið ásátt um brtt. á þskj. 401, og get ég því lýst yfir f. h. hv. 2. þm. N.-M., að hann tekur brtt. sínar þar með aftur.

Aðalbreyt. frá frv. er sú, að við leggjum til, að það megi jöfnum höndum svæfa og staðdeyfa. Okkur þótti rétt, af því þeim er heimilað samkv. frv. að fara með staðdeyfingarlyf, að leyfa þeim að nota hina aðferðina líka. Það er talsvert vandasamt að fara með svæfingarlyf, og verða geldingamenn því, að hafa vottorð um, að þá skorti eigi þekkingu og leikni til þess.

Þá er það annað atriði í brtt. n. Samkv. 2. gr. frv. eiga sýslunefndir að gefa geldingamönnum skipunarbréf, er veiti þeim aðeins rétt til þess að starfa innan þeirrar sýslu, sem þeir eru búsettir í. N. þótti rétt að taka það fram, að sýslunefndir hefðu ekki rétt til að takmarka leyfi skipaðra dýralækna í þessu efni í umdæmum þeirra, og eru þeir því undanskildir.

Þá er það brtt. við 3. gr. Í þeirri gr. er það tekið fram, að geldingamenn fái þóknun fyrir verk sitt samkv. gjaldskrá, er sýslunefndir setja, hver fyrir sína sýslu. Hinsvegar þótti rétt að geta þess, að sú gjaldskrá næði ekki til dýralækna, því að sýslunefndir geta vitanlega engin áhrif haft á gjaldtaxta þeirra. Þess vegna er undantekningarákvæðinu bætt inn í 3. gr. samkv. brtt. n.

Við 4. gr. frv. eru nokkrar smábreyt., sem stafa aðallega af þeirri breyt., sem gerð er á 1. gr. — Auk þess leggur n. til, að fellt verði aftan af síðari málsgr. 4. gr. ákvæði um, að landbrh. sé skylt að gæta þess, að nægar birgðir séu til af deyfingarlyfjum í landinu. Það er hlutverk lyfjabúðanna, og þótti n. ekki ástæða til að leggja slíka kvöð á landbrh. Hinsvegar leggur n. til, að við greinina bætist ákvæði um, að landbrh. hlutist til um, að dýralæknar landsins gefi mönnum kost á að læra geldingar og meðferð deyfingarlyfja.

Þá er það síðasta brtt. við 6. gr., um að framkvæmd þessara laga megi fresta til 1. maí 1937, þar sem skortur kann að vera á hæfum geldingamönnum í einstökum héruðum til að byrja með. Það er sem sé vitanlegt, að í sumum sýslum eru engir menn, sem færir eru um að fullnægja þeim kröfum, er gerðar eru með þessum lögum. Þykir því rétt að fresta megi framkvæmd þeirra þangað til hæfir menn geta fengizt til þess að framfylgja þeim. — Þar sem fullt samkomulag hefir orðið í landbn. um

þessar brtt., þá vænti ég, að hv. þd. greiði svo fyrir málinu, að því verði lokið á þessum fundi.

Hannes Jónsson: Mér gefst hér tækifæri til þess, í sambandi við þetta mál, að staðfesta það, sem ég sagði áðan við atkvgr. um það mál, sem síðast var afgr. hér í þd., að störfum þessa þings fylgdi svo mikið alvöruleysi og hundavaðsháttur, að það væri algerlega óviðunandi. — Ég endurtek þetta, sérstaklega af því að hv. þm. S.-Þ. hékk utan í skrifstofustjóra Alþingis hér í þd. og var eitthvað að hvísla um, að ég væri að ráðast á hann fyrir þessa ósvinnu. En mér finnst það lítt sæmandi, þegar þdm. úr stjórnarflokkunum eru að þrefa um það dag eftir dag hér í þd., hvort hundar og kettir eru húsdýr eða ekki. Þeir hafa sjálfir deilt mest um þetta, og sýnir það bezt, hver alvara fylgir störfum þessa þings. Enn fremur má benda á það, til sönnunar þessum skripaleik, að í dag rís hér upp í þd. hv. þm. Mýr. og tekur aftur brtt. hv. 2. þm. N.-M. á þskj 399 við þetta frv., fyrir hans hönd, en þær voru bornar hér fram í gær, eins og hv. þdm. er kunnugt. Annars ætla ég ekki að ræða þetta ómerkilega mál, sem hér er til umr. og svo miklum deilum hefir valdið í stjórnarliðinu, en vil aðeins í þessu sambandi, um leið og það er afgr. út úr þd., skora á stjórnarliðið að taka til afgreiðslu hin stærri mál, sem fyrir þinginu liggja og full alvara fylgir, en eyða ekki hinum dýrmæta tíma Alþingis í þýðingarlaust glamur um heimskuleg og ómerkileg mál, eins og það, sem hér er til umr.

Ég get ennfremur bent á umr. um annað mál, sem nýlega fóru fram hér í þd., þar sem stjórnarliðar deildu um það, hvort reikningar opinberra starfsmanna til ríkisstj. eiga að vera sanngjarnir eða ekki. Það er ekki von, að vel fari, þegar svona er í pottinn búið af þeim, sem stjórna störfum þingsins. Ég grip tækifærið til að taka þetta fram, svo að öllum verði ljóst, við hvað ég átti með fyrirvara mínum áðan.

Ég vil óska, að hæstv. forseti stilli svo til, að sem fyrst verði tekin á dagskrá þýðingarmeiri mál en þau, sem rædd hafa verið hér í þd. undanfarna daga, og að þeim verði hraðað til nefnda.

Frsm. (Bjarni Ásgeirsson): Út af orðum hv. þm. V.-Húnv. vil ég taka það fram, að ummæli hans geta alls ekki náð til mín eða landbn. Stóryrði þau, sem hann varpaði til stjórnarflokkanna, þar sem hann var að bregða þeim um alvöruleysi í störfum á þinginu og heimskulegt glamur, eru aðeins venjulegt geðvonzkuraus hjá honum, sem ekki hefir við nein rök að styðjast. Ég segi fyrir mitt leyti og f. h. landbn., að þetta mál, sem hér liggur fyrir, er okkur mikilsvert alvörumál. Þau ákvæði, sem sett eru með þessu frv., eru í fullu samræmi við kröfur tímans um meðferð húsdýra. Það er ekkert hégómamál, hvernig farið er með „þarfasta þjóninn“ og önnur húsdýr, sem þetta frv. á að ná til. Það er full þörf á því, að dýrin séu meðhöndluð mannúðlegar en áður hefir tíðkazt og eins og siðuðum mönnum sæmir. Þó að þetta sé að vísu ekkert stórmál, þá er það samt sem áður þýðingarmikið nauðsynjamál. Og ég hefi aðeins rætt um það eins og efni stóðu til. Vænti ég svo, að það hljóti nú fullnaðarafgreiðslu í þessari hv. þd.

ATKVGR.
Brtt. 399,1—5 teknar aftur.
— 401,1 samþ. með 18 shlj. atkv.
— 401,2 samþ. með 17 shlj. atkv.
— 401,3 samþ. með 17 shlj. atkv.
— 401,4.a samþ. með 17 shlj. atkv.
— 401,4.b samþ. með 18 shlj. atkv.
— 401,4.c samþ. með 17 shlj. atkv.
— 401,5 samþ. með 17 shlj. atkv.
Frv., svo breytt, samþ. með 18 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 49. fundi í Ed., 21. okt., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 403).

Á 51. fundi í Ed., 23. okt., var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 9 shlj. atkv. og til landbn. með 10 shlj. atkv.

Á 64. fundi í Ed., 8. nóv., var frv. tekið til 2. umr. (A. 403, n. 477).

Frsm. (Jón Baldvinsson): Frv. þetta um gelding húsdýra var borið fram í Nd. af meiri hl. landbn. Fyrst var eitthvert ósamkomulag um málið, en síðar við umr. samdist um það, og mátti heita, að allir yrðu sammála. Landbn. þessarar d. hefir haft málið til athugunar og leggur til, að það verði samþ., og eru allir sammála. Frv. er í rauninni einfalt, fáar greinar, svo að ekki er ástæða til að skýra það nánar, þar eru aðeins lagðar línurnar, hvernig fara skuli að við gelding húsdýra. Þarna eru að vísu ákvæði, sem fyrirskipa, hvernig eigi að deyfa eða staðdeyfa, en sérfræðingarnir, sem störfuðu með n. féllust á þau, og við urðum þeim sammála.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
2.—6. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 9 shlj. atkv.

Á 66. fundi í Ed., 11. nóv., var frv. tekið til 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 10 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 523).

44. Síldar- og ufsaveiði.

Á 29. fundi í Ed., 19. marz, var útbýtt:

Frv. til l. um breyt. á tilsk. fyrir Ísland um síldar- og ufsaveiði með nót, frá 12. febr. 1872 (þmfrv., A. 192).

Á 31. fundi í Ed., 21. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 9 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

Flm. (Ingvar Pálmason): Um þetta frv. læt ég nægja að vísa til grg. þeirrar, sem því fylgir. Óska ég svo, að frv. verði, að umr. lokinni, vísað til sjútvn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 9 shlj. atkv. og til sjútvn. með 9 shlj. atkv.

Á 47. fundi í Ed., 18. okt., var frv. tekið til 2. umr. (A. 192, n. 285 og 395).

Frsm. meiri hl. (Ingvar Pálmason): Við 1. umr. þessa máls hér í d. var gerð nokkur grein fyrir því. Ég sé ekki ástæðu til að fara langt út í það nú. Ég læt mér nægja að vísa til þeirrar grg., sem fylgir frv. Hún gefur nægilega skýringu og fullljóst yfirlit um það, hvers vegna breyt. er komin fram upphaflega og hvaða breyt. er gerð á l. 1934.

Sjútvn. hefir ekki orðið sammála um málið. Við hv. þm. N.-Ísf. viljum afgr. það eins og það liggur fyrir, en meðnm. okkar hefir ekki getað fallizt á það, og skilar hann sérstöku nál. á þskj. 395. Ég ætla ekki að fara út í þennan ágreining, en gefa frsm. minni hl. tækifæri til að skýra afstöðu sína áður. Ég vil aðeins benda á, að með þeim l., sem samþ. voru á Alþingi 1934 virðist ekki tekið nóg til greina, hver réttur ábúanda ber innan netlaga fyrir sínu landi. Af þeirri ástæðu vil ég leiðrétta með þessari breyt. það, sem rangt er í l. frá 1934. Það eru allir sammála um, að landeiganda beri veiði innan netlaga með dragnót, og þá ætti að vera sama með öðrum veiðarfærum. Ég hefi alltaf litið svo á, að aðaltilgangurinn með l. frá 1934 hafi verið sá, að fá viðurkennt, að einnig sé heimilt að fiska með herpinót í netlögum annara manna. En það gat orkað tvímælis, hvort þetta var heimilt eftir tilsk. 1872.

Þá ástæðu getur ekki verið um að ræða, að hér sé verið að skattskylda veiðimenn, því að samskonar ákvæði eru fyrir um veiði með dragnót. Hver sanngjarn maður hlýtur að viðurkenna, að hér er aðeins verið að leiðrétta óheppileg mistök í l. frá 1934. — Læt ég svo þetta nægja, þar til frsm. minni hl. hefir talað.

Frsm. minni hl. (Sigurjón Á. Ólafsson): Málið er ekki sérstaklega umfangsmikið, svo að ég get hagað orðum mínum eftir því. Frsm. meiri hl. hefir skýrt frá því, að samþ. voru á Alþ. 1934 lög, sem fóru í þá átt að breyta tilsk. frá 1872, svo að veiðimönnum yrði heimilt að veiða í netlögum annars manns. Frv. kom aðallega fram vegna þess, að síldveiðimenn kvörtuðu undan því, að hægt væri að bægja þeim frá veiði. Það lítur nú út fyrir, að vansmíði hafi verið á l. frá 1934, úr því hv. 2. þm. S.-M. sér ástæðu til að gera breyt. á þeim, sem gengur á þann veg, að réttur landeiganda sé meir viðurkenndur. En eins og ég segi í nál. minni hl. á þskj. 395, þá er hér verið að leggja skatt á menn, sem veiða síld í netlögum. Ég hefi heyrt minnzt á, að þetta geti borið til, en þá er það oft svo fjarri mannabyggðum, að erfitt er að kontrolera, hver veiðir, — og hvernig á að innheimta prósenturnar, veit ég þá ekki. Ég held, að það sé ranglátt að leggja svona skatt á innlenda síldveiðimenn, þó að þeir taki síld svona nálægt landi. Áður en l. voru staðfest á síðasta þingi, er mér ekki kunnugt, að landeigendur hafi notað sér þetta mikið, en þó mun það hafa kostað óþægindi í nokkrum tilfellum, að menn gátu búizt við því, að það yrði tekið af þeim gjald. Fiskifél. þeitti sér fyrir því að fá hin úreltu ákvæði tilsk. frá 1872 úr lögum. Nú á að fara að lögfesta þau á ný, og þar get ég ekki verið með. Þetta er ástæðan til, að ég get ekki fylgt frv. Ég get ekki heldur séð, að þetta gæti borið árangur í raun og veru, þar sem í mörgum tilfellum yrði ómögulegt að staðfesta, hvað miklar þessar prósentur yrðu. Ég leyfi mér því að leggja til, að frv. verði fellt, og fjölyrði svo ekki meira hér um.

Frsm. meiri hl. (Ingvar Pálmason): Mér finnst rök frsm. minni hl. vera heldur veigalítil, en þó er annað lakara, að hann lítur ekki á þá hlið, sem máli skiptir, sem sé rétt ábúanda, hvort sem það eru jarðeigendur eða ekki, til netlaga. Það er viðurkennt í l., að ábúandi eigi veiðirétt, ég held 60 faðma fram af landi. Þann rétt má ekki skerða, nema bætur komi fyrir. Eftir tilsk. 1872 voru taldar hæfilegar bætur fyrir ufsaveiði með nót 4 af hundraði. Að verið sé hér að skattleggja menn sérstaklega, kemur ekki til mála, þar sem þetta hefir verið í l. áður.

Það, sem hér er um að ræða, er það, hvort herpinót á að koma undir sömu ákvæði og dragnót. Alþ. hefir gengið inn á það með l. 1934. Um leið og viðurkennt er, að þarna sé tekinn réttur af ábúanda, verður hann að fá hæfilegar bætur fyrir. Sjómönnum er ekki gerður greiði með því, að herpinót komi ekki undir sömu ákvæði og lagnót. Það er miklu frekar bjarnargreiði við sjómenn. Þegar tilsk. 1872 var samin, þekktist ekki þessi veiðiaðferð, og það eru til fleiri veiðiaðferðir, sem hægt væri að færa undir netlög, ýms botnveiði. En ég álít, að slík veiði hafi ekki stuðning í tilsk. frá 1872 né l. 1934. Hér er verið að bæta við leyfi fyrir fiskimenn að veiða með þessum áhöldum líka, auðvitað gegn því, að þeir greiði landeigendum nokkrar bætur. En þessar prósentur eru svo lágar, að þær skipta ekki miklu máli.

Hvað það snertir, að átt geti sér stað, að veitt sé í netlögum í óbyggðum, án þess nokkrir viti um, þá getur það verið, en vekja má athygli á því, að með herpinót er sjaldan veitt á grunnu

vatni, svo að þær taki ekki í botn og nótin skemmist. Veiði með þeim nálægt landi mun því vera fátíð, nema í fjörðum, þar sem nægilegt dýpi er, eins og t. d. á Austfjörðum.

Hinsvegar getur orðið ágreiningur út af því, að skip getur rekið inn í netlög, en það held ég komi þó ekki oft fyrir. Bæði um veiði með dragnót og herpinót eiga ákvæði þessa frv. aðallega við veiði innan fjarða. Og þá ætti það ekki að þurfa að vekja mikinn ágreining, hvenær ætti að gjalda landshlut og hvenær ekki. Hitt getur komið fyrir, er skip veiða í herpinót, að þau veiði eitt kastið innan netlaga, annað fyrir utan, og síldin getur þannig lent saman. En úr þessum ágreiningi er auðvelt að leysa. Fyrir þann ágreining er því ekki fórnandi að ganga á hinn tvímælalausa rétt ábúanda, er hann á innan netlaga.

Aðaltilgangur l. frá 1934 var að lögfesta, að heimilt væri að veiða með herpinót innan netlaga, en ekki að afnema landshlut, því þá hefði átt líka að afnema tilsk. 1872 með dragnót.

Ég held að það sé óþarfi að jagast mikið um þetta mál, því það liggur svo hreint fyrir. Ég trú ekki fyrr en ég tek á, að hv. þm. gangi inn á að veita slík fríðindi á kostnað ábúanda án þess bætur komi fyrir. Hitt getur að vísu í einstökum tilfellum orðið álitamál, fyrir hve mikinn hluta aflans þurfi að bæta. En ég tel, að það hnekki ekki gildi eða nauðsyn frv., og sé gætt hófs, býst ég ekki við, að það muni valda tilfinnanlegum ágreiningi. Hitt er allt annað mál, sem hér er deilt um, hvort sá grundvöllur, sem minni hl. stendur á, sé réttlátur: að taka þennan rétt af ábúendunum án nokkurra bóta.

Frsm. minni hl. (Sigurjón Á. Ólafsson): Það er náttúrlega þarflaust að ræða mikið um þetta mál, því ég heyri engin ný rök, sem ekki voru áður komin fram. Hvað sem frsm. meiri hl. segir um mín rök, eru hans rök a. m. k. ekki betri.

Um þetta atriði voru sett lög á þinginu 1934 án nokkurs ágreinings, og vil ég lesa 1. gr. þeirra með leyfi hæstv. forseta:

„Heimilt er að veiða með herpinót í netlögum annars manns, án þess að landshlutur sé greiddur, enda sé nótinni ekki fest við land né lagt við festar í netlögum. Nótinni telst ekki lagt við festar, þótt skip, sem er að háfa veiði úr herpinót, liggi fyrir akkeri. Nú er slíkri nót fest við land eða lagt við festar innan netlaga, og skal þá greiða landshlut sem að framan segir.“

Þá kom engin aths. né ágreiningur fram frá hv. 2. þm. S.-M., og skildi ég vel, að hans réttsýni réði þá. Ég er þó ekki að segja, að hann láti rangsýnina ráða nú. En ég býst við, að hv. þm. flytji þetta mál fyrir einhvern annan, en það sé ekki hans eigin sannfæring. Mér hefir verið skýrt svo frá, að komið hafi rödd frá einum virðulegum borgara á Austurlandi um þessa breyt., en annars ekki heyrzt nein óánægja yfir l. annarsstaðar af landinu. Hv. frsm. meiri hl. áleit, að hér væri aðeins um innfjarðaveiði að ræða, en ég býst við, að þetta geti viðar valdið ágreiningi, að nokkur hluti veiðinnar sé innan netlaga, en hinn hlutinn fyrir utan. Er þá illt að dæma um, hvað hverjum beri að greiða, og geta af því myndazt þrætur og málaferli, þar sem deilt er um keisarans skegg.

Hv. frsm. meiri hl. leggur mikið upp úr tilsk. frá 1872, sem hann vill ekki láta skerða. En eins og ég hefi bent á, er Alþ. búið að taka mikið af þeim rétti, sem í tilsk. felst. Enda ekkert einsdæmi, að Alþ. breyti ákvæðum eldri l., ef ástæða þykir til. En ég vil ekki breyta þeim l., sem nú gilda, af þeim ástæðum, sem ég hefi áður tekið fram. — Ég sé svo ekki ástæðu til þess að tala meira, því það er svo lítið, sem ég hefi að hrekja hjá hv. frsm. meiri hl., enda er málið svo ljóst, að ekki þýðir að þvæla mikið um það.

Frsm. meiri hl. (Ingvar Pálmason): Við hv. frsm. minni hl. höfumst ólíkt að. Ég gekk inn á að ræða málið frá þeirri hlið, sem að honum snýr, skoða málið frá hans sjónarmiði og meta þau rök, sem hann hafði fram að bera. En þetta gerði hv. þm. ekki. Ég hefi verið að sýna fram á, að l. gangi hér á rétt landeiganda. En þó það geti, eins og ég hefi áður tekið fram, stundum valdið nokkrum ágreiningi, hvernig eigi að skipta afla og hve mikill hluti hans hafi verið tekinn innan netlaga, þá réttlætir það á engan hátt, að borinn sé fyrir borð margra alda réttur landeiganda í þessu efni. Um skiptingu aflans tel ég sjálfsagt, að shlj. framburður skipverja yrði látinn gilda. Ef hv. frsm. minni hl. vildi ræða þá hlið málsins, sem ég hefi snúið að honum, með jafnmikilli sanngirni og ég hefi sýnt hans málstað, hygg ég, að hann myndi snúast á mína sveif. Hann benti á, að l. hefðu verið samþ. á þinginu 1934 án mótmæla. Ég tók það einmitt fram og viðurkenndi, að mér hefði yfirsézt og málið ekki verið nógu vel athugað. En þegar maður verður var við, að eitthvað hefir þannig farið í gegnum hendur hans án nægilegrar athugunar, á hann að vera fús til að bæta úr því. Hitt, að frv. sé flutt fyrir aðra, er að vísu rétt, því það snertir mig ekki persónulega og ég því lítill aðili í því máli. En ég býst við, að eins standi á fyrir hv. frsm. minni hl., að hann sé hér ekki að verja hagsmuni fyrir sjálfan sig, heldur aðra. — Vænti ég, að hv. d. skilji málið og veiti því brautargengi.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 9:3 atkv.
2.—3. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 9:2 atkv.

Á 49. fundi í Ed., 21. okt., var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 10 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 54. fundi í Nd., 22. okt., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 192).

Á 56. fundi í Nd., 24. okt., var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 17:2 atkv. og til sjútvn. með 17 shlj. atkv.

Á 69. fundi í Nd., 9. nóv., var frv. tekið til 2. umr. (A. 192, n. 466 og 482).

Frsm. meiri hl. (Sigurður Kristjánsson): Eins og hv. þd. er kunnugt, hefir n. ekki orðið sammála um þetta frv. Þetta er nú ekki nýtt mál fyrir d., því í fyrra var einmitt borið fram það frv. og samþ., sem nú er farið fram á að fella aftur úr gildi.

Ég vil leyfa mér að minnast lítils háttar á upptök þessa máls. — Eins og kunnugt er, þá eru í tilsk. frá 1872 settar reglur um landshlut til handa mönnum, sem eiga land, þar sem fara fram veiðar með nót, þ. e. a. s., það eru nætur, sem menn veiða í síld og ufsa og fleiri fisktegundir og eru festar við land, og þeir, sem veiðina stunda, hljóta að hafa umgang um landið og afnot af því. Nú er landeiganda ákveðin 4% þóknun í landshlut. Þegar farið var að veiða hér við land með hringnót, sem ekki hefir samband við land, heldur við skip, kom upp um það þræta, hvort greiða ætti landshlut af þessari veiði, ef hún væri tekin í netalögum annars manns, og það mun vera dómur fyrir því, að það eigi að greiða þetta 4% gjald til landeiganda, enda þótt veiðarfærið hafi ekkert samband við land né sé lagt við legufæri í netalögum. Í fyrra var borið fram frv. um það, að þessi veiði skyldi vera skattfrjáls, og var það rökstutt af flm. með því fyrst og fremst, að í upphafi hafi gjaldið verið ákveðið sem endurgjald fyrir það, að hafa umgang um landið og taka aflann í land; og í öðru lagi með því, að það væri svo að segja ómögulegt að ákveða þennan afla, sökum þess, að menn kynnu að afla nokkurn hluta af veiði sinni undan landi eins manns og nokkurn hluta undan landi annars manns, og því yrði erfitt að innheimta þetta gjald. Það er því næstum óhugsandi, að hægt sé að framkvæma þessi l., sérstaklega inni á þröngum fjörðum. Þar getur komið fyrir, að hringnót nái inn fyrir mörk netalaga á meðan kastað er, en verði svo dregin út fyrir þessi netlög. Einnig getur komið fyrir inni á þröngum fjörðum, meðan menn eru að króa þannig veiðina með hringnót, að skip, sem ekki liggur við legufæri, geti rekið inn fyrir mörk netlaga og skipstjóri neyðzt til þess að leggja skipinu til þess að það reki ekki á land. Enn getur komið fyrir, og mun eflaust oft koma fyrir, að skip reki yfir í netlög annars manns, annaðhvort þvert yfir fjörð eða með strönd. Og þannig verður það litt framkvæmanlegt að innheimta þennan skatt, og ég verð að segja, að mér finnst það ákaflega vafasamt, að það hafi verið tilætlun tilsk. frá 1872, að menn gyldu skatt af veiðum í netlögum, ef ekkert samband væri haft við land.

Meiri hl. n. hefir af þessum ástæðum, sem ég hefi nú greint, og fleirum mælt á móti því, að frv. verði samþ. Og ég vil bæta því við, að meiri hl. n. telur það einnig óviðeigandi, að þingið geri sér þá minnkun að vera að setja l. um svona þrætuefni og brjóta þau alveg niður á næsta ári, að óbreyttri skipan þingsins.

Ég vil náttúrlega ekki fara að blanda þeim heiðursmanni, sem flytur þetta frv. núna, inn í þessar umr. Hann hefir eflaust á reiðum höndum ástæður fyrir sínu máli. En hann mælti af mikilli speki fyrir frv. í fyrra, sem hann nú með nýju frv. leggur til, að fellt verði úr gildi. Þessi nýi skilningsandi hefir nú komið yfir hann á þessum fáu mánuðum, en ég fyrir mitt leyti tel, að ég gæti ekki stutt mál okkar í meiri hl. n. öllu betur en með því að lesa upp hans eigin rök fyrir málinu í fyrra, en þar sem þessi hv. þm. á ekki sæti hér í d. og ég hefi ekki þingtíðindin við hendina ætla ég ekki að gera hans skoðun á þessu máli í fyrra meira að umtalsefni.

Ég þykist svo ekki þurfa að rökstyðja mál okkar í meiri hl. n. meira. Mér þykir ósennilegt, að menn hafi haft þau nýju kynni af ufsanum og síldinni yfir þessa fáu mánuði, að þessi ágætu veiðidýr hafi snúið hugum manna og sannfæringu síðan í fyrra.

Frsm. minni hl. (Gísli Guðmundsson): Sjútvn. hefir ekki getað orðið sammála um afgreiðslu þessa máls, og höfum við í minni hl., hv. þm. Vestm. og ég lagt til, að frv. yrði samþ. með einni breyt., við 2. gr. þess, sem er leiðrétting, sem sé að í staðinn fyrir ártalið 1934 komi 1935. Hinsvegar leggur meiri hl. n. til, að frv. verði fellt, og eins og hv. þm. hafa heyrt, þá virðast það vera aðalrökin, sem hv. frsm. meiri hl. ber fram fyrir því að fella beri frv., að óviðkunnanlegt sé fyrir þingið að fella nú úr gildi löggjöf, sem það hafi samþ. í fyrra. Ég get ekki fallizt á, að þetta út af fyrir sig séu nokkur rök í málinu, því vitanlegt er það, að ef þingið við nánari íhugun kemst að raun um, að það hefir sett löggjöf, sem ekki er í alla staði rétt, þá er sjálfsagt að breyta henni þegar í stað, þegar tækifæri gefst. Og það eru svo sem engin einsdæmi, að þingið hafi breytt löggjöf með eins árs millibili, þegar komið hefir í ljós, að þess hefir verið þörf. (**BÁ:** Á þessu þingi hefir verið breytt l. frá því á þinginu í vor). Hv. þm. Mýr. upplýsir, að það hafi jafnvel verið breytt l. á sama þingi sem þau voru samþ., og styrkir það enn mitt mál, hversu mikil fjarstæða þessi rök hv. frsm. meiri hl. eru.

Annars er það svo, eins og við í minni hl. höfum gert grein fyrir í okkar nál., að það, hvað þessi viðauki við l. frá 1872 gekk greiðlega í gegnum þingið í fyrra, stafaði af því, að málið hafði legið fyrir fiskiþinginu, og það mun hafa mælt með því, að breyt. gengi fram hér á þingi.

Við í minni hl. höfum gert grein fyrir því í okkar nál., hvers vegna við teljum, að ákvæði frá í fyrra eigi að falla niður, og það er fyrst og fremst vegna þess, að með því ákvæði er með

óvenjulegu móti gengið á eignarrétt þeirra manna, sem hér ræðir um. Hér er sem sagt um það að ræða, hvort landeigendur, sem eiga land að sjó, þar sem síld og ufsi veiðist með nót, eigi að fá landshlut af því, sem veiðist í þeirra netlögum. Það er skýrt tekið fram bæði í Jónsbók og konunglegri tilsk. um þau efni frá því snemma á 19. öld, að yfir netlögum, þ. e. a. s. 60 faðma frá landi, hafi menn samskonar eignarrétt eins og yfir landinu sjálfu. Og það er sérstaklega tekið fram í þessari tilsk., að veiði öll í netlögum sé eign landeiganda. Tilsk. um síldar- og ufsaveiði frá 1872 gerir undanþágu frá þessu. Þar er dregið úr þessum rétti landeiganda yfir þessari eign sinni, þannig, að ef sérstaklega stendur á, þá sé heimilt að veiða með nót í netlögum annars manns, ef goldin er landshlutur, enda liggur það í augum uppi, að þegar mönnum er leyft að ganga á eignir annars manns, þá gjaldi þeir fyrir það einhverjar bætur.

Ég veit ekki, hvort hv. þm. hafa lesið þessa tilsk. frá 1872 um síldar- og ufsaveiði með nót, en ég vil skýra frá því, að þar stendur m. a., að þeim, sem fara með slíka nót inn fyrir netlög landeiganda, sé heimilt að taka upp net, og liggur það í augum uppi, að ekki nær nokkurri átt, að heimilt sé að gera slíkan usla án þess að ákveðið sé í l., að bætur komi fyrir. Og þess vegna teljum við í minni hl. n. sjálfsagt, að þingið breyti þessu ákvæði, sem það setti í fyrra að lítt athuguðu máli, og fari að ráðum þess *mæta manns, sem sagði*, að skylt væri að hafa það heldur, sem sannara reyndist.

Ég vil svo aðeins bæta því við, að mér finnst það koma úr hörðustu átt, þegar hv. 6. þm. Reykv. sem frsm. meiri hl. n. gerist forgöngumaður fyrir því, að gengið sé á eignarrétt annara. Þessi hv. þm. hefir þrásinnis við öll mögueg og ómöguleg tækifæri lýst því yfir, hvað honum væri annt um eignarréttinn, og kemur það því undarlega fyrir, að hann skuli gerast forgöngumaður þeirra, sem vilja brjóta niður eignarrétt manna.

Ég skal svo ekki hafa þessi orð fleiri, en ég vænti þess, að meiri hl. hv. d. fallist á álit okkar hv. þm. Vestm. og samþ. frv. eins og það liggur fyrir með þeirri breyt., sem við höfum lagt til.

Jónas Guðmundsson: Það var víst ég, sem á síðasta þingi flutti þessi l., sem nú á að nema úr gildi með þessu nýja frv. Eins og ég tók fram þá, var það flutt vegna þess, að fiskiþingið hafði beðið um það sérstaklega, og ástæðan til þess var sú, að risið hafði upp deila, sem orðið hafði að dómstólamáli milli manna á Austfjörðum, um það, hvort heimilt væri að heimta hlut eftir dragnótaveiði, ef hún lenti að einhverju leyti í netlögum ákveðins manns. Ég er enn á þeirri skoðun sem þá, að ómögulegt sé með nokkurri löggjöf að ákveða, hvernig fara skuli með þetta, og það sé bezt eins og gengið var frá því í fyrra, að engan hlut skuli greiða af þessari veiði, vegna þess, að það verður aldrei um það sagt, hvað mikið af veiði, sem í dragnót kemur, er tekið í netlögum og hvað mikið utan þeirra. Hinsvegar er það í l. frá í fyrra skýrt fram tekið, að ef skip þarf að athafna sig í netlögum einhvers manns, þá gjaldi það landshlut, og er það sanngjarnt, þar sem það notar svæði það, sem maðurinn hefir eignarrétt yfir, til þess að hagnýta sér veiðina.

Ég býst við, að flestir hv. þdm. séu það kunnugir víðast hvar inni á þröngum fjörðum okkar lands, að þeir skilji, að það er alveg ógerningur fyrir okkur að ætla, að við getum gert það upp, þegar stórri nót er kastað á síldartorfu, hvað mikið af síldinni, sem í nótina kemur, hefir komið fyrir utan 60 faðma frá landi og hvað mikið fyrir innan, ef straumar og vindur og aðrar óviðráðanlegar orsakir hafa orðið þess valdandi, að nótinni sé lokað í netlögum einhvers manns, og hvaða sanngirni væri það, að greiða landshlut af þeirri síld, sem tekin væri langt úti á firði, fyrir það eitt, að nótin berst inn í netlög þessa manns?

Ég furða mig á því, að menn skuli nú á árinu 1935 vera að vitna í Jónsbók og tilsk. frá 1872. Við vitum það, að síðan Jónsbók var samin og jafnvel síðan 1872 hefir tækni í veiðiskap farið það fram, að nú eru komin þau veiðarfæri, sem þá voru ekki hugsanleg, og sem má nota án þess að koma þurfi til að hafa afnot af landi til þess að geta hagnýtt sér veiðina. En eins og hv. frsm. meiri hl. réttilega tók fram, þá gengur tilsk. frá 1872 aðallega út á það, að greiddur sé hlutur af landnotum.

Þetta ákvæði, að þegar nót er kastað úti á *firði fyrir síld eða ufsa, en er lokað inn í* netlögum, skuli ekki skylt að greiða landshlut, er hliðstætt því, sem er í norsku samningunum, þar sem það er ekki talið landhelgisbrot, þó skip, sem veiðir síld utan landhelgislínunnar, reki inn fyrir línuna á meðan það er að koma síldinni um borð. Ef þetta frv. ætti nú að lögfesta, þá er bókstaflega búið að segja, að hver sá bátur, sem veiðir inni á firði og er svo óheppinn að loka nót sinni í netlögum einhvers manns, skuli greiða 4% af allri veiðinni, þó að hann geti sannað, að öll sú síld, sem í nótina kom, hafi verið veidd fyrir utan netlög. — Mér fyndist þá réttara að nema l. frá því í fyrra alveg úr gildi og láta þetta mál vera eins og það hefir verið frá 1872, þannig að þeir, sem hlut eiga að máli, verði að slást um það í *hvert skipti. Reyndar munu* þeir vera fáir, sem krefjast þessa hlutar og ákaflega sjaldgæft, að sannað verði, að nót sé lokað í netlögum einhvers ákveðins manns.

Mér finnst, að hér sé verið að varðveita eignarrétt., sem ekki er til. Það má leggja línu í netlögum annars manns án þess að landshlutar sé krafizt. Og því þá frekar að krefjast gjalds, þegar veitt er með veiðarfærum, sem hvergi koma í botn, og ákveða þá svo og svo mörg prósent? Ég greiði atkv. á móti þessu frv., sem ekki yrði til annars, ef samþ. yrði, en koma upp þrætum og málaferlum, sem reynt var að fyrirbyggja með l. í fyrra.

Frsm. minni hl. (Gísli Guðmundsson): Hv. frsm. meiri hl. hefir ekki staðið upp til að mótmæla *neinu í ræðu minni*, og skoða ég það þann-

ig, að hann hafi tekið rök mín til greina, og þarf ég því ekki frekar að snúa máli mínu til hans. En nú hefir hv. 6. landsk. í þess stað gengið í lið með meiri hl. n., enda var hann flm. þessa máls á fyrra þingi, og hann vill nú færa fram rök móti frv. og leggur til, að það verði ekki samþ. Hv. 6. landsk. segir í fyrsta lagi, að það sé ekki rétt í sambandi við þetta mál að vitna í gömul lagafyrirmæli, því að veiðiaðferðir hafi breytzt. Það er vitanlega rétt, en það gefur ekkert til kynna um það, að eignarrétturinn hafi breytzt, svo að ég fæ ekki skilið, hvaða rök þetta eiga að vera hjá hv. 6. landsk.

Önnur ástæða, sem hv. þm. bar fram móti frv., var sú, að erfitt væri að segja um, þegar kastað væri fyrir síld, hvað veiddist innan netlaga og hvað utan, og út af því getur orðið þrætumál. Það er vitanlegt, að ágreiningur getur risið út af þessari veiði, en ef ekki á að setja lagafyrirmæli neinsstaðar þar, sem slíkt getur komið fyrir, þá yrði fátt ákveðið í l. Og ég get nefnt dæmi. Í lögum um laxveiði í ám er svo ákveðið, að landeigandi eigi veiðirétt út í ⅓ árinnar. Það mun oft vera erfitt að ákveða, hvort þessum fyrirmælum sé hlýtt eða ekki, en það er engu síður rétt að setja þau. Og til þess eru dómstólar að skera úr í svona málum. Annarsvegar skil ég ekki vel þann ótta, sem kom fram hjá hv. þm. um það, að mönnum væri íþyngt með þeim landshlut, sem frv. gerir ráð fyrir, því að hv. 6. landsk. tók fram sjálfur, að það væri mjög sjaldgæft, að þessa landshlutar væri krafizt, m. a. vegna þess, hvað erfitt væri að sanna um veiði í netlögum annars manns. En þá ætti að vera lítil ástæða til að óttast, að veiðimönnum sé íþyngt með slíku gjaldi. — Hinsvegar er það óviðfelldið að setja eða láta haldast lög, sem brjóta í bág við eignarréttinn, meðan hann er í gildi í landinu.

Ég tel ekki, að annað hafi komið fram í ræðu hv. 6. landsk., sem ástæða sé til að svara.

Frsm. meiri hl. (Sigurður Kristjánsson): Út af því, sem hv. þm. N.-Þ. sagði, að það sæti illa á mér að vilja ekki virða eignarréttinn, þá vil ég taka það fram, að ég veit ekki til, að það sé viðurkenndur eignarréttur á fiski, síld og öðru, áður en dýrin eru veidd eða orðin föst við eitthvert veiðarfæri, því að eignarrétturinn er bundinn við forráðarétt manna yfir veiðinni. Annað mál er það, að taka fisk í netlögum, þegar það kemur ekki í bága við veiði manns, sem land á að sjó. Það er bert, að 4% landshlutur eftir gömlu tilsk. er miðaður við endurgjald fyrir not af landi annars manns, setja upp skip o. fl., en ég tel ekki, að gengið sé á eignarréttinn, þó að tekinn sé fiskur á göngu fyrir landi annars manns.

Hvað viðvíkur því, sem áður var rökstutt í þessu máli, þá vil ég taka upp nokkrar línur úr rökstuðningi þess manns, er hafði framsögu í málinu í Ed. í fyrra. Hann segir fyrst, að frv. sé flutt að tilhlutun Fiskifél., og í grg. eru ýtarlega tilgreind tildrögin að frv., og um veiðiaðferðirnar segir svo, er ég vil lesa með leyfi hæstv. forseta: „Veiðiaðferð þessari er þannig háttað, að það eru tekin mörg köst á ýmsum stöðum, og því ógerningur að halda veiðinni aðskildri, sem veiðist fyrir hverri landareign. Það eru erfiðleikarnir á þessu, sem munu vera aðalástæðan fyrir því, að frv. þetta er komið fram, frekar en hitt, að sjómenn telji það stóra kvöð að greiða 4% af veiðinni í landshlut. Hér er ekki heldur um það að ræða, að gengið sé á hlut landeigenda, því að veiðiaðferð þessi var ekki kunn, þegar tilskipunin var sett 1872". Og svo endar hann á því að leggja til, að frv. verði samþ.

Ég vil nú ennfremur taka fram, að á síðasta þingi var frv. samþ. hér í hv. d. með shlj. atkv. Enginn greiddi atkv. á móti því. Og því er mér ekki ljóst, hvernig hv. flm. getur gert sér von um, að frv. nákvæmlega gagnstætt því, sem samþ. var í þessari hv. d. á síðasta þingi, nái hér fram að ganga.

Hv. þm. N.-Þ. sagði, og ég er ekki á móti því, að rétt væri að hafa það, sem sannara reyndist. Ég er ekki heldur að setja út á það, að menn skipti um skoðun, og er sammála því, að leiðrétt sé, ef gert er rangt í einhverju máli og annað sannara kemur í ljós. En hv. þm. hefir hér ekki bent á eitt atriði, er komið hafi í ljós síðan í fyrra, er hnekki réttmæti þeirrar lagasetningar. Ef hv. þm. á einhver slík rök í fórum sínum, þá ætti hann ekki að liggja á þeim. Ég skora á hann að leiða í ljós einhver slík rök, sem komið hafi fram síðan í fyrra. Ég hygg þau muni ekki vera komin fram.

Frsm. minni hl. (Gísli Guðmundsson): Mér finnst það koma úr hörðustu átt, þegar meiri hl. n. ber okkur, sem urðum í minni hl., það á brýn, að við höfum ekki fært fram ástæður fyrir okkar málstað. Ef við berum saman nál., þá er okkar allt að 3 sinnum lengra. Það erum því við, sem höfum fært fram rök, en meiri hlutinn hefir aftur á móti lítið að því gert. Þar að auki hefi ég í ræðu minni bætt nokkru við af röksemdum, en ég get ekki gert við því, þó að hv. frsm. meiri hl. hafi ekki tekið eftir því, sem ég hefi sagt; ég vænti, að aðrir deildarmenn hafi gert það.

Hv. frsm. meiri hl. benti á, að frv. hefði verið samþ. á þinginu með shlj. atkv. Það mun vera rétt. Reyndar fylgdist ég ekki með atkvgr. í Ed., en það hefir víst verið samþ. þar líka með shlj. atkv. En ég vil bara benda á, þegar um er að ræða mál, sem samþ. eru einróma, þá eru það oft ekki stórmál. Menn verða að játa, að það þarf ekki að vera nein sönnun fyrir því, að hv. þm. hafi raunverulega verið á einu máli um þessi atriði, þó að þeir greiddu frv. atkv., heldur getur það verið hitt, að þeir hafi ekki gefið frv. nægilegan gaum, ekki fundizt hér vera um neitt stórmál að ræða, en tekið álit Fiskifél. trúanlegt og nefndarinnar. Þetta sýnir sig líka í Ed., þar sem samþ. hafa verið breyt. á frv. Þá þarf ekki frekar vitnanna við; úr því Ed. hefir breytt afstöðu sinni, þá getur þessi hv. d. verið sæmd af að taka málið fyrir, eftir að komið hafa fram nýjar upplýsingar. Og þær nýju upplýsingar eru fyrst og fremst, að gengið er óleyfilega á eignarrétt manna með frv. frá fyrra þingi.

Frsm. meiri hl. sagði, að menn ættu ekki fisk fyrir landi sínu fyrr en hann væri orðinn fastur við veiðarfæri. En ég vil benda hv. þm. á, að það segir skýrt í tilsk. frá 1849, að menn eigi veiði fyrir sínu landi. Þar stendur orðrétt, og vil ég lesa það, með leyfi hæstv. forseta: „Ef jörð liggur að sjó, á eigandi veiði á haf út, 60 faðma frá stórstraumsfjörumáli, og eru það netlög hans.“ Það er því skýrt, að landeigandi á veiði í netlögum sínum, og enginn annar en hann átti þar veiðirétt. En síðar var gerð sú rýmkun, að aðrir fengu að hagnýta sér veiðiréttinn, en ekki nema með því að láta einhverjar bætur fyrir, eða greiða landshlut.

Ég held það sé ekki annað í ræðu hv. 6. þm. Reykv., sem ástæða er til að svara. Hann er í mestu vandræðum með afstöðu sína, því að það er ekki gaman fyrir mann, sem jafnoft hefir lýst yfir því, að hann væri á móti hverskonar skerðingu eignarréttarins, að gerast frsm. frv., sem gengur jafnbersýnilega á hluta þessa réttar.

Jónas Guðmundsson: Ég hefi í rauninni ekki neinu að svara hv. þm. N.-Þ. Hann kvaðst ekki vita, hvaða rök það væru í málinu, að veiðiaðferðirnar hefðu breytzt, en þó er þetta þungamiðjan. Bæði Jónsbók og tilsk. frá 1872 gera ráð fyrir, að ekki sé hægt að nota veiðiréttinn, nema nota um leið land eigandans, og fyrir þau afnot eiga bæturnar að koma. En síðan Jónsbók og tilsk. frá 1872 voru samin, eru komnar nýjar veiðiaðferðir og ný veiðarfæri, svo sem snurpinót, sem hægt er að taka með fiskinn án þess að hagnýta sér nokkuð land manna.

Hvað því viðvíkur, að erfitt sé að ákveða, hvað veitt er innan netlaga, vil ég segja það, að enginn maður getur um það dæmt, þegar lögð er t. d. 120 faðma löng nót, hvað mikið veiðist í hana innan 60 faðma frá landi og hvað utan, það yrði þá að setja merki á síldarnar, sem koma í nótina innan og utan netlaga. Og hér er alls ekki um það að ræða, að hagnýta þurfi land, — ekki einu sinni festar þarf að nota. Þetta sýnir, að með hinum breyttu veiðiaðferðum er fallin niður ástæðan fyrir því, að veiðimenn gjaldi landshlut eins og áður. Í l. frá fyrri öldum kom gjaldið fyrir það, er bátum var lagt í landi annars manns eða afli settur á land. Það, sem ég færði fram um breyttar veiðiaðferðir, eru því fullkomin rök í málinu. Til þess að fyrirbyggja, að þrætur yrðu út af því, hvað tekið væri af afla í netlögum og hvað utan þeirra, þá var breytingin tekin upp á tilsk. frá 1872, sú sem samþ. var á síðasta þingi. Og það er ekki sízt starf Alþingis að setja skýr ákvæði um þessa hluti, og það var einmitt bezt gert með l. í fyrra, þar sem leyfið er miðað við, að nótin sé ekki fest við land eða legufæri. Mér finnst engin rök hafa komið fram, er sýni, að heppilegt sé að breyta lagasetningunni frá síðasta þingi.

Frsm. minni hl. (Gísli Guðmundsson): Ég skal vera fáorður. Ég vil aðeins vekja athygli á misskilningi, sem kom fram í ræðu hv. síðasta ræðumanns. Hann segir, að eftir gömlu tilskipununum eigi að koma greiðsla landshluta fyrir að draga nótina á land upp eða nota á annan hátt land jarðeiganda, en ekki fyrir veiðiréttinn. Þetta er ekki rétt, og ég skal gefa skýringu á þessu með því að lesa upp 2. gr. í tilsk. frá 1872, þar sem segir: „Geri nótarmenn með þessu skaða á túni, engjum eða haga eða á friðlýstu æðarvarpi eða selalögnum, eða það verði almennum afnotum landeignarinnar til fyrirstöðu, skulu fyrir það koma sanngjarnar skaðabætur.“ Hér er því gert ráð fyrir sérstöku gjaldi, ef skaði verður á landareign, eða fyrir afnot á landi. Aðalgjaldið kemur því fyrir afnot af veiðiréttinum, og styður þetta mitt mál.

ATKVGR.
1. gr. frv. samþ. með 15:8 atkv.
Brtt. 482 samþ. án atkvgr.
2. gr., svo breytt, samþ. með 16:1 atkv.
3. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 16:9 atkv.

Á 71. fundi í Nd., 12. nóv., var frv. tekið til 3. umr. (A. 515).
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 15:4 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 527).

---

45. Gagnfræðaskólar.

Á 30. fundi í Nd., 16. marz, var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 48 1930, um gagnfræðaskóla (þmfrv., A. 155).

Á 31. fundi í Nd., 18. marz, var frv. tekið til 1. umr.
Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 20 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 17 shlj. atkv.

Á 33. fundi í Nd., 20. marz, var frv. tekið til 2. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 34. fundi í Nd., 21. marz, var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 155, 169).

Frsm. (Sigurður Einarsson): Menntmn. hefir haft frv. þetta til athugunar, og það hefir aðeins komið nál. frá minni hl. n. En annars er um þetta mál að segja, að meiri hl. menntamn. leggur til, að það verði samþ.

Pétur Halldórsson [óyfirl.]: Herra forseti! Það er ekki nema eitt atriði, sem vakir fyrir minni hl. menntmn. og kemur fram í brtt. við

frv. á þskj. 169. Brtt. fer fram á, að síðari hluti fyrri málsgr. 1. gr. falli niður, nefnilega, að ríkisstj. geti lagt svo fyrir, að hús skuli byggt fyrir gagnfræðaskólana þegar hún óskar þess. Það er að áliti minni hl. n. nauðsynlegt eins og sakir standa nú að gefa bæjarstjórnunum rétt til þess að velja tímann, hvenær byggð skuli hús fyrir gagnfræðaskólana. Það er að vísu aðkallandi og þörf víðar en í Reykjavík, að hafizt sé handa um byggingu fyrir gagnfræðaskólana, en eins og hv. þdm. er mjög kunnugt, er nú svo ástatt um fjárhag bæjarfélaganna, margra hverra, að það er viðurhlutamikið að setja slík ákvæði um, að ríkisstj. sé þar með falin yfirstjórn fjárhagsmála bæjarfélaganna að þessu leyti. Ég veit ekki heldur, hvernig ætti að vera hægt að skylda bæjarstj. til þess ef þær telja sig ekki geta lagt fram fé til gagnfræðaskóla, þegar ríkissjóður er tilbúinn með sitt framlag. Ég sé ekki, að það sé framkvæmanlegt að ætla bæjarstjórnunum að leggja fram, hvernig sem á stendur, ⅝ á móti ⅜ frá ríkissjóði af kostnaðarverði húsanna.

Svo er það gefinn hlutur, að bæjarstj. finna ekki síður til hinnar brýnu þarfar fyrir þessar byggingar en ríkisstj. Þess vegna verð ég að álíta, að bæjarstjórnirnar hafi nægilega ríka hvöt til þess að ráðast í þessar framkvæmdir strax þegar geta leyfir. En ég fyrir mitt leyti álít, að það eigi ekki að vera á valdi ríkisstj. að skipa fyrir um þetta efni. En hitt finnst mér rétt, að ef svo er, að bæjarstj. vilja koma upp húsnæði fyrir gagnfræðaskólana, þá sé ríkið skylt að leggja fram fé að sínum hluta. Það er hættuminna að ákveða það, því að ég er ekki í neinum vafa um, að standi svo á, að ríkissjóður vilji síður þurfa að leggja fram fé að sínum hluta á móti bæjarfélögunum, þá muni greiðlega takast samningar um fyrirkomulag á því, þó að bæjarstj. óski að hefjast handa. Ég tel ekki heldur neina nauðsyn fyrir ríkisvaldið að hafa þessi réttindi yfir bæjarfélögunum, því að eins og ég sagði áðan, er hvötin vissulega nægilega rík hjá þeim að koma upp húsnæði fyrir gagnfræðaskólana. Þess vegna finnst mér sanngjarnt, að fyrri hluti þessarar umræddu málsgr. standi, en síðari liðurinn falli burt.

Um hinar gr. frv. er samkomulag, og þarf þess vegna ekki að ræða um þær.

Á það má benda í sambandi við brtt. minni hl. n., að það er vissulega skylt fyrir ríkið að taka í þessu efni tillit til ástæðna bæjarfélaganna, þar sem það hefir nú alveg nýlega skert mjög tekjustofna bæjarfélaganna. Er því full ástæða til þess, að ríkisvaldið fari varlega í að krefjast fjárútláta af bæjarfélögunum, eins og hér um ræðir, nema brýna nauðsyn beri til. Ég held því, að hv. þd. gerði réttast að fella niður þennan síðari málslið.

Frsm. (Sigurður Einarsson): Ég held, að hv. þd. gerði réttast að fella ekki niður þennan síðari lið 1. gr. Það er engan veginn svo, að með þessu ákvæði um gagnkvæma skyldu hvors aðilja um að leggja fram fé sé verið að fara fram á neitt einstakt eða óþekkt í lögum. Það er ómögulegt að færa fram nein gild rök fyrir því, að bæjarfélögin séu ekki skyld til að leggja fram fé, þegar ríkið vill leggja fram að sínum hluta, fyrst svo stendur á, að ríkið á að vera skylt til þess þegar bæjunum þóknast að leggja fram fé til húsnæðis fyrir gagnfræðaskóla. Það er mjög tíðkað, að einum aðila er gert að skyldu að leggja fram fé, ef annar vill það, t. d. í girðingalögum o. fl. Verði brtt. á þskj. 169 samþ., er það alveg ljóst, að einstök bæjarfélög geta skotizt undan skyldu sinni við gagnfræðaskólana og heft eðlilega þróun þeirra með því að leggja ekki fram tiltekið fé, jafnvel þótt ríkið leggi fram sinn hluta.

Það andar til þessa máls úr ýmsum áttum heldur kuldalega, og það er því fremur ástæða, svo framarlega sem ríkinu er alvara að koma þessum skólum á sæmilegan grundvöll, að binda þetta á þann sanngjarna hátt, sem hér er gert ráð fyrir. Þá má nefna aðra réttarbót, sem í þessu frv. felst, að ríkið greiði ⅜ hluta af húsaleigu fyrir gagnfræðaskóla þar, sem ekki hefir unnizt að koma upp skólahúsi. — Ég verð að halda fast við það, sem minni hl. menntmn. var ásátt um, að fara þess á leit við hv. d. að samþ. frv. eins og það liggur fyrir óbreytt.

ATKVGR.
Brtt. 169 felld með 14:12 atkv.
1. gr. samþ. með 15:6 atkv.
2.—4. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 16:1 atkv.

Á 36. fundi í Nd. 23. marz, var frv. tekið til 3. umr.

Pétur Ottesen: Ég á brtt. við 1. gr. frv. Í 1. gr. eins og hún er er ákvæði, sem ég get ekki fellt mig við. Er það sú skylda, sem lögð er á herðar ríkissjóði.

Forseti (JörB): Það er ekki búið að útbýta þessari brtt. og mun því vera rétt að fresta þessu máli um stund.

Umr. frestað um stund, en síðar á fundinum tók forseti málið af dagskrá.

Á 37. fundi í Nd., 25. marz, var frv. aftur tekið til 3. umr. (A. 155, 259).

Frsm. (Sigurður Einarsson): Það er að vísu mjög æskilegt, að þetta mál fái fljóta för gegnum d., en um brtt. þá, sem fyrir liggur og ég vil ekki gera að umtalsefni, þar sem flm. hennar er ekki viðstaddur, er það í skemmstu máli að segja, að sá hluti menntmn., sem flutti frv., hlýtur samkv. eðli málsins að vera henni andvígur. Vil ég því mælast til, þó illt sé, að málið tefjist mikið, að það verði ekki tekið til afgreiðslu án þess að þessi brtt. sé rædd.

Forseti (JörB): Mér virtist við aðalumr. þessa máls, að ekki væru mjög skiptar skoðanir um það, og virðist mér því ekki mikil ástæða til að fresta því. Náttúrlega vil ég ógjarnan taka mál

fyrir, ef menn, sem flytja brtt., eru fjarstaddir, en ég ætla, að í þessu tilfelli skipti það ekki verulegu máli.

Frsm. (Sigurður Einarsson): Ég ætla aðeins að láta þess getið, án þess að vilja þar með vera að efna til sérstakra umr. um málið, að samþykkt þessarar brtt. gerir að engu þann megintilgang, sem fyrir meiri hl. menntmn. vakti með flutningi frv. Sá ágalli, sem átti að laga, er þá endurvakinn í annari mynd, og án þess að ég ætli að ræða brtt. frekar nú, þá verð ég að telja málinu fullkomlega spillt, ef hún nær samþykki hv. deildar.

Forseti (JörB): Það er að vísu rétt, að brtt. fer fram á talsverða breyt. á 1. gr. frv., og það er öllu leiðinlegra að þurfa að afgreiða málið, þar sem flm. hennar er eigi viðstaddur. Get ég því gert þá málamiðlun að fresta málinu til morguns og sjá, hvort hv. flm. brtt. verður þá heill orðinn.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 38. fundi í Nd., 26. marz, var frv. enn tekið til 3. umr. (A. 155, 259).

Forseti (JörB): Mér hefir borizt viðvíkjandi þessu máli skrifl. brtt. frá hv. 9. landsk., við 1. gr. frv., svo hljóðandi: [Sjá þskj. 294].

Þessi brtt. er skrifl. og of seint fram komin. Þarf því tvennskonar afbrigði fyrir því, að hún megi komast að.

ATKVGR.

Afbrigðin leyfð og samþ. með 19 shlj. atkv.

Frsm. (Sigurður Einarsson): Eins og hv. þdm. hafa heyrt, hefi ég flutt skrifl. brtt. við 1. gr. þessa frv., og er hún miðuð við það, að þegar bæjarstjórnir í kaupstöðum hafa áætlað fé til byggingar gagnfræðaskólum í kaupstöðum, þá skuli í fjárl. næsta árs þar á eftir veita fé til þess hlutfallslega á móti framlögum kaupstaðanna. Eins og greinin er nú orðuð, mætti líta svo á, að ríkisstj. væri skylt að leggja fram fé úr ríkissjóði til þessara framkvæmda, án þess að slík greiðsluupphæð stæði í fjárl. Ég vænti, að hv. þdm. skilji, að hér er ekki ætlazt til, að gengið verði eftir slíku fjárframlagi fyrr en stj. hefir gefizt svigrúm til að setja það í fjárlög, og að samkv. brtt. er henni ekki skylt að leggja þetta fé fram fyrr en að tími hefir unnizt til þessa.

Pétur Halldórsson: Herra forseti! Mér þykir slæmt, ef þetta frv. verður afgr. hér við 3. umr. án þess að hv. flm. að brtt. á þskj. 259 geti verið viðstaddur. Mér er kunnugt um, að hann ætlaði að taka til máls um hana hér í þd. fyrir þremur dögum síðan, er málið var hér til umr., en þá var ekki búið að útbýta brtt. Nú er hann veikur og getur ekki tekið þátt í afgreiðslu þessa máls í dag. Ég vildi því spyrja hæstv. forseta, hvort hann getur ekki tekið tillit til þess og frestað umr. þar til flm. brtt. getur verið hér viðstaddur, þar sem ekki mun vera knýjandi nauðsyn á afgreiðslu málsins.

Umr. frestað.

Á 40. fundi í Nd., 29. marz, var frv. tekið til frh. 3. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 43. fundi í Nd., 2. apríl, var fram haldið 3. umr. um frv. (A. 155, 259, 294).

Pétur Ottesen: Ég á hér brtt. við 1. gr. þessa frv., og ástæðan til, að ég flutti hana, er sú, að ég get ekki fellt mig við það ákvæði 1. gr., að ríkissjóður sé skyldugur að leggja fram fé án þess að það sé ákveðið í fjárl., ef viðkomandi kaupstaðir óska þess. Eins get ég ekki fellt mig við það, að ef ríkið heimtar það, verði bæirnir að leggja fram fé til skólabyggingar. Ég hefi þess vegna flutt svo hljóðandi brtt. á þskj. 259: „Við 1. gr. Greinina skal orða svo: Aftan við 3. gr. laganna bætist: Hluti ríkissjóðs af stofnkostnaði greiðist eftir því sem fé er veitt til þess í fjárlögum, enda sé tryggt framlag á móti.“ Með því að taka þessi ákvæði upp í lögin um gagnfræðaskóla njóta þeir nákvæmlega sama réttar og héraðsskólarnir um framlag úr ríkissjóði. Ég sé enga ástæðu til að gera upp á milli þessara skóla með því að gera rétt gagnfræðaskóla í kaupstöðum, eða þeirra, sem að þeim standa, meiri en héraðsskólanna um að fá fé til byggingarnna, og vona því, að hv. þm. samþ. brtt. mína. Mér finnst bezt samræmi þarna á milli eins og gert er ráð fyrir í brtt. minum, og ef menn geta fallizt á, að svo sé, þá samþ. þeir hana. Skal ég svo ekki orðlengja frekar þar um.

Forseti (JörB): Ég vil vekja athygli á því, að af vangá hefir fallið niður að geta um 2 þskj. í þessu máli á dagskránni; eru það brtt. frá hv. þm. Borgf., á þskj. 259, og frá hv. 9. landsk., á þskj. 294. Þetta bið ég hv. þdm. að athuga.

Frsm. (Sigurður Einarsson): Ég hefi leyft mér að flytja brtt. á þskj. 294 við 1. gr. þessa frv. Hún er á þá leið, að í stað þess, sem í frvgr. segir: „Nú óskar bæjarstjórn, að reist sé hús fyrir gagnfræðaskóla í kaupstöðum og leggur fram fé í því skyni, og er þá ríkissjóði skylt að leggja fram sinn hluta á móti“, þá segir í brtt., að í stað orðanna „ríkissjóði skylt að leggja fram sinn hluta á móti“ í 1. málsgr. 1. gr. komi: skylt að veita fé úr ríkissjóði á næstu fjárlögum, hlutfallslega við framlag kaupstaðarins“. Það, sem fyrir mér vakir með því að flytja þessa brtt., er nokkuð það sama og vakir fyrir hv. þm. Borgf. með brtt. hans, að ríkissjóði verði ekki gert að skyldu að leggja fram fé án þess að tími vinnist til að taka það upp í fjárlög. Mér finnst brtt. mín líka gleggri en brtt. hans.

Að bera slíka brtt. fram sem þessa er sannarlega ekki út í bláinn, því að það hefir sýnt sig, að með því skipulagi, sem nú er á þessum málum, þá getur annar aðilinn tafið mjög fyrir framgangi þessara mála. Hér er því um það

að ræða að framkalla jafnrétti á milli ríkissjóðs og bæjarfélaganna í þessum efnum, og að sá aðilinn, sem frumkvæðið á að hafa um þessa hluti, fái aðstöðu til að geta hrundið málinu áfram án þess að hinn geti orðið framgangi þess til hindrunar. Þetta hlýtur hv. þm. Borgf. að skilja, því að það er alveg hliðstætt því, að þegar bóndi vill girða land sitt, þá getur hann látið nábúa sinn girða á móti sér. — Ég sé svo ekki ástæðu til að fara fleiri orðum um brtt. þessa. Mér virðist hún gleggri en ákvæði frv. og brtt. hv. þm. Borgf., en þó sneitt framhjá því skeri, sem helzt getur orðið til ásteytingar í þessu máli.

Pétur Ottesen: Hv. 9. landsk. vildi halda því fram, að það skildi lítið á um brtt. okkar, taldi aðeins, að brtt. sín væri gleggri. En þetta er hreinasti útúrsnúningur, því að það skilur mikið á milli þeirra. Samkv. brtt. hans geta bæjarfélögin hreint og beint tekið fjárveitingarvaldið af Alþingi. Þau þurfa ekkert annað en samþ. að leggja fram fé til byggingar þessara skóla, þá er ríkissjóði beinlínis skylt að leggja fram fé á móti, svo framarlega sem brtt. þessi verður samþ. En eftir brtt. minni er fjárveitingavaldið í þessum efnum sem öðrum óskorað í hendi ríkisvaldsins, þar sem svo er ákveðið, að hluti ríkissjóðs af stofnkostnaði skólanna greiðist aðeins eftir því, sem fé er veitt til þess í fjárlögum.

Að því er snertir dæmi það, sem hv. 9. landsk. tók, vist til glöggvunar fyrir mig í þessu máli, að þegar tveir menn ættu lönd saman, gæti annar þeirra látið hinn girða á móti sér, vil ég aðeins benda hv. þm. á, að jafnvel í þessu sem öðru fór hann ekki með nema hálfan sannleika. Lagaákvæði það, sem hann var að vitna til, nær nfl. aðeins til þess, þegar ræktuð lönd manna liggja saman og annar vill girða, en alls ekki til girðinga almennt.

Frsm. (Sigurður Einarsson): Ég vil bara í mestu mildi mótmæla þeirri staðhæfingu hv. þm. Borgf., að brtt. mín feli í sér afsal á fjárveitingavaldinu úr höndum ríkisvaldsins í hendur bæjarstjórnanna. Þetta er á engan hátt rétt. Hér er aðeins verið að styðja að ráðstöfun, sem gerð er fram í tímann, og það er á engan hátt einsdæmi, að slíkar ráðstafanir séu gerðar, heldur er það þvert á móti mjög venjulegt. En hitt mun óvenjulegra, að farið sé að eins og hv. þm. Borgf. vill með brtt. sinni á þskj. 259.

Pétur Ottesen: Út af ummælum hv. 9. landsk. vil ég aðeins benda á, að víða má finna hliðstæð dæmi við það, sem farið er fram á í brtt. minni. Það eru t. d. öll hafnarlögin; þar er svo ákveðið, að ríkissjóður leggi þá fyrst fram fé til mannvirkjanna, þegar fé er veitt til þess í fjárlögum. Þannig mætti ég lengi telja.

ATKVGR.
Brtt. 259 samþ. með 15:13 atkv.
— 294 kom ekki til atkv.
Frv., svo breytt, samþ. með 17 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 41. fundi í Ed., 3. apríl, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 357).

Á 44. fundi í Ed., 15. okt., var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv. og til menntmn. með 10 shlj. atkv.

Á 65. fundi í Ed., 9. nóv., var frv. tekið til 2. umr. (A. 357, n. 480).

Frsm. (Jónas Jónsson): Eins og tekið er fram í nál., voru aðeins tveir nm. viðstaddir — einn var nefnilega veikur — við afgreiðslu málsins í n., og mun þessi eini nm. gera grein fyrir sinni skoðun, ef hún er frábrugðin skoðun hinna nm. Þeir tveir komust að þeirri niðurstöðu, að rétt væri að afgr. frv. óbreytt.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 8 shlj. atkv.
2.—4. gr. samþ. með 8 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 8 shlj. atkv.

Á 67. fundi í Ed., 12. nóv., var frv. tekið til 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 10 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 528).

---

46. Bankavaxtabréf veðdeildar Landsbankans.

Á 54. fundi í Ed., 28. okt., var útbýtt:
Frv. til l. um heimild fyrir veðdeild Landsbanka Íslands til að gefa út nýja flokka (seríur) bankavaxtabréfa (þmfrv., A. 426).

Á 56. fundi í Ed., 30. okt., var frv. tekið til 1. umr.

Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 10 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

Frsm. (Jón Baldvinsson): Eins og sagt er í grg. er frv. þetta komið frá Landsbankanum til fjmrh. og þaðan til fjhn. þessarar deildar, sem flytur málið.

Málið liggur þannig fyrir, að 10. flokkur veðdeildar Landsbankans, sem stofnaður var 1932, er að þrotum kominn og því nauðsyn á nýjum flokki. Aðalbreytingin frá hinum fyrri lögum er í þessu frv. sú, að ákvæðið um heimild ríkissjóðs til að kaupa bankavaxtabréf, sem að vísu hefir ekki verið notuð, hefir verið felld niður. Með frv. fylgdi svo hljóðandi bréf frá bankastjórn Landsbankans:

Landsbanki Íslands.

Reykjavík, 19. okt. 1935.

Úr 10. flokki veðdeildarinnar, sem tók til starfa 1. marz 1932, er nú búið að veita lán að upphæð samtals 4890000 krónur, og eru þá eftir af þessum flokki 1110000 krónur.

Þar sem gera má ráð fyrir, að eftirstöðvar þessa flokks endist eigi nema nokkuð fram yfir áramót, leyfum vér oss hér með að senda yður, hæstvirti fjármálaráðherra, meðfylgjandi uppkast að frv. til laga um heimild fyrir veðdeildina til að gefa út nýja flokka (seríur) bankavaxtabréfa, með ósk um, að það verði lagt fyrir Alþingi það, sem nú stendur yfir, og að þér styðjið að því, að það nái fram að ganga.

Með því að undirbúningur að stofnun nýs flokks tekur nokkuð langan tíma, væri æskilegt, að afgreiðsla fyrrgreinds frumvarps yrði hraðað sem allra mest.

Virðingarfyllst
Landsbanki Íslands
Magnús Sigurðsson. Georg Ólafsson.

Til fjármálaráðherra, Reykjavík.

Ég vil geta þess, að fjhn. hefir tekið trúanlegan þennan undirbúning Landsbankans og því ekki farið svo nákvæmlega út í málið sem vant er um mál. Ég tel þó rétt, að n. geri samanburð á þessu frv. og fyrri lögum, svo að hún gangi úr skugga um, að rétt sé frá öllu gengið.

Vera má, að sumum þyki verra, að heimildin um lántöku ríkissjóðs er felld niður. En þess er að gæta, að heimildin var ekki notuð til lántöku handa síðasta flokki, enda mun ekki þykja ára vel til lántöku nú.

Það er vitað, að gengi veðdeildarbréfa Landsbankans er lágt. Þeir, sem lánin fá, verða oft að láta allt að ¼ í afföll. Þetta er þeim mun óhentugra, þar sem aðeins er lánað út á 40% af virðingarverði fasteigna, svo að mönnum er hvergi gert að skyldu að eiga eins mikið af húsum sínum og í þessu kapitalfátæka landi. Landsbankinn varði áður nokkrum hundruðum þúsunda til kaupa á bankavaxtabréfum, og gerði það gengið hærra. Þessu hefir nú verið hætt, af því að fé er ekki fyrir hendi. En þótt lánskjörin séu ekki hagstæð, taldi fjhn. sjálfsagt að flytja þetta frv., til þess að veðdeildarlánastarfsemin falli ekki niður.

Nefndin leggur til, að frv. verði samþ., en óskar hinsvegar, að forseti dragi nokkuð að taka það á dagskrá, svo hægt sé að bera frv. saman við eldri löggjöf.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv.

Á 58. fundi í Ed., 1. nóv., var frv. tekið til 2. umr. (A. 426, 446).

Of skammt var liðið frá úthýtingu brtt. 446. — Afbrigði leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.

Frsm. (Jón Baldvinsson): N. hefir athugað þetta frv., síðan það var hér til 1. umr., en flýtti sér svo við það fyrst, að það var ekki fyrr en síðar, að hún hafði tíma til að lesa frv. saman við núgildandi l. um þetta efni. En við þann samlestur kom fátt fram, sem n. þótti athugavert. Þó má geta þess, að í l. frá 1928 í 6. og 9. gr. er heimilað að veita lán til bæjar-, sýslu- og sveitarfélaga. Það hefir aldrei verið praktiserað og má því falla burt, enda mun það hafa fallið niður í breyt. á veðdeildarl. 1931, og telur bankastjórn Landsbankans þýðingarlaust að láta þetta standa í l.

Þær brtt., sem n. hefir borið fram við frv., eru því ekki stórvægilegar, og þarf ekki langan tíma fyrir hv. þdm. til að setja sig inn í þær.

Fyrst er brtt. við 19. gr. frv. Hún fjallar um það, að ef bankavaxtabréf glatast, þá getur bankastj. auglýst eftir því og útgefið síðan eftir tiltekinn tíma handa eiganda þess nýtt bréf, ef handhafi gefur sig ekki fram, án þess að nokkur annar, er bréfið kann að hafa verið afsalað, geti þar fyrir búið kröfu á hendur bankanum. Þessu vill n. breyta þannig, að í gr. standi „á hendur veðdeildinni“ í staðinn fyrir „á hendur bankanum“, og held ég, að bankastjórum Landsbankans hafi þótt það eðlileg breyt.

3. brtt. er við 23. gr., er segir svo, að fé ómyndugra manna og opinberra sjóða og stofnana, þar á meðal viðlagasjóðs, megi verða til að kaupa bankavaxtabréf þessara veðdeildarflokka. Nú er, eins og allir vita, viðlagasjóður kominn úr höndum ríkissjóðs og í hendur ræktunarsjóðs. Er þá óviðkunnanlegt að tala um, að fé þess sjóðs megi verja til að kaupa fyrir veðdeildarbréf, þar sem hann er nú kominn í hendur annara en ríkissjóðs. Ég vil einnig geta þess, að þeim bankastjóra Landsbankans, sem við höfum helzt rætt þetta við, Georg Ólafssyni, fannst þetta ákvæði ekki eðlilegt, og flytur n. því brtt. um, að orðin „þar á meðal viðlagasjóðs“ falli niður.

2. og 4. brtt. eru aðeins orðabreyt., þess efnis, að þau útlendu skýringarorð, sem standa í sviguum í 20. gr. og í fyrirsögn frv., falli niður. Hv. 1. þm. Reykv. kom með þá till., að fella þessi orð burt, og er n. því samþykk. L. eins og þessi hafa nú staðið það lengi í gildi, að menn hér á landi vita, við hvað er átt með íslenzku orðunum, en bréfin fara svo lítið til útlanda, að þetta gerir ekkert til að því leyti, og þar að auki er útdráttur úr þessu a. m. k. á dönsku og ef til líka á ensku. Þetta eru því málhreinsunartilraunir hjá n., því að allir vita, við hvað hér er átt með þeim íslenzku orðum.

N. leggur svo til, að frv. verði samþ. með brtt. á þskj. 446.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
2.—18. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Brtt. 446,1 samþ. með 12 shlj. atkv.
19. gr., svo breytt, samþ. með 12 shlj. atkv.
Brtt. 446,2 samþ. með 13 shlj. atkv.
20. gr., svo breytt, samþ. með 12 shlj. atkv.
21.—22. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Brtt. 446,3 samþ. með 12 shlj. atkv.
23. gr., svo breytt, samþ. með 12 shlj. atkv.
24.—26. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Brtt. 446,4 samþ. með 12 shlj. atkv.
Fyrirsögn, svo breytt, samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 12 shlj. atkv., með fyrirsögninni:

Frv. til l. um heimild fyrir veðdeild Landsbanka Íslands til að gefa út nýja flokka bankavaxtabréfa.

Á 60. fundi í Ed., 4. nóv., var frv. tekið til 3. umr. (A. 449).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 10 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 64. fundi í Nd., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 449).

Á 66. fundi í Nd., 6. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 17 shlj. atkv. og til fjhn. með 18 shlj. atkv.

Á 70. fundi í Nd., 11. nóv., var frv. tekið til 2. umr. (A. 449, n. 499).

Frsm. (Sigfús Jónsson): Þetta frv. fer fram á að veita veðdeildinni heimild til að gefa út nýja flokka bankavaxtabréfa. Er frv. flutt að tilmælum stj. Landsbankans, af hv. fjhn. Ed. Er það að mestu leyti shlj. frv., sem flutt var á þingi 1928. Þó var í því frv. ákveðið ríkistillag, 8 þús. kr. á ári, sem nú er sleppt. Einnig er 12 þús. kr. til rekstrar og 2 þús. kr. til endurskoðenda sleppt. Í þriðja lagi var í því frv. heimild fyrir ríkisstj. að ábyrgjast allt að 3 millj. lán, sem ekki er í þessu frv. Að öðru leyti eru frv. eins.

Fjhn. hefir nú athugað frv. og er sammála um, að leggja til, að það verði samþ. óbreytt.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
2.—26. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 17 shlj. atkv.

Á 72. fundi í Nd., 13. nóv., var frv. tekið til 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 19 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 539).

---

47. Skuldaskilasjóður vélbátaeigenda (frv. sjútvn. Ed.).

Á 46. fundi í Ed., 17. okt., var útbýtt:

Frv. til l. um breyt. á l. nr. 99 3. maí 1935, um skuldaskilasjóð vélbátaeigenda (þmfrv., A. 393).

Á 48. fundi í Ed., 19. okt., var frv. tekið til 1. umr.

Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 10 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

Frsm. (Ingvar Pálmason): Sjútvn. flytur þetta frv. eftir tilmælum stjórnar skuldaskilasjóðs. Í grg. er gerð grein fyrir frv., og þess vegna tel ég óþarft að endurtaka það hér. Ég geri ráð fyrir, að hv. deild sýni málinu þann velvilja, að láta það ganga áfram.

Ég vil að endingu taka það fram, að í 2. gr. hefir handritið mislesizt. Þar stendur „c-lið", en á að vera: b-lið. — Sé ég svo ekki ástæðu til þess að fjölyrða frekar um frv. þetta.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv.

Á 50. fundi í Ed., 22. okt., var frv. tekið til 2. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
2.—4. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 12 shlj. atkv.

Á 52. fundi í Ed., 24. okt., var frv. tekið til 2. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 9 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 56. fundi í Nd., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 393).

Á 58. fundi í Nd., 28. okt., var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 17 shlj. atkv. og til sjútvn. með 18 shlj. atkv.

Á 70. fundi í Nd., 11. nóv., var frv. tekið til 2. umr. (A. 393, n. 489).

Frsm. (Finnur Jónsson): Þetta frv. er komið frá hv. Ed. og var upphaflega flutt þar eftir tilmælum stj. skuldaskilasjóðs. Sjútvn. hefir athugað frv. og er sammála um að leggja til, að það verði samþ. með þeirri breyt. við 2. gr., að í þrotabúi eða skuldafrágöngubúi lántakanda skuli lán úr skuldaskilasjóði njóta forgangsréttar samkv. 84. gr. skiptalaganna í stað 81. gr. eins og frv. gerir ráð fyrir. Eins og frv. kom frá Ed. áleit n., að það gengi fulllangt í því efni. Hefir hún átt tal við form. skuldaskilasjóðs, og taldi hann sanngjarnt að gera þessa breyt. á frv. frá því, sem það kom frá Ed.

Að öðru leyti leggur n. til, að frv. verði samþ. óbreytt.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
Brtt. 489 (ný 2. gr.) samþ. með 18 shlj. atkv.
3.—4. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 18 shlj. atkv.

Á 71. fundi í Nd., 12. nóv., var frv. tekið til 3. umr. (A. 522).
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 19 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 17 shlj. atkv. og endursent Ed.

Á 67. fundi í Ed., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 522).
Á 68. fundi í Ed., 13. nóv., var frv. tekið til einnar umr.

Forseti (EÁrna): Of skammt er liðið frá útbýtingu frv., og verður því að leita afbrigða til þess að það verði tekið til meðferðar.

Ingvar Pálmason: Ég vil mælast til þess við hæstv. forseta, að hann taki málið út af dagskrá. Hv. Nd. hefir gert dálitla breyt. á frv. eftir að það var afgr. héðan úr d. og sjútvn. ekki haft tíma til að athuga frv. síðan. Þá væri einnig hægt að sleppa við afbrigði.
Forseti tók málið af dagskrá.

Á 69. fundi í Ed., 14. nóv., var frv. aftur tekið til einnar umr.

Frsm. (Ingvar Pálmason): Frv. þetta er nú komið hingað aftur frá hv. Nd. vegna breyt., er sú hv. d. gerði á 2. gr. frv. Þessi breyt. er í því fólgin, að í stað þess, að þegar frv. fór héðan úr d., var svo fyrir mælt, að fara skyldi eftir 83. gr. skiptalaganna b-lið. En hv. Nd. gerði þá breyt., að fara skyldi eftir 84. gr. sömu laga, eða aftur fyrir forgangskröfuna.
Eftir ósk minni tók hæstv. forseti þetta mál út af dagskrá í gær, svo að sjútvn. gæti athugað þessa breyt. Varð það niðurstaða sjútvn., þó hún teldi, að breyt. gæti orkað tvímælis, að hrekja málið ekki á milli deilda, og leggur hún því einróma til, að frv. verði samþ. með áorðinni breytingu.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 9 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 550).

---

48. Bæjargjöld á Ísafirði.

Á 22. fundi í Nd., 7. marz, var útbýtt:
Frv. til l. um bæjargjöld á Ísafirði o. fl. (þmfrv., A. 69).

Á 24. fundi í Nd., 9. marz, var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 21 shlj. atkv. og til fjhn. með 19 shlj. atkv.

Á 33. fundi í Nd., 20. marz, var frv. tekið til 2. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 34. fundi í Nd., 21. marz, var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 69, n. 139).

Frsm. meiri hl. (Stefán Jóh. Stefánsson): Allir þeir fjhnm., sem voru á fundi, þegar þetta mál var rætt, voru sammála um að leggja til, að það yrði samþ. með tveimur breyt. Önnur er við 2. gr. og er aðeins orðabreyt. til lagfæringar á máli, en hin er við 5. gr. og er til leiðréttingar prentvillu, sem komizt hafði inn í frv.
Eins og frv. þetta ber með sér, fer það fram á að veita Ísafjarðarkaupstað heimild til þess að leggja á tvennskonar gjöld, annarsvegar til þess að leggja á fasteignagjald innan lögsagnarumdæmisins, og hinsvegar til þess að afla tekna með því að bærinn hafi einkarétt til uppskipunar og framskipunar á vörum á höfninni. Um leið og ég minnist á þetta frv. vil ég taka það fram út af þeim umr., sem orðið hafa um næsta mál á undan á dagskránni og verða kunna um næsta mál á eftir (frv. um bæjargjöld í Vestmannaeyjum og frv. um bæjargjöld á Akureyri), að þetta frv. er ekki sambærilegt við þau tvö mál, því í þeim, sem ég hefi lagzt á móti, er farið fram á að afla bæjunum tekna með vissu gjaldi, vörugjaldi af öllum vörum, sem fara gegnum höfnina, og þar af leiðandi jafnt af nauðsynjavörum eins og öðrum vörum, sem til bæjanna koma. Þetta sérstaka gjald var óþekkt þangað til það var tekið upp í Vestmannaeyjum með l., sem nú er farið fram á að fá framlengd, því áður höfðu aðeins verið lögð á hafnargjöld í þágu hafnanna sjálfra til eigin afnota, en ekki til almennra útgjalda í viðkomandi kaupstað. Í því frv., sem hér liggur fyrir, er engu líku til að dreifa, og vil ég nota tækifærið til þess að leiðrétta þann misskilning, sem fram kom hjá hv. þm. V.-Húnv. um þetta atriði, þar sem hann taldi, að það, sem rædir um í 2. tölul. 1. gr. þessa frv., væri sama eðlis eins og það, sem um ræðir í frv. um bæjargjöld á Akureyri og í Vestmannaeyjum. Hér er aðeins að ræða um lögfestingu á fyrirkomulagi, sem notað hefir verið á Ísafirði um 10 ára skeið samkv. samningi, sem gerður var á sínum tíma um það, að bærinn hefði með höndum alla fram- og uppskipun á vörum, sem fara um bæjarbryggjurnar. Þessi fram- og uppskipun var framkvæmd nákvæmlega með sama taxta eins og einstaklingarnir fóru eftir bæði fyrir og eftir að bær-

inn hafði þetta með höndum, eftir þeim upplýsingum, sem ég hefi fengið. Hér er því ekki verið að leggja til, að lagður verði neinn nýr skattur eða tollur á þær vörur, sem ganga gegnum Ísafjarðarhöfn, heldur aðeins að sá hagnaður, sem hægt er að hafa af uppskipun og framskipun þar, renni í bæjarsjóð, í staðinn fyrir að hann renni í vasa einstakra manna. Það er því um svipaða tekjuöflun að ræða eins og þegar ríkið aflar sér tekna með einkasölu án þess að þær vörur, sem einkasala er tekin á, hækki við það í verði. — Ég vildi taka þetta fram strax, að gefnu tilefni, og eins sýna fram á, að það er ekkert ósamræmi í afstöðu minni til þessa máls og afstöðu minni til málanna næst á undan og eftir á dagskránni.

Þá skal ég geta þess, að þetta frv. fer fram á, að Ísafjarðarkaupstað sé veitt heimild til þess að leggja á hjá sér fasteignaskatt. Meira en helmingur allra bæjarfélaga á landinu hafa eftir núgildandi lögum heimild til þess að leggja slíkt fasteignagjald á hjá sér. Þessi fasteignaskattur til bæjarsjóðs er nokkuð mismunandi hár. Í einum kaupstað á landinu, Akureyri, og einu kauptúni, Húsavík, nemur hann 2% af lóðum, en t. d. hér í Reykjavík 8‰. Nú er farið fram á í þessu frv., að Ísafjarðarkaupstaður geti lagt á hjá sér fasteignaskatt, sem nemi 4‰ til 1% af húsum og bryggjum, en 1‰ til 1% af lóðum. Hér er því farið fram á fasteignagjald innan takmarka þess, sem áður hefir verið veitt heimild til einstökum bæjar- og sveitarfélögum á landinu, og virðist ekki ástæða til að neita Ísafjarðarkaupstað, er hann æskir eftir að fá þann gjaldstofn, sem löggjafarvaldið hefir áður veitt öðrum bæjarfélögum.

Hitt er aftur nýmæli í löggjöf, sem farið er fram á, að veita bænum leyfi til þess að taka einkarétt á uppskipun og framskipun á vörum í skip, sem við bryggju bæjarins leggjast. En eins og ég gat um áðan, er það ekki nýmæli hvað Ísafjörð snertir, því bærinn hafði slíkan einkarétt í framkvæmdinni um tíu ára skeið, eins og skýrt er frá í grg. frv. Sá einkaréttur var byggður á samningi, sem gerður var á sínum tíma milli h/f Hæstakaupstaðar, eða í raun og veru firmans Nathan Olsens annarsvegar og bæjarstj. hinsvegar, og samkv. þeim samningi, sem hlaut staðfestingu stjórnarráðsins, hafði bærinn með höndum alla upp- og framskipun í 10 ár, nema hvað einstökum mönnum, sem fengu heila skipsfarma, var leyft að skipa upp sjálfum, gegn því að greiða visst gjald í bæjarsjóð. En svo reis upp ágreiningur um það, hvort þetta væri rétt og lögum samkv. Sá ágreiningur var borinn undir dómstólana, og honum lauk á þá lund, að ekki var talið, að heimild væri til þess í hafnarlögum Ísafjarðar, að bærinn hefði slíkan einkarétt til upp- og framskipunar á staðnum. Þetta fyrirkomulag féll því niður með hæstaréttardómi, sem um málið gekk. Nú er farið fram á, að bænum sé með lögum veittur þessi réttur, og sé ég ekki, að neitt mæli á móti því, þar sem þetta fyrirkomulag hefir verið reynt þar á staðnum með þeim árangri, að bæjarstj. telur sig hafa af því hlunnindi, án þess þó að það hafi haft áhrif á verðlag eða kostnað við uppskipun og framskipun.

Þetta eru þá þau tvö atriði, sem þetta frv. ræðir um. Annarsvegar fasteignagjaldið, sem þekkt er í flestum bæjarfélögum og sumum sveitarfélögum, og hinsvegar þessi einkaréttur, sem tíðkazt hefir í þessum kaupstað alllengi. Ég vil því vænta, að frv. fái að ganga fram, þar sem sýnt er, að það er í fyllsta máta eðlilegt.

Sigurður Kristjánsson [óyfirl.]: Ég vænti þess, að hv. þdm. hafi veitt því athygli, að það hafa borizt hingað mótmæli frá fjölda manns á Ísafirði gegn þessu frv. Og ég vil taka það fram, að eftir minum kunnugleika virðast undirskriftirnar undir þessi mótmæli ekki vera pólitiskar; þær virðast vera mjög af báðum hinum stærri stjórnmálaflokkum þar á staðnum. En þessar undirskriftir eru mjög almennar, eftir því sem ég fæ bezt séð, meðal þeirra manna, sem fasteignir eiga. Ég vil líka taka fram, af því þetta frv. er stutt með því, að það hafi verið samþ. af bæjarstj. á Ísafirði, að af 9 í bæjarstj. greiddu 5 akv. með frv., en 4 á móti. Svo stuðningurinn við þetta mál frá Ísafirði held ég sé svona nokkuð rýr.

Um frv. að öðru leyti skal ég segja þetta: Hér er farið fram á tvo gjaldstofna fyrir Ísafjarðarkaupstað. Mér kemur það ekki svo mjög á óvart, þó þessi kaupstaður eins og aðrir komist að þeirri niðurstöðu, að það sé erfitt að jafna niður útsvörum á borgarana eftir efnum og ástæðum, þegar ríkissjóður er um það bil að leggja algerlega undir sig þennan eina gjaldstofn, sem bæjarfélögin hafa hingað til haft, með mikilli velþóknun hv. flm. þessa frv. og samherja hans hér í d. Það rekur nú að því, sem ég og margir fleiri hafa spáð, að þegar ríkið sýnir þá ágengni að hrifsa undir sig einasta gjaldstofninn, sem bærnir hafa haft, þá fara þeir að keppa við ríkissjóð um aðra gjaldstofna, sem hann hefir setið einn að áður. Það er fullillt að hafa stofnað bæjarfélögunum út í þessi vandræði, en hitt er þó verra, ef sömu menn fara svo að grípa til örþrifaráða til þess að bæta úr þeirri skyssu, sem þeim hefir orðið á, og koma fram með till. um gjaldstofna, sem eru eins fjarri öllu skynsamlegu viti eins og mér virðist þessi vera. Ég heyri að vísu, að hv. 1. landsk. söng þessu frv. mikið lof. Mér skildist hann telja líkt á komið með því gjaldi, sem lagt yrði á gegnum einkarétt á uppskipun og framskipun, eins og gjaldinu, sem á leggst til tekjuöflunar í Vestmannaeyjum samkv. frv. næst á undan á dagskránni. Þetta er náttúrlega alls ekki rétt. Hv. þm. hefir líklega ekki athugað það, að hér verður lagt gjald á mjög mikið af vörum, sem fara til skattþegna utan Ísafjarðarkaupstaðar, en í Vestmannaeyjum mun það ekki vera svo neinu nemi. Hér er verið að heimila að leggja skattgjald á menn úr öðrum sveitarfélögum heldur en því, sem teknanna á að njóta, menn úr Ísafjarðarsýslum t. d. Það má vitanlega deila um, hvort það væri að öllu leyti óréttmætt, en hófs verður þó a. m. k. að gæta í slíku, og líklega má færa rök fyrir því, að það komi hart niður á ýmsum í næstu þorp-

um, ef Ísafjarðarbær fengi að skattleggja með uppskipunargjöldum vörur til þeirra, ef það yrði nokkuð að ráði.

Hv. þm. sagði, að það væri að vísu ekki fordæmi fyrir því annarsstaðar, að bæir mættu taka þannig lagaða einokun á framskipun og uppskipun, en það væri mjög gott fordæmi fyrir því á Ísafirði. En þetta eina fordæmi er nú þannig, að Ísafjarðarkaupstaður braut lög á borgurunum í 10 ár, eins og hv. þm. sjálfur lýsti yfir, að væri staðfest með dómi. Svo bætti hv. þm. við, að þennan tíma, sem Ísafjarðarkaupstaður hafði upp- og framskipunina með höndum, hefðu uppskipunargjöldin verið hin sömu eins og áður og síðan. Ég vil nú minna hv. þm. á, að það var ekki alveg sami kostnaður við uppskipunina og framskipunina áður en bæjarstj. Ísafjarðar hrifsaði undir sig þessa einokun, meðan kaupgjaldið var 50 til 60% hærra heldur en það varð eftir að bæjarfélagið fór að hafa með þetta að gera. Og það er ekki heldur satt, eftir því sem mér er skýrt frá af fyrrv. bæjarstjórn á Ísafirði, að uppskipunar- og framskipunargjöldin séu þau sömu og áður var. Svo ég held, að það sé ekki of mikið sagt, þó ég segi, að það, sem hv. 1. landsk. ekki fór rangt með í þessu efni, hafi þá a. m. k. verið byggt á misskilningi.

Þetta frv. er harla einkennilegt að því leyti, að komið er þar fram með nýjan skattstofn. Nú er reyndar ekkert því til fyrirstöðu, að þreifað sé fyrir sér með skattstofn fyrir kaupstaðina, þar sem ríkið er búið að leggja undir sig skattstofna þeirra. En kaupstaðirnir eru löngu búnir að finna þennan skattstofn. Það hefir t. d. á Ísafirði verið lagt á menn gjald, ekki eftir efnum og ástæðum, heldur miðað við það, sem selt hefir verið af vörum. Svona gjald væri réttmætt og heppilegt, ef það væri öðruvísi á lagt. Venjulega hefir það verið tiðkað að leggja gjaldið á eftir vörumagni, en ekki eftir hagnaði af verzlun, og svo var á tímabili á Ísafirði. Gjaldið varð þá, t. d. af fiski, tiltölulega hærra, ef útflutningurinn gekk illa. En þessu mætti auðvitað koma skynsamlegar fyrir.

Nú er ætlazt til, að þessi tekjustofn sé lagður niður, en lagt sé á hið harla einkennilega fasteignagjald. Það á að leggjast mjög mismunandi á fasteignir, eftir því, til hvers eignirnar eru notaðar, og af húsum ennfremur mismunandi eftir verðmæti þeirra, miðað við fasteignamatið og íbúafjölda. Ef hús er t. d. notað fyrir verzlun eitt árið, en til íbúðar annað árið, þá er gjaldið, skilst mér, mismunandi af hundraði, eftir því hve hátt húsið er metið að fasteignamati. En það sést ekki af frv., hvort prósenturnar eiga að vera hærri eða lægri, eftir því hvort húsið er metið hátt eða lágt. Bæjarstj. má sjálf semja reglugerðina og heimilast með þessu að draga menn í dilka til gjalda, eftir því sem henni þóknast.

Það er mjög óheppileg regla að leggja á borgara gjöld, sem ekki eru skýrt ákveðin í lögum, að geðþótta manna, sem ráða meiri hl. sveitarstjórna í það og það skiptið, svo að hversu þungt gjöldin falla á Pétur eða Pál, getur farið eftir því, hvort menn eru í náð hjá bæjarstjórnum þá og þá. Ég held, að Alþ. dytti ekki í hug að gefa ríkisstj. svipað vald. Ég tel þetta líka mestu fjarstæðu. Hv. frsm. sagði, að þar eð þetta fasteignagjald væri leyft annarsstaðar, þá mætti eins leyfa það á Ísafirði. En þar, sem það er annarsstaðar, annast bærinn dýr verk fyrir borgarana (sorphreinsun, sóthreinsun), sem bærinn á Ísafirði tekur fyrir sérstakt gjald. Er þar ólíku saman að jafna. Ísafjarðarbær hefir líka lóðagjöld, sem ætla mætti, að kæmu réttlátlega niður. En þau eru miðuð við stærð lóðarinnar, en ekki það, hvernig hún liggur eða hvað verðmæt hún er.

Það væri heppilegra fyrir hv. þm. Ísaf. að koma með brtt. um það, að þau væru greidd skynsamlegar, eftir fasteignamati, en ekki eftir stærð lóðarinnar, eins og nú er.

Það er rétt, að Ísafjarðarbær tekur ekki vatnsskatt. En ég hefi ekki álitið, að það væri rétt. Ég hefi ekkert á móti því, að Ísafjörður legði vatnsskatt á sína borgara. Menn eiga að borga fyrir þau þægindi, sem menn hafa, en það á ekki að leggja á menn skatt út í loftið, og einkanlega ekki að fela slíkt pólitiskri bæjarstj., sem lagt getur og hefir lagt misjafnlega á borgarana eftir geðþótta sínum.

Í grg. er sagt, að ekki hafi verið lögð á hærri upp- og framskipunargjöld á Ísafirði en annarsstaðar. Í því sambandi vil ég minna á, að það er ekki réttmætt, að uppskipunargjöld séu í öllum kaupstöðum lík. Það á ekki að vera líkt uppskipunargjald í kaupstað, sem hefir byggt höfn sína upp úr algerðri hafnleysu (eins og hér og í Vestmannaeyum) og bæ eins og Ísafirði, sem hefir beztu höfn frá náttúrunnar hendi. Það er ekki til að gorta af, þó þessi staður fari ekki fram úr öllum öðrum um uppskipunargjald.

Ég ætla ekki að fara um þetta fleiri orðum, en ég vil endurtaka það, að frv. á sér enga stoð í vilja manna á Ísafirði. Það var samþ. af bæjarstj. með eins atkv. mun. En allir borgarar Ísafjarðar, sem hafa látið til sín heyra um þetta mál, hafa andmælt frv. með rökum, og ég skora á þm. að kynna sér þau rök.

Finnur Jónsson: Ég get verið stuttorður. Ræða hv. 1. landsk. segir allt, sem þarf að taka fram um frv. En það, sem hv. 6. þm. Reykv. sagði, er ekki ástæða til að tala um, því að hann hefir misskilið svo frv. sem framast er hægt. Hv. 6. þm. Reykv. talaði eins og hér væri nýr skattur, áður óþekktur, sem ætti að fara að leggja á borgara Ísafjarðar. Það er undarlegt, að sá, sem þetta segir, skuli vera þm. Reykv. og ekki vita betur, hvað gildir um skattstofna Reykjavíkur. Vitanlegt er, að hér í Rvík eru fasteignagjöld á öllum húsum, 8 krónur af hverju þúsundi. Auk þess er vatnsskattur, sem er misjafn, en getur orðið kr. 4.50 af þúsundi. Þá er lóðagjald, ca. 6‰. En um þessi gjöld er ákveðið nákvæmlega eins og hér í frv., af lóðum mismunandi eftir því, til hvers þær eru notaðar. Það kemur því úr öfugri átt frá hv. 6. þm. Reykv. að vera að minna á þetta, þar sem gjöldin samkv. frv. yrðu lægri á Ísafirði en í Rvík og ákveðið í frv., að viðvíkjandi lóðum

skuli þau lögð á eins og í Rvík. Í löggjöf Rvíkur er ákveðið mismunandi afgjald af lóðum, t. d. lægra af fiskreitum en byggingarlóðum. Það sama ætlast frv. til. Svo kallar hv. þm. þetta firru! Hví kemur hann ekki fram með brtt. á löggjöf Reykjavíkur, að sama gjald sé lagt á fiskreiti og ræktað land eins og byggingarlóðir? Hv. þm. veit ekkert, hvað hann er að tala um. Hann er bara á móti málinu, af því að ég flyt það og af því að það er flutt eftir ósk meiri hl. bæjarstj. á Ísafirði. Ef það aflaði mér eitthvað minna fylgis eða bakaði mér óvinsældir, að frv. væri samþ., þá er það fallega gert af hv. þm. að benda mér á það, en ég er reiðubúinn að taka afleiðingunum. Ég hefi ekki hingað til sótt ráð til hans.

Það er firra hjá hv. þm., að upp- og framskipunargjaldið séu nýjar skattaálögur, því að það er tekið fram í frv., að það megi ekki vera hærra en síðustu 3 ár að meðaltali. Hér er því ekki um nein ný útgjöld fyrir borgarana að ræða, eins og er í þeim frv., sem hér liggja fyrir um Vestmannaeyjar og Akureyri. Hér ræðir um að fá heimild fyrir fasteignagjöldum, sem eru lægri, og annan tekjuauka, sem ekki leggur nein ný útgöld á borgarana fram yfir það, sem nú er. Það þarf því brjóstheilindi til að mótmæla frv. þessu úr þeim flokki, sem nýbúinn er að samþ. stórlega aukin útgjöld á borgara, eins og ákveðin eru í frv. um bæjargjöld í Vestmannaeyjum, sem hér hefir legið fyrir.

Ég vil til gamans geta þess, er hv. 6. þm. Reykv. var að tala um, að það væru til lóðagjöld á Ísafirði, þá vissi hann ekki, hvort þau ættu að haldast áfram eða ekki. En það stendur hér í 6. gr. frv., að þau skuli hverfa. Og í staðinn á einmitt að koma það, sem hv. þm. ráðlagði, nefnil. það, að leggja á lóðargjöld eftir verðmæti. Þetta stendur í frv., sem þm. er að mótmæla.

En ég hefi gömul kynni af hv. 6. þm. Reykv. og veit því, að hann setur sig ekki vel inn í málin, sem hann er að ræða um. Hann hefir hér flutt ræðu á móti frv., án þess að hafa hugmynd um, hverju hann er að mótmæla.

Ég ætla svo ekki að segja meira. Ég óska eftir því, að atkvgr. verði frestað og frv. síðan vísað til 3. umr. Ég vænti þess, að hv. dm. verði vel við frv., því að hér er ekki farið fram á neina nýja skattstofna, sem ekki eru í öðrum kaupstöðum.

Sigurður Kristjánsson [óyfirl.]: Hv. þm. Ísaf. taldi það mestu firru, að ég skyldi andmæla frv. Hann ætti þó að vita, að ég er ekki einn um þetta, þar sem flestir Ísfirðingar, sem látið hafa til sín heyra um frv., hafa andmælt því harðlega. Annars ætla ég mér ekki að fara langt út í þessa ræðu hv. þm. Ég geri ekki ráð fyrir, að henni hafi verið ætlað að hafa mikil áhrif. Hann talaði um, að ég myndi víst vilja fara fram á, að gjöld af lóðum í Rvík yrðu jöfn, hvort sem þær eru verðmætar eða ekki. Ég veit ekki, hvort ég á að svara svona vitleysu. Ég hélt því fram, að það væri sjálfsagt að breyta gjöldunum á Ísafirði, svo að þau færu eftir verðmæti lóðanna. Ég veit ekki, hvort þetta hefir snúizt svo í höfðinu á hv. þm., að hann héldi, að ég hafi viljað láta leggja gjöldin á eftir flatarmáli.

Hv. þm. sér alltaf rautt, ef ég stend upp hér í d., en ég verð að virða honum það til vorkunar. Ég má víst reyndar ekki tala sérstaklega um hann persónulega, því að ég sé, að hann er ekki viðstaddur.

Þá sagði hv. þm., eins og til tryggingar því, hvað hóflegt uppskipunargjaldið ætti að verða, að það yrði ekki hærra en meðaltal af gjaldi síðustu þriggja ára. En meðan bærinn hafði uppskipun, voru gjöldin ákaflega há, og eru nú auk þess ólögleg.

Það er rangt hjá hv. þm., að ég hafi ekki tekið eftir því, að lóðargjöld ættu að hverfa, ef þessi gjaldstofn kæmist á. En ég taldi skynsamlegra að láta lóðargjöldin haldast heldur en leggja þennan nýja fasteignaskatt á. Ef á að leggja gjöld á borgarana, þá vil ég, að bæirnir geri eitthvað fyrir þá í staðinn. Í öðru lagi vil ég, að gjöldin séu ákveðin með lögum, en bæjarstjórnum sé ekki heimilað að leggja þau á eftir geðþótta sínum. Þó að sagt sé, að miða eigi við þetta og þetta, þá er ekkert tiltekið í frv., hvernig má miða við það, ekki sagt, hvort gjaldið er t. d. hærra af hundraði þar, sem fáir búa, eða ekki. Það getur vel snúizt svo í höfði þessa hv. þm., að hann vilji leggja á eftir því, hver á húsið. Mig grunar það helzt.

Ég hefi hér undirskriftaskjal frá Ísfirðingum, sem ég gat um áðan. Ef hv. dm. hafa ekki haft tíma til þess að athuga það, þá vildi ég lesa skjalið, með leyfi hæstv. forseta. Það er sú eina rödd, sem komið hefir frá Ísafirði í þessu máli, önnur en samþykkt bæjarstj. með eins atkv. mun. Skjalið hljóðar svo:

„Undirritaðir húseigendur í Ísafjarðarkaupstað leyfa sér að senda háttv. Alþingi mótmæli út af frv. því um húsa- og lóðaskatt hér í bænum, sem fram hefir verið borið á Alþingi samkv. samþ. meiri hl. bæjarstj. hér (5 atkv. gegn 4).

Þótt við hvorki sem borgarar bæjarins eða húseigendur sérstaklega viljum mæla okkur undan sanngjörnum og nauðsynlegum sköttum til bæjarfélagsins, verðum við að mótmæla þessum skatti af eftirtöldum ástæðum:

1. Framkvæmd reglugerðar um innheimtu skattsins er algerlega lögð í hendur meiri hl. bæjarstj. frá ári til árs, og stighækkun hans háð geðþótta sama meiri hl. Yrðu slík lagaákvæði einstæð hér á landi og opnuð leið til þess, að skatti þessum mætti beita sem pólitiskum skatti".

Ísfirðingar mega vita hvað þeir eru að segja barna. Þeir þekkja það.

„2. Eins og skattstiginn er hugsaður og ráðgerður af meiri hl. bæjarstj., yrði hann ósanngjarn handahófsskattur.

3. Stighækkun skattsins, ef til framkvæmda kæmi, á að vorum dómi að byggjast á arði húseigna eða lóða, en ekki afnotum, þar sem það er öllum kunnugum vitanlegt, að hér í bæ er um engar „luksus"-íbúðir að ræða. Þessi skattgreiðsla yrði því í framkvæmd óeðlilegur og einstæður skattauki á þá ákveðnu notkun borgara á fjármunum sínum, að vilja búa sæmilega.

4. Skattur þessi yrði og óhjákvæmilega til

þess að hækka bæði húsaleigu og lóðaverð, sem hvorttveggja er fullhátt fyrir, og því auka enn dýrtíðina í bænum og draga úr mönnum hvöt til þess að eignast sjálfsíbúðir, sem telja verður þó æskilegt frá sjónarmiði alls bæjarfélagsins".

Ég vil sérstaklega undirstrika síðasta atriðið, sem tilfært er í skjalinu, því að það er háskalegt að leggja þunga steina í götu þeirra manna, sem eru að brjótast í því að fá þak yfir höfuð sér. Allir skattar á hibýli manna verða til þess, að sem fæstir vilja eiga hús; þeir vilja þá skjóta sér undan að eiga sjálfir eignirnar, en sæta lagi að nota heldur annara eignir.

Ég ætla svo ekki að fara um þetta fleiri orðum. Ég get sagt, eins og hv. þm. Ísaf., en bara með meiri sanni en hann, að ég hefi sáralitlu að svara hans ræðu. — Þessar undirskriftir frá nokkuð á 2. hundrað manns, ekki eftir pólitiskri flokkaskiptingu, heldur frá mönnum, sem líta á þetta af skynsemi, vega mest í málinu.

Finnur Jónsson: Ég vil aðeins gera örstutta aths. við ræðu hv. 6. þm. Reykv. Frá því sjónarmiði sem hann lítur á húseignagjöld, þá er það furða, að hann skuli haldast hér við sem þm. fyrir Reykv., með þeim fasteignagjöldum, sem nú hvíla á Rvík. Sá ótti, sem kom fram í ræðu hans við það, að óhæfilega há gjöld yrðu lögð á einstök hús, líklega eftir þeirri reglugerð, sem stjórnarráðið setti, er vitanlega ástæðulaus, þar sem hámark fasteignagjalda er ákveðið lægra í frv. en fasteignagjöld eru í Rvík. Þessi mismunur myndi þá koma fram í því, að margar eignir slyppu með lægra gjaldið. Tilætlun þeirra, sem að frv. standa, er sú, að hafa, eins og í Rvík, lægri gjöld af lóðum, reitum og erfðafestulöndum en af byggingarlóðum. En sá munur yrði til þess, að af öllum almennum húseignum yrðu fasteignagjöldin lægri en í Rvík. Hámarksákvæðið yrði aðeins notað á verzlunarhús og skrifstofubyggingar. Mér finnst, að þessi lög gefi í höndum réttlátrar bæjarstj. tækifæri til að veita fátækum borgurum ívilnanir.

Viðvíkjandi því, að frv. þetta ætti að vera dauðadæmt vegna þess, að á bæjarstjórnarfundi var það samþ. með 5:4 atkv., þá vil ég segja það — og bið hv. þm. Vestm. að leiðrétta, ef ekki er rétt hermt —, að meðmæli með frv. frá Vestmannaeyjum, sem áður var hér til umr., voru samþ. með eins atkv. meiri hl. (**JJós:** Já. en það var sá réttláti meiri hl.). Ég veit ekki til, að hv. þm. Vestm. telji, að það séu gild rök til þess að fella hans frv.

Ég ætla svo ekki að fjölyrða um þetta. Ég hefi svarað því, sem ég þurfti að svara í ræðu hv. 6. þm. Reykv.

Umr. frestað.

Á 35. og 36. fundi í Nd., 22. og 23. marz, var frv. tekið til frh. 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 37. fundi í Nd., 25. marz, var fram haldið 2. umr. um frv.

Hannes Jónsson [óyfirl.]: Hv. þm. Ísaf. hélt fram, að það væri allt öðruvísi ástatt um þá tekjuöflun fyrir Ísafjarðarkaupstað, sem í þessu frv. felst, heldur en þá tekjuöflun, sem farið er fram á í frv. um bæjargjöld á Akureyri. Að svo miklu leyti, sem þetta frv. fer fram á að afla bæjarfélaginu tekna gegnum einkarétt á uppskipun og framskipun, þá hlýtur það að verka nákvæmlega á sama hátt eins og þó gjald væri lagt á uppskipun og framskipun eftir einhverjum ákveðnum taxta. Hv. þm. vildi að vísu halda fram, að uppskipunin og framskipunin hefði verið svo lágt reiknuð, að hún hefði ekki verið dýrari heldur en á meðan hið frjálsa fyrirkomulag var. Ég skal nú ekki um þetta segja. Mér skilst, að bærinn hafi haft einkarétt á þessari starfrækslu um undanfarin 10 ár. Og ég veit ekki, hverjar breyt. hafa orðið á uppskipunar- og framskipunartaxtanum á þessu tímabili. En hitt er vitanlegt, að fyrir tíu árum var þessi taxti yfirleitt hærri heldur en nú mun tíðkast, af þeirri eðlilegu ástæðu, að þá var skammt liðið frá þeim tíma, þegar allur slíkur kostnaður var í hámarki, og breytingar á honum eru alltaf fremur hægfara í kaupstöðum. Ég get því trúað, að á þeim tíma, sem bærinn tók upp- og framskipun í sínar hendur, hafi taxtinn verið nokkuð hár, og hafi honum verið haldið í svipuðu horfi síðan, þá er sjáanlegt, að mikill gróði hefir verið að því fyrir bæinn. Enda viðurkenndi hv. þm., að svo hefði verið. Þessi starfræksla bæjarins hefir þannig e. t. v. orðið til þess að halda við óeðlilega háum upp- og framskipunargjöldum á Ísafirði. Og sú aðferð til tekjuöflunar fyrir bæinn er nákvæmlega sama eðlis eins og uppskipunar- og framskipunargjöld þau, sem Akureyrarbær fer fram á heimild til að leggja á. Þarna fá bæirnir í báðum tilfellum aðstöðu til þess að ná tekjum af mönnum utan bæjarfélaganna, hvort sem það er gert með beinu gjaldi af upp- og framskipun eða með hærri álagningu á upp- og framskipunina sjálfa. Þetta finnst mér ekki réttmæt tekjuöflunaraðferð, og þó sumir kunni að halda fram, að hér sé aðeins um tilfærslu á útsvörum að ræða — það séu verzlanirnar, sem bera útsvörin, og þetta komi eftir sem áður niður á þeim, sem vörurnar kaupa —, þá er a. m. k. þægilegra að leggja útsvör á verzlanirnar í samræmi við aðra, sem útsvör bera á þessum stöðum. Útsvörin verða að miðast við umsetninguna og þá útkomu, sem rekstrarreikningur hlutaðeigandi verzlunar sýnir.

Nokkuð er öðruvísi háttað um hliðstæð gjöld í Vestmannaeyjum, eins og ég tók fram í umr. um það frv., því þar er upp- og framskipunin nær einvörðungu fyrir Vestmannaeyinga sjálfa. Aðrir, sem utan við bæjarfélagið standa, koma ekki til með að greiða sem nokkru nemur gegnum þessa tekjuöflunaraðferð til bæjarsjóðs Vestmannaeyja.

Af þessum ástæðum tel ég það óréttmætt spor, sem hér á að stíga. Ég álít, að ef bæirnir eiga að fá slíka aðstöðu til tekjuöflunar, þá megi segja um einstaka hreppa, að þeir eigi að fá sömu aðstöðu til að ná tekjum af upp- og framskipun innan sinna takmarka. Og þá kæmi fram mesta ranglæti gagnvart öðrum hreppum í sama sýslufélagi. Það gæti komið fyrir, að hreppsfé-

lag, sem hefði verzlunarstað innan sinna vébanda, fengi mestar sínar tekjur gegnum upp- og framskipunargjald, en hinir hrepparnir, sem enga verzlun hafa, hefðu engan tilsvarandi tekjustofn, og yrðu þar á ofan kúgaðir til að standa að nokkru leyti undir gjöldum þess hreppsfélags, sem verzlunina hefir. Ég er því algerlega mótfallinn þessari aðferð til tekjuöflunar, þó ég hinsvegar viðurkenni þörf bæjarfélaganna á auknum tekjustofnum. Ég álít, að það eigi að ganga inn á aðra braut, eins og gert er að nokkru leyti í þessu frv., þar sem um lóðagjaldið er að ræða. Þó e. t. v. megi segja, að *vafasamt sé að leggja svo hátt gjald á lóðir* sem hér er farið fram á, þá er það atriði, sem snertir kaupstaðarbúana sjálfa eingöngu. En vegna hins ákvæðisins, sem mér sýnist sama eðlis eins og ákvæði frv. um bæjargjöld á Akureyri, þá hlýt ég að verða á móti því, að þetta frv. nái fram að ganga.

Pétur Halldórsson [óyfirl.]: Ég fæ ekki betur séð en að með þessari löggjöf, sérstaklega að því er fasteignaskattinn snertir, sé bæjarstj. Ísafjarðar nokkurnveginn í sjálfsvald sett, á hvern hátt hún notar þá heimild, sem hér er um að ræða. Það segir, að gjald af lóðum og öðrum fasteignum skuli vera frá 1‰ til 1%. Ég vil nú spyrjast fyrir um, hvort ekki er í þeim l. öðrum, sem heimila bæjarfélögum að leggja á fasteignaskatt, ákveðið með l. sjálfum, hvernig skatturinn leggst á fasteignir. Er það ekki svo í l. um fasteignagjöld á Akureyri, Húsavík, Reykjavík og víðar, að það sé að engu leyti komið undir geðþótta eða samþykktum bæjarstjórnanna, hvernig þessi skattur leggst á? Mér skilst, að hér sé nýtt fyrirbrigði á ferðinni hvað þetta snertir, þar sem bæjarstj. getur hagað álagningu fasteignaskattsins eftir eigin vild, jafnvel breytt til frá ári til árs. Það má, að því er mér skilst, nota þessa heimild til þess að leggja fasteignaskattinn á eftir sama principi og t. d. útsvör. Þannig getur orðið úr þessum skatti gjald, sem ekki leggst með jöfnum þunga á allar fasteignir, sem það nær til, eftir matsverði, heldur gjald, sem bæjarstj. hefir opna leið til að ákveða sérstaklega af hverri einstakri eign og þannig mismuna eigendunum. Ef þetta er svo, þá sýnist mér hér stefnt inn á ranga braut. Og ég heyrði frá hæstv. forseta nú í fundarbyrjun, að komin eru mótmæli gegn þessu frv. frá Ísfirðingum, sem við þessa löggjöf eiga að búa, — mótmæli, sem mér skilst, að byggist einmitt á því, að menn óttist, að úr þessu verði ekki fasteignaskattur miðaður við verðgildi hverrar eignar, heldur sé bæjarstj. gefinn möguleiki til þess að haga þessu í hendi sér, allt öðruvísi heldur en hægt er með fasteignagjöldin í hinum kaupstöðunum, sem þau hafa. Mér finnst þetta mjög stórt atriði og vil spyrja hv. fjhn., hvort þetta hefir ekki verið athugað sérstaklega í n.

Ég sé, að það vantar menn úr fjhn., sem e. t. v. hefðu fengizt til að svara þessu, ef þeir hefðu haft tækifæri til. (**Forseti**: Ég get ekki gert að því. 3. umr. er eftir, og þá verða málinu væntanlega gerð betri skil).

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 15:2 atkv.
Brtt. 139,1 samþ. án atkvgr.
2. gr., svo breytt, samþ. með 16:1 atkv.
3.—4. gr. samþ. með 15:2 atkv.
Brtt. 139,2 samþ. með 17 shlj. atkv.
5. gr., svo breytt, samþ. með 16:1 atkv.
6. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
Ákvæði til bráðabirgða samþ. með 17 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 18:1 atkv.

Á 39. fundi í Nd., 27. marz, var frv. tekið til 3. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 40. fundi í Nd., 29. marz, var frv. aftur tekið til 3. umr. (A. 286).

Jakob Möller [óyfirl.]: Ég hafði ákveðið að kveðja mér hljóðs við 2. umr. þessa máls, en af sérstökum ástæðum var ég ekki viðstaddur, þegar hún fór fram. En þar sem mál þetta hefir verið til meðferðar hjá hv. fjhn. og mælt er með því af meiri hl. hennar, en hinsvegar hefir ekkert nál. komið fram frá minni hl. n., þá þykir mér hlýða, að eitthvað heyrist frá þeim hlutanum.

Það er eftirtektarvert í sambandi við þetta frv. — eins og raunar hefir orðið vart við í flutningi mála hér —, það er flaustrið, sem hefir verið við samningu þess. Meiri hl. flytur tvær brtt., sem eingöngu eru til að leiðrétta, en samt er eftir enn leiðinlegt smíðalýti á 5. gr. frv., sem meiri hl. hefir sézt yfir.

Það var svo fyrir mælt í frv. upphaflega, að upp- og útskipunargjaldið skyldi miðað við meðaltal síðustu ára. Hv. meiri hl. hefir séð, að þetta var mjög óákveðið og að nauðsynlegt væri að tiltaka einhvern árafjölda, og hefir dottið í hug 3 ár. En þeim hefir alveg sézt yfir þann hortittt, sem er að segja fyrir 3 síðustu árin. Því ef það á að lesast eins og íslenzka, þá getur það ekki þýtt annað en að gjaldið eigi jafnan að miðast við síðastl. 3 ár, en meiningin er vitanlega síðustu 3 árin áður en lög þessi ganga í gildi. En það er bara ómögulegt að lesa þetta þannig né skilja. Ég skal náttúrlega ekki segja um, hvað menn treysta sér til að samþ. og hvernig menn ætla sér að framkvæma lögin þrátt fyrir svona tvíbent ákvæði, sem óneitanlega er smíðalýti. En ef ekki væri annað eða meira athugavert við frv. en smásmíðalýti og hortittir, þá væri ekki ástæða að hafa langar umr. En það er annað, sem er miklu furðulegra, og furðulegast af því öllu, hvernig fyrirhugað er um framkvæmd fasteignagjalda. Það fyrirkomulag er allt öðruvísi en tíðkast í öðrum kaupstöðum. Virðist vera hugmyndin að leggja það á eftir efnum og ástæðum, og er það alvel *óþekkt hér á landi*, og að *ég held* alstaðar erlendis. Hefir það hvergi verið öðruvísi ákveðið en eftir verðmæti fasteignarinnar eða matsverði. En hér virðist eiga að fara eftir íbúafjölda og hússtærð. Ég skal ekki segja um, hvernig þetta er hugsað, hvort skatturinn á að

vera hærri eða lægri þar, sem íbúarnir eru flestir. Þetta er ekki ljóst í frv. En það virðist vera ástæða til að hafa skattinn hærri á stórum húsum, þar sem fátt er fólk eða það sem kallað er „lúksus"-íbúðir. Líka gæti verið um hærri skatt að ræða af húsum, þar sem margir búa og miklar tekur eru af. Ég skal ekki segja, hvor meiningin er rétt, en óneitanlega væri skemmtilegra að fá einhverja hugmynd um, við hvað er átt, áður en d. samþ. frv. Annars virðist mér þetta gersamlega meiningarlaust og þýðingarlaust, ef ekki er annar tilgangurinn en að mismuna mönnum með skattaálagningu eftir öðru en efnum og ástæðum, því eftir þeim má leggja á útsvörin, og er bæjarfélaginu í lófa lagið að mismuna með því, svo ekki virðist þurfa nýjan gjaldstofn til að leggja á eftir efnum og ástæðum. Af hvaða nauðsyn, skal ekki um sagt. Hér virðist líka gert ráð fyrir því, að leggja megi á geymsluhús og fiskhús, og jafnt öll hús á Ísafirði, eftir efnum og ástæðum. Ekki er heldur hægt að segja um, hvaða áhrif þetta hefir gagnvart þeim eignum, sem bundnar eru lögveði. Og reglum þessum má svo breyta frá ári til árs. Er þetta alveg einstæð löggjöf, hvar sem leitað er, og algerlega óhæf, því hana má misnota, og tilgangurinn, sem látinn er í veðri vaka, á sér engin rök, því mismuna má mönnum í skattaálögum á annan hátt, eins og ég hefi tekið fram.

Um hitt atriðið, að heimila bæjarfélaginu að hafa upp- og útskipun í öllum skipum, er ferma eða afferma við bæjarbryggjuna, er það að segja, að þetta er miklu meiri og óhentugri skattaálagning en önnur bæjarfélög hafa farið fram á og verið neitað um. Því þar hefir vörugjaldið átt að vera mismunandi á vörutegundir, en hér á aðeins að miða við þunga, enda bersýnilega ekki ætlazt til annars en miða við þungann, en ekki verðmæti vörunnar. Þetta frv. hefir því alla hina verstu galla, sem hv. flm. og flokksbræður hans, og þá sérstaklega hv. 1. landsk. hefir fundið hinum frv. til foráttu. Hér er því borið við, að ekki sé um nýtt gjald að ræða, upp- og útskipunargjald sé greitt nú af vörunum og þetta séu því ekki nýjar álögur á eigendur þeirra. Þetta er ekki satt; það er hreint og beint ósatt. Og það er ekki til nokkurs fyrir hv. flm. að nota þennan einstæða málflutning, að sega vísvitandi rangt frá. Því það er öllum kunnugt, að mjög mikið af vörum, sem fluttar eru hvort heldur sem er inn eða út, er skipað upp og fram af eigendum sjálfum, og leggst því ekki annað á vöruna en beinn kostnaður. En samkv. þessu frv. á að leggja á vöruna upp- og útskipunargjald eftir taxta. Hér er því lagður nýr skattur á, sem ekki hefir verið áður. Virðist vera sama, hvaða vörur eru, hvort það eru útfluttar afurðir eða innfluttar nauðsynjavörur, eins og t. d. kol, salt eða matvara. Hér við bætist, að sýnilega kemur þessi skattur margfaldur á sumar vörur. Það stendur þannig á, að í grennd við Ísafjörð eru flestar vörur fluttar sjóveg að og frá kaupstaðnum, og því verða bændur við Ísafjarðardjúp ekki aðeins að borga vörugjald, heldur líka upp- og útskipunargjald fyrir að fá vöruna flutta heim. Og svo þykjast þessir sömu menn berjast fyrir sanngirni og réttlæti í lögum, er þeir drepa samskonar frv. fyrir öðrum kaupstöðum. — Það var ekki meira, sem ég vildi segja, en ég vildi láta koma fram, að minni hl. n. telur frv. þetta óverjandi og óalandi.

Frsm. meiri hl. (Stefán Jóh. Stefánsson): Hv. 3. þm. Reykv. var ekki við hér í d. — a. m. k. ekki alltaf — þegar 2. umr. fór fram. Þar af leiðandi hefir hann drepið á ýms atriði, sem voru rædd þá. Verður því ekki komizt hjá að endurtaka samskonar andmæli nú við ræðu þessa hv. þm. eins og voru flutt af mér við ræðum hv. 6. þm. Reykv. Ég mun þó ekki hafa mörg orð til andsvara hv. 3. þm. Reykv., þar sem ég hefi þegar flutt rök mín fram við 2. umr.

Út af orðalagi á 5. gr. frv. má að vísu segja, að það sé rétt hjá hv. 3. þm. Reykv., að það hefði betur mátt fara, en ég held, að gr. verði á engan hátt misskilin og að það komi skýrt fram, að gjaldið á að miða við meðaltal síðustu 3 ára áður en lögin ganga í gildi.

Þá minntist sami hv. þm. á þau tvö atriði, sem eru meginefni þessa frv., fasteignagaldið og upp- og útskipunargjaldið. Fasteignagjaldið var honum sérstakur þyrnir í augum, af því að gert er ráð fyrir eða gefin heimild til að mismuna um álagningu þess eftir notkun og gerð eignanna. Sá mismunur getur þó aldrei orðið mikill; því er markaður sá bás í frv., að álagningin má ekki fara yfir 1%, sem er mun lægra en þekkist annarsstaðar, t. d. á Akureyri og Húsavík. Mér þykir það miklu fremur kostur en löstur, að ákveðið skuli í reglugerð, hver þessi gjöld skuli vera og hvernig notuð, eða m. ö. o., að heimild sé til fyrir því, að haga megi álagningunni eftir efnum og ástæðum, því þó þetta megi gera með útsvörum, þá er þetta sú réttlåta meginregla, að láta þá bera þyngstu byrðina, sem breiðust hafa bökin.

Þá virtist hv. þm. ekki hafa aðgætt það, að um þessa álagningu á að setja reglugerð, sem staðfest skal af ráðh., og ráðuneytið er sá öryggisventill, sem óhætt á að vera að treysta á, ef bæjarstj. vildi reyna að misnota þetta. Ég sé ekki ástæðu til að orðlengja um þetta atriði, en vil mótmæla dylgjum hv. þm. um, að álagningu þessari eigi að haga eftir því, hvaða menn eiga í hlut, eða m. ö. o. mismuna eftir pólitiskum skoðunum.

Út af því, sem hv. þm. minntist á lögveð í húsum og um það væri nokkuð óákveðin ákvæði, þá get ég sagt honum, að það verður ekki lengur en þangað til reglugerðin er sett, og þá er leyst sú ráðgáta. Eftir það þarf engin lánsstofnun eða aðrir að ganga þess duldir, hvert fasteignagjaldið verður af hverri eign. Ég held því, að þessi mótbára sé harla lítilfjörleg.

Þá kem ég að hinu atriðinu, um upp- og framskipunargjaldið. Hv. 3. þm. Reykv. taldi, að óhæfilegt væri að leggja það á, og taldi það mjög ósanngjarnt gjald, sem legðist á allar vörur, sem fluttar væru um Ísafjarðarhöfn. Það var upplýst hér við 2. umr., að með þessu væri ekki farið fram á annað en hefði verið undan-

farin 10 ár, að undanteknum tímanum frá því síðast á árinu 1933 og til þessa dags. Hér er því alls ekki um neitt nýtt gjald að ræða fyrir Ísafjarðarkaupstað, heldur gjald, sem notað hefir verið áður og hefir verið tekið af þeim mönnum, sem höfðu upp- og útskipun fyrir aðra. En meginhlutanum af öllum vörum hefir verið skipað upp og út af afgreiðslu skipanna. Í staðinn fyrir að þeir menn, sem afgreiða, hafa fengið hagnaðinn, lendir hann nú í bæjarsjóði, og tel ég það ekki ósanngjarna skattaálagningu. Það var einnig svo, að þó einstaklingarnir skipuðu upp og fram, urðu þeir að greiða ákveðna upphæð af hverju tonni, sem kallað var leyfisgjald. Þess vegna er það ekki rétt, að hér sé um óréttlátan vörutoll að ræða, sem komi hart niður á mönnum, heldur er aðeins verið að taka hagnað einstakra manna handa bæjarfélaginu. Eins og gert er ráð fyrir í 6. gr. frv., á að taka meðaltal 3 síðustu ára um upp- og útskipunargjaldið; bærinn setur þetta gjald því alls ekki upp frá því, sem nú er. Mér virðist því, sem rök hv. 3. þm. Reykv. séu ekki þess eðlis, að þau séu líkleg til að granda frv. Þau eru ýmist byggð á misskilningi eða röngum skoðunum á fjáröflunaraðferðum til bæjarins. Ég fyrir mitt leyti tel sanngjarnt að haga álagningu fasteignagjalda eftir efnum og ástæðum fasteignaeigenda en ekki eftir mati eingöngu, og að þessu leyti kann að felast í þessu frv. angi af luksusskatti á stærri íbúðir. Þar mun vera skoðanamunur milli okkar hv. 3. þm. Reykv., hvað sé réttlátt og sanngjarnt. Afstaðan til frv. mun því byggjast á mismunandi skoðunum eða viðhorfi til tekjuöflunarleiða og skattaálagningar.

Sigurður Kristjánsson: Ég vil byrja á því að minna hv. þm. á það, að hér hefir verið rætt allmikið um 3 frv. í viðbót við þetta, sem fjalla um nýja tekjustofna fyrir bæjarfélög. Og þau hafa mætt mikilli mótstöðu, sérstaklega hjá andstöðuflokkum sjálfstæðismanna. Sú andstaða skilst mér hafa byggzt á því, að þetta gjald, sem ætlað er að leggja á í Vestmannaeyjum, Akureyri og Siglufirði, komi ekki eins réttlátlega niður eins og að jafna því niður eftir efnum og ástæðum. Nú held ég að allir viðurkenni samt, að það er komið svo í kaupstöðum landsins, að þeir geta ekki fengið tekjur fyrir nauðsynlegum útgjöldum, nema finna einhverja sérstaka og helzt nýja tekjustofna. Flm. þessara frv. hafa held ég allir viðurkennt það, að þessi leit að nýjum tekjustofnum væri ekki búin að bera viðunanlegan árangur ennþá, og því væri aðeins farið fram á þessa skatta til bráðabirgða. N., sem hafa haft þessi mál til meðferðar, hafa yfirleitt lagt til, að þessi skattgreiðsla yrði heimiluð til eins árs í senn.

Nú kemur hér fram frv. um nýja tekjustofna fyrir Ísafjarðarkaupstað. Og það er ætlazt til — að mér skilst — að það sé ævarandi skattur. Þykir mér undarlegt, að sömu menn, sem mótmælt hafa nýjum tekjustofnum hjá öðrum kaupstöðum, geti risið upp og verið þessu mjög fylgjandi, sem er auk þess alveg óvenjulegt gjald, eins og hv. 3. þm. Reykv. (JakM) benti á. Því verður ekki mótmælt um fasteignagjaldið, að það er ætlazt til, að það gjald verði tekið eftir því, sem hverri bæjarstj. á hverjum tíma þóknast að ákveða það. Það þýðir ekkert fyrir hv. 1. landsk. (StJSt) að ætla sér að þvæla sig frá því. Hann sagði hér áðan, að sama röksemdafærslan hefði komið frá mér áðan eins og frá hv. 5. þm. Reykv. og þyrfti ekki að svara því, af því að því hefði verið svarað við 2. umr. Það er satt, að það komu ýmsar sömu röksemdafærslur hjá mér. En það er missögn, að því hafi verið svarað. Þegar talað er um að svara einhverju í þessu sambandi, þá á maður við, að því sé hnekkt. En það er einmitt það, sem ekki hefir verið gert. Það hefir ekki komið fram eitt einasta orð, hvorki frá hv. 1. landsk. né öðrum, sem hnekkti þessum rökum, að það sé óeðlilegt, að bæjarstj. fái rétt til þess samkv. l. að leggja á menn fasteignagjald mismunandi frá ári til árs og mismunandi bara eftir sínum eigin geðþótta. Hv. 1. landsk. sagði, að þetta væri nokkuð vel tryggt fyrir öfgum, þar sem hér væri um mjög þröngan ramma að ræða. Ramminn er ekki þrengri en það, að gjaldið getur verið tífalt hærra tiltölulega á einum heldur en öðrum. Það er frá 0.1 og upp í 1%. Ég vil spyrja hv. þm., hvort honum fyndist sér lítið við komandi, ef skattur hans væri margfaldaður með 10. Það er einmitt það, sem má gera ráð fyrir hér. Ég held bara, að þessi ummæli sýni það, að hv. þm. hefir ekki hugmynd um það, hvaða málstaður það er, sem hann er að verja.

Þá sagði þm., að það væri mikið öryggi fyrir því, að þetta væri ekki hægt að misnota. Öryggið var það, að ríkisstj. þyrfti í hvert skipti að staðfesta reglugerðarbreyt. Ég veit nú ekki, hvað þessi hv. þm. hefir reynt ríkisstjórnir að í skattamálum. Ég vil benda á eitt dæmi, sem mér er persónulega kunnugt, til sönnunar því, að þetta öryggi getur verið mjög svo afsleppt. Pólitísk sveitarstj. lagði útsvar á mann ekki fyrir mörgum árum, 5600 kr. Maðurinn hafði orðið fyrir miklu óhappi, hafði tapað stórfé og var um það bil að uppgefast á sínum atvinnurekstri. Hann kærði þetta útsvar og átti þá málið samkv. þágildandi reglum að fara til sveitarstj. aftur. Sveitarstj., sem var pólitísk, vildi sýna, að hann skyldi ekki hafa gott af því að steyta sig framan í yfirvöldin og hækkaði útsvarið um 1 þús. kr. Hann kærði til skattanefndar. Í henni voru tveir af þremur andstæðingar hans. En menn voru á einu máli um það, að útsvarið næði ekki nokkurri átt og lækkuðu það um helming. Pólitískur smali þáv. ríkisstj. var í þessari sælu hreppsnefnd, og hann kærði þetta áfram til ríkisstj., — það átti nefnilega að vera síðasta öryggið á þeim tíma — og óskaði, að útsvarið yrði hækkað aftur í topp. Viðkomandi ráðh. sendi tilkynningu eitthvað á þá leið: Rétt þykir, að útsvarið sé eins og það upphaflega var, 6600 kr. En það var nú upphaflega kr. 5500. En ráðh. hafði ekki haft það fyrir, að hann læsi skjölin. Hann vissi bara það eitt, að pólitískur smali vildi láta refsa pólitískum andstæðing, og þá var öryggið ekki meira en þetta hjá ríkisstj., að ráðh. leit ekki einu sinni á skjöl máls-

ins. Ég segi ekki, að svona endemi geti alltaf endurtekið sig, en þetta var öryggið á þessum tíma, og þetta getur það orðið enn. Þess vegna segi ég: Það er betra að hafa sitt öryggi í sjálfum l. Þetta er alveg einstakt, að ætla að fara með l. að heimila pólitiskum bæjar- og hreppsstjórnum að leggja misjafnlega há fasteignagjöld á, eftir þeim mælikvarða, sem hverjum þóknast að búa til. Þetta er einsdæmi, eins og hv. 3. þm. Reykv. sagði. Og það er illt einsdæmi. Ég skal í þessu sambandi endurtaka það, sem ég sagði við 2. umr., að mér fyndist ekki nema eðlilegt og full þörf á því, að breytt væri l. um lóðaskatt á Ísafirði, því að hann er lagður á eftir allt öðrum mælikvarða en vera á og samkv. mjög gömlum ákvæðum. Það er lagt á eftir flatarmáli lóðanna og er aðeins í 2 stigum, byggðar og óbyggðar lóðir, en ekki eftir því, hvort lóð er verðmæt eða óverðmæt að öðru leyti. Þessu er sjálfsagt að breyta og leggja hundraðsgjald á lóðir, og má vel vera, að lóðagjöld mætti eitthvað hækka.

Sömuleiðis finnst mér ekki ósennilegt, að Ísafjörður geti, eftir að hann er nú búinn að leggja mikið fé í að bæta vatnsleiðsluna, sett á nýjan vatnsskatt. Hitt nær engri átt, að heimila yfir höfuð pólitískum sveitar- og bæjarstj. að leggja á menn fasteignagjald bara eftir mælikvarða, sem þær búa til í það og það skiptið. Og þetta frv. verður ekki skilið öðruvísi af mér en að það eigi að opna leið til þess að geta sýnt einum umbun og öðrum minni umbun, eða jafnvel refsingu, enda blátt áfram gefið í skyn í frv., að það eigi að mismuna mönnum.

Ég geri nú ráð fyrir því, að svona mælikvarði sé kannske ekki mikill þyrnir í augum þm. úr hópi sósialista í deildinni. En ég vil draga fram annað atriði, sem snertir mjög mikið kjósendur um land allt, ef sú stefna færist yfir. Það er uppskipunargjaldið. Uppskipun ætlar bærinn að gera sér að féþúfu. Það er tiltekið í frv., að hámark eigi að vera á þessu. Það er meðaltal af uppskipun þrigga síðustu ára. En þau hafa haldizt geysihá, uppskipunargjöldin á Ísafirði. Að vísu ekki hærri en þau voru áður en bæjarstj. tók þau í sínar hendur fyrir 12—13 árum, eins og flm. tók fram. En það er aðgæzluvert, að kaupgjald var þá kringum helmingi hærra en nú. Samt haldast uppskipunargjöldin. Einnig fólst áður í uppskipunargjaldinu bæði bryggjugjald og vörugjald; en nú eru þetta þrenn gjöld, svo að kostnaður hefir aukizt á vörunum. En svo eru opnar dyr til þess að hækka þessi gjöld. Það er sem sé ekki nóg að flytja vörurnar í land, það þarf að koma þeim undir þak og geyma þær. Þarna liggur stórt hérað að, og þykir ekki öruggt að sigla þar á smáhafnir, nema kannske um hásumarið. Og yfirleitt er ekki meira þéttbýli en svo, að erfitt er að fá heila farma, og þar af leiðandi verður að fá vöruslatta. Héraðsbúar verða að fá vöru sína geymda á Ísafirði, einkanlega þeir, sem búa langt frá. Er þá miðað við einn eða tvo daga, svo getur komið vikugjald á vöruna og mánaðargjald. Úr þessu getur orðið þungbær skattur á menn í héraðinu. Ég vil í þessu sambandi minna á það, að öll þungavara er háð vörugjaldi, sem héraðsmenn verða að greiða auk uppskipunargjalds, þeir sem utan bæjarins búa. Ef þeir láta sinn fisk um Ísafjörð, verða þeir að borga 1 kr. af hverju skpd. í vörugjald og 1 kr. á hvert salttonn og kolatonn. Og ofan á þetta á svo að bæta uppskipunargjaldi. En sannleikurinn er sá, að utanhéraðsmenn hafa fengið þessa uppskipun miklu ódýrari. Menn hafa tekið sjálfir upp kolafarma og saltfarma, og geta gert það fyrir miklu minna verð en líklegt er, að kaupstaðurinn setji á það verk, þegar hann ætlar að gera sér það að féþúfu.

Menn verða þess vegna að gera sér það alveg ljóst, að með því að samþ. frv. eru þeir að samþ. þungbæran skatt til Ísafjarðarkaupstaðar á menn, sem búa umhverfis í héraðinu. Þetta er í eðli sínu ákaflega ósanngjarnt, og því ósanngjarnara, þegar bæjarstj. hefir ákaflega rúmt um hendur að ákveða þetta gjald.

Ég vil sérstaklega leggja áherzlu á þetta, af því að búast má við, að víðsvegar á landinu verði þetta atriði tekið til athugunar. Því að það er bara eins árs svipað fyrirkomulag, sem farið er fram á í öðrum kaupstöðum, — bara til bráðabirgða, meðan myndaðir eru réttlátari gjaldstofnar. En þetta eins árs ástand hefir nú verið mikill þyrnir í augum manna, og ég ætla sérstaklega hv. framsóknarmanna, sem er eðlilegt, af því að þeir munu telja, að þeir eigi samkv. sínum fyrri ummælum að bera sérstaklega fyrir brjósti hag þeirra manna, sem eru utan kaupstaða.

Ég hefi náttúrlega ekki ástæðu til að fara út fyrir það, sem frv. sjálft nær. En af því að hér er verið að veita sveitarstjórnum ákaflega rúma heimild til þess að skattleggja ekki aðeins sína eigin borgara mismunandi eftir geðþótta, heldur einnig borgara annara sveitarfélaga, þá hlýt ég að rökstyðja mín mótmæli með fleiru. Og ég ætla að taka dæmi af því, hvernig gjöld þau eru, sem bæjarstj. Ísafjarðar sumpart hefir orðið að leggja á gjaldendur og sumpart hefir þóknazt að gera það, án þess það sýnilega styðjist við nokkur réttindi. Það er vitað, að kaupstaðurinn hefir búið sér til skattstofn annan en þennan. Það er hið svonefnda umsetningargjald, sem lagt er á þá menn, sem reka einhverskonar „forretningu". Þetta umsetningargjald hefir gilt á Ísafirði langan tíma; hefir líka verið lagt á í Reykavík og víðar. Þykir það mismunandi sanngjarnt, og auðvitað þykir á því sá höfuðgalli, að það er niðurjöfnunarnefnd sjálf, sem skapar reglur fyrir því eftir eigin geðþótta, og engin l. geta á neinn máta verið mælikvarði hennar fyrir þessari skattgreiðslu. Ég skal nefna eitt dæmi, sem sýnir skattálagningarfrekjuna á Ísafirði. Hér í Reykjavík veit ég ekki betur en þetta umsetningargjald sé á timbur 3 á þúsund. Hvað halda hv. þm. að það sé á Ísafirði? Það er 60 á þúsund eða 6%. Ég gat ekki hugsað mér áður en ég vissi það, að svona frekja gæti átt sér stað. En þetta er sannað mál og hefir komið fyrir ríkisskattanefnd, og henni mun hafa blöskrað. En þetta er bending um það, að ekki sé alveg víst þegar svona bæjarstj. er opnuð leið til þess að skattleggja borgarana eftir geðþótta, og það jafnvel borgara annara sveitar-

félaga, að það er ekki alveg víst, að ausunni yrði dýpt mjög lempilega í. Ég held þess vegna, að það sé ekki um skör fram, þótt ég alvarlega veki athygli allra hv. þm. — í hvaða flokki sem þeir eru — á því, að þeir eru að fremja mjög ábyrgðarmikið verk, ef þeir opna sveitar- og bæjarstjórnum leið til slíkra skattálagninga.

Jakob Möller: Hv. 1. landsk. taldi það fremur kost á fasteignaskattinum, að hann væri ekki eingöngu miðaður við verð eignarinnar, heldur meir miðaður við verðmæti eignarinnar en matsverð, eins og hann orðaði það. Hann sagði líka, að það væri kostur á fasteignaskattinum, að hann væri miðaður við efni og ástæður, og það má vera, að þetta eigi hvorttveggja að þýða það sama.

En ég held hann hafi ekki alveg hugsað þetta ofan í kjölinn, jafnvel eftir að ég hafði vakið alveg sérstaka athygli á því, að bæjar- og sveitarfélögum er heimilt að leggja alveg sérstakt gjald á eftir efnum og ástæðum, það er að segja útsvar. En hver verður svo afleiðingin, ef fyrst er lagt á útsvar eftir efnum og ástæðum — og hlutfallslega réttlátlega — og svo þar á ofan fasteignaskattur, líka eftir efnum og ástæðum? Hv. 1. landsk. kemst ekki framhjá því, að með þessum hætti verða menn tvískattaðir — alveg óhjákvæmilega — eftir efnum og ástæðum. Einn gjaldþegn er skattlagður tvisvar sinnum á móts við annan, sem hefir lakari ástæður. Og þetta telur hv. 1. landsk. kost á álagningunni. Ég veit ekki, hvernig þm. hugsar þetta. Kosturinn er náttúrlega sá, að það fæst meira upp úr þessu; en réttlæti fæst ekki. Sannleikurinn er sá, að ef ætti að framkvæma þetta með fullu réttlæti, ætti úsvarsálagningin eftir efnum og ástæðum að miðast við það, hvaða fasteignaskattur hefir verið borgaður af eigninni. En ef það er gert, hvað þýðir þá að hafa fasteignaskattinn eftir efnum og ástæðum, ef útsvarið verður að lækka þess vegna? Ef það gerir það ekki, þá er bersýnilegt, að um tvísköttun er að ræða. Og mér skilst, að það sé einmitt tilgangurinn, því að annars væri þetta tilgangslaust, eins og ég hefi áður bent á.

En þó að það sé rétt til getið, sem ég gat til, að með þessu muni það vera tilgangurinn að leggja fasteignaskatt á eftir efnum og ástæðum, þá fer fjarri því, að það sé tryggt með þessari löggjöf, því að í frv. er aðeins svo fyrir mælt, að skatturinn skuli vera mismunandi, eftir því til hvers eignin er notuð, auk þess sem miðað sé við matsverð. Þannig mun það vera tilgangurinn að skatta hærra húseign, sem fáir búa í, heldur en jafnstóra húseign, sem margir búa í. En þá kemur hér eitt til greina, ef þetta er gert. Það getur komið þannig út, ef eign, sem er svo skuldum hlaðin, að það er ekkert verðmæti í henni fyrir eigandann, aðeins fyrir það, að fáir búa í henni, verður skatturinn miklu hærri. Slíkur skattur er ekki lagður á eftir efnum og ástæðum, heldur frekar af handahófi, svo að þessi réttlæting hv. 1. landsk. hrekkur ekki til.

Ég staðhæfði, að slík álagning fasteignaskatts mundi hvergi eiga sér stað í heiminum. Ég endurtek það, og ég vil vekja athygli á því, að hv. 1. landsk. kom ekki til hugar að reyna að andmæla þeirri staðhæfingu, og það er ekki heldur til neins, því að þetta er alveg fullvíst.

Hv. 6. þm. Reykv. hefir nógsamlega gert grein fyrir því, að þetta svið frá 0,1% upp í 1% skatts er nægilega stórt til þess að það geti valdið gífurlegu misrétti, hvernig skatturinn er legður á, þó að sviðið sé ekki stórt, og skal ég ekkert frekar endurtaka um það.

Viðvíkandi uppskipun og framskipun segir hv. 1. landsk., að þetta, sem farið sé fram á í frv., sé ekkert annað en það, sem hafi átt sér stað á Ísafirði áður. Náttúrlega er það engin réttlæting á því, að þetta verði lögfest, því að til þess yrði það að vera sannað, að á þessu hefði verið heppilegt fyrirkomulag á Ísafirði áður. En það eitt, að það hafi viðgengizt á Ísafirði einhverntíma, er fyrir dómi almennings engin algild sönnun þess, að fyrirkomulagið sé réttmætt. Ég hygg, að jafnvel hv. þm. Ísaf. telji það ekki fullgilda sönnun.

Þar við bætist svo, að það er engin trygging fyrir því, að þessi l., þótt þau verði samþ., verði framkvæmd eins og hv. 1. landsk. segir, að þetta hafi verið framkvæmt á Ísafirði áður.

Ég hafði bent á það, að eins og væri, þá væri kostnaðurinn við uppskipun á öllum farmi, t. d. kolum og salti, aðeins það, sem borgað væri í vinnulaun, en samkv. frv. ætti það að koma undir uppskipunartaxta kaupstaðarins. Hv. þm. svaraði þessu þannig, að það hefði verið svo áður á Ísafirði, að menn hefðu fengið leyfi til að skipa upp sjálfir slíkum förmum án þess að borga sérstakt uppskipunargald, en aðeins með því að borga sérstakt leyfisgjald. Nú hefir breytzt svo til á Ísafirði í seinni tíð, að þetta leyfisgjald er greitt sem hafnargjald og bryggjugjald, svo að þetta er þá frá því, sem nú er, enn nýr skattur, og að því leyti hefir þá verið sagt rangt frá, gerð röng grein fyrir, hvernig þessi löggjöf mundi verka, þar sem því hefir verið haldið fram, að af því mundi ekki leiða nýja skatta.

En þar við bætist svo það, að l. tryggja það á engan hátt, að mönnum verði gefinn kostur á að skipa upp slíkum förmum sjálfir. Eftir l. eiga slíkir farmar að falla undir þetta almenna uppskipunargjald, sem verður miðað við uppskipun á smásendingum, sem er tiltölulega hátt, til þess að leggja gjaldið á samkv. því á heila farma. Uppskipunargjald, sem er miðað við uppskipunina á „stykkjagózi" — ég bið fyrirgefningar á málinu — verður þá lagt á uppskipun heilla kola- og saltfarma og útskipun heilla fiskfarma. Með þessum l. á þannig að heimila að leggja á alveg nýjan skatt, sem kemur sérstaklega niður á framleiðendunum. L. gera ekki ráð fyrir öðru.

Hinsvegar hefir hv. flm. og meiri hl. n. skrifað undir það, að með þessum l. sé ekki farið fram á neinn nýjan skatt, og svo þegar bent er á þetta, þá segja þeir, að það sé ekki meiningin að framkvæma það þannig, en slíkt þarf þá að tryggja með l. sjálfum. Heimildin er alveg ótakmörkuð, eins og ég benti á, og þessi heimild er þess vegna miklu varhugaverðari en

sú heimild, sem farið var fram á fyrir hina kaupstaðina, sem hafa farið fram á að leggja sérstakt vörugjald á, mismunandi hátt, eftir því um hvaða vöru var að ræða.

Ég er ekki svo kunnugur á Ísafirði, að ég þori að fullyrða neitt um það, en ég gæti trúað, að það væru þar nokkuð breyttar ástæður frá því að það ólöglega ástand ríkti þar, þegar bæjarstj. tók einkarétt á upp- og framskipun. Ég vil leyfa mér að spyrja hv. þm. Ísaf. Átti það við um allar bryggjur, sem í bænum voru, eða var það aðeins miðað við bryggju bæjarins? — Hv. þm. vill ekki svara því, en hér í frv. er það beint tekið fram, að átt sé við bryggju bæjarins. Nú veit ég ekki, en vil þá leyfa mér að spyrja hv. þm. aftur, hvort nokkrar einstakar bryggjur komi til greina í þessu sambandi. Eru ekki allar bryggjur á Ísafirði eign bæjarins? (FJ: Nei). Er Edinborgarbryggjan eign einstaklings? (FJ: Útvegsbankinn á hana, og á henni hvíla sérstakar kvaðir). En það er samt bersýnilegt, að síðan bæjarstj. tók sér þennan einkarétt fyrir utan lög og rétt, sem síðar var dæmt óheimilt, þá hafa ástæðurnar breytzt eða geta breytzt. Og þarna í frv. er talað um, að þetta nái til uppskipunar við bryggjur bæjarins. Þá getur farið svo, að allar einstaklingsuppskipanir verði útilokaðar, og skil ég ekki annað en að það sé meiningin með frv. Ég hygg, að áður hafi það verið svo, *að þær bryggjur, sem voru einstaklingseign*, hafi ekki komið undir þennan einkarétt bæjarfélagsins, það hefði verið allt of augljóst lögbrot til þess, að hægt hefði verið að framkvæma það svo langan tíma sem hér um ræðir.

Að öllu þessu athuguðu sé ég ekki, að það gjald, sem hér er farið fram á, sé að neinu leyti hagkvæmara gagnvart öllum almenningi heldur en þau gjöld, sem farið hefir verið fram á fyrir hina kaupstaðina, svo sem Vestmannaeyjar og Akureyri. Þess vegna er mér óskiljanlegt, hvers vegna stjórnarflokkarnir hafa getað fylgt þessu frv., fyrst þeir hafa lagzt af svo miklum ákafa á móti hinum frv.

Garðar Þorsteinsson [óyfirl.]: Ég skal ekki tefja mikið hv. d., en ég get tekið undir það, sem hv. 3. þm. Reykv. sagði um þetta mál. — Ég vildi þó segja nokkur orð út af þeim orðum hv. 1. landsk., að hann teldi það réttmæta meginreglu að leggja á eftir efnum og ástæðum. Ef á að framfylgja þeirri meginreglu, þá fæ ég ekki séð, að það sé meining þeirra, sem að þessu frv. standa, að fasteignagjöld skuli t. d. ekki lögð raunverulega á húseign, heldur á eigandann, því að ef ekki ætti að hafa þessa aðferð, raunverulega að leggja á eigandann og miða við efnahag hans, en ekki húsið sem slíkt, þá mundi ekki verða fullnægt þeirri meginreglu, að leggja gjaldið á eftir efnum og ástæðum. Ég veit ekki til, að það séu nokkursstaðar ákvæði um fasteignagjöld í ýmsum kaupstöðum þessa lands, þar sem þau ákvæði eru sett þannig fram, að það sé mismunandi, eða að það sé innan þess ramma, sem það á að vera hér, án þess að taka það fram í 1. sjálfum, við hvað eigi að miða, þegar gjaldið sé lagt á. En hér er ekki talað um það, hvernig gjaldið skuli lagt á, heldur að það skuli vera mismunandi og ákveðið eftir reglugerð, sem bæjarstj. samþ.

Það, sem er tekið fram í gr., við hvað eigi að miða, er íbúafjöldi, eftir því hvað húsið er verðmætt, miðað við fasteignamatsverð. Þá fæ ég ekki betur séð en að þarna verði að miða við eiganda hússins, en ekki húsið sjálft, því að ef gjaldið ætti að vera mismunandi, eingöngu miðað við íbúafjölda hússins, þá hlyti slíkt að koma þannig út, að þeir, sem væru fátækastir og skulduðu mikið út á sín hús, yrðu að greiða mest gjald, og þá er ekki náð þessari meginreglu, sem ætlazt er til af hv. flm.

Ég veit, að hv. þm. Ísaf. hefir verið hér að undirstrika l. um vatnsveitu í Reykjavík, þar sem gjaldið, sem greiða á til bæjarins fyrir vatn, er mismunandi eftir íbúafjölda. En þetta er ekki samhærilegt vegna þess, að þetta gjald er raunverulega ekki skattur, heldur er það aðeins greiðsla á andvirði vatnsins, sem látið er eigendum húsanna í té, og því getur það ekki talizt skattur frekar en greiðslur fyrir t. d. gas eða rafmagn. Það er þess vegna engan samanburð hægt að gera á þessu, því að með vatnsveitugjöldin er gengið út frá því, að greitt sé eftir íbúafjölda, og þar er fylgt þeirri meginreglu, að þar, sem íbúarnir eru fleiri, þar verða gjöldin hærri.

Ég er alveg undrandi yfir því, að löggjafinn skuli vilja setja slík ákvæði, hvernig eigi að skattleggja íbúa þessa kaupstaðar, vegna þess að það er útilokað annað en að þar verði beitt misrétti.

Ég vil nú taka dæmi, tvö hús á Ísafirði. Annað tilheyrir efnuðum borgara, hitt fátækum. *Eigi nú að fylgja reglu hv. 1. landsk., að leggja á eftir efnum og ástæðum*, þá á sá vitanlega að greiða hærri skatt af sínu húsi, sem efnaðri er. En ef efnaði maðurinn selur sitt hús fátæka manninum, hvernig á þá að fara að? Fylgir þessi hái skattur þá húsinu áfram, eða á að lækka skattinn af því að fátæki maðurinn er orðinn eigandi hússins? Ég fæ ekki séð, ef á að fylgja þessari meginreglu, að leggja á eftir efnum og ástæðum, að komizt verði hjá að breyta gjaldinu af þessu húsi. Þannig getur þá bæjarstj. lagt þessi gjöld á eftir því sem henni þykir við eiga í hvert skipti. Ég efast um, að þetta sé ekki brot á 36. gr. stjórnarskrárinnar, að engan skatt megi á leggja breyta né af taka nema með lögum. Það er að vísu lögbundið, að ekki megi fara upp yfir visst hámark, 1%, en annars er bæjarstj. frjálst, innan hvaða takmarka þetta gjald er sett. Það er því fullkomlega athugunarmál fyrir hæstv. forseta, hvort hann vill ekki vísa þessu máli frá, sem brjótandi í bág við stjskr. Í frv. eru líka ákvæði, sem brjóta í bág við gildandi l., án þess að tekið sé þá fram um leið, að þau ákvæði eigi að nema úr gildi. Í 3. gr. er gefið veð fyrir 2 ára vöxtum, sem brýtur í bág við ákvæði um, að vextir hafi ekki veð í fasteign nema eitt ár frá gjalddaga. Væri því ástæða til að setja í frv., að það ákvæði væri þá úr gildi numið. Ég tel þess vegna, að það sé a. m. k. ekki gott til eftirbreytni, ef þetta frv. verður samþ., og löggjafinn fer inn á þá braut, að láta

þann meiri hl., sem á hverjum tíma ræður í einstökum kaupstöðum, geta jafnvel ráðið því, hvort borgararnir eiga í þessu tilfelli að greiða svona og svona háan skatt af sínum eignum, en í öðrum tilfellum tífalt lægri, sem í mörgum tilfellum getur orðið til óánægju og tortryggni gagnvart þeim, sem með það fara. Löggjafinn á að ákveða, hvernig með þetta skuli fara, en ekki gefa bæjarstj. það frjálst.

Guðbrandur Ísberg: Þetta frv., sem hér liggur fyrir, um bæjargjöld á Ísafirði, er eitt af þremur frv. með svipuðu nafni, sem borin hafa verið fram í þessari d. Tvö þeirra hafa nú verið afgr., annað þeirra, um bæjargjöld í Vestmannaeyjum, hefir verið afgr. til Ed., hitt frv., um bæjargjöld á Akureyri, var fellt við 2. umr.

Þessi tvö frv. voru sama eðlis, þau heimiluðu bæði að leggja á vörugjöld til bæjarsjóðs. Skoðanir manna á þessum frv. voru nokkuð skiptar. Jafnaðarmenn lögðust á móti þeim af þeirri ástæðu, að þetta kæmi jafnt niður á öllum, sem vörunnar neyttu, jafnt ríkum sem fátækum. Var því ekkert við því að segja, þó að þeir út frá sínu sjónarmiði greiddu atkv. á móti frv. Framsóknarmenn aftur á móti voru á móti frv. um bæjargjöld á Akureyri af þeirri ástæðu, að þar væri einnig seilzt til manna, sem byggju utan Akureyrar. Aftur á móti greiddu þeir atkv. með frv. um bæjargjöld í Vestmannaeyjum til Ed.

Hér liggur nú fyrir þriðja frv. af þessu tægi, frv. um bæjargjöld á Ísafirði, og það er byggt á allt öðrum grundvelli. Vil ég þegar taka það fram, að ef það hefði verið byggt á sama grundvelli og hin tvö frv., þá hefði ég hiklaust greitt því atkv. Hér er aftur á móti gert ráð fyrir, að ríkissjóði sé aflað tekna á tvennan hátt, annarsvegar með fasteignagjöldum, mjög breytilegum, og hinsvegar með bæjarrekstri á uppskipun.

Það hefir verið bent á það hér, að þessi bæjarrekstur á uppskipun getur verið ákaflega hæpin leið til tekjuöflunar fyrir bæjarsjóð. Það er viðurkennt yfirleitt, að opinber rekstur sé dýrari en hjá einstaklingum. Þar er miður gætt hagsmuna atvinnurekstrarins. Því er hætt við, að ef ekki yrðu hækkuð þau gjöld, sem hingað til hafa verið greidd fyrir uppskipun vara, þá yrði hagurinn lítill. Það er því augljóst, að þó látið sé í veðri vaka, að afgreiðslugjöldin muni ekki hækka, þó bærinn taki skipaafgreiðslu alla í sínar hendur, þá muni eigi svo verða í reyndinni, heldur reka fljótt að því, að gjöldin yrðu hækkuð. Ég er mótfallinn opinberum rekstri bæjarfélaga á uppskipun, tel slíkan rekstur betur kominn í höndum einstaklinga, þann veg verði hann borgurum hagkvæmastur og ódýrastur.

Viðvíkjandi fasteignaskattinum, þá er hann ákaflega mismunandi, eins og bent hefir verið á, eða frá 1% til 1‰. Þetta hljóta menn undir eins að reka augun í, en hinu bjóst ég þó ekki við, að það lægi á bak við, sem nú hefir verið yfir lýst, að þetta mismunandi háa gjald sé sett með það fyrir augum, að leggja megi það á eftir efnum og ástæðum. Þessu var lýst yfir af hv. 1. landsk. Hann orðaði það svo: Ég tel það kost við álagninguna, að henni má haga eftir efnum og ástæðum þeirra manna, sem fasteignirnar eiga. — Ég vil leyfa mér að mælast til þess við hv. þm. Ísaf., sem flytur þetta mál, að hann taki vel eftir þessari yfirlýsingu, sem ég skrifaði orðrétt upp eftir hv. 1. landsk. Þetta gerir æðimikinn mun. Það má benda á það með nokkrum rétti, að breytileg ákvæði um fasteignagjald gerir æðimikinn mun. Það má benda á það með nokkrum rétti, að breytileg ákvæði um fasteignagjald eru til í öðrum l., en þar er þó alstaðar útilokað, að hægt sé að leggja það á eftir efnum og ástæðum.

Hv. 8. landsk. benti réttilega á það, að með þessu móti yrði að færa gjald af húseign ýmist upp eða niður, eftir því hver eigandinn er. Ef maður, sem er talinn ríkur, á hús skuldlaust, skulum við segja, þá fær hann ákveðið fasteignagjald samkv. sínum efnahag. En svo selur hann húsið manni, sem á það í skuld og á engar aðrar sérstakar eignir, þá á að verða breyt. á þessu gjaldi, því að það skal vera lagt á eftir efnum og ástæðum. Þannig getur verið, að verði að breyta aftur og aftur fasteignagjaldi af sömu eigninni, og með þessu er þá komið út í hreinar ógöngur.

Með þessu er þó ekki sagt, að ég eða við sjálfstæðismenn séum því mótfallnir, að sum gjöld séu lögð á eftir efnum og ástæðum. Við viðurkennum t. d., að rétt sé að leggja útsvör á eftir efnum og ástæðum og einnig tekju- og eignarskatt, ekki aðeins hækkandi eftir hækkandi eignum og tekjum, heldur einnig stighækkandi. Svo langt getum við gengið. En það er til of mikils mælzt, að fara fram á það, að við göngum svo langt, að samþ. það, að þein fasteignagjöld verði lögð á eftir efnum og ástæðum, eins og hér er lýst yfir, að eigi að gera. Ég hlýt að ganga út frá því, að hér sé ekki um misskilning að ræða, þar sem fyrir liggur yfirlýsing af hálfu hv. 1. landsk. Þó mætti kannske beina þeirri fyrirspurn til hv. þm. Ísaf., hvort hann hefir nokkuð við nefnda yfirlýsingu að athuga. Sé svo, gerir hann væntanlega grein fyrir sinni skoðun á því atriði.

Finnur Jónsson: Ég hafði hugsað mér að leiða þessar umr. hjá mér, og mun gera það eftir því sem unnt er. Þó vil ég drepa á nokkur veigamestu atriðin í þessu máli. Hv. þm. Ak. hafði það eftir hv. 1. landsk., að þessi gjöld, sem hér um ræðir, ætti að leggja á eftir efnum og ástæðum. Ég hefi ekki heyrt hv. 1. landsk. segja þetta, og held ég því, að það sé misskilningur hjá hv. þm. Ak., að hv. 1. landsk. hafi sagt nokkuð í þá átt. Annað mál er það, að fyrir liggur yfirlýsing um það, að þessi skattstigi eigi að notast til þess að leggja á hús nokkuð eftir því til hvers þau eru notuð.

Nú er það kunnugt, að þess eru nokkur fordæmi, að skattstiginn sé nokkuð tilfæranlegur. Ég er því undrandi yfir því, að þeir hv. þm. Reykv., sem talað hafa í þessu máli, skuli ekki geta áttað sig á jafneinföldum hlut og því, að hér er ekkert nýtt á ferðinni í raun og veru. Í lögum um vatnsskatt í Rvík segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„... Upphæð skattgjaldsins alls ákveður bæjarstj., en hún má eigi fara fram úr 5‰ (fimm af þúsundi) af brunabótavirðingu húseigna, er skatti þessum eiga að svara. Skatturinn skal lagður á hinar einstöku húseignir eftir gjaldskrá, með flokkun eftir hæð virðingarverðs og tölu íbúða í húsunum, og má eigi nema meira en 6‰ af brunabótavirðingu á neinni húseign ...“.

M. ö. o. þarna er fordæmi um vatnsskatt, sem á að jafna niður eftir virðingarverði og eftir tölu íbúða í húsinu. En nú hefir mér verið sagt, að þetta sé þannig „praktiserað“, að ef um mjög stórt hús er að ræða, sem aðeins ein fjölskylda býr í, þá lendi það hús í ódýrasta flokki.

Meiri hl. bæjarstj. Ísafjarðar ætlar að hafa skattinn hæstan á dýrustu húsunum, sem fáir menn búa í. Ég skil vel, að þeim, sem leggja vilja hæstan skatt á fátæklingana, eins og gert er í Rvík, þyki þetta slæmt áform hjá meiri hl. bæjarstj. Ég hefi heyrt, að sumum þætti þessi skattstigi nokkuð víður. En hvað segir hv. þm. Ak. t. d. um lóðagjöld á Akureyri, sem ákveðin eru frá 1 kr. af þús. upp í 2 kr. af þús.? Er það ekki nokkuð víður skattur? Hvers vegna kemur hv. þm. ekki með till. um breyt. á þessu, ef honum finnst bæjarstj. Akureyrar hafa misnotað þetta? Í rauninni er ekkert nýtt í þessum fasteignamatslögum; þvert á móti eru þau nokkuð mikið sniðin eftir lögum, sem áður voru til.

Mér heyrðist á hv. 8. landsk., að hann væri að beina því til hæstv. forseta, að hann visaði þessu máli frá, vegna þess að í frv. væru ákvæði, sem brytu í bága við gildandi lög, án þess að tekið væri fram, að þau væru felld niður með frv. Hann tiltók sérstaklega eitt atriði, sem hann sagði, að kæmi í bága við gildandi lög. Það er ákvæðið um, að fasteignagjald ásamt dráttarvöxtum hvíli sem lögveð á viðkomandi fasteign í tvö ár. Hv. 8. landsk. breiddi mikið úr sér með lögþekkingu sinni, eins og hann er vanur og eins og þetta væri einsdæmi, en samt væri æskilegt, að þessi lögfróði maður kynnti sér lögin, sem um þetta gilda hér í Rvík. Ákvæðið um það, að fasteignagjald hvíli sem lögveð á viðkomandi eign ásamt dráttarvöxtum í 2 ár, er einmitt nákvæmlega shlj. 5. gr. l. nr. 36 4. júní 1924, um fasteignagjöld í Rvík. Þegar lagzt er svo mjög á móti þessu frv., að fram eru fluttar aðrar eins fjarstæður og þetta, þá fer ég að skilja, af hvaða rótum þessi andstaða er runnin, því að það er hverjum heilvita manni ljóst, að mikið af því, sem hefir verið notað hér sem rök gegn þessu frv., er svo gersamlega tilhæfulaust, að undrun sætir, að hv. þdm. skuli láta annað eins frá sér fara.

Mörg ákvæði þessa frv., sem hér liggur fyrir. eru nákvæmlega hliðstæð ýmsum lagaákvæðum viðvíkjandi fasteignagjöldum til bæjasjóða. Fasteignagjald af húsum hér í Rvík má samkvæmt þessum lögum, sem ég minntist á áðan, vera 8 kr. af þúsundi, og eftir vatnsskattslögunum allt að 6 kr. af þúsundi, eða alls 14 kr. af þúsundi. En það, sem farið er fram á í þessu frv., er samtals 10 kr. af þúsundi — sem hámark — og ekki er gert ráð fyrir því, að notuð verði heimildin um vatnsskatt, sem þó er notuð í flestum bæjum landsins. Þegar þess er gætt, að fasteignagjald á Ísafirði yrði eftir frv. 10 kr. af þús., en er hér í Rvík 14 kr. af þús., þá sýnir það sig, að það er útilokað að halda því fram, að hér sé verið að búa til einhvern óstjórnlegan skattstiga, sem geti orðið stórkostlega misnotaður gegn pólitískum andstæðingum bæjarstj.

Ég hirði eigi um að fara neitt út í pólitískar árásir af hálfu hv. 3. þm. Reykv. í þessu máli. Hann sagði t. d., að tilgangurinn með þessu frv. væri enginn annar en að misnota heimildir laganna. Einnig sagði hann m. a., að ég sérstaklega sem flm. málsins hefði farið með vísvitandi ósannindi í málinu. Ég neita því algerlega, og ég býst við, að sú aths., sem hv. þm. hefir gert við mína ræðu, sé sama eðlis og þær aths., sem hann gerði við endurskoðun sparisjóða hérna um árið, meðan hann sinnti því starfi.

Frsm. meiri hl. (Stefán Jóh. Stefánsson): Ég vil aðeins segja nokkur orð út af því, sem hv. þm. Ak. minntist á í sinni ræðu. Hann hélt því fram, að ég hefði sagt, að það ætti að leggja þennan fasteignaskatt, sem frv. gerir ráð fyrir, á húseigendur almennt eftir efnum og ástæðum. Þetta vil ég leiðrétta, því að það er misskilningur hjá hv. þm. Ég sagði aðeins, að réttlátt væri, að leyft yrði með þessu frv. að leggja húsaskatt á húseigendur eftir efnum og aðstæðum þeirra gagnvart húsunum og notkun þeirra, en ekki með tilliti til þess, hvort t. d. einn húseigandi ætti 100 þús. kr. í sparisjóði, en annar ekki neitt, þannig að endilega ætti að leggja hærri skatt á þann, sem ætti 100 þúsundirnar heldur en hinn, sem ekkert ætti. Ég hélt því fram, að þennan skatt ætti að leggja á eftir því, hvernig menn notfærðu sér fasteignir sínar, — m. ö. o. að gefin væri heimild til þess að leggja á smávegis „luksus“-íbúðaskatt. Þetta eitt átti ég við, en ekki, að skattur þessi skyldi lagður á eftir efnum og ástæðum almennt. Þetta vildi ég aðeins leiðrétta, en ég sé ekki ástæðu til þess að fara neitt út í ræður annara hv. þm. Þó vil ég bæta við fáeinum orðum út af því, að hv. 3. þm. Reykv. sagði, að þessi skattur, sem hér um ræðir, mundi vera einsdæmi í öllum heiminum. Ég hygg þetta vera rangt hjá hv. þm., því að víða erlendis er lagður slíkur skattur, mismunandi hár, eftir því hvort stórar eða litlar íbúðir er um að ræða, m. ö. o. sérstakur stóríbúðaskattur. Slíkur skattur var algengur í Vínarborg á sínum tíma, en fyrir hann voru verkamannabústaðirnir í Vín byggðir. Svipuð hugsun lá til grundvallar fyrir hinum svokallaða þjónustufólksskatti í Vín, sem var stighækkandi skattur, sem lagður var á húsbændur, sem höfðu ákveðna tölu þjónustufólks. Þannig borgaði maður með meðalheimili og eina þjónustustúlku engan sérstakan skatt fyrir það, en maður, sem hafði samskonar heimili en aftur á móti 2—4 þjónustustúlkur, varð að borga sérstakan skatt fyrir hverja stúlku, sem umfram var 1—2, eftir því hvað fjölskyldan var stór, og svo hækkaði skatturinn eftir því, sem þjónustufólkið var fleira. Þessi skattur var mikið notaður í Vín og var vitanlega illa þokkaður af

skoðanabræðrum hv. sjálfstæðismanna, en að sama skapi var hann vel þokkaður af alþýðunni í borginni. (**JJós**: Hún er nú búin að vera í Vín). Já, og það getur vel verið, að hv. þm. hlakki yfir því, að búið er að leggja í rústir hina glæsilegu verkamannabústaði Vínarborgar af skothríðum herliðs, sem sigað var á fátæka, atvinnulausa og umkomulausa verkamenn þar í borginni.

Það má vel vera, að hv. þm. Vestm. sjái ástæðu til þess að gleðjast yfir stjórnarskiptunum í Vínarborg, en ég get ekki tekið þátt í þeirri gleði hans.

Jakob Möller [óyfirl.]: Ég get skilið það, að hv. þm. Ísaf. geti fundið sambandið milli vatnsskatts og fasteignaskatts, en hitt er mér með öllu óskiljanlegt, hvernig hv. 1. landsk. getur fundið samband milli stóríbúðaskatts og vatnsins. Það er skiljanlegt, að menn geti glæpzt á því að rugla saman sköttum, sem borgaðir eru til ákveðinnar fullnægingar á þörfum, t. d. vatns- og fasteignaskatti, vegna þess að þau gjöld eru miðuð við matsverð á fasteignum, en hvaða samband er á milli vinnukvenna og íbúða beinlínis í þessu efni, get ég ekki skilið, og það væri æskilegt, að hv. 1. landsk. útskýrði það nánar. Viðvíkjandi því, sem hv. 1. landsk. sagði um stóríbúðaskatt og venjulegan fasteignaskatt, vil ég taka það fram, að ég hefi ekki neitað því, að sérstakur stóríbúðaskattur kynni að vera til. Hinsvegar hefi ég neitað því, að rétt væri að rugla saman almennum fasteignaskatti og slíkum skatti sem stóríbúðaskattur er.

Þá vil ég víkja fáeinum orðum að hv. þm. Ísaf. Það var beðið eftir því með óþreyju, að hann léti ljós sitt skína yfir þetta mál. En það ljós var svipað og þegar frv. kom frá hans hendi fyrst, svo að frv. þarf nokkurrar skýringar og lagfæringar við, enda þótt það hafi töluvert verið heflað til af hv. n. Ég hafði gaman af útreikningi hv. þm., þegar hann fór að bera saman fasteignagjald í Reykjavík og á Ísafirði. Hann sagði, að á Ísafirði væru þau aldrei meira en 10‰, en í Reykjavík 8+6 = 14‰. Ég gæti vel trúað, að fasteignaeigendum í Reykjavík færi ekki að litast á blikuna, ef þeir fengju þessar upplýsingar, en þeir kunna að kyrrast, þegar þeir frétta, hvernig hv. þm. komst að annari eins niðurstöðu. Sannleikurinn er sá, að í Reykjavík er greitt 6‰ af lóðum og 8‰ af húseignum, en hvernig hv. þm. hefir dottið í hug að leggja þetta saman, er mér lítt skiljanlegt. Þessar tvær tölur má að sjálfsögðu ekki leggja saman, því að þær eru miðaðar við sitt hvað. Ef allt, sem frá þessum hv. þm. kemur, er á sömu bókina lært og þetta atriði, þá þarf enginn að undrast, þótt það sé dálítið kynlegt. Annars var ekkert í ræðu hv. þm., sem þarf að svara, því að það var allt marghrakið fyrirfram, en hann hrakti alls ekki það, sem við andstæðingar frv. héldum fram í sambandi við það. Bæði þessi hv. þm. og aðrir hv. þdm. ættu að geta gert sér grein fyrir því, að vatnsskatturinn er að sjálfsögðu miðaður við vatnsnotkunina. Þess vegna er hann tiltölulega hærri á húsum, sem margir búa í, heldur en á húsum, sem fáir búa í. Ég held jafnvel, að hús geti verið vatnskattsfrjáls, ef ekkert vatn er notað í þeim. Þetta er vitanlega alveg réttlátt. Hv. þm. fær því engan stuðning í þessu við það fasteignaskattsfyrirkomulag, sem hann vill innleiða á Ísafirði.

Hv. 1. landsk. hefir víst þótzt bæta sinn málstað dálítið með því að slá því föstu, að það, sem hann ætti við með því að segja, að æskilegt væri, að fasteignaskatturinn yrði lagður á eftir efnum og ástæðum, væri það, að aðeins væri miðað við húsin sjálf út af fyrir sig, en ekki efni og ástæður að öðru leyti. En með þessu gerir hann sinn málstað enn verri, því að nú er einmitt kominn fram sá tilgangur, sem gert var ráð fyrir, að væri falinn í þessu frv., að taka húseignir og leggja á þær eins og þær gerðu menn stórrika, út af fyrir sig bara af því, að þær væru stórar, enda þótt þær séu veðsettar upp í topp og skuldir hvíli á þeim. — Annars kom ekkert nýtt fram, sem þarf að svara.

Jóhann Jósefsson [óyfirl.]: Það er hálfeinkennilegt, og þó ekki, að málssókn skuli vera hafin af hálfu hv. 1. landsk. í þessu máli fyrir bæina. Þegar Ísafjörður á í hlut, þá sér hv. þm. ekkert athugavert við það, þótt komið sé hér með tvær nýjar skattaleiðir. En þegar önnur bæjarfélög eiga í hlut, þá fyllist þessi hv. þm. vandlætingu og finnst allt vera óréttmætt og ósanngjarnt, sem farið er fram á. Ég get ekki séð svo mikinn eðlismun á þessu tvennu, því að það er búið að lýsa yfir því, að þetta frv., sem hér liggur fyrir, sé borið fram til tekjuöflunar til þess að greiða fé fyrir bæjarfélag það, sem hér um ræðir. Ég get ekki séð mikinn eðlismun á því, hvort bæjarfélag græðir fé á því að banna öllum öðrum en sjálfu sér að hreyfa við uppskipun á vörum, eða það leggur nokkra aura á hverja vörueiningu, eins og víða tíðkast. Hv. 1. landsk. lætur sem hann hafi ástæðu til þess að líta sérstaklega á þessa leið, þ. e. að grímuklæða vörugjaldið með þessu frv. En litilfjörlegt, mjög smávægilegt gjald í öðrum kaupstöðum, sem enginn finnur til, vegna þess að því er stillt svo í hóf, er í augum hv. 1. landsk. ólöglegt, að frv. um það ber að sjálfsögðu að fella að hans dómi.

Ég er ekki hrifinn af málsflutningi þessa hv. þm. hér á hv. Alþ., og sé málflutningur hans í því starfi, sem hann aðallega hefir með höndum, á eins miklum holklaka byggður eins og hér á þingi, sérstaklega í þessu máli, þá þykir mér líklegt, að þess verði einhverntíma vart. Það gætir svo mikilla óheilinda í framkomu hv. þm. í þessu máli. Samt er mönnum vel kunnugt um, hvernig ástatt er í þessum efnum. Það er verið að leita að leið til þess að fá bæjarsjóði peninga, en á hann er herjað daginn út og daginn inn bæði af föstum starfsmönnum bæjarfélagsins og af mönnum, sem lögum samkv. eiga tilkall til hjálpar úr bæjarsjóði, og því miður er það svo, að hinn nýi siður, sem haldið hefir innreið sína í landið undanfarin ár, hefir m. a. fært það með sér, að fólkið leitar ekki síður á náðir bæjarfél. heldur en áður var gert. Því miður er hægt að nefna þess mörg dæmi,

að vinnandi menn hafi krafizt hjálpar bæjarfélags, oft og tíðum á mjög hæpnum grundvelli, svo að ekki sé meira sagt. Slíkt þekktist varla fyrir nokkrum árum. Auk þess er það kunnugt, að í kaupstöðum úti á landi a. m. k. eru útsvörin nú orðið aðeins á pappírnum. Það er nú orðið mjög erfitt að ná inn meiru en svo sem ⅔ af útsvörum, og sjá þá allir, að hverju stefnir í þessum efnum. Er vitanlega ekki til önnur leið en sú, að minnka að miklum mun útgjöld bæjarfélagsins eða auka tekjur þess. En að minnka útgjöldin er enginn hægðarleikur, því að þau eru mest fastir póstar, svo sem kostnaður við skólahald o. fl., sem er bundið í l. Þá vita og allir, að hvert bæjarfélag virðist leggja fram krafta og fé til að halda uppi atvinnubótavinnu svokallaðri. En þetta bæjarfélag, sem hér um ræðir, þarf að nota vöruflutninga, sem fara um höfnina, til þess að afla fjár í bæjarsjóð. Hvernig getur þá hv. þm. haft á móti þessum gjöldum, þegar um önnur bæjarfélög er að ræða? Það eru engin rök, þótt hann segi, að einhver privat maður græði á þessu. Bæjarfélagið hefir leiðir til að ná aftur nokkru af þeim gróða, þar sem eru útsvörin, og hann er venjulega ekki svo myrkrum hulinn, að niðurjöfnunarn. komi ekki auga á hann.

Það er hægt að segja, að Ísafjörður hafi sérstaklega auðvelda aðstöðu í þessu efni. Skipin liggja þar við land, og er hægt að reikna það nákvæmlega fyrirfram, hvað kostar að skipa upp hverju tonni, því að þar, sem skip leggjast við bryggjur, geta náttúruöflin ekki haft veruleg áhrif á þann kostnað.

Þetta, að taka vörugjald í bæjarsjóð, hefir hv. þm. fordæmt hjá okkur og kallað neyzluskatt. En hann hefir, eins og kunnugt er, sjálfur greitt atkv. með neyzluskatti, svo sem viðauka við verðtoll o. fl. Þetta allt er því ekki annað en vefur af óheilindum. Hann ræðst á það í öðru orðinu, sem hann ver í hinu. Hann fordæmir fjáröflunaraðferð hjá öðrum, sem hann ver hjá hinum, reyndar undir dálítið grímuklæddri aðferð. Það þarf eflaust bæði lærðan mann og vanan málflutningsmann til að verja þetta, svo að menn sjái ekki í gegnum það, og áreiðanlega þarf til þess skarpari mann en hv. 1. landsk., því að svo gagnsæ er hræsnin hjá honum. Væri honum nær að kasta heldur grímunni til fulls.

Ég sagði í gamni, þegar hv. þm. beindi því til okkar sjálfstæðismanna án tilefnis, að flokkur *hans í Vín hefði á sínum tíma haft* þessa og þessa skoðun á vinnukonum, „húsholdningu“ o. fl., að flokksbræður hans réðu ekki í Vín, því að mér virtist hann vilja láta flokksbræður sína þar hafa sérstöðu í þessu efni. Hann sagði út af þessu, að ég hefði verið að hlakka yfir því, að uppreisn hefði orðið í Vín og verkamannabústaðir verið skotnir í auðn. Svo blóðþyrstur er ég nú ekki, og ég hygg, að slyngari málafærslumann þurfi til en hann er að sanna, að ég vilji láta skjóta niður hús manna.

En af því að hann tók þessu grænkulausa gamni mínu svona, þá vil ég minna hann á, að það voru flokksbræður *hans*, sem komu því til leiðar, að Dollfuszstjórnin varð að grípa í taumana eins og hún gerði. Þeir kunnu ekki þar frekar en annarsstaðar að taka sinn deildan verð í völdunum. Þeir vildu hafa meiri völd en þeim bar og landslýðurinn vildi láta þá hafa. Það, að þeir voru búnir að undirbúa þessa uppreisn og komu henni af stað, leiddi það af sér, að Dollfuszstjórnin neyddist til að jafna á þeim gúlana, þó að við það tækifæri væru skotnir niður verkamannabústaðir og önnur hús. Þetta er hv. þm. kunnugt. En þessu fór hann framhjá, og er því rétt, að það sé upplýst hér í d.

Sagnir segja, að hér á Íslandi hafi ríkt mestur friður — áður en Sturlungaöld hófst — áður en höfðingjar fóru að deila innbyrðis og hætta að láta sér nægja völd þau, er þeir höfðu að réttu lagi. Það leiddi af sér ófrið, þegar flokkadeilur urðu svo miklar, að hver vildi sitja yfir annars hlut. Undirrót hinna sorglegu atburða í Vín var sú, að marxistar kunnu sér ekki hóf um völdin. Þeir sóttust eftir meiri völdum en þjóðin gat þolað. Þetta varð undirrótin að því, að Dollfuszstjórnin varð að gera það, sem hún gerði. Af þessu getur hv. þm. dregið lærdóma í framtíðinni. Annarsstaðar hafa líka svipaðar orsakir leitt til svipaðra atburða. Það getur komið fyrir hvar sem er, þar sem þeir, er völdin hafa, misbeita þeim eins mjög og þessir menn gerðu í Austurríki.

Forseti (JörB): Þessar umr. eru nú komnar alllangt frá efninu, og vil ég beina til hv. ræðumanns þeim tilmælum, að hann haldi sér sem mest við mál það, sem til umr. er. Fer ég þess á leit við hv. ræðumann, að hann noti ekki þingtímann til að gera upp sakir með erlendum þjóðum. Frekari umr. um þetta verða ekki leyfðar.

Frsm. meiri hl. (Stefán Jóh. Stefánsson): Það var sem komið hefði við skapsmuni hv. þm. Vestm., þegar ég benti á, að hlakkað hefði í honum yfir því, að nú væri önnur stj. í Vín en áður var. Vona ég, að hæstv. forseti telji það ekki óhæfilegt, þó að ég minnist á Vín fáum orðum. **(Forseti:** Ég óska þess, að hv. þm. blandi ekki þessu máli inn í umr.). Ég vil fá að leiðrétta ranga frásögn og ósannindi, sem fram komu hjá hv. síðasta ræðumanni um þetta.

Fyrst vil ég þó drepa fáum orðum á það, sem hv. þm. sagði og lagði áherzlu á, að afstaða mín í tekjuöflunarmálum bæjarfélaganna væri óhrein. Ég hefi áður sýnt fram á, að þessi réttur til uppskipunargjalda á Ísafirði er annars eðlis en vörugjöld þau, sem hv. þm. vill fá fyrir sitt kjördæmi. Hann á ekki að leiða til þess, að vöruverð hækki, heldur til þess, að gróði einstakra manna falli niður, en sá gróði renni til bæjarins í staðinn. Hér er því ekki um grímuklædda afstöðu að ræða, eins og hv. þm. sagði.

Þá lét hann það í ljós, að honum geðjaðist ekki að málflutningi mínum á Alþingi, og vék hann í því sambandi að mínu borgaralega starfi og gaf í skyn, að ég væri því ekki vaxinn. Það læt ég sem vind um eyru þjóta. En þessi orð hans minntu mig á orð eins af merkustu *mönnum þessa lands, sem nú er nýlátinn*. Hann sagði, þegar hann varð fyrir ádeilu af andstæð-

ingi sínum: Næst hrósi góðra manna eru mér geðþekkar árásir óvandaðra manna. — Ég vil taka undir þessi orð hins látna merkismanns og segja: Næst hrósi þeirra manna, er ég met mikils, eru mér geðþekkar árásir þeirra manna, er ég met lítils.

Þá vil ég, með leyfi hæstv. forseta, víkja fáum orðum að því, sem hv. þm. sagði um Austurríki. Ég skal vera stuttorður og ekki nefna Vín, en Dollfusz kemst ég víst ekki hjá að nefna. Ég þarf að leiðrétta sögulegar villur og pósitívar rangfærslur hv. þm. á þessum viðburðum. Hann sagði, að drápin á verkamönnum og skotin á verkamannabústaðina hefðu stafað af því, að sósialistar hefðu heimtað meira vald en þeir áttu rétt til. Svo mjög snéri hann við staðreyndum, að hann gat þess ekki, að Dollfusz hafði tekið sér einræðisvald, þvert ofan í landslög og stjórnarskrá ríkisins. Hann lét ekki kosningar fara fram, heldur setti þingið út úr starfsemi og tók sér einræðisvald með stjórnarskrárbroti. Þetta eru svo viðurkennd sannindi, að ég hélt, að hv. þm. hlyti að vita það og gerðist ekki svo djarfur að snúa við hlutunum á þennan hátt. Það voru því ekki sósialistar, sem leituðust við að taka meiri völd en þeim bar, heldur voru það þeir, sem mest hömluðu upp á móti ofríki flokks, sem gegn landslögum tók sér einræðisvald. Allir vissu, að sá flokkur, sem stóð að þessu, hafði ekki til styrktar sér meira en 1/10 hluta af þjóðinni. Nazistarnir, hálfgerðir skoðanabræður hv. þm. Vestm., voru andvígir Dollfusz, sama var að segja um hinn mikla sósialdemókrataflokk og eins kommúnistaflokkinn og nokkuð marga smáborgaralega milliflokka. Flokkur Dollfusz hafði því sáralítinn hluta þjóðarinnar með sér. En gegn vilja landsmanna hrifsaði hann völdin. Því vildu verkalýðsfélögin ekki una. Þegar Dollfusz og hans menn sáu, að þeir myndu ekki nógu voldugir til að halda velli með öðrum hætti, var gripið til blóðbaðsins alkunna. — Ég hefi þá leiðrétt þessi öfugmæli og vona, að hæstv. forseti virði mér til vorkunnar, þó að ég vildi ekki láta því ómótmælt að sögulegar staðreyndir væru rangfærðar á þennan hátt.

Forseti (JörB): Ég vona, að hv. þm. geri ekki utanríkispólitík að umr.efni hér.

Jóhann Jósefsson: Það er sjálfsagt að láta að orðum hæstv. forseta, þó að ég hefði í rauninni mörgu að svara. En tilefni til þessara umr. voru orð hv. 1. landsk., sem sótti dæmi í þetta land, Austurríki, og þá borg, Vín, sem hér hafa verið gerð að umtalsefni. Ef hæstv. forseti er óánægður með umr., ætti hann að beina spjótum sínum þangað, sem heldur skyldi.

Annars hafði ég gaman af því, að hv. 1. landsk. varð gramt í geði, er ég sýndi fram á, að engin heil brú er í framkomu hans á þingi í máli því, sem hér er til umr. Hjá þessu gat hann ekki komizt, því að hann hefir sjálfur hleypt sér í þessa gildru. Hann mælir á móti vörugjöldum hjá Vestmannaeyingum og öðrum, en mælir með þeim, þegar Ísfirðingar eiga í hlut, þó að það sé þar nefnt öðru nafni. Er ekki til neins fyrir hv. þm. að kippa sér upp við það, þó að bent sé á svona framkomu. Hann ætti að vita, svo lærður maður í málafærslu, að þar, sem snöggir blettir eru fyrir, verða þeir venjulega fyrir einhverju blaki.

Ég varð auðvitað fyrir miklum vonbrigðum, er ég heyrði, að hv. þm. metti mig ekki mikils. Ég veit ekki, hvernig fer fyrir mér, að verða að búa við slíkan vitnisburð af hans hálfu, að svona stór og stæðilegur maður og mektugur í höfuðborg landsins skuli ekki meta mig mikils. En ekki dey ég þó af því, og ég verð að reyna að þola það, þótt hv. þm. hafi þessa skoðun á mér. Enda hefi ég að undanförnu sótt mitt traust til þeirra manna, sem leggja annað á metaskálarnar en lögfræðingar og skinhelgir alþýðupostular, eins og þessi hv. þm.

En í sambandi við þetta sífellda luksustal, þetta þvaður um lúksusíbúðir, lúksusvinnukonur o. s. frv., manna, sem sýnast sjálfir vera hálfgerðir lúksusgripir í þjóðfélaginu, vil ég benda á, að það þarf ekki að vera neinn vottur um íburðarlíf, eða með orði hv. þm. lúksuslíf, þó að vinnukonur séu í einhverju húsi fleiri en ein, eða jafnvel fleiri en tvær. Getur það stafað af margskonar erfiðleikum, svo sem veikindum eða barnafjölda. Þegar svo er ástatt, er verra að komast af með litla hjálp en annars. Vinnukvennafjöldi er enginn ábyggilegur mælikvarði á efnahag.

Læt ég svo útrætt um ágreiningsefni okkar, að öðru leyti en því, að ég vil beina spurningu til hv. þm.: Ef allt er satt, sem hann sagði um Austurríki, hvernig stendur þá á því, að skoðanabræður hans hafa aldrei haft minna fylgi með þjóðinni en nú, og það eftir að þessi maður er að velli lagður, sem var mestur andstæðingur þeirra? Eðlilegast hefði verið, þegar harðstjórinn, er hann nefndi svo, var lagður að velli, að föðurlandsvinirnir hefðu tekið völdin, ef það hefði allt verið rétt, sem hv. þm. fór með. Á þessu fellur öll hans kenning, á þeirri staðreynd, að marxistarnir unnu ekkert á, þó að harðstjórinn væri fallinn. Sýnir þetta, hvaða falskenningar hv. 1. landsk var að fara með.

Umr. (atkvgr.) frestað um stund, en fram haldið síðar á fundinum.

Sigurður Kristjánsson: Ég vil leyfa mér að spyrja hæstv. forseta, hvort hann sér sér ekki fært að fresta atkvgr. um þetta mál og láta hana fara fram á fyrripartsfundi. Ég álít það viðkunnanlegra, þegar um svona prinsipmál er að ræða, að við atkvgr. um þau sé hv. þd. fullskipuð.

Forseti (JörB): Þetta mál hefir nokkuð dregizt aftur úr þeim málum, sem flutt voru á sama tíma og um sama efni, sem búin eru að fá afgreiðslu. Er það nokkuð af mínum völdum, af því að ég hefi tekið fyrir önnur mál til umr., sem varð til þess að tefja afgreiðslu þessa máls. Sakir þess, hve erfitt er um fundarsókn vegna lasleika hv. þingmanna, þá sé ég mér ekki fært að fresta nú afgreiðslu í málinu. Ég vil þá heldur gera það að till. minni, að hv. þm.

geri jöfnuð um málið við atkvgr., þannig að þm. sitji hjá við atkvgr., jafnmargir andstæðir í þessu máli þeim, sem vantar, ef atkvgr. skiptist í þessu máli eftir flokkum, sem ég veit þó ekki — að því tilskildu, að allir aðrir viðstaddir hv. þm. greiði atkv. um málið.

Finnur Jónsson: Ég legg áherzlu á þá ósk, að fá atkvgr. um þetta mál nú. — Viðvíkjandi atkvæðajöfnuði vil ég taka það fram, að hv. þm. V.-Ísf. er fjarverandi, en hann er málinu fylgjandi. (**SK:** Það vitum við ekki um).

Forseti (JörB): Hv. þm. V.-Ísf. mun vera í meiri hl. fjhn. í þessu máli, sem leggur til, að frv. verði samþ.

Sigurður Kristjánsson: Ég vildi benda á, að þegar svona stendur á, að lasleiki er á meðal þm., þá er það aðallega á kvöldfundum, sem þeir taka sér frí frá fundarsetu. Annars veit ég ekki, hvernig menn skiptast um þetta mál. Ég hefi ekki kynnt mér, hvort það er flokksmál eða ekki, eða að hve miklu leyti það er flokksmál. Þess vegna óskaði ég, að d. gæti verið nokkurn vegin fullskipuð, þegar atkvgr. um málið færi fram, og henni yrði því frestað nú. En þessi hv. d. er miklu oftar fullskipuð á fundum eftir hádegið heldur en á þessum tíma dags.

Garðar Þorsteinsson: Að sjálfsögðu er ekkert hægt við því að segja, þótt hæstv. forseti láti atkvgr. fara fram að umr. loknum, en án þess að ég vilji væna hann um hlutdrægni, efast ég samt um, að hann léti atkvgr. fara fram, ef þrjá af hans flokksmönnum vantaði í hv. d., en nú vantar þrjá hv. þm. úr Sjálfstfl., eins og hæstv. forseti sér.

Forseti (JörB): Það var ekki rétt hjá hv. 8. landsk. að geta þess versta til, þegar hann tók til máls, þar sem ég er nýbúinn að fresta atkvgr. um mál, sem flutt var af þm. úr flokki þessa hv. þm., og munu þó margir mæla, að það hafi verið að tefla á tæpasta vaðið, eftir því sem þingsköp leyfa. Nú stendur svo á, eins og hv. þdm. er kunnugt, að margir hv. þm. eru lasnir, og að sjálfsögðu get ég ekki sagt neitt um það, hvernig menn muni skipa sér í flokka við afgreiðslu þessa máls, því að hér er ekki um stórmál að ræða. En ef afgreiðsla málsins varðaði miklu, þá mundi ég taka tillit til óska manna, og það hefi ég gert til þess ýtrasta. Það hefir enginn hv. þm. nema þessi eini brugðið mér um hlutdrægni. Þessir hv. þm., sem hv. 8. landsk. talaði um, að vantaði í hv. d., hafa mætt hér á fundi í dag, að einum undanskildum. Hv. þm. Borgf. hefi ég veitt heimfararleyfi, sökum þess að hann var lasinn. Sé hann þessu máli mótfallinn, þá mundi ég sitja hjá við atkvgr. um málið, svo að þar er jöfnuður. Ég geri ráð fyrir því, að hv. þm. V.-Ísf. sé veikur. Um aðra hv. þdm., sem ekki hafa mætt, get ég ekki neitt sagt í þessu efni. Ég hefi engin skeyti um það fengið. — Ég mun því a. m. k. ekki fresta atkvgr. um þetta mál nema því aðeins, að hv. flm. þess gefi það eftir, og þá aðeins til næsta dags.

Finnur Jónsson: Vegna þeirra tafa, sem þetta mál hefir orðið fyrir, get ég ekki fallizt á, að atkvgr. um það verði frestað. Það er kunnugt, að fjöldi hv. þm. er veikur, og sumir hanga aðeins uppi, svo að það er ómögulegt að segja, hvernig verður hér umhorfs á morgun. Ég vil því óska, að atkvgr. verði látin fara fram núna.

Garðar Þorsteinsson: Ég þóttist ekki haga orðum mínum þannig, að hæstv. forseti þyrfti að rjúka upp á nef sér út af því. Ég sagðist ekki bregða honum um hlutdrægni, þótt ég hinsvegar leyfði mér að efast um, að atkvgr. færi fram, ef þrjá menn vantaði úr hans flokki. Þetta hefir kannske verið hreinskilni, sem hefði mátt liggja í láginni, en ef hæstv. forseti vildi spyrja fleiri hv. þdm. um álit þeirra á þessu atriði, þá þori ég að segja, að þeir væru ekki svo óhreinskilnir, að þeir létu ekki alveg sömu skoðun í ljós og ég hefi gert.

Annars er það vitanlegt, að þessir hv. stjórnarflokkar beita alltaf sama ofríkinu og ofbeldinu í næstum því hvaða máli sem er, en vitaskuld stendur hæstv. forseti þar ekki fremstur. Hann vill sýna pólitískum andstæðingum sínum sanngirni, en menn eins og hv. þm. Ísaf. taka aldrei tillit til neins nema að fá fram þeirra málstað með réttu eða röngu.

Forseti (JörB): Það má vera, að hv. 8. landsk. finnist ekki sérlega mikið um, þótt mönnum sé brugðið um að láta úrslit mála vera undir því komin, hvernig d. er skipuð í það og það skiptið, en ég tel það þó fullkomlega ámælisvert. Ég mótmæli því algerlega, að ég hafi gert tilraun til þess að láta atkvgr. máls vera undir slíkum atvikum komna. Ég get ekki um það borið, hver kunni að verða afdrif mála, eftir því hvernig d. er skipuð í það og það sinnið. Það er að vísu vorkunnarmál, þótt þm. vanti, þar sem mikil brögð eru að lasleika meðal hv. þm., en það eru þó takmörk fyrir því, hversu lengi er hægt að tefja afgreiðslu mála. (**GSv:** Er ekki bezt að hætta alveg við afgreiðslu málsins?). Ef menn vilja hætta við afgreiðslu allra mála, en þá þarf líka að gera það.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 16:12 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: ÞorbÞ, BJ, BÁ, BB, EmJ, EystJ, FJ, GG, HV, JG, MT, PZ, PÞ, SigfJ, SE, StJSt.

nei: TT, GÞ, GSv, GÍ, GTh, HannJ, JakM, JJós, JÓl, JónÞ, PHalld, SK.

JörB greiddi ekki atkv.

Fjórir þm. (ÁÁ, JS, ÓTh, PO) fjarstaddir.

Frv. afgr. til Ed.

Á 38. fundi í Ed., 30. marz, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 286).

Á 39. og 40. fundi í Ed., 1. og 2. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 41. fundi í Ed., 3. apríl, var frv. enn tekið til 1. umr.

Jón Auðunn Jónsson: Í grg. fyrir þessu frv. segir, að það sé flutt samkv. ósk bæjarstj. Ísafjarðar. Þetta ber að skilja þannig, að það sé flutt samkv. ósk meiri hluta bæjarstj., því að flutningi þess standa 5 af 9 bæjarfulltrúum. Það er engan veginn svo um lög þau, er gilda um bæjargjöld á Ísafirði, að þau þurfi ekki endurskoðunar við; sumt í þeim er orðið úrelt, og það vantar að lögfesta nýja gjaldstofna. En sumt af því, sem hér er farið fram á, er nokkuð annað en venjulegt er, eða 3 ný ákvæði í frv. þessu.

Í fyrsta lagi um mismunandi íbúðarhúsaskatt, sem mótmælt er af minni hl. bæjarstj. og nálega öllum fasteignaeigendum á Ísafirði, sbr. mótmælaskjal, sem undirskrifað er af um 200 húseigendum og sent Alþingi. Það ákvæði er í síðari mgr. 2. gr.; áður hefir þessi skattur aðeins verið lagður á eftir fasteignamati. — Í öðru lagi er ákvæði um lóðagjald af lóðum, sem ekki eru notaðar undir byggingar og ekki má nota undir byggingar, eins og fiskreiti og erfðafestulönd, til jarð- og garðræktar. Er hér heimild til að leggja jafnhátt gjald á þær og byggingarlóðir. — Þá er það í þriðja lagi ákvæði í 2. tölul. 1. gr. um einkarétt bæjarins til upp og framskipunar á öllum vörum, sem flytjast til og frá kaupstaðnum. Um þetta atriði er það að segja, að ekki er nema 1 bryggja á Ísafirði, sem bærinn ekki á, og nálega öll uppskipun fer því fram við aðra af tveim bryggjum bæjarins, og mundi þetta því þýða, að öll upp- og útskipun færi fram um hendur hafnarstjóra. Með því að lögfesta þennan einkarétt bæjarins til upp- og framskipunar á öllum vörum er alveg sleppt gildandi öryggi um, að sanngjarnt verð sé tekið fyrir vinnu þessa. En það eru ekki eingöngu íbúar Ísafjarðarkaupstaðar, sem hér eiga hlut að máli, heldur margir aðrir, þ. á. m. og ekki síst íbúar N.-Ísafjarðarsýslu. Ef þessi skattaálagning á nauðsynjavörur, eins og t. d. útgerðarvörur allar, er leyfð fyrir Ísafjörð, þá er það sama sem og leyfa Ísafirði að skattleggja íbúa N.-Ísafjarðarsýslu og alla aðra, sem þurfa að umskipa vörum á Ísafjarðarhöfn. Ég hefi ekki hér álit hv. fjhn. Nd., en jafnvel þó hún hafi ekki skilið ákvæðið í þessu frv. um upp- og framskipunareinokunina, þá hefir það ekki í öðrum tilfellum verið álitið heppilegt né sanngjarnt, að kaupstaðirnir gætu á þennan hátt skattlagt nærliggjandi héruð, og hafa verið felld frv., sem hafa farið í þessa átt, vörugjaldsfrumvörpin, og er þeim mun undarlegra, að þetta ákvæði frv. skyldi ná samþykki hv. Nd.

Til að upplýsa, hvernig skattur þessi muni verka fyrir íbúa N.-Ísafjarðarsýslu, skal ég geta þess, að bærinn leigði í nokkur ár vissum manni lóð og hús, og einskonar rétt til upp- og framskipunar á vörum með póstskipunum. Gjaldið, sem bæjarbúar og aðrir greiddu, var 10 aurar á stk., eða sama og tekið var á öðrum skipaafgreiðslum meðan kaupið var kr. 1.50 og kr. 1.70. pr. klst., en það var tekið sama gjald af bænum, þó kaupið færi niður í kr. 1.50—1.20 pr. klst. Var þetta því raunverulega mikil hækkun. Þegar skipaafgreiðslurnar fengu frjálsræði til að sjá um upp- og útskipun lækkuðu þessi gjöld um 10%, jafnvel þó svo væri, að bærinn leigði vörugeymsluhús, sem stendur á bryggjunni, fyrir 8 þús. kr., sem er um 20% af verði hússins og því há leiga, sem óbeint hlaut vitanlega að hækka upp- og framskipunargjöldin.

Þá vil ég geta þess, að Djúpbáturinn, sem annast flutninga um Djúpið fyrir bændur, hefir sjálfur sína afgreiðslu, en þeir taka ekki nema 40 aura pr. kolló, sem vegur yfir 50 kg., en 25 aura pr. kolló, sem er léttara. En eins og allir vita, er mikið af þeim vörum, sem bændur flytja, smástykki, og mörg þeirra undir 25 kg. að þyngd. Er því sýnilegt, að hér er um þungan skatt að ræða fyrir bændur og aðra, sem skipa upp eða fram vörum sínum á Ísafirði.

Þá er annað viðvíkjandi þessu atriði. Það er mjög algengt, að menn leigi skip til flutninga t. d. á kolum og salti í heilum förmum, og er þá vanalega ákveðið, að afferma þurfi á hverjum degi vissa tonnatölu — 250—300 tonn —, og ef ekki er við það staðið, verður að greiða hátt aukagjald fyrir hvern dag, sem skipið er lengur að afferma en til er skilið í leigusamningi. Af reynslunni verður maður að álíta, að vel geti komið fyrir, að bærinn hugsi ekki um, hvort staðið sé við slíka samninga, svo komizt verði hjá dagsektum, og getur af því hlotizt hið mesta tap og óhagræði fyrir kaupandann.

Hingað til hefir það verið svo, að hver hefir séð um uppskipun á sinni vöru, nema þeim vörum, sem koma með póstskipum, og greitt sína leigu eftir samkomulagi, bryggjugjöld og vörutoll o. s. frv. Ég álít því, að af þessum ástæðum sé það algerlega óforsvaranlegt að samþ. þetta ákvæði frumv.

Þá kem ég að lóðagjöldum og húsaskatti. Ég gat þess í upphafi, að bæjarbúar væru á einu máli um nauðsyn þess, að bæjarfélagið fái aukna fasta tekjustofna frá því, sem nú er. Hefir bæði af mér og öðrum verið á það bent, að þörf væri á að breyta þessum lögum í því skyni að auka tekjustofnana. Eins og er nú, þá er ósamræmið og órétturinn alstaðar að því er snertir lóðagjöldin. Nú greiða allir jafnt eftir stærð lóðar, hvað sem verðmæti lóðarinnar líður. Þessu þarf að breyta, og eins því, að taka ekki jafnhátt gjald af þeim lóðum, sem notaðar eru til atvinnurekstrar fyrst og fremst, eins og fiskreitum og erfðafestulöndum til jarðræktar. Í öllum bæjarfélögum er gerður munur á þessu, eftir því til hvers á að nota lóðarnar. Hér í Rvík t. d. eru skattlagðar hærra lóðir, sem ætlaðar eru til bygginga, eða með 6 af þúsundi, en þær lóðir, sem notaðar eru til fiskverkunar og jarðræktar, með 1 af þúsundi. Sama er að segja um Akureyri, sem hefir mikið af slíkum lóðum og löndum.

Ég get nefnt sem dæmi, að ein slík lóð á Ísafirði hefir verið leigð af eigandanum fyrir 400 kr. á ári, en ef hann ætti að greiða þetta lóðagjald, þá yrði það mun hærra en leigan, sem hann hefir fengið. Geta menn því séð, að það er lítil forsjá, að breyta þannig við þá, sem eru að reyna að stunda atvinnurekstur í bænum.

Þá er þetta ákvæði um stighækkandi húsaskatt. Það verður að vera til að fullt samræmi

fáist, að þeir, sem eiga verðlitil hús, borgi minna en þeir, sem eiga stór og verðmikil hús. Þetta næst með því að miða skattgjöld við fasteignamat. En í þessu frv. á líka að taka tillit til þess, hvað margir búa í húsinu. En það hygg ég, að verði næsta erfitt í framkvæmdinni, því að það getur á einu ári verið svo, að menn geti ekki leigt hús, og af þeim ástæðum búi þar fáir menn. Og þá á að borga hærra gjald eftir þessu frv. heldur en ef hægt hefir verið að leigja húsið að fullu. Ég þarf ekki að fjölyrða um þetta, allir hljóta að sjá, hvað það er heimskulegt.

Svo er það líka vitað, að það getur verið nauðsyn fyrir eina fjölskyldu, þó að hún sé ekki stór, að hafa stórt húsnæði, t. d. ef veikindi, kannske langvarandi og sóttnæm veikindi, eru á heimilinu, svo að þurfi að einangra einn eða fleiri af íbúunum. Það væri næsta hastarlegt, ef ætti að leggja hærri skatt á þá, sem þannig er ástatt um, en aðra, sem heilbrigðir eru og hafa engin vanheilindi við að stríða. Auk þess er það vitað, að barnamenn þurfa minna húsnæði meðan börn þeirra eru ung en þegar þau eru komin upp, svo að einnig af þeim ástæðum er ákvæði sem þetta alveg óhæft.

Þetta er það, sem bæjarbúar á Ísafirði yfirleitt finna að þessu frv. Ég býst ekki við, að þetta frv. nái fram að ganga, áður en þingi er frestað, enda teldi ég það ótækt, þar sem fram hafa komið mótmæli frá langsamlega flestum fasteignaeigendum í bænum, ekki af því, að þeir skorist undan að gjalda hærra af fasteignunum en þeir gera nú — þvert á móti sjá þeir nauðsyn bæjarins á að fá aukna tekjustofna —, heldur eingöngu vegna þess fyrirkomulags, sem hér er stungið upp á.

Almennt séð væri eðlilegast og eiginlega sjálfsagt, að löggjöf um þetta efni væri samræmd þannig að Alþingi setti eina heildarlöggjöf um tekjustofna til handa bæjarfélögunum, tekjustofna, sem væru þá miðaðir við fasteign að einhverju leyti.

Ég vil einnig benda á það, að þessi gjöld, sem tekin eru af fasteignum í bæjunum, eru venjulega tekin til þess að nokkru leyti að standa straum af þeim útgjöldum, sem bæjarfélagið hefir til þarfa fasteignaeigenda. Þannig er t. d. um vatnskatt, salernahreinsunargjald, sótaragjald, holræsagjald og ýmislegt annað. Í þessu frv. er ekki farið fram á að leggja slík gjöld á. Það er reyndar svo, að salernahreinsunargjaldið er að mestu óþarft á Ísafirði. Bærinn er svo lítill og í flestum húsum eru komin vatnssalerni. Sótaragjald það sem tekið er, samsvarar nálega því, sem borga þarf fyrir sóthreinsun og eftirlit vegna eldsvoðahættu í bænum.

Ég býst við, að þetta frv. verði rætt heima í héraði, nú meðan þingfresturinn stendur yfir, og bæarbúum gefist kostur á að láta álit sitt í ljós um frv. og þær breyt., sem þeir óska, að gerðar verði á núv. löggjöf.

Ég tel, að Ísafjarðarkaupstaður þurfi að fá lögfestan vatnsskatt. Það þarf að auka vatnsveituna stórkostlega á næsta ári, og er þá ekkert eðlilegra en að þeir, sem eiga fasteignirnar, og þeir, sem þurfa að nota mikið vatn handa sjálfum sér og sínum leigjendum og til atvinnurekstrar, borgi einhvern skatt til þess að standa straum af slíkum framkvæmdum. Það hefir ekki verið gert á Ísafirði, en ég hygg, að nálega allir séu sammála um, að rétt sé að leggja á vatnsskatt.

Ég hefi farið nokkuð nákvæmt út í þetta frv., til þess að sú n., sem fær það til athugunar, fái þó dálitla hugmynd um, hvað það er, sem bæjarbúar yfirleitt finna að þessu frv. En eins og ég gat um áðan, þá býst ég við, að þetta mál verði rætt heima í héraði meðan á þingfrestuninni stendur, og bæjarbúar geri sínar till. um fyrirkomulag á þessu og þær breyt., sem ég er sannfærður um, að þeir vilja fá á þessu frv., sem hér liggur fyrir.

Atvmrh. (Haraldur Guðmundsson): Ég hygg, að það sé þarflaust að hafa mörg orð um þetta frv. — Eins og kunnugt er, þá er á Ísafirði fasteignagjald af byggðum lóðum 5 aurar á al., en 2 aurar af óbyggðum. Hinsvegar hafa flestir kaupstaðir fengið heimild til að leggja gjöld á lóðir, og mörg þeirra hafa stórt svigrúm til að leggja þau á, allt upp í 2%. Hér er nú ekki farið fram á meira en að gjald af húsum sé 0,4—1% og af lóðum 0,1—1%. Ég sé ekki annað en að sjálfsagt sé að veita bæjarstj. heimild til að leggja á þennan skatt, sem ég tel óeðlilega lágan, en hefi þó ekki borið fram brtt. um það.

Að því er snertir einkarétt á uppskipun, þá sé ég ekki neitt við það að athuga, nema síður sé. Ég tel sjálfsagt, að bæjarstj. muni ekki ganga lengra í því að nota sér þessa heimild heldur en fært þykir vegna skoðana og álits bæjarbúa, hvað gjöldin megi vera há. Samanburð er líka hægt að gera við aðrar bryggjur í bænum, því að þetta einkaleyfi gildir aðeins fyrir bæjarbryggjurnar.

Ég geri ráð fyrir, að þingi verði frestað næstu daga, en Ísfirðingum er mesta nauðsyn á, að þetta mál verði nú samþ. Síðasta ár var tekjuhalli þar að ég held 20000 kr., og er því mesta nauðsyn fyrir bæinn, til að fjárhagur hans fái staðizt á þessu ári, að fá rétt til að taka viðbótargjöld, og það er tilgangurinn með þessu frv. Ég vil því mjög mælast til þess, að frv. verði hraðað sem allra mest og verði ekki látið fara til n., heldur beint til 2. umr.

Jón Auðunn Jónsson: Ég get ekki fallizt á skoðun hæstv. ráðh. um þetta. — Það er alveg rétt, eins og ég tók fram, að það er þörf á að auka tekjur bæjarins, en það má ekki flaustra því af á þennan hátt og í athugunarleysi.

Nú hefir það sýnt sig, að það hafa komið andmæli frá miklum þorra bæjarbúa og nálega öllum fasteignaeigendum í bænum gegn því fyrirkomulagi, sem hér á að ná tekjum með. Þetta frv. er einstakt að ýmsu leyti að því er öflun bæjartekna við kemur. Ég efast ekki um, að Ísafjörður þurfi tekjuauka eins og aðrir bæir, en að hlaupa til að samþ. frv. eins og þetta, sem ábyggilega mikill meiri hl. bæjarbúa er mótfallinn, það tel ég mestu fásinnu. Og að ætla sér að láta slíkt mál ganga nefndarlaust í gegnum þingið, það vona ég, að hv. þdm. láti sér ekki sæma.

Hæstv. ráðh. segir, að bæjarstj. muni að því er uppskipunargjöld snertir fara á hverjum tíma eftir því, hvað hún teldi hæfilegt og bæjarbúum fyrir bezt. Ég efast um, að svo verði, og ég hefi bent á galla, sem því fyrirkomulagi fylgja, einkum að því er snertir aðra en bæjarbúa, sem þurfa að nota höfnina og hafnar*mannvirkin til flutninga* að sér og frá. Ég vil benda á dæmið, sem ég tók um Djúpbátinn og þau kjör, sem hann gefur. Þeir, sem þurfa að flytja með honum frá eða til Ísafjarðar, greiða fyrir uppskipun 40 aura á stykkið sem hámarksgjald, en 25 aura sem lágmarksgjald, en meðan bæjarstj. hafði einkarétt var gjaldið að lágmarki 60 aurar fyrir stykki og miklu hærra fyrir þyngri stykki. Það er því sýnilegt, að þegar á það er litið, að mikill meiri hluti af stykkjatölu af vörum bænda er fyrir neðan 50 kg., yrði það ekki svo lítill aukaskattur, sem á þá er lagður með því að veita bæjarstj. Ísafjarðar einkaleyfi á uppskipun.

Það hefir verið forðazt að samþ. hliðstæð ákvæði fyrir Akureyri, vegna þess að þá yrðu skattlagðir óviðkomandi menn, sem sé íbúar Eyjafjarðar og að einhverju leyti Þingeyjarsýslu, ef slíkt væri leyft. Hér er farið fram á að gera það sama, og ég tel það ósamræmi í löggjöfinni, ef það er leyft í einu héraði, sem er bannað í hinu.

Ég vil fullyrða, að það má á annan og heppilegri hátt ná sömu tekjum fyrir bæjarsjóð Ísafjarðar og hér er farið fram að ná, án þess að farin sé þessi leið, heldur aðrar leiðir, sem væru miklu vinsælli hjá bæjarbúum og miklu meira í samræmi við löggjöf annara kaupstaða en þær leiðir, sem hér eru valdar. — Ég sting upp á, að málinu verði vísað til allshn.

Magnús Guðmundsson: Af því að mér heyrðist hæstv. ráðh. álíta, að þetta mál ætti ekki að fara til n., vil ég beina fyrirspurn til hans um ákvæði 4. gr. Þar stendur: „séu gjöld þessi ekki greidd áður en 2 mánuðir eru liðnir frá gjalddaga, skal gjaldandi — þinglesinn eigandi eignarinnar — greiða bænum dráttarvexti".

Þetta verður ekki skilið öðruvísi en svo, að það sé sá eigandi eignarinnar, sem eftir veðmálabókum á hverjum tíma er eigandi. Á hann falla dráttarvextirnir, en ekki þann reglulega eiganda, ef eignaskipti hafa orðið án þess að þinglesið hafi verið. Nú er það vitað, að það eru margar eignir, sem trassað er að þinglýsa eigendaskiptum að. Þar af leiðandi getur þetta gjald, ef frv. er samþ. óbreytt, lent á mönnum, sem einhverntíma áður hafa verið eigendur eignarinnar — þeir geta verið steindauðir og búi þeirra hafi verið löngu skipt —, en samt eiga dráttarvextir að falla á þá, en ekki þann reglulega eiganda. Ég get ekki skilið, að þetta sé tilgangurinn, heldur sé hér um að ræða ranga framsetningu á réttri hugsun. Þetta ákvæði er líka með öllu óþarft, því að fasteignin sjálf stendur sem lögveð fyrir þessu gjaldi, og hefir það forgang fyrir öðrum veðkröfum, og mér finnst það líka óviðeigandi að legga skatt á menn, sem alls ekki eiga eignina, en hafa einhverntíma átt hana.

Atvmrh. (Haraldur Guðmundsson): Ég sé ekki, að hætta stafi af þessu ákvæði.

Í 3. gr. segir, að gjaldið skuli hvíla sem lögveð á fasteigninni, og í 4. gr. segir „— skal gjaldandi, — þinglesinn eigandi eignarinnar — greiða" o. s. frv., en það er vitanlega aðeins þangað til önnur sönnun liggur fyrir um eigandann. Þetta gæti líka orðið til þess, að menn gættu þess betur að þinglýsa, og er síður en svo að lasta það, og ég tel það til bóta.

Magnús Guðmundsson: Það skýtur skökku við, sem hæstv. ráðh. sagði, að þetta mundi ýta undir menn að þinglýsa. Það er þvert á móti, því að einmitt með því að þinglýsa ekki gætu menn ef til vill komið þessu gjaldi af sér. **(Atvmrh.:** Seljandinn lítur eftir því, og einhver viti hljóta að hvíla á, ef það er ekki gert). Ég skil, að hæstv. ráðh. heldur, að það hvíli skylda á eiganda að láta þinglýsa, en það er alls ekki svo. **(Atvmrh.:** Hvernig er það með stimpilgjald?). Það er skylda að stimpla skjöl innan ákveðins tíma, en það er ekki skylda að þinglýsa. Hér kemur fram vanþekking hjá hæstv. ráðh. Það er fullkomin fásinna að lögfesta þessi ákvæði 4. gr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 9 shlj. atkv. og til fjhn. með 8:6 atkv.

Á 55. fundi í Ed., 29. okt., var frv. tekið til 2. umr. (A. 286, n. 373 og 423, 404, 424).

Frsm. meiri hl. (Jón Baldvinsson) [óyfirl.]: Þetta frv. kom fram á fyrri hl. þessa þings, en þó nokkuð seint. Var það tekið fyrir í fjhn., og kom það þá í ljós, að nm. voru ekki á eitt sáttir um það, því að hv. 1. þm. Reykv. lagðist á móti málinu, eins og sjá má á nál. hans, sem nú er komið á þskj. 423. Hinsvegar vorum við hv. 2. þm. Eyf. og ég sammála um að mæla með frv., en að vísu gerði hv. þm. nokkrar aths. í nál. um afstöðu sína gagnvart öllum svipuðum málum, sem síðar kynnu að koma fram.

Það, sem hér er farið fram á, er raunar ekki annað en það, að bænum sé heimilað að leggja gjald á fasteignir í lögsagnarumdæminu, og þessi heimild er komin á afarvíða, m. a. í Rvík og ennfremur nokkrum kaupstöðum, kauptúnum og hreppum. Þetta hefir verið gert til þess að láta ekki allar tekjur bæjanna velta á því eina, sem verið hefir og er sumstaðar ennþá, sem sé útsvörunum. Það má náttúrlega segja sem svo, að með útsvörunum megi fara svipað að, en það er ekki efamál, að það er léttara fyrir bæi, t. d. Rvík, að fá fasteignagjöld til þess að geta byggt á þeim nokkuð af tekjustofnum sínum, og m. a. er vissari greiðsla á þeim gjöldum heldur en útsvörum.

Það, sem er þyrnir í augum manna, a. m. k. hér í Rvík, er 2. liður 1. gr. frv., um að bæirnir taki einkarétt á framskipun og uppskipun á vörum. Þetta er í sjálfu sér frá mínu sjónarmiði ekki nema eðlilegt, að bæirnir hafi þetta. Þeir eiga víðast hvar öll hafnarvirki og þeir

eiga hús, sem vörurnar eru geymdar í. Þetta ætti ekki að þurfa að vera dýrara hjá vöru-eigendum eða innflytjendum, þó að uppskipun-in fari fram á þennan hátt, enda er sannleikur-inn sá, að það er einskonar einkaréttur á upp-skipun hjá gufuskipafélögunum, þó að hann sé ekki tryggður með löggjöf. Ég sé ekki betur en að þetta sé svona hér í Rvík, t. d. að Eimskipa-fél. taki sér nokkurskonar einkarétt á uppskip-un, af því að það hefir pakkhús þarna við, og allir verða að borga það uppskipunargjald, sem það setur á vörurnar. En ég veit að vísu, að móttakendur varanna eiga rétt á að taka á móti vörum úr skipi úr vélalyftu skipsins, en það er svo óþægilegt, að það eru mjög fáir, sem nota sér þennan rétt, því að með því móti yrði sá sem fengi t. d. 10 poka af rúgmjöli, að taka á móti kannske 2 pokum kl. 8, öðrum 2 pokum kl. 3, og svo hinum kannske ekki fyrr en dag-inn eftir. Það sjá allir, hve óhentugt þetta væri fyrir manninn, að bíða með sitt fólk eftir svona litlu. Þetta er því nokkurskonar einkaréttur, sem að vísu er ekki lögfestur, en ég held, að hann ætti að geta farið eins vel í höndum bæj-arins eins og í höndum skipafélaganna. — Ég mæli því með frv. óbreyttu, og mér skilst, að hv. 1. þm. Reykv. mæli einnig með því með þeim fyrirvara, sem segir á þskj. 373.

Frsm. minni hl. (Magnús Jónsson) [óyfirl.]: Eins og hv. frsm. meiri hl. hefir skýrt frá, eru það aðallega tvö atriði, sem frv. ræðir um. Annarsvegar það, að Ísafjarðarkaupstaður fái heim-ild til þess að leggja ný gjöld á fasteignir í kaupstaðnum. Þessi skattur er í tveimur liðum, annarsvegar lóðagjöld eftir verði — í stað þess að nú eru lóðagjöld eftir flatarmáli — og hins-vegar fasteignaskattur á hús. — Það er rétt, sem hv. frsm. meiri hl. sagði, að slík gjöld sem þessi eru nú komin á a. m. k. hér í Rvík, bæði af lóðum og húsum, eftir fasteignamati. Það er þess vegna í sjálfu sér ekki óeðlilegt, þó að Ís-firðingar fari fram á að fá svona tekjustofna fyrir sig. En ég hefi þó ekki getað fallizt á að fylgja málinu, vegna þess hvernig því er fyrir komið í þessu frv. Þarf ekki annað en að bera saman samskonar ákvæði, sem gilda hér í Rvík, til þess að sjá, hver munur er á. Í Rvík er þetta gjald fastákveðið. Það skal gjalda 8‰ af hús-um, 6‰ af byggingarlóðum og 1‰ af görðum, fiskreitum og plönum. En á móti þessu tekur bærinn að sér ýms störf, sem húseigendur yrðu annars að borga fyrir á einhvern hátt, eins og t. d. sorphreinsun eyðingu á rottum, bruna-mál og eitthvað fleira. Það er því í tveimur atr-iðum, sem mismunar, annarsvegar að Ísafjarð-arbær tekur ekkert að sér á móti þessu gjaldi, og svo hitt, sem er aðalatriðið fyrir mér, að þetta gjald verður svo mismunandi á Ísafirði. Af húsum og byggingum á það að vera frá 4‰ og upp í 10‰, og af lóðum og öðrum fasteign-um frá 1‰ og upp í 10‰. Þetta á að ákveðast með reglugerð, og meira að segja er gefið í skyn, að ekki eigi að vera sama gjald af öllum húsum, heldur eigi að setja ákvæði, sem ber-sýnilega á að framkvæma eins og niðurjöfnun eftir efnum og ástæðum. Þetta á því ekki að verða fasteignagjald, sem leggst á eignina, t. d. hús, heldur eigandann, sem býr í húsinu.

Það segir beinlínis í 2. gr. frv., að það skuli miða fasteignamatið við íbúafjöldann, eftir nánari fyrirmælum í reglugerð. Þetta er ný leið, sem ekkert fordæmi er fyrir annarsstaðar. Það er ekki fasteignagjald nema að nokkru leyti, en að öðru leyti er það bara gjald, sem lendir á mönnum mismunandi eftir þeirra ástæðum.

Það hefir aldrei fengizt upplýst, hverskonar hugsun það er, að miða fasteignagjaldið við íbúafjölda húsanna. Þó hefi ég helzt getað feng-ið það út, að meiningin sé sú með því að hafa hærra gjald á húsum með fáa íbúa, að það eigi að koma fram sem „lúksusíbúðaskattur“. En svo á aftur að ívilna þeim húsum, sem margir búa í. Mér finnst, að þetta geti stefnt í skakka átt, að verðlauna, að sem flest fólk hrúgist sam-an í hús. Þetta getur leitt út í allt annað en það, sem hv. 4. landsk. og hans flokksbræður hafa talið æskilegt um íbúðarskilyrði alþýðunnar. Ég held, að það sé dálítið óljóst fyrir hv. flm. þessa frv., hvernig þeir ætla að koma þessu fyrir. En það er ljóst, að með þessu er blandað sam-an tvennu, fasteignagjaldinu, sem er eðlilegt að bæjarsjóðir hafi, og hinsvegar að mismuna mönnum eftir efnum og ástæðum. Nú getur maður sagt, að ekki sé ranglátt að mismuna mönnum eftir efnum og ástæðum, en það er þeg-ar komið fram í útsvarsálagningunni.

Ég skal ekki fara mikið út í hinar ýmsu af-leiðingar, sem af þessu verða, en aðeins taka dæmi um hús, sem einn maður hefir búið í og skattur af húsinu ákveðinn með tilliti til þess, en svo selur hann húsið öðrum manni, sem kannske leigir það 4 til 5 fjölskyldum. Þá á skatturinn allt í einu að breytast á þessu húsi. Mér finnst, að þetta hringl fram og til baka um það, hvaða skattur hvíli á húsinu, geti haft ýmsar afleiðingar, svo sem um veðhæfni slíkr-ar eignar. Það er þetta, sem gerir það að verk-um, að ég hefi ekki viljað fylgja þessu atriði í frv., enda þótt mér finnist eðlilegt og geti vel gengið inn á, að Ísfirðingar fái eitthvert til-tekið fasteignagjald lagt á hjá sér.

Það eru komnar fram brtt. frá hv. þm. N.-Ísf. um að bæta úr þessu atriði frv., en ég ætla að bíða með að taka afstöðu til þeirra þangað til hann er búinn að tala fyrir þeim, en þær munu vera nokkru nær minni skoðun. Mér finnst eðlilegt, að gjaldið sé hreinlega ákveðið og eitt og það sama, án tillits til, hvernig hús-ið er notað í svipinn, og það gangi jafnt yfir allar eignir á sama tíma, en heimild til þess að breyta því aðeins frá tíma til tíma.

Þá er hitt atriðið, sem mér skildist hv. frsm. meiri hl. telja vera eina ágreiningsatriði mitt, að bærinn tæki einkarétt á allri uppskipun og framskipun á vörum. Það kann vel að vera, að í n. hafi ég hreyft meiri andmælum gegn þessu atriði en hinu, en það er sem sagt, eins og ég hefi skýrt frá, að ágreiningurinn er aðallega um hitt atriðið. Það ræður af líkum, að ég og hv. frsm. meiri hl. komum okkur ekki saman um það, hversu mikil sáluhjálp sé að því, að bærinn taki að sér þessa starfsemi. Hann er skyldug-ur til að hafa þá skoðun, samkv. sínum flokki,

að þetta hljóti að fara betur í höndum bæjarins — og þeirri skoðun heldur hann trúlega fram —, en ég er ekki þeirrar skoðunar. —Annars fór hann ekki mikið út í það, heldur að það væri raunverulegur einkaréttur á uppskipun, og tók til dæmis gufuskipafélögin. Það er satt, að flestir telja það hentugast að láta eimskipafélögin annast uppskipunina fyrir sig, því að þau hafa bæði vörugeymsluhúsin og verkamennina. En það er sá stóri munur á, að þessi einkaréttur eimskipafélaganna er ekki lögfestur, og þessvegna hafa þau hann aðeins meðan þau bjóða góð kjör. En sé þessi réttur lögfestur, má enginn annar koma þar nærri, og eimskipafél. — og í þessu tilfelli bærinn — mundi hafa þennan rétt, hvernig sem það að öðru leyti færi úr hendi.

Hv. þm. N.-Ísf. er nógu kunnugur til þess að dæma um, hvernig Ísafjarðarbæ fórst úr hendi að hafa þennan rétt, sem hann tók sér og hafði í 10 ár. En þá var farið að grafast fyrir það, hvort bærinn hefði lagalegan rétt til þess, en hæstiréttur komst að þeirri niðurstöðu, að svo væri ekki. Þess vegna er það, að bærinn fer fram á að fá þennan einkarétt með lögum. Ég skal ekki dæma um þetta, en það er fullyrt af kunnugum, að bærinn hafi verið mjög dýr á þessari vinnu, samanborið við Djúpbátsfélagið, sem annaðist alla uppskipun úr bátnum. Mér hefir verið tjáð, að þetta stafi meðfram af því, að bærinn setji taxta á uppskipun. Og svo, hvort sem verðlag kann að hækka eða lækka, er taxtinn alltaf sá sami ár eftir ár.

Ég hefi enga trú á því, að bærinn geri þetta ódýrara en aðrir. En það mætti færa fram aðra ástæðu fyrir því, að bærinn yrði látinn hafa þessi einkaréttindi, sem sé þá, að það myndi veita tekjur í bæjarsjóð. Þetta er náttúrlega örugg leið til þess, því að þó að nokkur varnagli sé að vísu sleginn í þessu efni, er þetta samt í raun og veru svo rúmt, að því mætti haga svo að segja hvernig sem er. Ég gæti trúað, að þetta myndi túlkað þannig, að bærinn hefði mjög óbundnar hendur. Þetta væri þá nokkurskonar vörugjald, sem bærinn fær í sinn sjóð. Og þó að mér finnist vörugjöld, sem bæirnir leggja á, hálfgert skripi, þar sem eðlilegast er, að ríkið hirði slíka skattstofna, þá er nú samt svo komið fyrir mörgum bæjum, að þeim fer að verða nauðsyn á slíkum tekjum, svo nærri sem ríkið er farið að ganga bæjunum um ýms framlög. Og þó að ég vilji ekki að svo komnu gefa ákveðna yfirlýsingu í þessu efni, þá vildi ég samt, að þetta væri tekið til athugunar. Í þessu sambandi hlýtur hugurinn t. d. að hvarfla að hinum nýju framfærslul., sem safna allri framfærslunni á bæina.

En mér finnst það óeðlileg aðferð, að bæirnir séu að leggja á vörugjöldin. Það á ríkið að gera, en ekki að vera að fela einhverjum bæjarstj. að nurla með þau.

Ég hefi verið að hugsa um það, hvort ég myndi ekki geta borið fram brtt. við þetta frv., svo að mér væri fært að fylgja því svo breyttu. En nú eru fram komnar brtt. frá hæstv. forseta og hv. þm. N.-Ísf. Þegar ég er búinn að athuga þær brtt., mun ég geta skorið úr því, hvort ég get fylgt frv. með þeim breyt., sem þær gera á því, eða ekki, þó að ég hafi raunar upphaflega talið, að nauðsynlegt myndi vera að leggja fram alveg nýtt frv.

Atvmrh. (Haraldur Guðmundsson): Ég vil mælast til þess við hæstv. forseta, að hann taki málið af dagskrá að þessu sinni.

Umr. frestað.

Á 60. fundi í Ed., 4. nóv., var fram haldið 2. umr. um frv.

Einar Árnason: Tilgangur þessa frv. er sá, að útvega bæjarsjóði Ísafjarðarkaupstaðar nýja tekjustofna, eða auknar tekjur. Frv. þetta er í raun og veru tvíliðað. Í fyrsta lagi er gert ráð fyrir, að leggja skuli gjöld á allar fasteignir í lögsagnarumdæminu, og í öðru lagi, að bærinn taki einkarétt til upp- og framskipunar á vörum úr skipum, er við bryggjur bæjarins leggjast. — Um fyrri liðinn ætla ég ekki að ræða; þar er ekki lagt út á neina nýja braut um tekjuöflun, en hinsvegar er í síðari liðnum lagt út á nýja braut í þeim efnum. Að vísu er frv. þetta miðað við Ísafjarðarkaupstað einan, en ég hygg, að ef þeim kaupstað verða veitt einkaréttindi til þess að starfrækja fermingu og affermingu skipa, þá muni mega gera ráð fyrir því, að fleiri bæjar- og jafnvel sveitarfélög komi þar á eftir. Löggjafarvaldið verður því að athuga það, að hér er nýtt spor stigið, ef þetta verður samþ., sem leiðir af sér fleiri slík. Ég hefi leyft mér að flytja brtt. um, að felld verði burt úr frv. öll ákvæði, er snerta þetta atriði. Ég lít svo á, að hér sé lagt út á talsvert varhugaverða braut. Mér skilst hér vera um það að ræða, að skipta einu starfi í tvö, þannig að bæjarstj. taki að sér og feli vissum manni hluta af starfinu, en að sumu leyti sé það í höndum þess útgerðarfélags, sem í hlut á. T. d. ræður nú Eimskipafél. Íslands afgreiðslumenn á öllum þeim höfnum, er skip þess koma á, til þess að sjá um uppskipun og afgreiðslu skipanna. Þessir menn eru trúnaðarmenn félagsins, sem bera ábyrgð á störfum sínum gagnvart útgerðarfélaginu. Þessa menn á nú að losa við þessa ábyrgð. Hinsvegar eiga vörueigendur eftir sem áður að ganga að útgerðarfélaginu viðvíkjandi öllu ólagi á afgreiðslu og afhendingu vara. Það er vitanlegt, að oft vill það brenna við, að vörur skemmast eða týnast; út af því sprettur ýmiskonar rekistefna, en ef ekki verður sannað, að öðrum en afgreiðslum félagsins sé um að kenna, þá verður félagið að bera ábyrgð á þesskonar mistökum. Það er því áreiðanlega mikilsvert fyrir félagið, að afgreiðslan sé í góðu lagi, og hefir það því vitanlega mikinn áhuga fyrir því, að afgreiðslumaður þess á hverjum stað sé starfi sínu sem bezt vaxinn. Sé misbrestur þar á, hefir Eimskipafél. rétt til þess að víkja afgreiðslumanninum frá starfi. Ég ætla ekki að rekja það, hvernig þessir hlutir mundu verða í framkvæmdinni undir því fyrirkomulagi, sem frv. gerir ráð fyrir, en mér finnst ákaflega hætt við því, að Eimskipafél. standi

höllum fæti í því máli, ef ólag yrði á afgreiðslunni, þar sem félagið hefir enga íhlutun um hana. Það er því ákaflega hætt við því, að upp komi ýmiskonar ágreiningur milli Eimskipafél. og bæjarstj. á Ísafirði, og Eimskipafél. kunni að hafa rétt fyrir sér; þá getur það ekki náð sínum rétti, þar sem bærinn hefir einkarétt á afgreiðslu skipanna, og þann einkarétt er ekki hægt að taka af bænum. Ég tel því ákaflega hætt við, að undir þessu fyrirkomulagi kunni að rísa upp ýmiskonar klögumál, sem annars væru ekki til.

Í grg. frv. er það tekið fram, að aðaltilgangur frv. sé sá, að auka tekjur bæjarsjóðs Ísafjarðar. Ég ber ekki brigður á það, að bæjarsjóðnum sé nauðsynlegt að auka sínar tekjur, eins og fleiri bæjarsjóðum, en ég álít þetta ósanngjarnan og óheppilegan tekjugrundvöll, sem auk þess muni að litlu gagni koma nema með því að hækka gjöldin ákaflega mikið, og þar sem það er vitanlegt, að uppskipunar gjöldin eru ekki lögð á vörurnar nándar nærri eftir verðgildi þeirra, mundi mikil hækkun á uppskipunargjöldum koma ákaflega ósanngjarnlega niður. Hinsvegar ef bæjarstj. ákveður „skikkanleg" gjöld fyrir upp- og framskipun á vörum, þá hygg ég, að bæjarsjóður fái ekki af þessari starfsemi þær tekjur, sem nokkuð dregur, en sennilegt, að fyrirkomulagið leiddi af sér óánægju, sem annars yrði komizt hjá, og að afgreiðslan mundi verða stirðari, þar sem framkvæmd afgreiðslunnar og ábyrgð á henni væru ekki lengur á einni og sömu hendi. — Ég held, að Alþingi eigi frekar að fara aðrar leiðir en þessa til þess að auka tekjur bæjar- og sveitarfélaga.

Ég ætla svo ekki að orðlengja þetta frekar, en ég býst ekki við að geta léð þessu frv. atkv., ef brtt. mínar verða ekki samþ., því ég tel þetta mál svo mikilsvert, að það þurfi gaumgæfilegrar athugunar við áður en Alþingi gengur út á þá braut að leyfa slíkt fyrirkomulag á afgreiðslu skipa á hinum ýmsu höfnum landsins.

Jón Auðunn Jónsson: Ég á hér brtt. á þskj. 424, sem ég vil fara um nokkrum orðum — en um frv. almennt ætla ég að þessu sinni ekki að ræða —, og vil þá sega þetta: Það er eflaust öllum hv. þdm. vitanlegt, að bæjarsjóður Ísafjarðar, eins og aðrir bæjar- og sveitarsjóðir hér á landi, þarf að fá mikið aukna sína tekjustofna frá því, sem nú er, en það er alveg víst, að fyrir utan fasteignaskattinn, sem nær til allra húseigenda, eru margir þeirra beinlínis skattlagðir hér mjög tilfinnanlega, auk þess sem margir leigjendur og fleiri eru skattlagðir óbeint og á ósanngjarnan hátt með þessu frv. gegnum óhjákvæmilega hærri húsaleigu. Er það húsaleiguskatturinn, sem sérstaklega er ósanngjarn eftir frv. og kemur mjög ójafnt niður. Hafa 188 húseigendur af 204 í Ísafjarðarkaupstað mótmælt þeirri aðferð við álagningu skattsins, sem frv. gerir ráð fyrir. Vil ég, með leyfi hæstv. forseta lesa þeirra mótmæli. Eftir að hafa tekið fram, að þeir mælist ekki undan sanngjörnum og nauðsynlegum sköttum til bæjarfél., vilja þeir gera þessar aths. við frv.:

„Framkvæmd reglugerðar um innheimtu skattsins er algerlega lögð í hendur meiri hl. bæjarstj. frá ári til árs, og stighækkun hans háð geðþótta sama meiri hl. Yrðu slík lagaákvæði einstæð hér á landi og opna leið til þess, að skatti þessum mætti beita sem pólitískum skatti.

Eins og skattstiginn er hugsaður og ráðgerður af meiri hl. bæjarstj. yrði hann ósanngjarn handahófsskattur.

Stighækkun skattsins, ef til framkvæmda kæmi, á að vorum dómi að byggjast á arði húseigna eða lóða, en ekki afnotum, þar sem það er öllum kunnugum vitanlegt, að hér í bæ er um engar „lúksus"-íbúðir að ræða. Þessi skattgreiðsla yrði því í framkvæmd óeðlilegur og einstæður skattauki á þá ákveðnu notkun borgaranna á fjármunum sínum, að vilja búa sæmilega.

Skattur þessi yrði og óhjákvæmilega til þess að hækka bæði húsaleigu og lóðaverð, sem hvorttveggja er fullhátt áður, og því auka enn dýrtíðina í bænum og draga úr mönnum hvöt til þess að eignast sjálfsíbúðir, sem telja verður þó æskilegast frá sjónarmiði alls bæjarfélagsins".

Með þessu eiga þeir við það, að samkv. ákv. 2. gr. frv. er gert ráð fyrir því, að skattstiginn geti farið eftir íbúafjölda í hverju húsi. Það virðist nú vera meining frv., eftir að það hefir verið fært til betra máls í hv. Nd., en áður var það litt skiljanlegt, að skatturinn eigi að fara eftir íbúatölu, þannig, að þeir húseigendur eigi að borga hærri skatt, sem leigja fáu fólki í hlutfalli við rúmmál húsanna, en hinir, sem búa þröngt, eigi að greiða hlutfallslega lægri skatt, miðað við stærð húsanna. Ísfirðingar segja, að þessi skattur sé áformaður sem lúksusskattur, þannig, að þeir, sem hafi góðu íbúðirnar, borgi meira, en hinir, sem noti þær lélegri, borgi minna. En þetta er mjög óeðlilegt og ekki sýnilegt, að þeir, sem að frv. standa, óski eftir því, að fólkið reyni að veita sér hollari og betri íbúðir en það nú hefir. Þá er það næsta ósanngjarnt, ef einhver skyldi ekki geta leigt út hluta af sínu húsi, að þá skuli hann verða að borga hærri skatt fyrir það, að íbúðir hans standa auðar; eins er það t. d. um verzlunarbúðir, sem ekki er hægt að leigja og eru því ekki notaðar. Ég veit þannig um fjórar búðir á Ísafirði, sem ekki hafa verið notaðar í tvö til þrjú síðastl. ár; þær eru í nýjum húsum, er hafa verið byggð sem verzlunarhús, en búðirnar hefir ekki verið hægt að leigja. — Mínar brtt. við þetta frv. miða að því að færa þessi gjöld til samræmis við það, sem tíðkast í öðrum bæjarfél., sem fengið hafa leyfi fyrir slíkum skattstofnum. Það virðist líka í framkvæmd ómögulegt annað en miða þennan skatt við fasteignamat. Það er ómögulegt að hafa kannske tíu til tólf skattstiga á húseignum, eftir íbúafjölda þeirra í hlutfalli við stærð, breytilega frá ári til árs, ef íbúðir eða verzlunarpláss eru kannske ár og ár í senn ónotuð.

Þá virðist það ákaflega ósanngjarnt að láta sama lóðargjald vera af lóðum til ræktunar, fiskþurrkunar og húsbygginga. Það er vitanlegt,

að lóðir á Ísafirði, sem teknar hafa verið til ræktunar, hafa orðið mjög kostnaðarsamar, vegna þess hve erfitt er þar og dýrt að rækta, og að þeir peningar, sem til þess hafa farið, fást aldrei til baka. Sama er að segja um fiskþurrkunarlóðir. Til þeirrar starfsemi þarf svo stór svæði í samanburði við notagildið, að það er ákaflega ósanngjarnt að taka af þeim sama lóðargjald og af þeim lóðum, sem byggt er á og hækka í verði strax eftir að byggt hefir verið á þeim og hægt er að fara að leigja þær út.

Hv. frsm. minni hl. vildi halda því fram, að það væri rétt að miða þetta gjald við einhvern fastákveðinn hundraðshluta af andvirði eignanna og hafa ekki neitt svigrúm til að hækka það og lækka, eins og gert er í frv., þar sem farið er fram á, að innheimta megi 0,4—1% af húsverðinu. En ég álít rétt, þegar um er að ræða nýja skatta, að hafa a. m. k. heimild til að fara ekki í hámark þegar í byrjun. Eins og allir vita, er oft erfitt að innheimta nýja skatta, og ég álít, að það mundi verða auðveldara að innheimta það gjald, sem hér er um að ræða, ef heimilað væri að hafa það lægra fyrst í stað, þó ekki væri nema tvö til þrjú ár, og hækka það svo aftur. Hitt dreg ég ekki dulur á, að ég tel, að Ísafjarðarkaupstaður þurfi sem bráðast að fara þarna í hámark, — og það mundi verða gert. En ég vil, að bæjarstj. sé heimilað að ráða því, ef hún vill hafa gjaldið lægra fyrst í stað.

Ég hefi komið með till. um að fella niður gjald það, sem innheimt hefir verið fyrir sóthreinsun reykhúfa. Það hefir á síðustu árum verið varið talsverðri upphæð til varnar gegn eldsvoða og útrýmingar rottum; hefir sá kostnaður verið greiddur úr bæjarsjóði án þess innheimt væri sérstakt gjald fyrir, svo hér er ekki um neitt nýtt að ræða. Hinsvegar má benda á, að það eru ýms önnur gjöld, sem Ísafjarðarbær gæti innheimt, t. d. vatnsskattur, sem víða er tekinn í bæjum. Ísfirðingar hafa, eins og allir vita, gert talsvert til þess að fá gott vatn í bæinn. En því miður stendur svo á, að það þarf innan örfárra ára að auka mjög við vatnsveituna, því vatnsskortur verður oft í þurrkatíð. Ég er því sannfærður um, að leggja verður á eitthvert slíkt gjald sem vatnsskatt, og ég býst við, að þó það sé ekki í þessu frv., þá komi bráðlega fram beiðni um leyfi til þess. Það hafa verið nokkrar tekjur af vatnssölu til skipa, en ekki nálægt því svo miklar, að með þeim hafi verið hægt að greiða viðhald vatnsveitunnar, hvað þá slíkar umbætur, sem nú standa fyrir dyrum.

Ég skal ekki fjölyrða um brtt. hv. 2. þm. Eyf., en ég tel hana alveg sjálfsagða. Það yrðu mestu vandræði úr því, ekki síst þegar skipa þarf upp heilum förmum af kolum, salti og öðrum nauðsynjavörum, ef bæjarstj. ætlaði að taka slíkt að sér og þeir menn, sem vöruna fá, fengju ekki að annast uppskipunina, eins og verið hefir. Hann minntist á vöruflutningaskip Eimskipafél. og ríkisskipin. Svo eru fisktökuskipin. Það eru venjulega 8—9 afskipendur um hvert skip, og oft koma ekki á hvern nema 25—70 pakkar. Þeir hafa þá með sér félagsskap um að koma fiskinum út í skipið, taka hann hjá hverjum manni og gera svo upp jafnaðargjald eftir því, sem kostar að koma fiskinum um borð. Ef einhver afgreiðslumaður, sem skipaður væri af bæjarstj., ætti að sjá um þetta, get ég búizt við, að það stæði oft á afgreiðslu og það yrði erfitt að fá slíka afskipun á öllum tímum sólarhringsins, eins og þarf að vera. Auk þess væri með þessu fyrirkomulagi bændum kringum Ísafjarðardjúp bundinn þungur baggi. Eins og nú er fá þeir að taka sínar vörur í Djúpbátinn, sem flytur meginið af þeim vörum, sem í Norður-Ísafjarðarsýslu koma. Þeir reyna að gera sér þetta eins ódýrt eins og þeir geta, og margar þessar sendingar eru innan við 20 kg., svo að útskipunargjaldið hefir orðið miklu lægra á þessum varningi héraðsbúa heldur en á almennum verzlunarvörum. Það hefir orðið ⅓ eða ½ lægra þrátt fyrir það, að þennan bát þarf oft að afgreiða eftir vinnutíma. Ég sé fram á, að það mundi verða stórkostlega aukinn kostnaður fyrir þá menn, sem nota Djúpbátinn, ef slíkt ákvæði sem þetta yrði lögfest, að Ísafjarðarbær fengi einkarétt á uppskipun og framskipun þar á staðnum.

Bernharð Stefánsson: Það er sárafátt, sem ég þarf að taka fram viðvíkjandi þessu máli. En eins og menn sjá á nál. meiri hl. fjhn. á þskj. 373, þá hefi ég skrifað undir það með fyrirvara. Með þessum fyrirvara hefi ég viljað láta það í ljós, að fylgi mitt við frv. sé bundið því skilyrði, að aðrir kaupstaðir landsins fái svipaða eða hliðstæða heimild til tekjuöflunar eins og ætlazt er til, að Ísafjörður fái með þessu frv. En nú verð ég að segja, að mér virðist ekkert horfa vænlega um það, að aðrir kaupstaðir fái hliðstæðan rétt. Fyrir hv. Nd. liggur frv. um heimild til tekjuöflunar fyrir Siglufjarðarkaupstað. Það gekk gegnum þessa hv. d. á þinginu í fyrra, en strandaði þá í Nd., og nú virðast litlar líkur til, að það verði einu sinni samþ. út úr þeirri d. Og það eru sumir þeirra manna, sem standa að því frv., sem hér liggur fyrir, sem hindra hvað mest, að hitt málið komist áfram.

Einnig var flutt frv. viðvíkjandi bæjargjöldum á Akureyri hér á þingi í fyrra, en það var fellt. Nú mætti e. t. v. segja sem svo, að þessi frv., sem ég hefi nú nefnt, væru um annað efni heldur en það frv., sem hér liggur fyrir, og því komi það ekki málinu við, sem ég nú hefi verið að segja. En ég get ekki betur séð en að í þessu frv. felist einmitt dálitið svipað eins og í frv. viðvíkjandi Siglufirði, og því sé þetta hliðstæðara heldur en kann að líta úr fyrir í fljótu bragði. Í 2. lið 1. gr. þessa frv. er bænum heimilað að taka einkarétt á upp- og framskipun þeirra vara, sem fara um bryggjur bæjarins. Samkv. 5. gr. frv. á að vísu að setja hámarkstaxta um upp- og framskipunargjöld og miða hann við meðaltal þessara gjalda þrjú síðustu árin, en í lok gr. segir: „nema um verulega kaupgjaldsbreyt. sé að ræða“. Nú er það vitanlega bæjarstjórnarinnar að segja um það, hvort um verulega kaupgjaldsbreyt. er að ræða eða ekki. Hún hefir þetta í hendi sinni, og sé ég því ekki betur en að gegnum þetta ákvæði um einkarétt á upp- og framskipun sé bænum opnuð svip-

uð leið, þó í öðru formi sé, eins og farið er fram á fyrir Siglufjarðarkaupstað, nefnilega leið til þess að ná tekjum af þeim vörum, sem til bæjarins flytjast.

Það hefir verið stungið upp á ýmsum leiðum viðvíkjandi fjárhag bæjanna, og enn mun engin föst stefna hafa verið tekin í þeim málum. En maður gæti nú farið að líta svo á, að heppilegast mundi vera í þessu efni að setja heildarlöggjöf um nýja tekjustofna fyrir bæina. (MG: Alveg rétt; það er það eina rétta!). Ég mun þó ekki að svo vöxnu máli, meðan ég sé ekki nánar, hvernig þetta verður haft gagnvart öðrum bæjum, hindra, að þetta frv. gangi til 3. umr. En eins og fyrirvari minn gefur ótvírætt til kynna, þá er frekara fylgi mitt við málið bundið því skilyrði, að rætzt geti úr líka fyrir öðrum kaupstöðum, sem nauðsynlega þurfa að fá ráðstafanir út af sínum fjárhag.

Frsm. meiri hl. (Jón Baldvinsson) [óyfirl.]: Ég er nú búinn að gleyma sumu af því, sem fór á milli okkar hv. 1. þm. Reykv. fyrir nokkrum dögum, en það gerir víst ekki mikið til, því ég ætla, að margt af því hafi verið rifjað upp af þeim hv. þm., sem nú hafa tekið til máls, svo að þegar ég svara þeim, verður það jafnframt að mestu leyti svar til hans.

Mér þykir leitt, ef hv. samnm. minn, 1. þm. Eyf., ætlar nú að ganga á móti málinu á síðustu stundu og nota fyrirvara sinn á þann veg. Ég vil benda honum á, að mér finnst ekki alveg hægt að bera Siglufjörð saman við aðra kaupstaði landsins í þessu efni. Vitanlega á Siglufjörður að fá rétt til þess að afla sér nauðsynlegra tekna eitthvað í áttina við það, sem aðrir kaupstaðir fá. En maður verður m. a. að taka það til athugunar, að mikill fjöldi landsmanna flytur til Siglufjarðar vissan tíma af árinu til þess að stunda þar atvinnu, og ef leggja ætti skatt á þessa menn þar, sem einnig bera skatta heima í sínu héraði, þá yrði það a. m. k. að vera mjög í hófi. Þetta er ekki svona á Ísafirði. Þangað safnast menn ekki til þess að reka þaðan atvinnufyrirtæki sín um lengri eða skemmri tíma. Það er því ekki hægt að bera það saman að leggja t. d. gjald á upp- og framskipun á Ísafirði og þeim bæjum, sem eins stendur á um, og á Siglufirði. Þangað koma e. t. v. á 2. hundr. þús. tunnur undir síld, tilsvarandi af salti o. s. frv. Hér með er þó ekki sagt, að það eigi að skattleggja neitt vörur á Ísafirði með réttinum til upp- og framskipunar. Það er vitanlega nú tekið gjald fyrir þetta af þeim, sem láta skipa upp eða fram vörum, og það er ekkert víst, að það gjald mundi hækka, þó bærinn tæki það að sér.

Þetta vildi ég segja við hv. 1. þm. Eyf., að ég tel ekki, að það megi leggja tekjuöflun handa Siglufjarðarbæ eftir alveg sömu línum eins og tekjuöflun annara bæja, þó Siglufjörður verði vitanlega að fá heimild til tekjuöflunar eftir því sem menn sjá fært.

Hæstv. forseti hefir komið hér fram með brtt. um að nema burt úr frv. heimild bæjarstj. til þess að taka einkarétt á upp- og framskipun. Ég held, að allar brtt. miði að þessu sama. En ástæðurnar, sem hann færir fram fyrir þessu, finnast mér ekki vera veigamiklar. Hann drap á, að Eimskipafél. mundi missa tekjur við þetta. Það getur vel verið, en það kæmi þá líka niður á erlendu skipafélögunum. Það er alls ekki víst, að bærinn yrði neitt ósanngjarnari í ákvörðun upp- og framskipunargjaldanna heldur en Eimskipafélagið. Ég ætla, að a. m. k. hér í Reykjavík hafi það allverulegar tekjur af upp- og framskipun. Það kom fram einhversstaðar í umr., að það gæti orðið teygjanlegt, að bæjarstj. mætti hækka upp- og framskipunargjöldin, ef um verulega kaupgjaldsbreyt. væri að ræða, því hún ákvæði sjálf, hvað hún teldi verulega kaupgjaldsbreyt. Ég veit ekki annað en Eimskipafél. geti breytt uppskipunargjaldinu líka hvenær sem kaupgjaldsbreyt. verður. Mér finnst ekkert hættulegt, að bærinn fái sama rétt.

Ég geri ekkert úr því, að árekstur kynni að verða milli afgreiðslumanna skipanna og þeirra, sem sjá um uppskipunina, í þessu tilfelli bæjarins. Það er engin hætta á, að slíkt kæmi fyrir frekar heldur en undir þeim kringumstæðum, sem nú eru.

Við vitum, að hvert stykki er bókfært og merkt því númeri, sem það hefir á farmskrá. Allt er skjalfest og nákvæmlega hægt að rekja, hvaða hlutir fara í land o. s. frv.

Ég sé ekki að það sé neitt hættulegra, þó bærinn fái rétt til upp- og framskipunar, að gjöldin eru ekki miðuð við verðmæti. Þau eru ekkert miðuð við verðmæti hjá Eimskipafél. Það er tiltekin upphæð fyrir hvert stykki, sem skipað er upp eða fram, og það er áreiðanlega miðað við þyngd, en ekki verðmæti. Ég sé ekki, að á nokkurn hátt sé þrengt kosti þeirra, sem vörurnar eiga, né stofnað til vandræða á nokkru sviði, þó þetta sé í höndum bæjarins. Auk þess hefir Ísafjarðarbær haft þennan rétt í tvö ár og firma á Ísafirði í 10 ár, og tekið hann þannig frá Eimskipafélaginu. Hvernig sem ég velti þessu fyrir mér, get ég ekki séð, að það valdi neinum óþægindum fyrir almenning, þó upp- og framskipunin sé í höndum bæjarins, og hún ætti ekki að þurfa að vera dýrari. Eftir frv. er ekki að sjá, að ætlazt sé til, að fylgt verði öðrum reglum í þessu efni heldur en fylgt hefir verið hingað til.

Hv. þm. N.-Ísf. hefir einnig flutt brtt. við þetta frv., og að því leyti eru till. hans í samræmi við till. hæstv. forseta, að hann ætlast til, að heimildin til einkaréttar á upp- og framskipun falli niður. En fleira felst í þessum till., m. a. það, að heimildin til að innheimta lóðargjald lækki nokkuð, að takmörkin, sem í frv. eru 0,1 og 1%, verði 0,4 og 0,8%. Þetta er nokkuð lægra hámark, en sannast að segja þótti mér hámarkið fulllágt í frv.; ég held, að það mætti vera hærra. Annarsstaðar mun hafa verið lögleitt allt að 2% lóðargjald. Brtt. draga svo mjög úr frv., að mér finnst ekki hægt að fallast á þær. Ég játa, að 2. gr. frv. er nokkuð teygjanlega orðuð, og það hefir gefið ímyndunarafli hv. 1. þm. Reykv. og annara lausan tauminn til þess að útmála, hvernig væri hægt að fara með íbúana. Ég sé ekkert óeðlilegt við það, að við

ákvörðun gjaldsins sé tekin til hliðsjónar íbúatala húsanna, eins og segir í gr. Grundvöllurinn á þrátt fyrir það að vera fasteignamatið, og það verður að treysta því, að bæjarstj. fari í þessu efni hæfilega fram. Ef ég léti ímyndunaraflið leika lausum hala á sama hátt og hv. þm., gæti ég sagt, að eftir þeirra tali ætluðust þeir til, að af lélegu húsunum, þar sem flestu fólki er hrúgað saman, ætti að greiða hæstan skatt. Mér finnst það eðlileg hugsun, sem kemur fram í frv., að ef fátt fólk býr í dýrri íbúð, þá sé borgað meira. Þetta yrði að sjálfsögðu eftir mati, sem bundið væri föstum reglum.

Þá er þetta, sem hv. 1. þm. Reykv. vék að, og einnig kemur fram í brtt. hv. þm. N.-Ísf., að skylda bæinn til þess að taka að sér ýms verk í notum þess, að hann fái fasteignagjaldið. Það má vel vera, að það sé ekkert á móti því að gera bænum einhverjar slíkar skyldur. En athugandi er það, eins og hv. þm. N.-Ísf. gat um, að Ísafjörður, sem var einn af þeim fyrstu bæjum á landinu, sem réðust í að koma upp vatnsveitu, hefir engan vatnsskatt tekið undanfarandi ár. Hér í Reykjavík og víðar er vatnsskatturinn allhátt gjald. Ef bærinn hefði tekið vatnsskatt, þá hefði hann á þann hátt náð nokkrum tekjum í sjóð. En þetta hefir ekki verið gert, og má líta á það, að bærinn hefir ekki gengið eins langt og aðrir kaupstaðir í því að leggja á eignir manna, og því engin ástæða til þess að skylda hann til að inna af hendi sérstakar ráðstafanir.

Ísafjarðarkaupstaður lætur greiða fyrir sóthreinsun, en varnir gegn eldsvoða framkvæmir hann án þess að tekið sé fyrir það sérstakt gjald, og er ekki líklegt, að það verði gert; enda þyrftu þá til þess sérstök lög, sem heimiluðu það; og ef bærinn ætlaði að fara að taka gjöld fyrir einstök verk, þá væri hægt að stöðva það. því slíkt væri ekki hægt án þess að veitt væri til þess heimild með lögum.

Þegar þess er gætt, að vatnsveitan á Ísafirði, sem er prýðisgóð, var gerð aldamótaárið og er þannig orðin 35 ára gömul, en samt hefir aldrei verið tekin þar vatnsskattur, þá sýnir það sig, að bæjarstj. er ekki sérlega ágeng gegn gjaldendum í bænum og henni þess vegna vel trúandi til að fara vægilega með vald sitt, sem ef til vill mætti segja, að væri teygjanlegt eftir 2. gr. síðari málsgr. Ég get því ekki séð, að neinar ástæður hafi komið fram gagnvart frv., sem geri það að verkum eða séu fullgild rök fyrir því, að frv. eigi að breyta, eða það sé svo háskalegt eins og hv. þm. N.-Ísf. vill vera láta. Bærinn hefir ekki gengið svo langt í álögum sínum á gjaldendur, að nokkur rök séu fyrir því að væna hann um ósanngirni í þeim efnum. Bærinn hefir haft þann almenna rétt að leggja á eftir efnum og ástæðum. Menn eru sjálfsagt þar eins og annarsstaðar á ýmsu máli um, hvernig það hafi verið gert, því þau gjöld eru þess eðlis, að ekki er alltaf hægt að hafa þau réttlát. Nú hefir það sýnt sig, að bærinn hefir þörf fyrir aðrar tekjur, bæði vegna þess, að þessi gjöld eru of lág til að borga allt það, sem bærinn þarf, og líka vegna hins, að bærinn hefir þörf fyrir tekjur á öðrum tíma en þeim, sem aukaútsvör eru greidd á. Þetta hefir verið gert fyrir Reykjavík. Hér hafa verið lögð á fasteignagjöld, og þegar það var gert, voru einkum færðar fyrir því tvær ástæður. Í fyrsta lagi sú, að nauðsynlegt væri að skapa bænum vissan tekjustofn, annan en aukaútsvörin, og í öðru lagi, að hann fengi þær tekjur inn á öðrum tíma en aukaútsvörin. M. ö. o., það var bæði gert til þess að auka tekjurnar og til tryggingar því, að á sem flestum tímum væru einhverjar öruggar tekjulindir. Þetta er nákvæmlega það sama sem nú er farið fram á fyrir Ísafjarðarkaupstað.

Ég vil ennfremur bæta því við viðvíkjandi því, sem teygjanlegt er talið í 2. gr., að ég sé ekkert á móti, þó hærra fasteignagjald sé greitt af verzlunarhúsum heldur en almennum íbúðarhúsum; með því er aðeins fylgt þeirri sömu reglu, sem er á ýmsum öðrum sviðum. Það eru ýms gjöld hærri á verzlunum heldur en þau eru almennt, má þar t. d. nefna símagjöld, sem alltaf eru hærri á verzlunarfyrirtækjum en einstaklingum, ef til vill að nokkru með það fyrir augum, að þar sé meiri notkun, sem þó er engan veginn víst að sé og í ýmsum tilfellum er alls ekki. Ég sé heldur ekkert á móti því, þó hærra gjald sé greitt af verzlunum heldur en af nauðsynlegum íbúðum.

Mér sýnist, að frv. megi standa eins og það er. Þó mundi ég ekki setja mig á móti ákveðnara orðalagi á 2 gr., ef till. um það kæmi fram. En hér liggur ekki annað fyrir en að draga úr frv. og skerða þann rétt til tekjuöflunar, sem farið er fram á í því, og vil ég því mælast til, að það sé látið ganga áfram óbreytt.

Hér er ekki farið fram á meiri réttindi en þau, sem aðrir bæir hafa fengið, eða það myndi þá helzt vera einkaréttur á upp- og framskipun á vörum úr þeim skipum, sem leggjast við bryggjur bæjarins, en þetta hefir bærinn haft á hendi áður. Bærinn hefir lagt mikið fé í að kaupa bryggjur, og í notum þess hefir hann haft þann rétt, sem hér er farið fram á að lögfesta.

Ég vil svo að lokum endurtaka tilmæli mín um það, að frv. verði látið ganga óbreytt áfram.

Frsm. minni hl. (Magnús Jónsson) [óyfirl.]: Hv. frsm. meiri hl. sagðist vera búinn að gleyma mörgu af því, sem sagt hefði verið við fyrri hluta þessarar umr., og það er ekki nema eðlilegt, að hann sé búinn að gleyma ýmsu af því, og hitt er þá heldur ekki furða, þó ég hafi ekki mörgu að svara, þar sem hann beindi orðum sínum meira að öðrum.

Út af brtt. hv. þm. N.-Ísf. vil ég segja það, að ég gæti heldur fylgt henni heldur en frv., en get þó ekki fallizt á að hafa ákvæði svo laus sem þau eru þar. Það er góð regla, að Alþingi ákveði fast, hve mikið skuli greiða, en gefi það ekki á annars vald að geta látið hlaupa á svo miklu, að það muni fullum helmingi. Það er ekki lítið vald, sem á þann hátt er sett í hendur annars aðila en þess, sem í raun og veru á að ráða.

Það er alltaf óþægilegt, þegar nýir skattar eru settir á eignir, sem búið er að ráðstafa til svo eða svo langs tíma, og leigusamningar

allir og aðrar ráðstafanir miðaðar við það, sem húsið þarf að bera. En ég get með engu móti fallizt á, að það sé betra, þótt þetta sé hægt að gera ár eftir ár, því þá ríkir fullkomin óvissa um, hve mikið húsin þurfi að gefa af sér þangað til hámarki þessara gjalda er náð. Þá er bæði réttlátara og í alla staði betra, að Alþingi liti á, hve langt það sér sér fært að ganga, og setji ákveðið gjald, sem ekki sé hreyfanlegt. Ég hygg, að ekki færi fjarri sanni, að farinn væri meðalvegurinn, en það yrði líkt og er hér í Reykjavík, eða 8‰ af húsum, 6‰ af byggingarlóðum og 1‰ af öðrum löndum og lóðum. Þetta finnst mér, að mundi vera stillt í meðalhóf. Mér finnst bæði eðlilegt og sjálfsagt, að Alþingi sleppi ekki úr höndum sér þeim eðlilega rétti, sem það hefir til að ákveða þetta. Hinsvegar er sá reginmunur á frv. sjálfu og brtt. hv. þm. N.-Ísf., að samkv. hans till. verður þetta raunverulegt fasteignagjald, þ. e. a. s. án þess að þar sé hægt að blanda inn í og bæta við öðrum tillitum. Ég efaðist um þetta í fyrstu, en ég hygg það tvímælalaust, að sá mismunur, sem þar er leyfður á gjöldum, eigi aðeins við mismunandi eignir, svo sama gjald komi alltaf á samskonar eignir.

Hv. frsm. meiri hl. sagði, að ímyndunarafl okkar gerðist allfjörugt, þegar við værum að ræða um 2. gr. frv. En er það ekki einmitt sjálfsagt, að þm. beiti ímyndunarafli sínu? Ég veit satt að segja ekki, til hvers meðferð mála á Alþingi er, ef ekki einmitt til þess, að þm. beiti ímyndunarafli sínu við umr. og reyni að finna og benda á sem flest af því, sem getur leitt af því, að einstakar lagaheimildir og ákvæði nái gildi, og á hvern hátt þau séu líklegust til að koma að tilætluðum notum. Þm. geta bezt eftir slíkar athuganir gert sér grein fyrir, hvort lögin muni verða til góðs eða hvort þau kynnu að verða svo skaðleg eða hættuleg í meðförum, að þeir vilji ekki vera með að samþ. þau. Hv. frsm. meiri hl. hlýtur að vita, að það er aldrei of vel athugað, hvað af lögum kunni að leiða. Eins hlýtur honum að vera það kunnugt, að oft koma í ljós óþægilegar smugur á lögum, og þær eru einmitt vegna þess, að málin eru ekki nógu vel brotin til mergjar; en það er einmitt hlutverk þm. að sjá við þessum smugum. Það er hlægilegt í þessu sambandi að tala um mikið ímyndunarafl, þó dregnar séu rökréttar ályktanir af því, sem í frv. stendur, þar sem talað er um að hafa fasteignagjöldin misjafnlega há, eftir því hve margir íbúar eru í húsunum. Það þarf sannarlega ekki mikið ímyndunarafl til þess að sjá, að þetta er sambland af fasteignaskatti og álagning eftir efnum og ástæðum. Ýmsir segja, að ýmislegt hafi farið fram á Ísafirði, sem hafi farið langt fram yfir allt ímyndunarafl, og þess vegna er full ástæða til að spenna ímyndunaraflið, þegar slíkt mál sem þetta liggur fyrir.

Hv. frsm. meiri hl. talaði um það sem einhverja frámunalega fjarstæðu, ef það ætti að leggja hæst gjald á þau hús, sem flestir búa í. En það er sannarlega engin fjarstæða. Sá, sem þrengir miklum fjölda saman í eitt hús, hefir meira upp úr því en hinn, sem hefir rúmgóðar íbúðir, og þess vegna engin fjarstæða — ef annars er gerður munur á fasteignagjaldi af húsum —, að einmitt af því húsi, sem flestir búa í, sé greiddur hærri skattur. Það væri líká meira í anda þeirrar stefnu að letja menn til þess að að hrúga um of í húsin og stuðla að því, að fólk hefði sæmileg húsakynni.

Ég þekki það mikið til á Ísafirði, að ég veit, að það er fjarstæða að tala um luksusíbúðir þar. Það getur verið, að sumir hafi þar heldur meira húsrúm en þeir gætu komizt af með minnst, en að það sé réttmætt að leggja á það nokkurn lúksusíbúðarskatt, nær ekki nokkurri átt. (**JBald:** Frv. minnist ekkert á það). Nei, það minnist ekki á það, en ef leggja á hærra fasteignagjald á þann, sem býr einn í húsi sínu, heldur en hinn, sem hrúgar inn í húsið eins mörgum og hann frekast getur, þá getur ekki annað legið til grundvallar fyrir því. Ég álít það hina mestu fjarstæðu að verðlauna menn fyrir það að hrúga sem flestu fólki saman í þröngar íbúðir.

Hv. frsm. meiri hl. sagði einnig, að það gæti verið ástæða til, að hærra fasteignagjald væri greitt af verzlunarhúsum heldur en af íbúðarhúsum. Ég veit ekki, á hvern hátt það er á Ísafirði með leigu af verzlunarhúsum, en ef einhver getur haft hagnað af því að leigja hús sitt til verzlunar, þá hefir niðurjöfnunarnefnd algerlega á valdi sínu að hækka útsvar hans í hlutfalli við þann hagnað, og engin þörf á því við hliðina á aukaútsvarinu að yfirganga það hreinlega fasteignagjald, sem miðað er við matsverð eignarinnar. — Hann minntist á það í þessu sambandi, að verzlanir yrðu að greiða hærra símagjald en aðrir símanotendur. En það er ekki vegna þess, að þar sé lagður sérstakur skattur á símann, heldur vegna hins, að álitið er, að hann sé meira notaður í verzlunum en annarstaðar, og því beinlínis dýrari vegna meiri vinnu og meira slits á tækjum.

Ég ætla svo ekki að fjölyrða meira um þetta. En viðvíkjandi hinum lið frv., sem er einkaréttur bæjarins til upp- og framskipunar, vil ég taka það fram, að ef bærinn á að hafa tekjur af vörum, sem til hans flytjast, þá verður það að gerast á þann hátt, að Alþingi ákveði rétt kaupstaða til þess að taka slík gjöld, en ég tel óeðlilegt, að Ísafjarðarkaupstaður hafi um það nokkra sérstöðu, og ég mun fylgja brtt. hæstv. forseta um að fella þetta úr frv. Ef síðar verða sett um þetta almenn ákvæði, þá ná þau að sjálfsögðu líka til Ísafjarðarkaupstaðar. Það rekur að því, og ekki síst í sambandi við breyt. á framfærslulögunum, að bæjunum verður að útvega aukna tekjustofna, og með tilliti til þess, að þeir taka þá við framfærslubyrðinni fyrir allt landið, þá er ekki eins vandgert um, þótt eitthvað af þeim tekjum væri óbeinlínis goldið af öðrum en þeim, sem búsettir eru í bæjunum. En þetta verður að athugast á öðrum grundvelli, og ég mun, eins og ég þegar hefi sagt, greiða atkv. með þeirri brtt. hæstv. forseta að fella þetta úr frv.

Einar Árnason: Hv. frsm. meiri hl. hrakti ekkert af þeim ástæðum, sem ég færði fram fyrir brtt. minni, og þarf ég því ekki mikið að segja. — Hann minntist, að mér heyrðist, á þrjú at-

riði. Hann taldi það ekki á rökum reist, að meiri árekstrar yrðu á milli þeirra, sem vöruna fá, og þeirra, sem vöruna flytja, þótt bærinn kæmi inn sem nýr liður. En ég hygg það augljóst, að því fleiri sem milliliðirnir verða, því hættara er við árekstrum, og ég hygg, að á þeim tíma, sem Ísafjarðarbær hafði þennan einkarétt, þá hafi orðið árekstrar.

Þá minntist hv. frsm. meiri hl. á, að uppskipunargjald yrði ekki miðað við verðmæti vörunnar; en það, sem ég átti við, var það, að ef bærinn ætlar að nota þetta sem verulegan tekjustofn, þá yrði ódýra varan að hækka mikið, ef ekki væri miðað við verðmæti vörunnar, og yrði því ósanngjarnt.

Þá sagði hann, að upp- og framskipun yrði ekki dýrari í höndum bæjarstj. heldur en í höndum afgreiðslumanns. Ég skal ekkert fullyrða um þetta, en ég held því fram, að einkarétturinn gefi ástæðu til að ætla, að þetta yrði dýrara. Bæjarstj. hefir það alveg í hendi sinni, hverja aðferð hún lætur hafa við uppskipun vörunnar og meðferð hennar. Nú er á sumum stöðum öll vara strax sett í hús, en á öðrum stöðum afhent á bryggju, eftir því sem hægt er. Nú gæti bæjarstj. tekið þá stefnu að setja alla vöru í hús, og við það yrði uppskipunin að sjálfsögðu dýrari og meiri kostnaður legðist á eigendur varanna. Það mætti ætla, ef bæjarstj. tæki slíka ákvörðun, þá væri það vegna þess, að sérstakar ástæður væru fyrir hendi, og þessar ástæður eru einmitt fyrir hendi nú, þegar svo er ástatt, að atvinnuleysi er mikið og bæirnir þurfa að leggja fram mikið fé til þess að bæta úr því.

Þar, sem ég þekki til — á Akureyri —, væri það mjög óheppilegt, ef bæjarstj. hefði einkarétt á öllum vörum, sem þangað flytjast. Þangað koma heilir skipsfarmar af byggingarvörum, kolum og salti og eigendur varanna leggja alla áherzlu á að gera uppskipunina sem allra ódýrasta, en það er engin trygging fyrir því, að bæjarstj. legði sig sérstaklega fram í því skyni eða hefði aðstöðu til að hafa þau vinnubrögð, að uppskipunin yrði ódýr. Ég skal benda á, að á Akureyri er stórt frystihús, og aðstaðan þar er þannig, að ef þau skip, sem taka vöruna frá frystihúsinu, yrðu að leggjast við bryggju bæjarins, þá yrði útskipunin miklu dýrari en þörf er á. Aðstaðan þar er sú, að bryggjur bæjarins eru langt frá íshúsinu, en aðrar bryggjur til, sem eru rétt hjá því. Auk þess, sem þetta mundi hafa mikinn aukinn kostnað í för með sér, er líka hætt við, að þessi vara, sem þarf mjög góða meðferð, yrði fyrir illri meðferð og skemmdum við að flytja hana langa leið til skips. Ég segi ekki, að það sé víst, að bæjarstj. gripi til þessa, en í skjóli einkaréttarins má búast við því, að eitthvað líkt þessu gæti komið fyrir, sem bæði væri til að auka kostnað og óþægindi. Mér fannst líka á hv. frsm. meiri hl., að hann væri ekki mjög harður á þessu atriði, og ég geri ráð fyrir, að það fari svo, að brtt. mín verði samþ.

Bernharð Stefánsson: Það var aðeins út af því, að hv. frsm. meiri hl. lét í ljós nokkra undrun eða óánægju yfir því, sem ég sagði um þetta mál áðan. En ég sé ekki, að hann hafi neina ástæðu til að undrast það, sem ég sagði, því að það var ekkert annað en nánari útskýring á nál., sem við báðir höfum skrifað undir, útskýring á mínum fyrirvara. Hann var að tala um, að ekki væri hægt að bera fullkomlega saman Siglufjörð annarsvegar og Ísafjörð og aðra kaupstaði hinsvegar, sökum þess, hve margir aðkomumenn kæmu til Siglufjarðar á sumrin til þess að stunda þar atvinnu. Það kann að vera nokkuð hæft í því, að Siglufjörður sé ekki að þessu leyti vel sambærilegur við aðra kaupstaði. En ég álít, að það sé þá í alveg öfugri merkingu við það, sem hv. frsm. var að tala um. Það er vitanlegt, að kaupstaðurinn hefir ýmiskonar kostnað af þessum mörgu aðkomumönnum. Þeir nota göturnar á Siglufirði alveg eins og bæjarbúar. Lögreglan t. d. er ekki síður vegna aðkomumanna en bæjarbúa. Margt fleira mætti telja. Þess vegna er það, að Siglufjarðarkaupstaður er einmitt sá kaupstaður í landinu, sem núv. útsvarslöggjöf gerir allra mest rangt til. Og í því sambandi ber ekki síst að líta á það atriði, að það er orðinn svo geysimikill hluti af atvinnurekstri í bænum, sem ekki er útsvarsskyldur, sem er ríkisverksmiðjurnar. Ég býst við, að það fari að verða óhjákvæmilegt yfirleitt að heimila bæjarfélögum aukna tekjustofna frá því, sem verið hefir. En það finnst mér augljóst, að engu bæjarfélagi er þetta eins nauðsynlegt eins og Siglufjarðarkaupstað, og ekkert bæjarfélag á eins mikinn rétt á því, að eitthvað verði gert í þessa átt, eins og einmitt sá kaupstaður. En það gengur nú þannig, að það frv., sem fyrir þinginu liggur um umbætur í þessu efni fyrir Siglufjarðarkaupstað, þokast nú ekkert áfram. Það er í Nd. enn. Og það er einmitt hv. flm. þessa frv., sem hér liggur fyrir, sem hefir þetta mál (fyrir Siglufjarðarkaupstað) mikið á valdi sínu, því að hann mun vera form. í þeirri n., sem hefir fjallað um það. En hugsanlegt er nú, að breyt. verði orðin í því efni áður en þetta mál verður hér til endanlegrar meðferðar í hv. d., við 3. umr.

Jón Auðunn Jónsson: Það er ekki ofsögum sagt, þó að hv. frsm. meiri hl. segi, að 2. gr. frv. sé óljóst orðuð. Þess vegna m. a. kom ég með nýja brtt., sem er í samræmi við þá löggjöf, sem gildir í öðrum bæjarfélögum í þessu efni. Hv. frsm. minntist á, að of mikið væri að lækka ákvæðið um lóðagjaldið niður í 0,8% úr 1%. Hér í Rvík er þetta gjald nú 0,6%. Ég skal þó engan veginn vera á móti því, ef hv. frsm. vill koma með brtt. um að hækka þetta upp í 1%. Ég veit, að Ísafjarðarkaupstaður þarf þessara tekna með.

Ég skal ekki fara inn á þær deilur, sem eru á milli hv. frsm. meiri hl. og hv. 2. þm. Eyf. En það var líkt hv. frsm. að segja, að það væri ekki víst, að gjöldin yrðu hækkuð, en þó vildi hann ekki ábyrgjast neitt um það. Þetta er hans venjulega varfærni. Og ég kann vel að lesa úr því, þegar hann talar svona, hvað hann meinar.

Annars ætti það að vera nægur mismunur í

gjöldum, að maður, sem býr í einkaibúð, sem að fasteignamati er 20 þús. kr. virði, greiði fjórum sinnum meira en annar, sem býr í einkaibúð, sem er metin 5 þús. kr. virði. Það virðist eins og það ætti að vera meiri nauðsyn að hvetja menn í Ísafjarðarkaupstað til að eignast sín eigin hús heldur en menn annarsstaðar, því að eins og margir vita, hefir ekki tekizt að framkvæma þar enn löggjöf um verkamannabústaði, þrátt fyrir það, þótt jafnaðarmenn hafi verið þar í meiri hl. í bæjarstj. á undanförnum árum. Á fjárhagsáætlun bæjarins fyrir árið 1931—1934 voru áætlaðar um 47 þús. kr. í þessu skyni, en greiddar 2233 kr. Það virðist því sem sú stj., sem þar er og hefir farið með bæjarmál þar að undanförnu, leggi ekki ákaflega mikla áherzlu á að koma upp verkamannabústöðum og á þann hátt að bæta íbúðir fátækra manna í bænum.

Bæjarsjóður og hafnarsjóður hafa að vissu leyti aðstöðu til að fá nokkrar tekjur umfram það venjulega af uppskipun. Það stendur svo á, að hafnarsjóður á hús, sem eru vel fallin til vörugeymslu og standa nærri bryggju bæjarins, þar sem öll út- og uppskipun frá póstskipum fer fram. Þessi hús eru leigð þeim mönnum, sem hafa afgreiðslu skipa með höndum, fyrir um 20% af sannvirði þeirra. Að hægt er að leigja húsin svo hátt, liggur í þeirri góðu aðstöðu, að þau eru svo nærri bryggjunni. Bærinn fær því óvenjulega háar tekjur af þessum húsum, auk þess sem hann fær útsvar af rekstri skipaafgreiðslunnar, ef hann gefur arð, sem alltaf mun hafa verið, nema þá af Djúpbátnum, sem annast alla skipaafgreiðslu fyrir sýsluna.

Ísafjarðarkaupstaður hefir aldrei haft neinn einkarétt á upp- og útskipun þar. Út af því hefir orðið dómsmál, og var það dæmt þannig, að bærinn hefði það ekki. Enda, ef hann hefði þann rétt, þá væri engin þörf á löggjöf um, að svo skuli vera. En bærinn fékk óbeint tekjur af skipaafgreiðslunni með því, að hann leigði Nathan & Olsen eign hafnarsjóðs fyrir miklum mun hærra verð en hægt hefði verið að renta þá eign á annan hátt.

Hv. þm. minntist á, að ekki hefði verið tekinn vatnsskattur af bæjarbúum sem fasteignagjald. Það er alveg rétt. En ég álít samt, að réttara væri að taka vatnsskatt alveg sérstaklega, vegna þess að á Ísafirði stendur til að gera kostnaðarmiklar endurbætur á vatnsleiðslunni til þess að tryggja, að ekki verði vatnsskortur í bænum á ýmsum tímum árs. Ég er ekki í vafa um, að þegar undið verður að þeim framkvæmdum, þá verður farið fram á að fá leyfi til að leggja á vatnsskatt. Það er ekki nema sanngjarnt. Og vegna íbúa bæjarins er ég ekki á móti því, að sá skattur verði lagður á nú þegar.

Hv. frsm. minni hl. fannst brtt. minar ekki svo skýrar, að ekki mætti, þó þær yrðu að l., mismuna mönnum í gjöldum, eftir því til hvers eignirnar væru notaðar. En ég álít, að þar séu skýr ákvæði um í a-lið brtt., því að þar stendur með leyfi hæstv. forseta: „Af öllum húsum, úr hvaða efni sem þau eru og til hvers sem þau eru notuð, 0,5—1%.“ Hinsvegar er ég hv. frsm. ósammála um, að rétt sé að setja hámarksgjaldið þegar í stað. Ég álít rétt að hafa nýja skatta fremur lága, á meðan menn eru að venjast þeim, en hækka þá síðar.

Frsm. meiri hl. (Jón Baldvinsson) [óyfirl.]: Hv. frsm. minni hl., 1. þm. Reykv., breiddi sig mikið út yfir það, að aldrei gæti orðið of mikið ímyndunarafl hjá hv. þm. til þess að leita eftir smugum, sem kunna að verða á þeirri löggjöf, ef frv. þetta nær fram að ganga. Ég fæ nú ekki séð aðra smugu á frv. en bilið á milli gjaldsins frá því, sem það skal vera lægst, og til þess, sem það má vera hæst. Á því bili geta menn hugsað sér skattinn hvar sem vera skal. Upp fyrir hámarkið er ekki hægt að fara, svo hér er ekki mikið svigrúm. En heildarniðurstaðan í ræðu þessa hv. þm. virtist vera sú nýja kenning hans, að það ætti að leggja hærri skatta á fátækasta fólkið, þar sem flestum er hrúgað saman og er í lélegustu húsakynnunum, til þess að þröngva því til að taka sér betri íbúðir.

Ég býst við, að við hæstv. forseti getum látið niður falla meira karp um upp- og útskipun. Við höfum hvor sína skoðun um það mál. En ég get ekki séð, að neitt hafi komið fram, sem gefi til kynna, að þetta verði neitt dýrara hjá bænum heldur en gufuskipafélagi. Þó að Eimskipafél. Íslands hafi lítilsháttar tekjur af þessu hér í Rvík og kannske úti um land, þá held ég, að ekki yrði tekinn svo stór spónn úr aski þess með frv. þessu, að fella verði þess vegna niður úr því þennan rétt Ísafjarðarkaupstaðar til tekjuöflunar.

Þá er hæstv. forseti (2. þm. Eyf.) hræddur við, að einkaréttur bæjarfélags til afgreiðslu skipa geti leitt til ýmissa mistaka á þeim störfum, til óþæginda fyrir þá, sem vörurnar eiga. Um þetta er ég ekkert hræddur. Í raun og veru hefir Eimskipafél. Ísl. þennan rétt, enda þótt hann sé ekki lögverndaður, því að þar sem það skipar upp, getur enginn vörumóttakandi komið því við að taka á móti vörum sínum úr skipi. Svo að í raun og veru hefir Eimskip þennan einkarétt nú. Og ég get ekki séð, að það ætti frekar að geta valdið skaða, þó að bæjarfélag hefði þessi réttindi.

Hv. 1. þm. Eyf. þarf ég sáralitlu að svara. Ég var ekki að láta í ljós óánægju við hann, heldur aðeins vonbrigði út af því, ef hann ætlar að nota fyrirvara sinn í nál. til þess að ganga á móti frv. (**BSt**: Til hvers heldur hv. þm., að fyrirvarinn hafi verið settur?). Ég tek hann bókstaflega, af því að ég talaði vinsamlega um það áhugamál hans, að Siglufjarðarkaupstaður fengi réttindi til þess að ná tekjum í bæjarsjóð sinn. En ég sagði, að það væri ekki hægt að veita þeim þessi réttindi eftir sömu línum og öðrum kaupstöðum, af því að það stæði sérstaklega á um Siglufjörð í því tilliti. Mér fannst hann ekki taka nema aðra hlið málsins, þegar hann talaði um, að aðkomumenn notuðu göturnar á Siglufirði og að vegna aðkomumanna þyrfti bærinn meiri lögreglu. Skyldi bærinn þá ekki einnig fá meiri tekjur vegna þessara aðkomumanna, bæði gegnum verzlun, húsaleigu og annað, að ógleymdum hinum mikla vöruflutningi til bæjarins og frá, vegna hins mikla atvinnu-

rekstrar manna þar, sem ekki eru þar búsettir? Ég þykist hafa tekið mjög vel undir mál Siglufjarðarkaupstaðar. Hinsvegar erum við ekki farnir að ræða um löggjöf fyrir þann bæ í þessu tilliti í einstökum atriðum.

Mér virðist það mæla með því, að þetta frv. verði samþ., að Ísafjarðarkaupstaður hefir ekki notað sér að fá samskonar heimild og aðrir kaupstaðir hafa til að leggja á vatnsskatt. Ég sé ekki annað en að húseigendum á Ísafirði eigi að vera nokkurn veginn sama, hvort skatturinn heitir húsaskattur eða vatnsskattur.

Mér skildist á hv. þm. N.-Ísf., að honum þætti réttara að leggja á vatnsskatt á Ísafirði. (JAJ: Þeir hafa ekki á móti húsaskatti). Má vera, að þar standi fyrir dyrum kostnaðarsamar endurbætur á vatnsleiðslunni. Þá hefir bærinn ekki síður þörf á að fá tekjustofna, sem hann getur byggt á, svo sem þau fasteignagjöld, sem lagt er til með frv. þessu, að lögfest verði fyrir bæinn.

Ég sé ekki ástæðu til að koma fram með brtt. við frv., þó að mér þyki of lágt það, sem hv. þm. N.-Ísf. stingur upp á um lóðagjaldið. Ég vil sjá, hvernig málið horfir við eftir þessa umr.

Ef samþ. verða brtt. á þskj. 404 og 424, þá sé ég ekki, að mikið sé orðið eftir af tekjuöflunarmöguleikum fyrir kaupstaðinn eftir frv., þegar búið er að breyta því svo. Því að í brtt. á þskj. 424 er lagt til, að lögfest verði, að eftir að lög þessi komist til framkvæmda annist bærinn, húseigendum að kostnaðarlausu, sóthreinsun og ráðstafanir til útrýmingar rottum og varnir gegn eldsvoða. Með þessu væri, ef að l. yrði, lagðar á bæinn skyldur til að annast þessi störf án endurgjalds, sem hann hingað til hefir haft tekjur fyrir. Og með því móti yrði þetta miklu óaðgengilegri löggjöf fyrir Ísafjarðarkaupstað heldur en ef frv. yrði samþ. óbreytt. Ég sé því ekki ástæðu til að samþ. neinar brtt. við frv. — En það má vel vera, að rétt sé að gera bilið á milli lágmarks og hámarks í skattinum minna en það er nú, til þess að imyndunaraflið hafi ekki eins lausan tauminn.

Jón Auðunn Jónsson: Það er misskilningur hjá hv. frsm. meiri hl., að fasteignaeigendur á Ísafirði hafi á móti því, að fasteignagjaldið til bæjarsjóðs hækki. En það er aðferðin til þess að ná því, sem þeir eru ekki sammála sumum hv. þm. um. Þeir tóku fram í sínum mótmælum, að þeir mótmæltu því, að fasteignaskatturinn væri hafður mismunandi á hinum ýmsu fasteignum, að öðru leyti en það byggðist á verði húsanna eftir fasteignamati. Og að Ísafjarðarkaupstaður taki, ef brtt. mín nær fram að ganga, á sig byrðar, sem aðrir kaupstaðir ekki þurfi að bera, það er líka rangt. Bæði hér í Rvík og annarsstaðar, þar sem þessi fasteignagjöld eru lögboðin, taka bæirnir að sér sóthreinsun, útrýmingu á rottum, varnir gegn eldsvoða og sorphreinsun. Með þessu frv. er ekki farið fram á, að bæjarsjóður taki að sér neitt af þessum störfum, svo að bærinn hefði, þó að brtt. mín yrði samþ., minni útgjöld vegna fasteigna bæjarbúa heldur en aðrir bæjarsjóðir hafa. Þetta bið ég hv. þm. að athuga. Og eins það, að eftir mínum till. er fasteignagjaldið hærra af byggingarlóðum en hér í Rvík. Ég get verið með því að setja hámarksgjaldið hærra, svo að eftir mínum till. hafi Ísafjarðarkaupstaður eins miklar tekjur af þessu gjaldi og Rvík, hlutfallslega, eða meiri, og minni skyldur. Ég hygg, að sorphreinsun sé ekki lítill útgjaldaauki hér í Rvík fyrir bæjarsjóð, og mundi verða það líka fyrir Ísafj.-kaupstað, ef bærinn ætti að annast það. En þess álít ég ekki þörf. Menn eru vanir því þar að annast þetta sjálfir, og það er hægra um sorphreinsun á Ísafirði en annarsstaðar, vegna legu bæjarins, þar sem hann liggur svo nálægt sjó og er umluktur af sjó. Þess vegna er minni ástæða til þess á Ísafirði en víðast eða alstaðar annarsstaðar, að bærinn taki að sér sorphreinsun. En ég vænti, að frsm. meiri hl. sjái, að Ísafjarðarkaupstað yrði aðeins íþyngt með því að láta bæinn annast það.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 62. fundi í Ed., 6. nóv., var fram haldið 2. umr. um frv. (A. 286, n. 373 og 423, 404, 424, 471).

Of skammt var liðið frá útbýtingu brtt. 471. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

ATKVGR.

Brtt. 404,1 samþ. með 8:4 atkv.

1. gr., svo breytt, samþ. með 10 shlj. atkv.

Brtt. 471 samþ. með 9:1 atkv.

— 424,1, svo breytt, felld með 8:6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: JAJ, MG, MJ, PM, ÞBr, ÞÞ.

nei: HermJ, IngP, JBald, PHerm, SÁÓ, BSt, HG, EÁrna.

Tveir þm. (JJ, GL) fjarstaddir.

2. gr. samþ. með 7:3 atkv.

Brtt. 404,2 samþ. án atkvgr.

— 424,2 felld með 7:6 atkv.

3. gr., svo breytt, samþ. með 8:2 atkv.

4. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.

Brtt. 404,3 samþ. án atkvgr.

5. gr., svo breytt, samþ. með 9 shlj. atkv.

6. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.

Brtt. 404,4 samþ. án atkvgr.

Bráðabirgðaákvæði, svo breytt, samþ. með 9 shlj. atkv.

Brtt. 404,5 samþ. með 6:2 atkv.

Fyrirsögn, svo breytt, samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 6:2 atkv., með fyrirsögninni:

Frv. til l. um bæjargjöld á Ísafirði.

Á 64. og 66. fundi í Ed., 8. og 11. nóv., var frv. tekið til 3. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 68. fundi í Ed., 13. nóv., var frv. enn tekið til 3. umr. (A. 478, 479, 491, 503).

Frsm. minni hl. (Magnús Jónsson) [óyfirl.]: Eins og kom fram við fyrri umr. þessa máls, voru þá í því tveir ásteytingarsteinar. Annar hefir nú verið tekinn burt úr frv., en hinn, um fyrirkomulag fasteignagjaldsins, er eftir ennþá.

Um þetta efni flyt ég nú brtt. á þskj. 479, og má skoða hana sem samkomulagstill. í þessu efni. Það var sem sé bæði deilt um upphæð þessa gjalds, sem hv. þm. N.-Ísf. hugsaði sér að færa niður, og svo einnig um það ákvæði, að heimilt skyldi vera að ákveða með reglugerð, að fasteignargjaldið skyldi vera misjafnlega hátt eftir því, hvernig eignin er notuð. Brtt. mín á þskj. 479 gengur út á það, að nema aðeins burt úr gr. þetta ákvæði, en láta hitt óbreytt. Ef hún er samþ., má búast við, að kaupstaðurinn geti fengið þennan tekjulið óskertan, því að það yrði eftir sem áður hægt að ákveða gjaldið mismunandi hátt allt upp að því hámarki, sem nú stendur í frv. — Annars er búið að tala svo rækilega um þetta atriði, að ég sé enga ástæðu til að orðlengja frekar um það. Ég sé, að hv. þm. N.-Ísf. hefir borið fram brtt. um sama efni, og gengur hann það lengra, að hann vill ekki aðeins, að þetta ákvæði falli burt, heldur vill hann einnig breyta nokkuð gjaldinu sjálfu.

Jón Auðunn Jónsson: Mér fannst á sumum hv. þdm., að þeir felldu sig síður við það, að gjaldið væri ákveðið eftir geðþótta bæjarstj. og hefi ég því borið hér fram brtt. um, að það væri fastákveðið í frv. Ég verð nú samt að segja það, að í mínum augum er þetta ekki stór ókostur, og ef maður ætti við skynsamlega bæjarstj., þá ætti það að vera fremur kostur en ókostur að mega hafa þennan skatt lágan í byrjun. Það er fullerfitt að innheimta þessi gjöld, sérstaklega meðan þau eru ný. En Ísafjörður hefir öllum öðrum kaupstöðum meiri þörf fyrir að fá fastan gjaldstofn, vegna þess að útsvör á Ísafirði eru miklu hærri en í nokkrum öðrum kaupstað á landinu, ef miðað er við eignir manna og tekjur. T. d. voru þau árið 1932 helmingi hærri en í Reykjavík og meira en ⅓ hærri en á Akureyri, miðað við tekjur manna og eignir. Þess vegna get ég fallizt á, að það sé þegar ákveðið hámarksgjald í þessu frv. og það sé miðað við þá hæstu upphæð, sem er í frv., sem sé 1% af húseignum og 0,8% af byggingarlóðum, en af öðrum lóðum, ræktuðum lóðum, görðum og fiskreitum, 1‰ eins og annarsstaðar þar, sem þessi gjöld eru, því að það yrði auðvitað því nær ókleift að borga af þeim eins hátt og heimilað er í frv.

Annars skal ég geta þess, að fasteignagjöld, húsaskattur og gjöld af byggingarlóðum í Reykjavík eru með l. nr. 36 frá 1924 0,8% af húsum og 0,6% af byggingarlóðum og 0,1% af lóðum, sem eru ekki notaðar sem byggingarlóðir, svo sem ræktunarlóðum og fiskreitum. Í Neskaupstað er einnig fasteignagjald af húsum samkv. l. frá 1921, og þar er skattur af húsum 0,5‰, en ekkert af lóðum. Á Siglufirði er fasteignagjald, en aðeins til að standa straum af sjóvarnargarðinum þar, og ekki lagt nema á nokkurn hluta fasteigna í kaupstaðnum, aðeins þær, sem stafar hætta af sjávargangi, og er gjaldið 0,4% af húsum, en 0,2% af öðrum fasteignum, svo sem lóðum.

Í Vestmannaeyjum er líka gjald af bæði húsum og byggingarlóðum, 0,4% af hvorutveggja. Undanskildar eru ræktunarlóðir, fiskreitir og bithagi.

Aðalbreyt., sem yrði samkv. mínum brtt., er sú, að af lóðum, sem notaðar eru til ræktunar, og öllum fiskreitum á gjaldið ekki að vera nema 0,1‰, enda virðist það vera stefna allra bæjarfélaga að hafa lágt gjald af þessum eignum. Býst ég við, að þessi skattur allur geti numið á Ísafirði um 40000 kr. á ári. Ef hann væri af öllum skattskyldum lóðum á Ísafirði, yrði hann 50000 kr., en bærinn á nokkrar lóðir, svo að ég hygg, að skatturinn verði ekki meiri en 40000 kr.

Það er enginn vafi, að kaupstaðurinn þarf að fá slíkan tekjustofn. En auðvitað verður þetta til þess að hækka húsaleiguna undir eins þegar frá líður, því að það eru ekki húseigendurnir, sem koma til með að bera þetta gjald. nema þeir, sem búa í sínum húsum og leigja ekkert af þeim, heldur verða það leigjendurnir, og má því búast við, að húsaleigan hækki við þessa skattgreiðslu.

Magnús Guðmundsson: Ég á örlitla brtt. við þetta frv., á þskj. 491, sem ég get ekki ímyndað mér, að geti valdið ágreiningi, því að hún er að mínu viti aðeins til að leiðrétta óheppilegt ákvæði, sem er í 4. gr. frv. Það er gengið út frá því, að það sé ætið þinglesinn eigandi eignarinnar, sem á að greiða þetta gjald. En nú lætur sá, sem eignina á á hverjum tíma, oft ekki þinglýsa eigninni, enda er það ekki skylt. Þessi brtt. er því aðeins til að færa til réttari vegar, því að auðvitað á eigandi að greiða þennan skatt, en ekki sá, sem af tilviljun stendur sem þinglesinn eigandi í veðmálabókunum, enda gæti gjaldið beinlínis tapazt, ef þetta ákvæði væri skilið eins og beinast liggur við að skilja það, því að það væri oft ekki hægt að ná í þann þinglesna eiganda; hann gæti jafnvel verið dauður. — Þarf ég svo ekki að segja fleira um þessa brtt.

Frsm. meiri hl. (Jón Baldvinsson) [óyfirl.]: Við 2. umr. ræddum við um öll þau atriði, sem hér á að breyta, nema það ákvæði, sem hv. 1. þm. Skagf. flytur nú brtt. við, og ef til vill einn lið frá hv. þm. N.Ísf. — Ég skal taka þessar till. eftir röð, eins og talað hefir verið fyrir þeim. Er þá fyrst brtt. frá hv. 1. þm. Reykv., að fella niður heimild bæjarstj. til þess að láta gjaldið vera mismunandi hátt, eftir því til hvers eignin er notuð. En í raun og veru er þetta skorðað, því að þeir, sem leggja gjaldið á, mega ekki fara lengra en upp í það hámark, sem er í a- og b-lið 2. gr. Innan þess ramma er hægt að leggja gjaldið á, en út fyrir hann er ekki hægt að fara. Þar eru reistar skorður, sem mér finnst alveg rétt að gera, en mér finnst, að bæjarstj. eigi að fá að hafa svolitið sjálfræði um þetta. Sé ég því ekki ástæðu til að samþ. brtt. hans. Bæjarstj. er bundin við hámark og er þarna markað afartakmarkað svið.

Þá ber hv. þm. N.-Ísf. fram brtt. um að fastákveða skattinn, og í sjálfu sér má vel vera, að það sé ekki fjarri lagi, en þar við er þó það að athuga, að þá missir bæjarstj. réttinn til að mismuna skattinum innan þess ramma, sem henni er markaður. Að því leyti sé ég ekki ástæðu til að samþ. brtt. og mun því greiða atkv.

á móti henni. Þó get ég fallizt á c-liðinn, þar sem það er lagt til, að eignir eins og lóðir, sem ætlaðar eru til ræktunar, fiskreitir og aðrar slíkar lóðir, falli undir fastákveðið gjald, 0,1%.

Af þessum brtt. er það till. hv. 1. þm. Skagf., sem engum ágreiningi veldur. Það verður að teljast réttast, að gjaldið sé lagt á eiganda eignarinnar, því að það er engan veginn víst, að sá þinglesni eigandi eigi eignina, því að hann getur vel verið búinn að gefa öðrum afsal. Hans till. tel ég því rétt að samþ., en hvorki till. hv. 1. þm. Reykv. né till. hv. þm. N.-Ísf., nema c-liðinn, sem mér finnst vel mega koma á eftir *þeim liðum, sem nú eru í 2. gr. frv.*

Frsm. meiri hl. (Magnús Jónsson) [óyfirl.]: Ég vil taka það fram, að ef ég ætti að ráða þessum till., þá mundi ég frekar óska eftir, að till. hv. þm. N.-Ísf. væru samþ. heldur en mínar till., því að þær eru miklu nær því, sem ég lét hér áður í ljós, að væri vilji minn í þessu máli. En eins og ég sagði áðan, þar ég mínar till. fram aðeins til samkomulags. — Það er ómögulegt að segja annað en að eftir mínum till. hafi bæjarstj. talsvert frjálsar hendur um það, hvernig hún kemur þessu fyrir, en aðeins að það verði ákveðinn skattur á hverri tegund, eins yfir alla línuna. Úr því vildi ég fá skorið. Hjá hv. þm. N.-Ísf. er hvorttveggja gert. Réttur bæjarstj. til að mismuna skattinum á samskonar eignum er þar numinn burt og hún hefir þar alveg bundnar hendur um það, hvert skattgjaldið skuli vera, og í öðru lagi vill hann ákveða eins og ég, hvaða gjald skuli vera af hverri tegund fasteigna.

Hv. 4. landsk. leit svo á, að samþ. mætti eina, af till. hv. þm. N.-Ísf., og ég er honum sammála um það, að sú till. er sjálfsögðust af þeim öllum. Ég tel sjálfsagt, ef hún verður ekki samþ., að bæjarstj. noti svigrúm b-liðsins til að ákveða lágt gjald af þeim lóðum, sem eru ekki byggðar.

Út af því, sem hv. 4. landsk. sagði um brtt. mína og ákvæði frv., vil ég aðeins geta þess, að það er ekki alveg rétt, sem hann sagði, að bæjarstj. gæti aðeins mismunað gjaldinu svolítið, en væri aðeins bundin við hámarkið. Það munar þó meiru en helmingi, því að samkv. frv. má leggja á hús frá 0,4% og upp í 1%, og af lóðum og öðrum fasteignum má gjaldið vera 10 sinnum hærra en það má vera minnst, og það er ekki að mismuna svolítið, og það getur ekki heldur kallazt að mismuna svolítið, ef skatturinn *er hækkaður um meira en helming*. Það er því mjög villandi, þegar hann segir, að ákvæði frv. heimili aðeins að mismuna svolítið. Ég tel þetta vald, sem á hér að fá bæjarstj., vera mjög varhugavert, því að hún hefir öll tök á því eftir öðrum leiðum að mismuna mönnum eftir efnum og ástæðum. Ef það væri ekki, þá gæti verið *rétt* að hugleiða, hvort ekki væri rétt að gefa *þannig vald til að mismuna mönnum eftir efnum* og ástæðum, en eins og nú er ástatt sé ég enga þörf á því.

Það hefir verið bent á fyrr, að sú hugmynd, sem hér liggur til grundvallar, að leggja t. d. hærra gjald á hús, ef fáir búa í því en ef margir búa þar, getur verkað þveröfugt við það, sem til er ætlazt. Það getur orðið til þess, að húseigendur fylli hverja kró í húsinu af fólki, allt neðan úr kjallara og upp á háaloft, svo að það húsnæði verði algerlega óviðunandi, og tel ég það hreinustu fjarstæðu. En hvað sem því líður, þá vildi ég aðeins leiðrétta það, að hér væri aðeins um ofurlitinn, mjög þröngan ramma að ræða.

ATKVGR.

Brtt. 503,a—b felld með 8:6 atkv.
— 503,c (fyrri málsgr.) samþ. með 13 shlj. atkv.
— 479 felld með 8:7 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: ÞÞ, GL, JAJ, MG, MJ, PM, ÞBr.
nei: HG, HermJ, IngP, JBald, JJ, PHerm, SÁÓ, EÁrna.
BSt greiddi ekki atkv.

Brtt. 503,c (síðari málsgr.) felld með 8:7 atkv.
— 491 samþ. með 11 shlj. atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 9:2 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: JBald, JJ, PHerm, SÁÓ, ÞBr, HG, HermJ, IngP, EÁrna.
nei: JAJ,[1]) PM.
MG, MJ, ÞÞ, BSt, GL, greiddu ekki atkv.

Frv. endursent Nd.

Á 73. fundi í Nd., 14. nóv., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 541).

Á 75. fundi í Nd., 16. nóv., var frv. tekið til einnar umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 14:3 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 568).

---

49. Samningsgerð, umboð og ógildir löggerningar.

Á 55. fundi í Ed., 29. okt., var útbýtt:

Frv. til l. um samningsgerð, umboð og ógilda löggerninga (þmfrv., A. 428).

Á 57. fundi í Ed., 31. okt., var frv. tekið til 1. umr.

Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 10 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

Frsm. (Magnús Guðmundsson): Allshn. hefir flutt þetta mál fyrir hönd hæstv. ríkisstj., og það er auðséð á því, hvernig það er útbúið, að *meiningin hefir verið*, að það yrði *stjfrv.*

Frv. er talsvert umfangsmikið, en er lítið annað en reglur, sem fyrir löngu er búið að slá föstum með fjölda af dómum. Það hefir kallað nokkuð brátt að um það, að n. léti uppi álit um það,

1) **JAJ:** Vegna ákvæða frv. um misræmi í gjöldum til bæjarsjóðs segi ég nei.

hvort hún vildi flytja frv., enda er það að mestu þýðing af löggjöf þeirri, sem sett hefir verið bæði í Danmörku, Noregi og Svíþjóð. Þó málið virðist umfangsmikið, þá eru þau atriði, sem þar eru tekin til meðferðar, einföld, a. m. k. fyrir lögfræðinga; en þó vil ég taka það fram, að n. áskilur sér rétt til að athuga frv. nánar og óskar þess helzt, að það komi ekki á dagskrá aftur fyrr en eftir helgi. Ég býst ekki við, að það komi til mála, að gerðar verði verulegar efnisbreyt., en hinsvegar gæti ég hugsað mér, að gerðar yrðu nokkrar orðabreyt., og skal ég nefna sem dæmi, að allvíða í frv. stendur, að þetta og þetta „mátti vera ljóst". Það er efamál, hvort rétt er að orða þetta þannig og hvort það getur ekki valdið misskilningi. Verður þetta athugað betur fyrir næstu umr.

Annars vil ég taka það fram, að ég tel bót að því að fá lögfestar þessar gömlu lögvenjur og dómvenjur, sérstaklega fyrir þá, sem ekki þekkja slíkar venjur.

Frv. virðist óaðgengilegt og þurrt, enda er hér dreginn saman fjöldi af reglum og útdráttur úr þúsundum dóma, sem dæmdir hafa verið um Norðurlönd á undanförnum árum.

Ég mun svo ekki fara fleiri orðum um frv. að þessu sinni, en óska þess, að hæstv. forseti taki það ekki á dagskrá fyrr en eftir helgi.

Forseti (EÁrna): Ég skal samkv. tilmælum hv. frsm. sjá um að málið verði ekki tekið á dagskrá fyrr en eftir nokkra daga.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv.

Á 61. fundi í Ed., 5. nóv., var frv. tekið til 2. umr. (A. 428, 457).

Frsm. (Magnús Guðmundsson): Allshn. hefir athugað þetta frv. á milli umr. og ekki fundið ástæðu til að bera fram nema tvær brtt. við það, sem eru á þskj. 457. Ég sé ekki ástæðu til að ræða þær, þar er aðeins um orðabreyt. að ræða, til lagfæringar á málvillum eða framsetningu. Annars er það um efni frv. að segja, að í því er ekki mikið nýtt, heldur er þar um að ræða lögfestingu á gömlum venjum og aðferðum, sem búið er að slá föstum með dómum eða fyrir tilstilli fræðimanna í þessum efnum. Eitt orðatiltæki kemur allvíða fyrir í frv., þar sem sagt er, að þessum eða hinum hafi verið það ljóst, eða hefði mátt vera það ljóst. Þetta ber að skilja á þá leið, að góðum og skynsömum manni ætti að vera það ljóst, sem um er rætt. — Ég álít ekki rétt að breyta þessu; það er komið inn í lagamálið og n. sá ekki ástæðu til að breyta því.

Annars er hér lítið um nýjar reglur í þessu frv., þó er í 17. gr. eitt atriði, sem telja má nýmæli, þar sem ákveðið er, að dómari megi úrskurða umboð ógilt með dómi. Þetta er til bóta, en vera má, að hægt hefði verið að fá það framkvæmt eftir gildandi lögum um ógildingardóma, sú leið er þó seinfarin, og tel ég þörf á því að fá greiðari ógildingaraðferð ákveðna í þessum lögum.

Þá vil ég benda á fyrirsögn III. kafla, en hún er: „Um ógilda löggerninga". Maður skyldi halda, að gerningar, sem gerðir eru lögum samkv., séu jafnan gildir; en þetta er þó ekki svo að skilja. Sá gerningur, sem er í löglegu formi, getur þrátt fyrir það verið ógildur, og löggerningur getur verið í fullu gildi gagnvart einum, þó hann sé ógildur gagnvart öðrum.

Í 35., 36. og 37 gr. frv. eru nokkur ný atriði. Það er oft ákveðið í samningum, að ef annar samningsaðili vanheldur samning eða efnir eigi þá skuldbindingu, sem á honum hvílir, þá sé honum skylt að greiða hinum aðilanum svo og svo háa samningslega sekt eða bætur, og sennilega yrði hann þá jafnan að greiða þá sektarupphæð, sem tiltekin er í samningi. En samkv. 35. gr. er það lagt á vald dómara að ákveða upphæð þess sektarfjár, sem samningsaðili hafði lofað að greiða, þannig að tryggt sé, að hinum samningsaðila geti ekki orðið það gróðavænlegt að fá samninginn ekki uppfylltan. M. ö. o.: Dómari má lækka févíti það, sem í samningi stendur, ef það telst ósanngjarnt, að aðili greiði það að fullu.

Í 36. gr. er sagt, að ákvæðum 35. gr. skuli beita, ef svo hefir verið kveðið á í samningi, t. d. um hlut, sem seldur hefir verið gegn afborgun, að verði samningnum rift vegna vanefnda annars aðilja, þá skuli hann hafa glatað rétti sínum til að heimta aftur það, sem hann þegar hefir greitt upp í verð hlutarins.

Eins og öllum má vera ljóst, þá er það gróflega ósanngjarnt, ef ekki mætti raska slíkum samningsatriðum, eftir því sem við á. Þess vegna er dómara heimilað samkv. þessum frvgr. að ákveða annað en það, sem í samningi stendur, t. d. í því tilfelli, að salan hefir gengið til baka á hlut, sem um hafði verið samið.

Ákvæði 37. gr. eru svipuð þeim, sem ég nú hefi nefnt, og hirði ég ekki að fara nánar út í það.

N. lítur svo á, að það sé betra fyrir þá, sem eru ólögfróðir, að fá þessi ákvæði staðfest með lögum, og einnig fyrir þá, sem ekki eru kunnugir meðferð samningamála.

N. leggur til að frv. verði samþ. með þeim brtt., sem eru á þskj. 457. (**JBald:** Hvar á að finna þessar lögskýringar, ef hætt verður við að prenta þingræður?). Ég skal svara hv. þm. því, að ég tel ekkert gagn í að leita lagaskýringa í þingtíðindunum, ef þingmenn hætta að leiðrétta ræður sínar, eins og nú er farið að tíðkast. Það er að verða undantekning, að ræður sjáist leiðréttar í þingtíðindunum. (**JBald:** Þá eru þær betri heimild, séu þær birtar óleiðréttar af þm. og eins og þeir fluttu þær). Nei, því að skrifarar ná þeim ekki réttum.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
2.—9. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
6.—22. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Brtt. 457,1 samþ. með 10 shlj. atkv.
23. gr., svo breytt, samþ. með 12 shlj. atkv.
24.—27. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Brtt. 457,2 samþ. með 12 shlj. atkv.
28. gr., svo breytt, samþ. með 12 shlj. atkv.

29.—37. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
38.—41. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
Fyrirsagnir frv. og kafla þess samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 10 shlj. atkv.

Á 63. fundi í Ed., 7. nóv., var frv. tekið til 3. umr. (A. 473).
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 11 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 67. fundi í Nd., s. d., var frv. útbýttt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 473).
Á 69 fundi í Nd., 9. nóv., var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv. og til allshn. með 19 shlj. atkv.

Á 76. fundi í Nd., 18. nóv., var frv. tekið til 2. umr. (A. 473, n. 554).

Frsm. (Stefán Jóh. Stefánsson): Þetta frv. hefir í rauninni ekki miklar nýjungar að geyma. Það er aðallega lögfesting á reglum, sem taldar hafa verið gilda í íslenzkum kröfurétti án þess fyrir því hafi verið sérstök lagaboð áður. Um frv. er einnig það að segja, að það er einn hluti þeirrar samræmingar löggjafar, sem farið hefir fram í skandinaviskum löndum síðustu árin, því þau hafa fyrir nokkru, eftir að sameiginleg n. hafði setið á rökstólum um þessi mál, samþ. hjá sér frv. í svipaðri mynd og þetta frv. Samþykkt þess er því einn þáttur í því að fylgjast með hér á Íslandi þessari samræmingu löggjafar á Norðurlöndum. Auk þess er það til hægðarauka fyrir þá menn, sem um þessi mál fjalla, að hafa um þau skýran lagabókstaf, þó áður hafi verið yfirleitt talið, að sama gilti samkv. réttarvenjum og kenningum.
Allshn. er sammála um að mæla með frv. óbreyttu eins og það kom frá hv. Ed., en þar var gerð á því lítilsháttar breyt., sem þó var eigi efnisbreyting.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
2.—9. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
10.—27. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.
28.—37. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.
38.—41. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.
Fyrirsagnir frv. og kafla þess samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 19 shlj. atkv.

Á 78. fundi í Nd., 20. nóv., var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 18 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 584).

50. Bæjargjöld í Vestmannaeyjum.

Á 22. fundi í Nd., 7. marz, var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 40 19. júní 1933, um breyt. á l. nr. 23 15. júní 1926, um bæjargjöld í Vestmannaeyjum (þmfrv., A. 62).

Á 24. fundi í Nd., 9. marz, var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 19:1 atkv. og til fjhn. með 19 shlj. atkv.

Á 33. fundi í Nd., 20. marz, var frv. tekið til 2. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 34. fundi í Nd., 21. marz, var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 62, n. 142).

Frsm. meiri hl. (Ásgeir Ásgeirsson): Meiri hl. fjhn. hefir lagt til, að þetta frv. yrði samþ., og eins frv., sem kemur næst á dagskránni, um bæjargjöld á Akureyri. Ástæður meiri hl. í þessu efni eru þær, að það er vitanlegt, að þessi bæjarfélög hafa ekki nægilegar tekjur, og meðan ekki eru lagðar fram till. um almennan tekjuauka fyrir bæjarfélögin, munum við fylgja ósk þessara bæjarfélaga og ef til vill annara, sem fram kunna að koma með svipaðar óskir. En við höfum í báðum tilfellunum stytt þann tíma, sem lögin eiga að gilda, og gerum við það með tilliti til þess, að þess verði ekki langt að bíða, að hæstv. stj. landsins láti frá sér fara till. um tekjuauka bæjar- og sveitarfélaga. — Að öðru leyti tel ég ekki þörf að taka þátt í umr. f. h. meiri hl. n. um þessi mál hvort um sig, en mun láta hv. þm. þessara tveggja kjördæma um það.

Stefán Jóh. Stefánsson: Ég var einn í minni hl. af þeim mönnum, sem sóttu fund í fjhn., þegar þetta mál var þar til umr. Ég er því andvígur, að þetta frv. nái samþykki, og get ég að mestu leyti látið mér nægja að vísa til þess, sem ég sagði um mjög svipað frv., sem fram kom á síðasta þingi, en það var frv. til l. um breyt. á l. um bæjarstj. Akureyrar, og fór það fram á mjög svipaðar kröfur og frv. það, sem hér liggur fyrir.
Þó vil ég drepa á það, að mér finnst hvorttveggja í senn, að þessi leið til skattaöflunar fyrir bæjarfélögin sé óréttlát, og í annan stað, að það sé óeðlilegt, að einstök bæjarfélög séu tekin út úr og þeim veitt sérréttindi fram yfir önnur. Ég tel því ekki um annað að ræða en að reynt verði að fá löggjöf um heildaraukningu á tekjum bæjarfélaganna, eða láta nokkurn veginn eitt yfir öll bæjarfélögin ganga hvað þetta snertir. Mér er líka kunnugt um, að þetta álag á hafnargjöld Vestmannaeyja, sem gilt hefir undanfarið á annað ár, hefir mælzt mjög misjafnlega fyrir þar á staðnum. Sökum þess að hafnargjöldin í Vestmannaeyjum eru yfirleitt talsvert há, eru verulegar álögur ofan á slík

gjöld mjög tilfinnanleg fyrir allan almenning, þegar um nauðsynjavörur er að ræða. Enda hefir mér skilizt á upplýsingum, sem fram hafa komið frá mönnum í Vestmannaeyjum um þetta atriði, að þessi hækkuðu hafnargjöld hefðu valdið mjög verulegri hækkun á verði einstakra neyzluvara í Vestmannaeyjum. Það er óheppileg leið til tekjuöflunar fyrir bæjarfélögin, ef það verður til þess að hækka verð á nauðsynjavörum alþýðufólks að verulegu leyti.

Það má vel vera, að þau bæjarfélög, sem ekki hafa enn farið fram á að fá þesskonar löggjöf, sem hér er um að ræða, muni gera það seinna, ef afgr. verður heimild fyrir bæjarfélögin Vestmannaeyjar, Akureyri og Siglufjörð, og vel gæti þannig farið, að Reykjavík t. d. færi fram á að fá samskonar rétt eins og Vestmannaeyjar, en það yrði til þess, að lagður yrði skattur á meginhlutann af þeim vörum, sem til landsins flytjast og úr landinu eru fluttar, því að það er kunnugra en frá þurfi að segja, að aðalhluti allrar aðfluttrar vöru hér á landi fer í gegnum Reykjavíkurhöfn. Ég álít því, að við séum að fara inn á allhála braut með þessari hækkun á vörugjaldi hafnanna í bæjunum og því beri að athuga þetta mjög vel, áður en hv. Alþ. heldur lengra út á þessa óheillavænlegu braut. — Ég legg því til, að þetta frv. verði fellt.

Jóhann Jósefsson: Ég vil leyfa mér að þakka hv. meiri hl. fjhn. fyrir að leggja lið sitt til þess að þetta mál næði fram að ganga. Það er fram borið sökum ályktunar bæjarstj. Vestmannaeyja frá 13. febr. síðastl., þar sem skorað er á þm. kjördæmisins að fá því framgengt á næsta Alþingi, að framlengd verði til ársloka 1937 heimild bæjarstj. til þess að taka vörugjald í bæjarsjóð. Hv. meiri hl. fjhn. hefir ekki að öllu leyti farið eftir óskum okkar í þessu efni, en ég sætti mig þó við þann grundvöll, sem þetta mál er afgr. á, að heimildin sé ekki látin gilda lengur en til ársloka 1936. En ég held samt sem áður, að það fari svo, að sá hv. þingmeirihluti, sem er þessu máli sérstaklega mótfallinn, eigi örðugt með að benda á tekjuöflunarleiðir, sem gefa raunverulega betri árangur heldur en einmitt þetta vörugjald. Ég skal sansast á það, þegar ég sé, að það reynist í rauninni svo í framkvæmdinni, að jafnaðarmenn koma með raunverulega tekjuöflunarleið, sem getur jafnazt á við þá leið, sem ég bendi hér á, en fyrr trúi ég þeim ekki. Þeirra till. í þessu efni virði ég að vettugi. Það er annars rétt, að ég segi það eins og er, að það er ekkert gaman að þurfa að leggja aukavörugjald á vörur, sem um höfnina fara, fyrir utan hafnargjöldin sjálf. Útsvörin í Vestmannaeyjum eru svo há, að það eru ekki nema einstöku menn, sem greiða þau. Þetta gjaldtímabil verða þau upp undir 185000 kr. Ef við tökum til samanburðar Hafnarfjörð, sem hefir útsvör upp á 225000 kr., þá er auðséð — séu borin saman atvinnufyrirtækin á þessum báðum stöðum —, að útsvörin eru þyngri í Vestmannaeyjum en í Hafnarfirði. Það getur talizt svipaður fólksfjöldi í þessum tveim bæjum, en Hafnarfjörður hefir meira gjaldþol — miklu meira en það, sem nemur þessum mun á útsvörunum. Vörugjald það, sem hér um ræðir, gefur 30 þús. kr. í bæjarsjóð þetta gjaldatímabil.

Því var haldið fram af hv. minni hl. fjhn., að hann hefði fengið upplýsingar um það, að þetta hefði orðið til þess, að neyzluvörur hækkuðu í bænum. Ég mótmæli því algerlega, að svo sé. Vörugjaldsálagningunni er einmitt þannig hagað, að aðeins hverfandi fá prósent koma á neyzluvörur, t. d. kornvörur, sykur o. fl. þess háttar. Hitt getur verið, að finna megi vörutegund, sem talin er í almennum flokki við innheimtu gjalda, er verði harðara úti heldur en flestar matvörur, en það liggur þá í flokkuninni og ekki öðru. Það kann t. d. að vera, að skófatnaður verði tiltölulega hærra skattlagður en mjöl t. d. í þessu efni.

Yfirleitt má segja, að þetta vörugjald í Vestmannaeyjum sé svo hverfandi lágt miðað við öll önnur gjöld, t. d. vörugjöld, sem renna til hafnarinnar, að það verði enginn maður var við það. Hinsvegar hefir það þann kost, að með því næst til þeirra, sem reka þarna „forretningu“ á vertíðinni og eru svo horfnir. Með þessu nást þó dálítil gjöld af þeim í bæjarsjóð, sem annars myndu ekki nást.

Eins og ég tók fram áðan, þá þykir mér leitt, að hv. 3. landsk. skyldi ekki fást til að taka til máls á undan mér, því að það kostar mig að tvíbrekja sömu firrurnar.

Því mótmæli ég algerlega, sem hv. 1. landsk. sagði, að vörugjaldið hefði orðið til þess að hækka vöruverð almennt í Vestmannaeyjum. Annars finnst mér það óneitanlega töluvert einkennilegt og koma úr hörðustu átt, að þessir hv. þm. skuli vera að setja sig á móti þessum tekjustofni fyrir Vestmannaeyjakaupstað, þegar þess er gætt, að flokksmenn þeirra eru allra manna kröfuharðastir um tillag úr bæjarsjóðnum til atvinnubótavinnu o. fl. Að farið er fram á framlenging á gildi 2. gr. þessara umræddu laga frá 19. júní 1933, er einmitt til þess að geta staðið undir gjöldum til atvinnubóta, og yfirleitt því, sem fátækralöggjöfin leggur bæjarfélaginu á herðar. Ég verð því að telja alveg óhæfilegt af þessum háu herrum að vilja ekki ganga inn á þetta, og þar sem það er líka vitanlegt, að útsvörin eru orðin svo há á þessum stað, að ekki er hægt að ná inn meira en ⅓ hluta þeirra.

Að hv. 3. landsk., sem er heimamaður í Vestmannaeyjum, gengur á móti þessu, er bara af einhverri pólitiskri fordild, til þess að geta reynt að nota sér það aftur sér til pólitisks framdráttar á eftir.

Páll Þorbjörnsson: Fyrir síðasta þingi lá frv., sem gekk mjög í sömu átt og þetta, um bæjargjöld á Akureyri. Í umr. um það mál var að nokkru leyti vikið að þeim lögum, sem hér liggja fyrir til breyt. um bæjargjöld í Vestmannaeyjum, og farið er fram á, að verði látin haldast áfram. Ég vil segja, að með þessum lögum hafi verið lagt út á þá óheillabraut, að leyfa bæjarfélögum að afla sér tekna á þann hátt að leggja á borgarana þau gjöld, sem koma jafnþungt niður á þeim aumustu og fátækustu

eins og þeim, sem eru vel aflögufærir og jafnvel efnaðir. Það hefir sýnt sig, að önnur bæjarfélög vilja óðfús komast inn á þessa sömu braut og Vestmannaeyjakaupstaður, og eru nú komin fram frumv. í þá átt fyrir Akureyri og Siglufjörð. Má því búast við, að hvert bæjarfélagið á fætur öðru fari fram á þetta við Alþingi, og vil ég benda á, að það er full ástæða til þess fyrir hv. þdm. að gera sér það ljóst, hvaða afleiðingar það hefir fyrir landsmenn yfirleitt, ef bæjarfélög Reykjavíkur og Akureyrar t. d. fengju leyfi til að leggja þetta gjald á vörur, sem þangað eru fluttar og eru síðan seldar íbúum annara héraða. Þessir aðalhafnarbæir eru miðstöðvar vöruflutninga frá útlöndum og gætu því samkv. þessari heimild um vörugjald lagt skatta á íbúa í fjarlægum landshlutum, er rynnu í bæjarsjóðina. Hv. þm. Vestm. hefir haldið því fram, að við jafnaðarmenn færum með rökvillur, þegar við segjum, að þessi vörugjöld hljóti að hækka verð á vörum til neytenda. En það er ekki rétt hjá honum; þessi skattur er beinlínis lagður á neytendur varanna, og tiltölulega þyngst á þá, sem sízt geta undir honum risið. Það má ef til vill til sanns vegar færa, að verð sumra vörutegunda hækki ekki jafnmikið og tollinum nemur. En það liggur í hlutarins eðli, að verzlanir verða yfirleitt að leggja gjaldið á vörurnar, þó að þær ef til vill undanskilji sumar vörutegundir að einhverju leyti og leggi þeim mun meira á aðrar, þá kemur það nokkurnveginn í sama stað niður. Hv. þm. taldi, að gjaldið kæmi mjög vægt niður á kornvörur og sykur, en síðar sagði hann, að nú væri farið að leggja það freklega á vörur eins og t. d. skófatnað. Ég þarf nú raunar ekki að upplýsa hann um það, að sykur, kornvörur og skófatnaður eru að því er þetta snertir í sama vöruflokki í Vestmannaeyjum. Og sjá allir, hvaða sanngirni muni vera í því að leggja jafnt gjald á sömu þungaeiningu í þessum vörum, þar sem t. d. 100 kg. af skófatnaði eru 10 sinnum verðhærri en 100 kg. af smjörlíki; þessi tollur er einnig mjög lítill á skófatnaði í samanburði við smjörlíki. Langversti annmarkinn á þessu gjaldi er sá, að það er þungaskattur á vörur, en ekki verðskattur. Annars er óþarft að ræða frekar um þetta; hv. 1. landsk. skýrði ýtarlega frá því í sinni ræðu, að skoðanir manna í Vestmannaeyjum væru mjög skiptar um þessi gjöld, þannig að allur þorri almennings er svo að segja undantekningarlaust óánægður með þau og hefir fundið, hvað þau koma ósanngjarnlega niður á borgarana. Þau verka þannig, að hinir efnaðri á meðal bæjarbúa bera lægri útsvör en ella, sem þó eru frekast færir um að gjalda til bæjarþarfa, enda berjast þeir nálega einir fyrir því að viðhalda þessu rangláta gjaldi.

Ég vil að lokum minna hv. þdm. á það, að samskonar frv. og þetta var fellt á síðasta þingi, og vænti ég, að Alþingi felli einnig þetta frv. nú, eins og frv. um bæjargjöld á Akureyri.

Jóhann Jósefsson [óyfirl.]: Hv. 3. landsk. taldi það vera stærsta gallann á þessu frv., að vörugjaldið væri þungaskattur, en ekki verðskattur. Mér þykir það verulega athyglisvert í þessu sambandi, að það eina, sem hv. þm. hefir við þetta frv. að athuga og andmælir, er, að vörugjaldið skuli vera þungatollur, en ekki verðtollur. Ég mun, ef mér endist aldur til að koma á bæjarstjórnarfund í Vestmannaeyjum síðar, benda á, hvað þessi hv. þm. taldi vera aðalgalla frv. í umr. hér á Alþingi. Annars er ekki rétt að tefja tíma þingsins með því að elta ólar um annað eins smáræði og þetta. Hv. þm. endaði ræðu sína með því að biðja Alþingi að fella þetta frv. Og verði það gert, hefir það þá þýðingu fyrir Vestmannaeyjakaupstað nú þegar á næsta ári, að bæjarfélagið verður að miklu leyti ófært til að fullnægja þeim kröfum, sem til þess eru gerðar um að bæta úr atvinnuleysinu og sjá fyrir þeim, sem ekki hafa önnur úrræði en að leita á náðir bæjarins um framfærslustyrk. Þessi hv. þm. hefir ekki annað til þess máls að leggja en að sporna á móti því, að Vestmannaeyjakaupstaður geti fullnægt þessum kröfum, sem hinir fátækustu á meðal bæjarbúa gera til hans. Hv. þm. vill gera bæjarfélagið ófært til þess að standa við skuldbindingar sínar í þessum efnum.

Þá var hv. þm. að tala um þungan skatt á skófatnaði. Ég get upplýst hv. þm. — og kannske líka þessi hv. þm. (PÞ) þurfi fræðslu í þessu efni —, hvað þetta gjald kemur þungt niður á skófatnaði. Það eru 5 kr. á hvert tonn, 50 aurar á hver 100 kg. Hv. þm. hefir orðið tíðrætt um skósendingu, sem hann varð að greiða þetta gjald af. Það er líklegast eina skósendingin, sem honum hefir borizt. Það er um hann eins og manninn hjá Holberg, sem ferðaðist frá Haderslev til Kiel. Honum varð svo tíðrætt um þá ferð, að hann mátti aldrei vatni halda, ef minnzt var á nokkurn hlut, án þess að minnast á ferðina til Kiel. Eins er um hv. þm.; honum hefir orðið mjög tíðrætt um þessa óbærilegu skósendingu. En ég skil ekki, hverskonar skófatnaður þetta hefir verið. Maður hefir heyrt talað um blýhatta, en ekki blýskó, en það lítur nú út fyrir, að skór hv. þm. hafi verið gerðir úr ákaflega þungu efni, úr því að skatturinn, sem eins og ég sagði áðan ekki er nema 50 aurar á hver 100 kg., kom svona hart niður á þeim.

Ég sé ekki, að hægt sé að neita bæjum yfirleitt um svipaðar leiðir og þetta til að afla sér tekna, þegar hvergi er slakað til á þeim kröfum, sem landslýður og Alþ. gera til bæjarfélaganna um framlög í einu og öðru skyni. Ég veit ekki til þess, að verið sé að gera neinar ráðstafanir til þess að létta gjöldum af bæjarfélögunum. Eins og sakir standa munu allir, sem hafa heilbrigða skynsemi, kannast við það, að útlitið er ekki slíkt framundan, að ástæða sé til þess að ætla, að þær kröfur, sem illt árferði orsakar, að gerðar eru til bæjarfélaganna, fari minnkandi í framtíðinni. Þess vegna verður að telja það — á meðan ekki eru gerðar neinar framkvæmdir til þess að létta gjöldum af bæjunum né heldur til þess að beina öðrum tekjulindum í bæjarsjóðina — fullkomið óvit að skerða þær tekjulindir, sem bæjarsjóðir hafa og hafa reynzt vel eins og þetta litla gjald. Þetta vörugjald, þótt smátt sé, aðeins fáir aurar á mjölpokann, hefir

þann kost, að það næst allt í bæjarsjóð. Er það mikill kostur og munar miklu á því og hinum óbeinu gjöldum. Hv. 3. landsk. fullyrti, að þetta gjald væri óvinsælt hjá almenningi. Ég held nú, að almenningur láti sig mjög litlu skipta þetta gjald. Það finnur enginn til þess, — gjaldabyrðin er yfirleitt orðin svo mikil. Enda veit ég til þess, að það er engin óánægja yfir þessu gjaldi, önnur en sú, sem einstaka menn, eins og hv. 3. landsk. reyna að koma af stað í því að fala sér álits og fylgis hjá hinum minna þroskaða hluta kjósendanna, sem halda, að hægt sé að halda áfram að gera allar mögulegar kröfur til bæjarfélaganna án þess að þau séu studd í því að afla sér fjár til þess að uppfylla þessar kröfur. Ég skal að vísu játa, að þegar þetta gjald var lagt á fyrst, voru ekki allir þeir, sem nú fylgja því, samþykkir því. En það stafaði af misskilningi. Menn héldu, að þetta yrði tilfinnanlegt gjald, en reynslan hefir sýnt, að svo er ekki. Ég hefi hér bréf frá bæjarstjóranum sjálfum um það, að þetta gjald hafi reynzt vel og að engin óánægja sé yfir því nema sú, sem einstaka pólitíkusar eru að reyna að blása upp, en tekst þó ekki, sjálfum sér til framdráttar.

Ég held, að ég hafi nú svarað hv. 3. landsk. En mig langar aðeins til að bæta við lítils háttar upplýsingum um vinsældir þeirrar skattastefnu, sem hv. 3. landsk. telur, eins og hann stendur í flokki nú, að hann eigi að halda á lofti, og það eru beinu skattarnir. Það hefir alltaf verið fast programatriði hjá sósialistum, að öll gjöld til ríkis og bæja eigi að taka með beinum sköttum, en ekki óbeinum. Og þeir halda því fram, að beinu skattarnir komi ekki við nema efnaða fólkið. Þetta kann að hafa verið svo til að byrja með. En ég held, að nú á síðasta ári hafi almenningur, a. m. k. í minu kjördæmi, orðið þess fyllilega var, að innheimtumenn ríkisins væru farnir að líta í kringum sig til þess að ná í tekju- og eignarskatt jafnvel hjá fólki, sem ekki er auðugt að fé. A. m. k. bárust mörg hundruð bréf frá ríkisskattanefndinni til Eyja núna um hátíðirnar til ýmsra gjaldþegna þar, og vöktu þau mikinn óhug. Verkamönnum og fleirum, sem enga atvinnu reka, en selja vinnu sína öðrum, var hótað járnum og steglum, ef þeir gæfu ekki upp þetta og þetta. — Ég vil í allri vinsemd benda hv. 3. landsk. á, að eftir því, sem við horfir nú, og eftir því, sem ríkisskattanefnd verður skv. l. og skyldu sinni að seilast ofan í vasa fleiri fátækra manna í landinu heldur en áður hefir verið, þá er ekki víst, hvort það er hyggileg kosningapólitík hjá þeim sósialistum að mæla stöðugt með beinu sköttunum, eins og þeir hafa talið sér öruggt að gera fram að þessu. — Rétt áður en ég fór að heiman kom til mín kona, sem er nýbúin að missa manninn sinn. Hún berst áfram með lítinn búskap ásamt einni dóttur sinni. Hún hafði einmitt fengið mjög ýtarleg skilaboð frá ríkisskattanefndinni, þannig löguð, að konan sagðist sjá, að ef hún ætti nokkurn hlut til, þá yrði hún að láta það af hendi. Ég þekki þessa konu vel. Hún hefir búið fleiri ár í Vestmannaeyjum, og það eru margir, sem hafa svipaða aðstöðu og hún. Heimili hennar er sparsemdarheimili, og hefir lítið verið gert að því að sækja skemmtanir þar eða eyða í annan óþarfa. Bæði var það svo meðan húsbóndinn lifði og þó ennþá frekar eftir fráfall hans, enda hefir konan séð sig til neydda að gæta hinnar ýtrustu sparsemi. Það, sem hún sagði við mig eftir þau áhrif, sem hún hafði orðið fyrir af eftirgrennslunum skattanefndarinnar, voru nokkurn veginn þessi orð: Ég hefi alla mína tíð verið sparsöm. Ég hefi álitið það sjálfsagt, enda hefir ekki önnur leið verið fær. En mér finnst nú orðið, eins og þegar maður fær svona ýtarleg skilaboð og maður sér, að það á að hirða hvern eyri, sem afgangs er, að ég sé farin að verða kærulausari fyrir því, hvort ég dreg saman eða ekki. — Þetta er ekki stórt dæmi, en það er eftirtektarvert dæmi um það, hvernig beina skattaöflunin getur verkað og hlýtur að verka á almenning í landinu, þegar hún er útfærð eins og nú. Því það er ekki allt auðugir menn, sem skattan. eltir á röndum með eftirgrennslunum og jafnvel hótunum um það, að skatturinn á þeim verði hækkaður, ef þeir gefi ekki upp hinar margvíslegu upplýsingar, sem heimtaðar eru. — Ég vil í þessu sambandi geta þess, að í þessu dæmi minu felst ekki nein árás á þau yfirvöld, sem eiga að útfæra þessi l., því þau eru ekki annað en verkfæri í höndum löggjafans. En ég vil beina athygli hv. d. að því, að beina tekjuöflunin í ríkissjóð hefir alveg eins sínar skuggahliðar gagnvart gjaldendunum og engu síður heldur en óbeina tekjuöflunin. Ef landslýð hefir ekki verið þetta ljóst fram að þessu, þá er ég þess fullviss — svo margir hafa talað um þetta við mig að undanförnu —, að honum fer að verða það ljóst úr þessu.

Ég bið hæstv. forseta afsökunar á því, að ég hefi farið dálítið út fyrir ramma þessa máls, en vegna þess, að mótmælin, sem fram hafa komið, eru talsvert almenns eðlis hjá hv. 3. landsk., þá þótti mér tilhlýðilegt að tala líka nokkuð almennt um þetta mál.

Páll Þorbjörnsson: Það er ekki neitt sérstaklega skemmtilegt að þurfa að fara út í grautargerð hv. þm. Vestm., þar sem hann vill gera sín orð að minum orðum, því það var hann sjálfur, sem sagði í sinni ræðu, að þetta kynni að koma nokkuð hart niður á skófatnaði. Ég aftur á móti hélt því fram og færði rök að því, að þetta gjald kemur yfirleitt þyngra niður á neyzluvörum, t. d. korni og sykri, heldur en skófatnaði, vefnaðarvöru og því líku. Það vita allir, að hvert kg. af vefnaðarvöru og skófatnaði er dýrara heldur en hvert kg. af mjölvöru og sykri, en hvert kg. af sykri er skattlagt jafnmikið og hvert kg. af skófatnaði. Nú skulu menn hugsa sig um, og hv. þm. Vestm. líka, sem hefir meiri reynslu í að selja skófatnað en ég og veit því sjálfsagt, hvað einir skór vigta og hvað þeir kosta og hvað svo eitt kg. af sykri kostar. Sjái menn svo samræmið í þeim tölum.

Annars var dálítið brosleg upptalning hv. þm. á því, sem ekki yrði hægt að inna af hendi, ef þessi skattur yrði tekinn af. Hann lýsti því

yfir, að þetta gjald myndi geta orðið um 30 þús. kr., og ef þessar 30 þús. kr. missast á þennan hátt, þá á ekki að vera hægt að veita fátækraframfærslu, ekki atvinnubætur, ekki sjúkrahjálp og ekki greiða kennurum laun o. s. frv., o. s. frv. En jafnframt gat hv. þm. þess, að í Vestmannaeyjum yrði jafnað niður um 185 þús. kr. á þessu ári. Þetta rekur sig nú hálfilllega á.

Hvað því viðvíkur, sem hv. þm. var að tala um, að þetta gjaldi væri 50 aurar á hver 100 kg. í 4. fl., þá er það hrein blekking, því jafnframt því, sem bæjarstj. Vestmannaeyjakaupstaðar fékk þessa heimild, fékk hún heimild til þess að hækka þennan sama flokk í hafnargjöldum úr 1 kr. upp í kr. 1.70, og ofan á þetta bættist svo vörugjaldið í bæjarsjóð.

Hv. þm. Vestm. lofaði að minnast þess, að ég hefði sagt, að það versta við þetta gjald væri, að það væri þungaskattur. Hann má gjarnan minnast þess, því vitanlega verður skatturinn stórum tilfinnanlegri fyrir það, að hann er þungaskattur.

Þá var hv. þm. að tala um einhvern, sem ferðaðist til Kiel frá einhverri borg, sem ég heyrði ekki hver var, og hirði ekki heldur að vita, enda mun hv. þm. kunnugri ferðalögum í því landi, sem Kiel er, heldur en ég.

Hv. þm. vildi halda því fram, að þetta vörugjald væri ekki óvinsælt. Ég þarf ekki að endurtaka það, sem ég sagði hér í fyrra, þegar rætt var um bæjargjöld fyrir Akureyri. Það var einn af helztu stuðningsmönnum hv. þm. Vestm., sem stofnaði til almenns borgarafundar til þess að mótmæla þessu vörugjaldi á sínum tíma. Ég hygg, að þar hafi verið saman komnir eins margir kjósendur hv. þm. Vestm. eins og hinir, og ég má segja, að það hafi verið samþ. nær mótatkvæðalaust að mótmæla þessu gjaldi. (*JJós:* En sömu mennirnir samþ. það rétt á eftir). Já, það er rétt, en ég ætla nú ekki að fara út í það, hvernig hv. þm. fékk þessa sömu menn til þess að samþ. það seinna. — Hv. þm. vildi halda því fram, að það væri hinn minna þroskaði hluti kjósendanna, sem hægt væri að espa upp á móti þessu gjaldi. Ég þori vel að fara út í það að fá mótmæli gegn þessu gjaldi, og þá skyldi það sýna sig, að það yrði eins stór hluti af kjósendum þessa hv. þm., sem væru þessu gjaldi mótfallnir. Og get ég vel unnað hv. þm. að kalla þá menn hinn minna þroskaða hluta kjósendanna.

Þá varð hv. þm. tíðrætt um bréf ríkisskattanefndarinnar, sem hann sagði, að komið hefðu í hundraðatali til Eyja. Það er nú náttúrlega orðum aukið, þótt þau hafi komið nokkuð mörg. Ekkert varð þó á vegi mínum, enda býst ég við, að þau hafi mest komið til hinna efnaðri borgara, sem einhverju hafa að leyna í sínum framtölum. — Hinn fróðlega fyrirlestur um ekkjuna hirði ég ekki að fara út í. Þetta getur allt verið rétt hjá hv. þm. En það getur ekki breytt viðhorfinu til beinu skattanna, þó einhver kona hafi orðið skelfd yfir því að fá bréf frá skattanefndinni, þar sem óskað var að fá betri upplýsingar viðvíkjandi ástæðum hennar og tekjum.

Ég tel svo ekki ástæðu til að fara lengra út í þetta mál, en ég vil endurtaka það, að ég vænti þess, að þetta mál fái sömu meðferð og frv. um vörugjald fyrir Akureyrarbæ.

Hannes Jónsson: Það er að sjálfsögðu engin vanþörf fyrir þessi bæjarfélög að fá einhverja sérstaka tekjustofna fyrir sig. Við Bændafl.-menn höfum flutt bæði á þingi í vetur og svo aftur nú frv., sem á að veita sveitar- og sýslufélögum svipaða aðstöðu og farið er fram á hér í þessu frv. og tveimur þeim næstu, sem á dagskránni eru. Ég hlýt því að styðja bæina á svipaðan hátt og ég vil styðja sýslufélögin í þessu efni. En þó verð ég að segja, að það er ekki sama, hvernig þessara tekna er aflað, og ég hefi áður látið í ljós afstöðu mína til þessarar tekjuöflunar Akureyrarkaupstaðar, sem ég álít, að ekki geti komið til mála á þeim grundvelli, sem þar er um að ræða. Hvað Vestmannaeyjar aftur á móti snertir, þá hafa þær í þessum efnum alveg sérstöðu, þar sem þangað eru ekki fluttar aðrar vörur heldur en þær, sem koma þeim beinlínis við. En í öðrum kaupstöðum er umsetning vara að meira og minna leyti í sambandi við héruðin í kring, sem verða því í gegnum þetta gjald að greiða skatt til þessara bæjarfélaga. En það álít ég alls ekki rétt. Þetta kemur aftur á móti ekki til greina hvað Vestmannaeyjar snertir, eins og ég sagði áðan, og því sé ég ekkert á móti því, að þær fái þennan tekjustofn, nema ef menn álíta, að gjaldstofninn í eðli sínu sé ranglátur og ætti heldur að vera, eins og hv. 3. landsk. minntist á, einhverskonar verðtollur. Ég get nú ekki séð, að skoðunarbræður hv. 3. landsk. hafi mikið við þennan gjaldstofn að athuga; a. m. k. er borið fram frv. til tekjuöflunar fyrir Ísafjörð, sem byggt er upp á sama grundvelli, þ. e. a. s., að tekjur eiga að nást í gegnum afgreiðslu, með því að kaupstaðurinn fái einkaréttindi á afgreiðslu skipa. Þetta getur á engan hátt orðið bænum til liðs, nema því aðeins, að uppskipunargjaldið sé reiknað það hátt, að það skapi bænum tekjur, og þá er komið í sama farið eins og ætlazt er til í Vestmannaeyjum. Þetta er þungaskattur, því ég býst ekki við, að fara eigi eftir verðmæti varanna við uppskipunina. En sé svo, þá tek ég þessa fullyrðingu mína aftur.

Ég vil svo í þessu sambandi geta þess, að ég vænti, að hv. allshn.ýti á eftir því máli, sem snertir sveitirnar í þessum efnum, og afgreiði frá sér á næstunni frv. það, sem þar liggur fyrir. Þessi tekjuöflunaraðferð bæjar- og sveitarfélaga er orðin svo brýn og aðkallandi, að það má ekki láta undir höfuð leggjast að gera eitthvað til bráðabirgða, sem síðar mætti bæta með fullkominni löggjöf.

ATKVGR.

Brtt. 142 samþ. með 17 shlj. atkv.

1. gr., svo breytt, samþ. með 16:1 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: TT, BB, GÞ, GG, GÍ, GTh, HannJ, JakM, JJós, JónP, JS, MT, PO, SigfJ, SK, JörB.

nei: PZ.

StJSt, BJ, EmJ, FJ, PÞ, greiddu ekki atkv.

11 þm. (ÞorbÞ, ÁÁ, BÁ, EystJ, GSv, HV, JÓl, JG, ÓTh, PHalld, SE) fjarstaddir.
2. gr. samþ. með 16:1 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 16:1 atkv.

Við nafnakallið um 1. gr. urðu þessar umr.:

Stefán Jóh. Stefánsson: Með því að sú regla hefir verið innleidd af stuðningsmönnum þessa frv., að greiða ekki atkv. á móti þeim málum, sem þeir eru á móti, ef svo er háttað skipun d., að það gæti orðið málinu til falls, þá mun ég í þetta sinn a. m. k. taka upp þessa reglu hv. minni hl. í d. og greiði ekki atkv.

Forseti (JörB): Þetta er vitanlega engin ástæða fyrir því að taka ekki þátt í atkvgr. (**StJSt:** Ef hæstv. forseti hefir tekið hana gilda áður). Ég hefi aldrei viðurkennt slíkar ástæður gildar.

Thor Thors: Ég get ekki látið það hafa nein áhrif á mig, þó allflestir hv. sósíalista séu af einhverjum ástæðum ekki viðstaddir í d., hvort sem það er gert til þess að tefja framgang þessa máls og annara. Þetta kemur þó einkennilega heim við það, þegar þeir eru að bregða andstæðingum sínum um, að þeir tefji störf þingsins. Ég greiði því atkv. um málið og segi já.

Finnur Jónsson: Ég vil í tilefni af þeim ástæðum, sem hv. þm. Snæf. færði hér fram, geta þess, að það mun vera fundur í utanríkismálanefnd einmitt um þetta leyti, og því er að sumu leyti óviðkunnanlegt að láta fara fram í d. atkvgr. um mál, sem búast má við ágreiningi um. Ég hefi ekki orðið þess var, að hér væru aðrir Alþýðuflokksmenn fjarverandi, fyrir utan þá, sem eru í utanríkismálanefnd, heldur en hv. 6. landsk. (**TT:** Annar fulltrúi Alþfl. í utanríkismálanefnd er einmitt viðstaddur). Með tilvísun til grg. hv. 1. landsk. greiði ég ekki atkv.

Forseti (JörB): Mér var ekki kunnugt um, að menn væru forfallaðir, aðrir en þeir, sem veikir eru og hafa af þeim sökum boðað forföll. Mér hefir eigi verið tilkynnt, að menn gætu ekki mætt í d. vegna starfa í utanríkismálanefnd.

Á 36. fundi í Nd., 23. marz, var frv. tekið til 3. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 37. fundi í Nd., 25. marz, var frv. aftur tekið til 3. umr.

Jóhann Jósefsson: Út af atkvgr. um þetta mál vil ég spyrja hæstv. forseta, hvort hann áliti ekki réttast að fresta henni. Var ekki frestað atkvgr. um bæjargjöld á Akureyri? (**Forseti:** Jú). Mér sýnist hv. d. svo þunnskipuð, að ástæða sé til að fresta einnig þessari atkvgr.

Forseti (JörB): Ég mun verða við tilmælum hv. þm. Vestm., og fresta ég atkvgr. um málið og tek það af dagskrá.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 38. fundi í Nd., 26. marz, var fram haldið 3. umr. um frv.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 18:9 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: ÓTh, PHalld, SigfJ, SK, TT, ÁÁ, BJ, BB,[1]) GÞ, GÍ, GTh, HannJ, JakM, JJós, JÓl, JónP, MT, JörB.
nei: PZ, PÞ, SE, StJSt, EmJ, EystJ, FJ, GG, HV.[2])
ÞorbÞ, BÁ, greiddu ekki atkv.
Fjórir þm. (PO, GSv, JS, JG) fjarstaddir.
Frv. afgr. til Ed.

Á 35. fundi í Ed., 26. marz, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 565).
Á 37. fundi í Ed., 29. marz, var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 8:4 atkv. og til fjhn. með 10 shlj. atkv.

Á 42. fundi í Ed., 4. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 565, n. 349).

Frsm. meiri hl. (Magnús Jónsson): Ég skal ekki hafa langa framsögu fyrir þessu máli. Meiri hl. n. hefir fallizt á að mæla með, að frv. verði samþ. Er þar aðeins farið fram á að framlengja um 1 ár þá skipun á þessu fyrir Vestmannaeyjar, sem nú er í l., og er frv. flutt að ósk bæjarstj. Vestmannaeyja. Í grg. frv. er sýnt fram á, að tekjuaukinn af þessu sé um 30 þús. kr. og bænum sé ekki fært að verða af þeim tekjum, nema honum sé séð fyrir tekjuauka á annan hátt. En ég skal segja fyrir mig, að þó að ég leggi til, að samþ. verði að framlengja þetta nú, tel ég yfirleitt ekki heppilegt, að bæjarfélögin taki slík vörugjöld. Þeir skattar eiga að vera bundnir við ákveðin pláss, svo tryggt sé, að gjöldin lendi á þeim, sem staðinn byggja. En nú er búið að ganga svo nærri tekjustofnunum, að komið hafa frá ýmsum bæjarfélögum beiðnir um að fá að taka nokkuð af gjöldunum þannig. Auk þess hafa Vestmannaeyjar þá sérstöðu, að sjaldgæft er, að vörum sé skipað þar á land, sem annað eiga að fara. Kemur því gjaldið eingöngu niður á eyjabúum sjálfum. —
Ég skal svo ekki hafa þessi orð fleiri, enda er kliðurinn í d. eins og í réttum.

Umr. frestað.

Á 69. og 70. fundi í Ed., 14. og 15. nóv., var frv. tekið til frh. 2. umr.

---

1) **BB:** Með tilliti til þess, að mér sýnist þetta mál snerta einungis það viðkomandi bæjarfélag og því öðruvísi ástatt um það heldur en næsta mál á undan (frv. um bæjargjöld á Akureyri), þá segi ég já.

2) **HV:** Mér sýnist gegna alveg sama máli um þetta mál eins og næsta mál á undan og segi því nei.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 71. fundi í Ed., 16. nóv., var fram haldið 2. umr. um frv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 8:7 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: PM, ÞBr, ÞÞ, BSt, GL, JAJ, MG, EÁrna.

nei: PHerm, SÁÓ, HG, HermJ, IngP, JBald, JJ.

Einn þm. (MJ) fjarstaddur.

2. gr. samþ. með 8:1 atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 8:6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: MG, PM, ÞBr, ÞÞ, BSt, GL, JAJ, EÁrna.

nei: JBald, JJ, PHerm, SÁÓ, HermJ, IngP.

Tveir þm. (HG, MJ) fjarstaddir.

Á 73. fundi í Ed., 19. nóv., var frv. tekið til 3. umr.

Sigurjón Á. Ólafsson: Ég vil beina þeirri ósk til hæstv. forseta, að hann taki mál þetta af dagskrá, þar sem hér er komin fram þáltill. um að athuga tekjustofna fyrir bæjarfélög yfirleitt fyrir næsta þing. Ég býst við, að sú till. verði samþ., svo að frv. um þetta efni geti legið fyrir næsta þingi. En hér er farið fram á að leggja skatt á almennar neyzluvörur, sem öðrum bæjarfélögum hefir verið neitað um.

Jón Auðunn Jónsson: Vestmannaeyingar hafa hér sérstöðu að því leyti, að þessi skattur lendir á þeim einum og engum öðrum. Löggjöf um tekjustofna bæjarfélaga myndi ekki koma til framkvæmda fyrr en í árslok 1936, en lengra er þessu frv. ekki ætlað að ná.

Forseti (EÁrna): Þetta mál hefir lengi legið fyrir, en mér finnst sterk rök mæla með því að taka það út að þessu sinni, og mun ég gera það, ef það er ósk hv. þdm. (Margir þm.: Ég tek undir það). Ég mun þá taka málið af dagskrá nú og fresta því til morguns.

Umr. frestað.

Á 74. fundi í Ed., 20. nóv., var fram haldið 3. umr. um frv.

Jón Baldvinsson: Mér þykir rétt, að það komi fram við þessa umr. málsins, að gegn þessu frv. eru komin fram mótmæli frá 240 kjósendum í Vestmannaeyjum. Mótmælin eru svo hljóðandi:

„Við undirritaðir borgarar í Vestmannaeyjum skorum á Alþingi það, er nú tekur til starfa aftur, að framlengja ekki heimild þá, er Vestmannaeyjabær hefir nú til að leggja á vörugjald á inn- og útfluttar vörur. Vörugjald þetta er tilfinnanlegur skattur á nauðþurftir almennings og fisk og aðrar afurðir, sem fluttar eru frá Eyjum."

Í sjálfu sér getur það vel verið, þó að slík mótmæli hafi komið fram frá hlutaðeigendum, að rétt sé að samþ. frv. En mér finnst þó, einnig af öðrum ástæðum, fullkomið tilefni til. að málinu sé frestað að sinni og frv. tekið af dagskrá. Ég skal m. a. benda á, að í dag var á fundi í sameinuðu Alþ. ákveðin umr. um þál.till. þess efnis að skora á stj. að láta athuga og undirbúa till. til nýrra gjaldstofna handa sveitar- og bæjarfélögum. Og í öðru lagi liggja fyrir Nd. í dag till. um að heimila einstökum bæjarfélögum að leggja einskonar vörugjald á innfluttar vörur, svo sem nánar er tiltekið í tillögunum. Tilefni þeirra er það, að flutt var frv. um að veita einu kauptúni á Norðurlandi heimild til vörugjaldsálagningar, en svo kom fram brtt. við það, þess efnis, að heimildin skuli veitast öllum kaupstöðum og kauptúnum á landinu.

Þar sem þetta tvennt liggur fyrir: tillögur um nýjan gjaldstofn handa bæjarfélögum, sem eftir er að afgr., og að öðru leyti áskorun til stj. um að undirbúa fyrir næsta þing till. um nýja tekjustofna handa bæjar- og sveitarfélögum, þá sýnist mér réttast að fresta þessu máli þangað til síðar, að séð verður, hvað úr þessu verður. Þegar svo mikið kapp er á það lagt í þinginu að útvega bæjarfélögum meiri tekjur en þau geta fengið af útsvörum, þá sýnist mér réttast að láta mál þetta niður falla í bráðina; það þarf ekki að fella frv., heldur taka það út af dagskrá og geyma það þangað til séð verður, hvort þingið samþ. almenna löggjöf um nýja tekjustofna handa bæjarfélögum, eða þá að afgr. verður þál.till stj. um að undirbúa almenna löggjöf um þetta og leggja fyrir næsta þing. Þetta hvorttveggja eru svo mikilvægar ástæður fyrir frestun þessa máls, þar sem augljóst er, að annaðhvort á þessu þingi eða því næsta verður sett almenn löggjöf, sem ætla má, að ráði fram úr tekjuöflunarvandkvæðum bæjarfélaga, að ég vil mælast til þess, að hæstv. forseti meti þessar ástæður svo mikils, að hann taki málið af dagskrá og fresti frekari afgreiðslu þess, þar til séð verður, hvað þingið gerir við áðurnefndar tillögur. Ég þykist vita, að önnurhvor leiðin verði farin. Og ef stj. verður falið að undirbúa málið til næsta þings, þá sýnist mér, að þetta frv. geti beðið eftir því. Það getur ekki skipt miklu máli, hvort þetta frv. verður afgr. í dag eða það bíður úrslita áðurnefndra tillagna. Það á ekki eftir nema þessa einu umr. hér í þd., og mætti þá samþ. það síðar, fyrirvaralaust, ef hinar till. verða ekki afgr. þannig, að þær leysi úr þessum almennu vandkvæðum bæjarfélaganna.

Jón Auðunn Jónsson: Hér stendur nokkuð sérstaklega á um þetta mál. Þessi lög eru nú í gildi og þarf einungis að framlengja þau. Vestmannaeyjakaupstaður hefir sérstöðu að því leyti, að hann hefir engin verzlunarviðskipti við önnur héruð, og vörugjöld, sem þar eru lögð á til bæjarþarfa, koma ekki niður á öðrum en borgurum bæjarfélagsins. Þessu er öðruvísi háttað þar, sem kaupstaðir og kauptún eru í sambandi við héruðin umhverfis, sem reka þar verzlun sína. Þá verða slík vörugjöld einnig skattur á alla íbúa þeirra héraða.

Í öðru lagi vil ég benda á, að hér er aðeins um að ræða löggjöf til eins árs; og það getur áreiðanlega ekki verið skoðun hv. 4. landsk., að almenn löggjöf um aukna tekjustofna handa bæjarfélögum verði komin svo fljótt í gildi, að hægt verði að framfylgja henni snemma á næsta ári.

Um brtt. þær, sem fram hafa komið í Nd. við frv. um heimild fyrir Sauðárkrók til að leggja á vörugjald, er það að segja, að flm. frv. skoða það sem tilraun til þess að drepa frv. Það hefir þá nýlega skipt um stefnu í þessum málum í Nd., ef slíkar brtt. verða samþ., enda óskaði hæstv. fjármrh. eftir, að málið yrði tekið af dagskrá, þegar brtt. komu fram.

Hv. 4. landsk. las hér upp mótmæli gegn þessu bæjargjaldafrv. frá 240 mönnum í Vestmannaeyjum. Það er nú tiltölulega lítill hluti af íbúum kaupstaðarins, líklega ekki nema 1/10 hluti af þeim, sem greiða þar gjöld til bæjarþarfa.

Ég held, að hv. 4. landsk. geti ekki tekið slík mótmæli alvarlega og flutt þau sem aðalástæðu gegn þessu máli. (**JBald**: Ég bar það ekki fram sem aðalástæðu). Hv. þm. hefir ekki í öðrum tilfellum tekið til greina skrifleg meðmæli eða mótmæli frá kjósendum, sem þinginu hafa borizt um þau mál, sem það hefir haft til meðferðar. Ég hygg, að hann hafi ekki viljað taka til greina mótmæli frá borgurum Ísafjarðarkaupstaðar gegn bæjargjaldafrv. hv. þm. Ísaf., sem þetta þing hefir afgr., og hann mun ekki hafa tekið hátíðlega meðmæli frá mörgum þúsundum kjósenda víðsvegar um land, þar á meðal frá ýmsum flokksmönnum sínum, þegar þeir á síðasta þingi sendu þingmönnum áskoranir um að lögfesta frumvörp milliþingan. í sjávarútvegsmálum. Það hlýtur því að vera eitthvað sérstakt á bak við þessa kröfu hv. þm., um að frv. verði tekið af dagskrá, annað en undirskriftir 1/10 hluta gjaldenda í Vestmannaeyjum, sem gera má ráð fyrir, að hafi verið gengið hart að til þess að þeir skrifuðu undir mótmæli, eftir því sem sagt er. Ég get því ekki skilið, að þetta sé aðalástæða hv. þm. fyrir því að fresta samþykkt frv. — Hér er aðeins um að ræða framlenging á gildandi lögum til eins árs. Og þó er það sérstaklega annað, sem réttlætir þetta frv., eins og ég áður gat um, en það er, að vörugjaldið, sem ákveðið er í frv., snertir ekki íbúa annara héraða, en kemur aðeins niður á íbúum kaupstaðarins.

Frsm. meiri hl. (Magnús Jónsson) [óyfirl.]: Þetta frv. mun hafa verið afgr. til 3. umr. á þeim eina fundi, sem ég hefi ekki verið á. Ég hefi því ekki þurft að nota framsögumannsrétt minn til að mæla með frv. sem frsm. meiri hl. n. En nú hafa komið fram mótmæli gegn frv. frá hv. minni hl. n., þar sem hann ber það fram sem eina af ástæðunum gegn því, að Alþingi hafi borizt skrifleg mótmæli undirrituð af 240 kjósendum. —Þau eru annars ákaflega einkennilega til komin þessi mótmæli. Þetta hlaut engan byr að ráði á fjölmennum fundi, sem haldinn var í Vestmannaeyjum, þar sem rætt var um ýms þingmál, og þá sérstaklega áhugamál Vestmannaeyja. Á þessum fundi var engum andmælum hreyft gegn þessu frv. Það var fyrst eftir þennan fund, að gengið var með þetta skjal á milli manna, og það var auðvitað í þessu tilfelli, eins og alltaf er, að það eru einhverjir, sem eru á móti öllum skattaálögum, af því að þeir halda, að þeir komist betur út af því á einhvern annan hátt. Eins og grg. ber með sér, þá er frv. borið fram eftir ósk bæjarstj. Vestmannaeyjakaupstaðar, og ég hygg, að sú ósk ætti að vera eins mikils metin eins og þó að farið sé að safna svo og svo miklu af undirskriftum. Annars þarf ég ekki að endurtaka það, sem hv. þm. N.-Ísf. sagði um þetta mál. Það stendur hér mjög sérstaklega á, þar sem þeir geta lagt á gjöld án þess að þau komi niður á nokkrum öðrum en íbúum þess staðar. Vestmannaeyjar hafa þarna algerða sérstöðu, e. t. v. að undanteknum Siglufirði. — Í sambandi við þau andmæli hv. 4. landsk., að nú liggi fyrir áskorun um að koma á einhverri slíkri löggjöf, vil ég segja, að fullgilt svar við því er sérstaða þessa bæjarfélags og að þetta fyrirkomulag hefir verið notað undanfarið. Það er vafalaust, að gert hefir verið ráð fyrir því, að þetta fengist framlengt, úr því það nú einusinni hefir verið samþ. Og það er víst, að þetta bæjarfélag hefir byggt á því, að þetta gjald fengi að halda áfram, og í frv. eins og það nú er orðið er aðeins farið fram á framlengingu til ársloka 1936, svo að það er frjálst og óbundið að láta Vestmannaeyjar lúta þeim almennu lögum, sem kynnu að verða sett um þetta efni. Ég vil því mælast til þess við forseta, að hann fresti ekki þessu máli, því að það er fullkomlega upplýst. Og ég vil beina því til hv. d., að hún afgr. þetta mál, því að það er gersamlega því óviðkomandi, hvort síðar kynni að verða sett einhver löggjöf um þetta efni.

Jón Baldvinsson [óyfirl.]: Þeir tveir hv. þdm., sem hafa tekið sér fyrir hendur að mæla með því, að þetta frv. verði samþ., hafa báðir talað um þau mótmæli, sem komið hafa fram úr Vestmannaeyjum. Í raun og veru hafa þeir lagt meira upp úr mínum orðum um það heldur en ég gaf tilefni til. Ég sagði aðeins, að ég áliti rétt, að þessi mótmæli kæmu hér fram, úr því að þau hefðu borizt Alþ., og það voru ekki tök á að bera þau fram annarsstaðar en við þessa umr., því að málið hefir ekki verið til umr. í Nd. Ég sagði jafnframt, að þó að mótmælin kæmu fram, þá gætu þau ekki verið afgerandi ástæða til þess að vera með eða móti málinu. Ég ætlaði ekki að leggja dóm á það, hvort frv. eigi ekki að ganga fram, en mér finnst aðrar ástæður, sem ég hefi borið fram, miklu veigameiri og hv. þm. hafa ekki getað hnekkt þeim. Það er auðvitað mál, að löggjöf í þessu efni verður aðeins umgerð utan um reglugerð, og þó að Vestmannaeyjar hafi að vísu sérstöðu hvað þetta snertir, þá ætti þessi löggjöf að vera fullnægjandi fyrir þær. Það er sem sagt þetta, að Vestmannaeyjar hafi þannig sérstöðu, að þar séu ekki lögð gjöld á aðra en íbúana sjálfa. Hv. frsm. meiri hl. benti á annan stað, þar sem svipað stæði á. Ég get bent á þrjá staði, þar sem líkt er ástatt um. Það er ekki mjög mikil

verzlun út frá Seyðisfirði, a. m. k. ekki meiri en út frá Siglufirði. Hinsvegar koma til Vestmannaeyja margir, sem þessi gjöld bitna á, menn, sem eiga heima annarsstaðar, en sækja vertíðina til Vestmannaeyja, svo að menn taka raunverulega þátt í þessum gjöldum víðsvegar að af landinu, og atvinnuvegum er yfirleitt svo háttað hér á landi, að fólk er ekki mjög staðbundið. Fólk fer til Vestmannaeyja á veturna, svo að það er sannarlega almenns efnis, þegar sett er þannig löguð löggjöf. Ég álít rétt, að þegar á að fara að setja almenna löggjöf um þetta, þá sé betra og réttara, að Vestmannaeyjar standi eins að vígi og hinir kaupstaðirnir og komi þá undir hina almennu löggjöf, sem ég þykist vita, að verði sett annaðhvort á þessu þingi eða vetrarþinginu 1936. Ég sé ekki, að Vestmannaeyjar líði neitt tilfinnanlegt tjón, þótt það drægist nokkra mánuði, að þetta yrði að lögum, ef það yrði, sem og er talið víst, að það verði snemma á næsta ári komin löggjöf, sem heimili kaupstöðum að leggja á gjöld til þess að auka tekjur sínar. Þó að það sé auðvitað neyðarúrræði að þurfa að grípa til þessara ráða, þá virðist mér hér varla verða við það ráðið. — Hvað þessum fundi viðvíkur, sem hv. þm. var að tala um, get ég sagt það, að það hafa eflaust margir fundir verið haldnir í Vestmannaeyjum, þar sem ekki hafa verið tekin fyrir öll vandamál kaupstaðarins, svo að það sannar ekkert, þó að þessu hafi ekki verið hreyft þar. En mótmælin, sem seinna hafa komið fram, sýna það, að til er í Vestmannaeyjum allmikill hópur manna, sem er á móti þessu. Hv. frsm. meiri hl. vildi nú að vísu gera minna úr þessu heldur en rétt er, því að af þessum mönnum, sem hafa skrifað undir þetta skjal, er megnið kjósendur. Ég hefi ekki verið að halda því fram, að þetta mótmælaskjal væri nokkur mikilvæg ástæða, þótt ég hins vegar vildi geta þess, að það væri fyrir hendi.

Frsm. meiri hl. (Magnús Jónsson): Ég skal nú ekki lengja þessar umr. mikið úr því sem orðið er, en ég skal benda á það, til viðbótar því, sem ég sagði áðan, að nokkrum dögum eftir að þetta undirskriftaskjal er undirritað, þá er haldinn fjölmennur fundur í Vestmannaeyjum, þar sem samþ. var nærri einróma áskorun til Alþ. um að framlengja gjaldið. Hv. 4. landsk. játaði, að hann legði í sjálfu sér ekki mikið upp úr þessum mótmælum, og ég vil undirstrika það sérstaklega, að hv. þm. sagði það sjálfur, að það væri eðlilegt, að einmitt Vestmannaeyjar, sem hafa haft þetta gjald, vildu halda því, þegar útlit er fyrir, að svipuð löggjöf fyrir kaupstaðina almennt verði sett. Ég vil að lokum taka það fram, að ég vil vona, að þetta sanngirnismál nái hér fram að ganga.

Jón Baldvinsson: Ég vil afbiðja mér heiðurinn af því að hafa komið fram með þessa röksemd. Ég held, að það hafi verið hv. þm. sjálfur, sem talaði um það, að Vestmannaeyjar hefðu nú einusinni þessa löggjöf og þess vegna mætti ekki slíta henni. Ég get játað, að þetta er nokkur ástæða, en ekki svo mikilvæg, að hún nægi til þess, að framlengd verði þessi lög. Það hefir þegar verið borið fram frv. um þetta almennt, og getur vel verið, að það verði samþ. Ég segi ekki, að það verði endilega á þessu þingi, en það gæti vel orðið, og þess vegna er ekki víst, að það þurfi að slíta þetta sundur. Það er af þeim ástæðum, sem ég vildi biðja forseta að láta málið bíða, þó ekki væri nema þangað til útséð er um, hvað gert verður í þessu máli á þingi, þar sem ekki þarf nema stuttan tíma til að koma því fram.

Forseti (EÁrna): Út af þeim tilmælum hv. 4. landsk., að ég taki málið út af dagskrá, þá vil ég taka það fram, að ég sé mér það ekki fært. Þetta mál er búið að liggja alllengi fyrir þinginu og búið að ganga í gegnum fimm umr. Ég sé því ekki, að ég hafi neinn rétt til að stöðva mál, sem komið hefir fram, nema að láta d. fá tækifæri til þess að greiða atkv. um það, og fer því fram atkvgr. um málið.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 9:4 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 585).

51. Erfðaábúð og óðalsréttur.

Á 62. fundi í Nd., 1. nóv., var útbýtt:

Frv. til l. um erfðaábúð og óðalsrétt (þmfrv., A. 444).

Á 64. fundi í Nd., 4. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 21 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

Frsm. (Bjarni Ásgeirsson): Ég get verið þeim mun stuttorðari, sem búið er að flytja áður svona frv., að vísu ekki í þeirri mynd, sem það er nú, en þó í aðalatriðum líkt 2 eða 3 frv., sem komið hafa fram áður: frv. um bygging og ábúð jarða, frv. um ættaróðal og óðalsrétt og loks frv. um sölu þjóð- og kirkjujarða. Þar eð þessi frv. öll fjalla um sama efni, hefir sá kostur verið tekinn upp að fella þau í eitt og flytja þau hér í einni heild. Var unnið að þessu að tilhlutun n., er sendi þau Búnaðarfélagi Íslands til samræmingar. Síðan komu frv. aftur til landbn., er felldi þau öll saman og flytur þau hér sem eitt frv.

Frv., ef að l. verður, innleiðir nýja tegund ábúðar, erfðaábúð, bæði á jörðum í opinberri eign og í eign einstaklinga. Það hefir verið mikið um það deilt, hvor ábúðin væri heppilegri, að einstaklingar ættu jarðirnar sjálfir eða ríkið og sveitarfélögin ættu sem mest af jörðunum og byggðu þær bændum til leiguábúðar. Ég verð að segja, að ég legg ekki höfuðáherzluna á það, hvor aðferðin eigi að gilda. Aðalatriðið er ábúðarrétturinn, að tryggja bændum jörðina, afrakstur hennar og það fé, sem þeir leggja í hana, og sömuleiðis að tryggja hana afkomendum

þeirra. Ég álít, að hvorum tveggja þessum tilgangi megi ná bæði með opinberri eign jarðanna og eins einstaklingsábúð. Hugmyndin með þessu frv. er að tryggja þetta í báðum tilfellum.

Það má segja, að bæði leiguábúð og einkaeign hafi kosti og galla. Leiguábúðin hefir haft þá stóru galla, að leiguliðum, sérstaklega á jörðum einstakra manna, hefir ekki verið tryggt að hafa ábúðarrétt nema ár frá ári. Þeir hafa aldrei vitað, hvenær þeir yrðu að fara af jörðunum, og ekki vogað að leggja fé né vinnu í þær, eigandi á hættu að verða að hrökklast frá bótalaust. Það hefir þó verið tryggara með opinberar jarðeignir. Venjulega hafa þær verið leigðar til lífsábúðar og afkomendur ábúanda oft hlotið þær áfram. En ekki hefir verið trygging fyrir því, að menn nytu þeirra framkvæmda eða þess fjár, er menn hafa lagt í jarðirnar. Því hefir alltaf verið svo, að jarðir í leiguábúð hafa verið verr setnar en einstaklingsjarðir. Aftur á móti hafa þær haft þá kosti, að jarðarverðið og afgjöldin hafa ekki verið háð jafnmiklum verðsveiflum eins og einstaklingseignir. Ýmsir ábúendur á þjóðjörðum hafa því verið betur settir en sjálfseignarbændur, því að afgjöldin hafa ekki breytzt eins mikið og vaxtabyrðin á jörðum einstaklinga. Nú er meiningin að tryggja áfram leiguábúðina með þeim kostum, sem hún hefir haft, en afnema ókosti hennar.

Þegar sú stefna var tekin upp fyrir nokkrum árum að selja þjóðjarðirnar, þá hefði verið betra að taka upp þá stefnu, sem hér er farið inn á, að byggja jarðirnar til lífstíðar, því að með því er ábúanda jarðarinnar tryggt, að þess, sem hann leggur í jörðina, fái hann að njóta alla æfi og sömuleiðis afkomendur hans, er við henni taka. Með þessu eru fengnir inn í leiguábúðina kostir einkaábúðarinnar og jörðin farin að nálgast að vera eign ábúanda.

Aftur á móti hefir einkaeignin gagnvart leiguábúðinni þá kosti fyrir þann, sem átti jörðina, að hún tryggði honum ábúðarrétt meðan hann var maður til að búa á jörðinni. Hann gat notið afrakstrar hennar og starfa og fjármuna, sem hann lagði fram meðan hann bjó þar, og hann fékk þetta endurgjald hjá kaupanda, ef hann vildi fara af jörðinni. Hinsvegar hefir einkaeignin þá annmarka, að gegnum jarðarsöluna hefir jarðarverðið þokazt upp, hærra og hærra, upp undir þá línu, er þær hafa hæst getað rentað sig. Allt, sem eigendurnir hafa sjálfir gert, hefir orðið til að hækka jarðarverðið, líka það, sem ríkisvaldið hefir gert, er þær hafa kapitaliserazt, svo sem vegabætur, aukinn markaður, bætt lánakjör. Allt hefir stuðlað að hækkuðu verði; jarðarverðið hefir skrúfazt upp, svo að þegar afturkastið kom og veðskuldirnar höfðu hlaðizt á, miðað við verðgildi jarðanna í góðærinu, þá varð þetta óbærilegt fyrir bændur.

Með þessu frv. er verið að reyna að stinga á þessu kýli, koma í veg fyrir ágallana á sjálfsábúðinni, með því að tryggja, að ekki megi hvíla á jörðunum nema ákveðin skuldabyrði, sem svarar til 3% vaxta af fasteignamati. Með þessu er reynt að tryggja, að þeir, sem við taka, geti búið á jörðunum án þess vextir og afborganir sligi þá, eins og nú á sér stað um flesta sjálfseignarbændur. M. ö. o., hér er verið að gera einkaeignina að því, sem hún á að vera, ábúðarréttur, tryggur og réttlátur, fyrir þann mann, er á jörðinni situr. Þá er hætt að gera jarðirnar að verzlunarvöru, er geta komizt í það verð, að enginn bóndi geti búið á þeim.

Þetta hefir stóran kost gagnvart sveitunum. Það er öllum kunnugt, hvernig straumurinn hefir legið úr sveitunum, öll viðkoma þeirra hefir streymt í kaupstaðina, og meira en viðkoman, því að líka hefir fækkað í sveitunum. En hver maður, sem selur jörð, fer með jarðarverðið úr sveitunum, en sá, sem kaupir, tekur við skuldinni og verður leiguþræll hennar. Þessi fjárflótti úr sveitunum, viðstöðulaus eins og hann hefir verið, er ein orsök þeirrar fátæktar og þess vesaldóms, sem er að verða landlægur víða í sveitum landsins.

Með því að láta ekki hvíla á jörðunum meira en 50%, á að vera tryggt, að hægt sé að taka við þeim með því verði, er sé viðráðanlegt. Og auk þess festist þá í sveitunum fjármagn, sem annars hefði flutzt burt.

Ýmsir hafa sagt, að með þessu frv. væri verið að skapa sérréttindastétt í landinu. En þá má segja, að allir þeir, sem fá eignir til umráða, séu sérréttindastétt. En það má nokkuð á milli vera frá því, sem nú er, þangað til bændur verða „sérréttindastétt“, þó að kjör þeirra batni eitthvað. Nú er það yfirleitt þannig, að bændur eru orðnir ánauðugir rentuþrælar, sem ekki geta losnað við skuldirnar, en verða að þræla fyrir þeim alla æfi. Reynt hefir verið að ráða nokkuð bót á þessu með því að gera landbúskapinn arðvænlegri en áður. En samt er flóttinn úr sveitunum meiri en nokkru sinni fyrr. Allir reyna að losa sig við jarðirnar, allir keppast við að flytja burtu og enginn ungur maður vill lengur festa sig við jarðir.

Með frv. þessu er verið að tryggja, að lífvænlegra og eftirsóknarverðara sé að reka búskap. Og því aðeins er hægt að auka byggð í landinu, að þar sé lífvænlegt. Þegar búið verður að tryggja svo réttindi bænda, að landbúnaður verður tryggur og lífvænlegur atvinnuvegur, þegar bændur eru orðnir ekki undirokuð stétt, heldur „réttindastétt“, þá munu skapast þar ný býli, þá munu bændur keppa að því að auka býlin, svo að komi upp tvö þar, sem áður var eitt, og gæti það eitt orðið til að stöðva strauminn úr sveitunum.

Þriðja frv., sem ég minntist á, að væri sett í þetta frv., frv. um afnám sölu á þjóð- og kirkjujörðum, byggist á þeirri reynslu, að þó ýms framför hafi orðið á sviði landbúnaðarins fyrir sölu þjóð- og kirkjujarða, þá hafa komið fram gegn sölu þeirra ókostir sjálfsábúðarinnar, þeir, sem ég nefndi áðan. Því hefir ekki verið álitinn kostur eða þótt fært að leggja til, að jarðirnar yrðu seldar óhindrað áfram, nema tryggður yrði á þeim óðalsréttur. Eru þannig viss ákvæði í frv., sem gera ráð fyrir, að óðalsréttarjörð geti stundum undir vissum kringumstæðum komizt í opinbera eign, þegar sú ætt, sem situr hana, óskar ekki lengur eftir því. Einnig eru ákvæði um það, að jörð í opinberri eign geti komizt í einstaklingseign, þegar

kaupandi um leið gerir hana að óðalseign samkv. þessum lögum. Þannig er samspil milli hvorstveggja, eða frv. orðið tengiliður við bæði fyrirkomulögin. Framtíðin verður að skera úr, hvort þeirra er heppilegra, hvort ábúðarfyrirkomulagið íslenzkir bændur frekar kjósi. Frv. leggur þannig grundvöll að einkaábúð, sem nálgast leiguábúð, og að leiguábúð, sem nálgast einkaábúð, þar sem reynt er að sameina kosti beggja og fjarlægja ókostina. Tímarnir verða að sýna, hvort heppilegra er eða hvort þjóðin kann betur við.

Það mun sýna sig, að þetta fyrirkomulag, sem hér er stungið upp á, verður stór liður í að auka velmegun í sveitunum, nauðsynlegur til að gera búskapinn arðvænlegri og lífvænlegri og nauðsynlegur fyrir íslenzku þjóðina, ef hún vill varðveita sjálfstæði sitt.

Emil Jónsson: Hv. frsm. lét þess ekki getið, að ágreiningur væri innan landbn. um flutning þessa frv. Að vísu er þessa getið í grg. frv., en ég vil þó árétta það betur.

Eins og hv. frsm. sagði, voru það 3 frv., er til n. komu í vor, en þeim hefir verið blandað saman í eitt. Fjórir af nm. samþykktu, en ég hefi ekki tekið afstöðu með, og er í mörgum atriðum á móti frv.

Ég er sammála flm. um það atriði, að ábúðarréttur jarðar er eitt af merkilegustu málum landbúnaðarins. Ég hefi oft heyrt, að menn hafi flosnað upp af því þeir hafa ekki getað greitt lán eða afborganir, sjaldan af öðrum ástæðum, þeir hafa ekki getað staðið straum af búum sínum, ekki innt af hendi þær greiðslur, sem hvíldu á sjálfri jörðinni.

Ég þarf ekki að rekja efni frv. Það er, eins og hv. frsm. gat um, steypt saman úr efni þriggja frv., frv. til l. um ættaróðal og óðalsrétt, sem flutt var af 5 þm. Sjálfstfl., frv. til l. um afnám sölu þjóð- og kirkjujarða, flutt sameiginlega af Framsfl. og Alþfl., og frv. til l. um bygging og ábúð jarða, flutt af tveim Framsfl.-mönnum. Þessum frv. var svo vísað í vor til landbn., en hún vísaði þeim aftur til Búnaðarfél. Íslands. En Búnaðarfél. hefir hummað fram af sér að láta uppi skoðun sína á frv. hverju fyrir sig, heldur hefir það látið semja nýtt frv., sem þetta frv. er í aðalatriðum samhljóða. Mér þykir þetta verri aðferð en taka afstöðu með frv. hverju um sig, þar sem stungið er upp á svo mismunandi leiðum. Það er rétt, eins og stendur í grg. fyrir frv. um ættaróðal og óðalsrétt, að uppi eru í landinu tvær stefnur, önnur að haldið sé áfram sjálfseignarskipulaginu, það stæli bændur til viðnáms örðugleikunum og styrki framtak þeirra. Hin stefnan heldur því fram, að taka beri fyrir sölu á opinberum jarðeignum og ríkið kaupi smátt og smátt allar jarðir. Þetta eru tvær höfuðstefnur, sem verður að taka afstöðu til. En í þessu frv. hafa menn smeygt því fram af sér að taka afstöðu, og í þess stað hefir verið samið nýtt frv., sem tekur hvergi afstöðu, en soðið er upp úr hinum öllum. Eins og öll málamiðlunarfrv. hefir það nokkra kosti, en líka þeirra galla. Ég ætla að fara nokkrum orðum um 3 höfuðkafla frv.

Frv. það, sem Alþfl.menn fluttu með nokkrum Framsfl.mönnum, fór fram á það, að tekið væri fyrir alla sölu á þjóðjörðum og kirkjujörðum. Þetta mál var alltaf ofarlega á baugi hjá Alþfl. og var samið um það milli stjórnarflokkanna, þegar stjórn var mynduð. Því er undarlegt, að tekin er nú upp sölustefnan á þjóðjörðum af þeim mönnum, sem fluttu frv. í fyrra. Þá vildu þeir ekki selja jarðirnar, en eru svo nú með þessu frv. Á því, hvort jarðirnar eru seldar sem ættaróðal eða sjálfsábúð, er prinsipielt ekki annar munur en sá, að ráðstöfunarréttur á ættaróðulum er bundinn nokkrum takmörkunum, en hér er þó sala á opinberri eign. Mér virðist, að með sölu þjóð- og kirkjujarða (sem munu vera alls um 1000 á landinu) hafi ekki unnizt það, sem að var stefnt í upphafi, en ég vil ekki í þessum umr. fara út í það. En ég vil undirstrika, að með þessari undanþágu með þjóðjarðasöluna, að mega selja jarðirnar sem ættaróðul, þá er upphafið bannið gegn þjóðjarðasölunni og hægt að selja hvaða jörð sem er.

Um erfðaábúðina ætla ég ekki að fjölyrða, þó að ýms atriði hefðu getað farið betur. Þegar ábúendaskipti verða á jörðinni, er gert ráð fyrir, að fráfarandi ábúandi fái fullar bætur fyrir allt, sem ætt hans hefir látið gera á jörðinni. En þegar þessi eini erfingi fær arfhluta allra systkina, gæti óvandaður maður, þegar hann er búinn að ná undir sig arfhluta systkinanna, farið frá jörðinni. Ef einn aðili getur þannig komizt yfir arfahluta allra systkinanna, er enginn vafi á því, að óhlutvandir menn mundu nota sér það, og þarf að takmarkast mikið betur, svo ekki verði misnotað.

Annað atriði, sem kom til tals í n., var, hvort ekki væri ástæða til að láta greiða afgjaldið í fríðu í stað ákveðinnar % í peningum. Hvort betra er, skal ég ekki segja um, en þó mun peningagreiðsla eins hagkvæm, ef jörðin er metin upp á 10—20 ára fresti. — En sem sagt, þá ætlaði ég ekki við þessa umr. að fara nánar út í einstök atriði. Þó vil ég segja fá orð um óðalsréttarkaflann. Það má segja, að aðalhugmynd frv. sé sú, að gera eitt barn efnaðs sjálfeignarbónda fært um að stunda búskap. En hér koma ekki aðrir til greina en þeir, sem eiga jarðir með minni áhvílandi skuldum en svo, að vextir af þeim nemi 3% af fasteignamati jarðarinnar. Í frv., sem lá fyrir þinginu í vor, var gert ráð fyrir, að skuldir mættu vera nokkru hærri en þetta. Býst ég því við, að eins og nú er ástatt séu það mjög fáir, sem geta gert jarðir sínar að óðulum. Ég geri því ráð fyrir, að þó Alþ. færi að gera þessa breyt., þá yrði það ekki til mikils gagns, því það yrðu svo sárfáir bændur, sem gætu fullnægt þessum skilyrðum. En það, sem er þó hér aðalatriði, er, að þeir, sem yrðu aðnjótandi þessarar verndar, væru einmitt þeir, sem sízt þurfa aðstoðar við. Sé farið að hjálpa einhverjum, þá á fyrst að veita þeim aðstoð, sem mest skulda og ekki hafa ráð á að gera jörð sinni til góða eins og þyrfti að vera. En það er svo í þessu frv., eins og mér virðist oft hafa komið fram, að fyrst er þeim hjálpað, sem bezta aðstöðuna hafa, — eða þeir eiga a.

m. k. bezt með að nota sér aðstoðina —, en hinir verða útundan, sem erfiðara eiga og eru þó í mestri þörf. Ég hafði búizt við, að í stað þessa óðalsréttarfrv. hefðu komið till. um að hjálpa skuldugum bændum til þess að geta stundað heilbrigðan búskap. Það hefði verið logiskt.

Hv. frsm. minntist á, að hér væri um forréttindi að ræða, enda er það svo eins og frá frv. er gengið. En ég hefði heldur viljað hjálpa þeim, sem verr eru staðir, til þess að komast upp til jafns við þá, sem betur mega, í stað þess að stofna til forréttinda fyrir þá, sem bezta aðstöðu hafa, og hjálpa þeim þannig til að komast enn lengra fram úr hinum.

Ég veit ekki, hvort ég þarf á þessu stigi málsins að fara lengra inn á einstök atriði. Þó vil ég geta um eitt atriði, sem hv. frsm. kom inn á. Hann gat þess, að fé það, sem ríkið hefði lagt fram til jarðabóta og annara umbóta, hefði orðið til þess að skrúfa upp verð jarðanna. En ég sé ekki annað en hér beri að sama brunni, þegar jarðirnar eru alltaf metnar upp, þegar ábúandaskipti verða. Og þetta verður svo meðan haldið er áfram styrkveitingum til einstaklinga, í stað þess að leggja fé til jarðanna sjálfra. Eins og er kemur styrkurinn eingöngu núv. ábúanda til góða, en sá, sem við tekur, þarf að kaupa allt fyllsta verði.

Eins og ég tók fram í upphafi, tel ég þetta eitt allra þýðingarmesta mál landbúnaðarins. Ég hefi ekki heyrt, að neinn hafi hrökklazt af jörðum sínum fyrir það, að þeir hafi ekki getað útvegað sér og sínu heimili mat og greitt fólki kaup sitt, heldur vegna þess, að þeir hafa ekki getað staðið í skilum með greiðslur af þeim skuldum, sem á jörðum og húsum hvíla. Það er því og hefir verið skoðun mín og minna flokksbræðra, að þessu verði ekki kippt í lag nema með því að steinhætta að selja allar kirkju- og þjóðjarðir, og ríkið kaupi jarðir eftir því, sem það frekast getur, og leigi þær síðan út á erfðafestu. Ég sé ekki, að neitt sé unnið með því að stefna að óðalsrétti. Þó tekið sé fram, að ekki megi veðsetja jarðirnar nema fyrir 50% af matsverði, er ég hræddur um, að það verði aðeins pappírstala. Ef um það væri að ræða að forða jörð frá niðurníðslu eða sölu, mundi Alþ. vafalaust veita undanþágu upp í 70—80%, eða jafnvel hærra. Því nauðsyn brýtur lög. Ég hefi því ekki trú á, að þetta óðalsréttarfrv. komi að verulegu gagni. Þó var aðalástæðan fyrir því, að ég tók ekki þátt í flutningi frv., sú, að heimilað er að selja þjóðjarðirnar. Það er vitanlega alveg á móti stefnu míns flokks, og ekki langt frá því, að það sé á móti þeim samningi, sem opinberlega var gerður milli stj.flokkanna fyrir ári síðan.

Jón Sigurðsson: Þar sem þetta er 1. umr. málsins, mun ég ekki ræða nema nokkur aðalatriði.

En áður en það fer lengra vildi ég spyrja hv. frsm., hvort ekki hafi vakað það sama fyrir landbn. og okkur, sem fyrst fluttum frv. um óðalsrétt, að stuðla að því, að það fjármagn, sem enn er í sveitunum, streymi ekki úr þeim, og einnig, að það fjármagn, sem kann að skapast þar framvegis, haldi áfram að vera þar. Ennfremur að tryggja eðlilega fjölgun sjálfseignarbænda og þroska heilbrigðan ættarmetnað í landinu, sem tryggði bændurna í sveitunum. — Mér skildist á hv. frsm., að þetta vaki fyrir n.En ég vildi gjarnan fá skýra yfirlýsingu um þetta, og vildi því biðja hv. frsm. að svara þessum spurningum. — Ef ég hefi skilið hann rétt, greinir okkur ekki á í aðalatriðum.

Jón Pálmason: Eins og hv. frsm. gat um, er þetta frv. þannig til komið, að steypt hefir verið saman fleiri frv., sem snerta það, sem einu nafni er nefnt jarðeignamál. Það er alkunnugt, eins og hv. þm. Alþfl. tók fram, að hér eru uppi tvær höfuðstefnur um þetta mál. Önnur sú, að allar jarðir verði gerðar að sjálfseignarjörðum, sem þá væru í sjálfsábúð, en hin, að gera allar jarðir að eign ríkissjóðs og bændurna að leiguliðum. En það er nú svo, að þegar menn binda sig við ákveðnar stefnur og reyna út í yztu æsar að koma þeim fram á stuttum tíma, þá vill það oft leiða út í öfgar. Það mun því oftast heppilegra að fylgja slíku ekki í upphafi út í æsar, og svo mun vera í þessu máli. Þar er bezt, að einstaklingarnir eigi frjálst val um, hvort þeir kjósa heldur að vera sjálfseignarbændur eða leiguliðar. Þó er ástæða til þess að taka fram, að vitanlega geta komið fyrir mörg þau tilfelli, að einstaklingurinn getur ekki tekið þann kostinn, sem hann kysi fremur.

Um frv. vil ég taka það fram, eins og hv. frsm., að það er samkomulagsleið milli nm., þó þeir séu ósammála um sum atriði þess. En sú samkomulagsleið, sem þar kemur fram, er rökstudd á þann veg, að við 4 nm., sem frv. flytjum, teljum miklu skipta að málið sé leyst nú á þann hátt, sem landbúnaðinum yrði til styrktar. En um það, hvort þetta hefir tekizt, verða vitanlega skiptar skoðanir.

Það hefir nú þegar komið fram frá minni hl., að hann vill ekki fallast á frv. vegna þess, að það fylgir ekki hans stefnu um, að gera allar jarðir að ríkiseign á komandi árum. En þetta er þannig vaxið, að við í meiri hl. ætlumst ekki til, að hægt sé að selja opinberar eignir nema með heimild undir þeim kringumstæðum, að þær séu jafnframt gerðar að ættaróðali.

Ég lít svo á, að mjög væri nú á annan veg komið í sveitunum, ef þetta skilyrði hefði verið sett jafnframt l. um sölu þjóðjarða. Því þó þau hafi að mörgu leyti orðið til bóta, hefir það reynzt svo, að margir bændur hafa selt jarðirnar aftur og þær lent í braski og verið leigðar allt of hátt.

Þá skal ég taka til athugunar nokkur atriði frá minni hl. n., hv. þm. Hafnf., sem ágreiningur er um. Ég mun þó ekki ganga ýtarlega inn á sum þeirra, því hv. frsm. hefir þegar gert mörgum þeirra skil. M. a. er ágreiningur um það, að ekki sé nægilega tryggt með frv., að einstaklingar fái ekki greitt fyrir þær jarðarbætur, sem styrktar eru af ríkinu. En þetta er misskilningur, því svo er um hnúta búið eftir frv., að ættin fær aðeins það, sem hún hefir í jörðina lagt.

Þá er það rétt, að það kom til orða í n., að

afgjald jarðanna skyldi greiða í fríðu. Og ég fyrir mitt leyti tel heppilegt, að jarðaafgjöld og ýmsar aðrar greiðslur færu fram eftir verðlagsskrá, en til þess þarf verðlagsskráin að komast í allt annað horf en hún er nú í. En þessu atriði má alltaf breyta.

Annars er höfuðágreiningurinn milli mín og hv. þm. Hafnf. og hans flokksmanna sá, að hann telur, að með óðalsréttinum sé verið að veita einstökum mönnum sérréttindi. En eins og tekið er fram í grg. fyrir óðalsréttarfrv., lítum við svo á, að brýn þörf sé til þess að gera ráðstafanir til, að fjármagnið flytjist ekki burt úr sveitunum, og að það verði ekki á annan hátt betur tryggt en með því að gera jarðirnar að eign ættanna, þar sem einstaklingarnir hafi ekki heimild til að selja þær.

Til skýringar skal ég taka það fram, að það er síður en svo, að það sé í samræmi við kröfur okkar sjálfstæðismanna, að fært hefir verið niður, hve háar skuldir megi hvíla á óðalseignunum. Tel ég þetta atriði fullkomlega athugunarvert, því eins og nú stendur eru það tiltölulega fáar jarðir, sem komast undir þetta vegna skulda.

Hv. þm. Hafnf. gat þess, að hér væri ekki verið að hjálpa þeim, sem lakasta hafa aðstöðu, heldur þeim, sem hana hafa bezta. En ég bið alla að athuga það, að þeim verður ekki hjálpað eingöngu með afgreiðslu jarðeignamálsins (**Fjmrh.**: Hví?). Það verður að gerast með allt öðrum hætti og víðtækari ráðstöfunum. En frv. tryggir þó aðstöðu þeirra, sem verr eru settir, með bættum leigumála og öryggi fyrir sömu ætt að halda ábúðarrétti á jörðinni.

Að því er það atriði snertir, að menn hafi hrökklazt af jörðunum vegna skulda, stafandi frá jarðakaupum, er það að vísu rétt að formi til, en ástæðan er fólgin í því, að atvinnurekstrinn hefir ekki borið sig og því hlaðizt á hann of þung gjöld. En það er ekki vegna fyrirkomulags jarðeignamálsins, heldur annara orsaka, sem ekki er hægt að útrýma með afgreiðslu þessa máls nema að litlu leyti. Það verður aldrei gert að fullu nema atvinnurekstrinn beri sig. En ég held, að það greiði fyrir því, að svo geti orðið, að sett verði þau ákvæði um óðalsrétt, sem hér er um að ræða, og þau yrðu framkvæmd sem víðast.

Ég skal svo ekki fara frekar inn á einstök atriði, sem ágreiningur hefir orðið um í n., þau koma þá frekar fram við 2. umr. Þó vil ég láta í ljós þá skoðun mína, að þótt um nokkur ágreiningsatriði sé að ræða, höfum við gengið inn á þessa leið af því, að við teljum mikilsvert að ná samkomulagi um þessi mál. Ég tel ágreininginn fremur um aukaatriðin, en um aðalatriðin — erfða- og óðalsréttinn — sé samkomulag.

Hv. þm. Hafnf. var að tala um, að menn okruðu á þeim jarðabótum, sem ríkið væri búið að styrkja, en ég held, að þegar um erfðaábúð er að ræða sé ekki hætta á, að bændur hlaupi frá jörðum sínum til þess út af fyrir sig að fá greiðslu fyrir jarðabæturnar. Það mun því ekki stafa hætta af því í sambandi við þetta frv.

Ég skal svo ekki að sinni fara lengra út í þetta mál, en vænti, að hv. dm. geri sér glögga grein fyrir því, hvort heppilegt muni vera að gera það að þrætumáli milli flokka. En til þess að koma í veg fyrir það er heppilegast að ganga frá því nú.

Sigurður Kristjánsson: Það er rétt, sem tekið hefir verið fram, að í þessu máli eru tvær höfuðstefnur, sem eru mjög andstæðar. Annarsvegar er sjálfseignarstefnan, hinsvegar leiguábúðarstefnan og þá helzt ríkisleigustefnan.

Þegar þessi mál komu fyrir þingið eftir síðustu kosningar, þá mátti ætla, að leigustefnan hefði miklu meiri byr vegna þeirra samninga, sem hv. þm. Hafnf. gat um áðan. Það er vitað, að ég stend utarlega í þeirri fylkingu, sem krefst þess, að unnið sé að því, að jarðeignir landsins verði yfirleitt í eiginábúð. Ég verð þess vegna að láta í ljós ánægju mína yfir því, að þetta frv. sýnir, þar sem því er fylgt af fjórum af fimm landbnm., að sjálfseignarstefnunni hefir aukizt fylgi að talsverðum mun. Vænti ég, að verði áframhald á því, þar til sú stefna sigrar alveg.

Sökum þess, að ég er, eins og ég sagði, utarlega í þeim fylkingararmi, sem krefst þess, að sjálfsábúð verði sú ríkjandi í landinu, þá lít ég náttúrlega svo á, að fyrsti kafli þessa frv. sé óþarfur, en í hans stað ætti að koma ákvæði um það, að þjóð- og kirkjujarðir yrðu afhentar ábúendunum endurgjaldslaust. Ég mun athuga það við næstu umr., hvort ég sé mér fært að gera þar brtt. við frv., sem snúa því í það form, sem er samkv. minni stefnu í þessu máli. Ég skal því ekki fara fleiri orðum um það við þessa umr.

Frsm. (Bjarni Ásgeirsson): Það er ekki svo ýkjamargt, sem ég þarf að svara. — Hv. þm. Hafnf. minntist á það, að ég hefði ekki getið þess, að hann hefði ekki getað fylgt okkur hinum nm. að þessu máli. Það er satt; ég gat þess ekki í ræðu minni, en það er tekið fram í nál., og það áleit ég nægilegt. Annars er það ekki svo margt, sem skilur í þessu máli, aðallega er það heimildin um sölu á opinberum jörðum.

Hv. þm. sagði, að þessi þrjú frv. hefðu verið send Búnaðarfél. til þess að það léti í ljós álit sitt á þessum málum, en það var ekki eingöngu það, heldur var þess einnig óskað, að Búnaðarfél. athugaði málin og reyndi að samræma þau. Annars sé ég ekki betur en Búnaðarfél. hafi látið í ljós álit sitt á þessu máli, þar sem það hefir lagt til, að það væri flutt í formi þessa frv., því að það hefði ekki komið með þessar till., ef það hefði verið þeim mótfallið.

Annars vil ég mótmæla því, sem hv. þm. sagði, að það væri enginn verulegur munur á að selja opinberar jarðir eins og hingað til hefir tíðkazt, þannig, að heimilt sé að selja þær undir eins aftur hverjum sem er og með hvaða verði sem vera skal, og svo hinu, sem gert er ráð fyrir í þessu frv., að salan fari þannig fram, að það verði tryggt, að þær verði ekki seldar, heldur haldist áfram í eign sömu ættar, því að með því móti er girt fyrir það, að jarðirnar komist aftur í brask, en einmitt braskið var helzti ágallinn í

sambandi við jarðasöluna eins og hún hefir verið, því að þar var ekkert til að hindra það, að menn seldu jarðirnar með uppskrúfuðu verði og kæmu þeim þar með í þá niðurlægingu, sem bíður þeirra jarða, sem þannig er farið með. Það er því mikilsverð höfuðbreyt., að selja nú jarðirnar á þann hátt, sem tryggir það, að jörðin verði í fastri og áframhaldandi ábúð, sem tryggir ábúendunum betri kjör en áður.

Það er alveg rétt hjá hv. þm., að við ræddum talsvert um það í n., að jarðarafgjaldið skyldi ekki vera greitt í peningum, heldur í fríðu. þannig, að það skyldi reiknað eftir verðlagsskrá, hvað afgjaldið skyldi vera í hvert sinn. Ég skal viðurkenna, að það hefir á margan hátt sína kosti. En eins og fram kom í landbn., þá þótti okkur ástæða til að taka það upp á miklu breiðari grundvelli og greiða öll opinber gjöld eftir verðlagsskrá og miða þau þannig við verð afurða í landinu á hverjum tíma, og mætti það þá auðvitað einnig ná til þessara greiðslna, þegar þar að kæmi. Hér er því ekki um skoðanamun að ræða, heldur hitt, að við vildum taka þetta upp á miklu breiðari grundvelli.

Þá virtist mér hv. þm. Hafnf. finna að því, og það var að nokkru leyti í samræmi við það, sem hv. þm. A.-Húnv. sagði, að aðeins væri gert ráð fyrir, að óðalsréttarfyrirkomulagið mætti taka upp á þeim jörðum, sem minnst hvíldi á og sízt þyrftu hjálpar við, en ekki væri gert ráð fyrir því hjá þeim bændum, sem byggja á þeim jörðum, sem mikið hvíldi á og ættu þar með erfiðast uppdráttar. Þetta var nú samt að vissu leyti með ráðum gert. Meiri hl. n. leit svo á, að eitt af höfuðatriðunum í þessu óðalsréttarmáli væri að koma í veg fyrir það, að á jörðunum hvíldi meira en búreksturinn gæti borið, þvert á móti því, sem á sér stað um svo fjöldamargar jarðir. Ef inn á það væri gengið að stofna til óðalsréttarfyrirkomulags á jörðum, sem mjög mikið hvíldi á, þá gætu þær byrðar orðið bændunum svo þungbærar, að þeir fyrir þá sök kæmust í hinar mestu kröggur, og gæti það orðið til þess, að menn fengju minni trú á þessu fyrirkomulagi. Hér er því hyggilegra að stemma á að ósi og búa nú þegar svo í hendurnar á þessum mönnum, að búskapur þeirra geti blessazt. Hitt er annað mál, og þar er ég meira á skoðun hv. þm. A.-Húnv., að það getur orðið nauðsynlegt áður en langt um líður að greiða eitthvað fyrir þeim, sem erfiðasta eiga afkomu á skuldum hlöðnum jörðum, en þær ráðstafanir verða að vera róttækari en þær, sem hér eru nú til umr. Má vera, að ég og hv. þm. Hafnf. ásamt fleiri mönnum taki þá höndum saman til að hjálpa þeim bændum, sem svo illa eru staddir, að þeir geta ekki komið jörðum sínum í þetta ábúðarfyrirkomulag, og gert þeim mögulegt að fá óðalsrétt á jörðum sínum.

Þá var hv. þm. að finna að því, að ekki væri loku fyrir það skotið, að menn gætu selt þann styrk, sem þeir hefðu fengið til búrekstrar á jörðum sínum. Ég held, að þetta sé ekki rétt, a. m. k. var það höfuðtilgangur frv., að þegar einhver seldi jörð, þá skyldi hann mega selja það, sem jörðin hefði batnað fyrir hans atbeina, en ekki það, sem jörðin hefði batnað af ríkisins hálfu. Annars má vera, að um þetta séu nú ekki nógu glögg ákvæði, og má alltaf ræða það í n. og hér í d.

Þá talaði hv. þm. Hafnf. um, að það væri brot á samningum milli stjórnarflokkanna að leyfa sölu á jörðum þess opinbera. En með því, sem ég hefi sagt um þann stóra eðlismun, sem ég álít vera á þessari sölu og þeirri, sem rætt var um milli stjórnarflokkanna, þá get ég ekki sagt, að svo sé, því að með því fyrirkomulagi, sem á að vera á óðalsréttinum, og með þeim takmörkunum, sem þar eru settar, sé ég ekki betur en að þar sé farið að nálgast það, sem ég álít, að eign á jörð eigi að vera, sem sé eingöngu ábúðarréttur, sem tryggi afrakstur þess fjár, sem eigandi eða ábúandi og hans skyldulið setja í jörðina.

Þá var það hv. 7. landsk., sem beindi til mín nokkrum spurningum, hvað vekti fyrir n. með því frv., sem hér liggur fyrir, hvort það væri ekki það, að tryggja, að það fé, sem er í sveitunum og myndast þar framvegis, verði þar áfram, hvort ekki vekti fyrir okkur að auka möguleikana fyrir hæfilegri fjölgun býla í landinu og heilbrigðum ættarmetnaði. Ég tók það fram þegar í framsöguræðu minni, að ég teldi höfuðkost þessa frv. einmitt þetta, sem hv. þm. var að spyrja um, að festa í sveitunum sem mest af því fé, sem þar er og þar skapast, þvert á móti því, sem hingað til hefir átt sér stað vegna sölu jarðanna. Ég get því svarað þessari spurningu játandi.

Sama er að segja um aðra spurninguna. Eins og ég sagði, þá er það fyrsta til að fjölgun býla geti átt sér stað, að búskapurinn verði arðvænlegur og eftirsóknarverður, og ég álít ákvæði þessa frv. miða að því.

Um heilbrigðan ættarmetnað vil ég segja það, að ég veit ekki, hvort ég legg eins mikið upp úr því og hann, en auðvitað hefir það verið svo hingað til og verður það ekki síður eftirleiðis með þessu fyrirkomulagi, að mönnum þykir ósjálfrátt vænt um þá jörð, þar sem forfeður þeirra hafa dregið fram lífið og þar sem þeir búast við, að afkomendur þeirra heyi sína lífsbaráttu, og það ætti að verða til að skapa meiri ánægju og meiri festu þeirra, sem í sveit búa. Ég geri ráð fyrir, að það komi að nokkru leyti af sjálfu sér, þegar sú festa er komin á í sveitum, að sama ættin situr á jörðinni mann fram af manni, að þá reyni þeir að sitja hana sem bezt, svo að hún verði að sem mestu gagni fyrir ættina og sem mestrar prýði fyrir sveitina. Ég held því, að tilgangur okkar sé sá sami í höfuðatriðunum.

Ég ætla þá, að ég þurfi ekki að svara fleiru. Út í einstakar gr. frv. mun ég ekki fara nú; til þess gefst væntanlega tími, þegar málið kemur til 2. umr., sem ég vona fastlega að verði.

Jón Sigurðsson [óyfirl.]: Ég vil byrja á því að þakka hv. frsm. fyrir greið og góð svör. Svörin voru á þá lund, sem ég bjóst við, en vildi fá staðfest, því að mér fannst n. ekki fullkomalega hafa það fyrir augum.

Ég sé, að inn í þann kafla, sem fjallar um

ættaróðul og óðalsrétt, hafa verið sett mörg ákvæði, sem þrengja mjög kost óðalseigenda, án þess að ég geti séð, að það standi á neinn hátt í sambandi við að tryggja það, að fjármagn það, sem í sveitunum er, haldist þar. Skal ég þar aðeins nefna sem dæmi, að í þessu frv. er jarðeigendum fyrirmunað að gefa jarðir. Nú getur oft staðið svo á, að óðalseigandi hafi ekki aðstöðu eða tækifæri til að taka fósturbarn eða kjörbarn. Menn eru oft skjótlega af heimi kallaðir og geta ekki gert slíkar ráðstafanir í skyndi. Slíkt álít ég að stríði í bága við þá meginhugsun, sem liggur á bak við þetta frv. Ég vænti, að n. taki með góðvilja á móti þeim breyt., sem fram verða bornar við frv., sem ganga í þá átt að gera rétt óðalseigenda rýmri án þess að ganga á móti þeim höfuðtilgangi n., sem nú hefir verið lýst.

Þegar verið að ræða um leiguábúð og sjálfsábúð, þá má ekki gleyma því, að eins og málum horfir nú, þá hafa leiguliðar á undanförnum árum fengið ýmsar mikilsverðar endurbætur, og með þessu frv. er enn stigið stórt spor í áttina þeim til hjálpar. En mér er ekki kunnugt um, að á nokkurn hátt hafi verið reynt að bæta hag sjálfseignarbænda, sem eru þó fjölmennasti hluti íslenzkrar bændastéttar. Þetta er fyrsta sporið í þá átt, ef svo mætti segja, og jafnvel hefir að sumu leyti verið sérstaklega gengið á þeirra hlut, a. m. k. þeirra sjálfseignarbænda, sem hafa átt jarðir, sem þeir hafa leigt öðrum. Það eru þess vegna fullkomlega orð í tíma töluð, að eitthvað sé litið til með þessum stóra hópi íslenzkra bænda og þeim hjálpað til þess, að þeir geti haldið jörðum sínum. — Það er alveg rétt, sem hv. þm. Hafnf. sagði, að eins og frá frv. er gengið nú, þá kemur það fyrst og fremst þeim til góða, sem bezt eru settir af bændum. En ég lít svo á, að þótt svo sé, þá verði fyrst að byrja á því að skapa skilyrði til þess, að það fjármagn, sem nú er í sveitunum, haldist þar, en það verður tæplega gert betur á annan hátt en þann, að hjálpa bændum, svo að sem flestir þeirra geti setzt í þann sess, sem þeir bændur, sem bezt eru stæðir, geta nú setzt, ef þetta frv. verður að l., og það er mín von, að hægt verði að hjálpa öllum þeim, sem verr eru stæðir, svo að þeir geti einnig setzt í þennan sess og orðið óðalsbændur, og fyrr tel ég ekki, að þessum málum sé komið í sæmilegt horf, og þar vil ég taka höndum saman við hv. þm. Hafnf. og alla aðra góða menn til að koma því mikilsverða máli áleiðis.

Að því er snertir það atriði, að ríkið kaupi jarðir í stórum stíl, þá skal ég ekki fara langt út í það mál. En það vil ég þó benda á, að ekkert ráð er handhægara til þess að skapa fjárflótta úr sveitunum og að ekkert ráð sé hægt að finna til þess, að það fé, sem nú er í sveitunum, flytjist þaðan burt, því að einmitt mundu þeir einir selja, sem eiga jarðir sínar að svo og svo miklu leyti óbundnar. Þeir einir mundu selja, sem ætluðu ekki að binda skóþvengi sína í sveitunum. Þeir mundu fara burt með féð, en eftir yrðu leiguliðar, sem oftast yrðu mun fátækari.

Ég skal ekki fara mikið frekar út í þetta frv. nú. Ég get ekki sagt, að ég hafi lesið það með neinni hrifningu. Mér þykir margt horfa þar til hins lakara. Mér finnst n. hafa farizt líkt og sagt er frá í þjóðsögunum. Hún hefir fengið þrjú börn til fósturs. Einu barninu hefir hún hossað mjög og fengið því falleg föt, en öðru barninu hefir hún tekið miklu miður og fengið því a. m. k. ekki betri húning en það hafði áður. Þó vil ég ekki neita því, að í sumum greinum fari þar fullt eins vel á nú eins og áður, þó að mér sýnist mörgum ákvæðum hafa verið spillt að mun, og skil ég ekki, hvers vegna þær breyt. hafa verið gerðar, því að ég sé ekki, að þær standi í neinu sambandi við það, sem hv. frsm. hefir lýst yfir, að væri grundvallarstefna þessa frv.

Ég ætla svo ekki frekar að ræða um þetta. Þetta mál heldur væntanlega áfram, og gefst þá tækifæri til að ræða það við 2. umr. og í sambandi við þær brtt., sem þá koma og ég hefi hugsað mér að bera þá fram.

Guðbrandur Ísberg: Ég skal ekki fjölyrða um þetta frv., vegna þess að hv. þm. A.-Húnv. hefir gert grein fyrir afstöðu okkar sjálfstæðismanna í landbn., en þó vil ég bæta nokkrum orðum við hans ræðu. Einkum vil ég undirstrika það, sem hann sagði og hv. frsm. henti líka á, að þetta frv. er samkomulagslausn í jarðeignamálinu. Við sjálfstæðismenn vorum í minni hl. í landbn. og gátum því ekki ráðið, í hvaða formi það var afgr.

Frv. það, sem hér liggur fyrir, er samið upp úr 3 frv., sem flutt voru á fyrrihluta þessa þings, og var frv. okkar sjálfstæðismanna um ættaróðal og óðalsrétt þeirra langveigamest, enda tekin úr því öll aðaluppistaða þessa nýja frv. Heiti frv. er nú frv. um erfðaábúð og óðalsrétt, og er þar tekin fyrst upp erfðaábúðin, eins og hún sé nú aðalatriðið, en óðalsrétturinn settur skör lægra. Er þetta að vísu formsatriði, sem litlu máli skiptir. En það sýnir samt viljann og viðleitnina að gera sem minnst úr óðalsréttarhugmyndinni, að jafnvel nafnið má ekki halda sér nema sem hornreka.

Ég vil aðeins benda hér á tvö atriði. Annað er ákvæðið um erfðir á ættaróðulum. Þar er aðeins gert ráð fyrir erfðum í beina línu og aðeins í fyrsta lið. Það er engin rök hægt að færa fram fyrir því, að þessi erfð eigi ekki að fylgja sömu ákvæðum og gilda um erfðir almennt. Ég tel það algerlega ófullnægjandi, að óðalsrétturinn erfist aðeins í fyrsta lið, og tel nauðsynlegt að breyta þessu í réttara horf.

Hitt atriðið er það, að halda opnum möguleikunum fyrir bændur að fá ábúðarjarðirnar keyptar, ef þær um leið eru gerðar að óðalseignum. Það er því beint skilyrði fyrir því, að ég greiði þessu frv. atkv., að ákvæði 27. gr. haldist. Ég vil benda á það, að þótt við hv. þm. A.-Húnv. fylgjum frv. til samkomulags, þá er þó hér aðeins um lágmarkskröfur okkar að ræða, svo að yrði á einhvern hátt dregið úr því með breyt., svo sem með því að banna skilyrðislaust alla sölu kirkju- og þjóðjarða, þá er slíkt fullkomið banatilræði við frv. Þeir, sem vilja frv. feigt, greiða atkv. með slíkum breyt., aðrir ekki.

Emil Jónsson [óyfirl.]: Flestir þeir, sem talað hafa í málinu, hafa tekið það fram, að hér sé aðeins um samkomulagslausn að ræða, sem enginn þeirra sé eiginlega ánægður með. En ég vil taka það skýrt fram, að það samkomulag er aðeins milli Framsfl. og Sjálfstfl., en Alþfl. mun ekki geta sætt sig við þessa lausn málsins.

Ég vil í þessu sambandi vitna í ummæli hv. 7. landsk. og hv. 6. þm. Reykv. Sá fyrrnefndi sagði, að hann fylgdi frv. til samkomulags, en gæti alls ekki fallizt á þá breyt. á því, að bannað yrði með lögum að selja jarðir úr ríkiseign. Má þá nærri geta, hvernig samkomulag tækist við þann hv. þm. um þá stefnu Alþfl., að ríkið bæti við sig jarðeignum.

Hv. 6. þm. Reykv. sagði, að sjálfseignarstefnunni væri að aukast fylgi. Þetta virðist því miður vera rétt, eftir frv. að dæma, því að þar er ekki um neitt samkomulag að ræða milli þeirra, sem halda fram sjálfsábúð, og hinna, sem telja ríkiseign á jörðum heppilegustu lausnina. Með frv. er ýtt undir sjálfsábúðarstefnuna á allan hátt, en hinum er ekki gert svo hátt undir höfði, að bannað sé að selja þær fáu jarðir, sem eftir eru í eigu ríkissjóðs, hvað þá að frv. geri ráð fyrir aukningu á þeim. Ég mun því ekki geta fylgt frv. eins og það er, en mun koma með brtt. um það, að heimild til að selja ríkis- og kirkjujarðir í vissum tilfellum falli niður.

Ég ætla þá að víkja nokkuð að ræðu hv. 7. landsk. Hann sagði, að áður hefði ekkert verið hugsað fyrir hag sjálfseignarbænda sérstaklega. Ég skal ekki um það segja, en það er víst, að ef hugsað er um þeirra hag eins og gert er í frv., er fyrst og fremst hugsað fyrir hag þeirra, sem mest hafa efnin. Ég hefði talið réttara, að byrjað væri á hinum endanum. Hv. 7. landsk. taldi nauðsynlegt, að byrjað væri á stórbændunum, til þess að „stöðva flóttann úr sveitunum". En ef þörf er á að setja skorður við uppflosnun manna úr sveitunum með hjálp löggjafarvaldsins, virðist auðsætt, að byrja eigi á þeim, sem verst eru staddir.

Hv. þm. sagði, að það ylli fjárflótta úr sveitunum, að ríkið keypti jarðirnar. Ég á nú fremur bágt með að skilja þetta. Ef ríkið kaupir jarðirnar af bændum, sem nú greiða 6% í vexti af skuldum sínum, en leigir jarðirnar út fyrir 3%, verða 50% af vöxtunum meira í sveitunum.

Hv. þm. A.-Húnv. sagði, að aðstaða hinna verst stöddu bænda yrði aldrei bætt með því að gera jarðirnar að ríkiseign. Ég sé þó ekki annað „effektívara" ráð, þó að sérstakar orsakir liggi til þess nú, að landbúnaðurinn ber sig ekki, en afleiðingin af því, að búskapurinn ber sig ekki, hlýtur að verða sú að lokum, að jörðin er tekin af bóndanum og seld. Langbesta tryggingin fyrir því, að menn þurfi ekki að flæmast af jörðum sínum, þótt illa ári, er því sú, að ríkið eigi jarðirnar.

Það var talsvert einkennilegt að heyra þá hv. 7. landsk. og hv. þm. Ak. vera að kvarta yfir því, að erfðaábúð væri sett sem nr. 1, en óðalsréttur sem nr. 2 í frv. En hvað mættum við hinir segja, þar sem frv. okkar um sölu þjóð- og kirkjujarða er ekki nefnt. Óðalsréttarfrv. þeirra er tekið upp bæði í fyrirsögn frv. og í frv. sjálft, en okkar frv. er ekki nefnt í fyrirsögninni og skaðskemmt í frv. Samkomulag um málið er því aðeins milli framsóknar- og sjálfstæðismanna, eins og ég tók fram í upphafi.

Aðalatriði frv. virðist það, að gera ábúendum kleift að fá kapitalið til að nytja jarðirnar með lægri rentum en almennt gerist. Þessi ábúðarlöggjöf gerir ráð fyrir 3% afgjaldi og í erfðaábúðarlöggjöfinni er gert ráð fyrir, að ábúendur megi taka lán út á jörðina, sem nemur allt að 50% af fasteignamatsverði þeirra. Hjálpin á að koma með tvennu móti skv. frv., — frá ríkinu og frá ættinni. En ég teldi heppilegra, að ríkið legði til alla þessa hjálp, en ekki einstaklingar að miklu leyti, enda réði þá ríkið, á hvern hátt jarðirnar væru notaðar. Annars verð ég að efast um, að 50% ákvæðið verði respekterað í framkvæmdinni. Nauðsyn bænda á því að fá hærri lán gæti orðið svo mikil, að þessa prósenttölu yrði að hækka innan skamms, ef bændur ættu ekki að hrökklast af jörðinni. En það er ekki skynsamlegt að vera að setja það í l., sem ekki er líklegt, að standist í framkvæmd.

Ég get fallizt á það með hv. þm. A.-Húnv., að hér er um tvær stefnur að ræða, og með frv. hefir alveg verið gengið inn á aðra þeirra. Því skiptir minna máli, hvernig þessi löggjöf er í smærri atriðum. Hann sagði, að þetta ætti ekki að verða flokkaþrætumál, enda má hann vera ánægður, þar sem Framsfl. hefir gengið inn á stefnu hans í málinu.

Páll Zóphóníasson: Mér er kunnugt um það af viðkynningu minni við bændur víðsvegar um landið, að menn skiptast alls ekki eftir hinum pólitísku flokkum í þessu máli. Fjöldi sjálfstæðismanna, sem ég þekki, aðhyllast skoðun hv. þm. Hafnf. í málinu, og fjöldi andstæðinga þeirra hina stefnuna. Þetta er því ekki flokkapólitískt mál.

Samkomulag það, sem orðið hefir í n. um lausn málsins, er aðeins bundið við nefndarmennina, en óvíst enn, hvernig hv. þm. yfirleitt skiptast í málinu.

Hv. 6. þm. Reykv. hefir verið að tala um, að hann myndi fylgja frv. um að gefa bændum milli 700 og 800 jarðir Ég bíð eftir að sjá tillögur hans um það. En hvernig ætlar hann að tryggja, að þeir og þeirra búi á þeim?

Hv. 7. landsk. sagði, að ekkert hefði verið gert fyrir sjálfseignarbændurna sérstaklega. En hverjir eru það, sem hafa fengið lán úr veðdeild Búnaðarbankans, ræktunarsjóði byggingar- og landnámssjóðs o. s. frv.? Eru það ekki sjálfseignarbændur, sem fyrst og fremst hafa fengið lán úr lánsstofnunum? (JS: Eru það nokkur hlunnindi, þótt við höfum ekki verið sviptir eignarrétti okkar?). Vitanlega taka þeir lán, sem hafa jarðir að veðsetja, og má því segja, að lánsstofnanirnar séu stofnaðar vegna þeirra.

Ég vona, að hv. þm. geri sér það ljóst fyrir 2. umr., að hér er fyrst og fremst um það að ræða, að tryggja það, að bændurnir og höfuðstóll jarðanna geti haldizt í sveitunum. Til þess hefir lítið verið gert hingað til, en ég vil vænta þess, að allir þeir, sem ekki vilja beinlínis draga

bændur úr sveitunum til kaupstaðanna og smáflytja fjármagnið þangað úr sveitunum, geti sameinazt um lausn á þessu máli.

Ég skal játa það, að ég er að ýmsu leyti óánægður með frv. eins og það er, þótt ég fylgi því til samkomulags, í von um, að af því geti leitt, að hætt verði að selja þær jarðir, sem enn eru eftir í ríkiseign, og koma þeim þannig sama sem í sjálfsábúð. Áður en hann fer lengra út í þá sálma, vil ég benda honum á nokkrar tölur, sem sanna það, að sala þjóðjarða hefir sízt alltaf sjálfsábúð í för með sér. Í 12 sýslum, sem ég hefi rannsakað þetta mál í, hafa verið seldar 729 þjóð- og kirkjujarðir. Þar af hafa 309 verið seldar aftur, eða 3 af hverjum 7. Og 125 af þessum jörðum eru nú komnar í leiguábúð.

Hv. þm. Hafnf. sagði, að frv. gleymdi alveg þeim bændum, sem verst eru staddir. En þetta er þó enganveginn rétt. Erfðaábúð á ríkisjörðum nær til 700—800 bænda, og ef hagur þeirra batnar við slíka löggjöf, er ekki hægt að segja annað en frv. nái til töluvert margra af þeim, sem verst eru settir. Auk þess myndi batna aðstaða þeirra bænda, sem sitja á ættaróðulum. Nú eru, sem kunnugt er, útsvör og vextir þyngstu byrðarnar í sveitum. Ef hagur þessara 700—800 bænda og þó nokkurra annara batnaði við þessa löggjöf, ætti gjaldþol þeirra að aukast og þeir geta borið hærri útsvör eftir en áður, og lækkar þá á hinum.

Hinsvegar vill hv. 6. þm. Reykv., að ríkið gefi jarðir sínar í sjálfsábúð. Hér er mikið djúp staðfest á milli. Við í meiri hl. stöndum hér mitt á milli. Ég vil biðja hv. þm. að athuga, hvort sú lausn, sem við leggjum til, er ekki heppilegri en að vera að togast á um hina yztu skanka.

Hv. þm. Hafnf. sagði, að það væri rangt, að það ylli fjárflótta í sveitum, ef ríkið keypti jarðirnar af bændum. En mér er kunnugt um, að fjöldi bænda helzt í sveitunum einungis af því, að þeir geta ekki selt jarðir sínar, en myndu annars þegar hverfa þaðan með eignir sínar.

Þá sagði hv. þm., að í frv. væri með öllu gengið inn á stefnu sjálfstæðismanna í þessum málum. Þetta er ekki rétt. Annars er stefna allra sjálfstæðismanna ekki alveg sú sama að þessu leyti. Sumir vilja, eins og fram hefir komið, neyta ýtrustu ráða til, að af verði sniðin þau horn, sem valda því, að menn geta ekki fellt sig við það. Aðrir vilja aftur ekkert gera fyrir framgang málsins. Ég vona, að meiri hl. hv. d. verði meiri hl. n. sammála um að fylgja málinu, því að þetta mál þarf lausn, og það sem fyrst.

Jón Pálmason: Hv. þm. Hafn. sagði, að auðsætt væri, að samkomulag væri milli Sjálfstfl. og Framsfl. í þessu máli. Þetta er rétt um nefndarmennina. Hinsvegar hefi ég enga tryggingu fyrir því, að minn flokkur fylgi frv. óskiptur í þessari mynd, né Framsfl. heldur. En við nm. munum vinna að því, að flokkarnir fylgi frv. sem minnst breyttu.

Annars hefir það komið fram, að breitt djúp er milli þeirra, sem yzt standa til hvorrar handar í máli þessu. Þannig vill hv. þm. Hafnf. og hans flokkur ekki láta ríkið selja neina jörð, sem það á nú, heldur láta það kaupa jarðir, koma öllum jörðum úr sjálfsábúð. Aftur vill t. d. hv. 6. þm. Reykv. ganga svo langt, að hið opinbera gefi ábúendum allar jarðirnar og styðji það á allan hátt, að allar jarðir verði sjálfseign. Aðrir, og þar á meðal við nm., viljum leggja áherzlu á valfrelsi manna, með því að gera leiguábúð aðgengilega og á hinn bóginn með löggjöf um óðalsrétt. Þótt við séum ekki ánægðir með frv. að öllu leyti, þá eru það frekar aukaatriði, sem við teljum betur mega fara og málið má ekki stranda á.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 17 shlj. atkv.

Á 67. fundi í Nd., 7. nóv., var frv. tekið til 2. umr. (A. 444, 474, 483).

Of skammt var liðið frá útbýtingu brtt. 483. — Afbrigði leyfð og samþ. með 17 shlj. atkv.

Frsm. (Bjarni Ásgeirsson): Ég skal fara nokkrum orðum um einstök atriði í þessu frv., sem ekki voru rædd við 1. umr. Gr. frá 1.—9. fjalla um jarðir, sem eru í opinberri eign, annaðhvort kirkjujarðir eða eign sjóða, sem eru almennings eign. Í 1. gr. eru ákvæði um það, að þegar þessar jarðir losni næst úr ábúð, skuli þær byggðar með erfðafestuábúð, en þó skulu undanþegnar því ákvæði jarðir, sem þegar eru ákveðnar til opinberrar notkunar, svo sem embættisbústaða, svo og þær jarðir, sem Búnaðarfél. Ísl. telur líklegar til opinberra nota eða skiptingar í framtíðinni samkv. áliti viðkomandi sýslunefndar eða bæjarfélaga. — Í 2. gr. eru ákvæði um það, að afgjöld af þessum jörðum skuli aldrei vera meira en 3% af fasteignamatsverði þess, sem hið opinbera á í jörðunum, og þar með er því slegið föstu, að ekki sé gerlegt að ætla þeim, sem búa á þessu landi, hærri vaxtagreiðslu af því stofnfé, sem í jörðunum er, heldur en 3%, og eru það vitanlega lægri vextir en bændur nú almennt verða við að búa; en það er mál manna, að þeir séu of háir, enda þótt ekki hafi verið geta til af hálfu hins opinbera að færa þá vexti niður. Hinsvegar má geta þess, að 3% er í hærra lagi, miðað við það verð, sem nú er á jörðum og afurðum bænda, en það stafar af því, að fasteignamatið er of hátt á jörðunum, enda var það ákveðið nokkru áður en kreppan skall á, með hliðsjón af góðu árunum, sem þá höfðu gengið á undan. Það er vitanlegt, að ef matið hefði farið fram nokkrum árum síðar, þá hefði það orðið lægra. Má því gera ráð fyrir, að það verði lægra næst, ef engin breyting verður á verðlagi, og þannig megi ganga út frá því, að á hverjum tíma lagi matið á jörðunum sig eftir árferðinu. Finnst n. þá ekki fjarri lagi að hafa afgjaldið 3%.

Eins og hv. þm. sjá, hefir landbn. orðið sammála um að bera fram nokkrar brtt., sem hér liggja fyrir á þskj. 485. Ein þessara brtt. er við 2. gr., á þá leið, að aftan við gr. bætist ákvæði

um það, að skylt sé að selja ábúanda jarðarhús og innstæðukúgildi, ef hann óskar að kaupa. Þetta ákvæði er í frv. í 6. gr., en við nánari athugun þótti n. það frekar eiga við í 2. gr. Sú gr. fjallar sérstaklega um þessi atriði, og fer því betur á að flytja liðinn þangað, en fella hann aftan af 6. gr. — Um 4. gr. má geta þess, að þar er talað um, að á meðan sama ætt heldur jörðinni skuli afgjaldið ekki hækka. Það segir sig sjálft, að þegar jörð er búin að vera lengi í ábúð sömu ættar, hafa myndazt þar verðmæti, sem ættin á, en ekki jarðeigandi, og virðist því sanngjarnt, að afgjaldið hækki ekki fyrr en ábúandi af annari ætt tekur jörðina til ábúðar. — Í 5. gr. eru ákvæði um, að það hljóti og megi endurmeta jörðina, þegar hún verði fyrir varanlegum skemmdum. Okkur þótti rétt að færa ákvæðin um það, hvenær menn gætu heimtað lækkun á afgjaldinu, upp í það, að verðmæti jarðarinnar hafi rýrnað um minnst 20%. — Þá er 6. gr. Hún ræðir um það, að þegar ábúendaskipti verða milli ætta, þá skuli gera þannig upp reikninga, að öll hús skuli metin sérstaklega. Skulu úttektarmenn meta húsin og skipta þeim í tvo flokka. Í öðrum flokknum séu jarðarhús, sem undir öllum kringumstæðum teljast nauðsynleg jörðinni. Frá jarðarhúsum skal draga það af þeim, sem er í opinberri eign, en um þau hús, sem ekki geta talizt nauðsynleg, skal fara eftir samkomulagi. — N. hefir einnig flutt brtt. við þessa gr., sem kveður skýrt á um þetta. Er hún sömuleiðis á þskj. 485 (2. brtt.), sem er þannig, að síðari málsl. 2. málsgr. orðist svo: „Það, sem eftir er og leitt hefir af framkvæmdum ábúanda sjálfs, er viðtakandi skyldur að kaupa við matsverði, en hitt verður eign jarðeiganda.“ — Í 7. gr. er ákvæði um, að ábúanda sé heimilt að skipta ábýli sínu milli barna sinna, en þó því aðeins, að tryggt sé, að hvert býli geti framfleytt meðalfjölskyldu. Þetta er eitthvert þýðingarmesta ákvæði frv., því að það tryggir, að verði þessi löggjöf þess valdandi, eins og til er ætlazt, að búskapurinn batni svo, að það þyki eftirsóknarvert að fá býli, þá komi krafan um það innan frá, eða frá fjölskyldunni, sem á jörðinni býr, að skiptin fari fram. Verður þetta þá til þess, að skiptin geti farið fram nokkurnveginn sjálfkrafa. Þó að svo fari, að ekki komi krafa um skiptingu innan frá, þá getur sýslunefnd krafizt, að jörðinni verði skipt, og fjalla ákvæði 8. gr. um það. Þá er um leið tryggt, þegar slík krafa kemur fram frá hinu opinbera, að erfingjar þeirrar ættar, sem á jörðinni búa, njóti hennar. — Þá eru ákvæði 9. gr. um það, að heimilt sé ábúanda slíkrar jarðar að taka lán til húsabóta, sem þó má ekki nema meiru en 50% af fasteignamati jarðarinnar. Þar sem afnumin eru ákvæði ábúðarl. um skyldu til húsabóta, þótti rétt að heimila jarðarábúanda að taka lán með veði í jörðinni í þessu skyni. Við þessa gr. hefir n. sömuleiðis flutt brtt. Er hún um það, að á eftir orðunum „fasteignamatsverði landsins“ komi nýr málsl., svo hljóðandi: „Skulu úttektarmenn viðkomandi hrepps hafa eftirlit með því, að láninu sé varið til þeirra umbóta, sem til er ætlazt, og taka þær út að verkinu loknu.“ Er þetta ákvæði sett til öryggis því, að það lán, sem tekið verður eftir þessari heimild, gangi til þess, sem því er ætlað, en ekki til annars, en það gæti komið fyrir, ef ekkert eftirlit væri með því haft.

Þá kemur annar kafli, frá 10.—23. gr. Fjallar hann um erfðafestuábúð, sem hér er nefnd óðalsréttur, á jörðum einstakra manna. Er hann að nokkru leyti svipaður þeim ákvæðum, sem eru í 1. kafla, að öðru leyti en því, að hér er um að ræða eign einstakra manna. 10. gr. ræðir um þau skilyrði, sem þarf að framfylgja, svo að hægt verði að gera jörðina að einstaklings óðalseign. — Ég skal ekki fara út í liðina hvern fyrir sig, en aðeins geta þess, að í e-lið er tekið fram, að á jörðinni megi ekki hvíla hærri veðskuldir en svo, að árlegir vextir af þeim nemi 3% af fasteignamatsverði jarðarinnar. Þetta þótti n. rétt að samræma við 1. kafla frv., því að ekki er hægt að gera ráð fyrir, að bændur geti borið hærri leigu en sem svarar 3%. — Í 11. gr. er sú kvöð á þeim, sem taka við ættaróðulum, að þeir séu skyldir að borga 3% af land- og húsaverði jarðarinnar til samerfingja sinna í 1. lið, en þó eigi lengur en í 25 ár. Um þetta ákvæði er það að segja, að þeim, sem taka við ættaróðali í fyrsta skipti, sé bundinn nokkur baggi, sem hinir séu lausir við. Athugaði n. þetta, og þótti henni rétt að láta þetta standa eins og það var í frv. því, sem borið var fram af hv. 7. landsk. og meðflm. hans.

Eitt atriði er í þessum kafla, sem ekki er í hinum, um heimild til að láta ættaróðali fylgja fé, sem getur bæði verið lifandi peningur og dauðir hlutir. Okkur þótti sjálfsagt að gefa þessa heimild, ef einhver af þeim, sem breyta vildu býli sínu í ættaróðal, vildu láta fé fylgja því. Engin ástæða er til að drepa hendi við því, en hinsvegar ástæðulaust að gera ráð fyrir því í 1. kafla. — Þá er í 3. kafla ný kvöð á þá, sem taka við ættaróðali, sem ekki er heldur í 1. kafla, um það, að þeim sé skylt að framfæra foreldra sína, ef með þarf. — Ég sé ekki ástæðu til að fara nákvæmlega út í hverja gr. Í mörgum þeirra eru ákvæði, sem leiðir af sjálfu sér, vegna þess að 2. kafli ræðir um jarðir einstakra manna, sem falla undir ákvæði, sem eru í 1. kafla. Í 19. gr. er shlj. ákvæði eins og í 1. kafla um heimild fyrir óðalsbændur til að skipta býlunum milli erfingja sinna. Ýmsum hefir verið illa við og ekki viljað viðurkenna þessi ákvæði um ættaróðul, meðfram vegna þess, að þeir álíta, að verið sé að skapa forréttindastétt svipað og við þekkjum frá Noregi og víðar. En hér er á margan hátt ólíku saman að jafna. Hér er m. a. gert ráð fyrir, að býlunum megi skipta milli erfingjanna í 2 eða fleiri býli. Þegar búið er að koma upp ættaróðali, þá er líklegt, að börnin séu fús á að vera þar áfram og að þrýstingurinn komi innan að frá þeim um að fá jörðina. Á þennan hátt getur þessi löggjöf orðið til þess að fjölga býlum í landinu. Þetta ákvæði er stórt og sker úr um það, að það þarf ekki að bera þessa löggjöf saman við svipaða löggjöf í öðrum löndum.

20. gr. fjallar um það, að heimilt sé óðalsbónda að taka lán með veði í óðalinu til húsa-

bóta eða annara varanlegra umbóta á jörðinni. Lán, sem þá hvíla á jörðinni, mega þó aldrei nema hærri upphæð en 100% af fasteignamatsverði landsins, en þó ekki yfir 50% af heildarmati óðalsins. Þetta ákvæði er í samræmi við ákvæði í 1. kafla um erfðaábúðina, þar sem segir, að afgjaldið skuli ekki vera meira en 3% af jarðarmati. Þetta á að tryggja það, að býlin séu ekki yfirhlaðin af skuldum.

23. gr. er um það, að þegar enginn réttur erfingi treystist til þess að taka við óðalinu, þá falli það til ríkissjóðs til fullrar eignar, og fer þá um ábúð þess samkv. I. kafla þessara laga.

III. kafli er um það, hvernig óðals- og ábúðarréttur erfist. Þar eru sömu ákvæði, eða eins í eðli sínu. Það segir sig sjálft, að aðalreglan á að vera sú, að hjón komi sér saman um, hvað af börnum þeirra eigi að taka við jörðinni. En ef ekki næst samkomulag um það, hvaða barn á að taka við, þá á elzta barnið að erfa réttinn, en ef það afsalar sér réttinum, þá hin börnin eftir aldri. Í hinu frv. var gert ráð fyrir, að elzti sonurinn hefði forgangsréttinn, en það þótti ekki rétt að mismuna börnunum eftir því, hvort væri karl eða kona, og hefir það orðið ofan á í þessu frv.

Landbn. hefir flutt smábrtt. við 10. gr., sem ég minntist ekki á áðan. Það er engin efnisbreyt., en hún gerir aðeins skýrari ákvæði, sem þar er. Brtt. fer í þá átt, að á eftir orðunum „jörð sína" í 1. málsl. gr. komi: með húsum og mannvirkjum. — Það þykir rétt að taka þetta skýrt fram. Á sama þskj. er brtt., sem flutt er til þess að taka af allan vafa í 24. gr. frv. Brtt. fer í þá átt, að 1. málsgr. orðist svo: „Réttur til ábúðar á jörðum þeim, sem um ræðir í 1. kafla laga þessara, þar með talin hús og mannvirki, sem ættin á á jörðinni, ennfremur ættaróðul, erfist sem hér segir". — Það þótti rétt að taka það fram, að það, sem ættin á á jörðinni, erfist til viðtakanda. Okkur þótti þetta ekki nægilega skýrt í frv. og því rétt að taka þetta fram.

Í IV. kafla eru ákvæði um það, hvernig menn missa ábúðar- og óðalsrétt.

Að lokum koma svo niðurlagsákvæði í V. kafla. Þeir menn, sem taka við opinberum jörðum, hafa ekki lengur þá kvöð á hendur ríkissjóði, að hann byggi yfir þá. Sú skylda fellur á þá, sem taka við jörðunum, og fellur með þessu stór kvöð af ríkissjóði. Það er ætlazt til þess, að með þeim hlunnindum, sem þeim eru gefin, séu þeir færari en áður að halda við húsum á jörðunum.

Í 29. gr. eru ákvæði um það, að l. um sölu þjóð- og kirkjujarða falli niður í því formi, sem þau voru. Í frv. eru ákvæði um það, að því aðeins megi selja opinberar jarðir, að þær séu um leið gerðar að ættaróðali. Þar hefir verið reynt að sameina þá menn, sem annars líta misjafnlega á þetta mál, með því að halda jörðunum í einstakra manna eign, en svo eru önnur ákvæði í frv., sem fara nær skoðun þeirra, sem álíta bezt, að jarðir séu í opinberri eign. Í þessu frv. er orðið svo skammt milli einstaklingseignar og opinberrar eignar, þar sem komizt er svo nærri því að gera leiguréttinn eins öruggan og tryggan sem eignarréttinn, og má þar með segja, að þessar 2 stefnur fallist í faðma.

Emil Jónsson [óyfirl.]: Við 1. umr. þessa máls var það tekið fram af flestum, að þetta væri samkomulagsfrv. En ég hefi haldið því fram áður, að samkomulagið væri ekki nema milli 2 flokkanna, en ég gat þess, að ég og flokkur sá, sem ég fylgi, ætti ekki samleið með hinum flokkunum í þessu máli.

Ég hefi nú flutt brtt. við þetta frv., á þskj. 474, sem fer í þá átt að fella niður 27. gr. frv., en hún heimilar að selja þjóð- og kirkjujarðir. En það er sú lágmarkskrafa, sem ég og minn flokkur getum gert í þessu máli. Því var haldið fram af hv. frsm. landbn., að svo skammt væri milli opinberra eigna og einstaklingseignar, að þar væri hér um bil um sama hlut að ræða. Ég hélt því fram við 1. umr., að þetta væri ekki rétt, því þetta gæti breytzt, svo að eignarréttur á óðali væri ekkert betri en almenn eign, því það gæti gengið kaupum og sölum eftir sem áður. Og ég sé það á brtt., sem fram er komin frá hv. 7. landsk., að það er komið berlega í ljós, sem ég hélt fram. En brtt. hans fer í þá átt, að sá, sem hefir eignar- og umráðarétt yfir óðali, teljist eigandi óðalsins og fari að öllu leyti með það sem sína eign, og hafi hann heimild til þess að gefa það. Ég get sagt það, að ég er á móti þessari brtt. Það má auðvitað segja, að það sé um gjöf að ræða, þó að um fulla sölu sé að ræða. Þetta ákvæði er því til þess að gera að engu þann möguleika, sem var í frv. um það, að það mætti ekki selja jarðirnar. Og þarf ég ekki að skýra þetta frekar.

Um afstöðu mína til frv. og þessarar brtt. hefi ég nú stuttlega rætt, og get ég verið stuttorður um þær, sem eftir eru. Brtt. frá landbn. eru á þá lund, að ég get verið þeim samþykkur, því þær fara allar í þá átt að lagfæra kaflann um erfðaábúðina, en það er sá eini kafli, sem ég er sammála öðrum landbnm. um.

Til brtt. á þskj. 483, frá hv. 7. landsk., hefi ég þegar tekið afstöðu, og verð ég að telja, að hún sé langt frá því að vera til bóta. Og till. á þskj. 474 er sú lágmarkskrafa, sem ég og minn flokkur getum sætt okkur við í þessu máli. Frá okkar sjónarmiði er enginn eðlismunur á því að selja jarðir á almennan hátt eða gera þær að óðali.

Ég mun því reyna að fylgja því fast fram, að þessi till. nái fram að ganga, og mun ég ekki geta fylgt frv. að öðrum kosti. Annars var svo mikið rætt um þetta mál við 1. umr., að ég þarf ekki að fara nánar út í að ræða það. En ég vildi geta þessa í sambandi við mína brtt. og aðrar brtt., sem fram hafa komið.

Jón Sigurðsson [óyfirl.]: Ég vil byrja með því að biðja hæstv. forseta að athuga, að það er prentvilla á þskj. 483, því þar stendur við 11. gr. en á að vera við 10. gr.

Ég þarf ekki margt að segja um þessar brtt. mínar, því ég vænti þess, að þær séu svo ljósar, að hv. þdm. hafi áttað sig á þeim. 1. brtt. hnígur að því, að ef það er lítið eitt hærri upphæð en 50% af fasteignarmatsverði, sem hvílir á jörð, sem á að gera að óðalseign, þá hafi jarðeigandi rétt til þess að bæta við arðberandi fylgifé upp í það, sem á vantar, svo að á jörðinni

hvíli ekki hærri vextir en svo, að árlegir vextir af þeim nemi 3% af fasteignamatsverði jarðarinnar. Þetta er eðlilegt og ég sé ekki, að það raski neitt grundvallarreglu þeirri, sem n. hefir farið eftir. Við getum hugsað okkur 2 bændur, þar sem annar tekur við jörð, sem mikið hvílir á, og verður svo að kaupa bústofn, sem að mestu leyti er í skuld, en hinn tekur við samskonar jörð, og hann tekur við arðberandi fylgifé, sem ekkert gjald þarf að borga af. Sá bóndi, sem tekur við arðberandi fylgifé, hlýtur að vera betur fær um að borga vexti heldur en hinn. Þetta er ekkert annað en það, að heimila að jörðinni fylgi kúgildi, vaxtalaust eignarfé. Ég vænti þess, að hv. þdm. sjái, að það er ekki röskun á grundvallarreglum þeim, sem teknar hafa verið upp.

Á 2. brtt. hefir lítillega verið minnzt af hv. þm. Hafnf., og hefir hann ekki tekið henni vel. Ég bjóst nú aldrei við því, að hann myndi taka henni vel, en mér kom það samt hálfgert á óvart, hvað hann virtist taka hana illa upp. Í fyrri hluta gr. er ekki annað sagt en það, sem stendur í frv., en það er sagt þar í skýrari orðum en í frv. Það er tekið þar upp ákvæði, sem mér fannst vanta í frv., en það var um umráðarétt óðals á meðan erfingi getur ekki tekið við.

En það, sem hv. þm. virtist sérstaklega hnjóta um, var ákvæðið um það, að óðalseiganda væri heimilt að gefa óðalið. Ég gæti nú skilið þetta, ef gefa mætti óðalið án nokkurra skilyrða. En þegar það er tekið fram, að óðalseigandi megi því aðeins gefa óðalið, að enginn fáist til þess að taka við því, og að það sé komið að því, að ríkið taki það undir sig, þá er það hart, ef óðalseigandi má ekki ráðstafa því og reyna að tryggja sér uppihald í ellinni. Vitanlega verður það svo í mörgum tilfellum, að hjón, sem eru barnlaus eða eiga enga nákomna ættingja, sem vilja taka við jörðinni eftir þau, eru þá samkv. frv. n. neydd til þess að kasta jörðinni í ríkissjóðinn, þegar þau hætta búskap, án tryggingar fyrir því, að þau geti lifað, því það er ekki neitt ákvæði um það, að ríkissjóður eigi að sjá þeim farborða, þó að hann taki við jörð þeirra. Það gæti því farið svo, að þau yrðu að fara á sveitina. Ég lít svo á, að það sem brtt. fer fram á, sé svo sjálfsagður hlutur, að það geti ekki komið til mála, að meiri hl. hv. d. gangi á móti henni.

Emil Jónsson: Það er aðeins stutt aths. Hv. þm. sagðist geta skilið það, að ég væri á móti brtt. hans, ef það mætti gefa óðalið án nokkurra skilyrða. Hann sagði ennfremur, að með því að vera á móti brtt. væru menn að skapa þá aðstöðu, að mörgum gömlum hjónum væri kastað út á kaldan klaka, en ríkissjóður tæki jarðir þeirra. En það, sem hann sagði um þetta, var mér einmitt aukið tilefni til þess að halda, að hér væri ekki um gjöf að ræða, heldur sölu, því að hvaða leyti væri þeirra hagur betri, ef ekki sæi gjöf til gjalda? Þó að þau gefi jörðina, þá geta þau aðeins verið að bættari, ef þau fá eitthvað í staðinn, eða m. ö. o., að þau geti selt jörðina fyrir eitthvert verð. Það er þetta, sem ég vildi hindra, að sá, sem færi frá jörð, gæti notað aðstöðu sína til þess í orði kveðnu að gefa jörðina, en á borði að selja hana.

Ég vil spyrja hv. 7. landsk. að því, að hvaða leyti sá maður er bættari, sem gefur einhverjum einstaklingi jörð sína, heldur en ef hann léti hana í hendur ríkissjóði.

Jón Sigurðsson: Út af því, sem hv. þm. Hafnf. sagði, að ég hefði ljóstað því upp, að hér væri ekki um gjöf að ræða, þá vil ég segja það, að ég hygg, að hver sem væri myndi telja það gjöf, þó þeir ættu að lofa gömlum hjónum að vera.

Ég segi fyrir mig, að ég álít, að það væri gjöf, þó að viðtakandi yrði að sjá gömlum hjónum farborða í staðinn. Í sveitum er það nú svo almennt að taka við gömlum hjónum og sjá þeim farborða án endurgjalds, að menn, sem tækju við jörðum gamalla hjóna, myndu ekki telja það eftir sér. Það er þá í raun og veru alls ekki um sölu að ræða. Þó að það megi auðvitað reikna þetta til peninga, þá er hér um svo fá tilfelli að ræða, og engin líkindi til þess, að menn færi að misnota þetta, og að menn fari að láta jarðir sínar til óskyldra manna, nema með því að fleyta sér þannig fram. Ég tel þetta sjálfsagða hluti, þegar svona stendur á, og ég vænti þess, að aðrir hv. þdm. líti einnig svo á þetta.

Hannes Jónsson [óyfirl.]: Út af þeim umr., sem síðast urðu um rétt óðalseiganda til þess að gefa jörðina, vil ég segja það, að það getur staðið svo á, að það sé óverjandi að standa á móti því. Ég þekki dæmi um bónda, sem vildi koma jörð sinni í hendur ákveðins manns, og hann vildi selja hana við vægu verði, eða m. ö. o. við fasteignamatsverði. En erfingjar mannsins, sem voru á móti því, að jörðin færi til þessa manns, ætluðu að ógilda söluna með því að fá hreppinn til þess að kaupa hana, en hann hafði forkaupsréttinn. En þegar bóndi fékk ekki að selja jörðina þeim, sem hann vildi, þá hugsaði hann sér að fara þó að l., og hann gaf jörðina. — Ég hygg, að þetta sé ljóst dæmi um það, að mönnum er ekki sama, hvað verður um jarðir þeirra, og því er ekki nema eðlilegt, að þeir fái að láta annan hafa jörðina, þegar þeir óska þess, og þess vegna mun ég fylgja brtt. hv. 7. landsk.

Annars vil ég segja það, að ég er hissa á því, að þeir, sem vilja gera allar jarðir að ríkiseign, skuli ekki hafa hreyft andmælum gegn 28. gr. frv. Í 28. gr. frv. er gert ráð fyrir undantekningu frá því, að jarðeigendur þurfi að beygja sig undir þá skyldu, sem annars er venjuleg undir þessum kringumstæðum, sem sé skylduna að byggja upp á jörðinni. Nú er það vitanlegt, að það að byggja upp á jörðunum er einna verst viðfangs fyrir ábúendur jarðanna, og það eru venjulega byggingarnar á jörðinni, sem koma bóndanum á kaldan klaka fjárhagslega, en ekki kaupverð jarðanna, því að byggingarkostnaðurinn er svo margfalt meiri. Nú ætla þessir menn að hremma undir ríkissjóð allar jarðir í landinu, en vilja þó losa ríkissjóð við þá sjálfsögðu skyldu, sem lögð er á herðar hverjum jarðeiganda. Það er því ekki glæsilegt fram undan hjá þeim, sem hallast á

sveif í skoðunum með þessum mönnum. Þeir ætla þeim að verða leiguliðar ríkissjóðs, með vægum leigumála, segja þeir. En hann er ekki vægari en það, að þegar þeir verða að taka á sig byggingarkostnaðinn á jörðinni, þá verða árleg útgjöld þeirra svo að segja nákvæmlega þau sömu og tíðkazt hefir og komið hafa mönnum í greiðsluþrot vegna óhagstæðs búrekstrar. Það, sem ég taldi langmestu varða í sambandi við ábúðarlögin, var m. a. það í sambandi við jarðir ríkisins, að þá var þessum mönnum tryggt, að þeir fengju jarðir sínar viðunandi húsaðar, og voru því meiri skilyrði til þess, að þeir gætu rekið búskapinn á þann hátt, að þeir gætu sjálfir notið þeirra þæginda, sem þeim voru nauðsynleg. En þessu höfuðatriði er kippt burt gagnvart stærsta jarðeiganda landsins, ríkissjóði, þar sem hann á að vera laus við þessi skylduákvæði ábúðarlaganna.

Ég mun því greiða atkv. gegn 28. gr., sem ég álít óverjandi, a. m. k. ef að nokkru leyti verður skert ákvæði gildandi laga um sölu á þjóð- og kirkjujörðum, því að ef efnamenn gerast kaupendur að þessum jörðum og hafa efni á að byggja upp og gefa þannig framtíðinni nokkuð af sínum höfuðstól, þá eru eftirkomandi ábúendur á þeim jörðum miklu betur settir en hinir, sem verða að gerast leiguliðar ríkissjóðs með öllum skyldum um að byggja upp á jörðunum, og gera þær búskaparhæfar. — Skal ég svo ekki fjölyrða frekar um þetta. Ég tel brtt. á þskj. 483 sjálfsagða og býst einnig við, að brtt. á þskj. 485 sé að mörgu leyti til bóta. Þó sýnist mér þörf á að drepa á nokkur fleiri atriði í þessu máli, en ég mun þó láta það ógert að sinni.

Frsm. (Bjarni Ásgeirsson): Ég skal ekki lengja umr. mikið. En viðvíkjandi því, sem hv. þm. V.-Húnv. sagði, að byggingarskylda ríkissjóðs væri afnumin, vil ég segja það í fyrsta lagi, að byggingarskylda ríkissjóðs er ekki afnumin af opinberum jörðum, nema þeim, sem byggðar yrðu samkv. þessum lögum. Það er í samræmi við það, sem ég hefi haldið fram, að sá ábúðarréttur, sem mönnum er veittur með lögum þessum, nálgast að vera eignarréttur. Og þegar svo er komið, vil ég setja sömu kvaðir á þá, sem hljóta þennan ábúðarrétt, eins og þá, sem eiga sínar jarðir. Hv. þm. verður að athuga það, að svo hlýtur að fara, þegar þessar jarðir eru lengi í sömu ætt, þá verður stækkandi hluti af jarðarverðinu eign ættarinnar eða ábúandans, og meir og meir, eftir því sem ættin bætir jörðina meira. Þetta eru svo mikil hlunnindi, að þessir menn ættu að geta lagt á sig þær kvaðir að byggja á þeirri jörð, sem verður nálega sem einkaeign. Það er að vísu rétt hjá hv. þm., að þeir, sem fyrst taka við illa húsaðri jörð, verða þar fyrir örðugleikum, ef þeir þurfa að byrja á því að byggja upp, en það eru ekki meiri örðleikar en þeir eiga venjulega við að stríða, þegar um kaup þessara jarða er að ræða. Þegar frá líður, er mikill hluti af því, sem ábúendur þessara jarða hafa með höndum, sama og þeirra eign.

Viðvíkjandi brtt. hv. þm. Hafnf. vil ég taka það fram, að ég mótmæli því, sem kom fram hjá honum, að það væri ekki eðlismunur á sölu jarða almennt og á því að selja þær til óðalsréttarábúðar. Vill hv. þm. ekki athuga það, að þegar maður kaupir jörð af ríkinu eða einstaklingum, þá getur hann selt hana strax aftur, hve háu verði sem hann vill; hann getur partað hana í sundur eftir vild, byggt hana öðrum gegn hárri leigu o. s. frv. Hann getur sem sagt farið með hana eins og hann vill. En í hinu tilfellinu, þegar jörð er seld til óðalsréttarábúðar, getur viðtakandinn ekki selt hana, ekki leigt hana; hann getur aðeins notað hana sem ábúandi, og ekkert meir.

Hvað brtt. hv. 7. landsk. snertir, þá vil ég segja það, að það, sem hún fer fram á, má gera undir einstaka kringumstæðum, en það er líka það eina. Þess vegna er mjög mikill munur á þessu tvennu. Þess vegna get ég ekki f. h. n. fallizt á að mæla með brtt.

Hvað viðvíkur brtt. hv. sama þm. á þskj. 483, vil ég segja það, að n. hefir ekki gefizt kostur á að athuga hana vel. Mín sérskoðun á henni er sú, að fyrri liður sé þannig vaxinn, að ég geti í fljótu bragði fallizt á hann, en á öðrum liðnum hefi ég ekki getað glöggvað mig nógu vel, svo að ég get hvorki fyrir mína hönd né n. látið í ljós neina skoðun á honum að svo stöddu. Það er ósk mín, að hv. þm. fallizt á að taka till. aftur til 3. umr., svo að n. gefist kostur á að athuga hana. Ef hann verður við þessari ósk minni, þá get ég látið hér staðar numið og beðið til 3. umr. með það, sem ég óska frekar að segja um málið.

Þorbergur Þorleifsson: Ég ætla ekki að lengja umr., en vil aðeins flytja skrifl. brtt. við 2. gr. frv. um það, að afgjaldið af jörðunum verði fært úr 3% og niður í 2%. Það hefir komið fram hjá ýmsum, sem talað hafa um þetta mál, sérstaklega hjá hv. frsm., þm. Mýr., að menn álíti, að 3% afgjald væri of hátt eins og nú standa sakir, en þeir segja, að þetta eigi að laga með nýju skattmati; en það er engin trygging fyrir því, að þetta verði gert, svo að það er miklu hyggilegra að miða þetta gjald við það skattmat, sem nú gildir í landinu. Og það eru allir sammála um, að 3% sé of hátt gjald, miðað við núgildandi skattmat. Nú er það vitanlegt, að við munum búa nokkur ár enn við þetta skattmat, og þessi lög ganga væntanlega, ef þau verða samþ., fljótt í gildi. Það er líka miklu hægara að miða skattmatið við það afgjald, sem ákveðið er í lögum, heldur en að miða afgjaldið við eitthvert skattmat, sem kann að verða einhverntíma í framtíðinni. — Það er ekki ástæða til þess að fara fleiri orðum um þetta, en ég vil leyfa mér að bera fram þessa skrifl. brtt., sem ég óska, að komi hér til greina.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 494) leyfð og samþ. með 17 shlj. atkv.

Frsm. (Bjarni Ásgeirsson): Það er ekki nauðsynlegt, að þessi brtt. sé borin fram við þessa umr., þar sem eftir er ein umr. Vil ég því fara

fram á það við hv. flm. brtt., að hann taki hana aftur til 3. umr., svo að tækifæri gefist til þess að athuga málið í nefnd.

Þorbergur Þorleifsson: Ég skal verða við tilmælum hv. síðasta ræðumanns og taka till. aftur til 3. umr.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
Brtt. 485,1 samþ. með 20 shlj. atkv.
2. gr., svo breytt, samþ. með 20 shlj. atkv.
Brtt. 494 tekin aftur.
3.—5. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
Brtt. 485,2.a samþ. með 18 shlj. atkv.
Brtt. 485,2.b samþ. án atkvgr.
6. gr., svo breytt, samþ. með 20 shlj. atkv.
7.—8. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
Brtt. 485,3 samþ. með 18 shlj. atkv.
9. gr., svo breytt, samþ. með 18 shlj. atkv.
Brtt. 485,4 samþ. með 20 shlj. atkv.
Brtt. 483,1 samþ. með 19 shlj. atkv.
10. gr., svo breytt, samþ. með 22 shlj. atkv.
11.—18. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.
Brtt. 483,2 tekin aftur.
19.—23. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
Brtt. 485,5 samþ. með 19 shlj. atkv.
24. gr., svo breytt, samþ. með 17 shlj. atkv.
25.—26. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
Brtt. 474 felld með 17:10 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: HV, JG, MT, PÞ, SigfJ, SE, StJSt, BB, EmJ, FJ.
nei: GSv, GÍ, HannJ, JakM, JJós, JónP, JS, ÓTh, PZ[1]) PHalld, PO, SK, BÁ, EE, EystJ, GÞ, JörB.
GG, ÞorbÞ greiddu ekki atkv.
Fjórir þm. (JÓl, TT, ÁÁ, BJ) fjarstaddir.
27. gr. samþ. með 18:5 atkv.
28. gr. samþ. með 20:2 atkv.
29.—30. gr. samþ. með 20:1 atkv.
Fyrirsagnir frv. og kafla þess samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 19:6 atkv.

Á 69. fundi í Nd., 9. nóv., var frv. tekið til 3. umr. (A. 498, 483 (tölul. 2), 494, 505, 510).

Of skammt var liðið frá úthýtingu brtt. 510. — Afbrigði leyfð og samþ. með 17 shlj. atkv.

Jón Sigurðsson óyfirl.]: Ég á hér þrjár brtt. á þskj. 510. Tvær þeirra eru næstum shlj. brtt., sem ég flutti við 2. umr., og mun ég því ekki fara út í þær nú. Hinsvegar vildi ég skýra 1. brtt. nokkuð.

Í frv. er gert ráð fyrir, að eiganda ættaróðals sé heimilt að skipta óðali milli erfingja, tveggja eða fleiri, ef fullnægt er ákvæðum 10. gr., þ. e. að jörðin framfleyti meðalfjölskyldu a. m. k. Í brtt. minni er sá varnagli sleginn, að landverð hins upphaflega óðals megi eftir skiptin eigi vera minna en í upphafi. Samkv. ákvæðum að framan í frv. verður engin jörð gerð að ættaróðali, nema hún hafi jafnaðarlega verið fullnytjuð af einum búanda. Aðrar jarðir komast ekki undir lögin um ættaróðal, og því er ekki ástæða til að ætla, að hér sé verið að skapa neina nýja stétt sérréttindamanna, sem hafi meira land undir en þeir þurfa. Ég tel, að ekki sé rétt að miða stærð jarða við það, að þær framfleyti meðalfjölskyldu, því á hverju eiga þá hinir að lifa, sem hafa meira en meðalfjölskyldu fram að færa? En þegar börnin eiga sjálf að ýtast á um það, hvort jörð skuli skipt, hafa foreldrarnir erfiða aðstöðu til þess að standa gegn óeðlilegri skiptingu. Það er eðlilegt, að börnin geti orðið nokkuð kröfufrek um skiptingu, þegar aðalarfhluti þeirra er í jörð. Eftir till. minni verða börnin nokkuð á sig að leggja til þess, að skipti geti orðið, þ. e. að auka svo verðmæti óðalsins, að hægt sé að skipta. Ef foreldrarnir hafa aðeins rúmlega getað fleytt sér áður, er eigi líklegt, að skipti geti orðið. Ég álít það því heilbrigt af löggjöfinni að ýta undir börnin til að endurbæta óðalið. En eftir frv. er hægt að skipta jörð, þótt allir partar liði við það í raun og veru. Í fyrri hl. frv. hefir n. tekið ákvæði það, sem í till. minni felst, upp undir vissum kringumstæðum, til að varna því, að jarðir í erfðaábúð verði bútaðar niður nema sem svarar umbótum þeim, sem gerðar hafa verið. Ég álít, að þetta ákvæði eigi einnig að gilda um óðalsjarðir.

Um hinar brtt. mun ég ekki ræða, þar sem ég hefi skýrt þær áður, og n. mun fallast á þær.

Gísli Guðmundsson: Ég hefi borið fram brtt. á þskj. 505. Brtt. þessar eru nokkuð margar og allfyrirferðarmiklar, en þó mega þær allar heita orðabreyt., nema 7. brtt., við 16. gr. Efni allra hinna brtt. er það í fáum orðum, að orðið óðal og óðals- í samsetningum falli niður, þannig að í staðinn fyrir ættaróðal komi jörð, í stað óðalsbóndi ábúandi, í stað óðalsréttur erfðaábúð o. s. frv. Hefi ég farið í gegnum frv. og fært þetta til samræmis.

Ástæða mín til þessara brtt. er sú, að ég kann því illa að greina íslenzka bændur í tvo flokka, óðalsbændur og aðra, með fáfengilegum orðamun. Þetta skiptir a. v. ekki miklu og felur ekki í sér efnisbreyt. Hinsvegar er efnisbreyt. í 7. brtt., við 16. gr., þar sem fellt er niður það ákvæði frv., að myndir og munir, sem hafa menningargildi fyrir þá bændaætt, er setið hefir á jörðinni, skuli fylgja óðalinu. Mér finnst, að láta eigi menn sjálfráða um þetta og óþarft að lögfesta það, og ekki laust við hégómaskap.

Frsm. (Bjarni Ásgeirsson): Ég þarf ekki margt að segja um brtt. þessar, því að þær eru flestar efnislitlar, og f. h. n. get ég sagt það eitt, að hún hefir um þær óbundnar hendur.

Um brtt. frá hv. 7. landsk. á þskj. 510 verð ég þó að segja það, að ég get ekki fallizt á 1. brtt., en hún gengur í þá átt, að binda frekar en gert er í frv. leyfi til skiptingar á jörðum og fjölga þannig býlum. Að vísu er það ekkert stefnumál fyrir mér, að hið opinbera búti all-

1) **PZ:** Þar sem ég get búizt við því, að það, að fella þessa grein niður, verði til þess, að frv. nái ekki samþykki, en ég hinsvegar tel, að frv. feli í sér svo miklar réttarbætur, að nauðsynlegt sé, að það komist fram, segi ég nei.

ar jarðir niður í meðalbýli eða smábýli. Ég held, að það sé hagkvæmt, að stærri býli þrifist innan um hin, svo að menn geti valið milli smærri og stærri býla eftir hæfileikum, getu og upplagi. En ég álít, að ekki sé rétt að leggja stein í götu foreldra og barna, sem koma sér saman um skiptingu jarðar í samræmi við ákvæði frv.

Það er rétt hjá hv. 7. landsk., að í erfðaábúðarbálknum er sagt, að hin nýju býli megi ekki hafa minna landverð en var upphaflega, en það ákvæði gildir aðeins, er sýslunefnd eða hreppsnefnd þykir ástæða til að skipta jörð. En hér er um annað að ræða, ef ættin kemur sér saman um skiptin. Ég get því ekki greitt atkv. með þessari till. — Um 2. brtt. á þskj. 510 get ég sagt það, að n. fylgir henni. Er þar aðeins tekið skýrar fram það, sem frv. ætlast til.

Um 3. brtt. er ég í meiri vafa, en mun þó fylgja henni. Ef almennt væri heimilt að gefa jarðirnar, gæti það leitt til þess, að jarðir yrðu seldar á laun og kallaðar gjafir, til að fá peninga fyrir þær. En þessi brtt. er til að tryggja það, að bóndi, sem á enga eftirkomendur — eða eftirkomendur sem vilja ekki eða geta ekki tekið við jörðinni, — megi velja sér eftirmann á óðalið.

Þá er brtt. á þskj. 505 frá hv. þm. N.-Þ., sem ekki eru efnisbreyt., heldur miða að því að fella burt orðið óðal og setja' erfðaábúð o. s. frv. í staðinn. Mér finnst alveg óþarfi að fella burtu þetta gamla góða orð, en geri þetta annars ekki að ágreiningi.

Þá er brtt. frá hv. þm. A.-Sk. um að færa afgjaldið úr 3% niður í 2%. N. leggur eindregið á móti þessu. Svo framarlega sem líkur eru til, að hægt sé að reka heilbrigðan búskap, ætti hann að geta borið 3% af fasteignamatsverði. Þótt fasteignamatið nú sé ef til vill of hátt, vegna þess að það fór fram í lok góðæris, rétt áður en kreppan hófst, getur vel farið svo, að næsta fasteignamat fari fram í lok kreppunnar og verði síðar meir fulllágt. Það má ávallt búast við nokkrum öldugangi í verðlagi jarða og ekki hægt að miða prósenturnar við það á hverjum tíma. Auk þess er þeim ábúendum, er þessi lög ná til, gefin slík forréttindi, er frá líður, að ekki er ástæða til að færa það gjald, sem þeir eiga að greiða, niður fyrir það, sem sanngjarnt er. N. er á móti þessu, en að öðru leyti hefir hún óbundnar hendur um till.

ATKVGR.

Brtt. 494 felld með 16:9 atkv.
— 505,1—21 felldar með 15:9 atkv.
— 483,2 tekin aftur.
— 510,1 felld með 13:10 atkv.
— 510,2 samþ. með 17 shlj. atkv.
— 510,3 samþ. með 15:8 atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 18:5 atkv. og afgr. til Ed.

Á 66. fundi í Ed., 11. nóv., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 516).

Á 68. fundi í Ed., 13. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv. og til landbn. með 11 shlj. atkv.

Á 74. fundi í Ed., 20. nóv., var frv. tekið til 2. umr. (A. 516, n. 569).

Frsm. (Bernharð Stefánsson): Landbn. hefir haft þetta mál til athugunar, og eins og getið er í nál. hennar á þskj. 569, þá mæla tveir nm. með, að frv. verði samþ., — ég og hv. 2. þm. Rang. —, en þriðji nm., hv. 4. landsk., er frv. mótfallinn, a. m. k. í þeirri mynd, sem það hefir nú.

N. ber ekki fram neinar brtt. við frv. nú, en mun taka það til nánari yfirvegunar á milli umr., og þar sem þetta er 2. umr. málsins og engin brtt. liggur fyrir, þá mun ég ekki fara mörgum orðum um það.

Eins og menn vita, þá er þetta frv. borið fram af landbn. Nd., og er það einskonar samsteypa þriggja frv., sem flutt voru á fyrri hluta þingsins; í fyrsta lagi frv. um byggingu og ábúð á jörðum, sem eru almannaeign, í öðru lagi frv. um ættaróðul og óðalsrétt, og í þriðja lagi frv. um afnám sölu þjóð- og kirkjujarða. I. kafli þessa frv. er um erfðaábúðina og um ábúð á opinberum jarðeignum. Samkv. honum eiga opinberar jarðeignir að byggjast með erfðafestu, nema þær jarðir, sem eru ætlaðar fyrir embættismannasetur, svo sem prestsetrin. Þá er það nýmæli í þessum kafla, að eftirgjaldið á þessum jörðum sé fastákveðið 3% af matsverði jarðarhúsa. II. kafli frv., um ættaróðul, er nýmæli, þar sem slík löggjöf hefir ekki áður þekkzt hér á landi, en tilgangurinn er auðsær, sem sé sá, að koma á meiri festu um ábúð jarða og að fyrirbyggja brask með jarðir, eins og átt hefir sér stað undanfarið, landbúnaðinum til stórtjóns. Það ætti að mega vona, að þegar ætt væri búin að gera jörð að ættaróðali sínu, þá mundi hún frekar bera ræktarsemi til þess staðar en oft hefir áður verið um jarðir, sem hafa þó verið í einstaklingseign.

Þriðja meginatriði þessa frv. er um afnám á sölu þjóð- og kirkjujarða, en þó þannig, að sala þessara jarða sé heimil eftir sem áður, ef sú jörð, sem seld er, er jafnframt gerð að ættaróðali.

Það hefir oft verið deilt um þjóðjarðasölulögin. Sumir telja, að þau hafi unnið landbúnaðinum ómetanlegt gagn með því að koma fjölda jarða í sjálfsábúð, en aðrir hafa talið gagnið vafasamt. En í þessu frv. er hugsað til þess að nema burt þá ókosti, sem mönnum hefir fundizt vera á þjóðjarðasölunni, þannig, að koma í veg fyrir, að þessar jarðir séu seldar aftur og lendi þannig í óeðlilegu braski. Aftur á móti á að halda kostunum, þannig, að mönnum sé eftir sem áður gefinn kostur á að eignast jarðir, ef þeir vilja taka á sig þær kvaðir, sem því fylgir að gera jörð að ættaróðali.

Ég sé svo ekki ástæðu til að fara nánar út í þetta mál, því að engar brtt. liggja fyrir. Meiri hl. n. virtist sæmilega vel frá þessu frv. gengið, og er því alls ekki víst, að hann flytji neinar

brtt. við það. Þó munum við taka frv. til nýrrar athugunar fyrir 3. umr. — Sé ég svo ekki ástæðu til að fara fleiri orðum um frv. að sinni.

Jón Baldvinsson: Eins og frá er skýrt í nál., sem er sameiginlegt fyrir alla n., þá hefi ég ekki getað sætt mig við þetta frv. og mun greiða atkv. gegn því, eða að öðrum kosti mundi ég vilja gera á því stórfelldar breyt. Get ég í fám orðum sagt, á hverju það er byggt, sem sé, að ég tel mjög varhugavert að lögleiða hér einskonar óðalsrétt, stofna hér til sérstakrar yfirstéttar í sveitum landsins, eins og á að gera með þessu frv. Það er alveg farið aftan að siðunum hjá löggjafanum, ef hann ætlar að fara að lögleiða sérstök hlunnindi og réttindi handa vissum fáum mönnum í sveitum landsins, því að þótt segja megi, að allir gætu notað sér þessi réttindi, þá vita allir, að það verður ekki gert. Nú er annarsstaðar verið að reyna að jafna þennan mismun á réttindum manna. Annarsstaðar hafa óðalseigendur haft stórfelld réttindi, en nú er verið að leggja á þá háa skatta. Þeir hafa haldið stórum löndum og lendum, en aðra vantað jarðnæði, og því hefir löggjafinn lagt á þá háa skatta og tekið jarðir upp í þá. Nú er þetta ekki ennþá svo hér. Það er ekki verið að koma hér upp greifum og barónum og öðrum slíkum tignarnöfnum, en þó er farið í þá áttina. Það eru þó litlir kuggar, sem verið er ýta á flot, svolitlir lénsherrar, sem mundu skoða sig jafna hinum tignustu furstum í öðrum löndum.

Svo sé ég ekki annað, eftir því sem nú er lýst ástandinu hjá bændum, en að ekki mundu nema örfáir bændur á landinu geta gert jarðir sínar að óðalseign. En ef einhver græddi 20 þús. kr. á síld og keypti kot fyrir, þá gæti hann orðið aðalsmaður, meðan hann hrekst ekki í síldina aftur, sem gæti nú komið fyrir, því að þeir vilja oft fara þangað aftur, sem í henni hafa verið. En þá er hann bundinn af löggjöfinni, því að jörðin verður að halda áfram að vera óðalseign.

Ég held því, að það sé alveg rangt að gera þennan mismun, mynda þennan stéttamun, sem hér er verið að gera, því að þetta verður aðeins til þess, að tiltölulega fáir menn geta skoðað sig finni stétt en almúgann á kotjörðunum, sem hefir ekki ráð á að komast undir þessi l. og heita óðalsherrar. — Þetta er höfuðástæðan fyrir því, að ég vil ekki samþ. frv., þó að annars sé ýmislegt í því, sem gæti komið að gagni. Ég ætla því ekki að greiða þessu frv. atkv., einkum þó 2. kafla þess, en verði hann samþ., þá mun ég greiða atkv. á móti frv. sjálfu.

Sé ég svo ekki ástæðu til að fara fleiri orðum um þetta mál að sinni, en það er áreiðanlega spor aftur á bak og á móti þeirri stefnu, sem nú er uppi hjá demokratiskum þjóðum, að samþ. þetta frv.

Frsm. (Bernharð Stefánsson): Ég þarf ekki að svara þessu mikið. Þó að hv. 4. landsk. ætti sæti í n., sem fjallaði um þetta frv., þá lítur næstum því út fyrir, að hann hafi ekki lesið það eða kynnt sér efni þess. Hann var að tala um ýmislegt, sem ekki er til í frv. Það er eins og hann áliti, að nú eigi að stofna aðalsmannastétt í landinu a. m. k. lagði hann mest út af því; en ég finn ekkert orð um aðalsmannastétt í frv. Hann sagði, að þeim mönnum, sem eignuðust ættaróðul, væru veitt sérstök réttindi. Það held ég, að séu nú ekki mikil réttindi; þvert á móti verða þeir að afsala sér réttindum. Fyrir einstaklinga, sem búa á ættaróðulum, er ekki um nein ný réttindi að ræða, heldur verða þeir að búa við talsverðar kvaðir. Þegar aðstaða þeirra er borin saman við kjör ábúenda á jörðum, sem eru almanna eign, og hafa þar erfðaábúð, þá get ég ekki séð, að um verulegan mun sé að ræða. Hv. 4. landsk. talaði mikið um, að stéttamunurinn væri aukinn meðal bænda eftir þessu frv. En ég held, að það megi alveg snúa þessum orðum við, þegar borið er saman við það, sem nú á sér stað. Óðalsbændur eru til nú og leiguliðar á þjóð- og kirkjujörðum eru einnig til, eins og kunnugt er, við misjöfn kjör. Ég held, að það verði minni munur á kjörum óðalsbænda og leiguliða, sem fá erfðaábúð, heldur en nú tíðkast.

Mér skildist hv. þm. vera eitthvað að tala um, að aðrar þjóðir legðu þunga skatta á slíka óðalsherra, eins og hér ætti að fara að skapa og hlynna að. Ég held, að fyrir honum vaki, að þessir herrar muni eignast svo sem hálfar sveitir fyrir óðul, svo mundu þeir hafa veiðigildi á haustin eins og aðalsmenn á Frakklandi gerðu á 17. öld með miklu óhófi, en þess á milli skemmta sér við að hýða „undirsátana“ á kotunum. (**MJ:** Þeir mega ekki hafa byssur, því nú eru að koma lög um bann við sölu skotvopna). Ég get skilið, að hv. þm. lítist ekki vel á þetta. En það er bara ekkert atriði til í frv., sem gefur honum átyllu til þessara hugmynda. Þess vegna þýðir ekki að tala um málið á þeim grundvelli. — En það getur verið ástæða til þess, að nefndin athugi frv. betur á milli umr., ef einhver smáatriði í því mættu betur fara á annan hátt. Er það þarfara en að vera með þessar bollaleggingar alveg út í loftið.

Jón Baldvinsson: Mér þykir hv. 1. þm. Eyf. og frsm. meiri hl. ekki tala sérlega virðulega um þessa nýju aðalsmannastétt, og það er undarlegt, ef hann heldur, að þrengt sé að kosti þeirra. Ef hv. þm. hefir lesið frv. betur en ég, þá hlýtur hann að hafa tekið eftir því, að í 10. gr. b. og í 24. gr. 3. lið eru þeim, sem hljóta óðalsrétt, fengin aukin fríðindi. Þeir eiga ekki að erfa réttindin samkv. erfðalögunum, heldur er vikið frá þeim, þannig að foreldrar eiga að koma sér saman um, hvert af börnunum skal erfa ábúðar- eða óðalsréttinn. Hér er verið að lögleiða nýja skipun fyrir yfirstétt í sveitunum. Þegar hún er setzt á laggirnar, þá getur verið, að ordhagir menn geti fundið nafn, sem hæfir henni betur. Og svo er annað; í frv. eru engin takmörk sett fyrir því, hvað jarðeignir óðalsherra megi vera stórar, heldur er Búnaðarfél. Ísl. ætlað að kveða á um, að slíkar jarðir megi ekki vera stærri en svo, að þær hafi jafnaðarlega verið nokkurnveginn fullnytjaðar af einum ábúanda.

Þetta er svo teygjanlegt og óákveðið, hvað Búnfél. Ísl. kann að álita, að einn eða annar óðalsherra geti nytjað stóra jörð. Og það mun fara eins og ég áður sagði, að venjulegum bændum mun ekki fært að ná eignar og óðalsréttindum á þessum jörðum, heldur fyrst og fremst þeim mönnum, sem kunna að græða í síldinni eða á öðrum spekúlationum. Þessi lög eru því sett handa þeim, og álít ég, að þau séu ekki til bóta fyrir bændur. Það verða tiltölulega *fáir í sveitunum, sem geta haft not af þeim*, enda hljóta þau að vekja þar rig og meting, og verða þar af leiðandi engum til blessunar. Það mun ekki verða vel liðið í sveitunum, þegar einstakir menn koma frá öðrum atvinnuvegum með nóga peninga til þess að ná óðalsréttindum á beztu jörðunum. Auk þess má gera ráð fyrir, að eftir mannsaldur verði þeir búnir að fá finna nafn en smábændurnir á leigujörðunum.

Hv. frsm. misskildi það, sem ég sagði um *skattinn*; það eru ekki nafnabætur óðalsherranna, sem eru skattlagðar erlendis, heldur hin víðáttumiklu lönd þeirra. — Það er hlálegt að ætla með þessu frv. að vekja hér á landi upp þá stefnu í landskiptamálum, sem nágrannaþjóðir okkar eru að kveða niður. Í Danmörku eru óðalssetrin og hinar stærri jarðeignir teknar og bútaðar sundur í fleiri sjálfstæð býli. En hér er verið að magna þann draug, sem næstu kynslóðir þurfa svo aftur að glíma við að kveða niður.

Mér finnst sannarlega, að við höfum annað að gera, sem meiri nauðsyn er á, hér á landi, heldur en að koma upp 40—50 yfirstéttarbændum með finna nafni en aðrir hafa.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 13:1 atkv.
2.—9. gr. samþ. með 12:1 atkv.
10. gr. samþ. með 13:2 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: ÞBr, ÞÞ, BSt, GL, HermJ, IngP, JAJ, JJ, MG, MJ, PHerm, PM, EÁrna.
nei: JBald, SÁÓ.
Einn þm. (HG) fjarstaddur.
11.—23. gr. samþ. með 12:2 atkv.
24. gr. samþ. með 11:2 atkv.
25.—27. gr. samþ. með 12:2 atkv.
28.—30. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Fyrirsagnir frv. og kafla þess samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 12:3 atkv.

Á 76. fundi í Ed., 22. nóv., var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 10:3 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 601).

---

52. Fiskimat.

Á 56. fundi í Nd., 24. okt., var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 46 8. sept. 1931, um fiskimat (þmfrv., A. 416).

Á 58. fundi í Nd., 28. okt., var frv. tekið til 1. umr.
Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 19 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 20 shlj. atkv.

Á 60. fundi í Nd., 30. okt., var frv. tekið til 2. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 17 shlj. atkv.

Á 62. og 64. fundi í Nd., 1. og 4. nóv., var frv. tekið til 3. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 70. fundi í Nd., 11. nóv., var frv. enn tekið til 3. umr. (A. 416, 490).

Frsm. (Jóhann Jósefsson): Þetta frv. er komið til sjútvn. frá atv-. og samgmrn. En eftir að n. hafði afgr. *málið eftir þeim gögnum*, sem fyrir lágu frá ráðuneytinu, barst henni erindi um það frá fiskimatsstjóra, og voru í því nokkur atriði, sem n. vildi taka til greina. En að mestu var það umsetning og orðabreyt. á því, sem nú er í l., og lítilsháttar efnisbreytingar.

Í frv. á þskj. 416 hafði n. tekið upp nýmæli frá fiskimatsstjóra, er n. fannst ástæða til að hafa eins og segir þar í 1. gr. um að skylda eigendur fiskgeymslu- og verzlunarhúsa að hreinsa árlega bæði hús og áhöld úr gerlaeyðandi efni.

Í hinu nýja frv., sem fiskimatsstjóri sendi n. eftir að hún hafði afgr. frv. á þskj. 416, var sérstaklega eitt atriði, sem n. fannst ástæða til að taka upp. Er það ákvæðið um að veita ráðuneytinu heimild til að veita undanþágu frá mati, þegar svo stendur á, að saltaðan fisk á að senda út í því skyni að afla nýs markaðs eða um er að ræða vöru, sem er frábrugðin venjulegum saltfiski, svo að líklegt sé, að matsmenn skorti þekkingu til að meta gæði hennar.

Þetta ákvæði tók n. upp í brtt. á þskj. 490, og í því sambandi fannst n. ástæða til að semja alveg upp 1. gr. l. nr. 46 frá 8. sept. 1931. Er þar tekin upp breyt. 1. gr. á þskj. 416. Að öðru *leyti er gr. stytt og færð til betra máls. Sem* sagt á þskj. 490 er 1. gr. eins og n. fannst rétt að hafa hana, en á þskj. 416 breyt. við 2. gr. l. 1931. Aðrar breyt. fannst n. eftir atvikum ekki nauðsynlegar.

ATKVGR.
Brtt. 490 samþ. með 20 shlj. atkv.
Frv., svo breytt, samþ. með 18 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 67. fundi í Ed., 12. nóv., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 521).
Á 69. fundi í Ed., 14. nóv., var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til sjútvn. með 9 shlj. atkv.

Á 75. fundi í Ed., 25. nóv., var frv. tekið til 2. umr. (A. 521, n. 472).

Frsm. (Ingvar Pálmason): Þetta frv. er komið frá Nd., og var samþ. þar einróma. Breyt. þær, sem felast í frv., eru þrjár. Fyrsta breyt. er sú, að sá fiskur, sem sendur er til að afla nýrra markaða, skuli undanþeginn fiskimatsskyldu. Önnur breyt. og sú þýðingarmesta er sú, að atvmrh. geti skyldað fiskeigendur til þess að hreinsa fiskverkunarhús sín a. m. k. einu sinni á ári. Síðustu ár hefir komið fram í fiskinum jarðslagi, sem orsakast af gerlum og getur gert fiskinn óhæfan til neyzlu. Er talið, að húshreinsun með gerilsneyðandi efnum geti hindrað þessar skemmdir í fiskinum.
Þriðja breyt. er samkv. l. um fiskimatsstjóra, að hann skuli halda fundi með yfirfiskimatsmönnum svo oft sem þurfa þykir. Breytingarnar eru því sumpart nauðsynlegar og sumpart til samræmis.
Nefndin leggur einróma til, að frv. verði samþ.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 11 shlj. atkv.

Á 77. fundi í Ed., 23. nóv., var frv. tekið til 3. umr.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 10 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 612).

---

53. Útflutningsgjald af síld o. fl.

Á 55. fundi í Nd., 23. okt., var útbýtt:
Frv. til l. um breyt á l. nr. 58 8. sept. 1931 [Útflutningsgjald af síld o. fl.] (þmfrv., A. 413).

Á 58. fundi í Nd., 28. okt., var frv. tekið til 1. umr.

Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 17 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

Flm. (Pétur Ottesen): Í grg. er því lýst, hvað liggi bak við þetta frv., og mun ég því ekki fara að ræða það nú, en legg til, að því verði vísað til sjútvn. Jafnframt vil ég beina þeim tilmælum til n., að hún hraði afgreiðslu þess eftir föngum.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 18 shlj. atkv. og til sjútvn. með 20 shlj. atkv.

Á 63. fundi í Nd., 2. nóv., var frv. tekið til 2. umr. (A. 413, n. 435).
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 18 shlj. atkv.

Á 65. fundi í Nd., 5. nóv., var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 19 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 61. fundi í Ed., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 413).
Á 63. fundi í Ed., 7. nóv., var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv. og til sjútvn. með 10 shlj. atkv.

Á 76. fundi í Ed., 22. nóv., var frv. tekið til 2. umr. (A. 413, n. 579).

Frsm. (Jón Auðunn Jónsson): Þetta er smámál, sem hefir verið samþ. í Nd. Ég hefi engu við það að bæta, sem stendur í nál. N. leggur til eftir atvikum að það verði samþ.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 9 shlj. atkv.

Á 78. fundi í Ed., 25. nóv., var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 10 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 620).

---

54. Tolllagabreyting.

Á 68. fundi í Nd., 8. nóv., var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 73 29. des. 1934. um breyt. á 1. gr. tolllaga (þmfrv., A. 493).

Á 70. fundi í Nd., 11. nóv., var frv. tekið til 1. umr.
Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 18 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

Frsm. (Jakob Möller) [óyfirl.]: Eins og grg. þessa frv. ber með sér, þá er frv. flutt eftir sameiginlegri ósk ríkisstj. og tóbakseinkasölu ríkisins.
Efni frv. er í stuttu máli það, að framvegis verði sígarettur tollaðar án umbúða í staðinn fyrir það, að hingað til hafa þær verið tollaðar með umbúðum. Þetta er í framkvæmdinni þannig, að tollurinn á sígarettum hækkar að sama skapi og þungi á þeim mundi minnka við þetta. Hinsvegar er ekki gert ráð fyrir, að þessi tollbreyt. hafi nein áhrif á verðlag þessarar vöru, enda má ráða það af grg. frv., að svo er ætlazt til, að verðlagið haldist óbreytt. Hinsvegar er gert ráð fyrir því, að þessi lagabreyt. gildi ekki lengur en ríkiseinkasalan er starfandi, með tilliti til þess, að framkvæmd tollákvæðanna svo breyttra yrði þá erfiðari, og þyrfti þá að taka hana til sérstakrar athugunar, ef breytt yrði verzlunarfyrirkomulaginu.
Ástæðan til þess, að farið er fram á þessa breyt., er sú, að eins og þessi l. eru nú, þá skapast tilhneiging til að flytja þessa vöru inn í sem óvönduðustum umbúðum, og getur það haft áhrif á gæði vörunnar. Það þykir því ekki rétt, að löggjöfin stuðli að því, að umbúðir séu sem lélegastar og vörugæði þar með minni en þau ella geta verið. Þykir því rétt að verða við tilmælum tóbakseinkasölunnar um að breyta tolllögunum að þessu leyti.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 20 shlj. atkv.

Á 72. fundi í Nd., 13. nóv., var frv. tekið til 2. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 18 shlj. atkv.

Á 74. fundi í Nd., 15. nóv., var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 18 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 70. fundi í Ed., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 493).

Á 72. fundi í Ed., 18. nóv., var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til fjhn. með 11 shlj. atkv.

Á 78. fundi í Ed., 25. nóv., var frv. tekið til 2. umr. (A. 493, n. 605, 613).
Of skammt var liðið frá útbýtingu brtt. 613. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

Frsm. (Bernharð Stefánsson) óyfirl.]: Ég sé ekki ástæðu til að fjölyrða um þetta mál. Fjhn. hefir athugað frv. og hefir lagt til, að það verði samþ. óbreytt.
Ástæður fyrir þessu máli eru greinilega teknar fram í þeirri grg., sem frv. fylgir. Hér virðist ekki vera að ræða um neina breyt. á tolli þeim, sem lagður er á vindlinga, heldur aðeins nokkra breyt. á því, hvernig hann er innheimtur. Hér er sem sé um þá breyt. að ræða, að tolla ekki umbúðirnar um vindlingana, en hækka tollinn af þeim sjálfum, en þær tekjur, sem af vindlingatollinum eiga að koma samkv. þessu frv., eiga samkv. útreikningi að vera þær sömu og áður hefir verið, svo að um raunverulega breyt. er ekki að ræða.
Ég sé, að hér er fram komin brtt. frá meðnm. mínum í fjhn., hv. 1. þm. Reykv., um að breyta lítið eitt upphæð tollsins. Það er líklegt, að hann hafi farið að reikna þetta út og álíti nú, að þessi upphæð komist nær því að verða eins og tollurinn er nú, en ég bíð með að tala um þá till., þangað til hann hefir gert grein fyrir henni.

Magnús Jónsson [óyfirl.]: Ég var sammála hv. samnm. mínum um afgreiðslu þessa máls í aðalatriðunum, því að þótt það sé auðveldara að tolla vindlingana eins og það er gert nú, þá sýnist heppilegra að haga tollinum eins og stungið er upp á í frv., þegar það á að vera útilokað, að nokkur sjái eiginhagsmuni í að fara á bak við tollinn, meðan tóbaksverzlunin er rekin á reikning ríkissjóðs. En það var ekki rétt, sem hv. frsm. sagði, að hér sé ekki um neina breyt. á tollupphæðinni að ræða, því að eftir þeim útreikningi, sem er í grg. frv., þá munar hér 20 þús. kr. Og þó að segja megi, að ekki muni um það í svo mikilli mjólk, þá eru samt til tekjustofnar, sem eru ekki miklu hærri en þetta, og lætur bæði ríkissjóður og skattgreiðendur sig muna um það.
Mín brtt. fer eingöngu fram á, eins og hv. frsm. gat til, að leiðrétta þetta. Því er beinlínis yfirlýst í grg. frv., að tilgangurinn sé eingöngu sá, að breyta innheimtuaðferðinni. Það er því bara til að fylgja tilgangi frv. fram, að ég hefi borið fram brtt. mína. Með því að reikna tollinn það, sem ég legg til, þá fæst nákvæmlega sama upphæð í ríkissjóð og hingað til hefir fengizt.
Eina ástæðan, sem ég gæti ímyndað mér, að borin yrði fram móti þessarin brtt., væri sú, að

auðveldara væri að reikna út tollinn með þeim tölum, sem eru ákveðnar í frv. sjálfu., því að þá verður tollurinn að viðbættum gengisviðauka nákvæmlega 26 kr. af kg., en ef menn héldu sig við þá upphæð, sem ég sting upp á, 20.30 kr., yrði tollurinn, að viðbættum 25% gengisviðauka, kr. 25.37. En skattheimtumenn verða að hafa það, að reikna út með hvaða upphæð sem er, og þegar allar upphæðir eru reiknaðar með vélum, þá er ekki mikil ástæða til að horfa í þesskonar hluti. Sama er að segja um marga fleiri reikninga, svo sem gengisreikninga bankanna. Þar er ekki verið að velja þær tölur, sem þægilegast er að reikna með, og svo láta menn vélarnar hafa fyrir að reikna, og þær reikna jafnt þó að tölurnar séu þybbnar fyrir á pappírnum. Ég held því, að það megi alveg samþ. brtt. mína af þeim sökum, að upphæðin sé óþægileg í meðförum, sem sé 25.37 kr., en með þeirri upphæð næst höfuðtilgangur frv., breytt innheimtuaðferð, en óbreyttur tollur af þessari vöru.

Fjmrh. (Eysteinn Jónsson) [óyfirl.]: Ég ætla ekki að leggja út í langar deilur um þetta atriði. Hv. 1. þm. Reykv. byggir till. sína á því, að með frv. sé verið að hækka tollinn. Í útreikningi þeim, er fylgir frv., er þess getið, að svo gæti farið, að tollurinn hækkaði um 20000 kr., en þar er miðað við áætlunarupphæð á þunga tóbaksins, að frádregnum umbúðum, svo að það er ekki hægt að slá því föstu, að tekjurnar yrðu þær sömu og ráð er fyrir gert í frv. En það var betra að hafa vaðið fyrir neðan sig, og mun forstöðumaður tóbakseinkasölunnar hafa hagað þessu svo til þess að vera fremur fyrir ofan en neðan núv. toll.

Að hér sé nýr tollur á tóbaksneytendur, er ekki rétt, því að þetta er bara að taka úr einum vasanum og láta í hinn. Verði tollurinn t. d. 20000 kr. meiri fyrir þessa breyt., þá verður álagningin bara þeim mun minni, munurinn enginn nema sá, að ríkissjóður fær meiri upphæð sem tóbakstoll, en gróði tóbakseinkasölunnar þeim mun minni. Sé ég því ekki ástæðu til að samþ. till. hv. þm. Ég hygg, að forstöðumaður tóbakseinkasölunnar og tollstjóri muni manna helzt geta gizkað á þetta, því að alltaf hlýtur hér að vera um ágizkun að ræða.

Ég legg því til, að frv. verði samþ. óbreytt, eins og meiri hl. fjhn. hefir lagt til. Hinu legg ég ekki mikið upp úr, að erfiðara sé að reikna með 25.37 en 26 kr. tolli. Það skiptir ekki verulegu máli. En af þessum ástæðum, sem ég hefi nú greint, legg ég til, að frv. verði samþ. óbreytt.

Magnús Jónsson [óyfirl.]: Ég skal ekki heldur fara út í neinar stórdeilur. Ég vildi aðeins gefa d. kost á að samþ. frv. í þeirri mynd, sem til var ætlazt, sem sé að aðeins væri breytt innheimtuaðferðinni, en ekki tollupphæðinni. En í frv. er að ræða um hækkun á tollinum, svo að það er eðlilegt, að hæstv. fjmrh. leggist á móti brtt. minni, því að fjmrh. eru ekki vanir að mæla á móti tekjuaukum.

Hæstv. ráðh. segir, að verðhækkun verði engin, þó að tollurinn hækki, því að þá verði álagningin þeim mun minni. Það kann að vera, að það verði nú framkvæmt svo, en hægt er að hækka verðið án tollhækkunar, og tollhækkun er ákaflega gott tilefni til að hækka útsöluverð.

Hæstv. ráðh. segir, að þetta sé áætlunarupphæð, og það er alveg rétt. En það er svo um allar áætlunarupphæðir, að það getur brugðið frá þeim á báða bóga. Og ég hygg það sennilegt, að tóbakseinkasalan hafi hér haft vaðið fyrir neðan sig, eins og hæstv. ráðh. orðaði það, og því líkur til þess, að með nákvæmlega rétt reiknaðri upphæð komi samt dálítil hækkun.

Hæstv. ráðh. segir, að það megi trúa forstöðumanni tóbakseinkasölunnar og tollstjóra, sem hafi reiknað þetta út. Við sjáum allir jafnt, hvað má trúa þeim í þessari ágizkun, og það er auðvitað trúaratriði, hvort þessi ágizkun er rétt. Hitt er ekki trúaratriði, að reikna dæmi. Og dæmið er reiknað hér, og munurinn er 20 þús. kr. Og ég er það trúaðri en hæstv. ráðh., að ég trúi ágizkun þeirra, tek síðan minn blýant og reikna, hver tollurinn þurfi að vera til að fá sömu upphæð og áður, og ber síðan fram brtt. um það.

Ég geri þetta ekki að kappsmáli, en vildi bara gefa d. tækifæri til að afgr. málið í því formi, sem til er ætlazt eftir öllum anda frv.

ATKVGR.
Brtt. 613 felld með 9:5 atkv.
1. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 13 shlj. atkv.

Á 80. fundi í Ed., 27. nóv., var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 9 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 643).

---

55. Stimpilsektir.

Á 60. fundi í Nd., 30. okt., var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 75 27. júní 1921, um stimpilgjald (þmfrv, A. 432).

Á 62. fundi í Nd., 1. nóv., var frv. tekið til 1. umr.
Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 21 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

Frsm. (Sigfús Jónsson): Frv. þetta er komið fram sökum þess, að fjhn. barst bréf frá fjmrh., þar sem hann m. a. skýrir frá því, að það hafi komið í ljós, að nokkur brögð séu að því, að skotizt hafi yfir hjá sýslumönnum að innheimta sektir fyrir vanrækslu á stimplun skjala. En eins og kunnugt er, þá ber að láta stimpla

öll skjöl, svo sem afsöl, skuldabréf, kaupsamninga o. fl., innan 2 mánaða frá dagsetningu. Þar sem nú gjald þetta getur í sumum tilfellum orðið nokkuð hátt, eins og t. d. á afsalsbréfum, þar sem það er 1%, en sektirnar geta orðið allt að fimmfallt gjaldið, þá er sýnilegt, að hér getur orðið um allstórar upphæðir að ræða.

Nú er svo ákveðið í 52. gr. stimpilgjaldslaganna frá 1921, að stj. megi gefa eftir nokkuð af sektum þessum, eða jafnvel láta þær falla niður með öllu, ef sérstakar kringumstæður mæla með því, en svo er jafnframt ákveðið, að þetta gildi aðeins í 10 ár frá því að lögin öðlast gildi. Var því heimild þessi útrunnin 1931. Reynslan hefir nú orðið sú, að þrátt fyrir þennan langa tíma, sem ætlaður mun hafa verið til þess, að fólk áttaði sig á þessu gjaldi, eru ennþá að berast óstimpluð skjöl til sýslumanna eftir að stimpilfresturinn er útrunninn og stjórnarráðinu beiðnir um lækkun eða uppgjöf sekta. En þar sem heimildin til þess er nú niður fallin, hefir stjórnin ákveðið að fresta innheimtu sektanna, þar til Alþingi hefir verið kvatt saman í haust, og nú fer hún fram á það, að frestur sá, sem um ræðir í 52. gr. laganna frá 1921, verði framlengdir um óákveðinn tíma, og á það hefir fjhn. fallizt, því að það er vafalaust ekki svo almennt, að fólk vilji skjóta sér undan að greiða þetta stimpilgjald, heldur stafar vanrækslan oftast af þekkingarleysi, gáleysi eða gleymsku.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 20 shlj. atkv.
Á 64. fundi í Nd., 4. nóv., var frv. tekið til 2. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frvgr. samþ. með 19 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 18 shlj. atkv.

Á 66. fundi í Nd., 6. nóv., var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 17 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 63. fundi í Ed., 7. nóv., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 432).
Á 65. fundi í Ed., 9. nóv., var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til fjhn. með 9 shlj. atkv.

Á 78. fundi í Ed., 25. nóv., var frv. tekið til 2. umr. (A. 432, n. 606).

Frsm. (Jón Baldvinsson) [óyfirl.]: Þess er getið í nál. hvernig fjhn. lítur á frv. — Frv. er komið frá Nd. og ástæðan til þess, að það er flutt, er sú, að komið er í óefni með gamlar stimpilsektir, svo óhjákvæmilegt þykir að gefa ríkisstj. heimild til þess að gefa eftir af þeim.

Það er svo, að fjöldi manna víða um land hefir vanrækt að láta stimpla ýmiskonar skjöl, sem ekki eru í fullu gildi nema þau fáist stimpluð. Þetta horfir því til stórra vandræða, nema þessu sé kippt í lag. En fresturinn var útrunninn 1931. Þó þykir fjhn. Ed. óvarlegt að hafa heimildina ótímabundna um að gefa eftir. Er hætt við, að ýmsir láti þá stimplun fremur dragast og skáki í því skjóli að fá eftirgjöf á sektinni, ef í nauðir reki.

N. virðast stimpilsektirnar nokkuð háar, og sýnist athugunarvert, hvort ekki muni borga sig að lækka þær, og vill beina því til hæstv. ríkisstj. og fjmrh. til frekari athugunar. Ef sektir væru lækkaðar, ættu að vera meiri líkur til, að þær yrðu greiddar. Nú getur stimpilgjaldið tímmfaldazt, og sé um stórar fjárhæðir að ræða, getur þetta orðið stórfé, sem skiptir hundruðum eða jafnvel þúsundum, ef þær liggja árum saman og safna á sig sektum. Það er líka e. t. v. of mikið sagt að segja, að allar stimpilsektir stafi af vanrækslu. Margir vita ekki um, hver skjöl þarf að stimpla, og sízt, að þeir hugsi út í, að slíkt varði sektum. En svo þegar til þessara skjala þarf að taka, getur það valdið mestu vandræðum, ef þau eru ekki í gildi, t. d. afsal ekki stimplað eða annað slíkt. N. vill þó ekki fallast á að gefa ótakmarkaða heimild til eftirgjafa á sektunum, heldur vill hún binda hana við 1. júlí 1937, en að allar eldri sektir séu gefnar eftir eða felldar niður á þeim tíma.

N. ætlast til, að hæstv. fjmrh. athugi, hvort ekki muni hægt að breyta þessu gjaldi svo fátækum mönnum verði fremur kleift að greiða það. — — N. leggur svo til, að frv. verði samþ. með þeirri breyt., að heimildin gildi aðeins í 1½ ár, eða til 1. júlí 1937.

Jón Auðunn Jónsson: Ég er því samþykkur að ríkisstj. sé gefin heimild til þess að undanfella eða lækka sektir, þegar sýnilegt er, að ástæðan er ekki sú, að komast undan stimpilgjaldi. Það er oft svo, að menn þekkja ekki þessi l., og er því aðeins fáfræði um að kenna. En þar sem undanbrögð hafa verið af ásettu ráði, á ekki að gefa sektirnar eftir. Það er í flestum tilfellum alveg ljóst, hvort um er að kenna undanbrögðum eða vanrækslu.

Ég held, að tímatakmörkun við 1937 hafi litla þýðingu, en verði aðeins til þess, að endurnýja þurfi l., því ég álít, að slík heimild þurfi að vera í l., vegna vanþekkingar manna á gildandi l. — Ég mun því greiða frv. atkv.

Pétur Magnússon [óyfirl.]: Ég held fyrir mitt leyti, að óskynsamleg leið sé farin í þessu máli, sem sé, að sektirnar séu allt of háar. Það er svo hér eins og annarsstaðar, að of þungar refsingar verka öfugt við það, sem þeim er ætlað að gera. Ef lagðar væru við hóflegar sektir, mundu þær miklu fremur koma að gagni, því þá yrði

refsiaðgerðum heldur beitt. Held ég, að skynsamleg sekt væri um 50% af stimpilgjaldinu. Það mundi gefa dálitlar tekjur í ríkissjóð, en með því, sem nú er að fimmfalda gjaldið, greiðist það ekki, nema um litlar upphæðir sé að ræða.

Hæstv. fjmrh. er nú staddur hér í d. og getur upplýst, hvort ekki er rétt, að stimpilsektir greiðist sjaldan.

Ég vildi einmitt nú beina því til hv. fjhn. að athuga, hvort ekki væri ástæða til að breyta nú stimpillögunum í það horf að lækka sektirnar. Ég er ekki í vafa um, að það er rétt leið að veita stj. heimild til að falla frá sektum, en vafasamt, hvort ástæða er til að takmarka tímann. Þess eru fjölmörg dæmi, að vanrækt hefir verið að stimpla og þinglesa skjöl, sem nauðsynlegt er að fá inn í afsals- og veðmálabækur. Og þessi háa sekt hefir aðeins orðið til þess að auka óreglu í þeim efnum.

Fjmrh. (Eysteinn Jónsson): Þetta frv. er upphaflega borið fram af fjhn. Nd. eftir tilmælum minum, vegna þess að það kom í ljós, þegar átti að fara að innheimta stimpilsektir, þá voru þær svo óeðlilega háar, að ráðuneytið treysti sér ekki til að ganga þar að mönnum fyrir brot, sem virtust ekki framin af neinu öðru en vanþekkingu á l. Þetta var ástæðan til þess, að ég tók upp það ráð að fara fram á, að Alþingi heimilaði ráðuneytinu að lækka sektirnar eða fella þær niður.

Ég held, að það sé góð leið, sem hv. fjhn. þessarar d. leggur til, að farin verði, að þessi heimild skuli gilda til 1. júlí 1937. Mætti þá eftir þá reynslu, sem fengist á þeim tíma, gera framtíðartill. í þessu efni. Og ég er sammála hv. 2. þm. Rang. í því, að þegar sú framtíðarbreyt. verður gerð, þá verði sektirnar lækkaðar, því að það er ómögulegt að framkvæma þetta eins og það er.

Frsm. (Jón Baldvinsson) [óyfirl.]: Það er ekki mikill ágreiningur um þetta mál, því að allir eru á því, að það eigi að samþ. þessa heimild. Hitt er annað mál, sem hv. þm. N.-Ísf. og hv. 2. þm. Rang. bentu á, að þeir vildu helzt ekki láta þetta vara ákveðið tímabil, en það var með ráðnum huga, að n. lagði það til. Hún er þó á sama máli, að rétt sé að lækka sektirnar eitthvað, en treysti sér bara ekki til að gera það, svo að vel færi, því að þetta er stór lagabálkur, og ef ætti að fara að hreyfa þar við einhverju, þá væri hætt við, að fleira raskaðist. N. áleit, að þetta væri verk stj. og þetta væri ekki meira verk en svo, að hún gæti lokið því fyrir næsta þing. N. vildi þó ekki sleppa þessu alveg út í framtíðina, því að það gæti þá gleymzt að lagfæra l., því að þá væri alltaf verið að fara í stjórnarráðið til þess að fá eftirgjafir. En ég er ekki alveg sammála hv. þm. N.-Ísf., að vel megi finna það út, hvort l. verða brotin af vanrækslu eða fáfræði. Það eru sjálfsagt þó nokkuð margir, sem hafa skjöl — sérstaklega víxla — óstimpluð og búast við, að þeir verði borgaðir án þess að þeir þurfi að fara í „protest", spara þannig stimpilgjald og snuða ríkissjóð um það. Það eru brögð að því, að víxlar komi í bankann rétt áður en þeir falla, og þá fellur á þá stimpilgjald, en menn vita ekki alltaf, hvort það stafar af vanrækslu eða vitleysu. Það verður handahófsafgreiðsla hjá stj. og fer eftir því, hvað miklir málafylgjumenn menn eru að koma þessu áleiðis. Og þegar stjórnarráðið má haga þessu eftir eigin geðþótta, þá er réttara að hafa það eins og hv. 2. þm. Rang. stingur upp á, að hafa sektina svo lága, að menn verði alltaf látnir borga hana. Og það er það, sem n. vill, að stj. athugi þetta, en sé sett tímatakmark, til þess að þetta verði að koma fyrir aftur.

Pétur Magnússon [óyfirl.]: Ég skal játa, að það skiptir ekki miklu máli, hvort ákvæðum um sektir verður breytt á þessu þingi eða því næsta, eða áður en þessi frestur er útrunninn. En hinsvegar álít ég, að það þurfi ekki að bíða til 1. júlí 1937 til þess að sjá, hverju fram vindur í þessu máli, því að það er þegar fengin reynsla í þessu efni. 1. jan. 1932 var útrunnin heimild ríkisstj. til að falla frá stimpilsektum, og var það talsvert af skjölum, sem þá var sótt um undanþágu fyrir. En það hefir sýnt sig síðar, að það er til meira og minna af skjölum, sem vanrækt hefir verið að stimpla, og verður eins í framtíðinni. Og þá sýnist mér, að það sé alveg nauðsynlegt að miða sektina við það, að stjórnarvöldin sjái sér fært að innheimta hana, því að annars verða l. að þessu leyti algerlega marklaus. Og ég held, að fram að þessu hafi það bara verið víxlar, sem farið hafa í „prótest", sem hafa lent í stimpilsekt, ég þekki ekki fleiri dæmi.

Ég held því, að það sé engin ástæða til, þegar maður veit, hvernig þetta verður í framtíðinni, að fara að draga að breyta l. Það er veigalítil ástæða, að þetta þurfi svo mikla athugun, þar sem hér sé um svo mikinn lagabálk að ræða, því að hér þarf vitanlega engu að breyta nema sektarákvæðunum, og er auðvelt að koma þeirri breyt. á án þess að efni l. raskist.

Magnús Jónsson [óyfirl.]: N. er í raun og veru alveg sammála hv. 2. þm. Rang. um þetta atriði, þó að það kunni að vera, að það hafi ekki verið tekið fram í nál. eins skýrt og ástæða hefði verið til. Till. n. er sú, að sektarákvæðunum verði breytt, því að henni var það ljóst, að sektin er ákveðin of há, og þegar hún er borin saman við aðrar hliðstæðar sektir, þá er engin von, að menn sjái sér fært að kalla þetta inn. Þess vegna virtist n. það rétt, að á þessu yrði breyt. Auðvitað er það alveg rétt, sem hv. 2. þm. Rang. sagði, að n. hefði getað gert þessa breyt. Hún gat fengið sér til aðstoðar fagmenn í þessari grein og gert svo sínar brtt. við frv. En þetta virtist okkur aðgengilegri aðferð, sérstaklega þar sem búast má við, að þing komi bráðlega saman aftur og málið er ekki í neinu öngþveiti, þar sem stj. hefir málið alveg í hendi sér fram að þeim tíma.

Ég get ekki fallizt á það hjá hv. 2. þm. Rang., að þetta sé svo einfalt mál, þar sem sektarákvæðin eru í mörgum gr. og alls ekki víst, að þetta ákvæði um fimmfalt stimpilgjald yrði

eina sektarákvæðið, sem þyrfti að breyta. Það verður að fara í gegnum öll sektarákvæðin, og þó að sá undirbúningur tæki kannske ekki mjög mikinn tíma, þá verður þetta samt sýnilega að vera unnið af fagmönnum. Nú er sennilega bráðum komið að þinglausnum, og má búast við, að fjárl. taki mikinn hluta af þeim tíma þingsins, sem eftir er. Er því ráðlegra að gefa stj. þá heimild, sem hér um ræðir, um stuttan tíma, og að hún leggi svo fyrir þingið till. til framtíðarúrlausnar. Og án þess að ég áliti, að ég þurfi að hlaupa í skarðið fyrir hv. frsm., þá vil ég að endingu taka það fram, að n. vill leggja megináherzlu á það, að fá þessum ákvæðum í lögunum breytt.

ATKVGR.
Brtt. 606 samþ. með 9:1 atkv.
Frvgr., svo breytt, samþ. með 10 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 12 shlj. atkv.

Á 80. fundi í Ed., 27. nóv., var frv. tekið til 3. umr. (A. 621).
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 11 shlj. atkv. og endursent Nd.

Á 84. fundi í Nd., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 621).
Á 86. fundi í Nd., 29. nóv., var frv. tekið til einnar umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 17 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 658).

---

56. Gjald af innlendum tollvörutegundum.

Á 70. fundi í Nd., 11. nóv., var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 50 31. maí 1927, um gjald af innlendum tollvörutegundum (þmfrv., A. 519).

Á 73. fundi í Nd., 14. nóv., var frv. tekið til 1. umr.
Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 17 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

Frsm. (Emil Jónsson): Iðnn. hafa borizt tilmæli um að bera fram breyt. á l. um gjald af innlendum tollvörutegundum, sem ganga í þá átt, að undanskilja þær vörutegundir, sem fluttar eru til útlanda til sölu þar. Þetta er að dómi okkar allra í n. alveg sjálfsagt. Tollurinn er í sjálfu sér ekki framleiðslutollur, heldur til þess að vega upp á móti þeim tekjumissi, sem ríkissjóður verður fyrir vegna þess að innflutningur tilsvarandi erlendra vara sparast. En það, sem kann að verða fram yfir þarfir landsmanna af þessum vörutegundum, hefir löggjöfin ekki ætlazt til, að yrði tollað, enda þótt það hafi orðið að gera eins og l. eru úr garði gerð. — Ég þarf svo ekki að orðlengja um þetta mál. Okkur öllum í n., sem um það hefir fjallað, finnst það alveg sjálfsagt atriði. Vildi ég svo aðeins leyfa mér að leggja til, að málinu verði vísað til 2. umr., að þessari umr. lokinni.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 21 shlj. atkv.

Á 75. fundi í Nd., 16. nóv., var frv. tekið til 2. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frvgr. samþ. með 18 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 21 shlj. atkv.

Á 77. fundi í Nd., 19. nóv., var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 20 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 73. fundi í Ed., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 519).
Á 75. fundi í Ed., 21. nóv., var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 9 shlj. atkv. og til iðnn. með 10 shlj. atkv.

Á 81. fundi í Ed., 28. nóv., var frv. tekið til 2. umr. (A. 519, n. 625).

Frsm. (Páll Hermannsson): Þetta frv. fjallar um það, að undanskilja þær innlendar tollvörutegundir, sem fluttar kynnu að verða út úr landinu, gjaldi því, sem á þeim hvílir samkv. l. nr. 50 31. maí 1927. Þeim, sem þessar vörur framleiða, kemur saman um, að þær verði ekki fluttar út úr landinu meðan þetta gjald hvílir á þeim. Ég býst við, að Alþ. hafi lagt þetta gjald á innlendar vörur til þess að afla tolltekna í ríkissjóðinn, en ekki til þess að hamla því, að innlendar iðnaðarvörur yrðu fluttar út úr landinu. Það hefir komið fyrir, að iðnaðarvörur hafa verið fluttar út, svo sem þvottaefni og kaffibætir, en það hefir aðeins verið til Færeyja. En mönnum kemur saman um, að það sé ekki ósennilegt, að hægt væri að flytja fleiri vörur út en þær, sem nefndar voru, ef þær væru undanþegnar tolli. Það væri ef til vill hægt að flytja út öl og sódavatn. Þetta frv. hefir gengið viðstöðulaust í gegnum Nd. Iðnn. þessarar d.

hefir athugað frv., og leggur hún til, að það verði samþ. óbreytt.

ATKVGR.
Frvgr. samþ. með 10 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 11 shlj. atkv.

Á 83. fundi í Ed., 30. nóv., var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 11 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 663).

---

57. Aldurshámark opinberra embættis- og starfsmanna.

Á 63. fundi í Nd., 2. nóv., var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 27 9. jan. 1935, um aldurshámark opinberra embættis- og starfsmanna (þmfrv., A. 452).

Á 64. og 65. fundi í Nd., 4. og 5. nóv., var frv. tekið til 1. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 66. fundi í Nd., 6. nóv., var frv. enn tekið til 1. umr.
Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 17 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

Flm. (Sigurður Kristjánsson): Fiskimatsmenn — en svo eru þeir daglaunamenn kallaðir, sem vinna við fiskimat undir stjórn yfirfiskimatsmanna, — eru taldir háðir ákvæðum l. um hámarksaldur opinberra embættis- og starfsmanna. Nú er svo háttað um þessa menn, að þeir eru á engan hátt háðir ríkinu sem starfsmann; þeir vinna hjá einkafyrirtækjum og taka laun sín hjá þeim. Ríkið sér þeim ekki fyrir ellistyrk eða lífeyri á nokkurn hátt. Það eru því engin skynsamleg rök fyrir því, að nefnd lög eigi að ná til þessara manna. Það er að sjálfsögðu með þessa menn eins og aðra, að það er misjafnt, hve lengi þeir halda starfskröftum sínum óskertum, en margir þeirra munu þó vera fullfærir til þess að hafa þessi störf á hendi, þótt þeir hafi náð þeim hámarksaldri, sem lögin tiltaka.
Það mælir því öll sanngirni með því, að þeir fái að halda starfi sínu eins lengi og kraftar þeirra leyfa og vinnuveitendurnir vilja hafa þá. — Mun ég svo ekki hafa þessi orð mín fleiri, en óska þess, að frv. fái að ganga nefndarlaust til 2. umr., því að það ríður á að hraða því, þar sem ákvæði aldurshámarkslaganna munu hitta marga þessa menn um næstu áramót, svo fremi, sem frv. þetta verður ekki orðið að lögum þá.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 19 shlj. atkv.
Till. um að vísa því til sjútvn. felld með 12:9 atkv.
Frv. vísað til allshn. með 13:7 atkv.

Á 74. fundi í Nd., 15. nóv., var frv. tekið til 2. umr. (A. 452, n. 535).

Frsm. (Garðar Þorsteinsson): Allshn. hefir orðið sammála um að mæla með, að þetta frv. nái fram að ganga, með þeirri einni breyt., að í staðinn fyrir, að það sé skylt að veita þá undanþágu, sem frv. ræðir um, skuli það vera heimilt. Er út frá því gengið, að þessi undanþága verði veitt í þeim tilfellum, þegar yfirfiskimatsmaður mælir með því og rétt þykir að veita hana, og þykir því fara betur á að hafa þetta heimild heldur en skyldu.

Sigurður Kristjánsson: Ég þakka hv. n., að hún hefir fallizt á þetta frv. Sýnist mér ekki skipta máli, þó þessi orðabreyt. sé gerð á því, þar sem gert er ráð fyrir, að framkvæmdin verði hin sama.

ATKVGR.
Brtt. 535 samþ. með 18 shlj. atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 19 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 21 shlj. atkv.

Á 76. fundi í Nd., 18. nóv., var frv. tekið til 3. umr. (A. 557).
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 17 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 72. fundi í Ed., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 557).
Á 74. fundi í Ed., 20. nóv., var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til allshn. með 10 shlj. atkv.

Á 77. fundi í Ed., 23. nóv., var frv. tekið til 2. umr. (A. 557, n. 589).

Frsm. (Sigurjón Á. Ólafsson): Allshn. hefir haft þetta mál til meðferðar, og leggja 4 af 5 nm. til, að frv. verði samþ. óbreytt.
Efni frv. er það, að veita megi fiskimatsmönnum undanþágu frá l. um aldurshámark embættismanna, ef yfirfiskimatsmenn mæli með því. Þetta byggist m. a. á því, að þm. munu yfirleitt ekki hafa ætlazt til þess, að l. næðu yfir þessa menn, er þau voru samþ., enda eru þessir menn launaðir af atvinnurekendum, en

ekki ríkinu, enda þótt þeir séu stjórnskipaðir. Mér er kunnugt um, að sumir þessara manna hafa fullkomið starfsþrek, þótt komnir séu yfir hinn ákveðna aldur, og með því að leggja þetta á vald yfirfiskimatsmanna ætti að vera tryggt, að ekki yrði öðrum en hæfum mönnum veitt slík undanþága.

Einn nm. hefir ekki getað orðið okkur samferða og telur, að þessir menn þurfi að vera með fullu þreki, en það séu menn sjaldnast á þeirra aldri. Þetta er að vísu rétt, en við teljum, að margra ára leikni vegi allmikið á móti því, þótt líkamsþreki væri eitthvað farið að förla.

Ingvar Pálmason: Ég hefi ekki getað fylgt samnm. mínum í þessu máli. Ég sé enga nauðsyn til að veita undanþágu sem þessa, en hinsvegar er slíkt miklum vandkvæðum bundið. Frsm. sagði eins og er, að þessir menn væru launaðir af fiskeigendum. Hinsvegar ráða fiskeigendur engu um skipun þeirra né launakjör, sem eru mjög sómasamleg. Því er gengið á rétt fiskeigenda, ef nú á að veita undanþágu, sem miðar að því, að þeir fái ekki eins fullkomna starfskrafta og ella fyrir það fé, sem þeir leggja fram. Hér er því beinlínis verið að íþyngja útgerðinni, og það er ekki forsvaranlegt af Alþingi, að líta ekki á hag beggja aðilja áður en það tekur úrslitaákvörðun í þessu máli.

Ég vil endurtaka það, að ég sé enga ástæðu til þessa, þegar þess er gætt, hve launakjör fiskimatsmannanna eru sæmileg. En ég vil jafnframt benda á það, að frá sjónarmiði þeirra, sem nota eiga störfin, er slík undanþága miklum annmörkum bundin. Það hefir lengi verið almennt álitið, að menn væru ekki verkfærir eftir 60 ára aldur. Þessir menn eiga aftur á móti samkv. þessu frv. að vera verkfærir eftir 65 ára aldur og taka hæsta kaup.

Hv. frsm. sagði, að leikni í starfinu bætti það upp, þótt líkamsþrek þessara manna væri eitthvað farið að bila. En þó er ómótmælanlegt, að eitt aðalskilyrðið til að rækja starfið vel er að hafa óbilaða sjón, en það mun mjög sjaldgæft, þegar menn eru orðnir 65 ára. Ég hefi sjálfur fengizt við fiskimat, og finn ég, að sjón mín er svo farin að bila, að ég get ekki lengur leyst slíkt starf sæmilega af hendi, enda þótt ég geti lesið og skrifað alveg óhindrað. Auk þess vita allir, sem skynbragð bera á þessi mál, að til þess að verkið gangi svo fljótt, að það verði ekki óhæfilega dýrt, þarf alveg óskert líkamsfjör. Til að meta eitt skippund með t. d. 300 fiskum þarf mörg hundruð handtök. Það er engan veginn sama, hvort 3 eða 6 skippund eru metin á klst. 65 ára maður afkastar ekki eins miklu eins og maður, sem er upp á sitt hið bezta. Starfið er þreytandi, og það þarf hrausta menn til að standa við það í 10 klst. eða lengur.

Ég er ekki að væna fiskimatsmennina um hlutdrægni, er þeir eiga að skera úr um það, hvort undanþága skuli veitt eða ekki. En ég býst við, að þeim myndi hætta til að líta fyrst og fremst á matið sjálft, en síður á hitt, þótt það gengi seinna en ella. En slíkt yrði auðvitað til að íþyngja útgerðinni, og er því nokkuð hjáróma við aðrar raddir um nærgætni við þennan atvinnuveg.

Auk þess má á það líta, að einhvern tíma falla þessir æfðu menn frá, og ungir menn verða að taka við hvort sem er, enda mun í hverju sjávarþorpi vera völ á ungum mönnum, sem nægilega leikni hafa í starfinu. Vegna mannanna sjálfra er ekki ástæða til undanþágunnar, þar sem þeir eru launaðir flestum öðrum betur. Breytingin miðar því aðeins að því að gera matið dýrara, en felur enga tryggingu í sér fyrir því, að það verði betur af hendi leyst.

Frsm. (Sigurjón Á. Ólafsson): Ég skal játa, að ég hefi sjálfur enga reynslu sem matsmaður. En mér fannst sum rök hv. 2. þm. S.-M. nokkuð veik, þó hann hafi sjálfur reynslu í starfinu.

Ég get ekki séð, að nein hætta geti stafað af frv. Ég tók það fram, að ég teldi, að fiskimatsmenn gætu verið fullkomlega vinnufærir á þessum aldri, og ég þekkti menn í þessu starfi, sem náð hefðu hámarksaldri, en væru þó enn fullkomlega hraustir með áralanga reynslu í starfinu. Ég tel því ómaklegt og jafnvel óheppilegt að svipta þessa menn störfum þegar í stað.

Frv. gerir ráð fyrir, að undanþágan gildi aðeins frá ári til árs og hún sé bundin við meðmæli yfirfiskimatsmanna, og ég sé enga ástæðu til að vantreysta þeim.

Það er alveg rétt, að menn þurfa að hafa fullkomna sjón. Ég lít svo á, að leikni í starfinu sé fyrst og fremst í því fólgin að dæma með augunum. Hraðinn, sem hv. 2. þm. S.-M. lagði svo mikið upp úr, er því fyrst og fremst kominn undir þessari leikni, en hún er auðvitað mest hjá þeim, sem hafa áralanga reynslu í starfinu og á annað borð hafa óskerta sjón. Aðrir myndu auðvitað ekki fá undanþágu.

Ég hefi horft á fisk metinn, og það gengur þannig til, að fiskurinn er lagður upp á borð hjá matsmanninum, sem tekur hann upp í hendina, horfir á hann og leggur hann svo á annað borð, þar sem verkafólkið tekur hann. M. ö. o., það er eitt handtak á einum fiski, sem matsmaðurinn hefir í frammi, og eins og ég tók fram áðan, þá er matið fólgið í hinni skörpu athyglisgáfu matsmannsins. Þess vegna skal ég játa það, að sjón matsmannsins verður að vera í fullkomnu lagi, en ég hygg, að margur maðurinn 65 ára gamall hafi það góða sjón, að hann geti fullkomlega leyst þetta starf af hendi. Ég a. m. k. leyfi mér að fullyrða, að margir matsmenn hér í Reykjavík á þessum aldri eru svo líkamlega og andlega hraustir, að þeir eru fullfærir til þess að halda áfram þessu starfi, en ég skal náttúrlega ekkert fullyrða um það, hvað lengi þeir muni vera það. Það er margt, sem getur komið fyrir á einu ári, en þá er það yfirmatsmannsins að dæma um það, hvort viðkomandi matsmaður sé starfi sínu vaxinn, og við verðum að ætla það, að hann velji eingöngu þá menn, sem hann telur fullkomlega hæfa. — Um það, hvort hér geti komizt að klíkuskapur eða umburðarlyndi við gamla starfsmenn, skal

ég ekkert segja. En getur slíkt ekki einnig komizt að gagnvart yngri mönnum, sem ekki eru starfi sínu fullkomlega vaxnir? Ég segi ekki, að það sé, en mér skilst, að það geti alveg eins verið.

Hv. þm. leggur mikið upp úr því, að hér sé um þreytandi starf að ræða. Að vísu getur maður sagt, að þetta sé þreytandi starf, en miðað við mörg önnur störf, sem margir menn verða að vinna á þessum aldri, þá getur maður varla kallað þetta þreytandi starf. En svo má heldur ekki gleyma því, að það er orðið svo nú orðið, a. m. k. hér í Reykjavík, að það er hrein tilviljun, ef unnið er heilan dag að mati. Og því miður eru horfurnar svo hjá okkur núna, að það er mjög hætt við því, að þetta starf fari minnkandi ár frá ári frá því, sem verið hefir. Hér er því ekki um langan vinnudag að ræða, svo ofþreyta ætti ekki að geta verið þröskuldur í veginum.

Ég er alveg sannfærður um, að það er réttlátt að gefa þessa undanþágu, sem hér um ræðir, og tryggingin fyrir því, að hún geti ekki orðið til tjóns, er það, að það er á valdi þess manns, sem ber ábyrgð á matinu, yfirmatsmanns, að ekki aðrir en hæfir menn séu látnir gegna starfinu.

Ingvar Pálmason: Hv. frsm. segist ekki sjá hættuna af því að samþ. þetta frv. Ég hefi nú ekki haldið því fram, að frv. væri hættulegt, heldur að það væri svona frekar til óþurftar heldur en gagns. Og skal ég svo ekki pexa um það meir.

Hv. frsm. telur það óviðeigandi að svipta menn atvinnu í fullum starfskröftum. Ég hefi ekki orðið var við, að menn væru álitnir vera í fullum starfskröftum 65 ára gamlir. Það er ekki almennt litið svo á, þó hv. frsm. kunni að gera það.

Hv. frsm. var að tala um það, að hér væri ekki um langan starfsdag að ræða, þar sem sjaldan kæmi fyrir, að unnið væri að mati nema part úr degi. Ég vil ekki segja: mikil er trú þín, kona, heldur: mikil er fáfræði þín, maður. Ég þý nú í minna útgerðarplássi heldur en hv. þm., en þar er oft staðið frá morgni til kvölds við að meta fisk, því þó það sé ekki nema 1—2 þús. pakkar, sem á að meta, þá er það talsvert mikið verk. Og ég hafði satt að segja haldið, að það væri svo mikill fiskur að meta hér í Reykjavík, að ekki væri verið að leika sér að því að vinna 2—3 tíma á dag.

Þá vildi ég aðeins benda á það, að samkv. gildandi l. er heimild til þess að framlengja starfstíma embættismanna til 70 ára aldurs, ef þeir þykja til þess nógu ernir. Mér skilst því, að ekki þurfi neina lagabreyt. til þess, að 65 ára gamall matsmaður geti haldið áfram starfi sínu, ef yfirmatsmaður telur hann svo ernan, að hann sé starfinu vaxinn. Þetta sýnir enn frekar, hversu óþarft er að samþ. frv., enda engin ástæða til að taka upp heimild, sem er í gildandi l.

Frsm. (Sigurjón Á. Ólafsson): Það síðasta, sem hv. þm. minntist á, er út af fyrir sig merkilegt atriði að ræða um, hvort ekki væri þegar heimild í l. til þess að þessir menn mættu halda sínu starfi til 70 ára aldurs, ef þeir þættu til þess nógu ernir. En eftir því, sem ég hefi verið upplýstur um, þá munu þessir menn hafa leitað umsagnar stj. um það, hvort hægt væri að veita undanþágu til áframhaldandi starfs, og vegna þess, að svarið var þannig, að þeir heyrðu skilyrðislaust undir l. og ættu að láta af starfi 65 ára gamlir, er þetta frv. fram komið.

Þar sem hv. þm. vildi vefengja það, sem ég sagði um vinnudaginn við matið, þá skal ég játa, að ég veit ekki, hvernig þetta gengur til úti um land, en í Reykjavík er það svo, að þegar skip tekur farm, tekur það fisk frá kannske 6—8 stöðvum, og verður því mat á öllum þessum stöðvum að fara fram samtímis og þar af leiðandi verður að hafa svona marga matsmenn. og vinnudagurinn verður þá kannske ekki nema hálfur dagur á hverri stöð, en það er hrein tilviljun, ef unnið er heilan dag. Yfirleitt er ekki farið að innpakka fiskinn fyrr en vitað er með vissu, að það á að ferma hann í skipið. Þetta er reynslan í Reykjavík, en það má vel vera, að þetta gangi öðruvísi til úti um land. — Að svo mæltu sé ég ekki ástæðu til að pexa um þetta frekar.

Ingvar Pálmason: Ég hefi nú aðeins rétt til aths., enda skal ég ekki vera margorður.

Það er sérstaklega eitt atriði í ræðu hv. frsm., sem ég vildi athuga. Ég gat sem sé ekki skilið orð hans öðruvísi en svo, að hann þekkti ekki annað mat heldur en það, sem fer fram um leið og fiskinum er skipað út. Úti um land, þar sem matið er nú kannske ófullkomnara, er fiskurinn metinn strax og gefið er upp, hvað mikið er til af hverri tegund af fiski. Svo líða kannske margir mánuðir og þá selst ¼ hluti af fiskinum, og þá verður að meta þann hluta. En það er ekki gert um leið og skipið kemur, heldur nokkuð löngu áður. Skipið kemur svo kannske ekki eða ekkert verður úr því, að fiskurinn sé tekinn. Líður svo kannske einn mánuður enn, og á þá loksins þetta „parti" að fara, sem verður að metast einu sinni enn, og er því þá pakkað inn áður en skipið kemur. Fiskurinn er sem sagt margmetinn áður en hann kemst um borð.

En hvað því viðvíkur, að það sé til undanþáguheimild í l., en hún gildi bara ekki um þessa menn, þá verð ég að segja það, að annaðhvort gilda l. um aldurshámark embættis- og starfsmanna um þessa menn eða ekki, og undanþáguheimildin hlýtur að ná til allra, sem undir þessi l. falla. Svo af þeim ástæðum er engin ástæða til þess að samþ. frv.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 7:5 atkv.
2. gr. samþ. með 8:4 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 9:3 atkv.

Á 79. fundi í Ed., 26. nóv., var frv. tekið til 3. umr.

Ingvar Pálmason: Mér þykir rétt, áður en þetta mál fer út úr þessari hv. d. og verður sennilega að l., að benda hv. þdm. á það enn að nýju, að frv. þetta er þess eðlis, að það gengur lengra en nokkrum hefir dottið í hug að heimila, að embættis- og starfsmenn ríkisins séu í stöðum samkv. núgildandi l. Þessi undanþága, sem hér er farið fram á að veita, nær aðeins til manna eftir 70 ára aldur, því eins og tekið hefir verið fram, er í l. undanþáguheimild um það, að menn geta fengið að vera við starf sitt í þjónustu ríkisins til 70 ára aldurs. Ég efast um, að hv. þdm. hafi gert sér þetta ljóst, og vil ég því skýra málið frekar. Þegar þetta frv. var flutt í Nd., þá var það flutt á þeim grundvelli, að undanþáguna í 2. gr. l. væri skylt að veita í þessu tilfelli, ef meðmæli væru fyrir hendi frá yfirfiskimatsmanni. En þessu var breytt í Nd., svo að frv. er nú orðið annað en hv. flm. ætluðust til, að það væri. Og ef það yrði að l. eins og það er nú, þá yrði það hortittur í l. Hitt er skiljanlegt, sem hv. flm. ætluðust til í upphafi, að það væri skylt að veita undanþágu samkv. 2. gr. l., ef meðmæli lægju fyrir frá yfirfiskimatsmanni. En þau lausatök hafa orðið á þessu máli, að það er óforsvaranlegt að afgr. það og gera það að l. eins og það nú er. Nú eru síðustu forvöð til þess að koma í veg fyrir, að málið verði afgr. frá Alþ. þannig, að það nálgist það að vera hortittur í l.

Ég skal nú ekkert um það segja, hvort þessi skýring mín hefir áhrif á hv. dm. Ég hygg, að hv. dm. hafi ekki kynnt sér það, hvernig þetta mál var flutt. En þar sem svona er komið, þá vil ég gera eina tilraun til þess, að málið sé afgr. á skynsamlegan hátt, og vil ég því stinga upp á því, að málið sé tekið af dagskrá nú, og sjá, hvort hv. flm. sannfærast ekki um, að það eigi að færa það í það form, sem það var upphaflega í, því það var meining í því eins og það var upphaflega. Ég vil því mælast til þess við hæstv. forseta, að málið sé tekið út af dagskrá. Og vil ég fyrir mitt leyti vinna með fylgismönnum málsins að því að breyta því svo, að það sé frambærilegt og þannig úr garði gert, að hægt sé að samþ. það.

Páll Hermannsson: Mér þykir rétt að geta þess í sambandi við þetta mál, að þegar allshn. tók það til meðferðar, þá skildi hún það svo, að þetta frv. næði til manna, sem væru 65 ára og eldri. Ég varð ekki var við aðra skoðun í n. Og þess vegna var það, að nm. töldu það varhugavert að gefa ekki 65 ára mönnum kost á að halda áfram fiskimatsstarfi. Nú er það upplýst, að í l. um aldurshámark opinberra embættis- og starfsmanna frá 9. jan. síðastl. er tvímælalaus heimild handa ráðh. um að veita 65—70 ára gömlum mönnum undanþágu, svo að þeir geti verið áfram við starf sitt. Það er því rétt, sem hv. 2. þm. S.-M. benti á, að þetta frv. á eingöngu við það, að gefa 70 ára gömlum mönnum kost á að vera áfram fiskimatsmenn, því að í l. er heimild fyrir ráðh. um að veita þeim undanþágu til 70 ára aldurs. Ég verð því að telja, að það sé ekki óeðlilegt, að þegar mönnum er orðið það ljóst, að um svona gamla menn er að ræða, þá líti menn á það öðrum augum, heldur en þegar þeir í gáleysi gengu út frá því, að átt væri við 65 ára gamla menn.

Umr. frestað.

Á 82. fundi í Ed., 29. nóv., var fram haldið 3. umr. um frv. (A. 557, 638).

Ingvar Pálmason: Ég fór fram á það við fyrri hluta þessarar umr., að málið yrði þá tekið af dagskrá, ef hugsanlegt væri, að samkomulag fengist um brtt. við frv. Eins og hv. þdm. er kunnugt, var ég á móti frv. eins og það var samþ. við 2. umr. Ég sá þá, að málið mundi ná fram að ganga og taldi því rétt að gera tilraun með að breyta frv. í betra horf. Ég hefi því borið fram brtt. þá, sem hér er á þskj. 638. Ég skal geta þess, að ég hefi borið hana undir meðnm. mína í allshn. og veit ekki betur en að þeir séu henni samþykkir. Ég hygg, að þeir telji, að það fari eins vel á að afgr. frv. í þessu formi eins og í þess upphaflegu mynd.

Ástæðan til þess að ég felli mig betur við þessa afgreiðslu á frv., er fyrst og fremst sú, að það hagar svo til með æðimarga fiskimatsmenn, að þeir heyra ekki undir lögin, því það er skilyrði til þess, að lögin nái til starfsmanna, að starfið sé aðalstarf þeirra. Ég get fellt mig við það, að þeir fiskimatsmenn, sem samkv. anda og hljóðan laganna heyra undir þau, verði undanþegnir, sérstaklega með tilliti til þess, að þeim er ekki goldið af opinberu fé, og verði brtt. samþ., þá leiðir af því, að það verður mál á milli yfirfiskimatsmanna og fiskeigenda, hvenær þeir eigi að láta af starfi sínu, og sé ég ekki, að þar þurfi lög að koma til. Ég get fellt mig við þessa afgreiðslu á málinu og geri ráð fyrir, að meðnm. mínir fallist á hana. Ég tel þessa brtt. falla sæmilega inn í lögin, svo að frá formsins hlið sé ekkert á móti því að samþ. hana. Ég hefi átt tal um þetta við einn af aðalflm. málsins og virtist, að hann gæti vel unað þessum úrslitum. (**MJ:** Var þetta ekki samkomulag flokkanna?). Mér vitanlega hefir þetta aldrei verið flokksmál.

ATKVGR.
Brtt. 638 samþ. með 9 shlj. atkv.
Frv., svo breytt, samþ. með 9 shlj. atkv. og endursent Nd.

Á 87. fundi í Nd., 30. nóv., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 656).

Á 89. fundi í Nd., 3. des., var frv. tekið til einnar umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 19 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 685).

58. Eignarnámsheimild á löndum í Hafnarfirði og Garða- og Grindavíkurhreppum.

Á 27. fundi í Nd., 13. marz, var útbýtt:

Frv. til l. um eignarnámsheimild á nokkrum löndum og á afnotarétti landsvæða í Hafnarfirði, Garðahreppi og Grindavíkurhreppi og um stækkun lögsagnarumdæmis Hafnarfjarðarkaupstaðar (þmfrv., A. 117).

Á 29. fundi í Nd., 15. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 30. fundi í Nd., 16. marz, var frv. aftur tekið til 1. umr.

Flm. (Emil Jónsson): Allir þeir, sem einhverntíma hafa komið til Hafnarfjarðar, vita, hvernig landið þar umhverfis lítur út. Það er að langmestu leyti hraun, og skyldu menn ætla, að þar gæti enginn ráðizt í jarðræktarframkvæmdir. En það hefir þó verið gert af nokkrum mönnum. Vitanlega er það ákaflega erfitt, og landið, sem telja má ræktanlegt, er svo lítið, að það fullnægir enganveginn þörf bæjarbúa til ræktanlegs lands. Að vísu eru sunnan við kaupstaðinn nokkrar landspildur, sem tilheyra bænum að nokkru leyti, en þeir blettir eru nær því allir útmældir og ræktaðir eins og unnt er. Næst þessu koma svo lönd þriggja jarða: Jófríðarstaða, Áss og Hvaleyrar. Að vísu á Hafnarfjarðarkaupstaður hálfa Hvaleyri. Ás er opinber eign (þjóðjörð) og ef til vill verður hún til boða Hafnfirðingum til kaups, þegar núv. ábúandi fellur frá, en það getur orðið nokkuð langt eftir því að bíða.

Mikill hluti af því landi, sem tilheyrir Jófríðarstöðum, er óræktaður, og mætti vel takast að rækta það. Mundi það þegar hafa verið gert ef Hafnfirðingar hefðu átt þess kost. Til skýringar á þörf Hafnfirðinga fyrir ræktanlegt land skal ég geta þess, að þar búa nú um 4000 manns, og allur þessi fjöldi hefir náttúrlega mikla þörf fyrir mjólk og jarðepli og ýmiskonar garðávexti. Ræktað land er aðeins 30—40 ha., og er það langt frá því að gefa nægilegt fóður handa þeim kúm, sem eru í bænum. Einnig skortir mikið á, að bæjarbúið hafi nægilegt beitiland fyrir kýr sínar og kindur, — en sauðfé er um 2000. Þar fyrir utan er ekki um annað land að ræða en það, sem tilheyrir þessum jörðum. Sunnan við þær tekur við eyðihraun, þar sem engrar bjargar er að vænta. Hér norðan við Hafnarfjörð er ekki um önnur lönd að ræða en þau, sem tilheyrir þeim jörðum, sem lagt er til í 4. lið 1. gr. frv., að teknar verði eignarnámi. En þær jarðir tilheyra Garðahreppi. Það eru í raun og veru smávægilegir landskikar, sem einstaklingana, er á jörðunum búa, munar ekkert um, þó að af þeim verði teknir, en aftur á móti skiptir afarmiklu máli fyrir Hafnfirðinga að fá til þess að rækta þar tún og garðávexti.

Enn er það nýmæli í þessu frv., að Krýsuvík í Grindavíkurhreppi og Stóri-Nýibær verði tekin með. En þar eru einu jarðhitasvæðin í nágrenni Hafnarfjarðar. Hafa Hafnfirðingar mikinn hug á að tryggja sér þau og notfæra á ýmsa lund síðar. Jarðir þessar eru nú lausar úr ábúð og í eyði, því að enginn vill á þeim búa af ýmsum orsökum, svo að tíminn yrði aldrei betur valinn en einmitt nú til að taka þær eignarnámi. Annars er nokkur hætta á, að þær kynnu að lenda í braski, vegna gróðavonar af hitaveitu þaðan síðar meir. Atvinnuhorfur í Hafnarfirði eru eins og víðast annarsstaðar daufar og ákaflega einhæfar, — er þar eingöngu um sjávarútveg að ræða. Þess vegna eru þar löng atvinnuleysistímabil á hverju ári, og verður því að reyna að fylla í þær eyður eins og efni standa til. Hafnfirðingar hafa því tekið sér fyrir hendur að taka illmöguleg landsvæði til ræktunar og hreint og beint óhæfa bletti sumstaðar, en hafa þó jafnframt mátt horfa á önnur margfalt betri lönd í nágrenninu, sem enginn hefir nytjað. Þetta er svo öfugt og ósanngjarnt fyrirkomulag, að við það er ekki lengur unandi. Mér finnst það ekki forsvaranlegt né sæmandi í lýðfrjálsu landi að halda dágóðum ræktunarlöndum lokuðum í nágrenni við kaupstaðina, þar sem ótal hendur eru til þess að erja þau og rækta, þeirra manna, sem vilja nota þau sér til lífsbjargar í atvinnuleysinu.

Á Alþingi 1933 voru borin fram þrjú frumv., er öll fóru í mjög svipaða átt og þetta og miðuðu að því að bæta úr brýnni og aðkallandi þörf Hafnarfjarðarkaupstaðar á ræktanlegu landi. Voru þau flutt í Ed. af þm. úr öllum flokkum. Eitt þeirra var um það, að taka eignarnám á nokkrum löndum og afnotarétti landsvæða í Hafnarfirði, Garðahreppi og Seltjarnarneshreppi, annað var um eignarnámsheimild á afnotarétti landsvæðis úr Garðalandi, en hið þriðja var um eignarnámsheimild á Hvaleyri við Hafnarfjörð. Allir voru flm. sammála um, að þörf Hafnfirðinga fyrir ræktunarlönd væri brýn og aðkallandi, og töldu nauðsynlegt að ráða bót á henni. En það, sem skildi og málið strandaði á, var, að flutningsmennirnir vildu fara sína leiðina hver til þess að greiða úr þessari þörf Hafnarfjarðarkaupstaðar. Ég vona, að nú fari þetta á annan veg; ég vona, að allir hv. þdm. sjái þörfina og viðurkenni hana og veiti þessu frv. öruggt fylgi.

Ég þarf ekki við þessa umr. að fara langt út í einstök atriði. Það er gert ráð fyrir, að það verði útnefndur gerðardómur til þess að meta skaðabætur, bæði til einstaklinga, sem afnotaréttur landa er tekinn frá, og eins til þeirra hreppsfélaga, sem kunna að verða fyrir skaða vegna missis gjaldþegna til annars sveitarfélags.

Ég skal geta þess einnig, að það hefir verið reynt að hafa um þetta samkomulag við Garðahrepp, en ekki tekizt. Hér er því um að ræða einu leiðina, sem hægt er að fara, því þó það sé rétt, að hagsmunir Garðahrepps séu nokkuð skertir með þessu frv., þá er ekki farið fram á, að það verði gert öðruvísi en að fullar bætur komi fyrir, og það er ómögulegt, að hreppur með einum 14 býlum geti setið yfir rétti 4000 manna, sem nauðsynlega þurfa á þessu landi að halda.

Ég vil svo leggja til að frv. verði vísað til 2. umr. og hv. landbn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 18 shlj. atkv. og til landbn. með 15:4 atkv.

Á 68. fundi í Nd., 8. nóv., var frv. tekið til 2. umr. (A. 117, n. 468).

Frsm. (Emil Jónsson): Af því að nokkuð langt er liðið frá 1. umr. langar mig til að rifja nokkuð upp aðalatriði frv. og þær orsakir, sem til þess liggja, að það er fram komið. — Í frv. er gert ráð fyrir, að ríkisstj. sé veitt heimild til að taka eignarnámi nokkrar landspildur, til þess að bæta úr brýnni og aðkallandi þörf Hafnarfjarðarkaupstaðar á ræktanlegu landi og til að tryggja bænum jarðhita á einum stað, sem er svo nærri, að hægt á að vera að nota hann til virkjunar.

Ég þarf ekki nú að fara nákvæmlega út í eðli málsins eða einstök atriði þess, því það var gert við 1. umr., og mun ég eingöngu halda mig við brtt., sem n. nálega einróma mælir með, að verði samþ. Einn nm., hv. þm. A.-Húvn., hefir að vísu skrifað undir með fyrirvara, en að öðru leyti er n. mjög á einu máli. Ég skal taka það fram, að ég hefði mjög óskað eftir því, að n. hefði séð sér fært að ganga lengra um eignarnámsheimildina heldur en hún hefir gert, en ég hefi viljað fá samkomulag um málið og geri því ekki ágreining um þau atriði.

Nefndin leggur til, að 1. tölul. 1. gr. falli niður, og kemur það til af því, að nú þegar hefir náðst samkomulag við eiganda Jófríðarstaða um kaup á jörðinni. Katólska kirkjan, eða einhver stofnun hennar, átti þessa jörð og hefir selt bænum hana.

Þá leggur n. til, að 2. tölul. sömu gr. standi óbreyttur, en sá tölul. er um að taka afnotarétt af öllu óræktuðu landi jarðarinnar Ass í Garðahreppi. Ás er eign ríkisins og ábúandinn hefir lífstíðarábúð á jörðinni, og það hefir komið til mála, að hann keypti hana, en Hafnarfjarðarkaupstaður var þá spurður, hvort hann vildi kaupa jörðina, og gaf bærinn það svar, að hann vildi kaupa, og hefir sölunni því verið frestað. Land þetta er að mestu melar og holt, en þó nokkrar spildur ræktanlegar.

Líka mælir n. með því, að 3. liður verði óbreyttur, en hann er um heimild til að taka eignarnámi þann hlutann af óræktuðu landi jarðarinnar Hvaleyri í Hafnarfirði, sem ekki er þegar eign Hafnarfjarðarkaupstaðar. Þessi jörð er að hálfu leyti eign Hafnarfjarðarkaupstaðar, en að hálfu leyti Flensborgarskóla, og er sá hlutinn leigður til 50 ára og þarf því að fá heimild þessa. Þetta land er mjög líkt því landi, sem tilheyrir jörðinni Ási og ég hefi þegar lýst.

Önnur brtt. n. er við 4. tölul. 1. gr., og er það höfuðbreyt. Leggur n. til, að sá tölul. verði orðaður á annan veg en í frv., og það svo, að breyt. verður á í verulegum atriðum. Í frv. er gert ráð fyrir, að kaupstaðurinn fái allt það land, sem liggur inn að hreppsmörkum Garðahrepps og niður að sjó, að undanskildum a. m. k. 20 ha. af ræktuðu eða ræktanlegu landi fyrir hvert býli, sem þar er nú í ábúð; en n. gerir ráð fyrir, að þetta breytist þannig, að landsvæðið takmarkist að austanverðu af veginum milli Hafnarfjarðar og Reykjavíkur, að norðan af Arnarneslæk og Arnarnesvogi og að vestan af beinni línu úr suðvesturhorni Arnarnesvogar yfir vesturhorn Engidals og niður í bæjarlandið. Þetta er mjög lítill hluti af því landi, sem áður var talað um í 4. lið, og mikið af því hraun og holt og aðeins um 6—7 ha. af því ræktanlegt land. Allt hitt, sem eftir er skilið, er betur fallið til ræktunar, en n. sá sér ekki fært að taka það, þar eð allmiklum hluta þess er þegar ráðstafað til bænda í Garðahreppi.

5. liðinn var n. sammála um að láta standa. Það er að segja um jarðirnar Krýsuvík og Stóra-Nýjabæ í Grindavík. Í fyrstu var dálítill vafi á um þetta í n. og nm. ekki á einu máli um það, hvort rétt væri að fara út í þetta. En þegar það upplýstist, að mikill hluti af réttindum til þessara jarða væri í höndum útlendinga, sem enginn veit, hvar eða hverjir eru, þá þótti sýnt, að ekki væri hægt að fá á þeim sæmilega eignarheimild nema með eignarnámi á jörðunum. Á svipaðan hátt hefir Reykjavíkurbær áður farið að með landspildur suður við Skerjafjörð, vegna þess að þar voru ókunnir eigendur að landinu.

Aðrar breyt. eru ekki miklar; þó er á 2. gr. gerð sú breyt., að ríkisstj. er veitt heimild til að gera hvort heldur sem hún vill, að selja kaupstaðnum þau lönd, sem hún tekur eignarnámi, eða leigja honum þau, en í frv. var ákveðið, að ríkisstj. skyldi selja bænum löndin. Höfuðbreyt. á þessari gr. er þó sú, að sýslunefnd Gullbringusýslu er gert kleift að fá leyfi til þess að nota þann hluta af Krýsuvíkurlandi, sem oftast hefir verið notaður leyfislaust. Eins og frá frv. var gengið frá minni hálfu var þetta ekki öðrum ætlað en Hafnarfjarðarkaupstað, en n. hefir fallizt á að heimila sýslunni afnot af landi jarðarinnar til beitar, eftir því sem aðstæður leyfa.

Um skaðabætur eru sömu ákvæði og í frv.

Við 3. gr. er smávægileg orðabreyt., að í stað „eignast" komi „eignast eða fá á leigu", og leiðir þetta að sjálfsögðu af breyt. 2. gr.

Við 4. gr. er líka breyt. á tölul. 1. gr., sem leiðir af því, að tölul. 1 fellur burt.

Með þessum breyt. er gengið svo langt í þá átt að verða við óskum hreppsnefndar Garðahrepps og sýslunefndar Gullbringusýslu, að ég tel ekki, að þær hafi undan nokkru að kvarta. Frá Garðahreppi er ekki tekið af auðræktuðu landi nema um 6 ha., en hann heldur tugum ha. af auðræktuðu landi, og ég býst við, að á meðan hreppsbúar hafa það, þá fari þeir ekki út í þá sálma að rækta grýtt holt og mela. Og að hinu leytinu — um kröfur sýslunefndar til beitilands — þá er hér gert ráð fyrir, að sýslan fái land til beitar fyrir fé sitt, og í mótsetningu þess, sem verið hefir, að verða alltaf að leita til eigenda landsins um leyfi fyrir beitinni — eða nota það leyfislaust —, þá skilst mér, að með frv. sé réttur þeirra betur tryggður

en verið hefir. Eins og nú er getur eigandinn alltaf — hver sem hann er — lokað landinu, en með þessum breyt. er það ekki hægt. Ég vonast því til, þegar landbn. hefir komið sér saman um þessar till., þá samþ. hið háa Alþingi þetta hagsmunamál Hafnarfjarðarkaupstaðar.

Jón Pálmason: Ég geri ráð fyrir því, að hv. þdm. hafi veitt því eftirtekt, að ég hefi skrifað undir þetta nál. með fyrirvara, og vil ég því gera grein fyrir, í hverju þessi fyrirvari minn liggur.

Þegar um það er að ræða að taka eignarnámi lönd handa kaupstöðum frá einstaklingum eða sveitarfélögum, þá koma til greina tvö sjónarmið. Í fyrsta lagi er að athuga að verða við óskum þeirra, sem þurfa á ræktanlegu landi að halda, og sjá um, að þeir fái það, því að halda landi fyrir þeim, sem vilja rækta, er neyðarkostur.

Að hinu leytinu verður að taka tillit til þess, að ganga ekki á rétt einstakra manna eða héraða, sem landið eiga, nema sem allra minnst. Að draga merkjalínuna rétt milli þessara sjónarmiða er oft vandasamt og veldur eðlilega ágreiningi.

Nefndin hefir nú skoðað þessi lönd, og mér satt að segja ofbýður, að nokkur maður skuli þurfa á því að halda að taka til ræktunar í okkar frjósama landi slíka urð sem hér er um að ræða. En mér finnst ekki, að landinu eigi að halda frá ræktun, ef nokkur þarf þess með, og get því ekki verið á móti slíkum kröfum, og er ég því samþykkur meiri hl. landbn. að því er snertir landspildurnar kringum Hafnarfjörð.

Aftur á móti er það að segja um Krýsuvík og Nýjabæ, að það er í nokkurri fjarlægð frá Hafnarfirði og getur verið spursmál, hvort þörf sé á að taka þær jarðir eignarnámi fyrir Hafnarfjörð, en ég vil ekki ganga lengra í þessu efni heldur en brýn nauðsyn krefur.

Sýslan á 2 fulltrúa hér í þessari hv. d., þar sem eru hv. þm. Barð., sýslum. í Gullbringu- og Kjósarsýslu, og hv. þm. G.-K., og fyrirvari minn þýðir það, að ég hefi áskilið mér rétt til þess að vera með brtt., sem væru bornar fram af þessum mönnum, sem eiga að gæta réttar sýslunnar. Nú standa svo sakir, að sýslumaður G.-K. er ekki viðstaddur, en ég hefi átt tal við hv. þm. kjördæmisins og býst við, að svo kunni að fara, að hann beri fram brt. við 3. umr. málsins, en ég sé ekkert því til fyrirstöðu, að málið gangi til 3. umr. og þá sé tekið til athugunar, að hve miklu leyti það teljist nauðsynlegt, að heimild þessi nái til Krýsuvíkur og Nýjabæjar.

Ólafur Thors: Mér er ekki kunnugt um, hvort þetta mál hefir verið sent sýslumanni Gullbr.- og Kjósars. til umsagnar. En hafi það ekki verið gert, þá virðist mér, að öll sanngirni mæli með því, að málið sé ekki afgr. án þess að hann fái að athuga það og segja álit sitt á því. Hitt er bert af grg. frv., að hreppsn. í Garðahreppi virðist vera andvíg þessu eignarnámi, að því er það snertir þann hrepp sérstaklega.

Ég verð að viðurkenna það höfuðsjónarmið, sem kemur fram greinilegast hjá hv. þm. A.-Húnv., og ég hygg, að líka liggi til grundvallar fyrir flutningi frv., þ. e. a. s., að það verði að sjálfsögðu að reyna að taka fullt tillit til þarfar þeirra manna, sem við lítið landrými búa. Og ég vil ekki þvertaka fyrir, að það megi færa fyrir því nokkuð gild rök, að Alþ. beri að hlutast til um slíkt eignarnám, þar sem þörfin er annarsvegar rík fyrir landið og kannske hinsvegar ekki hægt að færa jafngild rök fyrir því, að sá, sem eignarnámið mundi ganga út yfir, missi mikið við eignarnámið. En þó að ég viðurkenni þetta höfuðsjónarmið, þá virðist mér, að þingið verði á hverjum tíma a. m. k. að fá fullkomnar upplýsingar um þau gögn, sem sá aðili, sem eignarnámið gengur út yfir, hefir fram að færa gegn þeim vilja, sem kemur fram í frv. Mér hafa nú, meðan ég er að flytja þessa ræðu, verið færð skjöl frá sýslumanni Gullbringu- og Kjósarsýslu, bæjarfógeta Hafnarfjarðarkaupstaðar, þessu máli viðkomandi. En ég hefi því miður ekki vitað um, að þessi umsögn lá fyrir, og því hefi ég ekki haft tækifæri til að kynna mér hana. En það ætla ég, að muni nærri sanni, þegar ég get þess til, að sýslunefnd Gullbringu- og Kjósarsýslu sé einnig andvíg þessu máli. Ég geri það ekki í því skyni að tefja framgang málsins, að ég ber fram ósk um, að umr. um þetta mál verði frestað, þar til oddviti sýslunefndar í viðkomandi sýslu, sem sæti á í þessari hv. d., getur verið hér viðstaddur. Mér virðist, að við hliðina á mér eða jafnvel fyrir framan mig eigi hann að standa sem réttur málsvari þeirra manna, sem þetta frv. sætir andstöðu frá og gengur út yfir. Leyfi ég mér þess vegna, og einnig vegna hins, að ég hefi ekki vitað fyrr um þessa umsögn, en einkum og sér í lagi vegna þess, að oddviti sýslunefndar í viðkomandi sýslu, sem á sæti hér í hv. d., er veikur, að mælast til þess við hæstv. forseta, að hann fresti umr. um þetta mál, þar til sá hv. þm. getur verið viðstaddur.

Ég mun ekki á seinna stigi þessa máls gera neina tilraun til að tefja eðlilegan framgang þess. En ég hygg, að málinu sé ekki stofnað í neina hættu með því, að umr. um það verði nú frestað, eins og ég gerði till. um.

Ég vil svo aðeins bæta því við, að þangað til ég hefi kynnt mér ýtarlega alla gagnrýni viðkomandi sýslunefndar, hefi ég náttúrlega af eðlilegum ástæðum tilhneigingu til þess að vera andvígur þessu máli, en geymi mér þó að taka endanlega afstöðu um fylgi við það, þar til ég hefi heyrt umsögn oddvita sýslunefndar.

Frsm. (Emil Jónsson): Um þá ósk hv. þm. G.-K., að umr. um þetta mál verði frestað, vil ég taka það fram, að ég hefi sízt í móti því, að hv. þm. Barð., sýslumaður Gullbringu- og Kjósarsýslu, geti upplýst þetta mál frekar en orðið er. En ég hygg þó, að í þessari umsögn sýslum. Gullbringu- og Kjósarsýslu og bréfi frá hreppsnefnd Garðahrepps, sem hvorttveggja liggur hér fyrir, sé upptalið flest af því, sem viðkomandi sýslunefnd og hreppsnefnd hafa fram að færa í þessu máli. Vildi ég því mælast til þess, að hv. þm. G.-K. gæti fallizt á það, eftir að hafa kynnt sér þessi skjöl frá hreppsnefnd og sýslu-

nefnd, að málið verði þá tekið upp aftur til meðferðar svo fljótt sem hægt er. Því að þó að hann telji, að málinu sé ekki stofnað í neina hættu með því að draga það á langinn, þá veit maður, að það er þröngur og erfiður gangur fyrir mál gegnum þingið. Ég vildi ákaflega gjarnan, að mál þetta dagaði ekki uppi nú á þessu þingi, því að þörf Hafnfirðinga er svo brýn og aðkallandi í þessu efni. Þm. af öllum þingflokkum, hverjir í sínu lagi, báru fyrir 2 árum fram frv. um þetta efni á Alþ., svo að ég hygg ekki ofmælt, þó að ég segi, að þetta mál hafi innan allra þingflokkanna eitthvert fylgi.

Ég vil leggja áherzlu á það, ef máli þessu, sem komið er hér fram vegna brýnnar nauðsynjar, verður frestað nú, að ekki verði dregið lengur að taka það upp aftur en brýn þörf er á. Annars hygg ég, að flestar upplýsingar, sem héraðsbúar hafa fram að færa í málinu, séu skjalfestar í gögnum þeim, sem hv. þm. G.-K. hefir fyrir framan sig.

Ólafur Thors: Það er alveg eðlilegt, að hv. flm. og frsm. n. geti ekki gengið inn á, að umr. um þetta mál biði von úr viti, eða biði þess endilega, að hv. þm. Barð. verði orðinn heill heilsu. Ég þakka hv. flm. fyrir góðar undirtektir undir frestunartill. mína. Meira vil ég ekki fara fram á en að málinu verði frestað um örfáa daga.

Umr. frestað.

Á 71. fundi í Nd., 12. nóv., var fram haldið 2. umr. um frv.

Ólafur Thors: Þessu máli var frestað fyrir fáum dögum vegna tilmæla frá mér. Ég hefi að sönnu ekki getað aflað mér allra upplýsinga, sem ég óskaði um afstöðu hlutaðeigandi hreppa og sýslunefnda til málsins, en ég verð þó að viðurkenna, að þær upplýsingar, sem ég hefi fengið, benda til þess, að þeir aðiljar, sem ég ber helzt fyrir brjósti, vilja eftir atvikum sætta sig við málið eins og það liggur fyrir samkv. brtt. hv. landbn. Ég ætla því ekki á þessu stigi málsins að bera fram frekari ósk um frest, en ég mun geyma mér rétt til þess að gera nánari grein fyrir afstöðu þessara aðilja, sem ég nefndi. Ég veit að vísu ekki, hvernig heilsu hv. þm. Barð. og sýslumanns Gullbringu- og Kjósarsýslu líður, en ég vona, að hann sé á það góðum batavegi, að hann geti mætt hér í d. áður en langt um líður, og mun ég þá reyna að fá upplýsingar hjá honum fyrir 3. umr.

ATKVGR.
Brtt. 468,1.a samþ. með 20 shlj. atkv.
— 468,1.b samþ. með 19 shlj. atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 17 shlj. atkv.
Brtt. 468,2 (ný 2. gr.) samþ. með 20 shlj. atkv.
— 468,3 samþ. með 17 shlj. atkv.
3. gr., svo breytt, samþ. með 17 shlj. atkv.
Brtt. 468,4 samþ. án atkvgr.
4. gr., svo breytt, samþ. með 17 shlj. atkv.
5. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. visað til 3. umr. með 21 shlj. atkv.

Á 73. fundi í Nd., 14. nóv., var frv. tekið til 3. umr. (A. 533).

Ólafur Thors: Ég vil aðeins fara fram á það við hæstv. forseta, að hann taki þetta mál ekki fyrr en nr. 2 á dagskránni. Það er smábrtt., sem mér hefir borizt ósk um að flytja frá ráðamönnum Garðahrepps. Ég hefi borið hana undir flm. frv., og hann telur hana ekki skipta miklu máli, og ég hygg hún eigi vissan framgang, ef mér gefst tækifæri til að undirbúa hana og skrifa hana niður.

Umr. frestað um stund, en fram haldið síðar á fundinum.

Ólafur Thors: Eins og ég gat um áðan, hafði ég í hyggju að bera fram smávegis brtt. við frv. eins og það nú liggur fyrir, og hefi ég leyft mér að orða hana þannig:

Fyrri málsl. 3. tölul. 1. gr. orðist svo: Afnotarétt þess landsvæðis, sem takmarkast þannig: Að austan af veginum milli Hafnarfjarðar og Reykjavíkur, að norðan af Arnarneslæk og Arnarnesvogi, að vestan af beinni línu úr suðvesturhorni Arnarnesvogar að vesturhorni Engidals, þaðan meðfram Álftanesveginum að aðalveginum milli Hafnarfjarðar og Reykjavíkur."

Það er ekki von til þess, að hv. þm. átti sig á því, hvað hér er um að ræða, en breyt., sem felst í þessari brtt. minni, liggur í því, að á þennan hátt verða undanskildar 4 dagsláttur af túni jarðarinnar Dysja í Garðahreppi, og það mundi verða mjög bagalegt fyrir bóndann þar, ef þessi till. næði ekki fram að ganga.

Ég vil geta þess, að ég hefi talað um þessa till. við flm. frv., hv. þm. Hafnf., og hann telur, að að vísu hefði betur farið, að hún hefði verið orðuð lítið eitt öðruvísi, en mér skilst þó, að hann muni til samkomulags ganga inn á hana, og ef hann gerir það, þá hygg ég, að ég megi segja f. h. Garðahrepps, að hann muni una frv. Mér hefir einnig borizt sú fregn með hv. þm. Mýr., að sýslumaðurinn, hv. þm. Barð., telji frv. þá aðgengilegt og að sýslan muni sætta sig við það. Mun þá málið ekki sæta mótstöðu frá minni hendi.

ATKVGR.
Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 546) leyfð og samþ. með 21 shlj. atkv.

Frsm. (Emil Jónsson): Það er rétt hjá hv. þm. G.-K., að við töluðum saman um þessa till. og að ég til samkomulags hafi gengið inn á hana. En ég vil taka það skýrt fram, að ég hefi gengið inn á hana, eins og allar aðrar brtt. við þetta frv., eingöngu til samkomulags, þó að mér hafi verið ljóst, að þær eru mjög til þess að rýra gildi þess lands, sem þarna er um að ræða, fyrir Hafnarfjarðarkaupstað. Þessi brtt. hv. þm. G.-K. gerir í sjálfu sér hvorki til né frá fyrir kaupstaðinn, þar sem hér er einungis um að

ræða 4 dagsláttur. En það, sem mér finnst við brtt. að athuga, er það, að með þessu er landið slitið alveg úr tengslum við bæjarland Hafnarfjarðar, þannig að það verður eins og afskorið svæði, án þess að vera í föstu áframhaldandi sambandi við bæjarlandið. Ég vona að vísu, að þetta komi ekki að sök að öðru leyti heldur en hvað landmissirinn snertir. Og ég vil undirstrika það, að mitt samkomulag við þessa brtt. er gert í trausti þess, að það hafi ekki nein önnur og verri áhrif heldur en það, sem landmissirinn snertir. Ég vildi aðeins láta þetta koma fram, vegna þess, að það geta komið í ljós síðar annmarkar á þessu, því að með þessu verður bæjarland Hafnarfjarðar 2 aðskildir partar.

ATKVGR.
Brtt. 546 samþ. með 20:2 atkv.
Frv., svo breytt, samþ. með 21 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 70. fundi í Ed., 15. nóv., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 547).
Á 72. fundi í Ed., 18. nóv., var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til landbn. með 10 shlj. atkv.

Á 83. fundi í Ed., 30. nóv., var frv. tekið til 2. umr. (A. 547, n. 639).

Frsm. (Jón Baldvinsson): Landbn. hefir haft þetta mál til athugunar og mælt með því, að frv. verði samþ.
Þetta mál hefir legið fyrir Alþ. nokkrum sinnum áður og miklu stórtækar farið í málið þá en nú. Það, sem aðallega á nú að leggja undir Hafnarfjarðarkaupstað samkv. frv., eru lönd frá Jófríðarstöðum, Ási og Hvaleyri, jörðum, sem liggja næst bænum að sunnanverðu. Í þeim er mikið óræktað land, sem rækta mætti, ef Hafnarfjarðarkaupstaður fengi aðgang að því. Sama gildir um landsvæði, sem frv. tekur til og er í Garðahreppi, sem liggur á milli Reykjavíkur og Hafnarfjarðar. Það er ætlazt til þess, að Hafnarfjarðarkaupstaður fái af því allmikið land til úthlutunar handa bæjarbúum til ræktunar.
Nú stendur svo á þarna, að land það, sem næst liggur bænum, er svo að segja óræktanlegt, hraun að mestu. Er Hafnarfjarðarkaupstað því meiri þörf á svona ráðstöfunum heldur en mörgum kaupstöðum öðrum, sem hafa út frá sér land, sem má þó rækta. En þetta hraun við Hafnarfjarðarkaupstað má heita, að sé ógerningur að rækta.
Ég sé ekki, að mikill ágreiningur hafi orðið um þetta mál í hv. Nd. Ég sé þó, að inn í frv. hefir komizt till. frá hv. þm. G.-K., sjálfsagt að fyrirlagi umbjóðenda hans í kjördæminu. Sú till. hefir verið samþ. sem breyt. á frv. Ég þykist vita, að samkomulag hafi verið um þetta í hv. Nd.

Ég mæli með því, að frv. þetta verði samþ. Einn hv. nm. hefir minnzt á, að það væru kannske einhverjar breyt., sem hann vildi gera á frv., en till. um slíkt liggur ekki fyrir. Að svo komnu máli er n. með því, að frv. verði samþ. óbreytt.

Þorsteinn Briem: Ég vil aðeins beina því til hv. landbn., af því að ein umr. er eftir um þetta mál, að hún afli sér upplýsinga, áður en málið kemur til 3. umr., um það, hvort nokkur ágreiningur muni vera um þetta mál á milli Hafnarfjarðarkaupstaðar og þeirra sveitamanna, sem þarna eiga hlut að máli. Ég vil sérstaklega benda á þetta í sambandi við ákvæði 4. gr. frv., þar sem ætlazt er til, að þegar land þetta er afhent til Hafnarfjarðarkaupstaðar, þá verði það lagt við lögsagnarumdæmi kaupstaðarins um leið. Mér virðist þetta geta snert nokkuð hagsmuni hlutaðeigandi sveitarfélaga. Ég vildi óska, að n. vildi taka þetta sérstaklega til athugunar fyrir næstu umr.

Frsm. (Jón Baldvinsson): Það er sjálfsagt, að landbn. verði við tilmælum hv. 10. landsk. En annars var í grg. frv., eins og það var lagt fyrir Nd., gerð grein fyrir þessu sérstaklega. Þó að Hafnarfjarðarkaupstaður gæti fengið þetta land á leigu án þess að það væri lagt við lögsagnarumdæmi kaupstaðarins, þá mundu Hafnfirðingar ekki, með þeim skilmálum, fást til að fara að leggja peninga í að rækta land í öðrum hreppi eða byggja á því, og eiga það á hættu að verða útsvarsskyldir þar. Þess vegna er það talið óhjákvæmilegt að leggja landið undir lögsagnarumdæmi kaupstaðarins.

Þorsteinn Briem: Ég skil vel, að það muni vera kappsmál fyrir íbúum Hafnarfjarðarkaupstaðar, að landsvæði þetta komist inn í lögsagnarumdæmi kaupstaðarins, m. a. til þess, eins og hv. frsm. benti á, að íbúar Hafnarfjarðarkaupstaðar þurfi ekki að óttast, að lögð verði á þá útsvör í öðrum hreppi vegna þeirrar atvinnu, sem þeir hefðu af þessum löndum, og þeirra mannvirkja, sem þeir hefðu þar. En þó að maður vilji líta með fullri sanngirni á nauðsyn Hafnfirðinga, þá skilst mér, að ef til vill þurfi þarna til einhverra samninga að koma. Og það var það, sem ég óskaði, að hv. n. kynnti sér, hvort frá þeim samningum, sem gera þarf, sé fyllilega gengið.

Frsm. (Jón Baldvinsson): Það er nú hætt við, að slíkir samningar sem hv. 10. landsk. talaði um, fari ekki fram fyrr en síðar, þegar farið verður að taka landið til ræktunar. Ég geri ráð fyrir, að n. muni einnig kynna sér, hvort samningar hafi verið gerðir um þetta. En ég vil nú taka það fram, að þetta hefir farið svo um Rvíkurkaupstað, að lögð voru undir bæinn þau lönd, þar sem mest ræktun hefir verið framkvæmd hér við Rvík, til þess að íbúar Rvíkur gætu reist þar mannvirki og framkvæmt ræktun án þess að það þyrfti að vera í öðrum hreppi.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.

2.—5. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 9 shlj. atkv.

Á 85. fundi í Ed., 3. des., var frv. tekið til 3. umr.

Frsm. (Jón Baldvinsson): Við 2. umr. þessa máls spurðist hv. 10. landsk. fyrir um það, hvort samningar hefðu farið fram milli hlutaðeigandi hrepps og Hafnarfjarðarkaupstaðar viðvíkjandi þessu máli. Þessu er því að svara, að engir samningar hafa enn átt sér stað milli þessara aðilja hvað mál þetta snertir. En eins og ég skýrði frá við síðustu umr. þessa máls hér í hv. d., þá hefir orðið samkomulag um mál þetta í hv. Nd. Ennfremur hefir fengizt staðfesting á því, að hv. þm. Barð., sem er form. sýslunefndar Gullbringusýslu, og hv. þm. Hafnf. hafi lýst því yfir, að þeir gætu báðir sætt sig við frv. eins og það er. Aðrar upplýsingar get ég ekki gefið um þetta. Að sjálfsögðu verður samið um þetta eins og gert er ráð fyrir í frv. og skaðabætur greiddar.

Að andstaða sé ekki gegn frv., sést bezt á því, að þessir tveir aðilar, sem ég nefndi, hafa komið sér saman um málið og eru því meðmæltir. — Að svo mæltu vil ég leggja það til, að frv. verði samþ. óbreytt.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 10 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 689).

---

59. Búreikningaskrifstofa ríkisins.

Á 56. fundi í Nd., 24. okt., var útbýtt:
Frv. til l. um búreikningaskrifstofu ríkisins (þmfrv., A. 422).

Á 59. fundi í Nd., 29. okt., var frv. tekið til 1. umr.

Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 20 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

Flm. (Jón Sigurðsson) [óyfirl.]: Ég sé ekki ástæðu til þess að fara mörgum orðum um þetta mál. Frv. fylgir allýtarleg grg., svo að ég hygg, að allir hv. þdm. geti áttað sig á því, enda er það ekki margbrotið né flókið á neinn hátt. Ég vil aðeins benda á það, að það er talið nauðsynlegt að safna skýrslum um afkomu landbúnaðarins, til þess að fá yfirlit um hann og afkomu þjóðarheildarinnar. Hér er farið fram á, að ríkið láti safna skýrslum um annan aðalatvinnuveg þjóðarinnar, landbúnaðinn, frekar en nú er. Það er öllum vitanlegt, að þessi atvinnuvegur á nú við mikla örðugleika að stríða, og eru allar líkur til, að svo verði einnig á næstu árum. Verður því að gera ýmsar ráðstafanir af hálfu hins opinbera, sem grípa að ýmsu leyti inn í atvinnurekstur landsmanna. Nú eru ábyggilegar búnaðarskýrslur undirstaðan undir öllum gagnlegum ráðstöfunum af hálfu ríkisvaldsins til viðreisnar landbúnaðinum, en þær verða aftur að hafa stoð í áreiðanlegum búreikningum.

Að því er snertir fjárhagshlið þessa máls, þá skal það játað, að það er ekki glæsilegt að koma fram með tillögur, sem hafa aukin útgjöld í för með sér. Við flm. höfum þó, þrátt fyrir hinar örðugu kringumstæður, talið þetta mál svo mikið nauðsynjamál, að það megi ekki falla niður af þeim ástæðum. — Ég vil að endingu vænta þess, að hv. d. og þá fyrst og fremst hv. landbn., sem ég legg til, að málinu verði vísað til, taki það til rækilegrar íhugunar og afgr. það sem fyrst.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 19 shlj. atkv. og til landbn. með 20 shlj. atkv.

Á 72. fundi í Nd., 13. nóv., var frv. tekið til 2. umr. (A. 422, n. 513).

Frsm. (Páll Zóphóníasson): N. hefir athugað þetta mál og er yfirleitt sammála um að leggja til, að það nái að ganga fram. Þó hefir einn nm., hv. þm. Ak., sérstöðu í málinu, og mun hann lýsa henni.

Þær till., sem n. hefir gert um breyt. á frv., eru ekki miklar og að mestu orðabreyt. Þó er ein brtt., sem n. gerir, dálítil efnisbreyt., eða kannske tvær þeirra.

Í frv. eins og það liggur fyrir á þskj. 422 er skrifstofan bundin við bændaskólann á Hvanneyri, en lagt er til, að hún sé undir yfirstjórn Búnaðarfél. Íslands. Ég geri ráð fyrir, að þetta ákvæði, um að búreikningaskrifstofan skuli vera starfrækt við þennan skóla, sé sett í frv. vegna þess, að við bændaskólann á Hvanneyri er sá maður kennari, sem mestan áhuga hefir fyrir þessu máli og mest starf hefir lagt í það að hrinda þessu máli áfram í einhverri mynd. Er hann kominn það áleiðis í því, að hann hefir þegar fengið marga bændur til þess að halda búreikninga. Hefir hann fengið aðstoð og styrk frá Búnaðarfél. Ísl. til þess að vinna úr þeim. Og til er vélritað yfirlit yfir niðurstöður þeirra fyrir síðasta ár. En þó að þessi maður sé þarna kennari og þó að sjálfsagt sé, að Búnaðarfél. Ísl., eins og ætlazt er til í frv., fái þennan mann til þess — og engan annan — að veita þessari skrifstofu forstöðu, þá álítum við nm. ekki rétt að binda það í l., að svo skuli alltaf vera, að starfræksla þessarar stofnunar sé bundin við þennan skóla. Vitanlega getur þessi maður, sem nú er kennari við þennan skóla, hvenær sem er fallið frá eða flutt í burtu. Og í því tilfelli er ekki víst, að neinn af kennurunum við bændaskólann á Hvanneyri yrði endilega hæfasti maðurinn, sem þá væri völ á, til þess að hafa forgöngu í málinu. Þess vegna leggjum við til, að Búnaðarfél. Ísl. hafi yfirumsjón með þessari búreikningaskrifstofu, án þess að hún sé bundin við sérstakan skóla að lögum.

Hin brtt. varðar 2. gr. frv. Í þeirri gr. er gert ráð fyrir, að ríkissjóður greiði forstöðumanninum 2 þús. kr. laun árlega. Við gerðum till. um, að þessu verði breytt þannig, að Búnaðarfél. Ísl. semji við þennan mann, sem tekur að sér forstöðu þessarar skrifstofu, um kaup. Það getur verið minna en nú og það getur verið meira, eftir því hvaða störfum hann gegnir öðrum. En við leggjum til, að ríkissjóður leggi skrifstofunni til fé, þó aldrei yfir 3 þús. kr. á ári.

Hinsvegar er það ljóst, að kostnaðurinn muni ekki verða svona mikill eins og nú standa sakir, en hún gerir ráð fyrir að hann eigi fyrir sér að aukast, og það fram úr þessari hámarksupphæð, en þá er ætlunin að Búnaðarfél. Ísl. veiti það, sem til vantar. Þetta er aðalefnisbreytingin í brtt. okkar.

Þá leggjum við til, að 5. gr. frv. falli niður. Við kunnum ekki við að hafa viðurlög við því, þó að dráttur kunni að verða á því að senda búreikningana til búreikningaskrifstofunnar. Við meiri hl. landbn. teljum þetta þarft og nauðsynlegt mál, og það gerir hv. þm. Ak., sem skrifað hefir undir nál. með fyrirvara, en hann telur, að Búnaðarfél. Ísl. geti beitt sér fyrir þessu án þess að lagasetning komi til, en okkur hinum nm. finnst réttara að setja þetta í ramma, sem tryggir því meira framtíðarlíf heldur en hafa það laust og óbundið.

Það þarf ekki að tala um þýðingu þessara skýrslna. Það er augljóst, að það er þýðingarmikið fyrir landbúnaðinn, ef hægt er að fá ábyggilegar upplýsingar og niðurstöður um hinar ýmsu greinar landbúnaðarins. Í öllum nágrannalöndum okkar eru slíkar skrifstofur sem hér er lagt til að sett verði á stofn, en þær eru reknar með dálitið mismunandi aðferðum. Aðallega eru það þó skrifstofur reknar á svipaðan hátt og hér er gert ráð fyrir, sem safna þessum skýrslum, en einnig er þeim náð gegnum félagsskap. En hér er aftur lagt til að fara báðar þessar leiðir. Ég vænti þess fastlega, að menn sjái ekki eftir því, þó að ríkissjóður leggi fram 3000 kr. í þessu skyni, því að það er öldungis víst, að árangurinn af þessu starfi verður mikils virði, og þá vitanlega sérstaklega fyrir alla þá, sem landbúnað stunda.

Jón Sigurðsson [óyfirl.]: Ég vil leyfa mér að þakka hv. landbn. fyrir undirtektir hennar undir þetta mál. En áður en gengið verður til atkv., vil ég drepa á nokkur atriði í brtt. hv. n., sem ég tel, að geti orkað tvímælis. Það, sem vakti fyrir okkur flm. að binda þessa skrifstofu við ákveðinn stað, eða Hvanneyri, var það, að þar sem hér er um tvíþætt starf að ræða, að vinna úr gögnum og í öðru lagi að afla þeirra, þá myndi meiri trygging fyrir því, að skrifstofa þessi stæði í lifandi sambandi við bændurna sjálfa, ef hún væri sett í samband við búnaðarskólana. En það verður að teljast mjög þýðingarmikið atriði, að hægt verði að fá skýrslurnar sem víðast að af landinu. Aftur á móti lítum við svo á, að með því að setja skrifstofu þessa í samband við einhverja stofnun t. d. hér í Reykjavík, þá myndi meiri hætta á því, að hún kæmist ekki í eins gott samband við nýja krafta, sem árlega bætast við í sveitunum, en það eru hinir ungu og upprennandi menn, sem koma frá bændaskólunum. Gæti sakir þessa verið hætta á því, að skrifstofan fengi færri búreikninga en ella. Bændaskólamennirnir væru líka sjálfkjörnir brautryðjendur á þessu sviði, hver í sínu héraði. Samkv. því, sem ég nú hefi tekið fram, þá var það með ráðnum hug, að við settum þetta ákvæði inn í frv. sem tryggingu fyrir því, að fá sem flesta og bezta búreikninga handa skrifstofunni. Þá er það vitað, að það eru töluverðir erfiðleikar á því að ná í þessa búreikninga, enda hefir það verið svo, að Búnaðarfél. Ísl. hefir greitt smáfjárhæð fyrir þá nú að undanförnu. Ég verð því að draga það í efa, hvort þetta er heppileg breyting.

Þá hefir n. sett hámarksákvæði um kostnaðinn. Við það er ekkert út af fyrir sig að athuga. Ég býst við, að stofnuninni muni nægja þessi upphæð, a. m. k. fyrst um sinn. Þó ber það að athuga, að nú er verið að vinna að nýjum búreikningaformum, sem eiga að vera einfaldari en þau eldri. Það hefir að sjálfsögðu kostnað í för með sér. Mig minnir t. d., að hin eldri búreikningaform Búnaðarfél. kostuðu hátt á annað þús. króna.

Þá leggur n. til að fella burt 5 gr. frv. Ég fyrir mitt leyti sé ekkert við það að athuga, þótt viðurlög séu sett við því, ef opinberar stofnanir vanrækja að senda búreikningaskrifstofunni reikninga og skýrslur, sem þeim er skylt að senda. Sé þetta trassað af bændaskólunum eða öðrum, finn ég ekkert á móti því, að þeir séu látnir sæta viðurlögum fyrir drátt sinn. Annars er þetta ekki neitt meiri háttar atriði, og mun ég því geta fellt mig við, hvernig um það fer, enda þótt ég telji, að það orki tvímælis að fella ákvæðið niður.

Guðbrandur Ísberg: Eins og hv. frsm. landbn. tók fram, þá hefi ég nokkra sérstöðu í þessu máli, enda þótt ég færi ekki að kljúfa nefndina. Ég er samþykkur þeirri hugmynd frv., að rétt sé að safna búreikningum og vinna úr þeim, en ég hefði viljað láta þetta mál bera að á annan hátt, sem sé þann, að Búnaðarfél. Ísl. hefði haft forgöngu um þessi efni, og að hlífzt hefði verið við að leita til Alþingis um styrk. Þetta er sannarlega mál bændanna, sem bera hefði átt fram á búnaðarþingi, og Búnaðarfél. Ísl. að beita sér svo fyrir því á eftir. Að bera málið fram á þann veg, sem nú er gert, virðist benda í þá átt, að ekki sé nægilegur áhugi fyrir því hjá bændunum og Búnaðarfél., og er því næst manni að halda, að vafasamt sé um árangur. Meðan svona er ástatt um málið, tel ég ekki tímabært að fara að setja lög til þess að knýja það fram. Ég teldi réttara að láta málið bíða búnðarþings og láta það taka það upp. Lagasetningar eru að sjálfsögðu þarfar, þar sem þeirra er brýn þörf, en án þarfa tel ég ekki rétt að setja lög.

Frsm. (Páll Zóphóníasson): Ég vil leyfa mér að vekja athygli hv. þm. Ak. á því, að Búnfél. Ísl. hefir látið dálitið til sín taka um þetta mál, og það er langt síðan farið var að ræða málið í félaginu, þó að mestur áhugi hafi verið fyrir

því nú síðustu árin, þar sem t. d. Guðmundi Jónssyni kennara á Hvanneyri hefir verið greiddur dálítill styrkur til þess að safna búreikningum og leiðbeina um þá. Málið er því óneitanlega komið nokkuð inn á þá braut, sem hv. þm. taldi þá heppilegustu. Það er því aðeins „smagsag", hvort byrja á að lögfesta þetta nú eða að ári. Ég fyrir mitt leyti tel tímabært að gera það nú þegar. Það er rétt hjá hv. 7. landsk., að nú er verið að undirbúa einfaldari búreikningsform en þau, sem notuð hafa verið. Stjórn Búnaðarfél. fól Guðmundi Jónssyni kennara á Hvanneyri það verk. Að sjálfsögðu kostar það eitthvað, en ég hygg, að kostnaðurinn verði aldrei yfir 3000 kr., en verði sú raunin á, að hann fari fram úr þeirri upphæð, þá greiðir Búnaðarfél. það, sem það kann að verða.

ATKVGR.
Brtt. 513,1 (ný 1. gr.) samþ. með 18 shlj. atkv.
— 513,2 (ný 2. gr.) samþ. með 18 shlj. atkv.
— 513,3.a—d samþ. með 18 shlj. atkv.
3. gr., svo breytt, samþ. með 18 shlj. atkv.
Brtt. 513,4 samþ. með 17 shlj. atkv.
4. gr., svo breytt, samþ. með 17 shlj. atkv.
Brtt. 513,5 (5. gr. falli burt) samþ. með 16:1 atkv.
— 513,6 samþ. án atkvgr.
6. gr. (verður 5. gr.) samþ. með 19 shlj. atkv.
Brtt. 513,7 (ný gr., verður 6. gr.) samþ. með 19 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 19 shlj. atkv.

Á 74. fundi í Nd., 15. nóv., var frv. tekið til 3. umr. (A. 540).
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 20 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 70. fundi í Ed., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 540).
Á 72. fundi í Ed., 18. nóv., var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv. og til landbn. með 11 shlj. atkv.
Á 83. fundi í Ed., 30. nóv., var frv. tekið til 2. umr. (A. 540, n. 644).

Frsm. (Bernharð Stefánsson): Þetta frv. er komið frá hv. Nd., og tók það þar nokkrum breyt. frá því, er það kom þar fyrst fyrir til umr. Landbn. þessarar d. hefir athugað það nokkuð, og eins og stendur á nál. á þskj. 644, leggur hún einróma til, að frv. verði samþ.
Mér skilst, að einkum sé það tvennt, sem ætlað er að vinna með þessari löggjöf. Í fyrsta lagi það, að þessi búreikningaskrifstofa eigi að vera bændum til leiðbeiningar um að gera búreikninga, með því að láta þá hafa fyrirmyndir fyrir búreikningum og veita þeim tilsögn í því efni. Í öðru lagi eigi hún að safna ýmsum skýrslum viðvíkjandi rekstri landbúnaðarins og vinna úr þeim.
Ég verð nú að gera þá játningu hvað sjálfan mig snertir, að ég geri ekki svo ýkjamikið úr fyrra atriðinu. Ég held, að bændur almennt hafi það töluvert á tilfinningunni án nákvæmra búreikninga, hvaða rekstur borgar sig fyrir þá og hver ekki, og að búreikningar mundu ekki koma að eins miklu gagni fyrir hvern einstakan bónda eins og haldið hefir verið fram. En á hinn bóginn má gera töluvert úr síðara atriðinu. Það er náttúrlega nauðsynlegt, bæði fyrir landsstjórn og þing, að vita sem mest um það, hvaða greinar landbúnaðarins borga sig bezt, og ýmislegt viðvíkjandi því, sem þessi skrifstofa ætti að geta gefið góðar upplýsingar um. Því að það er næsta áríðandi, að löggjöf og fjárveitingavaldið hagi stuðningi sínum til landbúnaðarins skynsamlega, þ. e. styðji þær greinar hans sérstaklega, sem mestar líkur eru til, að muni eiga framtíð, og reyni að beina honum inn á nýjar brautir, eftir því sem bezt hentar. Verk slíkrar stofnunar gæti oft verið nauðsynlegur grundvöllur undir ráðstafanir löggjafar og fjárveitingavalds viðvíkjandi framlögum og öðru í þágu landbúnaðarins.
Landbn. hefir ekki borið fram neinar brtt. við frv., og sé ég því ekki ástæðu til að fara um það fleiri orðum.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 9:1 atkv.
2.—6. gr. samþ. með 9:1 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 9:1 atkv.

Á 85. fundi í Ed., 3. des., var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 9 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 690).

---

60. Ríkisborgararéttur.

Á 19. fundi í Ed., 7. marz, var útbýtt:
Frv. til l. um veiting ríkisborgararéttar (þmfrv., A. 65).

Á 21. fundi í Ed., 9. marz, var frv. tekið til 1. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 22. fundi í Ed., 11. marz, var frv. aftur tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv. og til allshn. með 10 shlj. atkv.

Á 30. fundi í Ed., 20. marz, var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 31. fundi í Ed., 21. marz, var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 65, n. 158).

Frsm. (Magnús Guðmundsson): Nefndin hefir farið yfir beiðnir þær, sem lágu fyrir um ríkisborgararétt, og taldi hún hægt að mæla með því, að þeir fengju allir réttindi, sem taldir eru á þskj. 65. Að vísu eru tveir eða þrír af þeim ekki alveg búnir að dvelja hér hinn lögákveðna tíma, eða 10 ár, en það er svo lítið eftir — og önnur skilyrði uppfyllt —, að n. sá ekki ástæðu til að neita um réttindin af þeim sökum. N. hefir einnig farið í gegnum aðrar beiðnir, sem hafa borizt um sama efni, og leggur til, að þeir tveir, sem taldir eru á þskj. 158, fái einnig ríkisborgararéttindi. Er annar þeirra Íslendingur, fæddur í Danmörku og á danska móður, en er fluttur hingað og seztur hér að, eða hefir verið hér síðan hann var 9 ára að aldri. Hinn er búinn að vera hér lengi og hugsar ekki til að flytja héðan aftur, og fullnægir að öðru leyti öllum skilyrðum. Öðrum beiðnum, sem fyrir lágu, sá n. sér ekki fært að mæla með, vegna þess að umsækjendur eru ekki búnir að dvelja hér nógu lengi. Undantekning er þó um einn mann, sem sótti, en ekki er tekinn hér upp, vegna þess að n. áleit, að hann hefði ríkisborgararétt hér. Hann er fæddur hér á landi, fluttist til Ameríku, hefir dvalið þar lengi, en er nú kominn heim aftur og hefir hvergi fengið ríkisborgararétt annarsstaðar. Álítum við því að hann þurfi ekki annað til að fá viðurkenndan rétt sinn en snúa sér til dómsmrn., er hann hefir fengið vottorð um, að hann hafi ekki orðið ríkisborgari í öðru landi. Till. n. er því sú, að þeir menn, sem taldir eru á þessum tveimur þskj., fái ríkisborgararétt.

ATKVGR.
Brtt. 158 samþ. með 10 shlj. atkv.
Frvgr., svo breytt, samþ. með 10 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 10 shlj. atkv.

Á 33. fundi í Ed., 23. marz, var frv. tekið til 3. umr. (A. 234).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 10 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 36. fundi í Nd., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 234).

Á 38. fundi í Nd., 26. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 17 shlj. atkv. og til allshn. með 18 shlj. atkv.

Á 63. fundi í Nd., 2. nóv., var frv. tekið til 2. umr. (A. 234, n. 442).

Frsm. (Bergur Jónsson): Allshn. er sammála um að leggja til, að þeim sex mönnum, sem nefndir eru á þskj. 234, verði veittur ríkisborgararéttur. Að vísu liggur ekki fyrir umsögn um þessa menn, en allshn. hefir fullvissað sig um, að þeir eiga rétt á að fá ríkisborgararétt, og allshn. Ed. hefir gengið úr skugga um, að þeir fullnægja skilyrðum þeim, sem krafizt er, að þeir menn fullnægi, sem hljóta ríkisborgararétt. Allshn. hefir bætt við 3 persónum, sem hún leggur til, að hljóti ríkisborgararétt. Það eru þau Jósefína Antonia Hobbs hárgreiðslukona í Rvík og 2 menn, fæddir í Noregi. Þau fullnægja skilyrðum l., og leggur n. því til, að frv. verði samþ. með breyt. þeim, sem farið er fram á í nál. á þskj. 442.

ATKVGR.
Brtt. 442 samþ. með 17 shlj. atkv.
Frvgr., svo breytt, samþ. með 17 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 18 shlj. atkv.

Á 65. og 67. fundi í Nd., 5. og 7. nóv., var frv. tekið til 3. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 82. fundi í Nd., 25. nóv., var frv. enn tekið til 3. umr. (A. 454, 472).

Emil Jónsson: Þessi maður, Emil Vilhelm Randrup, sem ég hefi með brtt. á þskj. 472 gert till. um, að bætt verði við hina, sem í frv. eru taldir, og veittur ríkisborgararéttur, hefir dvalið hér á landi hátt á þriðja tug ára og lengst af þeim tíma, eða yfir 20 ár, í Hafnarfirði. Hann hefir stundað þar ýmsa vinnu, sem hann hefir tekið sér fyrir hendur, með mjög miklum dugnaði og áunnið sér traust manna. Vil ég þess vegna eindregið leyfa mér að óska þess, að honum verði bætt inn á frv. og veittur ríkisborgararéttur.

ATKVGR.
Brtt. 472 samþ. með 17 shlj. atkv.
Frv., svo breytt, samþ. með 17 shlj. atkv. og endursent Ed.

Á 79. fundi í Ed., 26. nóv., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 618).

Á 81. fundi í Ed., 28. nóv., var frv. tekið til einnar umr.

Bernharð Stefánsson: Mig langar til þess að flytja brtt. við frv., eða a. m. k. að biðja hv. allshn. að athuga um mann, en frá honum lá reyndar fyrir umsókn í fyrra. En þar sem ég er ekki viðbúinn með brtt. og n. hefir ekki gefizt kostur að athuga hana, þá vil ég mælast til þess við hæstv. forseta, að málið verði tekið af dagskrá núna.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 86. fundi í Ed., 4. des., var frv. aftur tekið til einnar umr. (A. 618, 682).

Frsm. (Magnús Guðmundsson): Allshn. hefir farið yfir þetta frv. að nýju, með því að borizt höfðu þrjár umsóknir um veiting ríkisborgararéttar. Hefir n. athugað þær nákvæmlega og bætt inn í frv. þremur mönnum undir 3., 11. og 12. lið á þskj. 682.

Annars er það um þetta frv. að segja, að það lá hér fyrir d. á fyrri hluta þessa þings og fór þá til Nd. Þaðan kom það svo aftur með viðauka, og nú er enn gerð breyt. á því hér, eða bætt við það. Nú má ætla, að allar umsóknir séu fram komnar, og vona ég því, að frv. verði samþ. breytingalaust í hv. Nd.

ATKVGR.

Brtt. 682 samþ. með 9 shlj. atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 9 shlj. atkv. og endursent Nd.

Á 91. fundi í Nd., 5. des., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við eina umr. í Ed. (A. 696).

Á 93. fundi í Nd., 7. des., var frv. tekið til einnar umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 17 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 729).

---

61. Sameining Blönduóskauptúns í eitt hreppsfélag.

Á 54. fundi í Nd., 22. okt., var útbýtt:

Frv. til l. um sameining Blönduóskauptúns í eitt hreppsfélag (þmfrv., A. 410).

Á 57. fundi í Nd., 25. okt., var frv. tekið til 1. umr.

Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 19 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

Flm. (Guðbrandur Ísberg) [óyfirl.]: Frv. það, sem hér liggur fyrir, er borið fram eftir ósk nálega allra manna í Blönduóskauptúni, er atkvæðisrétt hafa. Gildir það um alla vestan árinnar og einnig flesta að austan. Ég veit ekki, hvort allir hv. þm. hafa komið til Blönduóss, en öllum mun þeim vera kunnugt, að Blönduóshöfn er mjög erfið. Fyrir fáum árum var hún ekki annað en ós árinnar, og varð að sæta sjávarföllum. Þegar svo brúin kom á Blöndu, fór byggðin að færast austur fyrir ána. Er það vegna þess, að þar er á einum stað hugsanlegt að reisa bryggju, sem bátar geta athafnað sig við. Þessi vöxtur Blönduóskauptúns austur fyrir ána er því eðlilegur, þar sem þar er betri lending og bryggja, og verzlunin hefir að mestu flutzt þangað. Er nú svo komið, að menn sækja mikla vinnu austur fyrir ána, og Blönduóshreppur hefir misst sinn aðalgjaldstofn, þar sem verzlanirnar eru. En það er ekki aðeins þetta, sem veldur því, að þessi ósk er fram komin, heldur eiga þessir 2 kauptúnshlutar mörg sameiginleg mál, sem fráleitt er að þurfa að sækja undir sveitarstjórnir beggja hreppa, og vil ég t. d. benda á bæði fátækramál og fræðslumál.

Engihlíðarhreppur tekur öll útsvör austan Blöndu, og því eiga þeir, sem þar búa, engan rétt á að sækja barnaskóla vestur yfir ána — og er þar þó gott skólahús —, heldur verður að fara fleiri km. fram í Engihlíðarhrepp. Einnig þurfa þeir að sækja kirkju að Höskuldsstöðum, sem er um 12 km. — Þá situr yfirsetukona austan við ána, en hinir þurfa að sækja hana um 14 km. langan veg. Það hefir verið reynt að koma á heilbrigðissamþykkt fyrir allt kauptúnið, en ekki verið hægt vegna mótstöðu hreppsnefndarinnar í Engihlíðarhreppi. Ýmislegt fleira mætti nefna, sem ég hirði ekki um að telja upp nú, sem allt hnígur í sömu átt. Og allir heilskyggnir menn, sem ekki eru á neinn hátt háðir áliti þeirra manna, sem hagsmuna hafa þarna að gæta, hljóta að viðurkenna, að það beri að sameina þessa kauptúnshluta í einn hrepp, og það er það, sem farið er fram á hér.

Hvað Engihlíðarhrepp snertir vil ég taka það fram, að þó að ekkert liggi fyrir enn frá þeim hreppi um afstöðu hans til málsins, af því að hann hefir ekki fengizt til að gefa skriflegt álit, þá er það vitað, að sá hreppur er á móti sameining kauptúnsins. Það er eðlilegt, vegna þess að hingað til hefir hreppurinn haft meiri tekjur en útgjöld af þessum kauptúnshluta.

Annars er það augljóst öllum mönnum, að óliklegt er mjög, að núv. skipting kauptúnsins verði látin gilda til langframa. Það er nokkurn veginn gefið, að fólksaukningin á Blönduósi heldur áfram að auka byggðina fyrir austan ána og norðan. Þar verður byggt í kringum verzlanirnar og uppskipunarstæðið. Og þá fylgir því vitanlega framfærsluþungi, sem Engihlíðarhreppur hefir ekki enn haft verulega af að segja. En hin sameiginlegu mál kauptúnsins krefjast þess, að það verði sameinað eins og hér er farið fram á. Það getur ekki verið nema tímaspursmál, hvenær það verður gert. Að því hlýtur að reka vegna þess, að engin rök mæla með því, að þessi ófuguggaháttur, sem skipting kauptúnsins er, haldist áfram.

Ég vil svo mælast til þess, að frv. verði, að lokinni þessari umr, vísað til 2. umr. og til allshn., og vænti þess, að hún taki málinu vel.

Hannes Jónsson [óyfirl.]: Það er ekki í fyrsta skiptið nú, að svona mál eru hér á ferðinni á Alþ., þar sem annaðhvort kaupstaður eða kauptún eru að seilast inn á hagsmunasvið sveitanna. Það hefir verið mikill styr um slíkar gripdeildir Reykjavíkurbæjar á vettvangi nærliggjandi sveita. Og nú á að halda áfram baráttunni og láta kauptún fá að seilast inn á hagsmunasvið sveitar, til þess að reyta af henni þær spjarir, sem helzt gátu til skjóls orðið. Ég vil mælast til þess, að hv. allshn., sem á að taka málið til meðferðar, athugi gaumgæfilega rök þau, sem hér eru talin liggja fyrir þessu máli,

því að mér sýnist þau ekki vera svo veigamikil, a. m. k. sum þeirra, að ástæða sé til þess þeirra vegna að framselja þannig frumburðarrétt Engihlíðarhrepps til Blönduóshrepps, eins og farið er fram á með frv. Vitanlega er ástæðan til þess, að þetta mál er hér fram komið, sá öfundarandi, sem skín út úr orðalagi fylgiskjalsins með frv. út af því, hvað Engihlíðarhreppur hafi grætt á því, að kauptúnið byggðist svo utan Blöndu sem raun er á orðin, nefnilega í Engihlíðarhreppi. Vitanlega er þetta eina ástæðan fyrir því, að frv. þetta er hér fram komið. Og það verður að metast, hvort þessi græðgi Blönduósbúa í að ásælast hagsmuni Engihlíðarhrepps sé á rökum byggð eða ekki.

Það nær ekki nokkurri átt að telja það svo mjög nauðsynlegt, að báðir kauptúnshlutarnir noti t. d. sömu kirkju og sama kirkjugarð. Það er nú einu sinni svo, að sóknir á landi hér eru ekki að neinu leyti bundnar við hreppatakmörk, heldur hafa þær yfirleitt allt önnur takmörk. Svo að ef þetta væri ástæðan fyrir því að sameina kauptúnið, að hafa þarna sameiginlega kirkju og kirkjugarð, þá væri ekkert einfaldara til þess að bæta úr þessu en að útfæra Blönduóssókn yfir þetta svæði, sem í frv. er lagt til, að sameinað verði Blönduóshreppi. Það þarf alls ekki að færa til hreppatakmörkin fyrir því. Enda yrðu þá einkennileg hreppatakmörk í Húnavatnssýslu, ef ætti að laga þau eftir kirkjusóknum.

Um þær ákúrur, sem færðar eru í fskj. frv. á hendur Engihlíðarhreppi, fyrir fyrirkomulag á fræðslumálum hreppsins, vil ég segja það, að ég geri ekki svo mikið úr þeim. Ég veit ekki, á hve miklum rökum þær eru reistar. Hygg ég, að barnafræðsla Engihlíðarhrepps sé fullkomlega sambærileg við þá miklu menningu og menntun, sem risið hefir upp af barnaskóla Blönduóshrepps. Ég vænti, að Blönduóshreppsbúar standi ekki svo mörgum tröppum ofar hinum í menningarlegu tilliti, að ástæða sé þess vegna til að fara að hnýta sérstaklega í Engihlíðarhrepp í því sambandi.

Að það þurfi að sameina kauptúnið vegna lögreglumála — hv. þm. Ak. hefir kannske ástæðu til að fullyrða það. En ekki hefi ég orðið var við nauðsyn þess, og hefi ég þó átt dvöl í þeim hluta kauptúnsins, sem er norðan við ána. Ég hefi ekki orðið var við, að svo mjög örðugt sé að koma þar málum fyrir, að Blönduóshreppur þurfi endilega þess vegna að seilast inn á Engihlíðarhrepp til hagsbóta fyrir sig, til þess að lögreglumálin í kauptúninu utan við ána komist í viðunandi horf.

Þá er rafveitumálið þarna nefnt sem rök fyrir því, að nauðsynlegt sé að sameina kauptúnið, til þess að fullt réttlæti fáist í þeim efnum. Ég veit nú ekki annað en að kaupfélag Húnvetninga, sem á aðsetur sitt fyrir norðan ána, hafi lagt fram ⅓ — einn þriðja — hluta af öllum kostnaði, sem til þeirrar framkvæmdar var fram lagður, eða nákvæmlega jafnt og Blönduóshreppur allur lagði fram til rafveitunnar, svo að það stendur ekki upp á hlut þessa kauptúnshluta, sem er fyrir norðan ána, sem er þó talsvert miklu minni en Blönduóshreppur sjálfur. Einn þriðja hluta þessa kostnaðar hefir sýslan lagt fram, og er það framlag ekki fremur frá Blönduóshreppi en Engihlíðarhreppi. Nei, — það stendur ekki upp á þennan hluta kauptúnsins, sem er fyrir norðan ána, þegar um stærstu velferðarmál kauptúnsins er að ræða. Það má segja t. d. um bryggjugerðir á Blönduósi, að það er ekki svo lítið fé, sem kaupfélag Húnvetninga hefir lagt í bryggju. En Blönduóshreppur, — hvað hefir hann lagt í þá bryggju fram yfir aðra hreppa í sýslunni? Ekki nokkurn hlut. Í bryggjumálum hafa Blönduóshreppsbúar verið svo óskynsamir og ógætnir, að þeir hafa varið tugum þús. í bryggju, sem er verðugur minnisvarði um heimsku þeirra og fljótfærni. Nei, það er ekki von, að þeir Blönduósbúar og þeir, sem eiga heima fyrir utan ána, og þeir, sem þar eiga hagsmuna að gæta, vilji leggja sig undir vald þeirra, sem ekki hafa farið betur með fjármuni sína og sýslunnar en svo, að þeir hafa fleygt 60—70 þús. kr. í bryggju, sem aldrei er notuð nokkurn skapaðan hlut og sennilega er ónýt orðin. A. m. k. held ég, að Blönduósingar séu alveg hættir að hugsa sér að lengja hana lengra vestur í flóann.

Ég þarf ekki að tala um þetta langt mál. Það er búið heima í héraði að deila mikið um þetta. Blönduósingar sunnan við ána hafa frá fyrstu tíð, eftir að byggðin hjá þeim varð sérstakur hreppur, reynt að ná þessum skika frá Engihlíðarhreppi. En því hefir verið mótmælt og það hefir ekki fengið neinn byr í sýslunni, svo að ég álít það vera að beita harðræði og rangindum gegn því sveitarfélagi, sem hér á hlut að máli, Engihlíðarhreppi, að fara að taka af því þá aðstöðu, sem því hefir skapazt þarna í skjóli kaupfélagsstarfseminnar í sýslunni. Ég vil segja, að þetta frv. sé árás á starfsemi kaupfélagsskaparins í Austur-Húnavatnssýslu. Það situr sannarlega ekki vel á hv. þm. A.-Húnv. að vera annar í röð um að kasta þessum steini á samvinnustarfsemina í sýslunni. Hann, sem ætti að vera skjól og skjöldur sinna héraðsbúa í þessum málum eins og öðrum framfaramálum, þótt honum þyki kannske ekki eins mikil skylda á sér hvíla nú eins og áður til þess að bera skjöld fyrir þennan félagsskap. Ég segi það fyrir mig, að ég varð ekkert hissa, þótt 1. flm. frv. (GÍ) gerðist flm. þessa máls á þingi. Ekki heldur, þótt hv. þm. Hafnf. gerðist það. En mér brá, þegar ég sá, að hv. þm. A.-Húnv. vildi leggja inn á þessa braut. Og mér krossbrá, þegar ég sá, að hv. 2. þm. N.-M. hafði höggið í þann sama knérunn.

Ég mun láta þetta nægja að sinni. Ég vænti þess, að ef málið kemst til n., þá fái það þar hægan og rólegan svefn og fái þannig að hvíla a. m. k. fram yfir þetta þing og fleiri næstkomandi þing, ef það verður borið fram.

Flm. (Guðbrandur Ísberg): Af því að þetta er 1. umr. málsins, vil ég aðeins út af þessari hjartnæmu ræðu hv. þm. V.-Húnv. undirstrika þau orð hans og gera að mínum orðum, að ég óska, að allshn. athugi gaumgæfilega þau rök, sem færð eru fram fyrir þessu frv. Í öðru lagi vil ég benda hv. allshn. á, að hér í lestrarsalnum liggja

frammi ýms skjöl viðkomandi þessu máli, þar á meðal uppdráttur af staðnum.

Jón Pálmason: Út af þeim orðum hv. þm. V.-Húnv., sem síðast féllu, finn ég ástæðu til að segja nokkur orð um þetta mál. Ég get ekki látið ómótmælt svo órökstuddum ástæðum eins og komu fram hjá hv. þm., að þetta frv. sé af hálfu okkar flm. þess, og sérstaklega minni hálfu, árás á samvinnufélagsskapinn í Austur-Húnavatnssýslu. Hér liggja til allt aðrar og veigameiri orsakir heldur en að hér sé um deilu að ræða um stefnur í verzlunarmálum, stefnur, sem deilt hefir verið um í okkar héraði og yfirleitt í landinu.

Ég vil skjóta því til hv. þingmanna, hvort þeim mundi ekki flestum finnast það óviðkunnanlegt, ef aðallendingarstaðurinn í þeirra héraði væri í öðrum hreppi heldur en þeim, sem kauptúnið er aðallega sprottið upp í. Hér er þannig ástatt, að lendingarstaðurinn er í öðrum hreppi. Og það er, eins og hv. 1. flm. tók fram, að meiri hl. verzlunarinnar er kominn út fyrir ána og í annan hrepp en fjölmennið, sem komið hefir á þennan stað, því að það er að mestu leyti sunnan við ána. Þetta er aðalástæðan til þess, að ég hika ekki við að gerast flm. að frv. Ég tel óeðlilegt, að slíkt skipulag haldist áfram. Ef um hagsmuni væri að ræða í þeim anda, sem hv. þm. V.-Húnv. talaði um, þannig að þarna væri verið að seilast inn á hagsmunasvið sveita til framdráttar kauptúni, þá kæmi slíkt engu síður við mig og mína atvinnu en annara, sem þarna eiga hlut að máli.

Eins og hv. þm. er ljóst, er þarna um að ræða talsvert deiluatriði milli tveggja hreppa, án tillits til allrar flokksafstöðu í stjórnmálum. Ég verð sem fulltrúi þessara aðilja að gera það upp við mig, hvort það sé réttmætt eða heilbrigt, að ég taki afstöðu í þessu hitamáli. Þegar hagsmunir tveggja sveitarfélaga rekast á, þá er augljóst mál, að örðugleikar eru fyrir sameiginlegan þm. þeirra beggja að leggjast á sveif með öðru þeirra. En ég hefi tekið afstöðu í þessu máli með það fyrir augum eingöngu, að ég tel hér réttlætis- og sanngirnismál vera á ferð. Það getur ekki verið um annað að ræða en tímaspursmál, hvenær þetta kemst í kring. Það er ofur eðlilegt hinsvegar, að sá hreppur, sem hagsmuni hefir af því að hafa þennan kauptúnshluta, sem um er deilt, innan sinna vébanda, haldi því fram, að sjálfsagt og rétt sé, að núv. fyrirkomulag á þessu haldist. En skoðað frá sjónarmiði almennings í okkar héraði, þá held ég, að engum sanngjörnum manni blandist hugur um, að eðlilegast sé, að allt kauptúnið sé í einu hreppsfélagi.

Um það, hvort gjöld mundu þyngjast á samvinnufélagsskap okkar Austur-Húnvetninga við það, að frv. þetta yrði að l., er náttúrlega ekki hægt að segja til fullnustu fyrirfram. En eins og sakir standa nú, þá er tiltölulega mjög lág gjöld hægt að leggja á þennan félagsskap, eftir samvinnul., umfram það, sem gert er, því að utanfélagsmannaverzlun er ákaflega lítil nú. Hinsvegar er engin trygging fyrir því, að þeim l. verði ekki breytt, og engin trygging fyrir því, að ekki megi með öðrum hætti ná gjöldum af þessum félagsskap. En hann er háður gersamlega sama lögmáli og nálega undantekningarlaust öll kaupfélög í okkar landi, sem eru í kauptúnshreppi.

Skal ég nú ekki hafa fleiri orð um þetta mál. En ég gat ómögulega látið hjá líða að mótmæla því, að ég sé hér að gerast meðflm. að frv., sem sé árás á þann félagsskap, sem ég er í sjálfur, og er í því héraði, sem ég er fulltrúi fyrir. Þau ummæli eru gersamlega ómakleg, og get ég ekki hugsað mér, að þau séu í alvöru fram komin.

Hannes Jónsson [óyfirl.]: Það má segja, að það sé föst venja, að þegar farin er á þingi slík herferð eins og hér er um að ræða, þá sé látið í veðri vaka, að allt sé gert í nafni réttlætis og sanngirni. Hvenær ætli þessum mönnum detti í hug að segja það, sem þeir meina? Nei, það á allt að vera gert í réttlætisins nafni, en ekki til þess að ásælast. Þetta er það, sem hv. þm. A.-Húnv. endurtók nú. En hér er um sama ranglætið að ræða fyrir því. Og rökstuðningur sá, sem hann reyndi að koma með til að réttlæta þetta ranglæti, var endurtekning á einu atriði í ræðu hv. flm., að aðallendingarstaður kauptúnsins væri í öðrum hreppi en aðalfólksfjöldinn. Þetta er nákvæmlega hið sama og haldið var fram hér í Rvík, að vissar sveitir bæri að innlima í bæinn af því, að höfnin væri í bænum, en hinar sömu sveitir hefðu svo mikil not af höfninni. Blönduósbúar sunnan við ána börðust eins og þeir gátu á móti bryggjubyggingu fyrir utan ána og lögðu tugi þús. kr. í bryggjugerð sunnan við ána frá sér og sýslusjóði, til þess að þar yrði lendingarstaðurinn í framtíðinni. Svona er bardagaaðferð þeirra. Nú loka þeir augunum fyrir þeim sjálfsögðu kröfum, sem Engihlíðarhreppur á á því að fá að halda sínum hreppstakmörkum óskertum.

Svo að ég taki annað dæmi en ég áður nefndi: Kauptún er hreppur út af fyrir sig. Næstu hreppar verða að nota eingöngu tæki, svo sem uppskipunartæki, hafnarbætur og annað, sem nauðsynlegt er við afgreiðslu skipa og þessi kauptúnshreppur á að öllu leyti. Ættu þá stjórnir þessara hreppa hver um sig að gera kröfu til þess, að sá kaupstaður væri sameinaður sínu hreppsfélagi, af því að þessi aðstaða væri þeim endilega svo nauðsynleg til þess að þeir gætu komið frá sér vörum sínum og flutt þær í land frá skipi? — Nei, þetta er svo fjarri lagi. Sveitaverzlanir t. d. verða að fá allar vörur sínar í gegnum þær hafnarbætur, sem eru í kaupstað eða kauptúni, fjarri þeirra sveitarfélagi. Þær geta ekki gert kröfu til þess, að kauptúnið eða kaupstaðurinn framselji þeim þessa aðstöðu inn í þeirra sveitarfélög. Alveg eins verður kauptúnshreppur að beygja sig fyrir því, að því sé ekki afhent samskonar aðstaða þó að hún sé í sveitarfélagi, sem er aðeins að nokkru leyti kauptún. — Hér er ekki um neitt annað að ræða en tilhneigingu eins sveitarfélags til að ásælast hagsmuni annars sveitarfélags. Og ég sé ekki annað en að mönnum beri skylda til að vernda rétt þess sveitarfélags, sem réttinn á, gegn ásælni annars sveitarfélags.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 19:1 atkv. og til allshn. með 18 shlj. atkv.

Á 76. fundi í Nd., 18. nóv., var frv. tekið til 2. umr. (A. 410, n. 555).

Frsm. (Jakob Möller) [óyfirl.]: Hv. þdm. sjá á nál. á þskj. 555, að allshn. hefir orðið sammála um að mæla með því, að frv. verði samþ. Það fylgja í rauninni svo greinilegar upplýsingar og rök fyrir málinu, að ég þarf ekki að vera margorður. En ég vil taka það fram, að það, sem réði afstöðu n. til þessa máls, er sú eðlilega og sjálfsagða nauðsyn, sem kauptúninu er á því að verða eitt hreppsfélag, sérstaklega vegna sameiginlegrar framfærslu. Eins og hv. þdm. vita, þá hefir þetta kauptún vaxið upp beggja megin við hreppsmörkin, en upphaflega var kauptúnið aðeins sunnan árinnar, eða í Torfalækjarhreppi, og var þar að öllu sá atvinnurekstur, sem kaupstaðurinn myndaðist af, en síðar hefir orðið sú breyt., að mikill hluti þess atvinnurekstrar hefir flutzt út yfir ána, og virðist það hafa færst í það horf, að allt fólk, sem af eðlilegum ástæðum vinnur við þennan atvinnurekstur, er hinumegin við hreppsmörkin. Það hefir nú verið svo, að verkamenn og aðrir starfsmenn hafa getað haft atvinnu þar, þó svona sé ástatt, en sveitarframfærslan hefir verið aðskilin, en það er hin mesta nauðsyn fyrir kauptúnið, að framfærslan sé sameiginleg. Auk þessa eru ýms sameiginleg mál kauptúnsins, sem eru þess eðlis, að nauðsyn er að sameina það.

Eins og ég sagði áður, þá sé ég ekki ástæðu til þess að vera margorður um þetta mál. Hitt er alkunna, að þetta er deilumál milli hreppsfélags Engihlíðarhrepps og Blönduóshrepps. Engihlíðarhreppur er einróma móti sameiningunni, þegar frá er skilinn kauptúnshlutinn, enda hefir hreppurinn allverulegar tekjur af verzluninni, sem þar er rekin. En n. lítur svo á, að jafnvel þessi afstaða hreppsins sé ekki nægileg til þess að synja um sameininguna, og geti ekki hrakið þá nauðsyn, sem kauptúninu er á sameiningunni. Ég get í því sambandi vísað til sveitarstjórnarlaganna, og þá til 4. gr. þeirra, sem segir, að hvert kauptún, sem er svo stórt, að það hefir yfir 300 íbúa, eigi rétt á því að verða sjálfstætt hreppsfélag. Ef svo væri ástatt, að kauptúnið fyrir sunnan ána væri ekki orðið að sérstöku hreppsfélagi, þá er enginn vafi á því, að kauptúnið ætti lagalega kröfu á því að vera skilið frá hreppunum, Engihlíðarhreppi og Torfalækjarhr., og gert að sérstöku hreppsfélagi. Kauptúnið fyrir innan ána er búið að gera að sérstöku hreppsfélagi, en það er enginn vafi á því, að þetta ákvæði í sveitarstjórnarlögunum er svo sterkt, að þó það hefði ekki verið, þá hefðu þessir tveir kauptúnshlutar haft rétt til þess að skilja við báða hreppana og verða að sérstöku hreppsfélagi. Það hefir verið fært sem ástæða, að kauptúnið eigi kröfu til þessa. En ég vil vekja athygli á því, að í 4. gr. sveitarstjórnarlaganna eru fyrirmæli um það, hvernig skipti eigi að fara fram. Og ef þetta væri tvímælalaust, og samkomulag næðist um að fullnægja þeim fyrirmælum, þá ætti þetta mál ekkert erindi inn á Alþ., því þá væri þetta aðeins framkvæmdaratriði, og það væri þá á valdi ríkisstj. að skipta hreppunum. En n. hefir tekið þá afstöðu, að þetta væri ekki tvímælalaust samkv. sveitarstjórnarlögunum, og því ekki viljað skorast undan því, að málið væri afgr. hér á hv. Alþ. En n. hefir orðið sammála um að setja aðrar reglur um skiptin en þær, sem eru í sveitarstjórnarl., og eru líka í samræmi við annað í frv. settar aðrar reglur um það, hvenær skiptin eigi að fara fram.

N. hefir lagt til, að lítilfjörlegar breyt. séu gerðar á frv. viðvíkjandi framkvæmdinni á þessum skiptum, og skal ég gera grein fyrir þeim breyt., en þær eru á þskj. 555. — 1. brtt. er ekki viðvíkjandi skiptum hreppsfélagsins, heldur viðvíkjandi skiptum við ábúandann á Enni, en það er gert ráð fyrir í frv., að hluti af jörðinni Enni sé tekinn eignarnámi og lagður undir kauptúnið. Í brtt. er lagt til, að ábúanda jarðarinnar Ennis sé áskilinn viss afnotaréttur, eða m. ö. o. fjörubeit, á þeim landshlutanum, sem taka má eignarnámi. Það verður að viðurkenna, að það yrði ábúandanum bagi, ef hann væri sviptur þessum rétti, en þetta er ekki mikilsvert fyrir kauptúnið. Það má líka gera ráð fyrir, að þetta hafi áhrif á málið, og jarðarhlutinn verður væntanlega metinn lægra en ella. — 2. brtt. er aðeins orðalagsbreyt. á skyldum Blönduóshrepps til þess að taka að sér framfærslu þeirra, sem öðlazt hafa eða öðlast kunna framfærslurétt í sambandi við 1. þessi, vegna fæðingar eða dvalar í Blönduóskauptúni norðan Blöndu. Þarna er aðeins um orðalagsbreyt. að ræða, en efnið er hið sama og í frv. — 3. brtt., við 4. gr., fer í þá átt, að gera einfaldara ákv. um það, hvernig bæta skuli Engihlíðarhreppi skaða þann, sem hann verður fyrir við það, að kauptúnshlutinn fer úr sambandi við sveitahreppinn. Samkv. 4. gr. sveitarstjórnarl. ber Engihlíðarhreppi engar bætur fyrir missi þessa hluta hreppsins. Ég hallast að þeirri skoðun, að það sé ekki rétt að úrskurða hreppi neinar bætur fyrir tjón það, sem hann bíður við skipti, vegna þess að tekjur þær, sem hreppsfélagið aflar, eru miðaðar við ákveðnar þarfir, og þegar skipti eiga sér stað, þá verður að uppfylla þarfir hvors hreppsfélags fyrir sig, enn ef sá hreppur, sem aðskilinn er, á að greiða aðalhreppnum fullkomnar bætur fyrir tjón það, sem hann bíður, þá má spyrja, hvað hann eigi eftir til þess að fullnægja sínum eigin þörfum. En n. lítur nú svo á, að þetta falli ekki alveg undir 4. gr. sveitarstjórnarl., og því vill hún ekki standa á móti því, að Engihlíðarhreppur fái bætur fyrir það tjón, sem hann bíður við skiptin, en n. vill láta það vera á valdi matsmanna, og hefir því breytt gr. eins og segir á þskj. 555. — 4. brtt. er þess efnis, að ákveða, að þeir, sem eru heimilisfastir norðan Blöndu, fái kosningarrétt í Blönduóshreppi um leið og sá hluti er sameinaður hreppnum. Það er ekki nema eðlilegt og sjálfsagt, að þar sem þeir eru sviptir þessum rétti í Engihlíðarhreppi, eftir að þessi hluti hans er skil-

inn frá aðalhreppnum, þá fái þeir fullan rétt í Blönduóshreppi. — 5. brtt. er aðeins orðalagsbreyt. Það mun vera málvenja að kalla fyrir norðan og sunnan ána, en ekki fyrir austan og vestan, eða þá að sagt er fyrir utan og innan ána. Þetta er því aðeins orðalagsbreyt.

Ég sé svo ekki ástæðu til þess að fara um þetta fleiri orðum að sinni.

Guðbrandur Ísberg [óyfirl.]: Ég get eftir atvikum verið þakklátur hv. allshn. fyrir afgreiðslu hennar á þessu máli, þar sem hún leggur til, að það nái fram að ganga í öllum aðalatriðum, og hefir því fallizt á skoðun þá, sem fram kemur í frv. Ég vil bæta því við, að ég hefi í öllum aðalatriðum sömu afstöðu til málsins og hv. frsm., og vænti ég, að hans ræða komi óbrjáluð í þingtíðindunum, svo að á sínum tíma sé hægt að vitna til hennar.

Um brtt. hv. allshn. vil ég segja þetta: 2. brtt. er til bóta, en hún er umorðun á 3. gr. Hún er betur orðuð eins og n. leggur til. Ennfremur er rétt að setja þann fyrirvara, sem ekki felst í frv., að íbúar í Blönduóskauptúni norðan Blöndu fái þegar kosningarrétt í Blönduóshreppi um leið og l. öðlast gildi, enda var til þess ætlazt, þó að það hafi ekki verið aðgætt, að það þurfti að taka það fram. — 5. brtt. er orðabreyt., sem fer í þá átt að kalla kauptúnspartinn fyrir norðan Blöndu í staðinn fyrir austan Blöndu, og er það meiri málvenja. En ég hefi svolítið að athuga við 1. brtt., en hún er um það, að íbúandanum á Enni sé heimiluð fjörubeit í landi kauptúnshlutans. Það má vel vera, að um þetta atriði ætti að semja milli aðilja, en ég vil þó taka það fram, að ég mun ekki setja mig á móti þessu, ef því er bætt inn í, að það gildi aðeins vetrarlangt. Hitt er ófært, að það gildi að sumarlagi, því þá getur það orðið til skemmda á görðum í kauptúninu, því það er kunnugt, að skepnur í kauptúnum eru aðgangsfrekar. Ég mun fara fram á það við n. að fá þessu breytt og skotið inn orðunum „að vetrarlagi“, eða þá að ég flyt brtt. um það.

Aðalbreyt. er við 4. gr. frv., um það, að fella niður allar hliðsjónir við matið á bótum fyrir missi tekna úr Blönduóskauptúni norðan Blöndu, en það eru þær, sem andstæðingum málsins hefir orðið tíðrætt um. Ég get nú gengið inn á, að tveir liðirnir séu felldir niður, en ég get alls ekki gengið inn á, að þriðji liðurinn sé felldur niður. Mér finnst nokkuð langt gengið að fella niður það ákvæði, að taka tillit til sameiginlegra eigna, því ef hreppsfélaginu er skipt, þá eru þær eign Engihlíðarhrepps. Eftir orðalagi n. á að meta bætur fyrir tekjumissinn, en ekki að taka tillit til eigna, þegar bætur eru metnar. Nú er það svo, eins og hv. frsm. benti réttilega á, að ef sá hluti kauptúnsins, sem er fyrir sunnan ána, hefði ekki á sínum tíma verið skilinn frá Torfulækjarhreppi, þá ætti kauptúnið nú skilyrðislausa heimtingu á því að vera skilið bæði úr Engihlíðarhreppi og úr Torfulækjarhreppi. Og þá hefði ekki verið um neinar bætur að ræða. Það er meira að segja svo langt frá því, vegna þess að kauptúnið hefði þá orðið að taka fulla hlutdeild í eignum og skuldum hreppanna, og hefði því orðið að fá vissan hluta af eignum Engihlíðarhrepps. En þó að það sé ekki hægt að fylgja nákvæmlega ákvæðum sveitarstjórnarlaganna, vegna þess, að það er búið að skipta kauptúninu sunnan Blöndu úr Torfalækjarhreppi, þá er fráleitt að ákveða, að Blönduóshreppur skuli greiða bætur, án þess að tillit sé tekið til eigna þeirra, sem safnazt hafa fyrir hjá Engihlíðarhreppi við það að skattleggja kauptúnshlutann án þess að útgjöld kæmu á móti. Ég mun því leita samkomulags við n. um, að þessu sé breytt, eða að öðrum kosti bera fram brtt. fyrir 3. umr. — Ég mun svo ekki fjölyrða meira um þetta mál, en vænti þess, að það fái greiðan gang í gegnum þingið.

Hannes Jónsson [óyfirl.]: Það er nokkuð djarft af hv. frsm. og hv. flm. frv. að vitna í sveitarstjórnarlögin máli sínu til stuðnings. Það er meira en djörfung, því það er næstum því ósvífni að nota lagaákvæði, sem eru algerlega á móti því, til stuðnings fyrir málið.

Hv. frsm. benti á 4. gr., en hér á að þverbrjóta 3. gr., sem mælir svo fyrir, að til þess að slík sameining geti átt sér stað, þurfi samkomulag sveitafélagsins og meira að segja stuðning sýslunefndar. En þetta hefir aldrei verið borið upp á sýslunefndarfundi, en það hefðu þeir þó átt að gera, þó að það hefði ekki verið fyrsti grundvöllurinn til þess að fá það samþ. En það atriðið var þá fengið, og það var sá stuðningur, sem líklegur gat orðið til þess að ná í hitt atriðið, með samkomulagið. En þá hefði verið fengin sterkari undirstaða til þess að bera málið fram. En það er varhugavert að ganga framhjá 3. gr. sveitarstjórnarl., og það sjálfsagða fyrir Alþ. er að vísa málinu heim til löglegrar meðferðar í héraði. Það verður að gera, ef sæmilega á að vera með það farið. Ég hefi þó ekki borið fram rökst. dagskrá í málinu, en ég geri ráð fyrir að gera það við 3. umr.

En við skulum taka 4. gr. sveitarstjórnal. Eftir að hv. frsm. og hv. 1. flm. hafa flutt mál sitt, þá eru komnar fram skýrar sönnur fyrir því, hvað þeir eru á tæpu vaði. En allt málið er þannig útbúið, að það fer alveg öfugt við tilætlunina með 4. gr., því eins og það er nú, er það ekki einu sinni eftir anda 4. gr., og ef þeir hefðu trú á því, að í henni fælist rökstuðningur fyrir frv., þá myndu þeir fara með frv. eftir því, sem 4. gr. ætlast til. Þeir vita, að ef ætti að afgr. það á þeim grundvelli, þá hefði það ekki fylgi á þingi, svo að þeir víkja frá 4. gr. til þess að kaupa málinu fylgi. Það, að þeir víkja frá 4. gr., er aðeins gert til þess að koma málinu gegnum þingið. Þeir, sem mest hafa barizt fyrir þessu máli fyrir norðan, hafa haldið því fram, að það bæri skylda til að bæta aðstöðu þeirra manna, sem búa fyrir norðan ána, til þess að fá ræktað land, svo að þeir geti haft skepnur. Þessu hefir verið hampað framan í þá menn, sem hafa hagsmuna að gæta fyrir norðan ána. Ég hygg, að lengi vel hafi Engihlíðarhreppur ætlazt til þess, að þessi þorpshluti gerði tilraun til að komast að samkomulagi við eiganda jarðarinnar Ennis. En þegar það fékkst

ekki, og ekki var búizt við því, að þorpið utan Blöndu gerði áskorun til hreppsins um að reyna að ná í samkomulag, þá gerði hreppurinn tvær ítrekaðar tilraunir til þess að ná samkomulagi, en það hefir ekki tekizt. En eins og ég benti á áðan um einstök atriði málsins, hvernig þau stæðu rökin, er flm. telja til stuðnings, þá er hægt að leysa málið á allt annan hátt og á eðlilegri grundvelli en hér er ætlazt til, sem sé með því að taka umrætt land eignarnámi af eigendum Ennis, í stað þess að rugla saman tveimur hreppum, sem lítið eiga sameiginlegt, á þann hátt að uppfylla gróðalöngun annars, en traðka á rétti hins. Það er eðlilegt, að Blönduóshreppur sækist eftir þessari sameiningu, en það er enganveginn eðlilegt, að Alþ. samþ. jafnósanngjarna kröfu. Ég mun því í dag eða á morgun ásamt 2—3 öðrum þm. leggja fram frv. um að taka eignarnámi landshluta til afnota kauptúnsbúum austan ár, því það er aðkallandi nauðsyn og þar með er í rauninni fallinn sá grundvöllur, sem sameiningarmenn á Blönduósi höfðu sterkastan og er eðlilegur og réttlætanlegur, en ég vil fullnægja á þennan hátt. Vænti ég þess, að hv. flm. frv. leggi ekki neitt ofurkapp á frv. sitt, þegar þeir sjá, að fullnægja má stærstu atriðum málsins, sem talin eru af mönnum fyrir norðan. Hafa ekki verið færð nein rök né minnstu ástæður gegn því, er ég færði fram við 1. umr. þessa máls, hvorki þá né heldur nú, af hv. flm. þessa frv. eða hv. frsm. allshn. Stendur því allt óhaggað og óhrakið, sem ég sagði, að unnt væri að fullnægja öllum þeim atriðum, sem færð eru fyrir nauðsyn sameignarinnar, eftir öðrum leiðum. Vil ég halda fast við þá skoðun, að Alþ. á ekki að samþ. þetta frv., eða a. m. k. ekki fyrr en það hefir fengið löglega afgreiðslu heima í héraði. Tel ég því rétt, að það verði fellt nú við þessa umr., en verði það ekki gert, mun ég bera fram rökst. dagskrá við 3. umr. um að vísa málinu heim í hérað vegna ónógs undirbúnings, sem samkv. ákvæðum sveitarstjórnarlaganna á þar að fara fram. Ég vil svo endurtaka það, að þó hv. flm. bendi á 4. gr. þeirra laga máli þessu til stuðnings, þá er slík túlkun skýlaust brot við orðalag laganna og því ósæmandi.

Frsm. (Jakob Möller) [óyfirl.]: Hv. þm. V.-Húnv. er stórhuga og stórorður eins og venjulega, en ég er hræddur um, að hann verði að grípa til dagskrárinnar við 3. umr., vegna þess, að svo er deildin ekki slysaleg í störfum, að frv. þetta verði fellt við þessa umr. — Ég get ekki fallizt á, að rök hv. þm. séu sérstaklega mikils virði. Hann segir, að ekki sé farið eftir orðalagi sveitarstjórnarl. Skýringin liggur í því, eins og ég sagði áðan, að þau skilyrði þarf ekki að uppfylla, vegna þess að í 4. gr. er gert ráð fyrir, að þegar svo stendur á sem hér, þarf ekki samþykki hrepps- eða sýslufélags. En af því að Blönduóshreppur er þegar til af nokkrum hluta kauptúnsins, telur hv. þm. þetta ekki vera eftir orðanna hljóðan, en það er tvímælalaust eftir anda laganna.

Þá talar hann um að vísa þessu máli heim aftur til aðilja, en það er alveg óþarfakrókur, því að vitað er um afstöðu hrepps- og sýslunefndar í þessu máli. Annars er það um afstöðu hv. þm. V.-Húnv. að segja, að hann lítur mjög einhliða á þetta mál, þ. e. a. s. frá sjónarmiði Engihlíðarhrepps eingöngu, og telur, að ef fullnægt er þeirra sérstöku kröfu og mannanna norðan Blöndu, þá sé allt gott. En mál þetta er viðtækt og fjölþætt og snertir ekki síður kauptúnið sunnan Blöndu. Atvinnureksturinn var fyrir innan Blöndu, eins og ég drap á áðan, og hefir færzt út fyrir, og það er einmitt þetta, sem gerir rökin með sameiningunni svo sterk, að sanngjarn maður getur ekki staðið á móti. Þessi málsatriði liggja ákaflega ljóst fyrir, og þýðir því ekki um það að deila lengi. Hv. þm. hafa gert sér ljóst, hvað skiptir máli í þessu sambandi og hvað ekki.

Viðvíkjandi aths. hv. flm. um 5. brtt. n., er snertir fjörubeit, geri ég ráð fyrir, að fullt samkomulag geti náðst um það atriði.

Um hitt atriðið geri ég ekki ráð fyrir, að n. geti orðið sammála hv. flm., hvort sem maður vill orða það eins og hv. þm. V.-Húnv. gerði, að sé til að kaupa málinu fylgi, eða þá til að ná sættum aðila, sem í rauninni er gerð tilraun með, að sætt geti orðið, með því að gætt sé réttlætis.

Vitanlega tala ég hér nú persónulega, en get ekki sagt um aðra nm. Er vitanlega sjálfsagt að leitast við að fá samkomulag um málið, þó ég geri ekki ráð fyrir, að n. fallist á brtt. hv. flm. Hinsvegar þegar á að meta bætur, þá ber að taka til greina gildandi löggjöf í þessu efni, m. a. 4. gr. sveitarstjórnarl., svo og allar kringumstæður og siðferðislegar réttarkröfur, sem hvor aðili um sig hefir fram að færa, þannig að þetta er alls ekki útilokað, og þó ekki sé tekið fram um einstök atriði, þá eiga þau að koma jafnt til greina fyrir því við matið.

Hannes Jónsson [óyfirl.]: Hv. frsm. gerir mikið að því að tala um anda laganna, og er það vitanlega fyrsta undanhaldið hjá honum, en þó andinn sé ágætur, er hann ekki eins góður og skyldi. Þegar ég er búinn að hrekja öll atriði, sem frv. er byggt á, og búinn að sýna fram á, að þeim má fullnægja á annan hátt, þá segir hv. frsm., að ekki sé nóg að líta á aðila utan ár, heldur einnig hina innan árinnar. Þá er hann kominn inn á það, að það séu hagsmunir Blönduóskauptúns, sem hann ber fyrir brjósti, og þeim beri að fullnægja. Hverjar eru þá þær umbætur, sem Blönduóshreppur fær ekki komið fram á annan hátt eða getur ekki fullnægt nema með samningi? Þær eru ekkert annað en að fá útsvar kaupfélagsins; það er ekki annað, sem barizt er fyrir, en að gera kaupfél. skattskylt í Blönduóshr., svo að hægt sé að nota það fé í gagnslausa bryggju eða álíka þarflegar framkvæmdir. Þannig á að refsa Engihlíðarhr. fyrir gætilega sveitarstjórn. Ég hefi aldrei heyrt það fyrr, og bjóst sizt við, að hv. flm. vildi refsa hreppnum á þennan hátt, vegna þess að honum er vel stjórnað. Við þekkjum dæmi þess, að bæjar- eða sveitarfélögum hefir verið vel stjórnað, og svo hefir komið slæm stjórn, sem allt hefir sett í kaldakol. En svo á að refsa

hreppsfél. bara vegna þess að hafa ekki eytt fé sínu í fen og mýrarsíki til að koma upp handónýtri bryggju og öðru slíku, álíka þörfu.

Nei, við skulum tala um málið eins og það liggur fyrir, þann grundvöll, sem það er byggt á, sem er að fá fram vissar umbætur, sem ég hefi bent á, hvernig fullnægja skuli. Og þá stendur ekki annað eftir en að Blönduóshr. þarf að ná í útsvörin hjá kaupfél. Hver er þá grundvöllurinn, sem hv. flm. standa á? Er hann frambærilegur? (**JakM**: Hann er prýðilegur!). Já, — hann er prýðilegur, segir hv. frsm. Þá skulum við sleppa öllu hinu. Hann segir þetta vegna þess, að hann er nógu glöggskyggn til að sjá, að allt annað eru tylliástæður, og að þetta er eina ástæðan, sem er frambærileg, og svo andi laganna eins og hann er útfærður.

Guðbrandur Ísberg [óyfirl.]: Hv. þm. V.-Húnv. var fjölorður og þó sérstaklega um anda laganna. Hann hneykslaðist mikið á því og telur, að þetta sé því aðeins gert, að frv. sé á móti orðun laganna. Þetta er algerlega rangt af því sveitarstjórnarlögin ná ekki yfir þetta tilfelli, svo sem ég hefi sagt, vegna þess að búið er að skilja nokkurn hluta kauptúnsins frá öðrum hreppi. Það er svo allt annað en að þetta sé á móti lögunum, að á Alþ. hafa verið afgr. lög hvað eftir annað með hliðsjón af og byggð á anda sveitarstjórnarlaganna.

Annars var virðingarvert hjá hv. þm., að hann var búinn að finna vissa ástæðu fyrir því, að frv. hefði komið fram, og það var sú ástæða, sem bent var á við 1. umr., að mennirnir fyrir norðan ána hafa ekki land, fá ekki land og vilja ekki lifa á mölinni, og með frv. var leitazt við að bæta úr þessu. Nú ætlar hv. þm. sjálfur að leggja hönd á plóginn og bera fram frv. um að laga þennan þátt. Er gott eitt um það að segja, að hann skuli þó vera samþykkur einu atriði frv.

Þá minntist hann með mikilli þykkju á, að Blönduóshr. hefði ranglega ætlað að fá tekjur ef Engihlíðarhreppi, fá þær ranglega af mönnum norðan árinnar. Hefir Engihlíðarhr. þá ranglega tekjur af íbúum í kauptúninu norðan ár? — Annars talaði hv. þm. á við og dreif um ýmsa hluti, svo ekki var gott að átta sig á. Sló hann föstum allskonar rakaleysum og fór með tóman þvætting á stundum, en minntist aldrei á aðalatriðin. Fannst mér ræða hv. þm. minna æðimikið á það, sem borið hefir verið fram í þessu máli og gefið út sem vísindalegur hlutur, að staðvindar ríki eða vindsveiflur svo óðar við Blönduósbrú, að börnum sé ekki fært yfir brúna. Ég held, að einhver þvílíkur vindsveipur sé um heilann á hv. þm. — Ég nenni svo ekki að eltast við hann meira, en bið hann að bera kveðju mína þeim, er hafa sent hann með þessar flugur, og skila frá mér, að forsendingin hafi engan árangur borið.

Hannes Jónsson [óyfirl.]: Það var hálfspaugilegur þessi vindþembingur í hv. þm. Ak. og hefir líklega átt við anda sveitarstjórnarlaganna, sem stendur á brúarsporðinum, hvort sem hann er búinn til af honum eða öðrum.

Einkennileg voru rök hans við því, sem ég hélt fram. Þá spyr þessi hundvísi þm., hvort Engihlhr. taki ranglega útsvar af kaupfél. Þvílík heimska! Eins og það sé rangsleitni að leggja á útsvar? Nei, það er hitt, sem er ranglæti, ef seilast á til af öðrum hreppi að leggja undir sig tekjustofna. Á því ætti hv. þm. að kunna skil. Það er ekki undarlegt, þó hv. þm. þykist þurfa lítil rök, ef hann telur þetta einhverja dýrðarspeki eða véfréttavizku.

Þá leggur hv. þm. áherzlu á, að Engihlíðarhreppur hafi ekkert gert fyrir Blönduósbúa. Ég hefi verið á Blönduósi, að vísu fyrir allmörgum árum, og þá var enginn hörgull á að fá landsnytjar fyrir þorpsbúa eins og þeir þurftu. Þetta er því eitthvað nýtt, en ekki undarlegt, þó að farið sé fram á að tryggja mönnum land, því það er aðkallandi nauðsyn, og er sú eina ástæða fyrir frv., sem frambærileg er. En nú hefi ég margsýnt fram á, að þessu er vel unnt að kippa í lag á fullnægjandi og eðlilegri hátt, og því geta hv. flm. ekki mælt á móti, að þessi lausn er miklu nær en sú, er felst í frv. þeirra.

Þá minntist hv. þm. Ak. á það í ræðu sinni, að hér væri ekki verið að gera annað en hefði verið gert annarsstaðar undir svipuðum kringumstæðum. Ég minnist þess ekki, að hér á Alþingi hafi verið gert neitt, sem gengur jafnlangt í þessa átt, þó eitthvað svipað hafi komið fram, en þá hefir þessi hv. þm. gerzt til þess ásamt fleirum að standa móti slíkum frv., — þó ég líka viðurkenni, að ásælnismálstaðurinn hefir á stundum mátt sín meira, eða hefir sigrað. En hér er gengið lengra en áður í þessa átt þar sem segja má, að svipað hafi verið ástatt.

Ég býst ekki við, að Engihlíðarhreppur hafi af svo miklu að taka, að ástæða sé til að taka frá honum og færa yfir til Blönduóshr., sem ekki þurfti að vera verr á vegi staddur, ef fjármálum hans væri eins vel stjórnað og Engihlíðarhrepps. En ef alltaf á að jafna á milli hreppa á þennan hátt, þá held ég, að það mundi æra óstöðugan. Hv. þm. Ak., sem er oddviti sýslunefndar A.-Húnv., má gjarnan ganga lengra í því en hann hefir gert hingað til, og taka fastara í taumana um að rétta við fjárhaginn hjá Blönduóshr. — Þó vel megi vera, að hann sé eitthvað byrjaður á því —, ef hann ætlar að koma fjárhagsstjórn þess hrepps í svipað horf og hjá Engihlíðarhr., sem sízt situr á honum að kasta steini að fyrir gætilega fjármálastjórn, þó sá hreppur hafi ekki kastað 60 þús. kr. í flóafen og einskisverða bryggju.

Frsm. (Jakob Möller) [óyfirl.]: Mér þykir hv. þm. V.-Húnv. hafa verið nokkuð fjölorður um bryggjubygginguna á Blönduósi og viðhaft mörg óvirðingarorð um þá menn, sem að henni stóðu, bæði fyrr og síðar í ræðum sínum. En mér finnst það satt að segja koma úr hörðustu átt, því ég veit ekki betur en sá mæti maður Þórarinn á Hjaltabakka hafi unnið manna mest að því að koma bryggjunni upp. Og ég hélt, að hv. þm. ætti allt annað að Þórarni Jónssyni en slík ummæli. Annars sé ég ekki, hvað það kemur þessu máli við, þó bryggja, sem hefir verið fyrir mörgum árum, hafi ekki orðið að því gagni,

sem búizt var við. Það kemur a. m. k. ekki málinu við, nema þá til þess að styðja þann málstað, sem frv. heldur fram, að hagsmunir kauptúnsins utan og innan árinnar séu óaðskiljanlegir. Kauptúnið hefir vitanlega vaxið upp utan um verzlun og atvinnurekstur, eins og venjulegt er, og því ber þeim fyrirtækjum skylda til að bera þær byrðar, sem fylgja því að framfæra það fólk, er að þeim safnast. Og þó að atvinnurekstur*inn hafi flutt í annað* hreppsfélag, getur það ekki leyst hann undan þeirri skyldu. Og sé þörf á, verður að breyta markalínunum svo, að koma kvöðinni af því á hans herðar. Mér fannst hv. þm. vilja láta líta svo út, sem útsvarskyldan væri aukaatriði. En hvað ætli Engihlíðarhreppi gangi til að vilja ekki sleppa af þessum skika, annað en útsvörin? En þess verður að gæta, að Engihlíðarhr. á hér minni siðferðislega kröfu en Blönduóshreppur. Hér er alls ekki um neina refsingu á Engihlíðarhr. að ræða, og skil ég vel þeirra afstöðu. En ég skil ekki, hvernig stendur á því, að þetta hefir komizt þannig inn í höfuðið á hv. þm., að hann er svona mikið á móti anda l., því svo andlaus ætti hann þó ekki að vera frá skaparans hendi, að hann geti ekki meðtekið þennan anda. Ég er bara hræddur um, að í sínu andansstríði villist hv. þm. á góðu öndunum og þeim illu, svo að hann útiloki þá góðu, en hinir verði eftir.

Þá hefir hv. þm. V.-Húnv. talað mikið um, hversu ágætlega Engihlíðarhr. hafi verið stjórnað, og því síður væri ástæða til að rýra tekjur hans. En reynslan hefir sýnt, að hreppurinn hefir aflað meiri tekna en brýn þörf var til. Og strangt tekið er hreppsfélögum ekki heimilt að afla meiri tekna en þau þurfa að nota á hverju ári. Það getur því verið dálítið vafasamt, hvort það er alveg samkv. l., að á fáum árum hefir verið safnað í sjóð um 30 þús. kr. Bendir þetta á, að afkoma hreppsins sé ekki eins slæm og hv. þm. V.-Húnv. vill vera láta. En þó að þetta sé dálítið vafasöm aðferð, tel ég ekki ástæðu til að refsa fyrir það, enda hefir engin tilraun verið gerð í þá átt.

Hv. þm. hefir ekki reynt að sanna réttmæti stóryrða sinna og gífuryrða, en vill bara ekki taka til greina þann siðferðilega rétt, sem hér er byggt á.

Guðbrandur Ísberg: Hv. frsm. allshn. tók að mestu af mér ómakið um að svara hv. þm. V.-Húnv. Ég vildi þó aðeins leiðrétta þau ummæli hv. þm. V.-Húnv., þar sem hann var að leggja mér þau orð í munn, að ég hefði verið að átelja fjárstjórn Engihlíðarhrepps. Það hefir mér aldrei dottið í hug, en skal vera fyrstur til að viðurkenna, að þar hafi verið vel haldið á spilunum.

Þá lagði hv. þm. mér einnig þau orð í munn, að ég hafi lagt sérstaka áherzlu á, að Engihlíðarhr. hefði ekki gert nógu mikið til þess að hlynna að þorpinu norðan árinnar. — Það vita allir, og hv. þm. veit það vel og lagði sjálfur áherzlu á, að ekki hefir verið gert þar það, sem nauðsyn hefir verið á. Þorpið þarf að fá land til ræktunar, og þeirri nauðsyn verður að fullnægja. Er það ein ástæðan fyrir frv., þó ég hafi ekki lagt mikla áherzlu á hana. Ég vildi gera þessa aths., en ætla ekki að lengja umr. nú að öðru leyti.

Hannes Jónsson [óyfirl.]: Mér þykir vænt um að heyra, að hv. þm. Ak. skuli vera farinn að veikja ástæður sínar fyrir frv. með því að viðurkenna, að hann hafi ekki lagt neina áherzlu á *sum atriði þess. Því ef honum fyndust þau* réttmæt, mundi hann vafalaust leggja áherslu á öll þau atriði, sem væru því til stuðnings. Er ég áður búinn að sýna fram á, hvernig hægt er að leysa þetta á annan og miklu eðlilegri hátt. Og fyrst því hefir ekki verið mótmælt, hvernig er þá hægt að halda fram, að nauðsynlegt sé að samþ. þetta frv.? Því hefir aðeins verið slegið fram, að sameining þorpshlutanna væri eðlileg, en engin rök færð fram gegn því, að þetta mál megi leysa á annan heppilegri hátt. Hv. frsm. þóttist vilja útdeila hinum rétta anda, en ég hélt, að það væri að fara í geitarhús að leita ullar, a. m. k. yrðu það aldrei nema smáskammtar.

Ég ætla að halda því fram, að bryggjumálið hafi verið nauðsyn, sem hrundið var í framkv. af mörgum áhugasömum héraðsmönnum, þegar Blönduóshr. var búinn að verja tugum þús. frá sjálfum sér og ríkinu í gagnslausa bryggju. Þá byggja kaupfél. og Engihlíðarhr. utan árinnar, án eyris framlags frá Blönduóshr. eða annarsstaðar að en úr sýslusjóði, og leysa þannig bryggjumálið á heppilegan hátt. Engihlíðarhr. á því að fá að njóta ávaxtanna af því verki, en ekki þeir, sem stóðu á móti því.

Hitt er fjarstæða, að það séu meðmæli með sameiningunni, þó menn af Blönduósi fái atvinnu fyrir utan ána. Það eru vitanlega stór hlunnindi fyrir þá, sem tekjur fá af þeirri vinnu, og því meiri því betra. Hefir Engihlíðarhreppur látið slíkt alveg óátalið og sýnt í því efni mikið umburðarlyndi. Og svo segir hv. frsm., að Engihlíðarhr. hafi minni siðferðislegan rétt til uppskerunnar, þar sem hann sáir, en hinir ekki. (**JakM:** Hvað hefir Engihlíðarhr. lagt fram?). Hann hefir t. d. lagt fram gjafavinnu í bryggjuna og safnað fé til hennar á annan hátt. Það eru allt aðrir menn en Blönduósingar, sem beittu sér fyrir að koma bryggjunni upp. Voru það ýmsir mætir kaupfélagsmenn, og meðal þeirra bændur úr Engihlíðarhreppi.

Þá vildi hv. frsm. halda því fram, að eitthvað mundi vera athugavert við tekjuöflun Engihlíðarhrepps, og að hún hefði ekki verið l. samkvæm. Þó tók hv. þm. það fram, að hann ætlaðist ekki til, að þeim væri refsað. Nei, hann vill e. t. v. ekki láta refsa neinum, sem brýtur lög? Ætli maður verði ekki frcmur að telja, að hann vilji láta fylgja landslögum, en sé hér að taka aftur og kyngja því, sem hann hefir ofmælt, og viðurkenna, að þeir séu ekki sekir. Ef hann í raun og veru teldi þá seka, vildi hann vafalaust láta refsa þeim. En eins og hv. þm. Ak. veit, er hér aðeins um það að ræða, að sparlega hefir verið haldið á tekjunum. Og hvernig ætti jafnlítið sveitarfélag og Engihlíðarhreppur að lifa sjálfstæðu lífi, þegar búið er að höggva

af honum hvern hlutann af öðrum, þar sem Laxárdalur, sem verið hefir verulegur hluti af hreppnum, er nú að leggjast í auðn? Hv. þm. ætti því að vita, að það er að tálgast svo utan af þessu sveitarfélagi, að með frv. er verið að tefla í fullkomna tvísýnu, hvort það verður megnugt að standa undir öllum sköttum og gjöldum í framtíðinni. Þó að þetta yrði stuðningur við Blönduóshrepp, er það a. m. k. hæpið réttlæti að ganga svo herfilega á rétt annars aðila, til hagsbóta fyrir hinn.

Því virðist helzt haldið fram, að þetta sé eðlilegt og réttlátt, því Engihlíðarhr. þoli það, af því hann hefir safnað nokkrum sjóði með hagsýni og sparnaði. En það mun sýna sig, að það endist ekki lengi, ef svona á að ganga á tekjustofna hreppsins. A. m. k. ætti Blönduóshr. að hafa meiri skilyrði til þess að komast áfram en Engihlíðarhreppur, þegar búið er að rýra hann eins og hér er gert.

Mér finnst ekki rétt af hv. þm., sem jafnframt er oddviti sýslunefndarinnar, að vilja ekki hlýða á, hvað hún segir um málið, en styðja að því, að Engihlíðarhr. sé limlestur á þennan hátt, án þess að eiga kost á að bera hönd fyrir höfuð sér.

Gísli Sveinsson [óyfirl.]: Mér þykir sem umr. um þetta mál gangi nokkuð úr hófi fram og ekki alveg á vissan veg.

Ég sé ekki, að aðalatriðin hafi verið til umr. nú á aðra klst., heldur aukaatriði, sem ekki skipta máli og engu valda um það, hvort málið nær fram að ganga eða ekki. Og margt, sem talað hefir verið um, einkum af hv. þm. V.-Húnv., er gersamlega utan við það frv., sem hér liggur fyrir. Vitnaði hv. þm. til sveitarstjórnarl. um, að hvergi mætti breyta takmörkum hreppa. En í 3. og 4. gr. sömu l. er kveðið á um, hvernig breyta megi takmörkum hreppa, ef umboðsstjórnin framkvæmir breytinguna. En einnig gæti orðið spurning um, hvort löggjafarvaldið hefir ekki heimild til að fara sína leið í þessu máli eins og öðrum, hvað sem liði umboðsvaldinu. Og nú er svo komið norður þar, að ákvæðin um heimild umboðsstj. til þess að breyta takmörkum hreppanna verða ekki nýtt. Það gengur svo, að oft verður úr reipdráttur, ef tekjuvon er af sneiðinni. Þetta þekkist vel, og vitanlega er svo hér, enda ekki farið leynt.

Ég verð að taka undir með hv. frsm. um það, að höfuðatriðið er, hvar tekjurnar lenda. Þetta atriði liggur þannig við þm., að þeir eiga að gera upp, hvort sveitarfélag, sem af tilviljun hefir nú um skeið hirt tekjur af kauptúni, sem þar hefir vaxið upp, hafi sérstakan rétt til að gera það til eilífðar. Áður var þetta svo, að ekkert af kauptúninu var sérstakur hreppur, en verzlunarlóðin var báðumegin við Blöndu, og er því þetta frv. í samræmi við það. Þegar svo hreppnum var skipt úr Torfalækjarhreppi, var þessi sneið, sem nú er rætt um hér á þinginu, ekki tekin með, af þeim eðlilegu sökum, að hún var þá ekki orðin jafnþýðingarmikil og nú, og því ekki sinnt um hana af aðilum málsins í héraði. Og aðeins þess vegna er málið hér komið, að ekki hefir reynzt kleift heima í héraði að koma því í rétt horf. En í rétt horf kalla ég, að það komist, þegar kauptúnið er komið í eina heild, sem er sjálfu sér ráðandi, og gætir sjálft sinna eigin hagsmuna og ber ábyrgð á að sjá íbúum kauptúnsins farborða.

Náttúrlega eiga kauptúnin í vök að verjast eins og hrepparnir, og munu þeir erfiðleikar ekki verða leystir hér á þinginu. En það sýnir sig alltaf betur og betur, að það kemur ekki til mála, að hrepparnir geti farið þá leið, að skipta hluta úr kauptúni og nota sér til framdráttar. Og þetta hefir komið hér fram, að sveitin, sem er stærri hluti hreppsfélagsins, hefir haft tilhneigingu til að nota sér, að kauptúnsbúar máttu sín lítils, og þó aðaltekjurnar kæmu frá kauptúninu, að nota þær til sameiginlegra þarfa, en láta það ekki fá sambærilegt til sinna þarfa. Svona er þetta yfirleitt þar, sem líkt stendur á. En hreppurinn, sem hirðir tekjurnar, léttir sínu fólki að lifa og hrærast, svo það er mjög eðlilegt, þó það verði því viðkvæmt mál að missa af þeim. Og þar eð hreppurinn hefir ekkert lagt af mörkum, hvorki verzlun né annað, sem skapar fólkinu lífsskilyrði, hefir hann þar engan sérstakan rétt.

Hvað sem líður heimild umboðstj. til þess að ráða fram úr svona máli, er það gefið, að löggjafarvaldið getur tekið það í sínar hendur án þess að raska að nokkru grundvallarreglum sveitarstjórnarl.

Hvort hér eigi að vera um nokkrar bætur að ræða, getur mjög orkað tvímælis. Þegar allt kemur til alls verður grundvöllurinn að vera sá, að kauptúnin fái tekjur af sínu fólki og sjái því farborða. (**HannJ**: L. eiga að byggja á réttlæti). Hv. þm. getur ekki neitað því, að l. eru ekki alltaf réttlát, og að þá á að breyta þeim. Einnig eru l. oft rangt skilin, og er þá skylda löggjafans að leiðrétta þá, sem slíkt hendir. En það er augljóst mál, að hvort sem kauptún er vel eða illa statt, og ekki síður, ef það er illa statt, þá þarf það á öllu sínu að halda. Ég hefi engar sagnir af því, hvernig Blönduós er staddur. En hvað um það, — kauptúnið þarf samt sem áður að fá þær tekjur, sem því með réttu ber af þessum hluta kauptúnsins. Hvað brtt. hv. allshn. snertir vil ég benda á það, að sú breyt., sem þar er farið fram á, að gerð verði á 4. gr. frv., segir berum orðum, að Blönduóshr. verði að greiða Engihlíðarhr. bætur eftir mati fyrir missi tekna úr Blönduóskauptúni fyrir norðan Blöndu. Mér er spurn: Á þetta að verða til eilífðar? Á kauptúnið ekki að fá það, sem því í raun og veru ber? Á það ekki að fá tekjur af sínum eigin eignum, til þess að geta staðið straum af kostnaði þeirra framkvæmda, sem á herðum kauptúna hvíla yfirleitt?

Þessi brtt. er mjög varhugaverð. Ég hygg, að hv. n. hafi ekki athugað forsendur þessa máls til fullnustu, og það er spurning, hvort ekki væri verr farið en heima setið fyrir Blönduóskauptún með slíkri sameiningu. Ég vil því mælast til þess, að hv. n. og þeir, sem áhuga hafa á þessu frv., taki það aftur til 3. umr., til frekari athugunar.

Pétur Ottesen [óyfirl.]: Þegar um skiptingu á hreppum er að ræða, þá reynist það jafnan svo,

að slíkt mál verður ávallt talsvert viðkvæmt, og skoðanir þeirra, sem þar eiga hlut að máli, verða jafnan mjög skiptar.

Þess vegna er það mjög mikils virði í þessu sambandi, þegar um slíka skiptingu er að ræða, að hún geti komizt á með samkomulagi, og helzt, að slíkt samkomulag geti fengizt milli þeirra aðilja, sem þarna eiga hlut að máli. Það er vitanlega langþægilegast, að hægt sé að útkljá slík mál heima fyrir, enda er gengið út frá því í sveitarstjórnarlögunum. Í 3. gr. þeirra er gert ráð fyrir því, að þeir aðilar, sem hér eiga hlut að máli við hreppaskiptingu, séu hreppsfélög og sýslunefndir. Ég hefi nú athugað í skjölum þessa máls, hvort leitað hafi verið álits sýslunefndar um þessa skiptingu, sem hér er um að ræða, eins og gert er ráð fyrir í 3. gr. sveitarstjórnarl., en ákvæði 4. gr. l. koma hér alls ekki til greina og snerta þetta mál ekkert. Ég rakst hvergi á það í skjölum þessa máls, að nokkuð hefði verið leitað til sýslunefndar um málið. Þetta er það merkilegt atriði, að það virðist næstum óhugsandi, að framhjá því sé gengið, þegar slíkt mál er lagt fyrir þingið. Samkv. þessum ákvæðum sveitarstjórnarl. virðist mér því alls ekki tímabært að leggja slíkt mál sem þetta fyrir þingið, fyrr en búið er að fara til þrautar þær leiðir, sem gert er ráð fyrir í 3. gr. l., því að þar er skýrt og skorinort tekið fram, að fyrst skuli leita samkomulags við komandi hreppa, og ef það samkomulag ekki næst, þá á að leita aðstoðar sýslunefndar í þessu efni. Nú hefir mér verið sagt, að eitthvað hafi komið fram í umr. um þetta atriði. Ég hefi ekki heyrt það fyrr, en sé svo, þá á vitanlega að taka það fram í aths. við þetta frv. Í samræmi við þessa skoðun mína á málinu leyfi ég mér að bera fram eftirfarandi rökst. dagskrá:

„Þar sem eigi liggur fyrir álit sýslunefndar A.-Húnavatnssýslu um breyting þá á hreppaskipun, sem frv. felur í sér, en meðmæli sýslunefndar til slíkrar breytingar er áskilin í 3. gr. sveitarstjórnarlaganna, þá tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá.“

Guðbrandur Ísberg [óyfirl.]: Ég nenni nú ekki að elta ólar við hv. þm. V.-Húnv., en geymi mér það til 3. umr. En ég vil þó drepa á eitt atriði í ræðu hans. Hann margundirstrikaði, að hann hefði bent á leið til þess að ráða fram úr öllum þessum vandkvæðum, sem hér um ræðir. Ég ætla þá í þessu sambandi að drepa á nokkur af þeim vandamálum, sem getið er um í fskj. þessa frv. Þar er t. d. talað um það í sambandi við fátækramálin, að viss hluti af mönnum á Blönduósi greiði útsvar til annars hrepps. Samkv. fullyrðingum sínum í þessu sambandi ætti hv. þm. V.-Húnv. þá að hafa ráðið bót á þessu vandamáli, sem allir vita, að ekki er. — Þá er getið um það í sambandi við fræðslumálin, að sunnan Blöndu starfi fastaskóli með of fáum börnum til þess að þeir tveir kennarar, sem við skólann eru, hafi nóg að gera, en samt sem áður ganga börn utan árinnar ekki í þennan skóla. Hvaða leið hefir hv. þm. bent á til þess að ráða bót á þessu vandkvæði? Enga. Hvaða leið hefir hv. þm. bent á til þess að ráða fram úr ýmsum vankönturn, sem eru á heilbrigðismálum kauptúnsins? Enga. Hvað kirkjumálin snertir, þá er svo ástatt um þau, að þeir, sem búa norðan Blöndu, verða að fara 12—13 km. til þess að sækja kirkju þeirrar sóknar, sem þeir teljast til, en svo nota þeir Blönduóskirkju, án þess að neitt af sóknargjöldum þeirra renni þangað. Ég hefi ekki heyrt, að hv. þm. V.-Húnv. hafi bent á neina leið til þess að kippa þessu í lag.

Þessar fullyrðingar hv. þm. eru allar út í loftið, og þannig er allur hans málflutningur í þessu sambandi, og það er ekki við öðru að búast, því að þetta mál hefir við fyllstu rök að styðjast. Það er ekki hægt að mæla á móti því, að hér er um kauptún að ræða, sem á að vera eitt hreppsfélag.

Viðvíkjandi ræðu hv. þm. Borgf. skal ég strax taka það fram, að þetta mál hefir ekki verið rætt á sýslufundi í Húnavatnssýslu, og ég álít, að þetta mál eigi þangað hreint ekkert erindi.

Í þessu sambandi vil ég benda á það, að þegar Skildinganes var lagt undir Reykjavík, var leitað umsagnar Gullbringu- og Kjósarsýslunefndar, af því að þar var um breyt. á lögsagnarumdæmi Reykjavíkur að ræða. En hér er ekki um neitt slíkt að ræða. Þetta mál er sérmál tveggja hreppa. Á sýslunefndarfundi mundi þetta mál alls ekki vera rætt á grundvelli hagsmuna Blönduósbúa eða íbúa Engihlíðarhrepps, heldur yrði það rætt og afgr. með tilliti til hagsmuna kaupfélags Húnvetninga. Ég skammast mín ekkert fyrir að stuðla að því, að þetta gangi framhjá sýslunefnd, því að þangað á það ekkert erindi, eins og ég sagði áðan. Mér þykir leitt, að hv. þm. Borgf. skyldi snúast gegn þessu máli. Fyrir nokkrum árum flutti ég mál í þessari hv. d., sem var svipað þessu máli að vissu leyti. Það var frv. um afnám flugskattsins. Gegn því máli var „agiterað“ mjög mikið, sérstaklega af utanþingsmönnum. Hv. þm. Borgf. stóð þá með mér og barðist mjög drengilega fyrir málinu, sem hann vissi, að var byggt á réttum og sanngjörnum forsendum. Mér virðist þetta mál, sem hér liggur fyrir, jafnsanngjarnt og réttlátt, því að þetta frv. fer fyrst og fremst fram á að sameina tvo kauptúnshluta í eitt sveitarfélag. En hv. þm. Borgf. er á móti þessu sanngirnismáli. Ég veit ekki, hvað veldur þessu. Ef til vill hefir hv. þm. farið of oft yfir þessa makalausu Blöndubrú eða hann hefir lagt of mikið eyrun við „agitation“ gegn þessu máli, en ég vona samt, að hann athugi sinn gang og reyni að komast að annari niðurstöðu fyrir 3. umr.

Forseti (StJSt): Hv. þm. V.-Húnv. hefir kvatt sér hljóðs, en hann hefir tekið fjórum sinnum til máls, við þessa umr., og þar sem ég sé ekki, að hann hafi nokkra ástæðu til þess að bera af sér sakir í þessu efni, þá gef ég hv. þm. Borgf. orðið.

Pétur Ottesen [óyfirl.]: Mér kom allundarlega fyrir sjónir, hvernig hv. þm. Ak. hagaði orðum sínum. Hann sagði, að ég væri mótfall-

inn þessu máli. Það, sem ég hefi lagt til málsins, er rökst. dagskrá, sem ég hefi borið fram. Hún felur það í sér, sem hann hefir ekki mótmælt, að málið hafi ekki fengið þá meðferð heima í héraði, sem það á að fá, áður en það er borið fram á Alþingi. Málið hefir sem sagt aldrei komið til kasta sýslunefndar Húnavatnssýslu á þann hátt, sem sveitarstjórnarl. gera ráð fyrir, þ. e., ef samkomulag fæst ekki milli viðkomandi hreppa. Hvað fullyrðingu hv. þm. snertir um það, að þetta mál yrði ekki afgr. í sýslunefnd A.-Húnavatnssýslu með tilliti til þess, hvernig málið liggur fyrir, heldur með tilliti til hagsmuna kaupfélagsins í A.-Húnavatnssýslu, vil ég taka það fram, að ég tel satt að segja ekki, að sýslunefnd sé skipuð þannig, að hún afgr. málin út frá allt öðrum forsendum en liggja fyrir til afgreiðslu málsins. Og hvaða skynsamlega ástæðu er hægt að færa fyrir því, að þetta mál yrði afgr. á þessum grundvelli? Í sýslunefndinni eiga sæti einn maður úr hvorum þessara hreppa, sem hér um ræðir. Það getur því ekkert hallazt á um beina íhlutun þessara tveggja hreppa um þetta mál í sýslunefndinni. En hvað það snertir, að útsvarið, sem kaupfélagið á að greiða, sé það, sem ráði úrslitum í þessu efni, þá stendur svo sérstaklega á um kaupfélög, að útsvör þeirra eru lögákveðin. Það getur því enginn fengið mig eða aðra til þess að trúa því, að farið yrði eftir þessu atriði við afgreiðslu málsins í sýslunefnd. Ég verð að segja, að ég tel það meðmæli með þessu máli, ef svo er, eins og hv. þm. Ak. hyggur, að maður standi verr að vígi við að leggja dóm á málið eftir að hafa ferðazt þangað norður nokkrum sinnum. — Hv. þm. heldur að ég hafi orðið fyrir „agitation“ í þessu máli. Það er mesti misskilningur hjá honum, því að ég hefi ekkert sagt um afstöðu mína til þessa máls, þegar það er orðið frambærilegt til þess að verða lagt fyrir þingið. En á meðan ekki hafa verið reyndar til þrautar þær leiðir, sem sveitarstjórnarl. gera ráð fyrir í þessu efni, þá er ekki tímabært að bera þetta mál fram á þingi, og við það miðast dagskrártill. mín. Þetta er mín afstaða til þessa máls á núv. stigi þess.

Gísli Sveinsson [óyfirl.]: Herra forseti! Ég skal ekki lengja umr. mikið. Ég vil þó segja nokkur orð viðvíkjandi rökst. dagskrá, sem hv. þm. Borgf. hefir borið fram, en hann virðist hafa ýmugust á þessari aðferð til framkvæmdar málinu, en hann hefir þó ekki látið í ljós beina andúð gegn efni málsins. Það er líklegt, að hann sé með því. (PO: Ég hefi ekki sagt það). Það er líklegt, að hann sjái, að þetta er sanngirnismál, en til þess að fullnægja einhverjum ókunnum þörfum, vill hann fara krókaleið, en sú leið liggur út í ógöngur, en ekki að markinu. Þessi dagskrártill. felur sem sé í sér allt annað en það, sem hér um ræðir. Í henni er talað um, að ekki hafi verið leitað álits sýslunefndar A.-Húnavatnssýslu. Nú gæti maður ímyndað sér, að það hefði ekki mikla þýðingu fyrir okkur að fá álit sýslunefndar, ef við teldum þetta mál að formi og efni til óhjákvæmilegt. Hinsvegar er það svo, að það er upplýst, að hreppar þeir, sem hér um ræðir, hafa ekki komið sér saman um þetta mál, og sýslunefndin mun ekki heldur taka í þann streng að sameina þennan hluta kauptúnsins við Blönduóshrepp, af hverju sem það kann að stafa. Viðvíkjandi 3. gr. sveitarstjórnl., sem hv. þm. Borgf. talaði um, er það að segja, að hún hljóðar aðeins um það, ef samkomulag næst milli hreppa, sem hlut eiga að máli, og sýslunefnd mælir með skiptingunni. En hér er ekki um neitt slíkt að ræða. Þessi dagskrártill. er því aðeins út í hött, og það ætti ekki að geta komið til mála, að hún verði borin upp. Rökstuðningurinn er allur úti á þekju og fjallar í rauninni um allt annað efni en hér um ræðir. Hér liggur fyrir frv. um skipun þessara mála, svo að við verði unað, og önnur leið en sú, sem farin er í þessu frv., hefir ekki reynzt fær, því að grundvöllurinn fyrir hinni leiðinni er samkomulag á milli hreppa, og það samkomulag hefir ekki og getur ekki náðst undir þessum kringumstæðum þar norðurfrá. Það er því munnleg till. mín, að hæstv. forseti neiti að bera upp dagskrártill. þessa. Ef hún verður samt borin upp, þá er hún á móti anda þingskapa, og þá er sjálfsagt að fella hana sem óviðkomandi mál.

Umr. frestað.

Á 77. fundi í Nd., 19. nóv., var fram haldið 2. umr. um frv.

Jón Pálmason: Það hefði kannske ekki þótt ólíklegt, að ég sem fulltrúi þess héraðs, sem þetta mál viðkemur, hefði tekið þátt í umr. um það í gær, en þannig stóðu sakir, að báðir hv. 1. flm. frv. og hv. frsm. allshn. vörðu svo vel sitt mál, að ég fann ekki ástæðu til að bæta þar neinu við, fyrr en hin rökst. dagskrá um að vísa málinu frá kom fram frá hv. þm. Borgf. Áður en ég vík máli mínu að dagskrá þessari skal ég lýsa ánægju minni yfir brtt. allshn. og þakka n. fyrir skilning hennar á málinu. Óska ég, að brtt. verði samþ. í hv. d. — Skal ég svo fara nokkrum orðum um þessa dagskrá hv. þm. Borgf. Því hefir verið lýst yfir af flm. hennar, að hún væri byggð á þeirri reglu Alþingis, að krefjast ýtrustu tilrauna til samkomulags í slíkum málum sem þessu, áður en Alþingi léti það til sín taka. Ég get sagt hv. flm. það og öðrum, að mér hefði aldrei komið það til hugar, að mál þetta kæmi inn á Alþingi, ef hægt væri að gera ráð fyrir því, að samkomulag fengist um það í héraði, því ef hægt hefði verið að afgr. málið á grundvelli sveitarstjórnarl., þá var með öllu óþarft, að málið kæmi fyrir Alþingi. Nú liggja fyrir Alþingi öll rök í málinu, með og móti. Annarsvegar óskir um breyt., hinsvegar mótmæli gegn henni, þar sem talið er, að gengið sé á rétt Engihlíðarhrepps með sameiningunni. Ef svo er, að einhver hv. þm. hefir ekki enn lesið þau mótrök, þá vil ég mælast til, að þeir læsu þau, og vænti ég þá, að þeir treysti sér til að greiða atkv. með eða móti málinu án þess að því verði vísað frá með dagskrá. Snertandi það, að gróði sé fyrir málið að vísa því heim til sýslunefndar, þegar öll rök í málinu

með og móti liggja ljós fyrir, þá sé ég ekki, að Alþingi stæði neitt betur að vígi, þó fyrir lægi samþykki eða mótmæli sýslunefndar, sem byggðust á eins eða tveggja atkv. mun. Þess vegna held ég, að engin ástæða sé til að vísa málinu heim.

Ég skal taka það fram, að hliðstætt mál þessu hefir legið fyrir þinginu, þar sem um var að ræða að leggja land, sem tilheyrði Gullbringu- og Kjósarsýslu, undir Hafnarfjörð. Allshn. vísaði þessu máli til sýslunefndar þeirrar sýslu, en eingöngu af þeim ástæðum, að hér var um að ræða breyt. á milli lögsagnarumdæma, þar sem tekið var af öðru og bætt við hitt. Slíkt liggur alls ekki fyrir hér.

Þá vil ég að síðustu geta þess, að fyrsti flm. frv., hv. þm. Ak., sem dauður er við þessa umr., hefir beðið mig að skila því, að þar sem hann talaði um agitationir utan þings móti frv., þá hafi hann ekki átt við þá menn, sem hingað eru komnir frá Engihlíðarhreppi, því það er gott að fá þeirra rök í málinu. Ef þau lægju ekki fyrir, væri frekar ástæða til að vísa því heim. En nú liggja þeirra rök frammi, og er því sú ástæða fallin. Hv. þm. Ak. átti við allt aðra menn utan þings, sem agiteruðu gegn frv., og þeirra agitationir voru ekki sprottnar af neinni umhyggju fyrir Engihlíðarhreppi, heldur af allt öðrum ástæðum. (PO: Hvaða menn eru það? — **HannJ**: Er það Steingrímur Davíðsson?). Ég ætla ekki að fara nánar út í það mál. Ég vænti þess, að hv. þm. hafi svo kynnt sér gögn málsins, að þeir geti greitt atkv. með eða móti frv. og að sú fylking verði þunnskipuð, sem dagskránni fylgir.

Pétur Ottesen [óyfirl.]: Ástæðan til þess, að ég kveð mér nú hljóðs til þess að gera aths., er sú fáránlega krafa hv. þm. V.-Sk., sem undarlegt er, að skuli koma frá löglærðum manni, að dagskrá minni sé vísað frá, af því hún ætti ekki við og geti því ekki komið til atkv. Hefði mér aldrei dottið í hug, að þessi hv. þm. gæti verið svo utangátta um afgreiðslu mála. Ég hafði í tveimur ræðum mínum fært rök að því, að málið bæri þannig að, að ómögulegt væri að samþ. frv., þar sem flest það hafði verið vanrækt í undirbúningi málsins, sem sveitarstjórnarlögin mæltu fyrir. Ég vissi þó ekki í gær, að annað hefði verið vanrækt en að leggja málið fyrir sýslunefnd Austur-Húnavatnssýslu, eins og l. mæla fyrir, en síðan hefi ég frétt, að málið hefir ekki einu sinni verið tekið fyrir af hinum fyrstu aðilum, þar sem eru hreppsnefndir Engihlíðarhrepps og Blönduóshrepps, því samningaumleitanir hafa aðeins verið milli einhverrar nefndar utan hreppsnefndarinnar í Blönduóshreppi og hreppsnefndar Engihlíðarhrepps, sem hreppsnefndin leit svo á, að gæti ekki verið hinn rétti aðili fyrir Blönduóshrepp. Það vantar því ekki einungis samþykki viðkomandi sýslunefndar, heldur vantar það, að tilraun hafi verið gerð til samninga milli sjálfra aðiljanna, hreppsnefndar Blönduóshrepps og hreppsnefndar Engihlíðarhrepps. Það skortir því ekki eitt, það skortir allt, til þess að Alþingi geti tekið ákvörðun um málið. Jú, auðvitað, ef Alþingi vill traðka ákvæði sveitarstjórnarl., þá er hægt að gera hér á nýja skipun. Það er náttúrlega hægt að samþ. lög alveg í trássi við anda og skýlaus ákvæði sveitarstjórnarl., en slíkt er Alþingi gersamlega ósamboðið. Það er því ekki um annað að gera en að vísa málinu heim og reyna samkomulag milli hreppsnefndanna, því slíkt samkomulag hefir ekki verið reynt, og ef það fæst ekki, þá að leggja málið fyrir sýslunefnd. — Ég þarf raunar ekki að hafa fleiri orð um þetta; það er svo ljóst, svo skýrt, að ekki er hægt að samþ. frv. nema með því að brjóta gegn ákvæðum 3. gr. sveitarstjórnarl. Ég trúi því ekki, að Alþingi taki svo hatrammt á málinu að samþ. frv. án þess reynt sé til þrautar að leysa það heima fyrir. Allt annað væri fullkomið ofríki, sem ekki samrýmdist því lýðræðisfyrirkomulagi, sem gildir hér í landi, heldur bryti algerlega í bága við það. Ég skal benda á það, að fyrir því eru fullkomin fordæmi að senda mál heim sem þetta, áður en Alþingi grípur inn í þau með löggjöf. Ég þarf ekki annað en benda á það, sem gert var hér í hv. d. fyrir nokkrum dögum, þegar hér lá fyrir frv. um að leggja undir Hafnarfjarðarkaupstað hluta af Bessastaðahreppi, og þegar farið var fram á að taka eignarnámi handa sama kaupstað jörð á Reykjanesskaga, þá þótti ekki annað fært en að bera málið undir sýslunefnd Gullbringu- og Kjósarsýslu. Hv. þm. þessa kjördæmis fór fram á það við 2. umr., að engin atkvgr. færi fram um málið fyrr en umsögn sýslun. væri fengin. Og hæstv. forseti tók strax þessa ósk til greina og lofaði því, og það loforð var efnt, að málið skyldi ekki verða tekið á dagskrá fyrr en álit sýslunefndar Gullbringu- og Kjósarsýslu væri fengið. Þetta er því í fullu samræmi við það, sem ég hefi sagt um þetta mál, og þannig leit einnig hv. d. á þetta fyrir skemmstu. Ég get bent á, að í þeim tilfellum, sem með l. hafa verið tekin lönd undan Gullbringu- og Kjósarsýslu og lögð undir Reykjavík, sem hefir verið gert með tvennum l., fyrst Ártún og síðan Skildinganes, þó þótti ekki geta komið til mála að gera slíka breyt. öðruvísi en sýslunefnd Gullbringu- og Kjósarsýslu kæmi fram sem réttur aðili í þeim málum. Nú hefir það verið borið í vænginn hér, að eðlismunur væri á því, hvort breyta ætti mörkum milli lögsagnarumdæma eða mörkum milli hreppa innan sama lögsagnarumdæmis. Á þessu er enginn verulegur munur? Þegar land er fært milli lögsagnarumdæma, er verið að færa á milli grundvöllinn undir álagningu gjalda til hrepps- og sýslusjóða, en hér er verið að færa á milli hreppa grundvöllinn undir álagningu útsvara. Í báðum tilfellum er það fjárhagsatriði, sem máli skiptir. Því er hér enginn eðlismunur á, hvort breyta á mörkum lögsagnarumdæma eða hreppa.

Ég ætla, að dæmi það, sem ég hefi bent hér á, sýni, að Alþingi hefir fullkomlega tekið til greina ákvæði sveitarstjórnarl. og neitað að taka til afgreiðslu slík mál sem þetta fyrr en búið væri að reyna til þrautar samkomulagsleiðina á grundvelli þeirra l. Eins á að fara að nú. Ef Alþingi samþ. þetta frv. nú, þá brýtur

það ekki aðeins í bága við sveitarstjórnarlögin, heldur einnig við sína fyrri framkomu í a. m. k. þremur slíkum málum, sem legið hafa fyrir undanförnum þingum.

Ég þakka hæstv. forseta, hvað hann hefir leyft mér að hafa þessa aths. langa, en þetta varð að koma fram. Það sjá allir, að ekki kemur til mála að vísa frá þeirri rökst. dagskrá, sem ég hefi leyft mér að flytja, því samþ. hennar er sá eini máti, sem hægt er að afgr. þetta mál með. Furðar mig, að slík reginfjarstæða skuli koma fram.

Gísli Sveinsson [óyfirl.]: Herra forseti! Ég býst ekki við að þurfa að fara mörgum orðum um það atriði, sem hv. þm. Borgf. æsti sig mest út af nú, því það var ljóslega fram tekið af mér í gær, að hin rökst. dagskrá hans nær ekki nokkurri átt. Hitt getur verið, að hæstv. forseti kveinki sér við að vísa slíkri till. frá, enda þótt það væri í fyllstu samræmi við það, sem rétt er og eðlilegt samkv. þingsköpum. Þó að fram komi dagskrártill. alveg út í hött, sem ekkert snertir það atriði, sem verið er að deila um, þá getur maður ekki talið heimilt að vísa máli frá eftir slíkri endemis till. Það getur verið, að hæstv. forseti vorkenni hv. þm. að hafa leiðzt út í þennan barnaskap, því skipti ég mér ekkert af. En ég vænti, að hv. þm. séu svo óblindaðir af því moldviðri, sem hv. þm. Borgf. og hv. þm. V.-Húnv. hafa þyrlað hér upp, að þeir kunni deili á að meta málið eftir rökum, en ekki eftir fjarstæðum.

Hv. þm. Borgf. heldur fram, að eins og nú standa sakir megi ekki þessi breyt. ganga fram, það megi ekki hafa þá aðferð í þessu máli, sem hér er farið fram á. Vitnaði hann ennþá í sveitarstjórnarlögin, sem er tóm endileysa, því þetta mál kemur ekkert við þeim ákvæðum, sem hann vitnaði í, og ætti hann að taka til greina þegar honum fróðari menn benda honum á það. Þetta mál á ekki að fara umboðsmegin. Ef það væri, gætu ákvæði sveitarstjórnarl. átt við. En það verður að ákveða þetta mál með löggjöf, og þar af leiðandi er löggjafinn óháður þeirri aðferð, sem ætlazt er til, að viðhöfð sé áður en ráðh. sker úr slíkum efnum. Það næði ekki heldur tilgangi sínum eftir till. hv. þm. að fara þá leið, svo að till. er úti á þekju jafnvel frá sjónarmiði hans sjálfs. Hann talar um, að málið fái ekki löglega meðferð hér. Það er búið að sýna fram á, að það er búið að fá þá meðferð, sem það þarf að fá áður en löggjafinn tekur í taumana. Það er upplýst, að samkomulag næst ekki heima í héraði. Málið getur þannig ekki farið umboðsleiðina, heldur verður að fara löggjafarleiðina. Það er upplýst, að n. var skipuð til að fjalla um málið, sem átti að reyna að ná samkomulagi við hreppsnefnd Engihlíðarhrepps. Þeir vildu hvorki heyra hana né sjá og þar með var útilokað og langt frá, að það gæti orðið samkomulag. Ég sé því ekki, að málið hafi neitt að gera heim í hérað aftur. Menn virðast samdóma um efni málsins, að það sé réttmætt, hv. þm. Borgf. hefir ekki neitað því. Og hvaða ástæða væri þá til að senda málið norður í land eftir þessari utangarnatillögu hans og biðja um álit um það, sem menn vita fyrirfram, hvernig yrði? Hvorki sýslunefndin eða hreppsnefndirnar geta komið sér saman um þetta, og þess vegna er leitað til Alþingis um úrlausn á því. Hvað er unnið við það, þó fyrir lægi neikvætt svar frá sýslunefnd? Nauðsynin á framgangi málsins er jafnáberandi fyrir það. Menn virðast sammála um, að efni málsins sé þannig vaxið, að það eigi að ná fram að ganga, og menn vita um afstöðu manna til þess heima í héraði, svo hv. þm. ættu að standa sig við að greiða atkv. með því nú þegar. Það er ekki annað en barnaskapur að gera formið að þessu höfuðatriði, sérstaklega þegar form það, sem hv. þm. Borgf. hangir í, á ekki hér við að lögum.

Forseti (JörB) [óyfirl.]: Dagskrártill. hv. þm. Borgf. hljóðar þannig:

„Þar sem ekki liggur fyrir álit sýslunefndar Austur-Húnavatnssýslu um breyting þá á hreppaskipun, sem frv. felur í sér, en meðmæli sýslunefndar til slíkrar breytingar eru áskilin í 3. gr. sveitarstjórnarlaganna, þá tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá".

Hv. þm. V.-Sk. óskar, að þessari dagskrártill. sé vísað frá, þar sem hann telur hana ekki í samræmi við anda þeirra l., sem í henni er vitnað til. Í dagskrártill. felst að vísu ekkert það, sem gerir hana óhæfa til að koma undir úrskurð deildarinnar. Rökstuðningur dagskrártillagna er yfirleitt mjög mismunandi og menn geta lagt misríka áherzlu á ýms málsatriði, sem til meðferðar eru í það og það skipti. Mitt álit er því það, þegar um slíkar till. er að ræða, svo framarlega sem þær brjóta ekki beint í bága við stjsk. eða ganga mjög á móti atriðum l. um það efni er þær fjalla um, þá sé ég ekki ástæðu til að vísa þeim frá, þannig að þær komi ekki til atkv. Í 1. gr. sveitarstjórnarl. er sagt, að sýslu- og hreppamörk skuli haldast þau, sem verið hafa, en í 2. og 3. gr. er gerður sá munur á, að sýslumörkum megi aðeins breyta með lögum, en umboðsvaldinu gefin heimild til þess að breyta hreppamörkum, ef fyrir liggi samþykki hlutaðeigandi hreppsnefnda og sýslunefndar. Það liggur þannig aðeins fyrir að því er snertir umboðsvaldið, að samþykki sýslu- og hreppsnefnda þurfi að liggja fyrir. Þegar um er að ræða að breyta hreppamörkum með l., virðist því ekki óhjákvæmilegt, að fyrir liggi yfirlýsing frá sýslu- og hreppsnefndum um að samkomulags hafi verið leitað. Á sama hátt og Alþingi getur breytt sýslumörkum með l. getur það og breytt hreppamörkum, ef ástæður eru fyrir hendi, sem þykja réttlæta þá breytingu. Hinsvegar sé ég ekki ástæðu til að vísa dagskrártill. hv. þm. Borgf. frá atkvgr., eins og farið hefir verið fram á. Það virðist hans skoðun, að undir engum kringumstæðum sé rétt að breyta hreppamörkum nema fyrir liggi álit sýslu- og hreppsnefnda áður en Alþingi ákveður slíka ráðstöfun. Um það efni geta menn haft sínar skoðanir. Mun ég því ekki vísa dagskrártill. hv. þm. Borgf. frá, og kemur hún til atkv.

ATKVGR.

Rökst. dagskráin frá þm. Borgf. felld með 25:5 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: EE, HannJ, JS, PO, BÁ.
nei: EmJ, EystJ, FJ, GÞ, GG, GSv, GÍ, HV, JakM, JJós, JÓl, JónP, JG, ÓTh, PZ, PÞ, PHalld, SigfJ, SK, StJSt, TT, ÞorbÞ, BJ, BB, JörB.

Þrír þm. (MT, SE, ÁÁ)) fjarstaddir.

1. gr. samþ. með 24:4 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: ÞorbÞ, BB, EmJ, EystJ, FJ, GÞ, GG, GSv, GÍ, HV, JakM, JJós, JÓl, JónP, JG, ÓTh, PZ, PÞ, PHalld, SigfJ, SK, StJSt, TT, JörB.
nei: BÁ, HannJ, JS, PO.

Fimm þm. (ÁÁ, BJ, EE, MT, SE) fjarstaddir.

Brtt. 555,1 samþ. með 24 shlj. atkv.

2. gr., svo breytt, samþ. með 22:2 atkv.

Brtt. 555,2 (ný 3. gr.) samþ. með 23 shlj. atkv.

— 555,3 samþ. með 22 shlj. atkv.

4. gr., svo breytt, samþ. með 23 shlj. atkv.

Brtt. 555,4 samþ. með 22 shlj. atkv.

5. gr., svo breytt, samþ. með 23 shlj. atkv.

Brtt. 555,5 samþ. án atkvgr.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 22:3 atkv.

Á 79. fundi í Nd., 21. nóv., var frv. tekið til 3. umr. (A. 582, 587).

Guðbrandur Ísberg: Ég hefi borið fram brtt. við frv. á þskj. 587, sem í því felst, að á eftir orðinu „fjörubeitar" komi: að vetrarlagi. Þessi breyt. er miðuð við það, að þeir menn, sem búa norðan við ána, geti að ósekju rekið fé af höndum sér, til þess að verja tún sín og garða. Annars má líta svo á, að orðið „fjörubeit" tákni aðeins beit að vetrarlagi, en þó tel ég vissara að taka þetta fram.

Það eru til menn, sem vanrækja að reka fé sitt á fjall að vorinu, eins og gildandi fjallskilareglugerð mælir fyrir, en það verður að teljast alveg ótækt, að það fé fái hindrunarlaust að ganga á túnum manna og görðum.

Hannes Jónsson [óyfirl.]: Eftir að ég var búinn að ljúka mínum ræðutíma við 2. umr. þessa frv. og var af hæstv. forseta neitað um að svara, notaði hv. þm. Ak. sér tækifærið til að gera litla og lélega tilraun til þess að vefengja andmæli mín gegn höfuðástæðum flm. fyrir frv. Hann réðst þó ekki í meira en að reyna að verja fjögur fyrstu atriðin í grg. frv. Ég vil nú við þessa umr. nota tækifærið til þess enn á ný að sýna fram á léttvægi þessara ástæðna hv. flm. frv., þó ég væri áður búinn að andmæla þeim við 1. umr. Ég vil vona, að hv. þm. Ak. sjái sér fært að reyna að svara mér nú, meðan ég hefi ræðutíma til þess að svara honum enn á ný, en að hann slengi ekki inn órökstuddum atriðum í málinu eftir að minn tími er búinn, því það er náttúrlega þrátt fyrir það nokkuð ójafn leikur í þessu máli, þar sem ég verð að standa næstum því einn uppi gegn mörgum. Því vil ég skora á hv. þm. Ak. að koma með sínar aths., ef hann hefir eitthvað að segja, þegar er ég er búinn að reka ofan í hann það, sem hann sagði við 2. umr.

Hann minntist fyrst á fátækramálin. Umsögn í grg. frv. um þau hljóðar á þessa leið, með leyfi hæstv. forseta:

„Þar kennir hins mesta ósamræmis, því útsvör langstærsta fyrirtækisins renna út úr kauptúninu, þrátt fyrir allmikil sveitarþyngsli meðal fyrrverandi og núverandi verkamanna þessa fyrirtækis, þeirra sem fyrir sunnan ána búa".

Ég var búinn að láta það í ljós, að einasta ástæðan, sem eftir stæði fyrir sameiningunni, væri sú, að Blönduóshreppur þyrfti að ná í útsvör samvinnufélaganna norðan við ána. En ég get nú ekki talið það neinn ókost fyrir þann hrepp, þó íbúar hans fái vinnu og þar af leiðandi tekjur frá samvinnufélögunum.

Þá er næsti liður um hið mjög svo vítaverða ástand, sem þeir telja á fræðslumálum íbúanna norðan Blöndu, þar sem þeir halda því fram, að börnin séu sett til náms í súðarherbergjum eða öðrum lélegum húsakynnum. Aftur á móti telja *þeir í grg., að nóg pláss sé fyrir þessi börn* í barnaskólanum vestan árinnar. Ég get nú upplýst það, að ekki eru nema tvö börn á skólaskyldualdri í byggðinni austan Blöndu, svo þau geta ekki orðið til verulegrar fyllingar í það skarð, sem þeir telja í skólanum fyrir vestan, sem fylla þurfi til þess að kennarar hafi þar nóg að gera. Það liggur og í augum uppi, að skólanefnd Engihlíðarhrepps getur ekki verið í neinum vandræðum með að koma fyrir í skóla þessum tveimur börnum. Það er nú svo í flestum sveitum, að skólabörnum verður að koma fyrir á tveimur bæjum eða fleiri við hvern skóla, og gefst vel, enda hefir því ekki verið mótmælt, að barnafræðslan í Engihlíðarhreppi þoli fullkomlega samanburð við barnafræðsluna á Blönduósi. Þess vegna eru það ekkert nema *sleggjudómar, svo ekki sé nú tekið of djúpt í* árinni, að segja það, að barnafræðslunnar vegna sé nauðsynlegt að sameina kauptúnshlutana, og er óviðeigandi að bera slík rök fram á Alþingi. Ég sé því ekki, að hægt sé að hengja hatt sinn á þessar ástæður.

Þá eru næst heilbrigðismálin. Ég vil nú segja, að þar sé svo ósvífnislega að orði komizt í grg., að út yfir tekur, þegar sagt er, að heilbrigðissamþykkt kauptúnsins hafi strandað á neitun Engihlíðarhrepps um samvinnu. Sannleikurinn er sá, að það var einmitt hreppsnefnd Engihlíðarhrepps, sem lagði frv. til heilbrigðissamþykktar fyrir sýslufundinn. En hver var það þá, sem beitti sér á móti því og kom því til vegar, að það frv. var ekki samþ.? Það var einmitt héraðslæknirinn á Blönduósi, Páll Kolka, maðurinn, sem einna harðast berst fyrir sameiningunni, og maðurinn, sem síðar leyfir sér að reyna að nota þetta verk sitt sem ástæðu fyrir sameiningunni. Annað eins og þetta kallar maður nú nokkuð óvenjulegan málflutning og vopnaburð. Við þetta allt saman bætist svo það, að sjálfur formaður sýslun. gerist á Alþingi flm. þessara heiðarlegu röksemda fyrir þennan embættismann fyrir norðan. Þegar embættismenn þjóðarinnar gerast svo ósvífnir í því að reyna að villa almenningi sýn sem hér er raun á, þá verð ég að segja það, að mér finnst syndamalurinn orðinn fullur. Ennfremur er í þessari grein bent á það, að ekki hafi fengizt, vegna andstöðu Engihlíðar-

hrepps, að stækka ljósmóðurumdæmi Blönduóshrepps norður fyrir ána. En það vita allir, að umdæmi ljósmæðra fara ekki ætíð eftir hreppum, og þarf því enga sameiningu hreppanna til þess að breyta ljósmóðurumdæmi Blönduóshrepps.

Þá voru kirkjumálin fjórða og síðasta atriðið, sem hv. flm. reyndi að nota máli sínu til framdráttar. Nú er það svo, að ytri hluti Blönduóskauptúns heyrir til Höskuldsstaðasókn, en notar þó Blönduóskirkju og Blönduóskirkjugarð. Þetta finnst þeim svo öndvert fyrirkomulag, að sameina þurfi kauptúnshlutana í einn hrepp til þess að koma þessu í lag. Ef þessu væri haldið fram af fávizku, þá væri það afsakanlegt, en svo er einmitt ekki, heldur eiga þetta að vera rök. Þessir heiðruðu menn ættu þó að vita, að kirkjusóknir fara ekki eftir hreppum, og þar sem takmörkum hreppa hefir verið breytt hér, er því seilzt nokkuð langt til lokunnar. Mér hefir fundizt ástæða til að benda á þennan nauðaómerkilega málflutning, svo að ljóst megi vera, á hve veikum grundvelli þetta mál er reist.

Ég vil gjarnan eins og áður viðurkenna eina ástæðu fyrir því, að Blönduóshreppur vilji sameininguna, og hún er sú, að ná handa þessum hreppi tekjum af kauptúnshlutanum norðan árinnar. Annað mál er það, hversu réttmæt þessi ástæða er. Ég vil benda á það, að Engihlíðarhreppur er fátækur hreppur; þó honum hafi á nokkrum síðustu árum tekizt að safna nokkrum sjóði, þá man ég það, að um eitt skeið, áður en samvinnufélögin voru stofnuð, var Engihlíðarhreppur svo illa stæður, að hann varð að fá styrk úr sýslusjóði. Þetta verður að viðurkenna, þó leitt sé, en það sannar aðeins það eitt, að þarna eru svo léleg skilyrði, að hreppurinn verður ekki sjálfbjarga, þegar búið er að taka þennan tekjustofn af honum. Ég viðurkenni, að það er leitt að þurfa að segja frá þessu, en það þýðir ekki að leyna staðreyndum. Ég hefi áður bent á það, að einn hluti hreppsins, Laxárdalurinn, er alltaf meir og meir að leggjast í auðn. Það ætti að geta verið skiljanlegt, að því meir sem hreppurinn rýrnar, því ófærari verður hann til að standa undir þeim gjöldum, sem hvíla á sveitarfélaginu. Ég hefi bent á það, að til þess að standast gegn hinu mikla hruni hefir hreppsnefndin reynt að ná eignarheimild á þeim jörðum, sem fara í eyði, til þess að byggja þær upp. Er hreppsnefndin þannig að reyna að auka aftur lífsmöguleikana, en vitanlega með því að taka af hreppnum kauptúnshlutann og þær tekjur, sem samvinnufélögin veita hreppnum, þá er möguleikunum til þessa burtu kippt. Hér er því verið að fara aftan að síðunum, ef á að fara að rýra möguleika leiðandi manna í Engihlíðarhreppi til þess að efla búskapinn þar, en fara að efla Blönduóshrepp, sem nóga möguleika hefir til að standa undir sínum rekstri, og hefir auk þess engar sérstakar framkvæmdir með höndum samanborið við Engihlíðarhrepp, þá verð ég að segja það, að slíkt yrði að teljast í meira lagi undarleg og óviturleg ráðstöfun. Ástandið er nú svo í Engihlíðarhreppi, ef ekkert verður að gert, að það verða ekki nema tvær til þrjár jarðir í Langadal, sem verða þá að halda uppi sveitargjöldunum. Refasveitin er svo rýrt plass, að það er ekki hægt að reikna með henni, ef þessi hluti verður hlutaður af, eins og hv. þm. Ak. þekkir. Hvíla þá öll megingjöld hreppsins á örfáum mönnum í Langadal. Af því mundi leiða það, sem þegar er farið að bera á, að þessir menn mundu hreint og beint flýja sveitina undan svo óhæfilegum álögum. Ekki af því, að þær væru ranglátar í sjálfu sér, heldur af því þær væru svo erfiðar, en óhjákvæmilegar, þar sem á svo sárafáa gjaldendur væri að leggja, og yrði því að ganga á eigur gjaldendanna. Það stefnir því allt að því, ef rýra á tekjumöguleika Engihlíðarhrepps á þennan hátt, að þá verður það til þess, að margar jarðir leggjast í eyði, en þeir bændur, sem eitthvað eiga, flýja undan óbærilegum gjöldum, — og hvernig er þá komið? Ég efast ekki um, að hv. þm. Ak. og hv. þm. A.-Húnv. er kunnugt um það, að Engihlíðarhreppur er einhver rýrasti hreppurinn í Austur-Húnavatnssýslu, og er því hart aðgöngu að taka af honum til þess að bæta við annan hrepp, sem er betur stæður. Frá því sjónarmiði verður Alþingi að líta á málið. Hér er verið að taka möguleika af þeim, sem veikari er, og bæta við hinn sterkari. Þetta er ekki hin ríkjandi stefna í okkar þjóðfélagi, og trúi ég því ekki á Alþingi, að það hallist á þá stefnu. Ég vil að óreyndu vænta þess, að fulltrúar Alþfl., sem telja sig málsvara þeirra, sem eru minni máttar, komi hér til sögunnar og hjálpi til þess að verja rétt hinna smáu. Ég verð að leggja sérstaka áherzlu á það, að þessu máli verði gaumur gefinn, og ég vil einmitt í sambandi við þetta mál vekja athygli hv. þm. á öðru máli, sem við þrír þm. flytjum, sem kannske kemur síðar fyrir í dag.

Það er í þessu efni eins gagnvart sveitarfélögunum og innbyrðis afstöðu þeirra, að hinu opinbera ber skylda til að rétta þeim hjálparhönd, sem minni máttar er og veikari aðstöðu hefir. Hér ber því að hjálpa þeim, sem utan árinnar búa, til þess að þeir fái að hafa aðstöðu til að lifa þar nokkurnveginn heilbrigðu lífi. Alþingi verður að hafa það í huga að ganga ekki á rétt þessa sveitarfélags með því að fá öðru sveitarfélagi í hendur aðaltekjustofn þess. Það er almennt álit manna af öllum flokkum, að það verði á næstunni að skapa sveitarfélögum yfirleitt nýja tekjustofna. Hvílíkt herfilegt öfugstreymi væri þá ekki í því að fara að taka af einu fátæku sveitarfélagi sterkasta tekjustofninn, sem það hefir haft yfir að ráða, þegar yfirleitt er viðurkennt, að sveitarfélögin komast ekki einusinni af með þá tekjustofna, sem þau hafa, heldur verði að bæta við þau nýjum tekjuöflunarmöguleikum. Þetta hljóta hv. þm. að skilja, og þrátt fyrir harða „agitation“ allt frá þingbyrjun efast ég ekki um, að þeir athugi þetta mál nokkru nánar áður en þeir samþ. það.

Ég hefi nú rakið þessi atriði nokkru nánar en áður hefir verið gert, sem hv. þm. Ak. nefndi. Ég hefi ekki fundið ástæðu til að fara út í hin önnur atriði, því ég hefi áður rakið þau sundur lið fyrir lið, og hv. þm. Ak. tók þau ekki upp aftur máli sínu til stuðnings; það voru aðeins þessi fjögur atriði, sem hann tók upp, og nú hefi ég bent á, að ekkert þeirra á nokkurn

stuðning í veruleikanum nema þetta eina, ránsferðin á hendur Engihlíðarhreppi til þess að ræna hann helztu tekjum sínum.

Mér er það ljóst, að þetta mál er rekið af meira offorsi af hálfu stóru flokkanna í þinginu heldur en við hefði mátt búast. Ég tók eftir því, að hv. form. Sjálfstfl. var að hvíslast á við hv. frsm. n. í þessu máli. Ég get sagt það, að af hendi þessa hv. flokksformanns hefir þetta mál verið rekið í hans flokki með meiri ofstopa heldur en dæmi eru til um áður, að undanteknum einstökum ofbeldis- og ósvífnisbrögðum, sem beitt hefir verið af leiðandi manni í flokki sósialista og form. Framsfl. (ÓTh: Var það þegar hv. þm. var rekinn?). Svo hatramleg hefir baráttan verið í þessu máli, að haldið hefir verið fram, að hér sé verið með einhver pólitísk brögð gagnvart manni eins og hv. þm. A.-Húnv. Finnst mér sá flokkur velja illa sína menn, ef hann er það barn, að það verði að hafa með honum barnapíu til þess að passa, að hann pissi ekki á sig.

ATKVGR.
Brtt. 587 samþ. með 18 shlj. atkv.
Frv., svo breytt, samþ. með 18:4 atkv. og afgr. til Ed.

Á 76. fundi í Ed., 22. nóv., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 593).
Á 78. fundi í Ed., 25. nóv., var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til allshn. með 12 shlj. atkv.

Á 84. fundi í Ed., 2. des., var frv. tekið til 2. umr. (A. 593, n. 647 og 669).

Frsm. meiri hl. (Sigurjón Á. Ólafsson) [óyfirl.]: Þetta mál, sem er komið frá Nd., hefir verið til meðferðar í allshn. þessarar d. Eins og sjá má af nál. á þskj. 647, hefir n. ekki getað komið sér saman um afgreiðslu málsins. Hv. 10. landsk. hefir borið fram sérstakt nál. á þskj. 669 og vill þar afgr. málið alveg í samræmi við það, sem hann lét í ljós í n. Ég og hv. 1. þm. Skagf. leggjum til, að frv. verði samþ. óbreytt, en tveir nm., hv. 2. þm. S.-M. og hv. 1. þm. N.-M., hafa óbundin atkv. um málið.

Við, sem mælum með frv., lítum svo á, að hér sé um sanngirnismál að ræða. Eins og kunnugt er, þá er frv. um að sameina Blönduóskauptún, sem nú er skipt milli tveggja hreppa, í eitt hreppsfélag, og í grg. frv. er allýtarlega skýrt frá þeim rökum, sem liggja fyrir því, að þetta sé gert. N. hafa borizt bæði mótmæli og meðmæli með þessu frv. Mótmæli komu frá hreppsnefnd Engihlíðarhrepps, en meðmæli frá sameiningarnefnd Blönduóskauptúns. Okkur, sem mælum með frv., virtist svo skýr rök mæla með sameiningu kauptúnsins, að framhjá þeim yrði ekki gengið. Á síðari árum hefir risið upp öðrumegin árinnar starfræksla eins og kaupfélagið. Mér er sagt, að þar sé einnig kvennaskólinn. Uppskipun og útskipun vara fer þar líka fram, og sú vinna yfirleitt, sem kauptúnsbúar mest sækja til kaupfélagsins, er úti þar. Þetta er austanmegin árinnar, í Engihlíðarhreppi. Hinsvegar er mjög lítið land tekið frá þessum hreppi, þó að sameining fari fram. Mér skilst, að aðalástæðan til þess, að þessi hreppur berst á móti sameiningunni, sé sú, að hann missi þarna góða gjaldþegna. Hinsvegar tók þetta frv. þeim breyt. í Nd., að mér skilst, að hreppsbúar Engihlíðarhrepps geti vel við unað, því að eins og frv. er nú, þá er fullkomlega ætlazt til, að hreppurinn fái bætur fyrir það tjón, sem hann kann að líða, ef þessi sameining á sér stað, og ef hér er um að ræða verulega góða gjaldendur í Engihlíðarhreppi, þá er ekki nema sanngjarnt, að hann fái bætur fyrir.

Ég ætla ekki að svo komnu að fara út í rökfærslur um það, hversu mikil nauðsyn Blönduósi er að þessu, en það er þeirra skoðun, að það sé heppilegra og réttlátara, að kauptúnið sé sameinað í einn hrepp.

Það, sem mér skilst vera aðalástæðan hjá hv. minni hl., er það, að málið þurfi að fara heim og vera undirbúið betur þar, en ég held, að það sé í raun og veru að fara í geitarhús að leita sér ullar. Það mun vera svo mikill ágreiningur innan héraðsins um þetta mál, að það mundi sennilega ekki verða til neins góðs, þó að málinu væri vísað heim. Ég er þeirrar skoðunar, eftir upplýsingum, sem lágu fyrir n., og eftir því, sem kunnugir menn hafa upplýst, að þótt málið færi heim aftur, þá mundi það á engan hátt greiða fyrir því. Má geta þess um leið, að svipuð till. kom fram í Nd., en hún var felld með miklum atkvæðamun, 25:5 atkv., að mig minnir. Er það spegilmynd af því, hvernig Nd. lítur á þetta.

Ég ætla ekki á þessu stigi málsins að fjölyrða meira um það. Legg ég svo til, að frv. verði samþ. eins og það liggur fyrir.

Frsm. minni hl. (Þorsteinn Briem) [óyfirl.]: Ég hefi gert grein fyrir afstöðu minni hl. á þskj. 669. Þar hefi ég leitt að því rök, að málið er mjög lítið og mjög óvanalega lítið undirbúið í héraði.

Í 3. gr. sveitarstjórnarl. er gert ráð fyrir því, að þegar um breyt. á hreppamörkum er að ræða, þá skuli liggja fyrir álit frá báðum hreppsnefndum, og jafnvel samþykki þeirra, og ennfremur, að líka þurfi samþykki sýslunefndar, áður en breyt. á hreppsmörkum geti farið fram. Ég skal að vísu játa, að þar er um að ræða það vald, sem hlutaðeigandi ráðh. hefir til þess að gera breyt. á hreppamörkum. En það er augljóst mál, að fyrir löggjafanum hefir þar vakað, að þeir aðiljar, sem hlut eiga að máli, reyni sjálfir að koma sér saman um málið, og það er tiltölulega fágætt hér á þingi, að sjálft löggjafarvaldið hafi sett löggjöf um slík atriði, þegar ágreiningur hefir verið milli aðilja. Og þótt einstök atriði megi finna, þá hygg ég, að sjaldan eða aldrei hafi þau verið afgr. á fyrsta þinginu, sem málið kemur fram, heldur hefir það verið sent heim í hérað eða látið bíða, til þess að að-

iljar gætu reynt að koma sér saman eða láta álit sitt í ljós. Um undirbúning frv. er það að segja, að hér liggur ekkert fyrir af því, sem þarf að liggja fyrir, þegar um er að ræða að setja löggjöf um slík efni sem þessi.

Þetta frv. virðist vera borið fram að tilhlutun einhverrar n. á Blönduósi, sem nefnir sig sameiningarnefnd Blönduóss. Hinsvegar liggur ekkert fyrir um það, hverskonar umboð hún hefir, hvort hún er tilnefnd af hreppsnefndunum eða kosin af hreppsnefnd. Ekkert liggur fyrir um það, hvort þessir einu aðiljar, sem gátu gefið henni umboð, hafa gefið henni fullt umboð, eða hversu víðtækt umboð hún hefir, ef hún hefir nokkuð.

Þá kemur það einkennilega fyrir, að hér skuli ekki liggja fyrir stafur eða stafkrókur frá hreppsnefnd Blönduóshrepps, sem er annar höfuðaðilinn í þessu máli. Það liggur ekkert fyrir þinginu um það, hvernig hún litur á málið, þótt einstakir þm. þykist einhverjar upplýsingar hafa fengið fyrir sig privat.

Það er venja, þegar stendur til að breyta hreppsmörkum, að hlutaðeigandi sveitarfélög ræða málið sín á milli, athuga, hvernig þeim breyt. yrði haganlegast fyrir komið o. s. frv. Hér liggja ekki fyrir upplýsingar um neitt slíkt, ekki einu sinni um það, að haldinn hafi verið sameiginlegur fundur í þessum hreppsfélögum, eða hreppsnefndirnar hafi reynt að ræða málið sameiginlega og athuga þær leiðir, sem til greina gætu komið í þessu máli, því að það verð ég að taka fram, þar sem ég er dálítið kunnugur staðháttum þarna, að þessi hreppsmörk, sem hér ræðir um, eru alls ekki einu hugsanlegu hreppsmörkin, sem hér gætu komið til greina, þó að þeim verði breytt. Það gæti staðið svo á, og ég hefi jafnvel ástæðu til að ætla, að það gæti orðið heppilegt fyrir annan aðiljann eða jafnvel báða, að hreppamörkin yrðu sett á annan veg en hér er gert ráð fyrir. Mér er kunnugt um, að í næsta nágrenni norðan Blöndu eru örlítil kostarýr smábýli, sem eru ekki þeim kostum búin, að þeir, er þar búa, hafi getað aflað sér lífsbjargar af þeim einum, heldur hafa þeir orðið að sækja atvinnu í þann kauptúnshluta, sem á nú að taka undan þeirra hreppi, og hafa stuðzt við þá bjargræðisöflun, sem þeir hafa getað fengið þar á vissum tímum árs. Ég hygg því, að það sé alls ekki útilokað, að til greina gæti komið slíkt samkomulag um breyt. á hreppamörkunum, að þessi smábýli fylgdu þá þessum kauptúnshluta yfir til Blönduóshrepps. Hinsvegar hefi ég ekki nægа þekkingu á staðháttum þarna til þess að geta fullyrt um það, en þetta getur verið svo mikið atriði í málinu, að ég tel það eitt nægа ástæðu til þess að málið fari heim aftur og væri tekið til athugunar á þessum nýja grundvelli.

Einnig er á það að líta, að sá hreppur, sem nú á að skerða svo verulega, að taka af honum nærri helming þeirra tekna, sem hann hefir hingað til haft af útsvörum, hann mundi naumast geta staðið undir sínum byrðum sem sérstakt hreppsfélag, þegar hann hefir þannig með ofbeldi verið sviptur nærri helming tekna sinna, því að þessi hreppur liggur þannig, að mikill hluti hans er harðindapláss, og einn hluti hans, Laxárdalur, er nú að fara í auðn. Ég veit ekki betur en að á síðasta ári hafi þar 3 jarðir farið í eyði. Annar hluti hreppsins er einnig mikil harðindasveit og hefir erfiða aðstöðu. Það eru því nokkrar horfur á, að þar verði ekki margir gjaldendur, sem geta nokkra byrði borið, heldur þurfi miklu fremur að verða hinum hreppshlutunum til byrði.

Þegar svona er ástatt, að þannig á með ráni og ofbeldi, án þess að aðilinn sé kvaddur til umsagnar, að taka af honum eigu hans, þá kemur til greina þriðji aðilinn, þegar að því getur verið stefnt, að eitt hreppsfélag verði svipt sínum tekjum, eða tekjuöflunarmöguleikar þess skertir svo, að vafi leikur á, hvort hreppsfélagið er fært um að standa sem sjálfstæður hreppur, en þessi þriðji aðili er sýslunefnd. Sýslunefndin er vitanlega sjálfsagður aðili, því að á hennar bak getur komið að ráða fram úr þeim vandræðum, sem af sameiningunni getur leitt fyrir annað það hreppsfélag, sem hér á hlut að máli. En það kemur hvergi fram, að sýslunefndin hafi átt kost á að láta álit sitt í ljós. Þetta sýnir átakanlega, hve frámunalega illa málið er undirbúið, þegar gengið er framhjá slíkum aðilja. Það er því ekki aðeins óvanalegt, heldur með öllu óforsvaranlegt af Alþingi að taka sér húsbóndavald í þessu máli án frekari undirbúnings heima fyrir.

Það eina skjal í þessu máli, sem ef til vill væri eitthvert mark takandi á, fljótt á litið, eru undirskriftir til Alþingis frá kjósendum í Blönduóskaupstað, norðan Blöndu. En þeir segja hvorki af né á, því að áhöld eru um, hvort fleiri hafa tjáð sig þar með eða móti sameiningunni, og sumir skrifað undir hjá báðum, og aðrir hafa látið í ljós, að sameiningarmenn hafi flekað þá til að skrifa undir. Það plagg verður því sízt til þess að réttlæta sameininguna.

Mig langar ekki til að eiga í útistöðum við hv. sessunaut minn og er ekki vanur því, en ég get ekki annað sagt en að ég var alveg forviða á þeim ummælum hans, að það væri að fara í geitarhús að leita ullar, að senda málið heim í hérað aftur til frekari upplýsingar. Ef þetta er skoðun allmikils þorra þingmanna, til hvers er þá eiginlega verið að hafa hreppsnefndir og sýslunefndir? Er þá ekki sjálfsagt, að Alþingi taki öll sveitar- og sýslumálefni í eigin hendur og íbúarnir séu að engu kvaddir til ráða um þeirra eigin mál?

Þá sagði hv. þm., að ekki væri til neins að samþ. í þessari deild að vísa málinu heim í hérað aftur til forsvaranlegs undirbúnings, af því að Nd. væri því mótfallin. Ég verð nú að segja það, að ég hefi þann metnað fyrir hönd þessarar deildar, að ég álít, að þessi d. geti vel leyft sér í ekki stærra máli en þessu að hafa sjálfstæða skoðun og aðra en Nd.

Hv. þm. sagði, að það gæti orðið til að hleypa enn meiri úlfúð í málið, að leyfa hlutaðeigandi aðiljum að láta í ljós umsögn um það, áður en það gengi fram. Ég held nú alveg hið gagnstæða. Ég tel víst, að það mundi einmitt vera sýslunefndinni keppikefli að leysa málið þannig að bæði þau hreppsfélög, sem hún á að gæta hags-

muna fyrir, megi vel við una. En ég held, að sýslunefndin líti svo á, að með þessu frv. sé ekki stigið spor í þá átt, með því að stofna til þess að steypa öðru hreppsfélaginu í örbirgð, og ef sú yrði skoðun sýslunefndar, verður Alþingi auðvitað að taka tillit til þess. Því mælir allt með því, að málið eigi ekki að afgr. á þessu þingi, heldur eigi að vísa því heim.

Frsm. meiri hl. (Sigurjón Á. Ólafsson) [óyfirl.]: Hv. 10. landsk. hefir nú gert grein fyrir hinni rökst. dagskrá sinni. Aðalröksemd hans er sú, að málið sé ekki nægilega undirbúið heima í héraði. En það eitt, sem vantar þar á, hlýtur þá að vera það, að málið hefir ekki legið formlega fyrir sýslunefnd. Því allt bendir til þess, að málið hafi verið ýtarlega rætt af íbúum Blönduóshéraðs og hreppsnefnd Engihlíðarhrepps, eins og líka er skýrt tekið fram í grg. En vegna þess að ekkert samkomulag hefir náðst, hafa íbúar Blönduóss tekið það til bragðs að leita úrskurðar Alþingis. Og það er einmitt oddviti sýslunefndar, sem er fyrsti flm. málsins í Nd. Mætti ætla, að því væri treystandi, að hann gengi ekki lengra í þessum efnum en sæmilegt er. Hinsvegar má telja víst, að ef málinu yrði vísað til sýslun. eins og hún nú er skipuð, kæmi þaðan sama neitunin og frá hreppsnefnd Engihlíðarhrepps. En ef Alþingi telur sameininguna réttmæta, til hvers er þá að vera að leita til sýslun., sem rökstyður neitun sína með sömu rökum og hreppsnefndin.

Hann sagði, að ekkert lægi fyrir um þetta mál frá hreppsnefnd Blönduóshrepps. Þetta er rétt. En hreppsbúar hafa kosið sérstaka nefnd á almennum hreppsfundi til að vinna að sameiningunni og þar með losað hreppsnefndina við afskipti af málinu. Þetta kemur allt skýrt fram í grg. frv.

Þá sagði hv. 10. landsk., að hugsanleg gæti verið viðtækari breyt. á sameiningunni, t. d. það að leggja jarðir í Engihlíðarhreppi undir Blönduóshrepp. En um slíkt liggur engin ósk fyrir frá íbúum Engihlíðarhrepps né öðrum, nema um hluta af landi jarðarinnar Ennis. Þetta eru því aðeins tilraunir til blekkingar. Hann segir, að þessi kot, sem um er að ræða, séu svo lítilfjörleg, að tæplega sé hægt að búa á þeim og ábúendurnir verði því að leita sér atvinnu í kauptúninu. Þeir hafa gert þetta hingað til, og er ekki sýnilegt annað en að fullkomið frjálsræði sé til þess hér eftir, og að þeir geti því dregið fram lífið á sama hátt og áður. Hv. þm. tæpti jafnvel á því, að taka allan Engihlíðarhrepp og leggja hann undir Blönduós. Hann sagði þetta þó ekki berum orðum, enda býst ég við, að hvorugur hreppurinn óski eftir slíku, né heldur sýslunefnd.

Þá kom hann að því, sem er aðalþrætueplið, en það er tekjumissir Engihlíðarhrepps. Það er rétt, að sá hreppur hefir haft allmiklar tekjur af þeim hluta kaupstaðarins, sem er norðan Blöndu, bæði af verzlunarrekstri þar og kvennaskólanum, sem er starfræktur sem gistihús á sumrum. Ég hefi áður sýnt fram á það, að öll sanngirni mælir með því, að kaupstaðurinn ráði yfir þeirri lóð, þar sem mestöll verzlun og starfræksla í kaupstaðnum fer fram, því sem kunnugt er, er kaupfélagið þar langstærsti vinnuveitandinn. Sameiningin verður því að fara fram, þótt það verði ekki með öllu sársaukalaust fyrir Engihlíðarhrepp.

Blönduóskaupstaður myndast fyrst 1875, en fær kaupstaðarréttindi 1914. Þá var engin brú komin á Blöndu til að tengja saman kaupstaðarhlutana, og því var hin gamla skipting látin haldast. En með brúnni varð sameiningin kleif og sjálfsögð.

Þá sagði hv. þm., að vafasamt væri, hvort Engihlíðarhreppur stæðist einn eftir þennan tekjumissi. Ég skal ekki um þetta deila, en mér er sagt, að sá hreppur sé nú einhver bezt stæði hreppur innan sýslunnar. Og úr því að hann á að fá fullar bætur fyrir það tjón, er hann kann að bíða af sameiningunni, eftir mati, þykir mér ótrúlegt annað en hreppurinn standist a. m. k. næstu árin.

Mér finnst viturlegast í þessu máli, að Alþingi gerist dómari í því, úr því að ljóst er orðið, að aðiljar geta ekki komið sér saman, svo ekki kvikni út af því meiri eldur í héraði en orðið er. Hingað til hafa deilurnar ekki náð nema til nánustu aðilja. Og ég býst við, að meiri hluti héraðsbúa kæri sig ekki um að fá málið heim í hérað aftur til að kveikja þar nýjan og viðtækari ófrið.

Hv. þm. fór að hártoga það, sem ég sagði um fylgi Nd. um málið. Ég minntist á þetta til að sýna, hvílíkt fylgi málið hefði, þar sem einnig er víst, að fylgi þess er mikið í þessari deild.

Frsm. minni hl. (Þorsteinn Briem) [óyfirl.]: Hv. frsm. varð að játa, að enginn stafur lægi fyrir frá annari hreppsnefndinni né frá sýslunefnd. En hann sagði, að það gerði ekki svo mikið til, þó að sýslunefnd hefði ekki átt kost á að kynna sér málið, af því að oddviti hennar væri einn aðalfylgismaður málsins. Þetta var nú öllum kunnugt áður. En ég lít nú svo á, að oddviti sýslunefndar sé ekki sama og sýslunefnd, enda óttast hv. þm., að afstaða sýslunefndar myndi verða öll önnur en hans, sem sjálfur er hreppsbúi á Blönduósi. En ef sýslunefnd leggst á móti málinu þrátt fyrir eindregið fylgi oddvitans, virðist það benda til þess, að meira en lítið sé bogið við málið. Þá taldi hann hættu á því, að málið kæmist á of breiðan grundvöll, ef því yrði vísað heim aftur. Ég get nú ekki séð, að nein hætta stafi af því, þótt hreppamörkin yrðu ákveðin eitthvað öðruvísi en frv. ákveður, t. d. þannig að þau kot, sem hann minntist á, yrðu þá lögð undir Blönduóshrepp, af því að þau eru svo lítilfjörleg, að ekki er lífvænlegt á þeim án vinnu í kaupstaðnum. Hann sagði, að engar óskir hefðu komið fram frá Engihlíðarhreppi um þetta. En þess er engin von, þar sem hreppsnefndin leggur eindregið til, að frv. verði fellt. En verði það ekki fellt, er það ósk hreppsn., að því verði vísað til sýslunefndar, og því væri tími til að koma fram með slíkar óskir.

Hv. þm. játaði, að ekkert lægi fyrir frá hreppsnefnd Blönduóshrepps um málið, heldur hefði einhver „samninganefnd“ tekið málið að

sér, og væri hún kosin á almennum hreppsfundi. Ég ætla, að þetta um kosninguna sé vafamál; a. m. k. liggur ekkert fyrir um það.

Hv. frsm. meiri hl. sagði ennfremur, að trygging væri fyrir því, að smábændurnir í kotunum njóti atvinnu í kaupstaðnum framvegis. Fyrir þessu mun engin full trygging vera, heldur aðeins lauslegt loforð frá verkalýðsfélaginu þar á staðnum um einhverja náð í þessu efni. Enginn vafi er á því, að frá þessu þarf að ganga betur, ef það á að teljast full trygging.

Þá sagði hv. frsm., að ég hefði sagt, að til mála kæmi, að Blönduóshreppur legði allan Engihlíðarhrepp undir sig. Það er fullkominn misskilningur, að ég hafi sagt þetta, því að mér hefir þetta aldrei til hugar komið. — En sem sagt, þetta er allt ókannað mál, af því að það er ekki forsvaranlega undirbúið í héraði, og ég sé ekki, að þm. hafi þess neinn kost að gera sér fyllilega grein fyrir því, hvernig málið horfir við í smærri atriðum og hvort ekki séu aðrar betri og heppilegri leiðir til þess að leysa það heldur en hér er ætlazt til.

Hv. frsm. viðurkenndi, að Engihlíðarhreppur yrði fyrir tekjumissi, og það er náttúrlega höfuðatriðið í málinu, að Blönduóshreppur vill ná í þær tekjur, sem Engihlíðarhreppur hefir af kaupfélaginu, en það er eign bænda út um alla sýslu, og ég geri ráð fyrir því, að það kjósi a. m. k. alveg eins vel, að tekjurnar af því renni til bænda eins og til kauptúnsins. Hv. frsm. færði það sem rök, að Engihlíðarhrepp munaði kannske ekki svo mikið um þetta, af því að hann væri nú vel stæður. Já, hreppurinn er vel stæður núna, af því að hann hefir haft tekjur af þessum kauptúnshluta, en það eru líkur til þess, að hann yrði verst stæður hreppanna í sýslunni, ef hans tekjur yrðu skertar svo mjög sem hér er gert ráð fyrir.

Hv. frsm. minntist á bæturnar, sem gert er ráð fyrir í 4. gr. frv. Ég mun áskilja mér rétt til þess að koma fram með brtt. við það ákvæði 4. gr. við 3. umr., ef hin rökst. dagskrá mín verður ekki samþ.

Þá var hv. frsm. enn að stagast á því, að ekki væri til neins að spyrja héraðsstj. eða hina réttu aðilja heima í héraði um þetta mál, þeir hefðu líklega minna vit á því heldur en þingið, sem ég hygg, að hafi mjög litla staðþekkingu yfirleitt á þessum stöðvum. Og að lokum sagði hann, að það væri langviturlegast, að Alþ. sjálft gerðist dómari í þessum efnum. En ég vil þá spyrja: Hvaða dómstóll er það, sem dæmir í máli án þess að hafa heyrt alla aðila? Og ég hefi fært rök að því, að hér hafa aðilarnir ekki verið heyrðir, og eins mikilsverður aðili eins og sýslunefnd hefir alls ekki átt kost á að láta sitt álit í ljós. Ég vil segja, að ef Alþ. ætlar að gera sig að slíkum dómstól, þá brjóti það allar réttarfarsreglur. Slíkt réttarfar og slíkt fyrirkomulag í dómi getur ekki átt sér stað undir þeim hugmyndum um réttarfar, sem menn almennt hafa gert sér hjá siðuðum þjóðum. Ég verð þess vegna að halda því fram, að eftir ræðu hv. frsm. sé það ennþá augljósara, að málið á ekki að afgr. á þessu þingi, heldur á því að vera vísað heim til forsvaranlegs undirbúnings.

Magnús Guðmundsson: Ég ætla aðeins með örfáum orðum að lýsa minni skoðun á þessu máli, og hún er sú, að það sé óeðlilegt, að svona lítið kauptún eins og hér er um að ræða sé í 2 hreppum, og þess vegna sé sjálfsagt að sameina það. En hitt er annað mál, að ég lít svo á, að hreppurinn, sem kauptúnshlutinn er tekinn frá, eigi að fá bætur fyrir þann skaða, sem hann verður fyrir vegna þessara ráðstafana. Mér fannst hv. 10. landsk. gera lítið úr ákv. 4. gr. frv., þar sem stendur, að bætur skuli koma eftir mati fyrir missi útsvarstekna úr Blönduóskauptúni norðan Blöndu. Þetta þýðir náttúrlega það, að það á að meta skaðann, sem hreppurinn verður fyrir út af útsvarsmissi, og fá hann bættan. Og ég skal taka það fram, að ég ætlast til þess, að það komi fullar bætur fyrir þessa skerðingu, og þá sé ég ekki, hvaða sanngirni það er að setja sig á móti sameiningu kauptúnshlutanna.

Hv. 10. landsk. talaði mikið um litinn undirbúning þessa máls. En ég hygg, að undirbúningurinn sé talsvert meiri heldur en beinlínis kemur fram í skjölum. Og hvað því viðvíkur, að Engihlíðarhreppsmenn hafi alls ekki verið heyrðir í þessu máli, þá er það kannske rétt, að þeir hafa ekki verið kvaddir umsagnar. En þeir hafa gert annað, sem er engu minna, þeir hafa sent hingað nefnd manna til þess m. a. að tala við allshn. þingsins, og hefir sú nefnd þegar verið á fundi með allshn. Ed., en ég hygg, að hv. 10. landsk. hafi þá ekki verið á fundi. Ég þekki suma þessa menn vel og hefi talað allýtarlega við þá líka utan fundar, og ég hefi ekki getað fundið annað en að þeir sættu sig sæmilega við þetta frv., svo framarlega sem svo yrði um hnútana búið, að þeir fengju bætur fyrir sinn skaða. Og viðvíkjandi því, að sýslunefndin hafi ekki getað fengið að segja sitt álit um þetta mál, þá er því til að svara, að kunnugir menn vita um flesta ef ekki alla sýslunefndarmennina, hvernig þeir muni greiða atkv. í þessu máli. En svo vil ég benda á það, að sjálfur oddviti sýslunefndar er fyrsti flm. þessa máls, og það er tæplega hægt að segja, að hann sé sýslunefndinni alveg óviðkomandi. Ég verð að viðurkenna það, að ég hefi ekki talað við neina menn úr Blönduóshreppi, en ég hefi það fyrir satt, að þar sé enginn á móti sameiningunni. Hvort þeir búast við að þurfa að borga nokkrar bætur, ef sameiningin fer fram, er mér ekki kunnugt um. En hitt er víst, að það er enginn hér, sem ætlast til þess, að sameiningin fari fram án þess að bætur komi fyrir. Hér á því ekki að gera neinum rangt til, heldur á að gera íbúum þessa tvískipta þorps hægara fyrir með því að sameina það, en þann skaða, sem af þessu verður fyrir Engihlíðarhrepp, á að bæta að fullu. Ég fæ því ekki séð, að sameiningin sé gert rangt til, enda hygg ég, að andstaðan gegn þessu máli sé í raun og veru af öðrum ástæðum. Það er bert, að Engihlíðarhreppur verður ekki verr settur eftir sameininguna, ef hann fær þær bætur, sem ég hefi nefnt. En vinningurinn í þessu máli á þá að liggja í því aukna hagræði, sem fylgir sameiningu þessara kauptúnshluta í einn hrepp. — Annars þarf ég ekki að fjölyrða

frekar um þetta mál, því hv. frsm. meiri hl. hefir tekið það fram, sem mér finnst þurfa.

Frsm. meiri hl. (Sigurjón Á. Ólafsson) [óyfirl.]: Það eru aðallega 2 atriði í ræðu hv. 10. landsk., sem mér finnst ástæða til að víkja nokkrum orðum að.

Hv. 10. landsk. vildi draga það í efa, að nokkur trygging væri fyrir því, að þeir smábændur, sem nú eru í Engihlíðarhreppi og hafa leitað vinnu í Blönduóskauptúni, geti fengið hana framvegis. Ég vil því, með leyfi hæstv. forseta, lesa upp yfirlýsingu, sem tekur af allan vafa í þessu efni, og hljóðar hún svo:

Að gefnu tilefni skal því lýst yfir, að þessir smábændur, sem hér eru taldir og sem búsettir eru í Engihlíðarhreppi utan kauptúnsins, eru félagsmenn í verklýðsfélagi Austur-Húnvetninga:

Þórður Jósefsson, Yztagili. Jón Karlsson, Holtastaðakoti. Sveinn Kristófersson, Blöndubakka. Guðmundur Pétursson, Blöndubakka. Guðmann Valdimarsson, Bakkakoti. Valdimar Stefánsson, s. st. Valdimar Kristjánsson, Svangrund. Sigvaldi Bergsson, Núpsöxl, Jóel Guðmundsson, Breiðavaði. Guðmundur Halldórsson, Lækjardal.

Þessir 10 félagar hafa vitanlega sömu réttindi og aðrir félagsmenn í verklýðsfélaginu hvað vinnu og annað snertir, sem og aðrir sveitamenn, sem í félaginu eru og munu nú vera yfir 30 talsins.

Það hafa engar samþykktir verið gerðar í verklýðsfélaginu til þess að útiloka smábændur eða aðra sveitamenn frá vinnu, eða á nokkurn hátt að bægja þeim frá því að taka þátt í félagsskap verkamanna, og ekki sjáanlegt, að aðstaðan í því efni breytist á nokkurn hátt við það, þó kauptúnið verði sameinað í einn hrepp, því ef sú stefna væri á annað borð ríkjandi í verklýðsfélaginu, gætu slíkar ráðstafanir verið gerðar án tillits til þess, hvort kauptúnið væri í einum hreppi eða tveimur.

Virðingarfyllst.
Í stjórn verkalýðsfélags A.-Húnv.
Páll Geirmundsson. Halldór Albertsson.
Ágúst Andrésson.

Ég hygg, að hér sé nokkurn veginn slegið föstu, að sá ótti, sem virtist kenna í ræðu hv. 10. landsk. um það, að smábændurnir væru útilokaðir frá vinnu, sé ástæðulaus.

Þá vildi hv. 10. landsk. rangfæra þau orð mín, sem ég viðhafði um sýslunefndina, og get ég ekki látið því ómótmælt. Hann vildi sem sé túlka orð mín þannig, að sýslunefndin hefði ekkert vit á þessu máli. Ég sagði ekkert slíkt, heldur sagði ég, að það væri fyrirfram vitað, hvaða afstöðu sýslunefndin hefði í þessu máli. Og hv. þm. veit, hvernig málið stendur í héraði, og þess vegna er honum svo annt um að fá umsögn sýslunefndar, því hann veit fyrirfram, að meiri hl. hennar muni vera á bandi Engihlíðarhrepps. Eins og hv. 1. þm. Skagf. lauslega drap á, þá er það kunnugt, að það muni vera flokksbræður þessa hv. þm., sem nú skipa þennan meiri hl. sýslunefndar, og vitanlega munu þeir reyna að standa með honum um að tefja fyrir málinu.

Af þessum ástæðum tel ég, að það sé alveg óþarft að vísa málinu heim. Rökin tala fyrir því, að þetta á að gerast, og ég hygg, að þó hv. 10. landsk. finnist mín rök léttvæg í málinu, þá verði hans rök ekki mikið þyngri á metunum.

Ég hefi þá tekið fram það, sem ég sérstaklega vildi leiðrétta í ræðu hv. 10. landsk. Ég ætlaði alls ekki að bera þessum mönnum, sem hér eiga hlut að máli, á brýn neitt það, sem heitir að hafa ekki vit á þessum málum, en hitt er annað mál, hvað menn gera í flokksfylgisskyni eða hvað menn hafa af innstu sannfæringu talið rétt í þessu efni.

Frsm. minni hl. (Þorsteinn Briem) [óyfirl.]: 2 fylgismenn þessa frv. hafa nú tekið til máls og fært fram rök fyrir málinu frá sínu sjónarmiði.

Hv. 1. þm. Skagf. lagði áherzlu á það, að Engihlíðarhreppur ætti að fá bætur fyrir sinn stórkostlega tekjumissi, og gaf jafnvel í skyn, að við þær bætur, sem hreppurinn ætti að fá, mundi hann sætta sig sæmilega við þetta frv. En ég get upplýst hv. þm. um það, að til þess að Engihlíðarhreppur þættist hafa tryggingu fyrir því, að hann fengi þær bætur, sem hann væri ánægður með, þá vildi hann, að ákv. í 4. gr. um bætur skyldi vera ákveðið fyllra heldur en það er nú. Þó að talað sé um bætur, þá getur það jafnan verið álitamál, hvað séu fullar bætur, og því vildi hreppsnefnd Engihlíðarhrepps, að þetta ákv. væri skýrara heldur en það er nú.

Þá vildi hv. 1. þm. Skagf. halda því fram, að þó undirbúningur málsins virtist lítill heima í héraði, þá væri hann samt ekki svo lítill. Það má vera, en það er ekkert upplýst í því máli. Það eina, sem upplýst er, er það, að annar hreppurinn a. m. k. er gersamlega mótfallinn þessari sameiningu og að sýslunefnd hefir ekki verið gefinn kostur á að láta í ljós álit sitt, og er þó sýslunefnd svo beinn aðili sem verið getur í slíku máli sem þessu. Hv. þm. var líka að ympra á því, að hann þekkti þessa sýslunefndarmenn, sem hér væri um að ræða. Það má vel vera, að hann þekki þá meira en ég, því ég þekki þá ekki alla. Og hann sagði einnig, að það væri vitað mál, að oddviti sýslunefndar væri málinu fylgjandi. Ef það er víst, sem og er, að oddvitinn er málinu mjög stranglega fylgjandi, og hann hefir þess kost betri heldur en allir aðrir sem oddviti sýslunefndar að flytja málið einmitt frá sjónarmiði Blönduósbúa, og ef sýslunefndin fer á móti málflutningi slíks manns, þá verð ég að telja, að eitthvað sé athugavert við málið. Og ég verð að telja það aðdróttun í garð sýslunefndar, ef hún tekur ekki til greina slík rök, sem vænta má að fram komi af hendi þess málsvara.

Hv. 1. þm. Skagf. hélt því fram, að það væri geysilega mikill hægðarauki fyrir þessa kauptúnshluta að sameinast. Það er nú svo hvert mál sem það er virt. Það hafa verið talin upp í fylgiskjali sameiningarnefndarinnar mörg atriði, sem skipta svo miklu máli, að kauptúnshlutarnir séu sameinaðir, svo sem fátækramál, fræðslumál, heilbrigðismál, kirkjumál og lög-

reglumál og annað slíkt, en hreppsnefnd Engihlíðarhrepps hefir nú látið í ljós og sent Alþ. skoðun sína á þessu máli, og mér virðist svo sem að hún hafi svarað þessum atriðum, sem hér eru fram tekin, mjög greinilega og að þar standi fátt óhrakið eftir. Hreppsnefnd Engihlíðarhrepps hefir m. a. bent á það, að að sumu leyti geti sameiningin verið til óþæginda fyrir þann kauptúnshluta, sem er norðan við Blöndu, svo sem eins og með not af afréttum o. fl. Og það er auk þess komið í ljós og sannað af hreppsnefnd Engihlíðarhrepps, að ef kauptúnshlutinn, sem er norðan Blöndu, fær þau landréttindi, sem hann þarf að fá í landi jarðarinnar Ennis, þá mun það vera meiri hl. þess kauptúns, sem óskar ekki eftir sameiningunni.

Hv. frsm. meiri hl. talaði um það, að smábændunum á kotunum í Engihlíðarhreppi væri veitt trygging fyrir því, að þeir fengju að njóta vinnu í kauptúninu áfram. En ég verð nú að segja það, að það skjal, sem hv. frsm. las upp, gefur ekki næga tryggingu í þessu efni, því það er ljóst af því, sem hann las upp, að ef um nokkra tryggingu er að ræða, þá er hún aðeins bundin við núv. ábúendur á þessum smábýlum og þá, sem nú eru í verklýðsfélaginu; en tryggingin er engin, ef ábúendaskipti verða á þessum smábýlum. Það er ekki heldur í þessari yfirlýsingu verklýðsfélagsins kveðið sterkara að orði en svo, að ekki sé sjáanlegt, að þetta þurfi að vera þessum smábændum neitt til meins, og sjá allir, að þar er ekki einu sinni um loforð að ræða. Auk þess get ég bent á það, að þó verklýðsfélagið vildi reynast svo frjálslegt að veita þessum smábýlismönnum í Engihlíðarhreppi vinnu með sér í kauptúnshlutanum norðan Blöndu, þá getur komið til greina annar aðili, sem fyrirbyggi það, því þess eru mörg dæmi, að hreppsnefndir í kauptúnum, ekki síður en bæjarstjórnir, hafi gert ýmsar ráðstafanir til þess að útiloka utanbæjarmenn frá vinnu. Og það er alls ekki útilokað, að þegar þessir kauptúnshlutar eru sameinaðir, þá geti hreppsnefndin í því sameinaða kauptúni útilokað smábændur í Engihlíðarhreppi frá því að njóta vinnu í Blönduóskauptúni.

Þá var hv. frsm. að tala um það, að ég hefði haft eftir sér, að sýslunefndin hefði ekkert vit á þessum málum. Ég man nú ekki eftir því að hafa komizt þannig að orði, en það má náttúrlega gá að því hjá skrifurunum. En það var annað, sem hann var að gefa í skyn, sem sé það, að meiri hl. sýslunefndarmanna væri flokksbræður minir, sem ég veit ekkert um. Hv. frsm. virðist vera fróðari um það heldur en ég. Og þá var hann einnig að tala um það, að þó sýslunefndarmennirnir hefðu vit á þessu máli og vildu afgr. það eftir sínu höfði, þá væru mjög litlar líkur til þess, að þeir mundu greiða atkv. eftir sinni skoðun, heldur greiða atkv. á móti frv. af því að þeir væru flokksbræður minir. Ég vil segja, að þetta sé harður áburður á sýslunefnd Austur-Húnavatnssýslu, að hún greiði með köldu blóði atkv. á móti sinni eigin sannfæringu, aðeins af flokkslegum ástæðum, og vil ég vísa þessum áburði hreinlega heim til föðurhúsanna.

ATKVGR.

Rökst. dagskráin á þskj. 669, frá minni hl. allshn., felld með 10:6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: PHerm, ÞBr, BSt, GL, IngP, EÁrna.

nei: JBald, JJ, MG, MJ, PM, SÁÓ, ÞÞ, HG, HermJ, JAJ.

1. gr. samþ. með 9:2 atkv.

2.—5. gr. samþ. með 9:2 atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Á 86. fundi í Ed., 4. des., var frv. tekið til 3. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 88. fundi í Ed., 6. des., var frv. aftur tekið til 3. umr. (A. 593, 703).

Of skammt var liðið frá útbýtingu brtt. 703. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

Frsm. minni hl. (Þorsteinn Briem) [óyfirl.]: Ég gerði grein fyrir því við 2. umr. þessa máls, að ég væri fyllilega andstæður frv., bæði vegna ónógs og óforsvaranlegs undirbúnings heima í héraði og einnig vegna þeirrar ósanngirni, sem kemur fram gagnvart Engihlíðarhreppi, ef frv. verður að lögum eins og það er nú. En þó ég sé andstæður frv., vildi ég samt, ef það á endilega fram að ganga, gera tilraun til að gera á því breyt. til bóta, og þess vegna höfum við hv. 2. þm. S.-M. flutt hér brtt. á þskj. 703. Brtt. gengur í þá átt, að nánar sé ákveðið í sjálfu frv., hverjar bætur Engihlíðarhreppur skuli fá frá Blönduóshreppi, ef sameiningin nær fram að ganga.

Það er vitað, að hér er a. m. k. um svo mikinn tekjumissi að ræða fyrir Engihlíðarhrepp, að það mun nema talsvert á 2. þús. kr., að frádregnum þeim gjöldum, sem Engihlíðarhrepp ber samkv. lögum. Þegar svipta á einn hrepp svo miklu af tekjum sínum, er hér mun nema um helmingi allra tekna, sem hreppurinn hefir haft, þá virðist ekki úr vegi að ákveða sem nákvæmlegast, hvaða bætur hreppurinn eigi að fá fyrir þennan tekjumissi. Því höfum við lagt til, að greiddar verði bætur, og skulu þær bætur reiknaðar þannig, að þær gefi með 5% vöxtum þær tekjur, er Engihlíðarhreppur hefir að meðaltali síðustu fimm ár haft árlega af þessum hreppshluta, að frádregnum þeim gjöldum, er hann hefir borið hans vegna.

Það var vikið að því við 2. umr., að einhverjir menn úr hreppsnefnd Engihlíðarhrepps myndu kannske láta sér lynda þessa skerðingu á tekjum hreppsins, ef á móti kæmu fullar bætur. En ég þykist hafa fulla heimild fyrir, að hreppsnefndin telur ekki fullar bætur nema svo sé ákveðið sem hér er lagt til í brtt. Ég get jafnvel hugsað mér, að Engihlíðarhreppur vilji ekki með góðu sætta sig við, að höfuðstóllinn miðist við hærra en 4% vexti, en hér höfum við farið meðalveginn og lagt til að útreikna bæturnar miðað við 5%. — Ég vil vænta, að hv. þm., jafnvel þeir, sem annars fylgja frv., gangi svo langt í sanngirnisáttina, að þeir veiti brtt. atkv. sitt.

Frsm. meiri hl. (Sigurjón Á. Ólafsson) [óyfirl.]: Ég hafði eiginlega hugsað mér, áður en málið kom til umr., að fara fram á það við hæstv. forseta, að málið yrði tekið út af dagskrá, en nú eru umr. hafnar og líklega erfitt að koma því við. Ég byggi ástæðuna á því, að hér er komin fram brtt., sem n. í heild hefir ekki átt kost á að athuga, og er þar um allverulega efnisbreyt. að ræða á frv. M. a. hefir n. ekki gefizt kostur á að kynna sér, hvað mikla upphæð er hér um að ræða, sem greiða ber eftir brtt. hv. 10. landsk. og hv. 2. þm. S.-M. Það geta þeir upplýst, sem kunnugir eru málavöxtum, en þar sem till. er fyrst útbýtt hér, er ekki hægt að kynna sér þetta. Meðal annars vegna þess óska ég þess, að málið verði ekki afgr. nú. En úr því að komið er út í umr., þá vil ég benda á, að hér virðist vera óvanalegt mál á leiðinni og vikið frá venjunni, er gerir ráð fyrir, að bætur séu gerðar eftir mati. Hér er sá stefnumunur, að þingið á að ákveða bæturnar, en það er ekki rétt aðferð.

Mér er ekki ljóst eða ég hefi ekki fengið upplýsingar um, hvað tekjumissirinn fyrir Engihlíðarhrepp er mikill í raun og veru. Hv. 10. landsk. hefir upplýst, að hann sé á 2. þús. kr., en ég hefi ekki heyrt svo skýr rök fyrir því, að ég geti ekki ætlað, að upphæðin sé röng. Hv. þm. segir ennfremur, að þessar fullu bætur komi ekki nema samkv. þessari brtt. Ég tel, að ekki sé ósanngjarnt og bæturnar hljóti að verða réttlátastar eftir mati óhlutdrægra manna, sem til þess eru valdir að fjalla hér um.

Hvað því viðvíkur, að hreppsnefnd Engihlíðarhrepps sætti sig ekki við þessar bætur, þá hefi ég aðeins talað við einn mann úr hreppsnefndinni. En mér er skýrt svo frá, að þeir telji lausn þessa máls á þann veg, að þeir geti við unað, og furðar mig ekki á því, þar sem hér er um óhlutdræga menn að ræða.

Ég hefi svo ekki ástæðu til að fara um þetta fleiri orðum. Við skjóta athugun er ég andvígur brtt., og ég vil mælast til þess við hæstv. forseta, að hann afgr. ekki málið á þessum fundi.

Bernharð Stefánsson: Það er lítið, sem ég þarf að taka fram. Ég hefi litið svipað á málið og hv. 10. landsk. og ég greiddi atkv. með dagskrártill. hans, því að mér þykir málið ekki svo undir búið sem átt hefði að vera. Nú er komin fram brtt. frá honum, sem borin er fram til þess að tryggja rétt Engihlíðarhrepps, en ég er ekki jafnsannfærður um, að sú brtt. nái tilgangi sínum; sérstaklega virðist mér vanta ákvæði um það, hvernig eigi að leggja úrskurð á þá reikninga, sem koma til greina. Það er talað um í till., að Blönduóshreppur borgi Engihlíðarhrepp bætur fyrir þann tekjumissi, sem hann hefir haft, og þær bætur eiga að svara til þess, að þær gefi með 5% vöxtum þær tekjur, er Engihlíðarhreppur hefir haft að meðaltali síðustu 5 árin af þessum hreppshluta, að frádregnum þeim gjöldum, er hann hefir borið hans vegna.

Nú vil ég leyfa mér að spyrja hv. flm. till., hver á að ákveða, hvað Engihlíðarhreppur hefir borið vegna þessa hluta hreppsins. Þeir halda kannske, að þetta liggi í augum uppi, en ég er ekki sannfærður um, að það liggi svo ljóst fyrir.

Hv. 10. landsk. tók fram, að þó hann væri á móti frv., vildi hann samt gera á því breyt., sem hann teldi til bóta, ef frv. skyldi ganga fram. Ég tek undir það, að ég vil styðja þær brtt., sem eru til bóta, en ég sé ekki, að þessi till. sé það. Hv. þm. talaði um, að till. væri borin fram til þess að kveða nánar á um bætur. Það er að vísu kveðið nánar á um, við hvað skuli miða bæturnar, en hinu er alveg sleppt, hverjir eiga að meta þær.

Mér finnst ómissandi að hafa ákvæði um þetta í 4. gr. Ég efast um, að það liggi ljóst fyrir, hvaða tekjur Engihlíðarhreppur hefir haft af þessu svæði, en þó svo kynni að vera, þá hlýtur að orka tvímælis um þau útgjöld, sem hreppurinn hefir haft í því sambandi. (IngP: Eru ekki til hreppsreikningar?). Jú, vitanlega eru þeir til, en þeir sýna þetta ekki ljóslega. Það þarf að rannsaka framlög til fátækraframfærslu, vegagerða o. fl. o. fl. Er ég viss um, að hv. flm. sjá, að það er margt, sem orkað getur tvímælis, og því nauðsynlegt að ákveða, hvernig skuli skorið úr þeim ágreiningi. Það má vera, að tryggara sé fyrir Engihlíðarhrepp, ef brtt. er steypt saman við 4. gr. frv., en ég held, að það sé misráðið að samþ. brtt., sem fella 4. gr. frv. Ef brtt. verður samþ., þarf a. m. k. að bæta inn í hana ákvæði um, að sýslunefndin skeri þar úr eða önnur stjórnarvöld.

Jónas Jónsson [óyfirl.]: Ég ætla ekki að fara út í að ræða síðari till. á þskj. 703, því hún hefir minni þýðingu fyrir málið. En ég ætla að tala nokkur orð um málið frá sjónarmiði þess aðila, sem sérstaklega er óánægður með frv., sem er kaupfélagið á Blönduósi. Ég veit ekki, hvort það hefir verið tekið fram áður, að þegar kaupfélagið var stofnað á Blönduósi, gat félagið ekki fengið lóð í kauptúninu og var þannig byggt þaðan út og hrakið burtu. Niðurstaðan varð því sú, að bændurnir urðu nokkurskonar landnámsmenn austan árinnar. Hafa þeir nú byggt þar á eyðimöl verzlunarhús, ágætt íshús og bryggju, sem nú er orðin aðalbryggja kauptúnsins, þar sem allar tilraunir til bryggjugerðar í gamla staðnum hafa misheppnazt. Er nú svo komið, að öllum vörum er skipað upp á þessum útkjálka og flutt á bílum til kauptúnsins yfir brúna. Mér finnst því, ef litið er á málið frá sögulegri hlið, varla rétt, að kauptúnið, sem áður er búið að úthýsa kaupfélaginu, sé látið taka það aftur nauðugt, þó nokkur ár hafi liðið á milli. Þetta er höfuðástæða. Hin er sú, að baráttan hefir eingöngu staðið um kaupfélagið, að ná því aftur undir gamla kauptúnið. Ég býst ekki við, ef kaupfél. hefði ekki haft þarna aðsetur með mörgu starfsfólki, að Blönduóshreppur hefði kært sig um þá þurrabúðarmenn, sem þar eru búsettir. Hefir þessari sameiningu verið mótmælt af stjórn og öllum leiðandi mönnum kaupfélagsins. Bæði búast menn við hærri gjöldum og óttast jafnvel, að eftir sameininguna muni herskatturinn til Engi-

hliðarhrepps falla að mestu leyti á kaupfélagið. Út frá þessum forsendum tel ég því rétt að fella frv. hreint og beint, og er því á móti frv. og brtt. Með þessu hefi ég gert grein fyrir mínu atkv.

Forseti (EÁrna): Það hefir komið fram ósk frá form. n., sem hefir málið til athugunar, um að taka það út af dagskrá. Ég veit að vísu ekki, hvort öll n. stendur að því, en þar sem fá mál eru á dagskrá á morgun og þá mun verða hægt að ljúka málinu, vil ég verða við þessari ósk, ef enginn mælir því á móti.

Umr. frestað.

Á 89. fundi í Ed., 7. des., var frv. tekið til frh. 3. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 90. fundi, 9. des., var fram haldið 3. umr. um frv.

Frsm. minni hl. (Þorsteinn Briem) [óyfirl.]: Það er nú nokkuð liðið síðan mál þetta var rætt síðast hér í hv. d., og er ég því ekki viss um, að ég taki til greina þau mótmæli öll, sem fram komu gegn brtt. okkar hv. 1. þm. S.-M., með því að ég hefi ekki teiknað niður svo nákvæmlega það, sem á móti henni var mælt.

Út af ummælum hv. þm. S.-Þ. vil ég taka það fram, út af þessum herskatti, sem hann réttilega var að tala um að væri hætta á, að yrði lagður á kaupfélag Húnvetninga, að það er m. a. af þeirri ástæðu, af þeim ótta við þann herskatt, sem ég er á móti frv., auk þess sem undir mitt álit í þessu máli renna þær stoðir, sem ég hefi áður tilgreint, að frv. þetta sé ekki nægilega undirbúið. Og að mínum dómi er ekki forsvaranlegt að afgr. það með svo litlum undirbúningi í héraði sem það þegar hefir fengið. Vil ég því leggja áherzlu á, að eðlilegast sé að fella frv. sjálft.

Hv. 1. þm. Eyf. benti á, að það væri ekki víst, að þessi brtt. okkar hv. 2. þm. S.-M. næði tilgangi sínum, með því að ekki væri tiltekið í brtt., hver ætti að leggja úrskurð á þá reikninga, sem eftir ætti að fara, þegar reikna skyldi út bæturnar. Ég verð að líta svo á, að hér liggi fyrir viðeigandi reikningar frá síðustu 5 árum. Það liggur í hlutarins eðli, að þeir hljóti að vera nægilega sundurliðaðir, svo að eftir þeim ætti að mega reikna þetta út eins og fremur einfalt reikningsdæmi. Hinsvegar, ef ágreiningur yrði um þetta efni, teldi ég eðlilegt, að sýslunefnd, sem leggur annars úrskurð á hreppsreikninga, skæri úr, ef til ágreinings kæmi. Ég ætla, að þeir liðir, sem þyrfti að ákveða bæturnar eftir, bæði bráttótekjurnar og svo útgjöld til frádráttar þeim, hljóti að liggja það glöggt fyrir í hreppsreikningum Engihlíðarhrepps síðustu 5 árin, að ekki sé þeirra vegna ástæða til að vísa þessari brtt. frá. Hinsvegar er það svo, að ef hv. 1. þm. Eyf., sem annars tók vel í að vera með að fella þetta frv., óskar þess, að brtt verði við brtt. okkar ákvæðum um það, hvaða aðili skuli hafa úrskurðarvald, ef til ágreinings kemur í þessu efni, þá er ég fús að ganga inn á það.

Hv. 4. þm. Reykv. var að tala um, að um óvenjulega leið væri að ræða í brtt. á þskj. 703. Út af þessum ummælum hv. þm. vil ég benda honum á, að hann vildi sjálfur fara miklu óvenjulegri leið, þegar hann mælti á móti dagskrártill. minni við 2. umr. þessa máls hér í d. Hann lagði þá áherzlu á, að Alþingi dæmdi í þeim ágreiningi, sem hér kynni að verða á milli hlutaðeigandi hreppa um hreppamörkin. Það er því ekki nema eðlilegt áframhald af því, sem hann hélt fram þá, að Alþingi kveði á um skaðabæturnar, hvernig þær skuli reiknast. Hvort þær verða háar eða lágar, er ekki hægt að segja um á þessu stigi málsins.

Að endingu vil ég taka það fram, að ég tel einu leiðina til þess, að Engihlíðarhreppur fái þær bætur, sem hann getur látið sér lynda, að brtt. á þskj. 703 verði samþ. Annars legg ég höfuðáherzluna á það, að frv. verði fellt.

Frsm. meiri hl. (Sigurjón Á. Ólafsson) [óyfirl.]: Síðast þegar mál þetta var til umr. hér í hv. d., mæltist ég til þess, að það væri tekið út af dagskrá, svo allshn. gæfist kostur á að athuga brtt. á þskj. 703. Eins og sést á brtt., þá eru tveir nm. flm. hennar og því eðlilega henni fylgjandi. Aðrir tveir nm. voru á móti henni og einn vildi ekki láta neitt uppi um afstöðu sína, en nú hefir hann gert það, og eru því þrír á móti. Annars sé ég ekki ástæðu til að rökræða mál þetta frekar en gert hefir verið, enda ekkert það komið fram, sem réttlætir það, að frv. verði fellt. Mun ég svo ekki gefa hv. 10. landsk. ástæðu til þess að svara mér, og hefi því þessa ræðu mína ekki lengri.

Páll Hermannsson: Ég vildi aðeins gera grein fyrir því, hvers vegna ég get ekki fallizt á brtt. á þskj. 703. Auk þess, sem hv. 1. þm. Eyf. hefir bent á, þá tel ég tvo galla á brtt. Fyrst er það, að það er hvergi ákveðið, hverjir eða hvernig eigi að jafna úr þeim ágreiningi, sem kynni að rísa um skoðanamun á staðreyndum. Auk þess finnst mér, að regla sú, sem bent er á að fara í brtt. þessari, geti orðið ósanngjörn, að greiða bætur til Engihlíðarhrepps þannig, að leggja til grundvallar þær tekjur, sem hreppurinn hefir haft af þeim hluta sínum, sem nú á að sameina Blönduóshreppi, síðastliðin 5 ár, og draga þar frá þau gjöld, sem hann hefir haft vegna þessa hreppshluta, og kapítalisera svo mismuninn. Þessa aðferð tel ég geta orðið ósanngjarna, því að 5 ára reynslutími getur ekki talizt ábyggilegur eða réttur mælikvarði til þess að byggja þessa útreikninga á. Við getum hugsað okkur, að fátækraframfærsla Engihlíðarhrepps hafi þennan umrædda tíma stafað að miklu leyti frá þessum hluta hreppsins, sem nú á að leggja undir Blönduós; þá gæti svo farið, að skaðabæturnar yrðu mjög litlar. Svo má snúa dæminu við og hugsa sér það þannig, að fátækraframfærslan vegna þessa umræddu hluta hreppsins hafi verið þennan tíma nær engin. Þá gæti svo farið, að bæturnar yrði óeðlilega háar. Nú veit ég ekki, hvernig þetta hefir verið undanfarin 5 ár, en eins og ég hefi tekið fram og sýnt fram á, þá tel ég, að þessi

regla geti orðið ósanngjörn eða jafnvel ranglát. Eina leiðin, sem mér finnst vera sanngjörn og geti því verið um að ræða í þessu tilfelli, er sú, að dómkveðja menn til þess að framkvæma mat á þeim tekjumissi, sem Engihlíðarhreppur verður fyrir vegna missis þessa hluta síns til Blönduóss, *og láta þá jafnframt hafa rúmar hendur.* Af því, sem ég nú hefi sagt, get ég ekki greitt atkv. með brtt. á þskj. 703.

Magnús Guðmundsson: Ég vildi aðeins taka það fram, að ég er ekki samþykkur brtt. á þskj. 703, því að mér skilst, að hún muni binda of mjög hendur þeirra manna, sem eiga að meta bæturnar til Engihlíðarhrepps. Með brtt. þessari eru matsmönnunum bundnar of þröngar reglur. Hinsvegar skal ég taka það fram, að ég ætlast til, að Engihlíðarhreppur fái fullar bætur fyrir þann tekjumissi, sem hann kann að verða fyrir, að athuguðum öllum kringumstæðum.

Þegar mál þetta var síðast hér til umr., fór hv. þm. S.-Þ. nokkuð sögulega út í það, og þá sérstaklega að því er snertir byggingu Blönduóskauptúns. Sakir þess, að mér fannst ekki rétt með allt farið hjá hv. þm., vildi ég leyfa mér að gera lítilsháttar leiðréttingu. Það er þá fyrst, að mjög mikill efi er á því, hvort kauptún hefði nokkurntíma myndazt sunnan Blöndu, ef brú hefði verið komin á hana þegar fyrstu verzlunarhúsin voru reist þar, því að verzlunarstaðurinn myndaðist upphaflega sunnan Blöndu vegna þeirra héraða, sem liggja sunnan og vestan árinnar. Þetta vildi ég taka fram, án þess ég viti nokkuð um það, hvort kaupfélaginu hafi verið neitað um pláss sunnan Blöndu, eins og hv. þm. vildi vera láta. Annars virðist mér, að það hafi verið alveg rétt hjá kaupfélaginu að byggja norðan árinnar, þar sem það byggði ekki hús sín fyrr en eftir að brúin á Blöndu var gerð, en hún var byggð 1897, ef ég man rétt.

Frsm. minni hl. (Þorsteinn Briem) [óyfirl.]: Hv. 4. þm. Reykv. vildi ekkert fara út í umr. um málið. Hann taldi, að fyrir því hefðu verið færð full rök áður. Skal ég því ekki gera honum þann óleik að fara neitt út í hinar fyrri röksemdafærslur hans um þetta mál.

Hv. 1. þm. N.-M. mælti og á móti brtt. á þskj. 703, taldi, að sá grundvöllur, sem þar er lagður um skaðabótagreiðslu vegna þessarar hreppaskiptingar, myndi ekki koma réttlátlega niður. Ég hefi orðið var við, að það vekti fyrir sumum andstæðingum þessarar brtt., að réttast myndi að miða bæturnar við ágizkanir um það, hvað verða muni framvegis, frekar en hitt, hvað gerzt hefir í þessu efni á undanförnum árum. Að sjálfsögðu mætti miða við þetta, ef við yfirleitt sæjum fram í tímann, en ég held, að við gerum það ekki svo mjög, að slíkt verði ekki valtur grundvöllur til þess að byggja á, og því verði ekki annað fyrir hendi en að miða við fortíðina, og út á það gengur brtt. okkar hv. 2. þm. S.-M. á þskj. 703. Að miða við ágizkanir um það, hvort fjölga muni eða fækka hreppsómögum, eða hitt, hvort fjölga muni eða fækka barnsfæðingum í þessum hluta Engihlíðarhrepps, sem nú er deilt um, verður áreiðanlega vafasamur grundvöllur til þess að byggja útreikning á.

Hv. 1. þm. Skagf. tók það fram, að hann vildi, að Engihlíðarhreppur fengi fullar bætur fyrir þann tekjumissi, sem hann kann að bíða vegna þessarar skiptingar á hreppnum. Út af þessum ummælum vil ég segja honum það, og það með fullri vissu, að Engihlíðarhreppur mun ekki telja sig fá fullar bætur fyrir tjón það, sem hann í þessu tilfelli mun verða fyrir, nema þær verði miðaðar við það, sem lagt er til í brtt. okkar, og hreppurinn er sannarlega nógum rangindum beittur, þó að hann aldrei nema fái þetta. — Þar sem ég átti aðeins eftir stutta aths., mun ég ekki hafa þessi orð mín fleiri.

Páll Hermannsson: Það er aldrei nema rétt, að þegar meta á þær bætur, sem Blönduóshreppur á að greiða til Engihlíðarhrepps, þá ber fyrst og fremst að líta á fortíðina, en að miða aðeins við síðustu 5 árin tel ég of þröngt. Þó ekki sé spáð fram í framtíðina, þegar meta skal þessar umræddu bætur, þá má þó líta á, hvernig útlitið er, hvort líkur séu til, að þarfirnar framundan muni verða svipaðar þörfum undanfarinna ára, og hafa það eitthvað til hliðsjónar. Annars verð ég að halda mig við það, sem ég þegar hefi tekið fram, að skynsamlegasta leiðin í þessu tilfelli sé sú, að láta dómkvadda menn meta bæturnar. Það verður réttlátast fyrir báða aðilja.

Þá vil ég að síðustu taka það fram, að ég hefði kosið, að frv. þetta hefði fengið betri undirbúning heima í héraði, áður en það var sent hingað til Alþingis. Þetta tel ég mig hafa sýnt með till. mínum. Hinsvegar skal ég taka það fram, að eftir þeim staðháttum, sem þarna eru fyrir hendi norðurfrá, þá mun aðeins lítið tímaspursmál, þar til Blönduóskauptún verður sameinað í eitt hreppsfélag, enda þótt það verði ekki í þetta sinn. Öll rök, sem færð hafa verið fram með frv., hafa sýnt það ljóslega, að allt bendir til þess, að Blönduóskauptún hljóti að eiga að vera eitt sveitarfélag.

Bernharð Stefánsson: Mér virðist óþarft, að mikið sé talað um þessa brtt., og þá ekki sízt fyrir mig, sem get unað vel við þá lausn þessa máls, að því sé öllu komið fyrir kattarnef. Ég fæ ekki séð, að brtt. á þskj. 193 sé neitt til bóta fyrir frv., ef það á annað borð verður samþ., eða bæti rétt Engihlíðarhrepps frá því, sem frv. ætlast til. Annars mun ég ekki fara langt út í umr. um mál þetta nú, því að ég get að mestu leyti fallizt á það, sem hv. 1. þm. N.-M. sagði í sambandi við það. En úr því ég annars stóð upp, vil ég nota tækifærið til þess að víkja nokkrum orðum að hv. 10. landsk. Hann sagði, að vitanlega lægju fyrir skýrir hreppsreikningar, sem hægt væri að byggja á útreikninga í þessu sambandi. Ég veit það vel, að fyrir liggja hreppsreikningar Engihlíðar- og Blönduóshreppa, en ég veit það líka vel, að sýslufundir eiga að úrskurða alla hreppsreikninga. Um þetta þarf hv. 10. landsk. því ekki að fræða mig. En ég hygg, að það standi ekki í

reikningum Engihlíðarhrepps, hver hafi verið útgjöld hans fyrir þann hluta hreppsins, sem nú er talað um að leggja undir Blönduós. Ég býst við, að það gæti orðið flókið mál að ganga úr skugga um, hversu mikil þau hafa verið, a. m. k. hvað fátækraframfærsluna snertir, því oft er ekki hægt í fljótu bragði að vita um þurfamennina, þar sem í mörgum tilfellum þarf löng málaferli til þess að fá úrskurð um þá. Þetta þekki ég af langri reynslu í því að fást við sveitarstjórnarmál.

Þá sagði hv. 10. landsk., að það væri skylda sýslun. að úrskurða um þetta mál. Ég veit vel, eins og ég þegar hefi tekið fram, að sýslunefndin á að úrskurða hreppsreikningana, en ég held, að það standi hvergi í lögum, að hún eigi að úrskurða reikninga viðvíkjandi þessu máli. Mér virðist því einsætt, að verði brtt. samþ., þá geti það orðið til þess, að það geti dregizt lengi, að Engihlíðarhreppur fái nokkrar bætur, því alltaf má vefengja þær tölur, sem komið er með, ef enginn á að úrskurða. Ég held, að það sé misskilningur hjá hv. 1. þm. Skagf., að matsmenn eigi að kveða á um þessar umræddu bætur, enda þótt brtt. 703 verði samþ. Mér skilst nfl., að með samþ. hennar séu þeir úr sögunni. En samkv. henni liggur málið þannig fyrir, að Engihlíðarhreppur á að fá bætur eftir reikningum, sem enginn á að úrskurða.

Hvað mig snertir, lít ég svo á, að eigi á annað borð eitthvað að verða úr þessu, þá býst ég ekki við, að önnur sanngjarnari leið verði fundin en sú, sem frv. gerir ráð fyrir, að óvilhallir menn geri hér um. Ég tel till. því óþarfa og jafnvel skaðlega, eins og hún liggur fyrir. En ég bendi aðeins hv. flm. till. á það, hvort þeim sýnist þá ekki að gera till. þannig úr garði, að hún verði frambærileg.

Ingvar Pálmason: Af því að ég er meðflm. að þessari brtt. ásamt hv. 10. landsk. og af því að hv. andstæðingum þessarar brtt. hefir þótt svo mikið liggja við, að þeir eru þrír búnir að tala yfir hv. 10. landsk. dauðum, þykir mér rétt að segja nokkur orð. — Það hafa aðeins tveir af hv. andmælendum till. fært rök fyrir því, hvers vegna þeir eru á móti henni. En það vill svo hlálega til, að þeir eru þar sinn með hvoru móti. Hv. 1. þm. Eyf. er á móti till. af því, að hann telur, að sá grundvöllur, sem á að reikna skaðabæturnar eftir, sé ekki til, eða a. m. k. svo ógreinilegur, að það hljóti að valda ágreiningi. Hv. þm. vitnaði til þess, að hann væri búinn að fást við sveitarstjórnarmál í 20 ár og vissi þetta af reynslu. Það geta náttúrlega fleiri sagt. Ég tel það ekkert sönnunargagn, þó að ég sé búinn að fást við þessi mál í 35 ár, og alllangan tíma af því oddviti. En það verð ég að segja, að ég tel, að þeir reikningar séu ekki í góðu lagi, sem ekki er hægt að fá greinilega út úr, hver fátækraframfærslan hefir verið í hreppnum og hverjir hafa þegið sveitarstyrk.

Hv. þm. taldi mest vandkvæði á að finna, hver fátækraframfærslan hefði verið í hverjum hreppshluta. En ég held áreiðanlega, að fyrir hverri slíkri greiðslu séu til ágætar sannanir. Ég get ekki séð, að það þurfi að valda neinum ágreiningi, auk þess sem hv. 10. landsk. benti á, að ef um slíkt væri að ræða, þá væri það eðlileg leið að fara með það til sýslunefndar, sem ber ábyrgð á samþykkt hreppsreikninganna, og láta hana skera úr. Sýslunefndin hefir á sínum tíma samþ. reikningana, og ef þar hafa verið einhver ágreiningsatriði, þá upplýsast þau auðvitað með því.

Hv. 1. þm. N.-M. var á móti þessari brtt. af því, að hann taldi, að reynsla síðustu 5 ára væri ekki nægilega sterkur grundvöllur til þess að byggja á. Það er satt, að ætti maður að byggja á einhverju föstu, byggir maður á því, sem liðið er. Það má vel vera, að það væri tryggari grundvöllur að hafa tímann t. d. 10 ár. En það raskar ekki því, að þegar á að meta skaðabæturnar, er eðlilegt, að það séu lagðar til grundvallar þær tekjur, sem hreppurinn hefir haft af þessum hreppshluta. En öðru máli gegnir, ef um er að ræða að skipta hreppsfélagi í tvennt. Þá þyrfti að skipta ýmsu, t. d. eignum og skuldum og öðru því líku. Þó gæti komið til álita, hvort ætti að meta eða ekki. En hér er ekki um það að ræða, heldur að Engihlíðarhreppur fái bættan þann fjárhagslega halla, sem hann verður fyrir vegna þess, að þessi hluti hreppsins er tekinn og lagður undir annan hrepp. Um það eru allir sammála, að Engihlíðarhreppur eigi að fá skaðabætur. Og ef ekki á að byggja skaðabæturnar á því, hverjar tekjur hreppurinn hefir haft af þessum hreppshluta síðustu 5 árin, þá veit ég ekki, á hverju á að byggja. Ég held, að mat, sem byggist á því, hverjar tekjur Engihlíðarhrepps verði eftir 10 eða 12 ár, geti ekki orðið réttlátt. Það getur verið, að einhver sé svo góður spámaður, að hann geti spáð því og það reynist rétt. En ég hefi aldrei nokkurntíma þekkt, að skaðabótakröfur væru byggðar á öðru en því, sem fyrir liggur. Ég held því, að ekki sé hægt með neinum rökum að mæla á móti því, að sá grundvöllur, sem þessi brtt. leggur um skaðabætur, er réttur. En hitt er annað mál, eins og hv. 1. þm. N.-M. kom inn á, að það getur alltaf verið álitamál, hvort tímalengdin, sem miðað er við, er sú rétta. En sé byggt á því, sem liðið er, er verið að byggja á staðreyndum, en ef á — eins og hér er komið fram — að byggja á því, sem mönnum dettur í hug, að kunni að eiga sér stað í framtíðinni, þá held ég, að málið fari að verða varhugavert. Menn verða að gæta að því, hvað það er, sem hér liggur fyrir. Það er ekkert annað en að þessi hreppur á að fá skaðabætur, og þær hljóta að miðast við það, hvers hann missir í. Ég held meira að segja, að það sé ekki viðeigandi og jafnvel varhugavert fyrir hæstv. Alþingi, ef það á annað borð ætlar að fyrirskipa þessi hreppsskipti, að fella till. okkar, því að hún er byggð á þeim eina grundvelli, sem skaðabæturnar geta byggzt á. Með því að fella þessa brtt. er þingið þar með búið að gefa væntanlegum matsmönnum, sem þá yrðu skipaðir, undir fótinn um, að ekki eigi að byggja á þessum grundvelli, heldur því, hvað þeir séu klókir að spá fram í framtíðina. En hitt er annað mál, að það mætti kannske bæta þessa till. okkar, því að hún er sjálfsagt ekki alfullkomin frekar en önnur mannanna verk. Finnst mér

það þá vera verk þeirra manna, sem sjá ófullkomleika till., að bæta úr henni. Það er réttara heldur en að þeir krefjist þess, að við bætum okkar verk, sem við ekki könnumst við, að sé neitt sérlega ábótavant.

Annars sé ég ekki ástæðu til þess að vera að fjölyrða um þetta. Ég kunni betur við að láta sjá, að ég fylgi ekki till. aðeins til málamynda. Mér er það full alvara, að þar sé gengið svo frá þessu máli, að hreppurinn, sem með þessu er verið að breyta, sé ekki beittur neinu ofríki. Þegar tekinn er nokkur hluti af þessum hreppi, að honum nauðugum, og lagður undir annan hrepp, finnst mér sú skylda hvíla á hæstv. Alþingi að tryggja, að hann verði ekki fyrir neinu fjárhagslegu tjóni. Hinsvegar verð ég að segja það, að verði brtt. okkar felld, kemur ein ástæðan enn til þess að greiða atkv. á móti frv. Hún er sú, sem ég sagði áðan, að þá er Alþingi búið að sýna sinn vilja í því, að það vill ekki byggja á því, hverjar tekjur Engihlíðarhreppur hefir haft af þessum hreppshluta síðastl. 5 ár, heldur aðeins því, sem matsmennirnir telja rétt.

Bernharð Stefánsson: Ég nenni ekki að vera að karpa um þetta við hv. 2. þm. S.-M. Ég hefi ekki sannfærzt af hans seinustu ræðu, og í stað þess að svara honum, sem ég hefi líka tæpast rétt til samkv. þingsköpum, vildi ég gera fyrirspurn til hv. 2. þm. S.-M. og hv. 10. landsk., flm. till. á þskj. 703, þess efnis, hvernig eigi eftir niðurlagi till. að ákveða um fátækraframfærið, hvað af því hafi stafað af þeim hreppshluta, sem ætlazt er til, að verði sameinaður Blönduóshreppi. Hvort þeir hafi það í höfðinu alveg skýrt og tvímælalaust, eftir hvaða reglum það eigi að gera. Þar sem hv. 2. þm. S.-M. hefir eftir því sem hann upplýsti, verið 35 ár hreppsnefndarmaður og oddviti, má ætla, að það sé skýrt í hans höfði, þó að það hafi ekki komið fram í d., hvernig hann hugsar sér þetta. Vildi ég þá gjarnan spyrja hann líka, hvort hann hafi aldrei orðið var við það í þessari 35 ára reynslu, að það léku tvímæli á því um suma þurfalinga, hvar þeir ættu sveitfesti. Ef hann hefir orðið var við þetta á þessum langa starfstíma við sveitarstjórnarmál, vildi ég spyrja hann að því, hvort hann gæti hugsað sér, að orkað gæti tvímælis um einhvern þurfamanninn þarna, hvort sveitfesti hans í Engihlíðarhreppi stafaði af dvöl hans í þeim hluta, sem á að vera Engihlíðarhreppur áfram, eða þessum nýja hluta.

Hv. 2. þm. S.-M. sagði, að það væri mitt og hv. 1. þm. N.-M. að laga þessa brtt., svo hún yrði frambærileg. Ég get ekki séð það. Ég vil láta fella brtt., og reyndar frv. allt, og sé því ekki ástæðu til að vera að bera fram brtt. Mér finnst, að það sé þeirra, sem till. hafa smíðað, að gera hana þannig úr garði, ef þeim er annt um, að hún verði samþ. eða tekin alvarlega, að hún verði frambærileg. Eins og till. er nú, eins og ég sýndi fram á og hv. þm. hafa ekki hrakið, leiddi samþykkt hennar eingöngu til þess, að allt þetta mál kæmist í sjálfheldu. Þegar búið væri að taka þennan hreppshluta af Engihlíðarhreppi og steypa honum saman við Blönduós, yrði áreiðanlega ágreiningur um niðurstöðu hreppsreikninganna — ekki hvað fátækraframfærið væri mikið í heild, heldur hvernig bæri að skipta því, eins og ég hefi áður getið. Um það er enginn til að úrskurða, því að það er ekki verk sýslunefndarinnar, þó að hún eigi að úrskurða hreppsreikningana í heild. — Nei, ég held að þessi hv. þm. ættu að fara heim og læra betur, m. ö. o.: Þeir ættu að laga þessa till. ef þeim er annt um, að sú hugsun, sem liggur til grundvallar fyrir henni, verði viðurkennd. Eins og till. liggur fyrir er hún ekki frambærileg, og þótt hv. 2. þm. S.-M. segi mér og öðrum hv. þm. að búa hana betur út, þá get ég ekki verið að því nú á elleftu stundu. Mér finnst það vera flm. að gera það.

Ingvar Pálmason: Það er út af þessari einkennilegu fyrirspurn, sem hv. 1. þm. Eyf. beindi til okkar hv. 10. landsk., sem ég þarf að segja fáein orð. Hann spurði okkur sem sé að því, hvort við hefðum í höfðinu, hvernig fátækraframfærslan hefði fallið í þessum hlutum Engihlíðarhrepps á síðustu 5 árum. (**BSt:** Þetta sagði ég aldrei, heldur hvernig ætti að skipta fátækraframfærslunni). Já, hvernig ætti að skipta henni. Ég hefi það ekki í höfðinu, og ég held hv. 10. landsk. ekki heldur. Það er af eðlilegum ástæðum. En ef hv. 1. þm. Eyf. hefði spurt um það, hvort ég vissi, hvernig fátækraframfærslan hefði fallið á síðustu 5 árum í því sveitarfélagi, sem ég hefi átt kost á að fylgjast með reikningum í, þá skyldi ég hafa svarað, og þá var rétt spurt.

Það er réttilega tekið fram, að meðan sveitfestistíminn var 10 ár, gat þetta verið flókið. En það vita allir, og hv. 1. þm. Eyf. líka, eins og ég, að hún kemur ekki til greina á þessum 5 árum, sem hér er ætlazt til, að lögð verði til grundvallar. En ég verð að byggja á þeirri reynslu, sem ég hefi á þessum málum annarsstaðar, og get ég ekki séð, að komi fram neinir annmarkar á því að leggja skýrt fram, hver þessi upphæð er. En verði ágreiningur um sveitfestina, þá er það ekki hreppsnefndarinnar að úrskurða það, heldur verður að úrskurða það á réttum vettvangi, og þeim úrskurði verður hreppurinn að hlíta.

Ég get ekki fundið þá annmarka á þessari till. okkar hv. 10. landsk., sem hv. 1. þm. Eyf. byggir andstöðu sína á, og þar af leiðandi finn ég enga hvöt hjá mér til þess að breyta henni eftir hans höfði, sem ég þá vissi ekki, hvort honum mundi líka. Þess vegna er eðlilegt, að ég óski eftir því, að hann komi með brtt., því að þegar ég get ekki viðurkennt þá ástæðu, sem hann telur, að sé fyrir hendi til þess að breyta okkar brtt., þá getur hann ekki búizt við því, að ég eða hv. meðflm. minn komi með brtt. Ef við hefðum gengið inn á rök hans, þá var öðru máli að gegna. Ég get sagt það, eins og ég tók fram áðan, að ef ekki á að leggja eitthvað svipað til grundvallar og það, sem við leggjum til grundvallar í okkar till. fyrir mati eða ákvörðunum þeirra skaðabóta, sem hreppurinn á að fá, þá veit ég ekki, hvað á að leggja til grundvallar. Ég held því, að í raun og veru sé þetta

mál þannig vaxið, úr því að þingið telur það liggja svo ljóst fyrir, að nú á þessu þingi skuli ákveða, að þessi hreppskipti fari fram, hljóti það líka að liggja ljóst fyrir, að hér sé ekki um stórt atriði að ræða, og væri þá allra réttast að tala ekkert um skaðabætur handa Engihlíðarhreppi. En úr því að þessi veiki punktur kemur fram hjá hv. flm. málsins, tel ég, að þeir eigi að ganga svo frá því, að þeir séu vissir um, að Engihlíðarhreppur liði ekkert við þessi skipti. En þeir eru ekki vissir um það, þegar þeir kasta frá sér að ákveða um það, hverjar skaðabæturnar eigi að vera, en það gera þeir, þegar þeir segja, að sýslumaður eigi að útnefna menn til þess að meta þær.

Það er ekki meira en mannsaldur síðan þessi hreppur var einhver allra fátækasti hreppurinn í Húnavatnssýslu. Það veit ég, en ég er ekki kunnugur þar síðustu 40 árin, en hefi mikla ástæðu til að halda, að velgengni hreppsins stafi ekki hvað minnst af byggðinni norðan Blöndu, sem nú á að taka af hreppnum og gjalda honum í staðinn bætur, sem einhverjir og einhverjir meta. Alþingi telur sig hafa rétt til þess að taka þennan hluta af Engihlíðarhreppi, og kasta jafnframt frá sér þeirri ábyrgð, sem það hefir tekið á sig um leið, að ákveða, að hreppurinn fái fullar bætur fyrir. Mér dettur ekki í hug að bera nokkrar brigður á það, að viðkomandi sýslumaður, sem er búsettur í Blönduóshreppi, muni alls ekki útnefna þessa matsnefnd, ef til kemur. Ég býst við, að hann viki sæti, og þá vitum við ekkert, hvernig til tekst um þessa skipun. Það getur því orðið ókunnugur maður, sem útnefnir þessa menn, og þar af leiðandi getur farið svo, að þeir verði ekki heppilega valdir. Ég tel því, að hæstv. Alþingi, með því að ákveða að þessi skipti skuli fara fram án þess að ganga betur frá þessu atriði, hafi tekið á sig allt of mikla ábyrgð og sýnt allt of litla ábyrgðartilfinningu fyrir því að ganga úr skugga um, að hreppurinn missti einskis í. Ætti því að samþ. brtt. okkar hv. 10. landsk., þó að henni kunni, frá sjónarmiði hv. 1. þm. Eyf., að vera í einhverju ábótavant, sem ég þó ekki sé. Verði hún drepin, er þingið þar með búið að ákveða, að þessi hreppskipti skuli fara fram, en því kemur ekkert við, hvernig fari um skaðabæturnar. (BSt: Drepa frv. á eftir). Þá er réttara að tala ekkert um skaðabætur, en úr því að þessi veila er komin fram, að það þurfi að bæta hreppnum þetta að fullu, verður hæstv. Alþingi að stíga sporið til fulls og sjá um, að hreppnum verði bætt að fullu.

ATKVGR.

Brtt. 703 felld með 9:3 atkv.

Frv. samþ. með 9:5 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: PHerm, PM, SÁÓ, ÞÞ, HG, JAJ, JBald, MG, MJ.

nei: ÞBr, BSt, IngP, JJ, EÁrna.

Tveir þm. (GL, HermJ) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (A. 749).

62. Kreppulánasjóður (frv. BSt og EÁrna).

Á 63. fundi í Ed., 7. nóv., var útbýtt:

Frv. til l. um breyt. á l. nr. 78. 19. júní 1933, um kreppulánasjóð (þmfrv., A. 481).

Á 65. fundi í Ed., 9. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 12 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

Flm. (Bernharð Stefánsson): Eins og mönnum er kunnugt og tekið er fram í grg. þessa frv., er lánveitingum úr kreppulánasjóði ekki lokið ennþá og verður að sjálfsögðu ekki lokið fyrr en um áramót, og ef til vill ekki einu sinni þá. Þess vegna verður það náttúrlega ekki að fullu séð, hve mikil upphæð fellur á ábyrgðarmenn lántakenda úr sjóðnum. En eftir þeim upplýsingum, sem ég hefi nýlega fengið frá kreppulánasjóði, verður þessi upphæð eitthvað yfir 2 millj. kr., hvað mikið, veit ég ekki nákvæmlega. Mér hefir þó verið tjáð af einum bankastjóra Búnaðarbankans, að ekki sé ástæða til að gera ráð fyrir, að upphæðin fari fram úr 2½ millj. kr. Það má því ganga út frá því sem gefnu, að hún verði einhversstaðar á milli 2 og 2½ millj. króna, sem verður þá sú upphæð, sem ábyrgðarmenn lántakenda úr kreppulánasjóði eiga samkv. kreppulögunum að greiða. Nú er það vitanlegt, að hagur þessara ábyrgðarmanna er ákaflega misjafn. Sumir þeirra eru sjálfsagt efnaðir menn, en aðrir eru fátækir, og án efa eru mjög margir af þessum ábyrgðarmönnum lítið eða ekkert betur settir en þeir, sem sjálfir hafa fengið lán úr kreppulánasjóði, og svo eru sjálfsagt allmargir ábyrgðarmenn, sem sjálfir hafa fengið lán úr kreppulánasjóði, þar sem er ef til vill verið að afskrifa þeirra eigin skuldir, en jafnframt er það tekið fram í skuldaskilasamningnum, að ábyrgðir þeirra skuli óbreyttar standa. Ég veit mörg dæmi þess. Það er alveg vitað, að hagur margra þessara ábyrgðarmanna er ekki betri en það, að ef að þeim væri gengið með þessar upphæðir, þá mundu þeir komast í greiðsluþrot, þótt það sé langt frá því, að svo sé með þá alla. En eitt er áreiðanlega sameiginlegt með öllum ábyrgðarmönnum lántakenda í kreppulánasjóði, og það er það, að það er ósanngjarnt og ranglátt að ganga að þeim með þessar ábyrgðir, a. m. k. mjög hastarlega. Það er að vísu svo, að þegar maður gengur í ábyrgð fyrir annan mann, þá má hann alltaf búast við að þurfa að greiða upphæðina, sem hann hefir ábyrgzt. En hann hefir þó undir venjulegum kringumstæðum rétt og oftast möguleika til þess að gera kröfur sínar gildandi gagnvart þeim, sem hann gengur í ábyrgð fyrir, en hér er ekki því til að dreifa. Framkvæmd kreppulánveitinga er þannig háttað, að hin svokallaða afskrift er notuð, þ. e. a. s., að lántakandi er ekki lögum samkv. skyldur til þess að greiða meira en skuldaskilasamningurinn leggur honum á herðar að greiða, en afgangnum er kastað á á-

byrgðarmennina, að svo miklu leyti sem ábyrgðarmenn eru fyrir skuldunum. M. ö. o., það er löggjafarvaldið sjálft, sem hefir ákveðið að afskrifa skuldir hjá einum til þess að kasta þeim svo yfir á annan. Margir benda líka á það í þessu efni, að ábyrgðarmenn lántakenda í kreppulánasjóði séu beittir misrétti, með því að þeir hafa yfirleitt ekki verið kvaddir til skuldaskilasamninga, eftir því sem mér hefir verið sagt. Það er náttúrlega svo, að heiðarlegir menn vilja ekki láta ábyrgðarmenn sína greiða fyrir sig skuldir, og sem betur fer er ekki ástæða til að ætla annað en að flestir lántakenda í kreppulánasjóði, og sennilega allir, séu heiðarlegir menn, sem taka sér nærri, að ábyrgðarmennirnir greiði skuldirnar. Það er líka vitanlegt, að mjög margir lántakendur í kreppulánasjóði reyna sjálfir að standa undir þeim skuldum, sem að nafninu til hafa fallið á ábyrgðarmenn þeirra. En einmitt við þetta verða þessar svokölluðu eftirgjafir í kreppulánasjóði þýðingarlitlar, eða jafnvel þýðingarlausar. Það má því segja, að þrátt fyrir kreppulán og skuldaskilasamninga, sem fram hafa farið í kreppulánasjóði, er hin endanlega skuldauppgerð bænda ekki farin fram ennþá.

Það þarf ekki að minna á, að haustþingið í fyrra viðurkenndi fyllilega, að hér væri þörf á lagfæringu. Á því þingi voru samþ. lög um að veita ¼ millj. kr. af reiðufé kreppulánasjóðs til þess að greiða hluta af þessum ábyrgðakröfum, gegn því, að ábyrgðarkröfurnar yrðu látnar niður falla, eftir því sem um semdist. Lögin eru að vísu viðurkenning þess, að löggjafarvaldið geti ekki gengið svo frá þessum málum eins og til stóð samkv. kreppulánasjóðslögunum. En við þetta er það að athuga, að þessi lög síðan í fyrra gera ráð fyrir svo lítilli upphæð, að hætta er á því, að hún komi ekki að neinu verulegu gagni. Ég man eftir því, að það var viðurkennt af aðalflm. þessa frv. í fyrra, að upphæðin væri lág, og hann viðurkenndi, að það yrði að skoða þessa upphæð frekar sem viðurkenningu á því, að gera yrði tilraun til þess að veita einhvern stuðning, í þeirri von, að eftirgjafir fengjust frá kröfuhöfum aftur á móti. Það bæri frekar að skoða þessa upphæð þannig heldur en að það muni svo mikið um upphæðina í sjálfu sér. Enda sýnist upphæðin ekki muni verða nema um 10% af ábyrgðarkröfunum. En nú er á það að líta, að lánsstofnanir og aðrir kröfuhafar hafa ekki neina skyldu til þess að gefa eftir á móti þessu, og þar sem svo lítið munar um framlagið, þá teljum við flm. þessa frv. mjög mikla hættu á því, að lánsstofnanir og aðrir kröfuhafar fáist ekki til þess að gefa eftir af kröfunum gegn svo litlu framlagi, að um það muni nokkuð verulega. Í þessu frv., sem hér liggur fyrir, er því lagt til, að þrefölduð sé upphæð sú, sem ætlazt er til, að varið verði í þessu skyni. En nú vitum við allir, hvernig fjárhagshorfurnar eru, og þess vegna sáum við okkur ekki fært að leggja til, að þessi viðbót, sem við viljum fá í þessu augnamiði, yrði lögð fram úr ríkissjóði í peningum. Heldur leggjum við til, að hún verði veitt í kreppubréfum, ½ millj. kr. að upphæð, sem fyrirsjáanlegt er, að verður afgangs, þegar lánveitingum verður lokið. Okkur er það vel ljóst, að samningar um endanlega uppgerð á skuldunum munu ekki ganga eins greiðlega með þessu móti eins og ef um peningagreiðslu væri að ræða, en þó er mesti munur á því að fá upphæðina þrefaldaða. Þótt ⅔ hlutar af henni séu í kreppulánasjóðsbréfum. Það má t. d. gera ráð fyrir, að kröfuhafi verði fúsari til samninga, sem fær 300 kr., enda þótt 200 kr. af þeim séu í kreppusjóðsbréfum, heldur en ef hann fengi aðeins 100 kr. Okkur var það vitanlega ljóst, að það kemur einhverntíma að því, að ríkissjóður þurfi að innleysa þessi verðbréf, en það er nú einu sinni svo, að manni sýnist það alltaf léttara, sem skjóta má á frest og dreifa yfir á mörg ár. Það má skoða þessa ½ millj. kr., sem ríkið leggur fram til viðbótar, sem lánsfé með mjög hagkvæmum kjörum. Upphæðina verður ríkið að greiða á næstu 40 árum, og svo vitanlega vexti af verðbréfunum.

Þá er nýmæli í þessu frv. um það, að skilyrði fyrir framlagi úr kreppulánasjóði sé það, að kröfuhafi gefi a. m. k. jafnháa upphæð eftir eins og framlagið nemur. Þetta teljum við nauðsynlegt ákvæði til þess að hvetja kröfuhafa til eftirgjafa og líka til þess að benda á leið til þess að haga skiptingunni eftir yfirleitt. Ég veit um marga kröfuhafa, sem hafa að vísu hugsað sér að gera sitt til að framlög fengjust upp í kröfur þeirra, en hafa jafnframt hugsað sér að gefa annaðhvort ekkert eftir sjálfir eða sem allra minnst. Ef þetta frv. verður að lögum, þá yrði sú upphæð, sem varið verður í þessu skyni, 750 þús. kr., eða sem næst, eftir því sem ætla má, ⅓ af þeim kröfum, sem hvíla á ábyrgðarmönnunum. Ég hugsa að heppilegt yrði, þegar hin endanlega uppgerð fer fram, að það yrði aðalreglan að skipta ábyrgðarkröfunum í þrjár jafnar upphæðir, þar sem ein greiddist með framlagi því, sem frv. gerir ráð fyrir, önnur yrði eftirgefin af lánsstofnunum eða kröfuhöfum, og hin þriðja greidd af ábyrgðarmönnunum. Náttúrlega yrði að víkja frá þessari reglu til beggja handa, eftir efnahag þeirra, sem ábyrgðirnar hvíldu á, og öðrum ástæðum. Þannig yrðu þessi þriðjungsskipti aðeins aðalregla, og ég er viss um, eftir því sem ég þekki hugi landsmanna í þessu efni, að þetta þykir sanngjörn skipting, að ábyrgðarkröfurnar komi nokkurnveginn jafnt á alla þessa aðilja.

Menn gerðu sér í upphafi miklar vonir um árangur af kreppulánasjóðslöggjöfinni, og skal ég ekki hafa á móti því, að lánveitingar kreppulánasjóðs hafi gert gagn, en hitt er samt víst, að sá tilgangur, sem gert var ráð fyrir, næst ekki nema þetta frv. verði samþ. Því tilgangurinn með stofnun kreppulánasjóðs var sá, að koma öllum lausum skuldum þeirra bænda, er kreppulán fengju, í sæmilegt horf, en eins og ég vék að áðan, þá líta menn á það almennt sem drengskaparskyldu að láta ábyrgðarmennina ekki þurfa að borga ábyrgðirnar, og þurfa bændur þá eftir sem áður að borga þær svokölluðu eftirgefnu skuldir. Hefir þá ekki annað unnizt með kreppulánunum en að koma nokkrum hluta

skuldanna í föst lán með góðum kjörum, hinn hlutinn situr í sama öngþveitinu.

Við flm. álítum, að með þessu frv. sé bent á einu leiðina, sem fær er til þess að fá sæmilegan árangur af kreppulánasjóðslögunum. Það kann að vera, að sumum þyki hér farið fram á nokkuð mikið, þar sem við hér viljum bæta við hálfri millj. kr., sem ekki verði afturkræf, jafnvel þó í kreppubréfum sé, en ég vil benda á það, að þegar allt kemur til alls, þá er ekki víst, að þetta verði meiri skaði fyrir ríkissjóð heldur en að láta þetta vandamál vera óleyst. Ríkissjóður ber ábyrgð á fjárreiðum kreppulánasjóðs, og ef ekkert verður að gert frekar en orðið er, þá er það áreiðanlegt, að mjög margir lántakendur í kreppulánasjóði reyna til hins ýtrasta að greiða það, sem á ábyrgðarmennina hefir fallið, en við það minnkar geta þeirra til þess að greiða í kreppulánasjóð vexti og afborganir. Þá gæti farið svo, að sjóðnum töpuðust greiðslur, sem ekki hefði orðið, ef svo yrði séð um, að bændur losnuðu við ábyrgðarkröfurnar á tiltölulega auðveldan hátt, eins og upphaflega var í raun og veru ætlazt til, að yrði með kreppulánunum. En þá verður kreppulánasjóður tryggari en hann er, þegar fram í sækir.

Ég sé svo ekki ástæðu til að fara fleiri orðum um frv. að þessu sinni. Óska ég, að frv. verði vísað til landbn. að lokinni þessari umr.

Jón Baldvinsson [óyfirl.]: Þetta frv. fer sjálfsagt til landbn. að lokinni þessari umr. Gæti ég því kannske sparað mér langar umr. um það að þessu sinni. — Hér er stungið upp á viðbót við það framlag, sem samþ. var 1934 í þessu skyni, að styrkja þá ábyrgðarmenn, sem illa hafa orðið úti vegna skuldaskila við kreppulánasjóð. Í fyrra var samþ. að leggja fram úr ríkissjóði ¼ millj. kr. í þessu augnamiði, og nú á að bæta við 500 þús. kr., og verður þetta þá samtals ¾ millj. kr. Ég ætla aðeins að benda á það í þessu sambandi, að margar stéttir manna eru nú aðþrengdar á landi hér, og t. d. er nú verið að byrja á skuldaskilum fyrir sjávarútveginn. Ég ímynda mér, að skuldir í þeim atvinnurekstri séu öllu stórfengilegri en hjá bændum, vegna þess að sjávarútvegurinn er öllu stórfelldari rekstur. Það má því búast við, ef farið verður að veita fé til þess að borga ábyrgðarkröfur af skuldum bænda, að samskonar kröfur komi frá sjávarútveginum, og ég sé sannast að segja ekki, hvernig slíkum kröfum yrði neitað, eftir að búið væri að fullnægja samskonar kröfum einnar stéttar. Þá er annað, sem talað hefir verið um af mörgum, bæði þm. og öðrum, á hvern hátt hægt væri að styrkja ýms bæjar- og sveitarfélög, sem sokkin eru í skuldir, og það hefir verið talað um að verja til þess afgangi af fé kreppulánasjóðs.

En svo er þessi lína í frv., sem er alveg ný og ekki var til í kreppulánasjóðslögunum, að hér er ætlazt til, að ríkissjóður gefi þetta fé. Ríkissjóður hefir að vísu áður lagt fram fé til vaxtagreiðslu af landbúnaðarlánum, en hér er beinlínis gefið fé úr ríkissjóði til þess að innleysa þessa ½ millj. kr. í kreppubréfum. Kreppulánasjóðslögin gera ráð fyrir því, að kreppulánin verði greidd aftur, þó búast megi við, að það verði ekki að öllu leyti, en það er þó formið. Í frv. er ekki gert ráð fyrir endurgreiðslu, enda segir í grg. frv. „Það mundi að sjálfsögðu koma á ríkissjóð á sínum tíma að innleysa þá ½ millj. kr., sem frv. gerir ráð fyrir, að lögð verði fram í kreppubréfum, en þar sem útgjöld af því dreifðust niður á 40 ár, virðist það ekki mjög tilfinnanleg byrði fyrir ríkissjóð".

Það er aðallega þrennt, sem ég tel athugavert í sambandi við þetta frv. Í fyrsta lagi það, að hér er gert ráð fyrir styrk, en ekki láni, eins og reglan er í kreppulánasjóði. Í öðru lagi mun þetta frv. draga dilk á eftir sér, ef samþ. verður og í þriðja lagi er sú spurning, hvort ekki væri hægt að verja fé þessu, afgangi kreppulánasjóðs, til meira gagns á annan hátt, þ. e. a. s. með því að styrkja bæjar- og sveitarfélög til þess að koma skuldum sínum á fastari grundvöll. Þetta fannst mér sjálfsagt að taka til athugunar um leið og frv. er vísað til n.

Flm. (Bernharð Stefánsson): Það verður að sjálfsögðu nægur tími fyrir okkur hv. 4. landsk. að ræða þetta mál í landbn., og síðan aftur við 2. umr., ef n. skyldi klofna um frv., en ég vildi þó minnast á tvö atriði í ræðu hans. Hið fyrra er það, að hann taldi ástæðu til að athuga, hvort ekki væri hægt að verja afgangi kreppulánasjóðs betur á annan hátt. (**JBald**: Til þess, sem væri enn þarfara). Já, til þess, er þarfara væri, og hv. þm. nefndi skuldir bæjarfélaga. Í fyrsta lagi fer ekki allur afgangur kreppulánasjóðs til þessa. Það verður víst um millj. eftir af kreppubréfum í kreppulánasjóði, — eða er það ekki? (**PM**: Það er á aðra milljón). Jæja, það verður þá allmikið eftir, en ég vil sérstaklega benda á það, að þegar kreppulánasjóður var stofnaður, þá var hann upphaflega aðeins ætlaður til þess að gera upp skuldir bænda. Það var að vísu ætlazt til, að fé hans væri lánað, en ekki gefið, en þá er á hitt að líta, sem ég benti á, hvernig ábyrgðarkröfur þessar eru tilkomnar, að þeim er hér slengt á óviðkomandi menn. Ef ég tek kreppulán og hv. 4. landsk. hefir verið ábyrgðarmaður minn, þá losna ég við að borga hluta af skuld minni, en ábyrgðarmaðurinn verður að greiða hana. Mér finnst það sanngirniskrafa, að löggjafarvaldið geri eitthvað til að jafna þennan órétt. (**JBald**: Þetta eru ekki óviðkomandi menn). Að vissu leyti ekki, en þó svo, að þessir ábyrgðarmenn hefðu kannske aldrei þurft að greiða neitt, ef gengið hefði verið að skuldunaut á þeim tíma, er hann komst undir vernd kreppulánasjóðslaganna, því eins og kunnugt er, voru kreppulánin ekki veitt út á allar eignir manna, heldur var útstrikað af skuldunum þangað til þær voru orðnar í hæsta lagi 70% af eignunum. Það var þetta, sem ég vildi undirstrika, að samkv. 15. gr. kreppulánasjóðslaganna er heimild til þess á þennan hátt að skattleggja óviðkomandi menn (þ. e. ábyrgðarmennina) með því að segja: Þú verður að greiða það, sem ég gef þessum manni eftir, enda þótt hann e. t. v. gæti greitt það sjálfur. — Þetta er það, sem á að leiðrétta með frv.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til landbn. með 11 shlj. atkv.

Á 73. fundi í Ed., 19. nóv., var frv. tekið til 2. umr. (A. 481, n. 556).

Frsm. (Bernharð Stefánsson): Þegar þetta mál var til 1. umr., gerði ég grein fyrir efni þess og þarf engu þar við að bæta. Í nál. landbn. á þskj. 556 mæli ég eindregið með því að frv. verði samþ., og sama mun vera að segja um hv. 2. þm. Rang., en hann var ekki á fundi, er málið var afgr. í n., og hefir því ekki skrifað undir nál. Hinsvegar hefir hv. 4. landsk. sérstöðu í málinu.

Jón Baldvinsson [óyfirl.]: Ég sá ekki ástæðu til að gefa út sérstakt nál. um þetta mál, þótt ég sé því andvígur að mestu. En þó vil ég nokkuð ítreka það, sem ég sagði við 1. umr.

Hæstv. atvmrh. hafði hugsað sér sérstaka meðferð á því fé, er afgangs kynni að verða, er kreppulánasjóður hætti störfum, á þann hátt að verja honum til betri skipunar á fjárreiðum bæjarfélaga utan Rvíkur. Eftir lauslega áætlun lítur út fyrir, að með þeim hætti mætti fá föst lán *í stað hengingarlánanna*.

Það er auðsætt, að ekki verður hjá því komizt, að ríkissjóður hlaupi á einhvern hátt undir bagga með bæjarfélögunum, enda hefir hann þegar gert það á ýmsan hátt. En heildarlöggjöf er hinsvegar engin til um þetta efni, og slíka löggjöf er ekki hægt að setja fyrr en ýtarleg rannsókn hefir farið fram. En árangur slíkrar rannsóknar ætti að geta legið fyrir næsta þingi. Að minu áliti yrði afganginum af kreppulánasjóði ekki betur varið á annan hátt en þann, að létta byrðar bæjarfélaganna.

Í þessu frv. er farið fram á 750 þús. kr. til þess að *losa ábyrgðarmenn úr kreppunni* af lánum bænda, sem hafa verið látin standa. Ég veit, að allharkalega hefir verið farið með þess menn, því að þeir hafa ekki getað borið hönd fyrir höfuð sér á skilafundum. En þótt þörf væri á að geta rétt hlut þessara manna, er þó meira um hitt vert, að geta lagað fjárhag kaupstaðanna.

Mér er ekki kunnugt um, hve mikið er eftir í sjóðnum. Að líkindum er það nálægt einni milljón króna, en vitanlega nægir sú upphæð ekki ein til þessa.

Ég veit, að hæstv. atvmrh. hefir mikinn hug á að *rannsaka fjárhag og hjálparþörf* kaupstaðanna eins og unnt er áður en þetta mál verður afgreitt.

Ég get ekki greitt atkv. með frv. eins og það er, en hefi þó ekki komið með brtt., en fari málið til 3. umr., er hægt að koma þeim að þá, enda ættu þá að geta legið fyrir upplýsingar um vandræði kaupstaðanna, þótt þær verði ef til vill eigi nákvæmar reikningslega.

Frsm. (Bernharð Stefánsson): Hv. 4. landsk. tæpti á því við 1. umr., að hann væri andvígur frv., og sagði, að hæstv. atvmrh. hefði hugsað sér aðra skipun á þessum málum.

Ég mun hafa minnzt á það við 1. umr., en get bent hv. þm. á það aftur, að þegar kreppulánasjóður var stofnaður með því að gefa út ákveðna upphæð skuldabréfa, þá var sú upphæð ætluð til þess að greiða fyrir skuldauppgerð bænda. Það er því þannig, að þó ½ mill. kr. sé ráðstafað samkv. þessu frv., þá er það aðeins í beinu áframhaldi og fullu samræmi við það, sem þessi bréf voru ætluð til í fyrstu. Aftur á móti, ef farið væri að verja þeim til að gera upp skuldir bæjarfélaga, væri komið inn á nýtt atriði, sem ekki kom til orða, þegar verið var að setja kreppulánasjóð á laggirnar. Með því er ég þó ekki að segja það, að ekki gæti komið til mála að verja einhverjum afgangi af bréfunum í þessu skyni, þegar búið væri að fullnægja þeim þörfum, sem fyrir hendi væru að því er þann upprunalega tilgang snerti. En það, sem er aðalatriðið fyrir mér í þessu máli, er það, eins og ég tók skýrt fram við 1. umr., að ég álít þjóðfélaginu bera blátt áfram siðferðisleg skylda til þess að létta eitthvað undir með ábyrgðarmönnum lántakenda úr kreppulánasjóði, vegna þess, hvernig það gekk frá kreppulánasjóðslögunum. Í kreppulánasjóði hafa menn fengið, eins og kunnugt er, svokallaðar eftirgjafir skulda á allháum upphæðum, en þessar eftirgjafir eru á þann veg, að þeim er varpað yfir á ábyrgðarmennina, sem margir eru ekkert betur settir heldur en þeir, sem skulduðu. Þetta verður því *bara til þess að aðrir bændur flosna* upp, og ég sé ekki, hvað er unnið við það. En eins og ég vék að áðan, þá má búast við því, að þessar svo kölluðu eftirgjafir verði fjölda manna með öllu gagnslausar, því sem betur fer eru flestir bændur þeir drengir, að þeir verjast því í lengstu lög, að aðrir verði að taka á sig þungar byrðar þeirra vegna. Þar af leiðandi reyna þeir til hins ýtrasta að borga vexti og einhverjar afborganir af þessum skuldum, sem kallað er, að hafi verið þeim eftir gefnar, til þess að þær falli ekki á ábyrgðarmennina. Ég tel, að með þessum ráðstöfunum kreppulánasjóðslaganna *hafi skapazt siðferðisleg skylda* fyrir þjóðfélagið að inna af hendi gagnvart þessum mönnum, sem alls ekki er forsvaranlegt að ríkisvaldið skjóti sér undan. Það er allt annað mál, hvað ríkisvaldið sér sér fært að hlaupa undir bagga með mönnum, sem eiga erfitt af ástæðum, sem það á enga sök á, eða að það gerir eitthvað til þess að létta undir með þeim mönnum, sem verða hart úti vegna ráðstafana, sem ríkið sjálft hefir gert.

Hv. 4. landsk. játaði það nú, að það hefði verið farið harkalega með ábyrgðarmenn í þessu efni, en hitt væri þó meira um vert, sagði hann, að gera upp *skuldir bæjarfélaganna*. Það er nú eins og það er tekið, en ég álít hið gagnstæða. Mér finnst það beri enn meiri skylda til þess að sjá um, að þessir menn verði ekki féflettir og verði gjaldþrota, auk þess, sem ég nefndi í upphafi, að frv. fer ekki fram á annað en að halda áfram að verja kreppulánasjóði og skuldabréfum hans í sama tilgangi og hann var upprunalega ætlaður til.

Hv. 4. landsk. talaði um, að hér væri um stóra fjárhæð að ræða, en ég ætla að benda hv.

þm. á, að hún er ekki stærri en svo, að gert er ráð fyrir, að a. m. k. eins há upphæð komi á lánsstofnanir sem töp og önnur eins komi á ábyrgðarmenn. Það er ekki farið fram á annað en að leggja fram svipaða upphæð eins og ábyrgðarmennirnir verða að taka á sig, og mér finnst sannarlega, þegar litið er á þeirra viðhorf gagnvart ríkisvaldinu, að ríkið geti ekki tekið minni þátt í þessu en gert er ráð fyrir samkv. frv.

Hv. 4. landsk. óskaði þess, að frv. yrði ekki látið ganga út úr d. fyrr en það væri athugað nánar. Ég verð þvert á móti að óska þess eindregið, að frv. verði ekki einasta látið ganga út úr d., heldur gert að l. á þessu þingi, hvað sem líður þörfum bæjarfélaganna til þess að fá uppgerðar sínar skuldir. Þar verður að finna aðra leið heldur en þá, að taka af kreppulánasjóði að svo miklu leyti, sem á honum þarf að halda í þeim tilgangi, sem hann upprunalega var stofnaður til. En það sem ekki þyrfti að nota í því skyni, mætti taka bæjarfélögunum til hjálpar.

Pétur Magnússon: Hv. frsm. lagði aðaláherzluna á að sýna fram á það, hversu óskynsamlegt það væri, ef farið væri í stórum stíl að ganga að ábyrgðarmönnum fyrir þá menn, sem tekið hefðu lán úr kreppulánasjóði, því afleiðingin yrði sú, að þeir, sem hefðu haft betri aðstöðu á undanförnum árum, yrðu dregnir niður og gerðir e. t. v. gjaldþrota. Ég get náttúrlega tekið undir það, sem hv. þm. segir um þetta atriði, en það, sem ég vildi vekja athygli á, er það, eins og raunar hv. þm. drap stuttlega á, að þetta mál, sem hér liggur fyrir, skiptir ekki einvörðungu ábyrgðarmennina, heldur og e. t. v. engu síður þá menn, sem kreppulán hafa fengið. Hv. frsm. benti réttilega á það, að allur þorri manna er — sem betur fer — þannig hugsandi, að þeir vilja í lengstu lög standa undir skuldbindingum sínum og forðast að láta ganga að ábyrgðarmönnum sínum. Það hefir þegar komið í ljós í allstórum stíl, að menn, sem fengið hafa kreppulán og afföll að meira eða minna leyti við skuldaskil — en á þeim hafa hvílt skuldir, sem tryggðar hafa verið með ábyrgð — hafa, eftir að búið var að ganga frá kreppulánum þeirra, tekið á sig hinar niðurfelldu skuldir að nýju, að meira eða minna leyti. Það lætur líklega nærri, að helmingur af þeim skuldum, sem niður hafa verið felldar, séu ábyrgðarskuldir. Ef það yrði nú hin almenna regla, að þessir menn, sem fengið hefðu niðurfelldar skuldir, tækju þær á sig að nýju, þá má af því sjá, að þessi niðurfelling skulda yrði að talsvert miklu leyti aðeins pappírsgagn. Það heitir svo, að skuldir séu felldar niður, en þær falla ekki niður nema í nokkra daga, því skuldunautarnir taka þær að sér aftur. Og þá liggur það vitanlega í augum uppi, að þessir hinir sömu menn eru litlu betur færir til þess að standa undir skuldbindingum sínum eftir að þeir hafa fengið kreppulán heldur en þeir voru áður. Einasta hjálpin liggur í því, að þeir eru búnir að fá einhvern hluta af skuldum sínum undir hagstæð og góð lánskjör. Nú held ég, að það hafi verið samróma álit manna, þegar stofnað var til þessarar kreppuhjálpar, að það bæri að keppa að því að koma sem flestum bændum, sem nota vildu þessa aðstoð, á fjárhagslega réttan kjöl. Og vitanlega er það, að ef þessi kreppuhjálp á að koma að nokkru gagni, þá verður þessu skilyrði að vera fullnægt. Það er a. m. k. víst, að eins og aðstaða landbúnaðarins er nú í landinu, þá mun bændum veitast fullerfitt að standa skil á skuldbindingum sínum, þó skuldir þeirra fari ekki fram úr eignum. Og ef svo ógiftusamlega tækist til, að landbúnaðurinn hlæði á sig aftur meiri skuldbindingum heldur en hann er fær um að standa undir, þá er allt komið í sama farið, og kreppuhjálpin yrði þá aðeins baggi á ríkissjóði, en ekki þeim atvinnuvegi, sem hún var ætluð til styrktar, að neinu verulegu gagni. Ég er þess vegna þeirrar skoðunar, — eins og reyndar kom fram í afstöðu minni til þessa máls á síðasta þingi, þegar ég bar fram frv. um að veita 250 þús. kr. í þessu sama skyni, sem um ræðir í þessu frv. —, að þetta sé fullkomið nauðsynjamál, ef hin upprunalega kreppulöggjöf á að geta náð því marki, sem til var ætlazt. Það verður náttúrlega að játast, að þegar verið var að ræða þetta mál á þinginu í fyrra, þá var gengið út frá því, að ábyrgðarskuldirnar yrðu ekki nærri eins miklar eins og raun varð á, og stafar það bæði af hinu lauslega yfirliti, sem þá var gert, og svo ekki síður af hinu, að nú á þessu ári hefir bætzt við mikið af nýjum lánbeiðnum, þar sem meiri hluti skuldanna eru ábyrgðarskuldir. Það er þess vegna sýnilegt, að sú fjárveiting, sem veitt var á síðasta þingi, var ófullnægjandi til þess að hægt væri að ná viðunandi samningum um þessar ábyrgðarskuldir, og ég tel þess vegna, að nauðsynlegt sé að veita heimildina til þeirrar viðbótar, sem hér er farið fram á.

Ég skal ekki neita því hjá hv. 4. landsk., að ástæða sé til að hlaupa undir bagga með bæjarfélögunum og reyna að aðstoða þau með að koma skuldum sínum betur fyrir heldur en raun er á. En þar er fyrst og fremst þess að gæta, að þó þessar 500 þús. kr. í skuldabréfum, sem hér er farið fram á í þessu frv., yrðu veittar til hinnar almennu kreppuhjálpar, þá mun þó nokkur fúlga verða eftir samt sem áður, sem ég ætla, að gæti orðið að þó nokkru gagni fyrir bæjarfélögin, ef henni væri ráðstafað á þann hátt, sem hv. 4. landsk. var að ráðgera. Og svo er vitanlega hitt líka, að ef eftir vandlega íhugun yrði talið nauðsynlegt að leggja út á þá braut að hjálpa bæjarfélögunum á svipaðan hátt og landbúnaðinum, þá er ekki loku fyrir það skotið, að það mætti hækka eitthvað þá fjárhæð, sem heimilt væri að gefa út í kreppubréfum. Það má náttúrlega með réttu segja, að þetta sé orðin mikil fúlga, og enginn efast um, að þetta verði tilfinnanlegur baggi fyrir ríkissjóð á næstu árum, því það er öllum ljóst, að mikið af þessum lánum hlýtur að tapast, því tryggingarnar eru þannig, að ekki getur hjá því farið, svo framarlega sem ekki verða því meiri breytingar á möguleikunum til þess að reka landbúnaðinn með hagnaði, og af

þeirri ástæðu er kannske varhugavert að hækka heimildina til þess að gefa út kreppubréf. En e. t. v. má líta svo á, að þau lán, sem veitt eru bæjarfélögum, væru í minni hættu heldur en hin almennu kreppulán, því gera má ráð fyrir því, að þau verði að setja hinar beztu tryggingar, sem þau hafa að bjóða, og þó að sum þeirra séu þannig stæð, að þau hafi ekki neinar sæmilegar tryggingar, þá má ætla, að meiri hlutinn af þeim lánum kæmi inn aftur. En eins og hv. frsm. gat um, þá er í raun og veru ekkert samband milli þessarar umtöluðu hjálpar til bæjarfélaganna og hinnar upprunalegu kreppuhjálpar. Sú fjárveiting, sem um er að ræða í þessu frv., er fram komin í beinu áframhaldi af hinni upprunalegu kreppulöggjöf, til þess að hún geti komið að fullu gagni. Hitt er í raun og veru nýtt og óskylt mál, hvort á að veita bæjarfélögum samskonar fríðindi.

Að þessu öllu athuguðu fyndist mér, að d. ætti ekki að vera í mjög miklum vafa um það, hvort afgr. skuli þetta frv. eða ekki, jafnvel þó menn líti svo á, að nauðsyn beri til þess að veita bæjarfélögunum svipaða aðstoð eins og landbúnaðinum hefir verið veitt með kreppulöggjöfinni.

Jón Baldvinsson [óyfirl.]: Þó að hv. 1. þm. Eyf. segði, að ég hefði ekki komið með neitt nýtt atriði í þessu máli, þá þurfa mín rök ekki að hafa verið neitt minni fyrir það. Þó að ég hafi minnzt á það áður, að það þyrfti að styrkja bæjarfélögin, og hafi hugsað mér þá leið til þess að gera það, að taka af kreppulánasjóði það, sem afgangs yrði, þá geta það verið jafnveigamikil rök fyrir það. Ég áliti það veigamikið, ef hægt væri af því, sem afgangs yrði úr kreppulánasjóði, að koma bæjarfélögunum á réttan kjöl.

Hv. 1. þm. Eyf. færði þau rök fyrir þessu máli, sem í fljótu bragði virðast styðja vel hans málstað, að kreppulánasjóður hafi verið stofnaður til þess að greiða fyrir skuldauppgerð bænda. Þetta er náttúrlega alveg rétt hjá hv. þm. Það var hugsuð ákveðin leið, sem sé að gefa bændum kost á að fá hagstæð lán til að borga gamlar skuldir, og jafnvel fá eftirgjafir hjá verzlunum, kaupfélögum og lánsstofnunum. Ég hugsa, þó ég hafi þar ekki neinar tölur á reiðum höndum, að það hafi skipt stórum fjárhæðum, sem þannig hafi verið látið falla niður, og það, sem lagt var fram af því opinbera í þessu skyni, var, ef ég man rétt, 11 millj. kr., sem gefnar voru út í bréfum, sem gátu gengið sem peningar til þess að greiða skuldir, sem stofnaðar voru fyrir þann tíma, sem segir í l. um kreppulánasjóð. Ég neita því ekki, að landbúnaðurinn hafi verið illa staddur og mikil þörf á að hjálpa honum, en með því að taka á sig þessar skuldbindingar, hafði ríkið vitanlega erfiðari aðstöðu til þess að hjálpa sjávarútveginum, enda var löggjöfin þar ekki frek á fjárveitingunni. Ég sé ekki annað en að farið hafi verið nákvæmlega eftir því, sem fyrir var lagt í l. um kreppulánasjóð, skuldir hafa verið gerðar upp og bændum hafa verið veitt hagstæð lán og miklar eftirgjafir á skuldum fyrir atbeina þess opinbera. En það var mörkuð ákveðin stefna í þessum l., þar sem ætlazt var til, að þetta væru ekki gjafir frá ríkinu, heldur lán, sem kæmu aftur. Að forminu til var gert ráð fyrir þessu, þó að í hugum margra ríki meðvitundin um, að það mundi fara nokkuð eftir ástæðum, hvað inn kæmi aftur, og nú heyrist mér hljóðið í mönnum það, að þeir búist við því, að allmikið af þessu muni aldrei koma inn aftur. Mér sýnist sem sagt, að kreppulánasjóður hafi innt sérstakt hlutverk af hendi, en með því, sem nú er stungið upp á með þessu frv., sem hér liggur fyrir, sé alveg komið inn á nýtt svið, með því ekki einungis að lána mönnum fé, heldur gefa þeim, sem orðið hafa hart úti vegna skuldaskila í kreppulánasjóði, ½ millj. kr. í bréfum. Þetta er, eins og ég sagði, alveg ný stefna. Í l. var ekki ætlazt til þess, að mönnum væri gefið; þeir áttu að borga lánin með mjög góðum kjörum. En hér er talað um að gefa 500 þús. kr. í bréfum, til þess að létta af þessum skuldum. Það má náttúrlega segja, að það sé í þágu þeirra, sem fengið hafa lán úr kreppulánasjóði, en hér er tekin upp ný stefna. Og svo er að því að gæta, að ef það verður svo, að ríkið þarf að greiða mikið af bréfum úr kreppulánasjóði, vegna þess að menn greiða ekki lán sín, þá þýðir það, að þegar dregin eru út bréf, þá verður ríkissjóður að hafa handbæra peninga til þess að greiða handhöfum þeirra. En til þess að taka þetta fé verður að leita í kaupstaðina eftir peningum. Það er vitanlegt, að meginhlutinn af tekjum ríkissjóðs er tekinn við sjávarsíðuna. En það má ekki fyrir því gera lítið úr hlutverki bænda í þjóðfélaginu. Samt ber að líta á þetta, og væri ekki ósanngjarnt, að kaupstaðirnir hefðu stuðning af þessari löggjöf, ef þarf að leita til þeirra til að greiða í framtíðinni það, sem vangreitt er af lánum úr kreppulánasjóði. Þannig renna sterkar stoðir undir það að styðja kaupstaðina líka, ef taka á upp nýja stefnu í þessum málum, að leggja fram til kaups nokkurn hluta af skuldbindingum ábyrgðarmanna og fella ábyrgð þeirra niður. Það er ný stefna, sem ekki er eftir upphaflegum tilgangi laganna.

Nú sagði hv. 2. þm. Rang., að um helming þeirra skulda, sem niður hafa verið felldar í kreppulánasjóði, hafi lántakendurnir tekið á sig nokkrum dögum eftir að þeir fengu lánin. Nú gerir þetta frv. ráð fyrir að bara ábyrgðarmönnum verði veitt þessi lán, en þá verða að fara fram ný skipti, er ábyrgðarmenn taka aftur við skuldunum, sem lántakendur hafa tekið á sig nokkrum dögum eftir að þeir fengu lánin, eftir orðum hv. 2. þm. Rang.

Ég lasta alls ekki þá tilhneigingu hjá mönnum, þó þeir vilji bjarga kunningjum sínum og vinum, með því að taka þetta á sig, þegar svona er ástatt, eins og hv. 2. þm. Rang. lýsti, og má vel vera rétt.

En af þeim rökum, að hér er tekin upp ný stefna og af því útlit er fyrir, að ríkisjóður verði að taka að sér stærri ábyrgðir af bréfum úr kreppulánasjóði en menn hafa gert sér hugmynd um, og mikið af þessu fé verður eflaust að sækja í vasa fólks við sjávarsíðuna, þá

renna sterkar stoðir undir það, að bæjarfélögin vilji koma sínum fjármálum í gott horf.

Og þá að síðustu: Ég las nánar 3. gr. frv. og sé, að þar er ætlazt til, að ákvæðin um framlag úr sjóðnum nái jafnt til þeirra krafna, sem til eru orðnar fyrir gildistöku laganna, og þeirra, er síðar kunna að verða til. Mér skilst, að það orðalag geti varla staðizt, því að allur rökstuðningur frv. hnígur að því að greiða eða semja um greiðslu á kröfum, sem þegar eru til orðnar. En svo virðist sem greinin geri ráð fyrir, að menn geti fengið framlag úr sjóðnum vegna krafna, sem síðar eru til orðnar en l. eru sett, og geti þá átt við ábyrgðarskuldir, sem síðar yrðu til hjá mönnum, en sú er þó ekki hugmyndin eftir eldri tilgangi laganna.

Magnús Guðmundsson: Ég vildi minna á það, sem ég held, að hafi ekki komið fram við umr. áður, að þegar löggjöfin um kreppulánasjóð var sett, þá var gengið út frá því, að það myndi þurfa nýja löggjöf vegna ábyrgða þeirra lána. Það var strax séð fyrir, að ábyrgðarmenn yrðu aðþrengdir vegna ábyrgðanna. En því var samt slegið frá að setja löggjöf um þetta, því að óséð var, hvað mikil brögð yrðu að því, að menn risu ekki undir ábyrgðunum, og var hugsað sem svo, að taka mætti þessi mál til meðferðar síðar, þegar séð væri, hvað mikil brögð yrðu að ábyrgðunum. Og nú hefir það komið í ljós, að þau urðu miklu meiri en menn hafði grunað áður, og er því meiri ástæða en áður að taka málið til meðferðar. Ég vildi aðallega benda á, að þetta er ekki nýtt mál, heldur var gengið út frá því strax í byrjun, að hér þyrfti viðbótarákvæði.

Þessi hugsun er ekki önnur en sú, sem liggur í l., er samþykkt voru á þinginu í fyrra. Það er bara haldið áfram á sömu braut til þess að koma málinu alveg í höfn. Það er því ekki rétt hjá hv. 4. landsk., að hér sé tekin upp ný stefna, heldur er það bara áframhald þeirrar stefnu, sem tekin var upp með frv. í byrjun.

Ég held hv. 4. landsk. hafi misskilið það, sem hv. 2. þm. Rang. sagði, þegar hann talaði um greiðslur ábyrgðarmannanna. Hann hélt, að þessi l. myndu ekki fyrirbyggja, að gera yrði lántakendurna upp aftur, því þeir hafi tekið að sér að nýju skuldbindingarnar. En þetta er misskilningur. Þessar skuldir eiga að falla alveg úr sögunni. Frv. fyrirbyggir þessa hættu. Kröfurnar falla niður og koma því ekki sem byrði á þá menn, er upphaflega tóku þátt í þeim. En það var aldrei meiningin, að ábyrgðarmennirnir kæmust alveg undan skuldbindingunum. En það er ríkt í bændum að standa við sínar skuldir og þeim þykir leitt, ef nágrannarnir verða að láta úti fé fyrir þá. Því leiðast margir lántakendur út í, til að fyrirbyggja þetta, að kljúfa þrítugan hamarinn til að borga þær skuldir, sem á ábyrgðarmennina féllu annars. Og ef kreppuhjálpin á að koma að haldi, þá verður að fyrirbyggja, að þetta geti átt sér stað.

Þau ummæli hv. 4. landsk., að það renni sterkar stoðir undir hjálp til bæjarfélaganna í þessu máli, fæ ég ekki skilið, að öðru leyti en því, að það er alltaf þörf að hjálpa hverjum, sem bágt á í þjóðfélaginu. En það er engin meining í því að taka frá þeim, sem upphaflegi tilgangurinn var að hjálpa með þessum lögum, og láta til annara.

Hv. þm. hélt því fram, viðvíkjandi 3. gr. frv., að ákvæði laganna nái til þeirra krafna einna, sem hafa sætt afslætti í kreppulánasjóði, síðan hann tók til starfa og þangað til hann hætti að veita lánin, og geti ekki átt við yngri kröfur. Það má vel vera, að skilja megi greinina á aðra leið, en þegar litið er á 1. gr. frv., þá er ekki heldur hægt að skilja 3. gr. öðruvísi en svo.

Ég mun greiða atkv. með frv. Ég tel það ekki fela annað í sér en gengið var út frá í byrjun, að myndi þurfa að gera. Þegar kreppulánalöggjöfin var upphaflega til meðferðar, þá þótti mönnum rétt að bíða og sjá, hver brögð yrðu að vandkvæðum af ábyrgðunum. Nú er komið í ljós, að mikil brögð eru að þeim. Og hér er fundin leið til að komast heppilega að því marki, sem upphaflega átti að ná.

Frsm. (Bernharð Stefánsson): Það er rétt hjá hv. 4. landsk., að rök geta verið jafngóð, þó að þau hafi heyrzt áður. Enda þegar ég nefndi það áðan sem komið hefði fram hjá hv. þm. við 1. umr., þá sagði ég það ekki í þeim tilgangi að gera lítið úr því, sem hann sagði, heldur af því ég svaraði því við 1. umr. og ætlaði því ekki að fara mikið út í að svara því aftur.

Það er annars undarlegt, þegar hv. þm. bendir á, að taka ætti hlut af kreppulánasjóði til að koma lagi á bæjarfélögin, að hann skyldi þá ekki nefna sveitarfélögin líka, sem eru einnig illa stödd, a. m. k. mörg þeirra, og þegar talað er um ástandið til sjávarins, þá má benda á það, að smá kauptún eru engu síður illa stödd en bæjarfélögin.

Það stendur enn óhaggað, sem ég hefi sagt um það, hver sé tilgangur kreppulánasjóðs, það er sá, að hægt væri að gera skuldir bænda upp á sæmilegan hátt. Því er það undarleg kenning, að rétt væri að taka mikinn hluta af sjóðnum og nota hann í öðrum tilgangi, meðan upprunalega tilganginum er ekki náð. En bæði ég og aðrir þm. hafa sýnt hér fram á, að tilganginum er ekki náð, þó að kreppulánin sjálf séu greidd, ef engu skipulagi er komið á þær kröfur, sem falla á ábyrgðarmennina.

Hv. 4. landsk. sagði, að miklar fjárhæðir hefðu verið látnar falla niður af skuldum bænda. En þetta er meira að nafninu til en raunverulega. Nokkrar verzlunarskuldir hafa fallið niður, en allar skuldir, sem ábyrgð er fyrir, hafa ekki verið látnar falla niður nema að nafninu. Það er fallið frá kröfunum á lántakanda, en þær koma yfir á ábyrgðarmanninn.

Þar sem hv. þm. bar saman kreppulánasjóð og skuldaskilasjóð útgerðarmanna, þá er þar um tvenns konar fyrirkomulag að ræða. Ég veit ekki nema hægt hefði verið að koma skuldamálum bænda eins vel fyrir með 1½ milljón, ef sú upphæð hefði verið notuð eingöngu til afskrifta, eins og gert er í skuldaskilasjóði.

Þá hélt hv. 4. landsk. því fram, að hér væri tekin upp ný stefna með frv. Áður hefði verið talað um að hjálpa bændum með lánum, hér

væri farið fram á að gefa. En eins og hv. 1. þm. Skagf. benti á, þá er þessi stefna ekki hafin með þessu frv., heldur með frv. í fyrra, sem ég hygg, að hv. 4. landsk. hafi sjálfur greitt atkv. með. Og út af þessu vil ég endurtaka, sem ég hefi nefnt áður: Hverjum á hér að gefa? Ábyrgðarmönnunum, ef um gjöf er að ræða. Ábyrgðarmönnunum, sem löggjöfin sjálf hefir tekið af peningana og séð svo um, að þeir eigi ekki kost á að innheimta þá aftur. Það má því eins segja, að þjóðfélagið geri með þessu ráðstafanir til að skila aftur nokkrum hluta af ráni. Ég skoða þetta því ekkert annað en afleiðingar af þeim ráðstöfunum, sem búið er þegar að gera.

Svo held ég það sé ekki öllu fleira, sem ég hefi ástæðu til að taka fram, en ég vil bara minnast á það, sem kom síðast fram í ræðu hv. 4. landsk., að hann var hræddur við ákvæði 3. gr., að þau næði jafnt til krafna, sem orðnar eru til fyrir gildistöku laganna, og þeirra, sem síðar verða til. Hann skildi ákvæði greinarinnar svo, að það ætti að ná til allra krafna, sem einhverntíma í framtíðinni yrðu til á þessa menn. Hv. 1. þm. Skagf. hefir svarað þessu og sýnt fram á, að 1. gr. tekur af öll tvímæli í þessu efni. Það er aðeins átt við ábyrgðarmenn lántakanda úr kreppulánasjóði, og samkv. lögum kreppulánasjóðs á lánum að vera lokið um næstu áramót, og getur því ekki komið til neitt síðar. Það kynni að vera, þar eð svo stutt er til áramóta, að þá megi nema þetta ákvæði burt, en það var að yfirlögðu ráði, að við flm. höfðum það í frv., því að við bjuggumst við, að það yrði ef til vill nauðsynlegt að framlengja frestinn eitthvað fram á næsta ár. Ef þessi löggjöf er sett, þá verður hún að ná jafnt til allra ábyrgðarmanna lántakenda úr kreppulánasjóði, eins þeirra, sem aðeins eiga eftir að fá lánin, og hinna, sem búnir eru. Þeir eru jafnréttlausir. Þeir verða ekki kallaðir á skuldaskilafundi fremur en ábyrgðarmenn þeirra, sem búnir eru að taka lánin, fá ekkert að segja um það, hvernig skuldum þeirra er ráðstafað.

Ég held því, að það sé hættulaust að láta ákvæðið standa í frv. Hinsvegar getur verið, að það geri ekkert til, þó að ákvæðinu sé breytt, að sett sé tímatakmark um það. Og sé það meiningin, að kreppulánum sé lokið um næstu áramót, þá mætti í staðinn setja inn í greinina, að ákvæði laganna næði til þeirra krafa, sem til eru orðnar 1. jan. 1936, ef það þætti öruggara. Ef kreppulánunum yrði lokið þá, væri þessi breyting skaðlaus, en hún er gagnslaus, en til samkomulags mætti ganga inn á hana.

Jón Baldvinsson [óyfirl.]: Það má náttúrlega segja, að ýms sveitarfélög séu illa stödd. En ég held, að brýn þörf sé á því að koma lagi á fjárreiðu kaupstaðanna, því að það eru allir sammála um, að þeir séu í miklum vandræðum með fjárreiður sínar. Ég ætla ekki að vera langorður að þessu sinni.

Hv. 1. þm. Skagf. hefir misskilið orð mín. Ég talaði ekki um, að það þyrfti ný uppgjör að fara fram á skuldum lántakenda úr kreppulánasjóði, heldur yrðu að fara fram ný skipti samkv. því, sem hv. 2. þm. Rang. hélt fram. Hann sagði að nokkrir lántakendur hefðu þegar nokkrum dögum eftir að þeir voru búnir að taka lánin tekið skuldirnar að sér. Og ég segi, að ef þeir, eftir að hafa tekið lánin, hafa tekið að sér niðurfelldar skuldir, sem ábyrgðarmenn áttu, þá verða önnur skipti að fara fram, er ábyrgðarmenn taka að sér skuldina aftur.

Mér þykir það dálítið undarlegt, ef uppgjöri í kreppulánasjóði hefir verið þannig háttað, að mikill hluti af skuldum bænda skuli enn svífa í lausu lofti. Ég verð að segja, að mér þykir það nokkuð losalegt, ef fjöldi bænda hefir tekið aftur við skuldunum án þess nokkuð væri um það hugsað. Er það alleinkennilegt, að svo hafi verið gengið framhjá ábyrgðarskuldunum, sem vitanlega er mikill hluti af skuldum almennings. Þykir mér mikið bresta á um framkvæmdastjórn kreppulánasjóðs, að það skuli hafa verið látið viðgangast, að stórar skuldarupphæðir standi hingað og þangað sem ekkert hefir verið hugsað um, og fjöldi manna, sem þar átti hlut að máli, hafi hvergi komið þar nálægt. Lánin munu hafa verið miðuð við eignir og getu lántakanda, og samt standa eftir stórar upphæðir, sem þeir taka einnig á sig. Því reyndi stj. kreppulánasjóðsins ekki að semja um þetta í upphafi?

Út af ummælum hv. 1. þm. Skagf. um, að hann teldi óvíst, að 3. gr. l. um kreppulánasjóð væri rétt orðuð, vildi ég aðeins segja það, að það er nokkuð seint að sjá það nú, þegar verið er að ljúka við að lána úr sjóðnum. Hún hefði þurft að vera ljósar orðuð, svo það væri skýrt, að hún ætti aðeins við þau lán, sem síðar kæmu fram.

Ég vil aðeins skjóta því hér inn í, að prentun þingtíðindanna, virðist vera nauðsynleg og óhjákvæmileg, svo að hægt sé að sækja í þau lagaskýringar, þegar svipað stendur á og í þessu tilfelli, sem hv. 1. þm. Skagf. var að ympra á.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 10:2 atkv.
2.—3. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 9 shlj. atkv.

Á 75. fundi í Ed., 21. nóv., var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 8:2 atkv. og afgr. til Nd.

Á 79. fundi í Nd., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 481).

Á 81. fundi í Nd., 23. nóv., var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 17:1 atkv. og til landbn. með 19 shlj. atkv.

Á 86. fundi í Nd., 29. nóv., var frv. tekið til 2. umr. (A. 481, n. 630).

Frsm. (Jón Pálmason): Landbn. hefir athugað þetta frv., sem er komið frá hv. Ed., og mælir með, að það verði samþ. Einn nm., hv. þm. Hafnf., hefir þó óbundnar hendur um endanlega afgreiðslu frv.

Frv. þetta fer fram á, að tillag það, sem samþ. var á síðasta þingi til þess að styrkja þá menn, sem stæðu í ábyrgðum fyrir lántakendur úr kreppulánasjóði, verði hækkað úr 250 þús. kr. upp í 750 þús. kr., og sú upphæð, sem við bætist, greiðist í kreppulánasjóðsbréfum. Þetta styðst m. a. við það, að frá því í fyrra, er frv. var samþ., hefir komið í ljós, að ábyrgðirnar, sem hér er um að ræða, eru miklu hærri en þá var gert ráð fyrir. Þá var búizt við, að þær mundu vera nálægt 1 millj. kr., og þær verða nokkuð á 3. millj., en er þó ekki fyllilega uppgert.

Nú er það svo, að fjöldi manna er í ábyrgðum fyrir aðila, sem tóku lán í kreppulánasjóði, og tapa stórfé, ef að þeim er gengið. Getur það orsakað, að þeir komist í greiðsluþrot, þó þeir vegna eigin skulda hafi ekki talið sér nauðsynlegt eða ekki haft skap til að taka lán í kreppulánasjóði. En eigi lántakendur sjálfir að standa straum af þeim skuldum, leiðir af því vanskil til kreppulánasjóðs. Það er því fullkomlega rík áherzla á það leggjandi, að þetta frv., sem hér liggur fyrir, verði samþ. á þessu þingi. Þá eru líkur til, að bjarga megi þessum málum við með samningum við lánsstofnanir. Að vísu er ekki hægt að fullyrða um það, en hitt sjá allir, að það er stór munur að ná þeim samningum, ef þetta frv. verður samþ., eða með því fé, sem fyrir hendi var samkv. frv., sem afgr. var á síðasta þingi.

Ég skal svo ekki fara fleiri orðum um málið, en aðeins skjóta því til hæstv. forseta, hvort ekki væri ástæða til að fresta atkvgr. um málið, þar sem hv. þm. Hafnf. er fjarstaddur.

Forseti (JörB): Þetta er aðeins 2. umr. málsins og ætti því að vera nógur tími fyrir hv. þm. Hafnf. að koma fram með aths. við 3. umr.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 16:4 atkv.
2.—3. gr. samþ. með 18:3 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 16:4 atkv.

Á 88., 89., 90., 91., 92. og 93. fundi í Nd., 2., 3., 4., 5., 6. og 7. des., var frv. tekið til 3. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 94. fundi í Nd., 9. des., var frv. enn tekið til 3. umr.

Emil Jónsson: Mig langar til að fara nokkrum orðum um þetta frv., vegna þess, að ég gat ekki átt fulla samleið með hv. samnm. mínum í landbn. um afgreiðslu þess. Tilgangurinn með kreppulánalöggjöfinni var sá, að létta skuldabyrðinni af bændum landsins eða þeim, sem landbúnað stunda, að meira eða minna leyti. Eftir lögunum átti þetta að vinnast á tvennan hátt. Fyrst með því að lækka rentufótinn, þ. e. a. s. konvertera lánum bænda til ódýrari lána og breyta háum vöxtum í lága, í öðru lagi að strika út eða lækka skuldakröfur á hendur bændum. Nokkuð af þessum útstrikuðu kröfum voru ábyrgðarkröfur. Það, sem hér er farið fram á í þessu frv., er, að þeim, sem í ábyrgðunum stóðu, sé gefinn kostur á að fá þessar kröfur greiddar að nokkru eða miklu leyti. Það má náttúrlega ræða þetta mál frá ýmsum hliðum, en svo virðist, að með því að samþ. það, sé nokkrum kröfuhöfum gert hærra undir höfði en öðrum. Frv. gerir ekki ráð fyrir því, að þeim sé gefið neitt eftir, sem orðið hafa fyrir mestum skaða, svo sem verzlunarfyrirtæki, sem hafa átt stórfé hjá bændum, heldur er hér tekinn út úr hópur manna, ábyrgðarmennirnir, og þeim gefinn kostur á að fá bætt sín skakkaföll að verulegu leyti.

Frá því fyrsta að farið var að tala um kreppulánin hefir því verið haldið fram, að þau ættu að vera lán til bænda, en hér er komið inn á nýja leið, að gefa þessum mönnum ¾ millj. kr. Er það höfuðmunurinn, að hér er talað um að gefa stórupphæðir úr ríkissjóði í stað þess að áður var lánað. Og upphæðin, sem frv. þetta gerir ráð fyrir, að gefin verði, er 250 þús. kr. í peningum og 500 þús. kr. í kreppubréfum. Það má vera, að allsterkar líkur séu fyrir því, að nokkuð af kreppulánunum lendi fyrr eða síðar á ríkissjóðnum, enda er með þessu frv. beinlínis viðurkennt, að svo eigi að vera. Við Alþýðuflokksmenn munum því ekki fylgja þessu frv. Hefði hér verið um lán að ræða á sama hátt og kreppulán, þá var það öðru máli að gegna, en svo er ekki, eins og ég hefi þegar tekið fram. Þess vegna munum við Alþýðuflokksmenn greiða atkv. gegn frv., því við viljum ekki, að þessi háttur verði upp tekinn. Ég tel óþarft að hafa um þetta fleiri orð nema ný tilefni gefist.

Frsm. (Jón Pálmason): Eins og hv. þdm. sennilega muna, þá gat ég um það við 2. umr., að hv. þm. Hafnf. hefði verið mótfallinn þessu frv. í landbn., en þá var hann ekki hér staddur. Mönnum hefir nú gefizt kostur á að heyra hans rök. Skal ég með fáum orðum minnast á þau atriði, sem hann vék að. Það er út af fyrir sig rétt, að það mun hafa verið höfuðtilgangur kreppulánasjóðslaganna að lækka vexti og hinsvegar að strika út þann hluta af skuldum bænda, sem talið var, að þeir réðu ekki við. Þetta á að hafa verið gert að því er þá snertir, sem lán hafa fengið og gerðir hafa verið upp, en það mun mörgum hafa farið eins og mér, þegar þeir athuguðu þessa löggjöf, að þeim hefir sýnzt á henni margir annmarkar, og ekki sízt mundi sá annmarki koma í ljós, að ýmsum mönnum og fyrirtækjum yrði með l. gert allmikið rangt til, og mér er það ljóst, að lögin hafa komið langsamlega harðast niður á þeim, sem ábyrgðirnar féllu á vegna kreppulána, því það er öldungis víst, að fjöldi ábyrgðarmanna hefir ekki haft neitt vald yfir því, hvað skorið var niður af þeim lánum, sem þeir voru í ábyrgð fyrir og alls ekki var víst, að hefði þurft að skera svo niður, ef skuldunautar hefðu verið gerðir upp á annan hátt, eins og lög mæla fyrir. Hluturinn er

því sá, að kreppulánasjóðslögin hafa komið langsamlega harðast niður á þeim, sem í ábyrgðunum voru, og er það í raun og veru óeðlilegt, að löggjöf gripi þannig inn í viðskiptalífið, að hún geri þeim erfiðast fyrir fæti, sem í góðri trú hafa gengið í ábyrgð fyrir aðra, hvort heldur það voru kunningjar þeirra, frændur eða aðrir, sem þeir gengu í ábyrgð fyrir. Það ætti að vera hverjum manni ljóst, sem fylgist með, að þetta getur orsakað það, að margir menn, sem komizt hafa hjá því að fara í kreppulánasjóð, eða ekki hafa haft skap til þess, geta komizt í fjárhagslegt strand vegna ábyrgða, sem á þá falla.

Hv. þm. Hafnf. hélt því fram, að hér væri verið að gera upp á milli manna, þar sem sumum væru gefin eftir töp, en öðrum ekki. Þetta er að nokkru leyti rétt. Það er vitað, að bæði kaupfélög og kaupmenn hafa orðið að gefa mikið eftir án þess að fá hjálp, því þessu er aðeins ætlað að ná til einstaklinga, og þá fyrst og fremst til bænda. Að hér sé farið inn á nýja leið, er satt, en mér finnst hv. þm. ekki hafa athugað það nógu vel, að þetta er bein afleiðing af l., sem Alþingi hefir áður samþ. Svo er annað, sem má víkja að, að vel má svo fara, að sumt af þessum upphæðum komi á ríkissjóðinn hvort sem er, því við því má búast, að margir lántakendur kreppulánasjóðs láti sitja fyrir greiðslum þangað að borga til ábyrgðarmanna sinna það, sem á þá hefir fallið, og af því getur svo leitt, að þeir standi ekki í skilum við kreppulánasjóð, svo að skuldir falli þar fremur en ella. Þess vegna held ég, að það geti verið hæpinn ávinningur að knýja menn til þess á þennan hátt að standa ekki í skilum við kreppulánasjóð. Ég benti á það við 2. umr., að ábyrgðarkröfur þær, sem hér er um að ræða, væru 2—2½ millj. kr., eftir því sem stjórn kreppulánasjóðs hefir komizt næst. Hjálp sú, sem frv. gerir ráð fyrir, er hugsuð á þá leið, að tillag ríkissjóðs fari til að borga ⅓ ábyrgðarkrafanna, ⅓ verði greiddur af ábyrgðarmönnum, en ⅓ gefi lánsstofnanirnar eftir, en þær munu aðallega vera bankar og sparisjóðir. Vera kann þó, að þessum hlutföllum verði ekki alstaðar nákvæmlega fylgt. Ef ekkert verður gert í þessu efni, verður það áreiðanlega til þess að gera marga gjaldþrota, sem annars hafa ekki gefizt upp, og niðurstaðan yrði sú, að þeir væru látnir velta, sem gætilega hafa farið með sín fjármál, en hinum bjargað, sem ógætilega fóru að og fengu lán úr kreppulánasjóði. Hér er um það að ræða, hvort þingið eigi að taka afleiðingum af sínum fyrri ráðstöfunum eða ekki, en ég tel, að verði það gert, þá sé einn versti galli kreppulánasjóðslaganna að nokkru af skorinn. Eru vissulega nógu margir eftir samt.

Emil Jónsson: Hv. þm. A.-Húnv. taldi einn alvarlegasta galla kreppulánasjóðslaganna afhögginn með samþykkt þessa frv. Ég skal ekki um það deila, hvort alvarlegir gallar eru á kreppulánasjóðslögunum eða ekki, eða hvort þeir eru þá af skornir með þessu frv., en mér finnst koma fram nokkur óréttur gagnvart þeim mönnum, sem átt hafa hjá bændum og orðið hafa að gefa eftir af því, miðað við þá menn, sem í ábyrgðum hafa staðið og nú eiga ekki að tapa nema ⅓ af þeim upphæðum, sem gefið hefir verið eftir af ábyrgðarkröfunum, auk þess sem enginn greinarmunur er á því gerður, hvort ábyrgðarmennirnir eru bændur eða ekki bændur. Annars voru kreppulögin sett til þess að hjálpa bændum eða þeim, sem stunda landbúnað sem aðalatvinnu. En hvað ábyrgðarmennina snertir, er það ekkert atriði nú, hvort þeir væru í kaupstað eða í sveit, hvort það eru efnalitlir menn eða ríkir. Ég gæti fallizt á það sem neyðarráðstöfun, að fátækum mönnum væri gefið eftir, sem annars mundu komast á vonarvöl. En að gefa úr ríkissjóðnum ¾ millj. kr. án þess að tillit sé tekið til efnahags manna, það get ég ekki fallizt á. Hv. þm. sagði, að ábyrgðarkröfurnar væru að upphæð 2—2½ millj. kr. Mun það láta nærri, enda hefi ég fengið þá tölu annarsstaðar að. Ef skipta á jafnt í þriðjunga ábyrgðarkröfunum, þá á ríkissjóðstillagið fyrst að koma upp í einn þriðjunginn, einn þriðjunginn greiði ábyrgðarmenn og hinn síðasti verði gefinn eftir af lánsstofnunum. Það má náttúrlega lengi um það deila, hvort annmarkar eru á þessum l. eða öðrum, en ef þeir eru á kreppulögunum, þá býst ég við, að þeir haldi áfram að vera til eftir sem áður, þrátt fyrir það þó þetta frv. verði samþ., en út í það skal ég ekki fara. En það veit hv. þm. A.-Húnv., að til landbn. hafa komið sendinefndir bænda utan af landi, til þess að tjá n., að þeir geti ekki eða umbjóðendur þeirra greitt vexti og afborganir til kreppulánasjóðs. Þetta liggur fyrir sem óleyst mál. En verði farið að gefa eftir af ábyrgðarkröfunum, þá er það öldungis víst, að þessir menn telja sig ekki síður geta búizt við að fá hjálp eða eftirgjafir. Og ég er í engum vafa um það, að ¾ millj. kr. úr ríkissjóði í ábyrgðarkröfurnar beinlínis ýta á hina að reyna að fá hjálp og standa ekki í skilum við kreppulánasjóð. Frv. eykur því þessa hættu til stórmikilla muna. Ég veit ekki, hvort hv. flm. frv. og hv. þm. A.-Húnv. eru hér vitandi vits að gefa undir fótinn í þessu efni um það, að ríkið taki að sér skuldbindingar manna við kreppulánasjóð að meira eða minna leyti. En ég get fullvissað þá um, að ef Alþingi réttir fram litlafingurinn, þá verður það að gera meira. Ástandið er erfitt nú, og sendinefndir eru þegar komnar og geta komið fleiri. Það er því ábyggilegt, að hættan er þegar til staðar, og ég vil ekki láta hjá líða að benda á hana.

Aftur á móti gæti ég verið með því, að ábyrgðarmönnum yrði veitt kreppulán, þ. e. a. s. þeim, sem landbúnað stunda, því höfuðrök gegn þessu frv. eru þau, að hér á að gefa ábyrgðarmönnunum eftir, hvort sem það eru bændur eða ekki.

Ef ég er ábyrgðarmaður fyrir einhvern, sem tekið hefir lán í kreppulánasjóði, og þý í Hafnarfirði, þá á ég jafnmikinn rétt til að fá þessa hjálp eins og hver annar ábyrgðarmaður. Það er sem sé ekkert bundið við það að hjálpa mönnum, sem stunda landbúnað, en það var þó það atriðið, sem lögð var ríkust áherzla á í frv. í upphafi. Ég teldi því rétt fyrir allra hluta sakir,

að þetta verði athugað betur áður en það er lögfest.

Páll Zóphóníasson: Herra forseti! Mér finnst kenna misskilnings í tveim atriðum hjá hv. þm. Hafnf., sem ég vildi gjarnan leiðrétta, án þess þó að blanda mér að öðru leyti í þessar umr.

Það er í fyrsta lagi það, að hv. þm. gáir ekki að því, að ábyrgðarmenn fyrir þá menn, sem fengið hafa lán úr kreppulánasjóði, hafa verið alveg óvitandi og engu ráðandi um það, hvað gert yrði við þessa menn. En þeirra atkv. hefir komið til, sem gefið hafa mönnum eftir af skuldum. Það er gert með þeirra samþykki, en aftur er ábyrgðin færð á hina án þeirra vitundar. Þetta er sá stóri eðlismunur, sem mér virðist hv. þm. ekki hafa gert sér ljósan.

Annað atriði er það, að það er ekki meiningin með frv., að það eigi að kaupa ábyrgðir af öllum mönnum. Það stendur beint í frv.: „til greiðslu hluta af þeim kröfum“ o. s. frv. Vitanlega er það ekki meiningin að kaupa ábyrgðir af þeim mönnum, sem eru ágætlega borgunarfærir, heldur er það meiningin að kaupa ábyrgðir af þeim, sem sjáanlega verða ósjálfbjarga menn, ef þeir „borga“ ábyrgðirnar. (**EmJ**: Hver segir það?). Því er yfir lýst af hv. 2. þm. Rang., sem flutti frv. í hv. Ed. um 250 þús. kr., sem þetta er aftur brtt. við. Hann lýsti því mjög greinilega, hvernig þetta yrði framkvæmt, og hugsaði hann sér ábyrgðarmennina flokkaða eftir því, hvað mikla getu þeir hefðu til þess að standa undir ábyrgðunum. Sumir yrðu að standa alveg undir sínum skuldbindingum, aðrir að einhverju leyti, en svo mundu sumir alveg sleppa, allt verða greitt fyrir þá.

Það er þetta tvennt, sem mér finnst hv. þm. Hafnf. byggja á misskilningi, annarsvegar það, að það er ekki meiningin að kaupa ábyrgðir af öllum mönnum, heldur aðeins þeim, sem þurfa þess, og hinsvegar það, að ábyrgðarmennirnir sjálfir hafa engu ráðið um það, hvort ábyrgðirnar lentu á þeim, en þeir, sem hafa gefið eftir af skuldum, hafa ráðið því sjálfir, hvað mikið þeir gæfu eftir. — Að öðru leyti ætla ég ekki að blanda mér inn í þetta mál.

Frsm. (Jón Pálmason): Hv. þm. Hafnf. vék að því aftur nú, að verið væri að gera upp á milli manna, annarsvegar þeirra, sem kröfur ættu á kreppulántakanda og hinsvegar þeirra, sem væru ábyrgðarmenn. Hv. síðasti ræðumaður hefir nú sýnt fram á, hve mikill eðlismunur er milli þessara tveggja aðila. Aðrir hafa átt þess fullkominn kost, a. m. k. í flestum tilfellum, að segja um það, hvort þeir vildu fella niður af kröfum sínum eða ekki, en ábyrgðarmennirnir hafa ekki haft neitt vald á því, heldur hafa bankarnir og sparisjóðir þar ráðið öllu um.

Þá var hv. þm. Hafnf. að tala um það sem annmarka á þessu frv., að ekki væri gerður neinn greinarmunur á því, hvort hér ættu bændur eða aðrir í hlut. Þar til er því að svara, að í langflestum tilfellum eru þessir ábyrgðarmenn bændur. Til hins eru að sjálfsögðu nokkur dæmi, að þarna eigi hlut að máli menn búsettir í kauptúnum, en ég verð að telja það ákaflega undarlegt, ef það á að vera annmarki á þessu frv., að þá menn megi einnig styrkja.

Hv. þm. Hafnf. sagði ennfremur, að það mætti án efa finna marga fleiri og jafnvel stærri annmarka á þessari löggjöf og framkvæmd hennar. Ég skal ekkert fara út í það, en aðeins taka það fram, að ég efast ekki um, að margir annmarkar séu á þessari löggjöf, og um framkvæmd hennar skal ég ekkert segja hér, en ég tel, að með þessu frv. sé þó áreiðanlega létt af að nokkru leyti þeim annmörkum, sem einna tilfinnanlegastir og óeðlilegastir eru og flestum mun í upphafi hafa verið ljóst, að hlytu að koma fram.

Þá var hv. þm. Hafnf. að drepa á þessa sendinefnd bænda, sem kom um daginn til landbn. Alþ. Og það er vissulega ekki að ófyrirsynju, að það er sett í samband við þetta frv., sem hér liggur fyrir, því hljóðið í þeim mönnum var ekki þannig, að neitt til þrautar væri leyst úr vandræðum bænda með þessari kreppulánalöggjöf. Því það er auðsær hlutur, að þó látin væri fara fram þessi uppgjör, þá var þess ekki þar með að vænta, að heildarlausn væri komin á þau vandamál, sem nú eru alvarlegust í okkar þjóðfélagi, sem sé að framleiðslan ber sig ekki, vegna þess m. a., hvað háar kröfur eru gerðar til hennar með öll útgjöld. Og meðan svo er, að framleiðslan ber sig ekki, þá duga í raun og veru ekki til fulls neinar ráðstafanir, sem ganga í þá átt, sem hér er um að ræða, a. m. k. ekki þannig, að nein fullnægjandi lausn fáist, þó þær geti verið til mikils léttis. Annars mætti hv. þm. Hafnf. muna það, að ein höfuðkrafa þessara manna úr sendinefndinni var einmitt sú, að þetta ábyrgðarspursmál yrði leyst, og það á nokkuð líkan veg og þetta frv. fer fram á.

Í þessu sambandi má einnig víkja að því, sem er eitt af höfuðspursmálunum, og það er það, að hjá a. m. k. þeim, sem eru drenglundaðir í viðskiptum sínum, verða afföll í raun og sannleika ekki nema á pappírnum. Menn stritast við að borga þessar kröfur, jafnvel frekar en aðrar, af því að þeir vilja ekki undir neinum kringumstæðum láta þær skella á mönnum, sem þeim hafa treyst, og af þeim sökum getur aftur þannig farið, að þeir láti heldur afborganir og vexti til kreppulánasjóðs sjálfs sitja á hakanum. — Það er þetta og annað slíkt, sem þessu frv. er ætlað að koma í veg fyrir að meira eða minna leyti.

Þá vildi ég víkja örlítið að því, sem hv. þm. Hafnf. sagði seint í ræðu sinni, sem sé það, að sér dytti í hug, að með þessu væri óbeinlínis verið að gefa undir fótinn með það, að ríkið tæki nú á sig allar þessar skuldir, sem stofnað hefði verið til í kreppulánasjóði. Þetta er nú getsök ein, sem ég hlýt að svara á þá leið, sem beinast liggur við, að það er svo fjarri því, að verið sé að gefa undir fótinn með þetta, að samþykkt þessa frv. miðar einmitt að því að koma í veg fyrir það, að þessar skuldir falli á ríkið á komandi tímum. Hér snýr því hv. þm., að mínum dómi, alveg við réttum rökum, því með því að gera upp ábyrgðir, eru meiri líkur til þess, að menn geti staðið í skilum með afborganir og vexti í kreppulánasjóð.

Pétur Ottesen: Sú afstaða, sem hv. sósialistar hafa tekið í þessu máli, er gott dæmi upp á það, hvað það er af miklum heilindum mælt hjá framsóknarmönnum, að þeim sé nauðsynlegt að hafa samband við sósialista til þess að koma fram hagsmunamálum bænda. Nei, þeir halda þessu fram úti um sveitir landsins aðeins til þess að reyna að breiða yfir þá óhæfu, sem þeir framkvæma í mörgum tilfellum hér á þingi í sambandi við sósialista, að því er framtíð og afkomumöguleika sveitanna snertir. Það er því gott að fá svona skýrt dæmi upp á þessa hræsni og yfirdrepsskap af vörum sósialistanna sjálfra. Ég minnist þess, að þegar kreppulánalöggjöfin var hér á ferðinni í þinginu, þá var þessi flokkur mjög tregur til fylgis við þetta mál, þó að hann snerist ekki beint gegn því, enda hefði það ekki haft neina afgerandi þýðingu þá, þó að hann hefði viljað sýna málinu meiri mótþróa heldur en hann gerði. Það var þegar í upphafi þeim mönnum ljóst, sem að þessari löggjöf unnu, að sem afleiðing af þessari hjálp og því ástandi, sem þá var ríkjandi meðal bænda, mundi að því koma, að það yrði að gera frekari ráðstafanir heldur en kreppulánasjóðslöggjöfin fól í sér. Mönnum var það ljóst, að bændur voru fléttir í ábyrgðir hver fyrir annan, og afleiðingin af því að gera þannig upp efnahag bænda yrði sú, að ábyrgðir, sem á einstökum bændum hvíldu, sem ekki þyrftu að leita til kreppulánasjóðs út af sínum eigin fjárhag, mundu geta komið svo hart niður á þeim, að það yrði líka að gera einhverjar ráðstafanir gagnvart þeim. Það er þess vegna ekki nýtt fyrirbrigði í þessu máli, sem hér kemur fram, að það þurfi að gera slíkar ráðstafanir sem þessar. En nú verður ýmsum tíðrætt um það, að þessar ábyrgðir skelli á mönnum fyrir aðgerðir kreppulánasjóðs. Þetta er ákaflega mikið rangmæli, því með hverjum öðrum hætti mundu þeir hafa orðið margfalt verr úti. Ef t. d. bú þeirra hefðu verið gerð upp með venjulegri gjaldþrotameðferð, þá hefði niðurstaðan orðið margalt verri heldur en hún varð, ekki einasta fyrir þá sjálfa, heldur líka þá, sem áttu kröfur á hendur þeim og voru bundnir í ábyrgðum fyrir þá.

En það var líka annað, sem þeim mönnum var ljóst, sem að því stóðu að gera þessar nauðsynlegu ráðstafanir gagnvart bændastéttinni, og það var það, að ef ekki fengist grundvöllur undir búreksturinn í landinu, eftir að búið væri að létta svo skuldabyrðinni sem raun hefir verið á fyrir þessar framkvæmdir, þá gæti svo farið, að þessi löggjöf kæmi að litlu eða engu gagni. Þýðing þessarar löggjafar var þess vegna fólgin í því að létta svo mikið af þeim skuldaþunga, sem upp á bændur hafði hlaðizt af ýmsum ástæðum, að þeir gætu undir venjulegum kringumstæðum staðið undir venjulegum búrekstri og látið hann bera sig. En reynslan hefir sýnt, að þetta hefir ekki tekizt. Búreksturinn í landinu ber sig ekki, og þess vegna er það sýnilegt, að þessi hjálp ætlar engan veginn að koma að því liði, sem hún hefði sjálfsagt gert, ef búrekstur bænda hefði staðið á fastari grundvelli heldur en hann gerir nú. Og er ég þá kominn að því atriði, hversu áframhaldandi löggjöf á þingi hefir verið í miklu ósamræmi við tilgang kreppulaganna. Þó að ræturnar að því, hversu erfiðlega bændum hefir gengið að láta búrekstur sinn bera sig, standi nokkuð víða, þá er því ekki að leyna, að ýmsar ráðstafanir þess opinbera eiga líka verulegan þátt í því, hvað þeir standa höllum fæti, því jafnframt því að gera ráðstafanir til þess að koma betra skipulagi á afurðasölumálin, hefir verið hækkað allt kaupgjald við opinbera vinnu, sem hefir aftur leitt af sér þá kaupgjaldshækkun hjá bændum, sem hefir numið meiru heldur en þeim hagnaði, sem þeir hafa borið út býtum fyrir þær ráðstafanir, sem gerðar hafa verið í sambandi við afurðasölumálin. Það var kauphækkunin í byrjunartíð núv. stjórnar, sem gerði bændum mestu skráveifuna, og það hefir verið haldið áfram á þeirri braut og búrekstur bænda goldið hið mesta afhroð við. Er þá ekki sízt að minnast þeirra ráðstafana, sem nú er verið að gera hér á Alþ., sem áreiðanlega verða til þess að gera aðstöðu bænda til fólkshalds mikið erfiðari og e. t. v. verða örlagaríkari fyrir bændur þessa lands heldur en nokkuð annað, sem áður hefir verið gert, sem þeim mætti standa ótti af. — Ég vildi aðeins benda á þetta, að með þessum ráðstöfunum er alveg snúið við blaðinu frá því, sem fyrir þinginu vakti, þegar sú ákvörðun var tekin að stofna kreppulánasjóð til þess að gera upp hag bænda og reyna að koma búrekstrinum inn á betri grundvöll. En sem afleiðing af því, eins og ég tók fram áðan, er svo það, að slíka ráðstöfun sem þessa, sem hér er um að ræða, er óhjákvæmilegt að gera. Ef ekkert er gert í þessu efni, eins og hv. þm. Hafnf. virðist vilja, þá verður afleiðingin sú, að ýmsir bændur landsins missa þá fótfestu, sem þeir hafa nú, við það að verða að taka á sitt bak ábyrgðir, sem á þeim hvíla. — Það hefir verið tekið fram hér í umr., að það er alls ekki rétt hjá hv. þm. Hafnf., að ekkert tillit sé tekið til þess, hvernig þeir séu stæðir, sem ábyrgðirnar hvíla á. Við uppgjör þessara mála verður vitanlega farið eftir getu þessara manna til þess að standa undir þessum ábyrgðum, alveg eins og það á að miða greiðslugetu þeirra manna, sem tekið hafa lán úr kreppulánasjóði, við það, hvað þeir eru menn til að standa undir miklum skuldaþunga. Það er ekki lagður neinn fastur grundvöllur undir þetta, því það er ekki hægt að gera fyrr en efnahagsskýrslur þessara manna liggja fyrir, sem vitanlega verður að miða greiðslugetuna við.

Hv. þm. Hafnf. sagði, að það mætti nokkuð á því marka, hvert hugir bænda stefndu, eftir þeim sendinefndum, sem hingað hefðu komið og borið upp vandkvæði og erfiðleika sína við landbn. þingsins. Og ég gat ekki skilið orð hv. þm. öðruvísi en svo, að hann hefði lesið það út úr hugum þessara bænda, að þeir ætluðu að nota sér það, að þeim hefði verið réttur litli fingurinn, eins og hann orðaði það, með kreppuhjálpinni, til þess að taka alla höndina og létta af sér allri skuldabyrðinni og láta ríkissjóð taka við öllu saman. Ég vil nú segja hv. þm. Hafnf. það, af því að þetta lýsir mjög mikilli

vanþekkingu á íslenzkri bændastétt, að hún þráir ekkert meir en það að geta staðið á eigin fótum, og flestum bændum mun það ekki hafa verið sársaukalaust að þurfa að gera upp hag sinn á þann hátt, sem gert hefir verið í sambandi við kreppulöggjöfina, og þeim hefir ekki heldur verið sársaukalaust að þurfa láta falla niður greiðslur til ýmsra manna, sökum gersamlegs þrots við að standa undir sínum skuldbindingum. En þrátt fyrir alla smitun út frá kaupstöðunum, og þá einkum frá sósialistum, um að menn eigi að byggja alla sína tilveru á því að gera kröfur til annara manna, þá er sú hugsun ennþá ríkjandi í sveitum landsins að reyna að bera sínar byrðar upp á eigin spýtur og standa við sínar skuldbindingar. Það er því algerlega rangt, að ennþá sé svo komið fyrir íslenzkri bændastétt eins og sumir vilja vera láta, að þeir lifi á því einu, sem að þeim er rétt og þeir hafa fengið til að létta af sér byrðunum. Það er því ekki annað en gersamlegt ráðþrot hjá bændum, sem kemur þeim til að bera upp þessi vandkvæði sín við Alþ. til að geta staðið við sínar skuldbindingar, af því að þeir hafa ekki getað látið búreksturinn standa undir þeim. Það er sprottið af því, að íslenzk bændastétt hefir fundið mjög berlega, af ýmsum ráðstöfunum, sem hið opinbera hefir nú á síðustu tímum látið gera, að þær hafa verið þannig, að þær hafa snúizt mjög á móti þeirra hagsmunum og afkomumöguleikum sveitanna. Það er ekkert gagn í því að rétta íslenzkri bændastétt stuðning á ýmsan hátt, eins og gert hefir verið, ef svo á að taka þann stuðning aftur með öðrum ráðstöfunum, og máske meira til. Ég vænti þess nú, þrátt fyrir allt, og það þótt sósialistar hafi snúizt á móti þessu máli, að þá sé hægt að sýna hér, að hægt sé að koma fram hagsmunamálum bænda án stuðnings jafnaðarmanna. Þetta mál verður órækur vottur um og sýnir þá fullkomlega í gegnum þá slitnu flík, sem verið er að reyna að breiða yfir samstarf sósialista og Framsóknar á Alþ. — Það sýnir það, að Framsókn verður að kaupa það því verði, sem þetta samband hefir í för með sér til óþurftar fyrir bændur. Þeir sjást fullkomlega gegnum þá slitnu flík. Þetta er yfirdrepsskapur.

Emil Jónsson: Það er bezt að byrja á því að taka nokkur orð hv. síðasta ræðumanns til athugunar. Hann talaði eins og hans er vandi að tala, með allstórum orðum um hlutina og dró hvergi úr. Það væri kannske ástæða til þess að fara rækilegar út í ræðu hans heldur en ég mun gera hér, því að ég ætla mér aðeins að drepa á einstök atriði. Hann sagði, að sósialistar væru að reyna að gera kröfur til annara. Til hverra er verið að gera þessar kröfur, og hver gerir þær? Það er hv. þm. Borgf., en ekki sósialistar, sem gerir þær. Hv. þm. getur einn tekið að sér að nota þær aðferðir, sem hann annars eignar sósialistum, að gera kröfur til annara. Annars fór þessi hv. þm. ekki rétt með, þar sem hann sagði að ég hefði líkt því saman, að með því að lána bændum þessi kreppulán væri verið að rétta þeim litlafingurinn, og ég vildi draga þá ályktun, að þeir myndu taka alla höndina. Ég sagði, að með því að gefa þeim þessar 750 þús. kr., væri verið að rétta bændum litlafingurinn, og gæti það orðið til þess, að öll höndin yrði tekin. Það var það, sem ég varaði við, en ekki stofnun kreppulöggjafar, eins og hún var upphaflega. Annars fór hv. þm. ýmsum, sennilega að hans dómi sanngjörnum orðum um hræsni mína og yfirdrepsskap, sem ég skal ekki segja um, hvort ofar liggur hjá honum eða mér. Um það eiga hlutlausir dómarar að dæma, en ekki við. En ég fyrir mitt leyti hefi fullkominn hug á að tala af heilum hug í málunum alveg eins og hann og mótmæli því, að hér sé um hræsni eða yfirdrepsskap að ræða. Hv. þm. sagði, að þetta væri ekki neitt, sem ekki mætti breyta, og að það væri augljóst, að gert hefði verið ráð fyrir, að á þessari kreppulöggjöf þyrfti að gera einhverjar breyt., og þá helzt þessar, að mér virtist hann gera ráð fyrir. En ég hefi aldrei heyrt gert ráð fyrir því, að ríkissjóður legði fram svona mikið fé í þessu skyni. Það er venjan, að hjálpin er veitt til að breyta lánunum (konvertera þeim), en ekki til að greiða þau. — Hv. 2. þm. N.-M. og hv. þm. A.-Húnv. greindi á um meininguna með frv. sjálfu. Ég er satt að segja mjög hissa á því, hvernig þeir geta viðhaft þau orð, sem þeir höfðu. Hv. 2. þm. N.-M. sagði, að það væri meiningin að hjálpa þeim, sem þörf hefðu fyrir hjálp. Hvar stendur það? Hinn hv. þm. segir, að þetta skuli gert á þann hátt og með þeim einum takmörkunum, að jafnhá upphæð komi á hvern ábyrgðarmann, sem sé látin falla niður. Í grg. er gert ráð fyrir, eins og hv. þm. A.-Húnv. benti á, að ábyrgðarkröfunum sé skipt í þrjá jafna hluta: einn hlutann eigi maðurinn sjálfur að borga, annan eigi lánsstofnunin að borga og ríkissjóður hinn þriðja. Ef maður margfaldar þessar 750 þús. kr. með þremur, þá kemur út hliðstæð tala þeirri, sem ábyrgðirnar nema, eða milli 2 og 2½ millj. kr. Ég fæ því ekki skilið, að það sé eins og hv. 2. þm. N.-M. sagði, aðeins meiningin að hjálpa þeim, sem þörf hafa fyrir, að þeim sé hjálpað. Það er ekki gert ráð fyrir í frv. neinum mun á því, hvort maðurinn er ríkur eða fátækur, ekki heldur hvort maðurinn stundi landbúnað eða ekki. Ég fæ a. m. k. ekki meiningu út úr því, og virtist hið sama koma fram hjá hv. þm. A.-Húnv. Því er það ekki að ófyrirsynju, þótt menn geri ráð fyrir, að þetta sé látið ganga jafnt yfir alla, sem kröfurétt hafa. Hv. þm. A.-Húnv. þótti undarlegt að mega ekki styrkja menn í kaupstöðum með því að láta þá falla undir þetta. En það, sem ég fetti fingur út í, var það, að með löggjöfinni er upphaflega gert ráð fyrir, að þeir einir njóti þessara hlunninda, sem stunda landbúnað sem aðalatvinnuveg. — Þá sagði hv. 2. þm. N.-M., að sá meginmunur væri á þessum kröfum og öðrum, að þessir menn hefðu verið óvitandi og óráðandi um, hvað verið var að gera við þá menn, sem þeir voru í ábyrgðum fyrir. Þeir hefðu ekki verið kallaðir til skuldaskila og engan íhlutunarrétt haft um, hvað gert var við mennina. Það kann að vera, að það sé munur á þessu tvennu, ábyrgðarkröfum og skuldum, en það er áreiðanlega aðeins teoretiskur munur. Ég hefi ekki

verið við mörg skuldaskil í kreppulánasjáði, en þar hefir það gengið þannig, að ég sem umboðsmaður kröfuhafa hefi verði kallaður upp eftir og mér verið tilkynnt, að höfuðkreditorarnir hefðu komið sér saman um, að svona skyldi það vera. Á ég að skrifa undir eða ekki? Það má vel vera, að mér sé gefinn kostur á að neita undirskriftinni, en slíkt mun í fæstum tilfellum gert, sannleikurinn í málinu er því sá, að þeir, sem lánað hafa peninga, eru ekki kallaðir upp eftir til annars en að skrifa undir og til þess að fá að vita, hve mikið þeir gefi eftir. Flestum þeirra er ekki tryggður neinn íhlutunarréttur um þessi mál, svo að munurinn á ábyrgðarkröfu og skuldakröfu verður sáralítill. Mér finnst, að þarna sé komið út á hála braut, sem geti leitt til þess, að mönnum fari að finnast, að eins og þetta var borgað, þá megi borga fleira. Ég tel, að þegar svo er komið, að menn fá nokkurn hlutann greiddan úr ríkissjóði, þá muni menn e. t. v. vilja fá eitthvað meira. Og munurinn á þessum kröfum og öðrum er ekki það mikill, að það réttlæti að gera neinn mannamun. Ég held, að það hafi verið aðallega þessar tvær ástæður, sem komu fram í ræðum þessara tveggja hv. þm. Aftur á móti var ræða hv. þm. Borgf. allt öðruvísi. Það var engu líkara en að hún væri pólitísk agitation. Hann þandi sig mikið um ýms pólitísk atriði, sem ég skal ekki víkja að hér. Það liggur algerlega fyrir utan þetta mál, og ég vil ekki fara með málið inn á þann vettvang. Ég mun því tala hér eingöngu um málið sjálft. Ég held það hafi ekki verið annað, sem ég þurfti að minnast á í sambandi við ræðu hv. þm. A.-Húnv. Hv. þm. sagði, að ýmsir bændur væru að reyna, hvað þeir gætu til að borga sínum ábyrgðarmönnum, svo að þeir yrðu ekki fyrir skaða. Það má vel vera, að þetta sé rétt. En ég skil ekki, af hverju þeir ættu frekar að reyna að bjarga ábyrgðarmönnum heldur en þeim, sem beinlínis hafa lánað þeim fé. Er nokkur eðlilegur munur á þessu tvennu? Ég vil að lokum taka það fram, að verði þetta frv. ekki samþ., þá er þó til frá f. á. um ¼ millj. til ráðstöfunar í þessu skyni. Og ef gengið verður inn á þessa braut, þá er hægt að gera það með því að láta þessa ¼ millj. duga. Það er ósannað mál, að það séu a. m. k. ekki einhverjir, sem ekki þurfa hjálp og hafa tekið á sig ábyrgð fyrir bændur. Þessum mönnum vil ég ekki hjálpa. Það liggur ekkert fyrir um efnahag þeirra manna, sem í ábyrgðunum standa.

Frsm. (Jón Pálmason): Ég skal ekki fara mikið út fyrir grundvöll þessa máls, en það eru þó nokkur atriði, sem ég má til að víkja að. Það er þá fyrst, að ég vil mótmæla því, sem fram kom hjá hv. 2. þm. N.-M. og hv. þm. Borgf., að það væri meiningin að gera allavega upp á milli manna eftir efnahag hvað styrkinn snertir. Um það er ekkert í frumv., og á ekki að vera. Þessi styrkur á ekki að fara eftir reglum fátækralaganna eða neinu slíku, heldur er hann til þess ætlaður að leiðrétta að nokkru það ranglæti, sem ábyrgðarmennirnir hafa orðið fyrir að tilhlutun löggjafanna, alveg án tillits til þess, hvort þeir sjálfir eru fátækir eða ekki. Styrkurinn á sem sé að ganga jafnt yfir hjá öllum ábyrgðarmönnum. Því lýsi ég hiklaust yfir fyrir nefndarinnar hönd. Annað væri líka mjög örðugt í framkvæmd og gæti freistað til margvíslegrar hlutdrægni. Þetta skildi hv. þm. Hafnf. líka eins og það er.

Viðvíkjandi því, sem hv. síðasti ræðumaður var að tala um, að breyt. hefir orðið á í þessu efni frá því kreppulánal. voru sett og til þessa tíma, þá er það rétt, að í kreppulánalöggjöfinni er gert ráð fyrir, að þessi hjálp nái aðeins til bænda, en hér í þessu frv. er ekki gerð skilgreining á því. Mér þykir nú undarlegt, ef hv. þm. telur það galla, að t. d. verkamenn í kaupstöðum eða aðrir þar, sem staðið hafa í ábyrgðum fyrir bændur, eiga að fá nokkurn styrk til að standast skellina, sem Alþingi með kreppulögunum hefir yfir þá leitt.

Viðvíkjandi því, sem hv. ræðumaður talaði um, að það væri ákaflega óeðlilegt að gera upp á milli þeirra manna, sem annarsvegar lánuðu fé, og hinsvegar þeirra, sem gengju í ábyrgð fyrir menn, þá vil ég segja það, að mér finnst það afareðlilegur hugsunarháttur, að þeir menn, sem gerðir hafa verið upp, leggi meira kapp á að borga ábyrgðarskuldir en hinar. Þetta er hugsunargangur, sem hlýtur að eiga sér stað hjá þeim mönnum, sem hér um ræðir, því að það er talsverður eðlismunur á því, hvort maður hefir fengið skell af því, að hann hefir treyst hlutaðeigandi manni og gengið í ábyrgð fyrir hann, ellegar hitt, að einhver verzlun hefir lánað honum svo og svo mikið af vörum og hann er kominn í mikla skuld, t. d. við kaupfélag eða kaupmann. Það getur að vísu verið, að maðurinn hafi fengið lán hjá einstökum manni, og gegnir þá sama máli um það, en þess eru tiltölulega mjög fá dæmi, að þær skuldir séu tryggingarlausar.

Um það, sem hv. síðasti ræðumaður var að tala um, að hann hefði aldrei heyrt, að það væri svo há upphæð, sem ætti að láta úr ríkissjóði í þessu skyni, skal ég taka fram, ef menn ekki vita það, að eftir að þessi stofnun, kreppulánasjóður, hefir verið gerð upp, þá hefir komið í ljós, að hún hefir lánað lægri upphæð en búizt var við í upphafi, einmitt af því, að færri bændur hafa notað þetta heldur en búizt hafði verið við.

Að lokum vil ég mælast til þess, að þetta frv. verði samþ. eins og það liggur fyrir.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 15:5 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 753).

---

63. Vörutollur.

Á 26. fundi í Nd., 12. marz, var útbýtt:

Frv. til l. um breyt. á l. nr. 54 15. júní 1926, um vörutoll (þmfrv., A. 113).

Á 28. fundi í Nd., 14. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Frsm. (Ásgeir Ásgeirsson): Ég geri sömu till. um afgreiðslu á þessu frv. eins og því, sem var hér næst á undan á dagskránni (frv. um bráðabirgðaverðtoll), að því verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og iðnn. Að öðru leyti er hið sama um það að segja; tilgangur beggja frumv. er hinn sami, en skoðanir fjhnm. eru nokkuð skiptar um einstök atriði frv., sem koma til nánari athugunar við 2. umr.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 18 shlj. atkv. og til iðnn. með 18 shlj. atkv.

Á 74. fundi í Nd., 15. nóv., var frv. tekið til 2. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 75. fundi í Nd., 16. nóv., var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 113, n. 530).

Frsm. (Emil Jónsson): N. hefir farið í gegnum frv. og ekkert fundið við það að athuga. Leggur hún til, að það verði samþ. eins og það liggur fyrir, óbreytt.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
2.—4. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 18 shlj. atkv.

Á 77. fundi í Nd., 19. nóv., var frv. tekið til 3. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 83. fundi í Nd., 26. nóv., var frv. aftur tekið til 3. umr. (A. 113, 615).

Frsm. (Emil Jónsson): Það er sama um brtt. við þetta frv. að segja eins og brtt. við frv. um verðtoll, að þær eru komnar frá tollstjóra og fjmrh., og miða þær að því að gera einstök atriði í frv. ótvíræðari. Það er lagt til, að fyrir orðin „jarðlitum til málningar“ í 1. gr. komi „jarðlitum, þurrum, til málningar“, svo ekki sé hægt að draga þar annað undir. Einnig að í stað orðanna í 3. gr. „heimilismunir manna, er flytja vistferlum til landsins“, komi „notaðir heimilismunir manna, er flytja vistferlum til landsins og hafa verið minnst eitt ár búsettir erlendis“. Það er lagt til í frv., að þessir heimilismunir séu undanþegnir tolli, og miðar brtt. að því að gera skýrara, hverjir megi hafa þá með sér til landsins. Það hefir komið í ljós, að menn, sem fara aðeins skyndiferðir til útlanda, koma með svo og svo mikið af húsgögnum með sér, sem þeir telja, að séu notuð. Til þess að koma í veg fyrir slíkt er gert að skilyrði, að menn hafi dvalið a. m. k. eitt ár erlendis, því þá eru fengnar líkur fyrir, að undanþágan sé ekki notuð á annan hátt en ætlazt er til. — Ég sé svo ekki ástæðu til að fara fleiri orðum um þessar brtt., sem komnar eru fram í samráði við tollstjóra og fjmrh.

ATKVGR.
Brtt. 615,1 samþ. með 19 shlj. atkv.
— 615,2 samþ. með 18 shlj. atkv.
Frv., svo breytt, samþ. með 18 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 80. fundi í Ed., 27. nóv., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 633).
Á 82. fundi í Ed., 29. nóv., var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 9 shlj. atkv. og til iðnn. með 9 shlj. atkv.

Á 90. fundi í Ed., 9. des., var frv. tekið til 2. umr. (A. 633, n. 725).

Frsm. (Ingvar Pálmason): Þetta frv. er komið frá hv. Nd. og gekk í gegnum þá hv. d. án breyt. Það, sem hér er farið fram á í þessu frv., er í stuttu máli það, að á nokkrum vörutegundum, sem sérstaklega eru notaðar til iðnaðar, er hækkaður vörutollur og í einstökum tilfellum eru vörur, sem notaðar eru til iðnaðar, færðar til í tollstiganum; þannig er lækkaður skattur á pappír og pappa til bókbands, sem var í hærri skala áður.
Iðnn. hefir athugað frv. og borið það saman við gildandi lög og hefir ekki fundið ástæðu til að gera við það breytingar. Telur n., að stefna sú, sem í frv. felst, að lækka tolla á vörum til iðnaðar, sé rétt, og mælir með því, að frv. sé samþ. eins og það liggur fyrir.
Ég skal taka það fram, að hv. 5. landsk. hefir skrifað undir með fyrirvara; og mér er kunnugt um, í hverju sá fyrirvari er fólginn. Í 1. frvgr. er tekinn upp *pappír og pappi til bókbands*, og hv. 5. landsk. var ekki ljóst, hvernig á því stóð, að þetta var ekki í tilsvarandi grein í núgildandi lögum, en ég hefi athugað það síðan, að þessi vörutegund var færð í lægri gjaldstiga. Ég hefi skýrt þetta fyrir hv. 5. landsk. og tel fyrirvara hans þar með úr sögunni.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
2.—4. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 13 shlj. atkv.

Á 92. fundi í Ed., 11. des., var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 10 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 765).

64. Lokunartími sölubúða (heildarlög).

Á 79. fundi í Nd., 21. nóv., var útbýtt:
Frv. til l. um samþykktir um lokunartíma sölubúða (þmfrv., A. 586).

Á 81. fundi í Nd., 23. nóv., var frv. tekið til 1. umr.
Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 20 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv. og til allshn. með 20 shlj. atkv.

Á 86. fundi í Nd., 29. nóv., var frv. tekið til 2. umr. (A. 586, n. 635).

Frsm. (Thor Thors): Þetta frv. er heildarlöggjöf um samþykktir um lokunartíma sölubúða, og er allshn. sammála um að leggja til, að frv. verði samþ.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 18 shlj. atkv.

Á 88. fundi í Nd., 2. des., var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 17:1 atkv. og afgr. til Ed.

Á 84. fundi í Ed., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr í Nd. (A. 586).
Á 86. fundi í Ed., 4. des., var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 9 shlj. atkv. og til allshn. með 9 shlj. atkv.

Á 92. fundi í Ed., 11. des., var frv. tekið til 2. umr. (A. 586, n. 743).
Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

Frsm. (Magnús Guðmundsson): Þetta frv., sem hér liggur fyrir, er ekkert annað en samfærsla í eitt á ýmsum bútum af l., sem nú gilda um lokunartíma sölubúða. Og þar sem það getur ekki verið til annars en bóta að hafa þessi l. öll á einum stað, leggur n. til, að frv. verði samþ. óbreytt, þar sem hér er um alls engar efnisbreyt. á l. að ræða.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 10 shlj. atkv.

Á 94. fundi í Ed., 13. des., var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 12 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 807).

---

65. Fávitahæli.

Á 26. fundi í Ed., 15. marz, var útbýtt:
Frv. til l. um fávitahæli (þmfrv., A. 138).

Á 29. fundi í Ed., 19. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Guðrún Lárusdóttir): Þetta mál er ekki nýr gestur hér. Það er búið að tala um það oft áður, og því óþarft að flytja um það langt mál nú.
Mér er það fullljóst, að eins og sakir standa með efnahag ríkissjóðs, þá er ekki heillavænlegt að bera fram frv., sem kosta ríkissjóð útgjöld. Það er að vísu svo, að frv. gerir ráð fyrir fjárframlögum á sínum tíma, en ákvæði eru í 2. gr., sem stemmir stigu fyrir því að leggja í slíkan kostnað strax. Hinsvegar eru í frv. önnur ákvæði, sem ég tel mjög mikils virði að verði að l. nú þegar, og munu þau koma fávitum til góða þegar í stað á því hæli, sem er til í landinu. Og með það fyrir augum legg ég mikla áherzlu á, að frv. verði samþ.
Að öðru leyti þarf ég ekki að ræða um nauðsyn þessa máls, því hún er sízt minni en áður, og ég tel ekki hægt fyrir Alþ. að skjóta sér undan þeirri nauðsyn. Það berast daglega raddir um nauðsyn þessa, raddir aðþrengdra foreldra og vandamanna eða aðþrengdra heimila, sem eru í standandi vandræðum með veslinga þá, er venjulega eru kallaðir fábjánar. Það hafa ekki ósjaldan borizt Alþ. beiðnir um að kosta fávita á hæli erlendis. Nú eigum við hæli, sem er álitið gott, og ef frv. verður að l., þá verður skipuð þriggja manna eftirlitsnefnd með heimilum eða hælum fávita.
Ég vonast til þess, að við umr. þær og skýringar, sem fram hafa komið í málinu, hafi menn sannfærzt um það, að það er meir en mál komið til þess að sinna málefnum fávita.
Ég sé ekki ástæðu til að orðlengja frekar um málið við þessa umr. Frv. var í allshn. á síðasta þingi, og legg ég til, að það fari sömu leiðina nú, um leið og ég læt þá ósk í ljós, að hv. n. greiði fyrir því eftir beztu getu.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 9 shlj. atkv. og til allshn. með 9 shlj. atkv.

Á 62. fundi í Ed., 6. nóv., var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 66. fundi í Ed., 11. nóv., var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 138, n. 455).

Frsm. (Þorsteinn Briem) [óyfirl.]: Allshn. hefir orðið sammála um að mæla með frv., en þó með nokkrum breyt., sem að vísu eru mest formbreytingar, þannig að ákvæði færast á milli greina og greinar eru orðaðar um án þess að meining frv. breytist. Helzta nýmælið er við 2. gr. Þar er bætt við ákvæði um það, að þær stofnanir, sem samið er við um að taka við fávitum til hjúkrunar eða námsvistar, hafi þeim starfsmönnum á að skipa, sem fullnægi skilyrðum kennslumrh. um undirbúning eða reynslu í starfinu. N. lítur svo á, að þörf sé að hafa í frv. ákvæði þessu til tryggingar.

Þá hefir n. borið fram tvær brtt. við 3. gr., önnur þeirra er aðeins orðabreyt., sem leiðir af breyt. á 1. gr. Hin breyt. er við síðari málsgr. greinarinnar og er um það atriði, að í stað þess að ákveða í frv. að sett séu sérstök lög, þegar skólaheimili eru komin, um skólaskyldu þeirra fávita, sem hægt sé að kenna, þá finnst n. réttara, að þegar skólaheimili eru orðin nægileg í landinu, þá verði af kennslumálaráðh. sett ákvæði með reglugerð um þetta efni, og þá jafnframt um nauðsynlega sérmenntun fávitakennaranna.

Við 5. gr. hefir n. einnig gert nokkra breyt., en hún er að mestu formsbreyt. og gert ráð fyrir nánari ákvæðum með reglugerð. Við 6. gr. er aðeins formsbreyt., og finnst n. betur fara, að ráðh. skipi eftirlitsn. með heimilum þessum og hælum heldur en heilbrigðisstjórn setji hana.

N. lítur svo á, að lögin séu þörf og eigi fullkominn rétt á sér. Hinsvegar er ekki gert ráð fyrir útgjöldum til byggingar heimilanna nema jafnóðum og fé er veitt til þeirra í fjárl., svo fullkomlega er tekið tillit til getu ríkissjóðs. Um bráðabirgðaákvæðið, um greiðslu á kostnaði af framfærslu fávitanna, nægir að vísa til þess, að það bráðabirgðarákvæði gengur ekki eins langt eins og bráðabirgðarákvæði annars frv., sem hér er borið fram að tilhlutun ríkisstj.

Ég ætla svo ekki að fara fleiri orðum um málið, nema tilefni gefist til þess, en legg til, að það nái fram að ganga.

Guðrún Lárusdóttir: Ég vil byrja á því að þakka hv. allshn. fyrir góð skil á frv. og fyrir góðan skilning á þessu mannúðar og menningarmáli. Ég vil yfirleitt þakka öllum þeim, sem hafa stutt að þessu máli. Þakka ég þeim fyrir mína eigin hönd, því þetta hefir verið mitt áhugamál, og þá þakka ég ekki síður fyrir hönd þeirra aumingja, sem hér ræðir um og hér eiga af að njóta.

Það hefði verið vel viðeigandi, að nú hefðu verið til skjalfestar skýrslur um tölu og ástand fávita hér á landi, en því miður eru þær skýrslur ekki til af öllu landinu, og hefir þó verið reynt að afla þeirra. Barnaverndarráð Íslands skrifaði í fyrra til allra framfærslusveita landsins, en þær eru 208, og óskaði sem beztra upplýsinga um þetta efni. Nú eru komin svör frá 114 sveitum. 87 af þeim telja sig ekki hafa neina fávita. En frá 27 fræðsluhéruðum komu svör, sem til samans telja, að um 50 slík börn séu í héruðum þeirra, þar af 13 fávitar og hitt vangæf börn, andlega sljó og siðferðislega gölluð. — Frá 94 fræðsluhéruðum hafa ekki komið svör ennþá.

Þessi svör eru yfirleitt úr sveitum. Það eru aðeins 2 kaupstaðir í þessum hóp, Akureyri og Siglufjörður. En þess skal getið, að í Reykjavík voru teknar svona skýrslur í fyrra, að tilhlutun barnaverndarráðs. Framkvæmdamaður þess var barnakennari hér í bænum. Ég hefi því miður ekki séð þessar skýrslur, og líklega er ekki farið að vinna úr þeim ennþá. En hagstofustjóri hefir tjáð mér, að eftir þessum skýrslum séu taldir vera um 24 fávitar hér í Reykjavík, á ýmsum aldri.

Þessar skýrslur, sem ég gat um utan af landi, eru mjög ýtarlegar. Þar er tilgreindur aldur barnanna, ástand, heimilisbragur á heimilum þeirra og aðrar ástæður, og framfærendur, hvort séu foreldrar, vandalausir eða hreppsfélag. Svo og kynferði.

Þarna er aðallega um að ræða tvo flokka, andlega sljó börn, sem kannske er hægt að kenna, og svo örvita börn, sem ekki er von um, að neitt verði kennt. En þess ber að gæta, að hér er aðeins um að ræða börnin, með því að barnaverndarráð sneri sér að því að safna skýrslum um, hve mörg börn á landinu mundu þurfa á þessari hjálp að halda. Aftur á móti er í nýjustu heilbrigðisskýrslum, frá 1933, gefin upp tala á öllum fávitum á landinu, sem taldir hafa verið til fávita á manntalsskýrslum. Voru þeir þá taldir 128. Það einkennilega við þá talningu er, að þar eru fávitarnir taldir flestir vera komnir nokkuð til aldurs. Á þessum heilbrigðisskýrslum eru aðeins örfá börn talin innan við 10—15 ára aldur. Þetta bendir til þess, að þegar manntal er tekið, þá séu foreldrar yfirleitt ófúsir til að telja á slíkri skráningu börn sín vera fábjána, eins og þessir aumingjar eru oft kallaðir manna á milli. En þegar barnaverndarnefnd kynnir sér þetta, þá kemur upp úr dúrnum, að þessi vesalings börn eru æðimörg.

Skýrslur þessar utan af landi, sem ég minntist á, eru náttúrlega hvergi nærri tæmandi vegna þess, frá hve mörgum héruðum vantar skýrslur. Skýrslur vantar t. d., auk þess, sem fram er tekið um Reykjavík, frá Óslafsvík, Blönduósi, Ólafsfirði og Norðfirði. En þrátt fyrir það, þó skýrslusöfnun þessi hafi ekki gengið svo sem ákjósanlegt hefði verið, þá er þó bert orðið, að þörfin er brýn á því, að gert verði eitthvað hér til hjálpar þessum vesalings börnum. Það er því full ástæða fyrir þing og stjórn til að sinna málinu hið allra bráðasta. Það, að ekki er farið fram á meiri fjárframlög viðvíkjandi þessu máli, er af því, að vitað er, að efni okkar eru af skornum skammti til framkvæmda nú. En þó að ekki sé öðruvísi að orði kveðið í frv. en gert er, þá tel ég samt sem áður, að heillavænlegt spor verði stigið, ef frv. verður samþ. Og vonandi er, að áður en langt líður verði þjóðin svo vel á vegi stödd, að hún geti litið í

náð til þessara aumingja frekar en verið hefir.

Eins og við vitum, var nú fyrir nokkrum árum byggt fávitahæli hér á landi. Það er einstaklingsframtak og sýnir áhuga og dugnað ungrar stúlku, sem kynnzt hefir ástandi fávita í öðrum löndum og hvað þar er gert þeim til líknar. Langaði hana til að gera eitthvað fyrir sína eigin þjóð í þessu efni. Ýmsir hv. þm. hafa séð hælið, sem unga stúlkan hefir komið upp, og sjálfsagt eru þeir mér samdóma um, að það sé vel nothæft á meðan ekki er annað stærra og fullkomnara fyrir hendi. Eins og stendur eru þar 14 fávitar, sem auðvitað eru ekki taldir í skýrslum þeim, sem ég hefi nefnt. Þessir fávitar eru á aldrinum 2—30 ára, 9 stúlkur og 5 drengir. Elzti drengurinn er 13 ára og elzta stúlkan 30 ára. Þetta hæli getur ekki tekið nema börn og kvenfólk, alls ekki eldri pilta en 16 ára. En það getur rúmað 25 eða fleiri fávita, þegar búið er að innrétta það til fulls. Húsið er þrílyft. Búið er að innrétta 2 hæðirnar, en sú þriðja er óinnréttuð. Það, sem ég hygg, að sérstaklega sé því til fyrirstöðu, að fávitar geti notið vistar á þessu heimili, er fátækt manna. Þó að ekki sé fleira fólk á hælinu en þetta, þá á það útistandandi talsvert mikið fé fyrir veru þessa fólks þar. Þrátt fyrir það, þótt ríkið hafi nú upp á síðkastið lagt nokkurt fé fram með einstökum mönnum þar, þá á hælið nú útistandandi 4500 kr. fyrir fávita víðsvegar af landinu. Það skal þó tekið fram, að Reykjavík hefir alltaf borgað að fullu og Akureyri því sem næst. Þetta sýnir alls ekki það, að menn vilji ekki standa í skilum, heldur að menn geta það ekki. Og þetta sýnir þá einnig þörfina, sem á því er, að hið opinbera hlaupi undir baggann. Því að í þessu heimili eru saman komnir almestu aumingjar, sem ég get hugsað mér, að til séu. Það eru sem sé örvitar allt, sem eiginlega er ekki hægt að kenna neitt, sem að gagni getur komið. En þrátt fyrir það, þó svona sé ástand þessara barna, þá er þó gleðilegur vottur þess, hverju þolinmæði og nákvæmni fær til vegar komið, einmitt við svona menn, sú breyting, sem orðið hefir á þessum börnum síðan þau komu í hælið. Þangað kom barn fyrir rúmlega 2 árum, blint, mállaust og máttlaust. Það hafði ekki lært að ganga né tala, en hafði þó nokkra heyrn. Þessu barni var sýnd mikil nákvæmni af því fólki, sem barna starfaði. Þýzk hjúkrunarkona, sem starfað hefir á hælinu, hefir lagt sig fram til að hlynna að þessu barni. Barnið er nú dálítið farið að ganga. Það var svo máttlaust í kjálkunum, að það gat varla haldið fæðunni uppi í sér, þó það væri 7—8 ára. Nú hefir það fengið þann styrk við ýmsar æfingar, sem það er látið gera, að það getur borðað nokkurnveginn og gert sig skiljanlegt fyrir þeim, sem umgangast það.

Annar fáviti er þarna, sem hefir verið þar síðan hælið var byggt. Sá fáviti er gersneyddur allri skynsemi, hefir engan skilning. En þrátt fyrir það virðist þó hafa lifnað yfir þessum aumingja, þannig að þegar þýzki uppeldisfræðingurinn, sem síðastl. ár hefir dvalið á hælinu til þess að kenna þeim fávitum, sem einhverja ögn geta lært, þegar hann tekur fiðluna og fer að spila, þá færist bros yfir andlit þessa aumingja barns, sem ber vott um, að einhver leið sé þó til inn að hinum lokuðu sálarfylgsnum þess. Þýzki uppeldisfræðingurinn notar sérstaklega mikið sönglistina til þess að glæða, ef eitthvað er hægt að glæða í sálarlífi þessara barna. Hann segir, að tónarnir virðist hafa eitthvert töfravald í sér fólgið, sem geti e. t. v. bezt af öllu glætt á þessu sviði. Ég tek þetta fram til þess að benda á, að úr því þeir, sem eru allra lakast settir í þessu tilliti, geta þó fengið einhverja ofurlitla andlega skímu við alúð og nákvæma viðleitni, þá eru miklar líkur til, að þeim fávitum, sem hafa talsvert af skynsemi til að bera, enda þótt einhæf sé og óþroskuð, verði hjálpað til muna. Enda er það takmarkið, sem keppt er að alstaðar í þeim löndum, þar sem þessum málum er sýnd rækt, að hjálpa hverjum einstökum fávita, sem hjálpað verður.

Að svo mæltu vil ég þakka hv. þdm. þá samúð og skilning, sem þeir hafa sýnt þessu máli bæði á þessu þingi og á undanförnum þingum, þegar ég hefi rætt það.

Ég get fallizt á allar brtt. hv. n. Þær raska í engu efni frv., en færa málið til betri vegar sumstaðar í frv. Kann ég n. beztu þakkir fyrir frammistöðu hennar í málinu. Og þá er komið til kasta hv. þdm. Vil ég bera það traust til hv. þdm., að hún afgreiði frv. frá sér og það fái að halda áfram ferð sinni gegnum þingið, þjóðinni okkar til sóma og einstökum heimilum og fávitum til *björgunar og líknar*.

ATKVGR.

Brtt. 455,1.a—b samþ. með 12 shlj. atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 11 shlj. atkv.
Brtt. 455,2 (ný 2. gr.) samþ. með 10 shlj. atkv.
— 455,3.a samþ. með 11 shlj. atkv.
— 455,3.b samþ. með 12 shlj. atkv.
3. gr., svo breytt, samþ. með 12 shlj. atkv.
4. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
Brtt. 455,4 (ný 5. gr.) samþ. með 11 shlj. atkv.
— 455,5 samþ. með 10 shlj. atkv.
6. gr., svo breytt, samþ. með 11 shlj. atkv.
7.—9. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Bráðabirgðaákvæði samþ. með 11 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. visað til 3. umr. með 11 shlj. atkv.

Á 68. fundi í Ed., 13. nóv., var frv. tekið til 3. umr. (A. 524).
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 10 shlj. atkv.

Á 72. fundi í Nd., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 524).
Á 74. fundi í Nd., 15. nóv., var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. visað til 2. umr. með 17 shlj. atkv. og til allshn. með 18 shlj. atkv.

Á 92. fundi í Nd., 6. des., var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 94. fundi í Nd., 9. des., var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 524, n. 679).

Frsm. (Thor Thors): Allshn. hefir tekið þetta mál til athugunar og hefir orðið ásátt um að leggja til, að frv. nái fram að ganga með þeirri einu breyt., að ríkið greiði ⅘ af kostnaði, í stað ¾, sem ráðgert er í frv. Þessi brtt. er í samræmi við þá ákvörðun, sem ætlazt er til, að tekin verði upp í frv. til framfærslulaga sjúkra, þar sem gert er ráð fyrir, að ríkið leggi fram ⅘ af kostnaði.

Ég vil geta þess, að hv. þm. Barð. var ekki á fundi, þegar þetta var rætt, en ég veit ekki annað en hann sé samþykkur n. um að samþ. frv. með þessari breytingu.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.

2.—9. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.

Brtt. 679 samþ. með 16:1 atkv.

Bráðabirgðaákvæði, svo breytt, samþ. með 18:1 atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 20 shlj. atkv.

Á 97. fundi í Nd., 12. des., var frv. tekið til 3. umr. (A. 742).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 19 shlj. atkv. og endursent Ed.

Á 93. fundi í Ed., s. d., var frv. útbýtt eins og og það var samþ. við 3. umr. í Nd (A. 742).

Á 95. fundi í Ed., 14. des., var frv. tekið til einnar umr.

Guðrún Lárusdóttir: Ég finn mér skylt að þakka hv. Nd. fyrir góða meðferð á þessu máli, og geri ég það bæði í mínu nafni og eigi síður í nafni þeirra, sem eiga að njóta góðs af þessari stofnun. Þetta frv. hefir tekið lítilsháttar breyt. í hv. Nd., og er sú breyt. í bráðabirgðaákvæði, sem er aftan við 9. gr. og er um það, að á meðan ekki eru samþ. lög um framfærslu sjúkra manna og örkumla, þá greiði ríkissjóður lítilsháttar meir en gert var ráð fyrir í frv. Þetta skiptir í raun og veru ekki miklu máli, en er þó í samræmi við frv. það, sem er á ferðinni um framfærslu sjúkra manna og örkumla.

Ég sé svo ekki ástæðu til þess að fara um þetta fleiri orðum. Ég vil aðeins endurtaka það, að mér þykir vænt um, að málið er komið svona langt, og ég vænti þess, að hv. Ed. vilji enn sýna því velvilja og samþ. það eins og það liggur hér fyrir.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 11 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 823).

66. Tekjuskattur og eignarskattur (frv. JJós).

Á 81. fundi í Nd., 23. nóv., var útbýtt:

Frv. til l. um breyt. á l. nr. 6 9. jan. 1935, um tekjuskatt og eignarskatt (þmfrv., A. 604).

Á 82. fundi í Nd., 25. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 83. fundi í Nd., 26. nóv., var frv. aftur tekið til 1. umr.

Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 19 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

Flm. (Jóhann Jósefsson): Ég hefi eftir áskorun bæjarstj. Vestmannaeyja leyft mér að koma fram með þetta frv., og eins og grg. ber með sér, er það til þess að flýta fyrir innheimtu útsvara. Í núgildandi tekjuskattslögum er framtalsfresturinn í Reykjavík stuttur; mönnum er ætlað að skila framtalsskýrslu mánuði fyrr þar en í öðrum kaupstöðum landsins, sem gildir hið sama um í þessu efni og sveitirnar. En það virðist mega hafa framtalsfrestinn þann sama í kaupstöðunum úti um land eins og í Reykjavík. Aftur á móti er framtalið umsvifameira í sveitum og því eðlilegt, að það þurfi lengri tíma þar. Frv. fer fram á að stytta framtalsfrestinn í kaupstöðunum úti um land um einn mánuð, svo hann verði hinn sami og í Reykjavík. Tilgangurinn er, að niðurjöfnun útsvara geti farið fyrr fram og innheimta þeirra geti þar af leiðandi orðið auðveldari.

Ég skal ekki fjölyrða um þetta frekar, en vil mælast til, að málinu verði að lokinni umr. vísað til hv. fjhn., og ætla ég þá að hnýta við þeim tilmælum til n., að hún sæi sér fært að afgr. þetta litla mál heldur tímanlega.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 19 shlj. atkv. og til fjhn. með 18 shlj. atkv.

Á 87. fundi í Nd., 30. nóv., var frv. tekið til 2. umr. (A. 604, n. 650).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 16:1 atkv.

Frsm. (Stefán Jóh. Stefánsson): Með frv. á þskj. 604 á að gera þá breyt. á tekju- og eignarskattsl., að sami frestur skuli vera til að skila skattskýrslum í Reykjavík og öðrum kaupstöðum landsins, sem sé fyrir janúarmánaðarlok ár hvert, í staðinn fyrir að gera greinarmun á Reykjavík annarsvegar og öðrum kaupstöðum hinsvegar, sem hafa frest til febrúarloka.

Fjhn. hefir athugað þetta frv., telur það til bóta og leggur til, að það verði samþ. N. bárust frá ríkisskattanefnd aðrar till. til breyt. á tekjuskattsl., sem meiri hl. n. hefir tekið upp á þskj. 650. Eru það smábreyt. á 6. gr. l. um tekju- og eignarskatt frá 1935. Fyrri brtt. er sú, að afföll skuli telja til tekna hjá gjaldendum, ef afborg-

unartíminn er skemmri en 5 ár, eftir því sem bréfin segja til, en ef afborgunartíminn er 5 ár eða lengri, þá skuli afföllin talin til tekna með jöfnum fjárhæðum í 5 ár.

Ríkisskattan. gefur þær upplýsingar, að óheppilegt sé að skipta afföllunum niður á mörg ár, það hafi ýmsa erfiðleika í för með sér bæði fyrir skattan. og gjaldþegna. Hefir hún því lagt til, að þessi regla verði upp tekin. Meiri hl. fjhn. sá heldur ekkert því til fyrirstöðu og taldi breyt. til bóta.

Hin brtt., sem er gerð við e-lið 7. gr. tekju- og eignarskattsl., nr. 16 frá 1935, er um það, hvernig eigi að reikna mönnum til tekna hagnað af sölu fasteigna, sem menn hafa keypt og selt aftur hærra verði.

Í l. frá 1935 eru sett þau tvö skilyrði fyrir, að þetta teljist til tekna, í fyrra lagi, að húseignarinnar hafi verið aflað í því skyni að selja hana aftur með ágóða, og í öðru lagi, að hún hafi verið í eign skattþegns skemur en 5 ár. Í meðferð tekju- og eignarskattsl. á síðasta Alþingi, 1934, var gerð sú breyt. á orðun þessarar gr., að í staðinn fyrir orðið „eða", sem var í tekju- og eignarskattsl. frá 1921, hefir verið sett orðið „og", sem gerir þá efnisbreyt. á þessu ákvæði, að bæði skilyrðin verða að vera fyrir hendi til þess að verðhækkunin geti reiknazt til tekna, en eftir l. frá 1921 þurfti ekki nema annað skilyrðið. Mér skilst samt, að þeir, sem hafa undirbúið tekju- og eignarskattsl., sem nú gilda, hafi ekki ætlazt til, að þessi breyt. væri gerð, heldur megi nánast álykta, að hér sé um prentvillu að ræða, sem ríkisskattan. vill leiðrétta, og hefir meiri hl. fjhn. fallizt á það.

Báðar þessar breyt. eru smávægilegar. Fyrri brtt. er til þess að gera framkvæmd l. auðveldari, en síðari breyt. er til að hafa það ákveðið, sem upprunalega gilti í þessu efni, eins og sýnist ekki heldur vera ósanngjarnt.

Meiri hl. n. leggur því til, að þessum 2 nýju gr. verði bætt framan við 1. gr. frv. á þskj. 604. Minni hl. n., hv. 3. þm. Reykv. og hv. þm. G.-K., hefir óbundnar hendur um þessar brtt., sem eru bara brtt. frá ríkisskattan.

Jakob Möller: Munurinn á afstöðu okkar og meiri hl. fjhn. til þessara brtt., sem hér eru bornar fram samkv. ósk ríkisskattan., er aðallega vafi okkar um það, að breyt. séu í sjálfu sér réttmætar eða til bóta.

Fyrri brtt. er um það, að ef um er að ræða skuldabréf til margra ára, skuli afföllin deilast niður á 5 ár. Þetta á náttúrlega að vera til hægðarauka, en hinsvegar virðist réttara að skipta afföllunum niður á öll þau ár, sem skuldabréfin eru gefin út fyrir.

Þetta er nú samt ekki aðalatriðið. Hitt er frekar aðalatriðið fyrir okkur, sem felst í síðari brtt. Það er að vísu svo, að breyt. er í samræmi við skattal. eins og þau voru, áður en breyt. var gerð á þeim á síðasta ári. Hinsvegar er svo mælt fyrir, að verðhækkun á eign skuli ekki teljast til skattskyldra tekna, og virðist vafasamt að gera hér þann mun, að hækkun á eign, sem er seld, ef viss frestur er liðinn frá því eigandinn eignaðist hana, skuli teljast til skattskyldra tekna, en samskonar verðhækkun á annari eign, sem er ekki seld, skuli ekki koma til greina sem skattskyldar tekjur. Þetta virðist vera nokkuð hæpin regla, þó að henni hafi verið fylgt.

Það er rétt hjá hv. frsm. meiri hl., að það er eflaust fyrir misgáning, sem þessi breyt., sem hann minntist á, hefir orðið, svo að samv. gildandi l. er ekki heimilt að telja verðhækkun til tekna í öllum sömu tilfellum og áður. Annars gerum við þetta ekki að verulegu kappsmáli.

ATKVGR.
Brtt. 650.1.a (ný gr., verður 1. gr.) samþ. með 14:3 atkv.
— 650,1.b (ný gr., verður 2. gr.) samþ. með 13:5 atkv.
1.—2. gr. (verða 3.—4. gr.) samþ. með 18 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 18 shlj. atkv.

Á 88. fundi í Nd., 2. des., var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 17 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 84. fundi í Ed., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 664).
Á 86. fundi í Ed., 4. des., var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 9 shlj. atkv. og til fjhn. með 9 shlj. atkv.

Á 90. fundi í Ed., 9. des., var frv. tekið til 2. umr. (A. 664, n. 722).

Frsm. (Magnús Jónsson): Eins og frv. kom upphaflega fram, er efni þess það, að koma á sömu reglu um frest til framtals í öðrum kaupstöðum eins og er í Rvík. Við meðferð þess í hv. Nd. voru sett inn 2 ákvæði, eftir tillögum ríkisskattanefndar, sem fjhn. þessarar hv. d. hefir fallizt á, og n. leggur því einróma til, að frv. verði samþ. óbreytt.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
2.—4. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 9 shlj. atkv.

Á 92. fundi í Ed., 11. des., var frv. tekið til 3. umr. (A. 664, 762).
Of skammt var liðið frá útbýtingu brtt. 762.
— Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

Bernharð Stefánsson: Ég hefi borið hér fram ofurlitla brtt. við þetta frv. Svo er mál vaxið,

að í f-lið 10. gr. l. um tekjuskatt og eignarskatt, sem nú gilda, er ekki heimilað að telja með vöxtum til frádráttar tekjum dráttarvexti af sköttum og útsvari. Legg ég til með þessari brtt. á þskj. 762, að þetta bann verði afnumið. Skal þess getið, að ég hefi fengið bendingu um þetta atriði frá skattstjóra hér í Rvík, og ég fellst alveg á, að þetta sé rétt. Vitanlega mun það oft vera svo, að þegar það dregst fyrir mönnum að borga útsvör eða skatt, þá er það fyrir getuleysi. En samt sem áður er mönnum nú refsað með því að leggja á þetta dráttarvexti. En þá sýnist nokkuð langt gengið, að refsa þeim í annað sinn með því, að þeir megi ekki telja þessa dráttarvexti til annara útgjalda, sem dragast eiga frá tekjum í skattaframtali. Eftir að ég fékk bendingu um þetta og mér hugkvæmdist það sjálfum, hefi ég ekki átt kost á að minnast á þetta í fjhn., og hefi þess vegna hlaupið fram fyrir skjöldu og borið fram þessa brtt., án þess að bera þetta undir n. En mér virðist þetta svo einfalt mál og sjálfsagt atriði, að ég hygg, að það þurfi ekki að koma að sök. Ef einhver hv. þm. áttar sig ekki á þessu og vill bera þetta saman við l., þá hefi ég þau hér sérprentuð fyrir framan mig, og geta hv. þm. athugað þau, ef þeir óska.

ATKVGR.
Brtt. 762 samþ. með 11 shlj. atkv.
Frv., svo breytt, samþ. með 9 shlj. atkv.

Á 97. fundi í Nd., 12. des., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 764).

Á 99. fundi í Nd., 14. des., var frv. tekið til einnar umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 18:1 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 830).

---

67. Skipun prestakalla (frv. GG).

Á 72. fundi í Nd., 13. nóv., var útbýtt:

Frv. til l. um breyt. á l. nr. 45 16. nóv. 1907, um skipun prestakalla (þmfrv., A. 536).

Á 74. fundi í Nd., 15. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 18 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

Flm. (Gísli Guðmundsson): Hér er aðeins um smámál að ræða, sem ég vænti, að geti gengið greiðlega gegnum d. Það er um það að ræða í þessu frv., að flytja til prestssetur á einum stað frá því, sem nú er. Er það vegna þess, að núv. sóknarprestur hefir þegar skipt um bústað og verið alllengi búsettur annarsstaðar heldur en upphaflega. Frv. fylgja á þskj. 336 meðmæli hans með því, að þessi breyt. sé gerð.

Ég ætla ekki að hafa um þetta fleiri orð, en legg til, að frv. verði að lokinni umr. vísað til hv. allshn., og vil ég beina þeim tilmælum til hennar, að hún afgr. það fljótlega.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 19 shlj. atkv. og til allshn. með 20 shlj. atkv.

Á 88. fundi í Nd., 2. des., var frv. tekið til 2. umr. (A. 536, n. 632).

Stefán Jóh. Stefánsson: Allshn. hefir athugað þetta frv., og þar sem hún sér ekkert athugavert við það, leggur hún einróma til, að það verði samþ.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 17 shlj. atkv.

Á 89. fundi í Nd., 3. des., var frv. tekið til 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 18 shlj. atkv.

Frsm. (Bergur Jónsson): Ég ætlaði bara að geta þess, að ég var kosinn frsm. að þessu máli til 2. umr., en var þá veikur, og vildi ég því nú láta það koma fram, að allshn. er öll sammála um að leggja til, að frv. þetta verði samþ. Er hér ekki um annað að ræða en að flytja prestssetrið frá Svalbarði til Raufarhafnar, sem allir geta verið með, að sé rétt.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 18 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 85. fundi í Ed., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 536).

Á 87. fundi í Ed., 5. des., var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv. og til allshn. með 10 shlj. atkv.

Á 95. fundi í Ed., 14. des., var frv. tekið til 2. umr. (A. 536, n. 776).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

Frsm. (Þorsteinn Briem): Frv. þetta mun hafa verið borið fram vegna óska safnaðarins á Raufarhöfn í Norður-Þingeyjarsýslu, þar sem söfnuðurinn óskaði þess, að presturinn sæti í hans sókn, því hún væri fjölmennari. Það hefir verið venja, að breyt. á prestssetrum hafa verið afgr. með einföldum ráðherraúrskurði, eftir meðmælum biskups. En hér hefir verið breytt

út af þeirri venju og lagt sérstakt frv. um þetta fyrir Alþ., þó að svo virðist, að þess hafi ekki beinlínis þurft með. Þetta frv. hefir þegar gengið í gegnum hv. Nd. og n., sem hafði frv. til meðferðar þar, litizt svo á, að til þess lægju allríkar ástæður, að þessi breyt. yrði gerð. Allshn. þessarar d. hefir fallizt á að mæla með því, að frv. sé samþ. eins og það liggur fyrir. En jafnframt vill n. taka það fram, og leggja áherzlu á það, að þó að nú sé brugðið út af gamalli venju, með því að bera fram frv. um þetta og afgr. það í lagaformi, en ekki með ráðherraúrskurði, þá vill n. taka það fram, að hún ætlast til þess, að sú venja haldist, sem gilt hefir, að afgreiða þetta með ráðherraúrskurði, eftir meðmælum biskups. Með þessum formála legg ég til í nafni n., að frv. verði samþ.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 10 shlj. atkv.

Á 96. fundi í Ed., 16. des., var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 9 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 853).

---

68. Skipun barnakennara.

Á 65. fundi í Nd., 5. nóv., var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 75 28. nóv. 1919, um skipun barnakennara og laun þeirra (þmfrv., A. 464).

Á 67. fundi í Nd., 7. nóv., var frv. tekið til 1. umr.
Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 20 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

Flm. (Bjarni Bjarnason): Lög um skipun barnakennara og laun þeirra tryggja ekki réttindi barnakennarastéttarinnar eins og æskilegt er, og þess vegna er frv. þetta fram komið. Skal ég í sem fæstum orðum gera grein fyrir þeim atriðum, sem frv. er ætlað að bæta úr.

Það er þá fyrst, að eins og sakir standa er mönnum leyft að reka einkaskóla, þar með taldir ungbarnaskólar, án þess að þeir hafi þau réttindi, sem viðurkennd eru í l. um skipun barnakennara og laun þeirra. En þegar litið er til þess, hvað aðrar menntaþjóðir leggja mikið upp úr því, að þeir, sem taka að sér byrjunarkennslu barna, séu vel undir það starf búnir, virðist fyllsta ástæða til, að við setjum hér skýlaus ákvæði um, að slíkir kennarar skuli einnig hafa kennarapróf. Úr þessu bætir fullkomlega 1. málsgr. 1. gr. frv., og ennfremur er það áréttað í 2. gr. frv., sem er við 4. gr. l., þar sem getið er um, að skólanefndir og skólastjórar einkaskóla skuli skyldir að tilkynna fræðslumálastjóra, hverjir eiga að starfa við skóla þeirra, svo hann geti litið eftir, að lögin séu ekki brotin í þessu efni.

Þá er ákvæði um það í 1. gr. núgildandi l., að menn, sem kennt hafa í 3 ár, geti fengið kennararéttindi án þess að þeir hafi lokið kennaraprófi. Þetta er fellt niður með frv., ef að l. verður. Það virðist ekki ósanngjarnt, þó þeir menn, sem fengið hafa kennararéttindi fyrir að hafa kennt þrjú ár fyrir einum 16 árum síðan, en þó ekki enn verið skipaðir kennarar, geti ekki hér eftir farið að vekja þann rétt upp sér til handa. Auk þess er óréttlátt að gera svo misjafnar kröfur til manna, þar sem kröfurnar fara sívaxandi um menntun kennara yfirleitt.

Annað atriði, sem hér er um að ræða, er réttur stúdenta til kennslustarfa. Um leið og viðurkennt er, að gott er, að kennarar séu sem bezt menntir, þá er ekki rétt, að menn geti komið úr öðrum skólum og tekið próf aðeins í uppeldisfræði og þar með fengið sömu réttindi og þeir, sem lokið hafa kennaraprófi í öllum greinum, sem kenndar eru í kennaraskóla. Nú þurfa stúdentar eigi annað en lesa uppeldisfræðina yfir og ljúka sæmilegu prófi í henni til þess að fá full réttindi. Hér er gert ráð fyrir, að þeir þurfi að stunda nám í uppeldis- og kennslufræði a. m. k. eitt ár. Þó er ekki ætlazt til, að þeir þurfi að sitja á bekkjum kennaraskólans heilan vetur, heldur að þeir stundi nám í þessum fræðum heilan vetur, og ættu þeir að geta það samhliða menntaskólanámi. Þá er einnig gert ráð fyrir, að stúdentar stundi nám í öðrum greinum, sem kenndar eru eða kenndar kunna að verða í kennaraskólanum, en ekki eru kenndar í menntaskólanum.

Hvað snertir handavinnu-, matreiðslu- og íþróttakennara, þá er það um íþróttakennarana að segja, að um þá gilda sérstök l. frá 1932, þar sem ákveðið er, að þeir, sem hafa lokið prófi samkv. þeim l., skuli hafa rétt til að kenna við ríkisskólana, þó þeir hafi ekki kennarapróf í öðrum greinum; hið sama er ætlazt til, að gangi fram um handavinnu- og matreiðslukennara, að þeir fái kennsluréttindi í sínum greinum, ef þeir hafa aflað sér í þeim nægilegrar menntunar, að dómi fræðslumálastjóra, og lokið prófi í uppeldis- og kennslufræði við kennaraskólann.

Það, sem ég nú hefi getið um, eru meginatriði þeirra breyt., sem farið er fram á með þessu frv. við áðurgreind lög. 2. gr. er svo ljós, að ekki þarf að skýra hana. Um 3. gr. frv., sem ætlazt er til, að komi aftan við 15. gr. l., vil ég aðeins geta þess, að hún er til þess að fyrirbyggja allar deilur um rétt þeirra kennara, sem þegar eru skipaðir samkv. l. um skipun barnakennara og laun þeirra, án þess að þeir hafi kennarapróf.

Að lokum skal ég geta þess, að fulltrúafundur barnakennara í vor samþ. till. í sömu átt og þetta frv. gengur. Ennfremur hefir stjórn sambands ísl. barnakennara fallizt á þessar breyt-

ingar. Ég vil því vænta, að frv. verði vel tekið hér í hv. d. og vísað til menntmn. og 2. umr. að lokinni þessari umr.

Hannes Jónsson: Ég vildi aðeins óska, að hv. n. athugi, hvort ástæða er til að ganga eins langt og hér er gert ráð fyrir, þegar verið er að auglýsa lausar kennarastöður, að ef enginn hefir sótt, þá þurfi að gera sérstakar ráðstafanir til þess að ná í menn, sem uppfylla þau skilyrði, sem frv. greinir. Það hefir verið svo, að í slíkum tilfellum hefir skólanefnd reynt að útvega þann hæfasta mann, sem hún hefir völ á, til þess að taka að sér kennsluna. Hitt finnst mér vera vafningasamt, og mjög hæpið, hvenær því ákvæði er fullnægt, að gera ráðstafanir til að útvega mann með þeim skilyrðum, sem hér eru fram tekin. Það getur orðið endalaus ágreiningur um það, hvenær búið sé að gera fullnægjandi ráðstafanir í þessu efni. Það geta verið gerðar svo lélegar tilraunir til að fá fullgildan kennara, að þær séu sama sem engar, og það geta líka verið gerðar viðunandi tilraunir, sem öðrum fyndist ekki nægilegar, og teldu því, að ráðinn væri í stöðuna maður, sem ekki ætti þar að vera. Mér finnst nægilega gert til þess að fá þessa faglærðu menn með því að auglýsa kennarastöðurnar rækilega, þó skólanefnd fari ekki að leita fyrir sér, hvað margir eru með þessu prófi, og ganga fyrir hvern þeirra til þess að vita, hvort hann vill taka að sér kennsluna eða ekki.

Flm. (Bjarni Bjarnason): Verið getur, að þetta sé of rækilega fram tekið í frv. En tilgangurinn er vitanlega sá, að auk þess að auglýsa, þá geri skólanefnd það, sem í hennar valdi stendur, til þess að útvega hæfan kennara. Yrði það vitanlega á valdi skólanefndar og fræðslumálastjóra í hvert sinn að skera úr, hvað telja má hæfan mann, eða hvern hæfastan af þeim, sem kostur er á.

Sigurður Einarsson: Mér er kunnugt um, að það er mikill áhugi fyrir því í stjórn Sambands ísl. barnakennara, að þetta frv. verði að l. En það eru einstök atriði í því, sem ég vildi þegar gera að umtalsefni, áður en það fer til n.

Fyrst og fremst er það ákvæði 1. gr. b, þar sem svo er tekið til orða, að „meðan kennaraskóli Íslands útskrifar ekki kennara í öllum þeim námsgreinum, sem kenndar eru við barnaskóla, hafa þeir rétt til að verða kennarar í þessum námsgreinum, sem aflað hafa sér nægjanlegrar menntunar til þess, að dómi fræðslumálastjóra", o. s. frv. Mér er ekki kunnugt um, ef hér er átt við fagkennslu, eða þá, sem hafa sérmenntun til þess að kenna eina námsgrein, að það fyrirkomulag hafi verið haft, að fræðslumálastjóri einn sé látinn löggilda þá til slíks. Mér er kunnugt um, að mjög mörgum kennurum er það mikið áhugamál að sum atriði frv. nái fram að ganga, t. d. að því er snertir kennara, sem fengið hafa kennararéttindi fyrir 1919, sem samkv. þessu verða útilokaðir frá að halda áfram kennslustörfum, ef þeir hafa ekki verið skipaðir af kennslumálastj. sem kennarar við einhvern skóla. Ég vil benda á, að það stendur í 3. gr. frv., að ákvæði 1. gr. frv. b. skuli ekki ná til kennara, sem skipaðir hafa verið af kennslumálastj. áður en l. koma í gildi. Nú má gera ráð fyrir, að menn hafi verið settir í kennarastöður, sem ráðuneytið vill ekki svipta stöðunum, og virðist því ef til vill ekki ástæða til að skera svo skarpt á milli þeirra, sem hafa verið skipaðir, og hinna, sem aðeins hafa verið settir, svo framarlega sem þeir að öðru leyti fylla sett skilyrði um starfshæfni og undirbúning.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 19 shlj. atkv. og til menntamn. með 20 shlj. atkv.

Á 84. fundi í Nd., 27. nóv., var frv. tekið til 2. umr. (A. 464, n. 607).

Frsm. meiri hl. (Bjarni Bjarnason): Það tókst nú ekki, því miður, að ná öllum nm. saman á fund til þess að ræða þetta frv., eins og nál. á þskj. 607 ber með sér. Mér er því ekki kunnugt um álit þeirra nm., sem forfallaðir voru. En meiri hl. n. var sammála um að mæla með því, að frv. næði fram að ganga, með lítilli viðbót við 2. gr. þess. Í síðari mgr. 2. gr. er gert ráð fyrir, að skólanefndum og skólastjórum sé skylt að tilkynna fræðslumálastjóra árlega, hverja kennara þeir ætli að hafa næsta skólaár, ef þeir eru ekki settir eða skipaðir af fræðslumálastjórninni. Við þetta bætist svo, eftir brtt. okkar í nál. á þskj. 607, að sama skylda hvíli á þeim, er stofna vilja einkaskóla, og að þeir skuli jafnframt tilkynningunni leggja fram sannanir fyrir rétti hlutaðeigandi kennara til kennslustarfsins.

Ég sé enga ástæðu til að segja meira um þetta frv. að svo komnu máli. Yrði það aðeins til þess að endurtaka það, sem ég sagði um það við 1. umr. Aftur á móti mun ég taka til athugunar það, sem kann að verða að þessu frv. fundið.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 13:4 atkv.

Brtt. 607 samþ. með 17:7 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: HV, JónP, JG, MT, PZ, PÞ, SigfJ, SE, SK, StJSt, ÞorbÞ, BB, EystJ, FJ, GG, GÍ, JörB.

nei: HannJ, JakM, JS, ÓTh, PHalld, PO, GSv.

EE greiddi ekki atkv.

Átta þm. (JJós, JÓl, TT, ÁÁ, BJ, BÁ, EmJ GÞ) fjarstaddir.

2. gr., svo breytt, samþ. með 15:3 atkv.

3.—4. gr. samþ. með 15:2 atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 15:2 atkv.

Á 86. fundi í Nd., 29. nóv., var frv. tekið til 3. umr. (A. 641).

Eiríkur Einarsson [óyfirl.]: Eins og nál. meiri hl. menntmn. ber með sér, hafa tveir nm. ekki verið til staðar þegar málið var tekið fyrir í n.,

og hafa því óbundnar hendur um atkv. Þar sem ég er annar þessara nm., ásamt hv. 5. þm. Reykv., sem ekki er viðstaddur, en ætlaði að láta skoðun sína í ljós um málið, vil ég fara um það örfáum orðum og gera grein fyrir minni afstöðu.

Eins og sjá má af frv., er það aðallega tvennt, sem farið er fram á að breyta frá því, sem er í gildandi lögum. Annað atriðið er, að þrengdur er réttur manna til að hafa á hendi kennslu, þannig, að heimtað er kennarapróf bæði fyrir smábarna- og einkaskóla. Hitt atriðið miðar líka að því að einskorða við kennarapróf frá kennaraskóla Íslands. Munurinn á l. frá 1919 um þetta er sá, að þar var aðeins áskilið kennarapróf miðað við ákveðna menntun, en hér á að einskorða prófið við kennaraskóla Íslands.

Þessari stefnu er ég ekki samþ. En ég skal taka það fram, til þess að fyrirbyggja misskilning, að það er ekki fyrir vantraust á kennarastéttinni, því ég þekki marga kennara, sem eru starfi sínu prýðilega vaxnir og foreldrum happ að koma börnum til þeirra. En í þeirri stétt er vitanlega eins og annarsstaðar misjafn sauður í mörgu fé.

Ef litið er á okkar þjóðmenningu, hefir reynslan sýnt, að margur unglingur, sem farið hefir varhluta af skólagöngu, en notið annarar kennslu, hefir orðið prýðilega að sér. Einnig hafa einkaskólar með nokkrum hóp barna viða gefizt prýðilega. En hins þarf auðvitað að gæta, að l. veiti það aðhald, að börnin fari ekki á mis við kennsluna af vanrækslu eða vegna þess, að fátæk heimili geta ekki látið hana í té. Þá þarf að koma til aðstoð þess opinbera, sem stuðlar að því, að ekkert barn fari varhluta af kennslunni, en hvert þeirra verði hennar aðnjótandi.

Þegar á allt er litið, finnst mér því þessu atriði í hóf stillt eins og l. eru nú. En ég get vel skilið þetta frá sjónarmiði kennaraskólanemenda. Það er ekki nema mannlegt og sízt að lasta, þó menn óski eftir starfi að námi loknu, og að það sé launað svo, að það veiti sæmileg lífsskilyrði.

Ég vil skjóta því inn í þessu sambandi, hv. þm. til athugunar, að fyrir nokkrum árum var stofnaður hér annar menntaskóli, sem aldrei skyldi verið hafa. Ég nefni þetta sem dæmi, því mér finnst kenna hér ósamræmis. Í stað þess ætti að reyna að þrengja menntamannahringinn, svo ekki útskrifuðust fleiri sérfræðingar en þörf er fyrir.

Mér þykir hér of langt gengið, að einskorða við kennaraskólann menntun kennara, sem teknir eru á heimili eða í einkaskóla.

Þetta getur líka komið á daginn, hvaða stétt sem um er að ræða hér á landi, og ekki sízt þær stéttir, sem hafa haft með höndum menningu landsmanna í hvert skipti, að sú stétt þyki ekki frá sjónarmiði tiltölulega margra manna fullnægja skyldu sinni. Ég segi þetta ekki með neinu álasi til kennarastéttarinnar, heldur segi ég þetta almennt. Má þar t. d. benda á þá stétt, sem hafði áður með höndum kennslu barna hér á landi, en það var prestastéttin. Hún hefir átt í tölu sinni marga ágætismenn, en samt sem áður hafa oft þau tímabil komið, að landslýður hefir kvartað og sagt sem svo: „Þessi stétt hefir farið með okkar uppeldismál og ekki verið þar eins vakandi og viðsýn og æskilegt væri.“ Þetta og þvílíkt hefir m. a. orðið til þess, að *þessum málum hefir verið kippt úr höndum* þeirra, sem áður fóru með þau. Þeim, sem fara að hafa með höndum menningarmál, vill oft — ekki síður en öðrum — til að verða ráðríkir og sérgóðir um starf sitt. Þannig er reynslan með prestana í þessu máli, og alveg það sama getur komið fyrir með kennarana. Af þessum ástæðum vil ég ekki einskorða þetta eins mikið og hér er gert í frv., svo að þeir, sem vilja og geta aflað sér góðrar fræðslu fyrir utan allar sérkreddur, ef þær koma yfir, þeir hafi frjálsræði til þess að stunda kennslu, þó að þeir hafi ekki próf frá kennaraskólanum.

Ég er samþykkur því, að sett séu ákvæði, sem stuðla að því, að þeir, sem hafa prívatskóla eða smábarnaskóla eða hverja aðra skóla, séu sínu starfi vel vaxnir. Ég álít það sjálfsagðan hlut. En ef á að fara að setja þeim fastari skorður en svo, að þessir menn séu það vel hæfir til starfs síns, að börnin liði ekki við það, þá þykir mér of langt farið.

Af þessum höfuðástæðum er það, að ég sé mér ekki fært að fylgja frv., þó að ég viti að vísu, að það er flutt hér inn á þing af góðum hug, og sennilega hefir hv. flm. þar haft það fyrir augum, hvað margir góðir menn séu innan kennarastéttarinnar, eins og segja má með sönnu. En með tilliti til þess, sem ég hefi sagt, þá er þó allur varinn góður, og því þykir mér of langt gengið í frv. og get ekki greitt því atkv.

Frsm. (Bjarni Bjarnason): Ég var ekki viðstaddur, þegar hv. 11. landsk. hóf ræðu sína, og hefi því ekki heyrt allt það, sem hann fann að þessu frv.

Það er vert að athuga það, hvers ber fyrst að gæta, þegar reynt er að fullkomna einhverja framkvæmd, hvaða þáttur hennar sem það er. Og sérstaklega ber þó að athuga þetta í sambandi við starfsmenn í opinberum greinum, og ég hygg, að alveg sérstaklega beri að athuga kröfur og vilja kennarastéttarinnar.

Ég hygg, að allir séu sammála um það, að kennarastéttin í hverju þjóðfélagi eigi að leysa af hendi eitt það vandasamasta starf, sem með þjóðfélaginu gerist. Það eina, sem hægt er að gera í því sambandi, sem virðist vera öruggt, það er að fá tryggingu fyrir því, að kennarar séu vel upplýstir og heilbrigðir. Það eru kennararnir, sem eiga að leggja undirstöðuna að lífi mannanna samhliða heimilunum. Þess vegna er það, að kennarar gera mikið til þess að vera í samvinnu við heimilin og vita um heimilisástæður barna, svo að hægt sé að sameina þessa tvo krafta uppeldisstarfsins, svo að *grundvöllurinn að lífi barnanna megi* verða sem allra fullkomnastur og svo áreiðanlegur sem tök eru á. Auðvitað taka ýmsir fleiri aðiljar en heimili og kennarar þátt í þessu starfi, en þessir tveir verða þó þýðingarmestir. Það er því illa farið, ef ráðandi menn ámæla kennarastétt okkar fyrir það, að hún vill standa saman

um kennslustörfin. Ekki þarf langt að leita til þess að sjá, að kennarastéttin, og þá sérstaklega barnakennarastéttin, var fyrir fáum árum í mikilli niðurlægingu. Við vitum, að þetta stafaði m. a. af því, að störfin voru misskilin, af þeim fyrst og fremst, sem réðu, og kom þetta fram í litlu áliti á stéttinni og lítilli launagreiðslu. Voru mörg dæmi þess, að menn, sem ekki voru nothæfir til venjulegra starfa, voru notaðir til þess að kenna börnum. Það voru jafnvel mörg dæmi þess, að menn, sem voru á sveit, voru látnir kenna börnum, annarsvegar til þess að létta undir með hreppnum með gjöld og einnig til þess að þeir yrðu léttari baggi á sveitinni. Það er augljóst, að slík stétt er ekki lifandi, og það eru ekki nema örfá ár síðan íslenzk barnakennarastétt fór að lyfta sér upp úr þessu volæði. Og það vil ég segja barnakennarastéttinni til maklegs lofs, að hún hefir tekið á þessu máli með mikilli festu og góðum samtökum og framúrskarandi góðum árangri á jafnstuttum tíma. Afleiðingin af þessum hugsunarhætti er sú, að kennarastéttin vill vinna að því tvennu, að mennta stéttina betur en verið hefir og svo að tryggja stéttinni sjálfri þau kennarastörf, sem henni ber. Þetta frv., sem hér liggur fyrir, er einn þáttur í því, að tryggja kennarastéttinni aðstöðu til kennarastarfa betur en verið hefir. Hv. 11. landsk. kallar þessar vaxandi kröfur stéttarinnar, bæði til sín sjálfrar og þjóðfélagsins, frekjulegt ráðríki og sérgæði. (EE: Þetta er ofsagt). Þetta er a. m. k. nálægt því, sem hann sagði. Nú er stéttabaráttan hörð hér í landi. Hver stétt heldur saman um sína starfsmöguleika og hagsmuni.

Hv. þm. gat um það, að alveg á sama hátt og hér eigi að fara aftan við siðunum, sé það öfugt að setja upp tvo menntaskóla á sama tíma og þrengt er að með sérmenntunina. En þetta er ekki öfugt, því að það er gert til þess að gera sem flestum mönnum kleift að mennta sig, og við ættum ekki að sjá neinum ofsjónum yfir því, þó að fjöldi ungra manna gæti náð stúdentsmenntun, því að það er mjög góð menntun undir lífið og mjög æskilegt, að sem flestir gætu hlotið hana. Þetta er því ekki í neinu ósamræmi við það, þó að takmörkuð hafi verið sérmenntun við þau störf, sem þjóðfélagið þarf. Það er líka mikill misskilningur hjá þessum hv. þm., að menntaskólanám og stúdentspróf þurfi að vera í nokkru sambandi við sérmenntun.

Þá vil ég einnig benda á það almennt, að þjóðir, sem eru okkur framar í menntun, telja sér fyrst og fremst nauðsyn að hafa kennara sem allra bezt menntaða, og ekki sízt með tilliti til smábarnakennslunnar. Þó að við höfum marga duglega menn meðal barnakennara, stöndum við eigi að síður að baki um kennarmenntun margra annara þjóða, og þó sérstaklega í því, að kenna litlu börnunum. En nú er farið að vinna að því af miklu kappi, að gefa kennaraefnum kost á lærdómi og æfingu, sem gerir þá sérstaklega hæfa til smábarnakennslu, því að það er eitt höfuðatriðið, að litlu börnin séu svo meðhöndluð, að þau geti hugsað með gleði til skólalífsins, sem fram undan er, en kvíði því ekki né álíti það staglsamt og leiðinlegt. Nú geta menn komizt að þessum kennarastöðum, þó að þeir hafi alls ekki nauðsynlega menntun né réttindi. Þetta sjá kennararnir vel. Þess vegna vilja þeir, og ég vil styðja þá í því, fá það ákveðið, hverjir hafi réttindi til að gegna kennarastörfum, og þeir einir geri það.

Vitanlega þarf ekki að fara út í slíkar öfgar, að foreldrar megi ekki kenna þeim börnum, sem þeir geta og vilja. Það er ekki venja að telja það skóla, og það eru ekki skólar í þeirri merkingu þess orðs, sem lög gera ráð fyrir. En frv. á að fyrirbyggja, að þeir, sem hafa ekki kennarapróf, geti tekið að sér kennarastörf í opinberum skólum, og ekki heldur í einkaskólum eða smábarnaskólum. (PO: Þeir geta verið góðir fyrir því). Það var gott, að hv. þm. Borgf. minnti mig á þetta. Hverjum dettur í hug að neita því, að litt lærðir menn geti verið góðir kennarar? Það geta alstaðar fundizt svo vel gefnir menn og góðum hæfileikum búnir, að þeir standi framar þeim, sem sérmenntun hafa fengið, en þetta eru undantekningar, og þær raska ekki því almenna. Við getum t. d. tekið bónda, sem hefir aldrei komið á skólabekk. Hann getur verið miklu snjallari að lækna en lærður læknir lélegur. Þessi dæmi eru til, en við getum ekki verið svo þröngsýnir og barnalegir að taka stór mál út frá einstökum fáum dæmum; við tölum um heildina og miðum við hana, en ekki einstöku dæmin, og vænti ég, að menn líti ekki svo á, að einstöku dæmin, sem má finna í þessu sambandi, eigi að vera þau ráðandi öfl í eins stóru máli og því, er hér ræðir um.

Atvmrh. (Haraldur Guðmundsson) [óyfirl.]: Ég hefi ekki getað fylgzt með þessari umr. málsins.

Í þessu frv. er lagt til að fella niður þá heimild, sem nú er í l., að setja megi menn í kennarastöður, þó að þeir hafi ekki próf frá kennaraskólanum, og verði menn því að hafa kennarapróf til að geta fengið stöðu við opinbera skóla, einkaskóla eða smábarnaskóla.

Nú er mér ekki vel kunnugt um það, hvort menntmn., sem hefir fengið þetta mál til meðferðar, hefir kynnt sér til hlítar, hvernig er ástatt í þessu efni, og þá í fyrsta lagi það, hvert hlutfallið er milli tölu þeirra kennara, sem hafa prófréttindi, og hinna, sem ekki hefðu kennsluréttindi samkv. þessum ákvæðum. Ég tel sjálfsagt að kynna sér þetta, áður en frv. er afgr. Það mun láta nærri, að tala þeirra manna, sem hafa prófréttindi, samsvari þeim fjölda, sem er af kennarastöðum í landinu, en margir af þessum mönnum munu hafa bundið sig við önnur störf og munu því alls ekki hugsa til að taka að sér kennslustörf, enda hefir ekki verið unnt í mörgum farskólahéruðum að fá kennara með prófréttindum, og hafa því verið settir þar til bráðabirgða menn, sem eru próflausir eða ólærðir. Ég vil skjóta því til n., ef hún hefir ekki fengið upplýsingar um þetta, hvort hún sjái ekki ástæðu til að taka til athugunar, hversu margir af þeim, sem ekki hafa rétt til að gegna kennslustörfum samkv. þessum ákvæðum, kenna

nú við skóla til bráðabirgða. Ég geri ráð fyrir, að eitthvað sé til af þeim, og má búast við, ef þeir hafa reynzt vel, að þeir fengju skipun bráðlega. Í þessu sambandi væri þá líka rétt að athuga, hvort ekki væri rétt að fresta gildistöku l., t. d. til 1. okt. næstk., því að þá yrði væntanlega búið að fá upplýsingar um þetta atriði.

Ég veit ekki, hvort n. vill fallast á, að þessari umr. sé frestað, og geri ég það ekki að kappsmáli, því að segja má, að menntmn. Ed. gæti á sama hátt gert þetta. En verði frv. afgr. frá þessari d. eins og það liggur nú fyrir, mundi ég reyna að fá því breytt í Ed., eftir því sem nauðsynlegt teldist. Vil ég svo heyra álit hv. frsm. um þetta.

Sigurður Einarsson [óyfirl.]: Ég verð að sumu leyti að hafa sama formála og hæstv. atvmrh., að ég átti þess ekki kost að fylgjast með þessum umr. frá upphafi.

Ég verð að láta það í ljós, að það er ekki eina atriðið, sem fyrir kennurunum vakir með því að fá þessum l. breytt á þessa leið, þetta, sem hæstv. atvmrh. talaði um. Menn verða að gera sér það ljóst í sambandi við þetta mál, að á undanförnum árum hafa kennararnir íslenzku unnið mjög dyggilega á tvennan hátt að bæta aðstöðu sína til starfs síns. Þeir hafa barizt fyrir auknum kröfum, sem gerðar væru til kennara um starfskunnáttu, og jafnframt hafa þeir unnið að því eftir föngum að tryggja það, að menn, sem hafa öðlazt sæmilega starfskunnáttu, sitji fyrir þessum störfum öðrum fremur, og það er sem einn þáttur í þessari baráttu, að þetta frv. er borið fram, að því er mér skilst, og meðmæli menntmn. eru byggð á því, að hún leit svona á.

Að því er snertir það, sem hér hefir verið sagt um einkaskóla og skyldur þeirra, er slíka skóla reka, þá skal ég segja það, að það er engum vafa bundið, að það sem háð hefir kennurum á Íslandi, er ekki almenn fákunnátta í þeim greinum, sem þeir eiga að kenna, því að yfirleitt hafa margir þeirra, allt frá því kennaraskólinn tók til starfa, verið allvel að sér í þeim greinum. En sökum fátæktar okkar hefir skipulag skólans verið þannig, að í því, sem kallað er starfskunnátta, hefir kennslunni verið áfátt. Þetta hafa kennararnir líka fundið vel, og á undanförnum tveimur kennaraþingum hefir þetta mál verið til umr., og hafa kennararnir komið þar fram með rökstuddar till. til umbóta að þessu leyti. Og breyting sú, sem komið hefir í kennaraskólanum með fullkomnari reglugerð, sem hann starfar nú eftir, hefir orðið til þess, að æfingarnar hafa mikið verið auknar, en það var einmitt æfingaleysið í starfinu, sem kennararnir hafa fundið einna mest að.

Ég held, að þegar maður tekur að sér að reka einkaskóla og tekur borgun fyrir kennsluna af foreldrum eða öðrum aðstandendum barnanna, þá geti þjóðfélagið ekki látið það afskiptalaust, hvort þeir menn eru færir til starfsins.

Það er ekki alveg út í loftið sagt, að kennarar hafi mikinn áhuga fyrir því, að bætt verði sem mest úr um undirbúningsfræðslu barna innan 10 ára aldurs; á því veltur svo mikið um hvert notagildi verður af starfi kennarastéttarinnar yfirleitt. Og sá mælikvarði, sem almenningur í landinu leggur á það, hvert gagn verður að barnakennslunni, hlýtur að miðast við það, hvernig undirbúningsnámi barna fyrir neðan skólaskyldualdur er háttað.

Hæstv. atvmrh. beindi þeirri spurningu til n., hvort hún hefði kynnt sér hlutfallið á milli eftirspurnarinnar eftir barnakennurum, og þess, hver kostur væri á kennurum með kennaraprófi til að fullnægja henni, og ennfemur, hversu mikill hluti núv. barnakennara hefði fengið kennaramenntun.

Það er enginn vafi á því, að það er ábyggilega nóg til af mönnum í landinu, sem hafa tekið kennarapróf. Sumir hafa stúderað við aðra skóla en kennaraskólann, og gengið auk þess undir kennarapróf. — En hitt er alkunnugt, að launakjör farkennara eru það léleg, að þeir menn, sem nokkur töggur er í, kjósa sér önnur störf en barnakennsluna, þó þeir hafi kennarapróf. Ef ómögulegt er að fá til barnakennslu kennara með kennaraprófi, þá er það alls ekki bannað í þessu frv. að ráða aðra hæfa menn til þeirra starfa. Þess vegna er með frv. sáralítið þrengt frá því, sem nú er, að þeim mönnum, sem ekki hafa stundað kennaranám.

En svo vil ég bæta einu við: Við höfum á hverju ári útskrifað marga stúdenta sem kennara, eftir nokkurt viðbótarnám. Meðan stúdentar sóttu slælega aukanámsstundir og æfingakennslu í kennaraskólanum, leystu þeir, að fáum undanteknum, lakar sín verkefni af hendi en kennaraskólanemendur, þó að þeir hefðu meiri menntun í einstöku greinum. Þessi mismunur kom bezt í ljós í hinum skriflegu prófum barnanna í æfingabekkjunum.

Höfuðtilgangur frv. er að tryggja það, að á hverjum tíma séu í landinu nægilega margir kennarar með kennaramenntun og próf frá kennaraskóla Íslands, alveg án tillits til þess, hversu margir af þeim, sem nú eru í föstum kennarastöðum, hafa kennarapróf. Frv. hefir engin áhrif á það og nær ekki til þeirra. En þegar breytingar verða á kennarastöðum, þá á að tryggja það, að menn með kennarmenntun taki við kennslustörfunum. Og það eru litlar líkur til, að skortur verði á þeim, svo framarlega sem kennarastéttinni eru boðin sæmileg kjör, sem við er hlítandi.

Ég hefi fyrir mitt leyti ekkert á móti því, að gildistöku þessara laga verði frestað til 1. okt. næstk., en ég sé ekki betur en að auðvelt muni vera að koma þeirri breyt. á í Ed., — hún ætti að geta ráðið við það spursmál.

Guðbrandur Ísberg [óyfirl.]: Ég get byrjað á því, að láta í ljós ánægju mína yfir því, að hæstv. atvmrh. sýndi það með ræðu sinni hér í d., að hann hefir opin augu fyrir göllunum á þessu frv., sumum að minnsta kosti.

Hv. 2. þm. Árn. sagði, að það væri mjög eðlilegt, að barnakennarar gerðu kröfur fyrir sig um verkvið og launakjör stéttarinnar. Já, þeir gera kröfur, það vantar ekki; svipaðar og verkamannafélögin í Reykjavík; enda hafa þeir þar fyrirmyndina, um að enginn megi fá vinnu, nema hann sé í verkamannafélagi. En munurinn

er þó sá, að ákvarðanir verkamannafélaganna gilda aðeins innan bæjarfélagsins, en kennararnir vilja leggja undir sig allt landið. Hv. 2. þm. Árn. sagði, að kennarastarfið væri hið allra vandasamasta starf í þjóðfélaginu, og að kennarar þyrftu mikinn undirbúning til þess að inna það vel af hendi. Því verður ekki neitað, að það er ákaflega mikilsvert. En þrátt fyrir það, að þjóðin hefir nú um nálega mannsaldursbil átt við að búa barnakennarastétt, sem gengið hefir á kennaraskóla, þá er það, samt sem áður, álit margra glöggskyggnra manna, að alþýðufræðslan í landinu sé ekki betri nú en hún var áður en kennaraskólamennirnir komu til sögunnar. Hv. 2. þm. Árn. sagði, að fyrir örfáum árum hefði kennarastéttin verið í mestu niðurlægingu. Þó hefir sami kennaraskólinn undirbúið þá stétt í tvo til þrjá áratugi. Og það er langt síðan þeirri kröfu var ungað út, fyrir munn kennarastéttarinnar, að kennarar frá kennaraskólanum skuli hafa með höndum alla barnakennslu í landinu. Það hefir ekki beinlínis verið sagt ennþá, að engir aðrir megi kenna börnum að stafa, háskólagengnum mönnum er máske ekki bannað það, en þeir mega ekki fá aðra til þess en sérmenntaða kennara með kennaraprófi. Stúdentar og gagnfræðingar mega ekki koma nærri barnakennslu. Stúdentamenntun nægir ekki; fyrst verða stúdentar að bæta við sig einu ári á kennaraskólanum og taka þar próf. Gagnfræðingar koma ekki til mála, þó að ganga megi út frá, að þeir hafi sizt fengið minni menntun en kennaraskólanemendur. Þó að gagnfræðingar bættu við sig heilu ári í þessari ágætu menntastofnun kennara, þá nægir það ekki. Ég undrast það ekki svo mjög, þó að kennarar frá kennaraskólanum kunni að gera kröfur fyrir sig, en mig furðar hitt, að þeir skuli gera jafnfiflslegar kröfur og raun ber vitni um. Þeir ættu að athuga það betur, að með þessum hóflausu kröfum sínum eru þeir að egna þjóðina upp á móti sér. Svo að það gagn, sem þeir þykjast vilja gera almenningi, kemur ekki að neinum notum. Þegar þeir beita þjóðina þessum þrælatökum, þá espa þeir almenning upp á móti sér.

Hæstv. atvmrh. benti á, að menn með kennaramenntun frá kennaraskólanum fengjust oft ekki til barnakennslu í fræðsluhéruðum af því að þeim þætti kennslan svo illa launuð. Og áður en það þykir takandi í mál að ráða til barnakennslu menn, sem ekki hafa kennarapróf, þá á að knékrjúpa hverjum ræfli, sem kann að vera í kennarafélaginu og hefir þeirra fína próf!

Kennarastéttin íslenzka er ekki ein um það að gera hóflausar kröfur fyrir sig. Í Noregi, Danmörku og Þýzkalandi hafa hinar hálfmenntuðu stéttir í þeim löndum skapað sér þann mesta álitshnekki vegna þess, að innan vébanda þeirra er fjöldi vandræðamanna og ræfla, sem ættu ekki að koma nálægt störfum, eins og t. d. kennslu, eða öðru því, sem hver stétt fyrir sig hefir að aðalstarfi. Að vísu eru margar heiðarlegar undantekningar frá þessu; en sú stétt, sem fær sínum hóflausu kröfum fullnægt, freistast jafnan til að halda sinni verndarhendi yfir hinum lélegri félagssystkinum, sem á henni hanga.

Ég vil sem sjálfstæðismaður benda á, að það er svo sem ekkert aðlaðandi, að þessi útungunarstofnun barnakennara hér á landi, Kennaraskólinn, skuli sérstaklega hæna að sér mjög radikala nemendur, eða helzt af öllum kommúnista. Enda virðist skólinn mjög hafa sveigt í þá átt, einkum á síðustu árum.

Ég vil að síðustu beina þeirri fyrirspurn til hv. 2. þm. Árn., og biðja hann með fullri vinsemd að athuga það vel, hvort honum sé það ekki ljóst, hvað kennarastéttin er að gera með þessu hóflausa framferði sínu. Hvort hann skilji það ekki, að hún er blátt áfram að safna glóðum elds að höfði sér, með því að spana upp á móti sér andúð mikils meiri hluta þjóðarinnar.

Það er vitanlega hægt að gera kröfur, og er ekki nema eðlilegt, að kennararnir geri það eins og ýmsar aðrar stéttir, en þeir verða jafnframt að kunna að stilla þeim í hóf.

Pétur Halldórsson [óyfirl.]: Herra forseti! Ég ætla, áður en ég vík að efni þessa máls, að minna hv. þdm. á, að hæstv. kennslumrh. hefir nýlega gert grein fyrir áliti sínu á þessu frv. í ræðu hér í d., og taldi hann a. m. k. ýms tormerki á því, og beindi þeirri fyrirspurn til hv. frsm. n., hvort hann gæti ekki fallizt á, að umr. yrði frestað og frv. athugað nánar. Sérstaklega óskaði hann eftir að koma fram með brtt. um það, hvenær lögin skyldu ganga í gildi. Ég heyrði ekki, hverju hv. frsm. 9. landsk. svaraði þessu, eða svar hans hefir þá verið eitthvað loðið. (**SE**: Hv. 2. þm. Árn., er frsm.). Jæja, ég bið afsökunar. En hv. 9. landsk. hefði getað svarað þessu fyrir hönd meiri hl. n., ef hann hefði viljað.

Mér skildist á hv. 9. landsk., að ef umr. yrði ekki frestað, þá mætti koma þessari breyt. að við frv. í menntmn. Ed. — Ég ætla svo ekki að ræða meira um málið, fyrr en ég hefi heyrt svar hv. frsm. meiri hl. n. við ósk hæstv. kennslumrh., og hvort hann getur fallizt á að fresta umr. Ég veit, að það verður rætt miklu meira um frv. í d., og geymi mér rétt til að taka þátt í þeim umr., en ég ætla ekki að lengja þær nú, fyrr en ég hefi heyrt svar hv. frsm.

Frsm. (Bjarni Bjarnason): Ég vil fyrir mitt leyti svara fyrirspurn hæstv. atvmrh. á þá leið, að ég tel rétt, að málið fái að ganga hiklaust áfram hér í d. — Mér er fullkunnugt, að hæstv. ráðh. hefir haft nægileg tækifæri og tíma til þess að tala um þetta mál við menntmn. og athuga málið. Ef hann ætlar að bera fram brtt. við frv., þá tel ég, að honum hefði borið að gera það hér í d. — Hann hefir fyrir löngu vitað um gang málsins og verið vel kunnugt um ákvæði frv. Það verður þá að taka því, sem hæstv. ráðh. kann að gera við frv. í Ed., — hann verður að haga því eins og honum sýnist.

Þó að ég hefði fremur kosið að bíða með að taka til máls, þar til hv. 5. þm. Reykv. væri búinn að flytja sína ræðu, ef ég hefði ekki þurft að svara þessari fyrirspurn, þá verð ég nú að athuga lítilsháttar ræðu hv. þm. Ak. Ég verð að segja hv. þm. það, að ég hygg, að hann hefði haft mjög gott af því að skjótast sem snöggvast

inn í smábarnaskóla og setjast þar á bekk með börnunum, rifja upp stafrofið og kynnast nýjustu kennsluaðferðunum.

Hv. þm. vítir mjög kröfur kennarastéttarinnar og telur þær hóflausar. Ef kennararnir eru sérstaklega ósanngjarnir að því er þetta frv. snertir, þá vil ég benda á það, að meðan ósanngirnin í kröfum þeirra er ekki lengra komin en raun ber vitni um að því er snertir launaþáttinn, sem flestir gera mestar kröfur til, þá er ósæmilegt fyrir hv. þm. Ak. að varpa slíkum gífuryrðum til kennarastéttarinnar, því að hún mun vera lægst launaða stéttin hér á landi. (GÍ: Er það af því að hún hafi ekki gert launakröfur?). Já, kennararnir hafa verið mjög hógværir í þeim efnum. Þeir hafa fetað sig áfram smátt og smátt. Þeim hefir verið það ljóst, að menntun þeirra var að ýmsu leyti ábótavant, og þess vegna hafa þeir jöfnum höndum gert kröfur til sjálfra sín um menntun stéttarinnar og um laun fyrir störf sín. Þessu hafa þeir unnið að leynt og ljóst, með óbifanlegri von og jafnvel vissu um, að hvorttveggja myndi aukast og fara vaxandi. Kennarastéttin hefir jafnt og þétt alið á því, að menntunarskilyrðin yrðu bætt sem mest fyrir kennarana, og hert á kröfunum til þeirra um sem beztan undirbúning til kennarastarfsins. Þetta tel ég kennurunum til mikils sóma, að þeir hafa alltaf haft kröfurnar um aukna fræðslu og menningu sem nr. 1, en launakröfuna nr. 2. — Þeim manni, sem eins og hv. þm. Ak. dettur í hug að segja aðra eins fjarstæðu og þá, að með þessu sé kennarastéttin að beita þjóðina þrælatökum — þeim manni veitir ekki af að fara aftur í smábarnaskóla og læra einföldustu fræðin.

Hv. þm. sagði, að í kennarastéttinni væru margir ónothæfir kennarar. Það getur vel verið satt. Við vitum það vel, að það er svo um allar stéttir, að þar eru fleiri eða færri lítt hæfir og jafnvel óhæfir starfsmenn. Kennarastéttin veit þetta sjálf og viðurkennir; og væri betur, að aðrar stéttir væru sér þess jafnvel meðvitandi um sína stéttarbræður. Ég geri ráð fyrir, að innan þeirra stétta, sem notið hafa lengri skólagöngu og meiru hefir verið til kostað af þjóðfél., séu ýmsir einstaklingar, sem þjóðin mætti sannarlega vera laus við sér að skaðlausu.

Þá sagði hv. þm. Ak., að þrátt fyrir það, að barnakennarastéttin væri búin að njóta sérmenntunar í hálfan mannsaldur, og meira en það, þá væri hún samt skipuð mörgum illa upplýstum og óhæfum mönnum; og svo væru kennararnir að beita þjóðina þrælatökum með kröfum sínum. En hefir hv. þm. athugað, af hverju það stafar, að svo misjafnir menn eru innan kennarastéttarinnar, þó að hún hafi notið sérmenntunar á sínu sviði í meira en hálfan mannsaldur? Það er af því, að kennararnir létu hagsmuna- og menningarmál stéttarinnar afskiptalaus fyrstu árin. Þeir skildu ekki þá það, sem þeir sjá nú, að þeim ber að hafa öflug samtök um að auka menntun og þroska stéttarinnar og bæta jafnframt kjör hennar. Það eru höfuðskilyrðin fyrir því, að kennarastéttin verði þjóðholl og fær um að gegna sínu vandasama hlutverki.

Mér þótti vænt um, að hv. þm. Ak. skyldi benda á þetta og gefa mér tilefni til að gera grein fyrir því, hversu léleg kennarastéttin getur verið, ef hún vakir ekki sjálf yfir sínum verkefnum og sjálf sér hagsmunum sínum borgið. Aðrir gera þetta ekki, nema þeir séu til þess hvattir af einbeittri stétt. Þetta sanna orð hv. þm. Ak.

Ég held að ég hafi þá svarað höfuðatriðunum, sem fram komu í ræðu hv. þm., og þó að einhverjir af andstæðingum frv. eigi enn eftir að tala, þá vona ég, að hæstv. forseti taki ekki hart á því, þó að ég þurfi að gera nokkrar aths. við ræður þeirra síðar.

Sigurður Einarsson [óyfirl.]: Ég verð að segja, að það er langt síðan ég hefi orðið jafnsteinhissa eins og ég varð áðan undir ræðu hv. þm. Ak. Ég varð alveg hissa á því, að jafnhversdagslegt lipurmenni, sem er það tamara að verka frekar vel á mann, skyldi villast eins langt og hann gerði inn á vettvang barnakennaranna í landinu.

Þegar hv. þm. talar um, að barnakennararnir séu með stéttarsamtökum sínum að espa mikinn hluta þjóðarinnar til andstöðu gegn sér og beita hana þrælatökum með sínum hóflausu kröfum, þá er langt gengið í fjarstæðunum. Og þó veit þessi hv. þm. mætavel, að kennarastéttin í landinu er lægst launaða stéttin í landinu, og að starf hennar er jafnan mjög vanþakkað. Ef kennararnir hefðu ákaflega stuttan vinnutíma og lifðu í vellystingum pragtuglega, sambærilegum lífnaði við lífnaðarhætti máttarstólpanna í flokki hv. þm. Ak. og stéttarbræðra hans, þá hefðu kröfur þeirra sjálfsagt ekki verið taldar hóflausar af hv. þm., og ekki talað um, að þeir væru að beita þjóðina þrælatökum.

Ég skil ekkert í hv. þm., að hann skyldi leyfa sér að slá fram þessum barnalegu sleggjudómum um íslenzku kennarastéttina; því að honum hlýtur að vera það ljóst, að þessi ummæli hans eiga sér engan stað. Hv. þm. veit, að það á síður við um kennarana en flestar aðrar stéttir þjóðfélagsins, að þeir geri hóflausar kröfur fyrir sjálfa sig, og séu margir vandræðamenn, sem aldrei ættu að koma nálægt barnakennslu, eins og hann orðaði það.

Og þegar hv. þm. fór svo að skýra þessa andstöðu sína gagnvart kennarastéttinni og hvernig á henni stæði, þá kom það í ljós, að honum þóttu kennararnir við kennaraskólann hæna að sér radikala menn og kommúnista. Ja, aumingja Ásmundur Guðmundsson og Steingrímur Arason; það er ekki gaman fyrir þá að fá svona ákúrur á bakið fyrir það, að þeir hafa hjálpað ýmsum nemendum til að komast í kennaraskólann, þó að þeir hafi ekki getað fullnægt inntökuskilyrðunum. Hinsvegar mun það vera flestum kunnugt, að ég hefi staðið mest á móti því, að nemendur væru teknir inn í kennaraskólann án þess að þeir hefðu nægilega undirbúningsmenntun.

Fyrir nokkrum árum ætlaði Sjálfstfl. að ærast út af því, að kandidat í guðfræði varð kennari við kennaraskólann.

Þetta er bara barnaskapur að tala um svona

lagað í sambandi við það, hvort gera eigi endurbætur á kjörum kennara. Það er óneitanlega hálfhart að vera að tala um þrælatök í sambandi við þetta. Hvað ætli þurfi marga kennara til að jafnast á við einn fisksöluforstjóra að launum? Og svo er verið að tala um hóflausar kröfur þeirra og þrælatök, og þeir eru nefndir vandræðamenn o. s. frv. Ég get frætt hv. þm. á því, að þeir menn, sem eitthvað hefir komið fyrir, sem kallað er, seinustu 10 árin, eru undantekningarlaust menn, sem eru aðskotadýr í stéttinni og ekki hafa þjálfazt í kennaraskólanum, — menn, sem hafa þröngvað sér inn í hana án þess að fullnægja þeim kröfum, sem hér er verið að gera um undirbúningsmenntun kennara. Ég get sagt það, að hafi einhverjum þótt svör mín loðin við ræðu hæstv. ráðh., að það hefir ekki verið hjá því komizt að hafa svo tugum skiptir af ólærðum mönnum í kennarastöðu, af því að launin eru svo lítil, að beztu mennirnir vilja ógjarnan þessi störf. En úr þessu verður ekki bætt nema með því að gera kjörin lífvænlegri, og ég sé enga ástæðu til að draga að gera slíkt að lögum. En um gildistökuákvæði þessara l. verð ég að segja það, að mér finnst engu verulegu máli skipta, hvort l. ganga í gildi strax eða 1. okt. 1936. Mér virðist kennarar megi vel við una, þótt þau gangi ekki í gildi fyrr en 1. okt. 1936; ég sé ekki að það sé neitt atriði.

Eiríkur Einarsson [óyfirl.]: Það þarf ekki að verða langt mál, sem ég ætla að segja. Hv. 2. þm. Árn., sem er frsm. menntmn., mælir með frv. og svaraði mér hér nokkrum orðum. Ræða hans var, eins og hans var von og vísa, hóglátleg. Það hefir, eins og búast mátti við, úr því að margir fóru að ræða þetta mál, komið fram, að mörgum hættir við að leiða mál eins og þetta út fyrir þann ramma, sem því hefir verið ákveðinn með því dagskrármáli, sem fyrir liggur. Menn hafa farið að tala um aðstöðu kennara yfirleitt, kost þeirra og galla — langt út fyrir takmörk frv. Ég verð að segja, þegar minnzt er á kjör kennara og þær kröfur, sem þeir gera, þá get ég ítrekað það, sem ég sagði áðan, að kennarastéttin yfirleitt, miðað við dýrtíðina og þau erfiðu kjör, sem menn búa nú við yfirleitt, verði eftir atvikum að sætta sig við þau kjör. Það að vera farkennari með tiltölulega dýrri sérmenntun, er að vísu ekki álitlegt, en hitt er annað mál, að þegar verið er að tala um kröfur til betri afkomu, þá verður að greina á milli þess, hvaða kjör væru æskilegust og hvað hægt er að veita þeim, sem til starfans eru valdir. En tala kennaranna verður eftir því, hve mörg rúm eru á skipinu og eftir því, hvort þröngsýni eða víðsýni ráða því, hverjir megi bjóða sig til kennslustarfa. Ég held því fram, að menn eigi að vera það tiltölulega frjálslyndir og einskorða sig ekki um of við sérmenntun, með tilliti til þess, að sá dagur getur komið, að stéttirnar fari að verða dálítið upp með sér og fari að gera kröfur um að fá að njóta sín sérstaklega í þjóðfélaginu. Við það er það að athuga, að stéttirnar eru til fyrir heildina, en heildin ekki fyrir stéttirnar. Það er mergurinn málsins bæði fyrir kennarastéttina og aðra, og ef þær eiga á annað borð tilverurétt, þá er það vegna þarfar þjóðfélagsins fyrir þær. Ég segi ekki, að þetta eigi við kennarastéttina frekar en hverja aðra stétt þjóðfélagsins. Það kom fram í orðum hv. 2. þm. Árn., og hann játaði og sagði blátt áfram, að stéttabaráttan væri orðin mjög hörð. Þetta er ákaflega mikið íhugunarefni, að þetta skuli vera þannig, að þeir menn, sem eiga að kenna börnum, heyi einnig harða stéttabaráttu. Ég álít, að það sé taumhald á sjálfum sér, sem þeir þurfi að hafa, sem þá stétt skipa, og að þeir þurfi að gæta svo mikils jafnvægis, að þar geti ekki verið um neina stéttabaráttu að ræða. Það hugtak á að vera gert útlægt úr íslenzku þjóðlífi. Ég álít, að þar eigi réttlætiskenndin að vera svo mikil, eins og kannske hjá öðrum starfsmönnum þjóðarinnar, að þeir eigi ekki að heimta meiri starfslaun en að þeir geti séð sér og sínum farborða. Þá er það, þó að það lúti ekki beinlínis að þessu, þá er gott að hafa það til hliðsjónar, sem hv. 2. þm. Árn. nefndi, að nú á tímum eru það fjölmargir æskumenn, sem hafa freistað að afla sér sérfræðináms, enda nýlega búið að koma upp tveimur menntaskólum hér á landi. En hvað fá svo þessir menn að gera að náminu loknu? Það er auðvitað ekki hægt að neita því, að margir þeirra taka sér ýmislegt nytsamlegt fyrir hendur sem framhaldsnám, en eins mikill hluti þessara námsmanna virðist ekki stefna að neinu sérstöku marki. Mörgum hamlar fjárskortur frá framhaldsnámi, enda þótt þá langi til að leggja inn á einhverjar sérfræðibrautir. Það gæti því vel komið til mála, að það yrði hlutskipti þings og þjóðar að styrkja þessa menn eitthvað til slíks náms. Á hinn bóginn gæti af því leitt, að af þessu spryttu upp of margir skólar, sem gætu ungað út of mörgum mönnum með sérmenntun. Það er vitanlegt bæði með stúdentsnám og eins með kennaranám, að það er ágæt menntun hvort um sig og yndislegt fyrir áhugasama námsmenn að afla sér slíkrar menntunar, en það er bara svo langt nám, að það má telja, að minna megi nægja fyrir fátæka foreldra. Fyrir börn, sem ætla að gegna almennum borgarastörfum í þjóðfélaginu, og eins fyrir efnalítil, námfús börn, höfum við alþýðuskólana, og er þar úr ýmsu að velja. Svo er nú fyrir þakkandi, að allflest börn eiga heimili, sem kenna þeim til að byrja með, og því betri sem heimilin eru, þess betra verður uppeldið og fullkomnari fræðslan, sem börnin fá. Ég hefi þá skoðun, að heimilin eigi að vera kennarinn sem allra lengst, því að það verður bezti skólinn. En því miður hamlar það mörgum heimilum í þessu efni, að foreldrarnir, einkum þeir eldri, sem hafa fengið uppeldi sitt og menntun áður en fræðslul. gengu í gildi, eru þess ekki umkomin að veita börnum sínum nægilega fræðslu, og þá er svo fyrir þakkandi, að til er unglingafræðsla í landinu, sem tekur við þar sem heimilin þrjóta. Ég hjó eftir því áðan og mér líkaði ekki, að slíkt skyldi koma fram í umr., — ég held, að það hafi verið hv. 2. þm. Árn., sem sagði, að þeir kennarar hefðu verið notaðir til barnafræðslu, sem jafnvel voru sveitarómagar. Þetta er víst alveg rétt, að sveitar-

ómagar voru notaðir til barnakennslu, en það segir okkur bara það, að á sveitina komst margt af öldruðu fólki, sem átti við bág kjör að búa, en voru nýtilegir menn og lögðu sig alla fram til að kenna börnum og fræða þau; og svo var álit manna oft og tíðum mikið á þessu fólki, að það var leitað til þess með börn, sem voru tornæm og óstýrilát, svo að þetta, að það hafi verið fólk, sem átti við óhagstæða aðstöðu í mannfélaginu að búa, segir ekkert um það, að fræðslan hafi ekki getað verið góð í þeirra höndum, heldur að þetta hafi verið menn, sem ekki nutu þess tilstyrks, sem þeir áttu skilið í mannfélaginu. Það er einmitt þetta, að mér finnst hér ekki vera gætt hæfilegs frjálslyndis, að ætla endilega að útiloka alla einkaskóla og smábarnaskóla og að heimilin megi ekki vera með í ráðum um kennsluna og einskorða kennarana við lærða skólamenn. Ég segi alveg eins og mér þykir og eins og hér hefir komið fram við umr., að stéttin sé farin að gera kröfur.

Annað atriði er það, sem ég læt hér óumsagt, hve réttmætar þessar kröfur eru, en maður hefir heyrt, að hér væru pólitískar skoðanir að verki í stéttarfélögunum. Ég þekki ekkert til þessa, en sé það rétt, þá er það út af fyrir sig nóg ástæða til þess, að fólk fari varlega og haldi opnum útgöngudyrum, svo að það frelsi, sem hingað til hefir ríkt í þessu efni, megi haldast. — Ég hefi forðazt að nefna einstök atriði, en vildi aðeins tala um þetta mál almennt. Þó vildi ég geta um eitt atriði í þessu sambandi, sem lýtur beint að afkomu þjóðarinnar. Með fræðslul. 1907 var raunverulega það spor stigið, sem gerði tvær stéttir þjóðfélagsins úr einni, og þar með tvöföld launakjör. Stéttin veit og allir, hvað ég á þar við, því að yfirumsjón barnafræðslunnar höfðu prestarnir. Ég skal ekki dæma um það, hvort hentugt hafi verið að láta þá hafa þetta áfram. Ég veit, að með fræðslul. var stigið stórt spor í áttina til aukinnar fræðslu, og það gildir sérstaklega um umkomulítil börn, sem lítils eiga úrkostar. En hinsvegar er það spursmál, sérstaklega í strjálbyggðum sveitum, hvort annarihvorri af þessum tveim stéttum sé ekki ofaukið. Ég vil bara með þessu vekja athygli á því, hvort ekki sé kominn tími til að endurskoða fræðslul. yfirleitt. Það getur náttúrlega verið spursmál, hvort prestarnir með sínum kreddukenningum henti til þess að vera leiðtogar barnanna, en maður hlýtur að svara því þannig, að ef það eigi að halda þeim uppi á launum til að hafa kirknagæzlu á hendi, þá hljóti þeir að vera færir til að kenna börnum. En ef niðurstaðan yrði nú sú, að slík fræðsla eigi ekki rétt á sér, og ef prestunum er ofaukið, því þá að vera að setja kirkjuna á vetur? Ég veit, að þetta er ekki til umr. hér í dag, en ég veit, að sá tími kemur, og það heldur fyrr en síðar, að alþm. verði yfirleitt að gera upp við sjálfa sig, hvora leiðina þeir ætli að ganga.

Ég get nú látið máli mínu lokið, en mér þykir vænt um, að þetta mál hefir verið vakið til umr. hér á Alþ., því að þó að frv. sé sanngirnisatriði stéttarinnar, miðað við þá aðstöðu, sem stéttin á við að búa, þá eru það mörg atriði og m. a. þessi ófrjálslyndiskrafa, sem mæla á móti frv.

Pétur Halldórsson [óyfirl.]: Herra forseti! Mér er í rauninni ekki ljúft að taka til máls um þetta mál eins og sakir standa, fyrst og fremst af því, að ég átti von á, að óskir kennslumálaráðh. yrðu teknar til greina, svo að komizt yrði hjá óþarfa umr. um þetta mál, og að till. hans yrði vísað til n. og henni gefin kostur á að athuga þetta nánar, í öðru lagi vegna þess, að flestir dm. virðast nú hafa gert upp í sínum huga, hverja afstöðu þeir taki til málsins, því að þeir eru farnir héðan, svo að ekki er til þeirra að tala til að hafa áhrif á þeirra skoðanir, en með því að ég á sæti í menntmn. þessarar d. og þess var getið í nál. meiri hl., að við hv. 11. landsk. og ég, vorum forfallaðir þegar n. hélt fund um þetta mál og gátum ekki tekið þátt í afgreiðslu þess þar, en höfðum ekki ástæðu til, að gefa út sérstakt nál., þá er kannske rétt að segja nokkur orð um þetta mál — við þingtíðindin þá aðallega.

Í þessum breytingum á l. um skipun barnakennara er aðalatriðið, að kennarar, sem útskrifaðir eru úr kennaraskólanum hér í Reykjavík, eigi að hafa einkarétt til barnakennslu, þó með þeim undantekningum, að þeir, sem hafa tekið stúdentspróf, geti eftir sem áður öðlazt þennan rétt með því að taka sæti í kennaraskólanum einn vetur. Í 2. málsgr. er ennfremur ætlazt til, að í öðrum kennslugreinum, hvort sem þær eru lögskipaðar eða ýmsar aukagreinar, skuli líka þeir, sem útskrifaðir eru úr kennaraskólanum hafa forgangsrétt, jafnvel þó að þeir séu ekki eins vel fallnir til þeirrar kennslu eins og þeir, sem hafa lokið þessu námi, en ekki hafa notað sér kennslu kennaraskólans. Tilgangur frv. er vissulega fyrst og fremst sá, að halda kennslunni í barnaskólanum að þeim einum, sem hafa kennarapróf. Það er sérstaklega tekið fram, að þetta eigi líka við smábarnaskóla, þar sem kennt er börnum innan 8 ára aldurs, en smábarnaskóla hér hafa fleiri haft en þeir, sem kennaramenntun hafa, þó að nokkrir slíkir hafi líka stundað hana. Og ég held, að bæta við þessa till. til breyt. liggi það, að það eigi að koma í veg fyrir, að einhverjir aðrir, t. d. prestar, séu látnir gegna kennslustörfum samhliða sínum embættum, og koma því svo fyrir, að það sé verið að ganga á rétt þessarar stéttar, ef Alþ. skyldi einhverntíma taka upp þá hugsun, að rétt væri að halda einhverju af kennslustarfinu að prestunum. Ég álít það of snemmt að setja l. um þetta efni, og kennslumálaráðh. hefir bent á, án þess að á móti sé hægt að mæla, að það er beint teknisk ástæða, sem varnar því að láta þetta koma til framkvæmda. Hann benti á, að með þessu væri fyrst og fremst verið að koma í veg fyrir það, að þeir, sem kennslu hefðu stundað í 3 ár fyrir 1915 og hefðu ekki fengið réttindi til kennslu enn, gætu nokkurntíma fengið þau. Hann benti á, að tala útskrifaðra manna úr kennaraskólanum væri ekki nægileg eins og stendur til þess að komast mætti af með þessa kennara. Og sérstaklega benti hann á í þessu sambandi, hve erfitt væri að fá kennara til farkennslu. Til þeirrar kennslu myndi vanta 40—50 kennara. Og ennfremur benti hann á, að það væru ýmsir kennarar settir til bráðabirgða, sem

ekki hefðu full kennararéttindi og gætu ekki vænzt þess að fá embættin, ef þetta frv. yrði að l., þó þeir uppfylli skilyrðin að öðru leyti. Af þessu óskaði hæstv. ráðh., að málinu yrði frestað, og ég held, að það hefði verið rétt fyrir meiri hl. menntmn. að verða við þeirri ósk. En meiri hl. n. hefir ekki orðið við því, og af því munu hljótast óþarfa umr.

Um hvert af þeim atriðum, sem í frv. eru, má ýmislegt segja. Á síðari árum hefir það tíðkazt, að margir stúdentar hafa leitað til kennaraskólans til þess að þeir hefðu kennararéttindi. En nú á að þrengja meira í því efni. En þá skilzt mér, að kennarastéttin sé að verjast því, að inn í stéttina komizt þeir menn, sem hafa meiri þekkingu í flestum námsgreinum heldur en þeir kennarar hafa, sem útskrifaðir eru af kennaraskólanum. Mér finnst þetta undarlegt, þegar því er um leið haldið fram, að kennarastéttin hafi á undanförnum árum gert allt til þess að hækka kröfurnar um menntun þeirra manna, sem hafa barnakennslu á hendi, og þannig lagt sinn skerf til þess, að kennarar hefðu sem bezt skilyrði til þess að ná sem beztum árangri. Mér finnst, að þetta bendi meira á það, að kennarastéttin óttist samkeppni úr þessari átt, og takmarkanir þessar séu því ekki gerðar í því skyni að hækka kröfurnar um menntun kennaranna, heldur til þess að halda atvinnunni að þeim, sem setið hafa 3 ár í kennaraskólanum.

Mér þótti undarlegt að heyra, að því var haldið fram af hv. frsm. menntmn. og lögð áherzla á það, að þetta ætti að gera vegna stéttarhagsmuna þeirra, sem ganga á kennaraskólann. Hann lagði ríka áherzlu á það, að þetta væri stéttarmál, og það yrði að taka tillit til þess vegna þess, að stéttin ætti að fá að ráða þessum málum. Mér finnst, að hv. frsm. meiri hl. menntmn. ætti að hugsa sig vel um, áður en hann fer langt út í kröfur um þetta. Ég hélt, að það væri ekki í hans stjórnmálastefnu að koma á stéttareinræði. Við sjáum, hvernig farið hefir í Ítalíu og Þýzkalandi, en þar hefir stéttaeinræði verið komið á. Ég hélt, að hv. þm. væri ekki fylgjandi því. Það voru mér vonbrigði, að báðir þeir hv. dm., sem sæti eiga í menntmn. og talað hafa með þessu, lögðu svo ríka áherzlu á, að þetta væri stéttarmál og að það væri krafa stéttarinnar. Ég fæ ekki séð, að það sé nein hættuleg krafa, þó kennarastéttin vilji auka það, sem kennt er í kennaraskólanum, og auka þannig menntun kennaranna, enda er það engin stéttarkrafa, heldur almenn krafa. En mér finnst, að þessu sé blandað saman. Hv. frsm. talaði um það í sömu andránni, að þetta um menntun kennaranna væri stéttarkrafa og að löggjafarvaldið ætti að veita tækifæri til þess að einskorða möguleikann til þess að vinna að þessu starfi við einn skóla eða eitt stéttarfélag. Ég get ekki viðurkennt þennan grundvöll.

Þá ætla ég að minnast á hitt atriðið, en það er smábarnakennslan. Ég tel nokkuð langt gengið, þegar sagt er eins og hv. frsm. sagði, að það mætti ekki líta svo á, að hér væri um þá kröfu að ræða, að foreldrar mættu ekki kenna barni sínu. (BB: Það var sagt að gefnu tilefni). Það er næstum því svona langt gengið, því að foreldrar mega ekki kenna sínum börnum og annara börnum með, nema þeir hafi kennararéttindi. Það er nú nokkuð hart, að enginn megi kenna 5 eða 6 ára barni að stafa, nema hann hafi kennararéttindi. Því er haldið fram, að þetta sé að færast í það horf annarsstaðar, að öll börn komi í skólana og læri að stafa þar. Hingað til hefir það verið talið ólíklegt, að það takist að ná árangri með mörg börn í bekk, kannske allt að 30. En nú er talið, að reynslan annarsstaðar sé sú, að þetta megi takast. Það getur vel verið, að þá verði ekki sinnt um að kenna börnunum að stafa, fyrr en þau koma í barnaskólana, og skólaskyldualdurinn verður þá kannske færður niður í 7 ára aldur. En það er allt annað en það, að banna mönnum að kenna smábörnum að stafa, nema þeir hafi kennarapróf. Og það hefir verið fært sem rök fyrir þessu, að barnið megi ekki vera orðið þreytt á kennslu hjá ónýtum kennara, áður en það kemur í barnaskólann. En að þetta sé svo, ef óskólagenginn maður kennir því, en ekki ef maður með kennaraprófi kennir því, fæ ég ekki skilið. Og yfirleitt mega kennarar ekki gera svona mikinn greinarmun á sjálfum sér og öðrum, sem ekki hafa kennarapróf, og telja, að hinir síðarnefndu séu ónýtir til þess að kenna börnum innan skólaskyldualdurs. Hér er ekki um það að ræða, sem sé til framfara fyrir börnin eða þjóðfélagið í heild, heldur er þetta bara stéttarkrafa kennaranna um það, að þeim einum sé heimilt að vinna þetta starf En þá er of langt gengið, og hefir ekki verið sýnt fram á það með rökum, að nokkur bót hljótizt af því. Því má ekki gleyma í þessu sambandi, að hér í Rvík geta menn valið um, hvort þeir láta börn sín til þeirra, sem hafa kennarapróf, eða manna, sem hafa á hendi kennslu, þó þeir hafi ekki próf. Og ef yfirburðir eru hjá þeim kennurum, sem hafa próf, þá er það gefinn hlutur, að ekki líður á löngu þangað til þeir útrýma þeim kennurum, sem ekki hafa próf. Ef þeir hafa yfirburði yfir hina, þá mun þetta koma af sjálfu sér, og fyrirmæli um það, að aðrir megi ekki stunda þessa kennslu en þeir, sem hafa próf, eru þá óþörf.

Á hitt hefir líka verið bent, að svo er ástatt, að ekki er hægt að fullnægja þeirri þörf, sem er fyrir kennara með lærðum kennurum einum. Að þessu leyti er frv. komið of snemma fram, og kennske verður líka alltaf of snemmt að lögleiða þetta. Því þó að margir kennarar útskrifist frá kennaraskólanum, þá er það vitað mál, að ýmsir þeirra hverfa til annara starfa en kennslustarfa, og einnig af þeirri ástæðu er ekki fært að leiða þetta í lög. Það er því ekki tímabært að samþ. frv. um þetta, vegna þess að ástandið í þessu efni er eins og lýst hefir verið, og vegna þess að í sjálfu sér er hér ekki um réttindi að ræða, heldur rangindi.

Hannes Jónsson [óyfirl.]: Ég hafði ekki ætlað mér að taka til máls við þessa umr. En við 1. umr. hreyfði ég aths. við frv., en n. hefir ekki séð sér fært að taka þær til greina, heldur hefir hún þvert á móti hert sum atriðin, sem ég gerði aths. við. Ég álít, að menn vinni ekki því málefni, sem þeir eru að öðru leyti hlynntir, gagn

með því að berja höfðinu við steininn og vilja ekki hlýða á mál manna.

Ég vil taka það fram út af því, sem sagt hefir verið hér í garð kennarastéttarinnar, að mér finnst þar kenna nokkuð mikilla harðyrða, og get ég ekki fallizt á, að þau hafi við rök að styðjast. Mér finnst, að samtök og samvinna kennarastéttarinnar sé eðlileg og eigi fullan rétt á sér. Það er alls ekki þar með sagt, að hún ætli að rísa upp til árása á aðrar stéttir, heldur mun hún halda þeim innan þeirra takmarka, að vinna saman að áhugamálum sínum, sem menn innan þeirrar stéttar eru færastir að vinna að sjálfir og dæma um, hvað rétt er. Það er svo þeirra, sem fyrir utan standa, að segja til, ef farið er út fyrir þau takmörk, sem stéttarsamtökin krefjast.

Viðvíkjandi því, sem sagt hefir verið til árása á kennarastéttina, og hina pólitísku afskiptasemi hennar, þá finnst mér, að þessi pólitíska barátta í skólunum sé aðeins barnasjúkdómur, sem eigi eftir að læknast. En ef einhverju er ábótavant í þessu efni, þá eru það ekki kennararnir, sem á að ásaka. Það á að taka á kýlinu sjálfu, og þá skilst mér, að ástæðuna fyrir þessu pólitíska brölti kennaranna sé helzt að finna hjá kennaraliði kennaraskólans sjálfs. Og það er full ástæða til þess að hafa augun opin, og láta þá ekki starfa þar á þeim vettvangi, sem er á móti því, sem heilbrigð skynsemi segir til. Það er nokkur ástæða til þess að efast um, að öllum hafi tekizt að þræða hina mjóu braut í því efni. Ég get minnt á það, að einn af kennurum skólans skrifaði ritdóm um bók, sem kennari einn norður á Vatnsnesi skrifaði, og í þeim ritdómi koma fram sterk rök fyrir því, að allt sé ekki með felldu í starfsháttum kennaranna við kennaraskólann, og finnst mér, að þar sé fengin skýring á því, sem ungu kennararnir eru ásakaðir um. Þessi kennari, sem er hv. 9. landsk., lét orð falla á þá leið, að hann óttaðist um framtíð þessa kennara, úr því hann hefði farið norður í kjördæmi Hannesar Jónssonar. Ég get sagt það til skemmtunar, að ég hefi heyrt, að í handritinu hafi staðið kjördæmi Jóns Pálmasonar, og er það varla afsakanlegt, að kennari við kennaraskólann skuli ekki vita, hvar Vatnsnes er. En hvað liggur á bak við þessi ummæli kennarans? Ekki getur það verið sagt af því, að hann viti með sanni, að börn í Húnavatnssýslu séu verr gefin en börn annarsstaðar, svo að þessi kennari hafi ekki nægileg skilyrði til þess að njóta starfskrafta sinna þar. Ég býst við, að börn þar séu alveg eins fær um að taka kennslu og börn hvar sem er annarsstaðar á landinu. Er þetta einskonar yfirlýsing um það frá hv. 9. landsk., að starfssvið kennarans liggi ekki í því að fræða börn, heldur í pólitískri starfsemi barnakennaranna? Hann hefir búizt við, að í pólitískri útbreiðslustarfsemi yrði honum lítið ágengt á þessum slóðum, og fundizt, að ef hann yrði þar áfram, þá myndi hann engu áorka í því, sem hv. 9. landsk. vill láta hann vinna að. Ef þessi hugsunarháttur er almennt ríkjandi hjá kennurum kennaraskólans, þá má búast við, að eitthvað sé ábótavant við kennsluna þar. Það má því ekki kenna nemendunum um þann misbrest, sem kann að vera á framkomu þeirra í þessu efni, því á honum eiga þeir enga sök. Og ég vona, að þó þeir hafi orðið fyrir miður hollum áhrifum í skólanum og þeirra kunni að gæta eftir að þeir hafa yfirgefið skólann, þá verði þau ekki viðloðandi, heldur sjái þeir, að þeim hefir verið bent inn á rangar leiðir, og að þeir muni þá yfirgefa hina fyrri lærimeistara. Það er atriði, sem ekki má loka augunum fyrir, að þjóðfélaginu ber skylda til að útvega ungmennunum þau skilyrði við námið, að starfskröftum þeirra sé beint í rétta átt, en þeim sé ekki villt sýn um það, hvað sé aðalverkefni þeirra í þjóðfélaginu.

Ég skal svo láta þetta vera nóg. Þetta er ekki sagt af því, að ég hafi fyllzt gremju til hv. 9. landsk., því ég hafði svo lítinn áhuga fyrir því, sem hann sagði, að ég hafði ekki fyrir því að fletta upp í blaðinu, sem greinin var í, heldur leitaði ég véfrétta hjá honum núna áðan um það, hvað hefði staðið í greininni. En þetta, sem ég nú hefi sagt, vildi ég segja út af miður réttmætum ásökum frá hv. þm. Ak., og vildi ég, að hann og aðrir, sem látið hafa andúð sína í ljós gegn kennarastéttinni, beindu geirum sínum þangað, sem meiri ástæða er til að beina þeim.

Guðbrandur Ísberg [óyfirl.]: Hv. 2. þm. Árn. og hv. 9. landsk. gáfu í skyn í ræðum sínum, að ég hefði farið með harðyrði í garð kennaranna. En ég minnist þess ekki, að ég hafi sagt neitt í ræðu minni, sem hafi verið ofmælt. Ég sagði, að kröfur kennaranna væru hóflausar, og ég skal standa við þau ummæli hvar sem er. Það kalla ég hóflausar kröfur, þar sem þeir gera kröfur um það, að engum sé heimilt að kenna ungbörnum að stafa, nema hann hafi gengið í gegnum kennaraskólann. Þetta er ef til vill framkvæmanlegt í kaupstöðunum, en í sveitunum er það alls ekki framkvæmanlegt. En samt gera þeir kröfur til þess. Á þessu byggi ég það, að kröfurnar séu hóflausar. Það er fráleitt að gera þær kröfur, að engum sé heimilt að kenna börnum, nema þeim, sem gengið hafa í gegnum kennaraskólann, og stúdentum, sem gengið hafa í gegnum námskeið í kennaraskólanum. Ég hefi ekki neitt á móti þessu námskeiði. En það er fráleitt að gera gagnfræðingum ekki kleift að kenna, en það verður, ef því á að bæta við lögin frá 1919, að enginn megi kenna smábörnum að stafa nema þeir, sem útskrifaðir eru af kennaraskólanum. En ef svo vill til, að ekki er hægt að fá neina af þessum ágætu mönnum til þess að sækja um stöðu, sem auglýst er laus, þá á skólanefnd samt að gera sérstakar ráðstafanir til þess að reyna að fá kennara, sem hefir próf, sem vildi gera svo lítið úr sér að leggja sig niður við að kenna á þeim stað, sem um er að ræða. Þetta var það, sem ég átti við, þegar ég talaði um hinar hóflausu kröfur kennaranna. Og þeir tveir hv. þm., sem töluðu um, að ég hefði verið með harðyrði í garð kennaranna, hafa ekki reynt að andmæla þessu.

Á önnur atriði minntist ég ekki, svo sem launakjör kennaranna. Ég viðurkenni, að kennarar, einkum í kaupstöðum, búa við óviðunandi launakjör. Og hið sama gildir að nokkru leyti um kennara í sveitum, þó ekki undantekningarlaust,

En launin eru alls ekki léleg af því, að kennarar hafi ekkert látið til sín heyra. Ég hygg, að á hverju þingi, sem ég hefi setið á — en ég skal viðurkenna að þau eru nú ekki mörg —, hafa alltaf komið fram raddir um að bæta laun kennaranna, og hafa kennarar ætíð staðið á bak við þær raddir. Ég lái kennurum þetta ekki, en þetta er bara önnur hlið málsins. Og ég fór alls ekki inn á þetta í ræðu minni.

Hv. 2. þm. Árn. sló því sjálfur föstu, að fyrir fáum árum hefði kennarastéttin verið í hinni mestu niðurlægingu. Ég hafði þessi orð upp eftir honum og benti á, að svona hefði kennarastéttin verið að hans dómi, og væri hann þó ekki andvígur kennarastéttinni. Og þessu var svona varið, eftir að kennaraskólinn hafði starfað í nálega hálfan mannsaldur og undirbúið þessa ágætu kennara. Ég skildi þessi orð hv. þm. á þann veg, að kennararnir hefðu ekki verið starfi sínu vaxnir. Ég býst ekki við, að það hafi verið af því, að þeir voru svo illa launaðir, því það þarf ekki að fara saman. Það getur vel farið saman, að kennarar eigi við erfið lífskjör að búa og ræki þó kennslustarfið vel. Ekki sízt, þegar tekið er tillit til þess, að fjöldi þessara manna, þó að þeir hafi lág laun miðað við árslaun, þá er það, sem betur fer, að margir af þessum mönnum geta á þeim tíma, sem við Íslendingar köllum bjargræðistímann, innunnið sér álitlegar upphæðir til viðbótar við sín litlu laun. En sem sagt, hv. frsm. áleit, að kennarastéttin hefði verið í þessari niðurlægingu, þrátt fyrir menntun hennar og mikla viðkomu. Og þetta gaf mér eðlilega ástæðu til að efast um, að þessir menn væru allir svo vel starfi sínu vaxnir, að þeir væru einfærir, svo að útiloka mætti alla aðra, jafnvel frá því að kenna smábörnum að stafa.

Hv. 2. þm. Árn. var eitthvað að víkja því að mér, að mér væri full þörf að læra hitt og annað, og dró hann það út af þeim orðum, sem ég hafði um þetta frv. Ég skal fúslega viðurkenna það, að ég hefi enga von um að komast nokkurntíma svo langt, þó að ég settist á skólabekk aftur og yrði gamall maður, að ekki væri alltaf nóg að læra. Það munu menn, sem eitthvað hafa átt við menntun, viðurkenna. En ég vil í allri vinsemd beina þeirri spurningu til hans fyrir hönd kennarastéttarinnar, að gefnu tilefni og fenginni reynslu, hvort kennarastéttin muni vera viðbúin að lýsa því yfir, að hún þurfi eitthvað að læra. Það er sem sé alkunnugt um kennara, bæði hér á landi og í öðrum löndum, sem hafa gengið menntaferilinn, lesið í 2—3 ár, hvort sem það er á gagnfræðaskóla eða kennaraskóla, einmitt á því stigi finnst mönnum þeir vita einhver lifandi ósköp. Hitt er jafnkunnugt, að þeir, sem komast eitthvað lengra, fá augun opin fyrir því, hve óendanlega lítið það sé, sem þeir kunna, og jafnvel því meira sem þeir reyna að auka við menntun sína, því ljósara verður þeim þetta atriði, en kennararnir eru yfirleitt þekktir að því, að þeim finnst þeir kunna einhver lifandi ósköp, og það er áreiðanlegt, að það stafar að mjög miklu leyti af því, hvað þeir gera háar kröfur til annara manna, sem eiga að einhverju leyti að gegna starfi á þeirra starfssviði.

Þó að ég sé andstæðingur þessa frv., eða öllu heldur andstæðingur þessarar hóflausu kröfustefnu, sem kemur fram í þessu frv., þá hefi ég veitzt meira að þeirri hlið, sem að starfi kennaranna snýr, sem helzt má að finna, og ekki sérstaklega undirstrikað kosti þessara ágætu manna, en það viðurkenni ég auðvitað, að í kennarastéttinni er fjöldi ágætra manna. En ég hefi ekki skoðað það hlutverk mitt í sambandi við þessa andstöðu mína að benda á það, en þó vil ég undirstrika það, eins og ég tók fram í fyrri ræðu minni, að ég tel kennarastéttina þarfa stétt, sem eigi allt gott skilið, svo framarlega sem hún gerir sig ekki seka um þá glópsku, að gera jafnhóflausar kröfur og hér er gert.

Hv. þm. V.-Húnv. var með einhverjar slettur til mín í þá átt, að ég hefði verið með einhver óverðskulduð harðyrði í garð kennaranna. Mér finnst þessi ásökun koma úr hörðustu átt, því að ég tók ekki betur eftir en að hann hefði gefið í skyn, að fjöldi kennara teldi pólitiska agitation vera hlutverk sitt samhliða kennslunni, eða jafnvel sitt aðalstarf. Ég fór alls ekki svo langt, þó að mér hafi dottið það í hug með starfsemi eins og eins kennara. Hann fór því miklu lengra en ég, og mætti því snúa þessu við og veita honum sjálfum ofanígjöf fyrir slík ummæli, ef þau eru óréttmæt. En ég benti á, alls ekki sem rök, heldur sem aukaatriði, að þegar kennaraskólinn leysti hlutverk sitt ekki betur af hendi en það, að hann virtist sérstaklega hæna að sér lausingjalýð og kommúnista, þá væri von, að sumir yrðu vantrúaðir á þá blessun, sem landið ætti að hafa af öllum þessum mönnum. Og að ég tók þetta svo viðtækt, að ég teygði það til allra þessara manna, stafar af því, að samkv. 4. gr. er gert ráð fyrir því, að þótt enginn kennari sé fáanlegur í fræðsluhérað, þó að farin sé venjuleg leið, þá eigi samt að gera ráðstafanir til að ná í einhvern slíkan mann, ef mögulegt er. Meira að segja virtist ekki heimilt að ganga framhjá manni, sem gæfi sig fram, ef hann hefði kennarapróf, þó að þeim mönnum, sem eiga að njóta kennslu hans fyrir börn sín, væri kunnugt, að hann væri ekki starfi sínu vaxinn. Svo ríkt er að orði kveðið í frv.

Ég vil enda þessi orð mín með því að beina því til hv. 2. þm. Árn. sem flm. frv., í allri vinsemd, að hann athugi það á ný, hvort hann getur ekki við nánari athugun komizt að þeirri niðurstöðu, að hér sé farið of langt, eins og ég og fleiri álíta.

Sigurður Einarsson [óyfirl.]: Mér þykir verst, að hv. þm. V.-Húnv. er ekki staddur hér til þess að heyra mál mitt, af því að það var sérstaklega vegna hans orða, að ég kvaddi mér hljóðs.

Hann vildi sérstaklega veitast að mér og beina á minar hendur grunsemdum um það, að ég væri einhver skaðsemdargripur í störfum mínum. Ég deili þar ekki við hann. Ég skoða þetta eins og hverjar aðrar dylgjur og nöldur af sömu tegund og einatt hefir verið að mér kastað í blöðum og stundum hefir gengið svo langt, að nemendur mínir hafa séð sig tilneydda að kenna hlutaðeigandi dylgjumönnum mannasiði. En um ritdóm minn um einn af nemendum mínum, sem fór norður í kjördæmi hv. þm. V.-Húnv., hefði hann

ekki átt að tala, því að í ritdóminum var ekki annað sagt en það, að þegar þessi gamli og góði nemandi minn sagði mér frá því, að hann væri að fara þangað norður og ætlaði að verða þar farkennari á afviknum stað, þá sagði ég aðeins, að þann dag, sem hann sagði mér þetta, hefðu allar góðar dísir yfirgefið hann. Veit ég, að allir vorkenna mér það, því að hv. þm. V.-Húnv. þarf ekki að ímynda sér, eftir því sem hann kemur fram hér, að menn haldi, að það sé einhver paradís fyrir rithöfunda og gáfumenn að fara norður til hans. En í umr. um þetta mál hefir ekkert komið fram, sem verulega getur orðið til þess að hnekkja því, að það geti náð fram að ganga, ef sanngjarnlega er á litið. Auðvitað hafa nokkrir hv. þm. reynt að slá sig til riddara með sinni víðtæku menntun, en kasta að kennurum fyrir menntunarleysi þeirra og að þeir séu grunnfærir, hrokafullir, hóflausir í krófum og ég veit ekki hvað. En hér er það gamla sagan, að þessi langskólahroki er broslegur í augum almennings. Sannleikurinn er sá, að langskólagengna fólkið er lítið eða ekkert betra en margir menn, sem hafa notið menntunar skemmri tíma, ef hún hefir verið hagkvæm og miðuð við það, að búa menn sem best undir þeirra starf. Ég vil hispurslaust fullyrða, að á seinni árum hafa kennarar sýnt, að þeim hefir farið mikið fram um það, sem mestu máli skiptir, en það er starfskunnátta.

Hv. 5. þm. Reykv. lét í ljós efa um það, að þeir, sem gengið hafa í gegnum kennaraskólann, undirbyggju smábörnin nokkuð betur en aðrir, t. d. ýmsar gamlar konur, sem hafa haft það fyrir starf. En sannleikurinn er sá, og má því til sönnunar vitna til álits barnaskólastjóranna hér í bæ, að þau börn, sem verið hafa í smábarnaskólum þeirra, sem kennarapróf hafa, koma í barnaskólana mun betur undirbúin en hin, sem hafa lært hjá þeim, sem hafa ekki fengið kennaramenntun. Það er m. a. vegna þess, að kennurum er það ljóst, að 4—6 ára starf með börnum verður oft að miklu leyti gagnslaust, ef þau hafa ekki fengið góða undirbúningskennslu, að þetta ákvæði var sett í frv., að þeir, sem hafa á hendi kennslu við einkaskóla, skuli hafa kennaramenntun.

Annars sé ég ekki ástæðu til að orðlengja um þetta frekar. Hv. þm. Ak. þarf ég engu að svara, því að hann vék engu að mér í ræðu sinni.

Hannes Jónsson [óyfirl.]: Það er algerlega misskilningur hjá hv. 9. landsk., að orð hans eða ritdómur hafi hlaupið í mínar taugar. Ég er alls ekki taugaóstyrkur maður og þarf því stærri skammta en þetta og úr öðrum stöðum, til þess að þeir hafi nokkrar verkanir á mig. Orð vín voru eingöngu sögð til þess að vísa á bug óréttmætri árás, sem ég áleit, að væri gerð á kennarastétt landsins og leita að þessu lága. Og orsakirnar fann ég í þessum ritdómi hjá þessum hv. þm., sem er kennari við kennaraskólann.

Við skulum þá fara nánara út í þetta, fyrst farið er að gera það að umræðuefni. Hann sagðist hafa sagt það, að sér finnist, að allar góðar dísir hafi yfirgefið þennan kennara, þegar hann hafi farið norður. Það mættu allir sjá, eftir því, hvernig ég hefði komið fram hér, að það væri engin paradís að feta í fótspor mín þar norður frá. Hann virðist halda, að ég lifi og hrærist í öllu alstaðar í kjördæmi mínu. En sannleikurinn er sá, að ég hefi aldrei séð þennan mann, hvað þá talað við hann. Ef hv. þm. hefir haft þá trú, að ég mundi snúa öllum til betri vegar eða á mína skoðun í landsmálum, þá er ekki undarlegt, þó að hann sé hugsandi yfir framtíð þessa pilts frá sínu sjónarmiði skoðað.

Í þessu öllu felst þá sú skoðun þessa kennara kennaraskólans, að það sé ekki uppeldisfræðslustarfið, sem fyrst og fremst sé verkefni kennaranna, þegar þeir komi út í sitt skólaumdæmi, heldur sé það pólitísk starfsemi, og það skipti mestu máli, hvernig henni verður hagað þar og hvort þeim tekst að vinna þetta starf, en kennslan sjálf sé aukaatriði. Eða á þetta bara að skoðast sem almenn lítilsvirðing á barnafræðslu í sveitum landsins? Slíkt og þvílíkt getur ekki verkað vel á nemendur kennaraskólans. Ég held, að það sé þvert á móti til niðurdreps fyrir þeirra andlegu krafta.

Nei, það er önnur starfsemi en þessi, sem á að sitja í fyrirrúmi hjá kennarastéttinni. Kennurum ber skylda til að meta starf sitt ekki eftir því, hvort það er í stórum kaupstað eða stærri kauptúnum, sem þeir reka þetta starf, heldur eiga þeir aðeins að hugsa um að uppfræða börnin sem best á allan hátt og keppa að því að ná því takmarki sem allra best. En það, sem ég er að víta, er þessi andi, sem hv. 9. landsk. vill, að sé ríkjandi, og það rýrnar ekkert við það, þótt hv. þm. hafi fengið samskonar áminningar frá öðrum stöðum. En þessa hirtingu, sem hann segir, að hafi komið frá nemendum sínum úr kennaraskólanum, hefi ég ekki orðið var við.

Ég þarf svo ekki frekar að orðlengja um þetta. Ég er ekkert reiður við hv. þm. út af þessum skrifum hans. Mér stendur alveg á sama, hvorum megin hryggjar hann liggur, því að hann hefir ekki nokkurn skapaðan hlut að segja, t. d. meðal kjósenda í mínu kjördæmi — og líklega ekki í neinu kjördæmi. En ég álít það ekki hollt og ekki samkv. þeim starfsháttum, sem eiga að vera ríkjandi í kennaraskólanum, að kennararnir þar séu að reyna að leiða nemendurna út á rangar brautir og víkja þeim af þeim leiðum, sem þeir fyrst og fremst eiga að halda sig á. Það væri æskilegast, að þeir létu sínar pólitísku skoðanir koma sem minnst fram við kennslu barna, sem eiga vitanlega foreldra með mjög svo mismunandi skoðunum í landsmálum. Ef kennarar fara að beita sínum pólitísku áhrifum í skólunum, þá getur það orðið til að koma af stað óánægju og úlfúð þar, sem þeir starfa. Sú óánægja getur aldrei leitt til neins góðs, heldur getur hún oft orðið til þess, að starf kennarans beri miklu minni árangur en þyrfti að vera, án þess að ég sé að amast við því, að kennarar hafi eins og aðrir sína pólitísku skoðun, því að það getur enginn bannað þeim.

Frsm. (Bjarni Bjarnason): Ég skal reyna að vera stuttorður og gefa ekki tilefni til nýrrar deilu.

Hv. þm. V.-Húnv. vildi ég svara því, að ég

held, að það sé misskilningur, að skólar eða kennarar beiti áhrifum sínum á nokkurn hátt til þess að hafa áhrif á skoðanir manna í landsmálum, Ég tel, að kennararnir séu þar bornir rangri sök. Það eru margir menn, sem óttast, að kennarar beiti áhrifum sínum í þessa átt, en ég hygg, að það sé að langmestu leyti alveg rangt.

Þá vildi ég næst svara hv. þm. Ak. nokkrum orðum. Hann var miklu mildari í síðari ræðu sinni en þeirri fyrri. Tel ég það rétt af honum og honum líkt, að rétta sig við, ef hann hefir farið ógætilega. Það voru tvö eða þrjú atriði, sem hann gerði að umtalsefni. Honum þótti órétt að leita nánar að manni, sem hefði kennararéttindi, ef hann fengist ekki við fyrstu auglýsingu. Það verður samt varla sagt, að þetta séu „hóflausar kröfur". Það er gott fyrir alla, að fræðslumálastjóri eigi að leita að bezta manninum, sem völ er á, ef hann fæst ekki með fullkomnum kennararéttindum.

Þá talaði hv. þm. um það, og gerði mikið úr því, að ég hefði sagt, að barnakennarastéttin hefði verið í mikilli niðurlægingu fyrir nokkrum árum. Og ég stend við það. Ég tel, að engri stétt sé stætt og ómögulegt fyrir hana að koma fram sínum áhugamálum, ef engin eða lítilfjörleg löggjöf er til að varðveita réttindi þeirra. Þannig var það, að menn, sem fundu upp á að vilja fá kennarastarf, voru þótt þeir hefðu ekkert lært til þess, settir jafnréttháir hinum, sem höfðu full kennararéttindi. Þetta getur engin stétt staðizt. Hún hlýtur að fara í niðurlægingu undir slíkri aðbúð yfirvaldanna. Þetta tek ég ekki aftur. En þau l., sem nú eru í gildi um skipun barnakennara og laun þeirra, og þessi viðbót, sem hér er á dagskrá, eiga að bæta úr þessu, svo að réttindalausir menn geti ekki traðkað á rétti kennarastéttarinnar.

Þá vil ég svara þeirri fyrirspurn hv. þm., hvort ég teldi, að kennararnir gætu ekki játað það, að þeir kynnu of lítið, og hvort þeir þyrftu að læra meira. Ég veit, að kennararnir játa, að þeir þurfi að læra meira. Skal ég þar vitna í till., sem var borin fram og hlaut einróma samþykki fulltrúaþings kennarastéttarinnar sjálfrar. Till. var um það, að stuðlað yrði að því, að kennarar gætu fengið jafnvel háskólamenntun. Í samþykkt till. liggur vitanlega fullkomin játning þess, að kennarar telji sig þurfa að læra talsvert meira en nú er krafizt. (**PHalld**: Voru ekki kröfur um hærri laun í sambandi við þetta?). Ég tel sjálfsagt, að samhliða stórlega auknum námskostnaði komi launabætur. Og ég vænti, að hv. 5. þm. Reykv., sem hefir komizt í þá aðstöðu, að geta lifað við há laun, annarsvegar með sínum dugnaði, og hinsvegar af því að hann hefir verið metinn af sinni samtíð, geti líka skilið það, að það eru fleiri til, sem vilja sem öruggast fjárhagslegt líf. (**PHalld**: Hv. þm. er ókunnugt um það). Mér er ekki ókunnugt um það, að hv. þm. hefir a. m. k. miklu hærri laun en nokkurn barnakennara hefir dreymt um að geta nokkurntíma fengið.

Annars var ræða hv. þm. hógvær og tekið á þeim atriðum, sem fyrir lágu, svo sem honum er lagið. Hann talaði um, að það væru ýmsir „tekniskir" örðugleikar í vegi fyrir því að koma þessu máli áfram. Ég veit ekki, hverjir þessir „teknisku" örðugleikar eru. Er það einhver sérstök „teknik", sem hefir verið viðhöfð til þess að koma í kennarastöður þeim mönnum, sem ekki hafa haft réttindi til þeirra? Ég veit ekki, hvað gæti legið á bak við það, eða hvaða þýðingu það hefði, að láta l. ekki ganga í gildi fyrr en 1. okt. í haust, nema það sé eitthvað í þá átt að höggva í réttindi kennaranna meðan þess er kostur. En þetta eru orð hv. 5. þm. Reykv., en ekki hæstv. ráðh.

Þá var hv. þm. að gera greinarmun á stéttarmálum og þjóðmálum. Ég vil biðja hann að athuga, að þetta getur hv. þm. ekki. Hvert einasta stéttarmál er þjóðmál, svo framarlega sem í stéttinni eru málefni, sem eiga rétt á sér hjá þjóðinni. Menntun kennara er stéttarmál, en það er líka stórmerkilegt þjóðmál, svo að hv. þm. getur ekki, hversu rökvís sem hann þykist vera, aðskilið þetta tvennt. Það sama er að segja um launamálin. Þau eru stéttarmál, en þau eru líka þjóðmál, því að það kostar þjóðina mismunandi mikið að greiða launin, en þetta voru þau atriði, sem ég benti á og kallaði stéttarmál. Hann vildi kalla þetta þjóðmál. Mér stendur á sama. Stéttarmál eru þjóðmál. Öll þjóðmál snerta stéttir og starfsmenn þjóðfélagsins.

Þá hefir verið bent á, að ennþá vanti marga kennara í kennarastöður. Sé þetta rétt, sem vel má vera, þá sé ég ekki, að það út af fyrir sig ætti að vera því til fyrirstöðu, að lög þessi verði látin öðlast gildi nú þegar. Það skapar einmitt möguleika fyrir því, að þessir umræddu menn geti fengið að halda áfram kennslu. Í þessu sambandi vil ég benda á, að fyrir tveimur árum var öllum, sem fengizt höfðu við barnakennslu, gefinn kostur á að ljúka námi og fá kennararéttindi eftir eins árs nám í kennaraskólanum. Þetta notuðu sér 30 menn. Ég vil nú spyrja: Getur nokkur undrast yfir því, þó að kennarastéttin vilji ekki hafa þá menn í kennarastöðum, sem annað tveggja ekki treysta sér eða vilja ekki nota þetta tækifæri til þess að fá kennararéttindi? Mér virðist ekki nema eðlilegt, að kennarastéttin geri þær kröfur, að slíkir menn víki úr stöðum fyrir þeim, sem hæfari eru.

Um það, hvort slíkt skuli teljast smábarnaskóli, ef heimilisfaðir kennir börnum sínum sjálfur og tekur ef til vill 2—3 börn til viðbótar, má vitanlega teygja lopann í það óendanlega. Ég tel því tæplega svarandi. Það vita allir, að það mun vart hægt að finna eitt einasta mál, sem ekki má finna einhvern agnúa á, ef vel er leitað. Segi ég þó ekki þar með, að þetta atriði sé verulegur agnúi á þessu máli. Hér er aðeins að ræða um smáatriði, sem er algert framkvæmdaatriði, sem skipað verður fyrir um í reglugerð, og á því ekki heima í lögunum sjálfum.

Pétur Halldórsson: Mig langar aðeins til þess að gefa skýringar á atriði, sem hv. 2. þm. Árn. virtist misskilja í ræðu minni, en það var hvað ég hefði átt við með hinum teknisku örðugleikum í sambandi við þetta mál. Hina teknisku örðugleika kallaði ég það, sem ráðh. talaði um að væru á framkvæmd þessa máls.

Hv. þm. leizt ekki á, að ég gerði greinarmun

á óskum kennaranna, hverrar tegundar þær væru. En þetta er rétt. Kröfur og óskir kennarastéttarinnar eru mjög mismunandi í eðli sínu, enda þótt stéttin sjálf telji þær sama eðlis. Það getur t. d. alls ekki talizt sérkrafa kennarastéttarinnar, þó að sett séu lög um aukna menntun stéttarinnar. Slíkt er krafa þjóðfélagsins.

Umr. frestað.

Á 87. og 88. fundi í Nd., 30. nóv. og 2. des., var frv. tekið til frh. 3. umr.

Forseti tók málið af dagskrá

Á 89. fundi í Nd., 3. des., var fram haldið 3. umr. um frv. (A. 641, 683).

Of skammt var liðið frá útbýtingu brtt. 683. — Afbrigði leyfð og samþ. með 18 shlj. atkv.

Atvmrh. (Haraldur Guðmundsson) [óyfirl.]: Brtt. á þskj. 683 eru fram komnar í framhaldi af því, sem ég sagði áður í umr., þar sem ég mæltist til þess, að aflað væri nánari upplýsinga um ýmislegt viðvíkjandi frv. Eftir því, sem næst verður komizt, þá eru 420 kennarastöður við þá barnaskóla, sem ríkið leggur fé til. Af þessum 420 kennurum voru síðastl. ár 325—330, sem lokið höfðu kennaraprófi. Þess ber þó að gæta, að af þessum rúmlega 90 kennurum, sem þá störfuðu án þess að hafa full réttindi, voru langmestur hlutinn farkennarar. Það mun láta nærri, að farkennarastöður séu rúmlega 100 á landinu. Nú nær sú breyt., sem frv. gerir ráð fyrir, ekki nema til þeirra, sem starfa við ríkisskóla, ef brtt. verða samþ. En af þessum mörgu kennurum munu það ekki vera nema 12, sem starfa í skjóli ákvæða í l. frá 1919. Af þessum 12 eru nokkrir svo gamlir, að þeir munu láta af starfi bráðlega fyrir aldurs sakir. Ég get fallizt á, að þessi breyt. verði gerð, en jafnframt vil ég leggja til, að framkvæmd l. sé frestað til 1. okt. 1936, svo að hægt sé að ganga úr skugga um það áður, hverjir verða sviptir réttindum með þessari lagabreyt.

Það er lagt til í 1. brtt., að 1. gr. frv. nái eingöngu til kennara, sem starfa við barnaskóla, sem njóta ríkisstyrks. Það er því lagt til, að þar falli niður ákvæðið um einkaskólana. Hinsvegar er 2. brtt. um það, að enginn megi stofna einkaskóla, nema hann uppfylli sömu skilyrði og um getur í 1. gr. Ég tel þetta sjálfsagt, því það er hvorki heppilegt né réttmætt, að hver og einn fái að stunda barnakennslu, án þess að eftirlit sé haft með því, hvort hann er fær um að inna það af hendi. En samkv. brtt. minni er fræðslumálastjórninni heimilt að veita mönnum undanþágu, ef fyrir liggja eindregin meðmæli skólastjóra fræðsluhéraðsins og skólanefndar, og í öðru lagi, að skólinn fullnægi kröfu heilbrigðisstj. um húsakynni og hollustuhætti. Þessi undanþága á að vera nægileg til þess, að engin ástæða sé til að halda, að þeir menn, sem stundað hafa þessa atvinnu með góðum árangri, verði sviptir henni, ef skólastjóri fræðsluhéraðsins og skólanefnd mæla með því, að þeir hafi kennsluna áfram. Skólastjórar barnaskólanna eiga auðvitað að vera bezt færir um að dæma um það, hvernig undirbúning þau börn hafa hlotið, sem koma frá einkaskólunum.

Þá er 3. brtt., sem er í rauninni aðeins orðalagsbreyt. Þar er sagt, að jafnframt því að tilkynna fræðslumálastjóra, hverjir eigi að starfa við einkaskóla, þá beri að leggja fram sannanir fyrir því, að hlutaðeigandi kennarar fullnægi skilyrðum þeim, er krafizt er til kennslustarfsins. Ég kann ekki við orðalagið eins og það er í frv., og því legg ég til, að því verði breytt.

Ég sé svo ekki ástæðu til þess að fara fleiri orðum um þetta. Ég vil mæla með því, að frv. nái fram að ganga með breyt. þeim, sem ég legg til, að á því séu gerðar.

Pétur Halldórsson [óyfirl.]: Það hefir nú orðið veruleg breyt. á horfunum um þetta mál síðan ég talaði síðast, og þá sérstaklega með brtt. þeim, sem hæstv. kennslumálaráðh. hefir borið fram og nú gert grein fyrir. Mér finnst, að með þeim sé frv. í verulegum atriðum breytt til betri vegar, þar sem ætlazt er til, að ákvæði frv. nái ekki til kennara nema við skóla þá, sem njóta ríkisstyrks. Hitt, að ríkið hafi aukið eftirlit með kennslu í einkaskólum, er ekki óeðlilegt. Samkv. brtt. hæstv. ráðh. eiga þeir, sem starfrækja einkaskóla eða kenna við þá, að uppfylla sömu skilyrði. En þó má veita undanþágu, ef eindregin meðmæli skólastjóra og skólanefnda eru fyrir hendi. Þetta er nauðsynleg umbót á frv. Og kemur það þá undir framkvæmdinni, hvernig þessi löggjöf verður. Það liggur í augum uppi, að sanngirni mælir ekki með því, að enginn megi hafa barnakennslu með höndum, nema hann hafi skilyrði þau, sem getið er um í frv. Ég get bent á, að stór einkaskóli er í þessum bæ, sem talinn er í betri skóla röð, og á ég þar við Landakotsskólann. Mér finnst, að það nái engri átt að mæla svo fyrir, að hann megi ekki haga kennslu eins og áður, þó að einhverjir kennarar, sem starfa þar, hafi ekki tekið próf við kennaraskólann. Ég held, að það sé viðurkennt í þessum bæ, að árangurinn af starfi þessa skóla sé í bezta lagi, og því undarlegt, ef hann á að leggjast niður vegna ótímabærrar lagasetningar. Mér þykja því till. hæstv. kennslumálaráðh. vera umbót á frv. og mun ég geta fylgt frv. með þeirri breyt., þó með því fororði, að sú heimild, sem fræðslumálastj. er gefin, verði notuð frjálslega, og ekki í öðru skyni en því að tryggja nemendum það, að árangur í einkaskólum sé ekki lakari en í ríkisskólum. Ennfremur á að nota hana til þess að tryggja það, að þeir, sem hafa haft smábarnaskóla og kynnu að óska eftir að fá að hafa það starf áfram, væru vissir um, að á mál þeirra væri litið með það eitt fyrir augum, hvort kennsla þeirra bæri ekki þann árangur, sem menn óska eftir að fá, og hvort húsakynni þeirra uppfylla þau skilyrði, sem sett eru að því er snertir hollustuhætti. En um það eru til fyrirmæli, svo að ekki er um neina nýjung að ræða í því efni, og er sjálfsagt að gera kröfur í því efni eins og hæstv. ráðh. gerir með brtt. sínum.

Það ætti því að mega gera ráð fyrir því, að þessi löggjöf fullnægi öllum sanngjörnum kröfum, ef hún er framkvæmd með frjálslegum huga og hefir ekki í för með sér meiri breytingar en þær, sem verða að teljast óhjákvæmilegar til þess að vel sé séð fyrir þessum málum.

Guðbrandur Ísberg: Það hafa komið fram brtt. frá hæstv. kennslumálaráðh., sem eru mjög til bóta á frv., sérstaklega á 1. gr., en eins og hún er í frv. er hún óhæf En með orðalagi því, sem hæstv. ráðh. leggur til, að sé á greininni, má vel við hana una. Ef brtt. verða samþ., þá má segja, að það mikið sé sniðið af frv., að það, sem eftir er, eru meinlausar breyt., og má einu gilda, hvort þær ganga í gegn eða ekki. Ég skal svo ekki fjölyrða um þetta. Brtt. mun ég greiða atkv., en ég mun greiða atkv. á móti frv.

Gísli Sveinsson: Það hefði, ef vel hefði átt að vera, mátt segja nokkuð mörg orð um þetta mál, sérstaklega eins og það var rætt á síðasta fundi. En þegar málið er komið inn á þá braut, sem brtt. hæstv. kennslumálaráðh. hafa leitt það inn á, þá get ég vel sætt mig við — sérstaklega með tilliti til þess, að það á eftir að fara í gegnum Ed. — að falla frá orðinu og fylgja brtt. hæstv. ráðh.

Frsm. (Bjarni Bjarnason): Það virðist svo sem brtt. hæstv. kennslumálaráðh. hafi gert menn mildari í garð þessa máls. Og þar sem ég tel þær ekki til verulegra skemmda á málinu, þá er ekki ástæða til að fjölyrða um málið.

En ég vil geta þess í sambandi við ummæli hv. 5. þm. Reykv., þar sem hann sagði, að það væri ekki sanngjarnt að gera þá kröfu til þeirra, sem kenna smábörnum, að þeir hafi kennaraskólapróf, að ég vil mótmæla þeim ummælum. Það er sanngjarnt að gera þá kröfu til þeirra, sem kenna börnum, að þeir hafi sérstaklega til þess lært. En hinsvegar er það ekki fráleitt, að það megi veita undanþágu, ef eindregin meðmæli skólastjóra og skólanefndar fræðsluhéraðsins eru fyrir hendi.

Hv. 5. þm. Reykv. minntist á Landakotsskólann. Ég sé enga ástæðu til þess, að erlendir kaþólskir menn kenni okkar börnum. Ég tel rétt, að íslenzkir kennarar hafi það starf með höndum. Það hefir sýnt sig, að síðan sá skóli fór að nokkru leyti að hvíla á herðum íslenzkra kennara, að þar hefir orðið mikil breyt. til batnaðar. Ég skal viðurkenna, að börnin, sem koma úr þeim skóla, eru uppalin í góðum siðum. (PHalld: Er það ekki stórt atriði?). Jú, ég tel það meginatriði og standa samhliða fræðslunni. En ég sé ekki, að það þurfi að falla skuggi á hina uppeldislegu hæfileika kennarans, þó hann sé jafnframt duglegur fræðari.

Að því er gildistöku l. snertir, þá er ég andvígur brtt. hæstv. ráðh. En ég mun ekki beita mér gegn henni í þeirri von, að hæstv. ráðh. rjúki nú ekki til og skipi fjölda af kennurum, sem nú eru settir. Ég vona, að hann geri það hóflega, ekki sízt með tilliti til þess, ef veruleg breyt. verður á skipulagi kennslumálanna. Ég sé ekki ástæðu til þess, að þeir, sem ekki vilja leggja á sig það erfiði að ganga í skóla til þess að fá réttindi, fái sömu réttindi og þeir, sem lagt hafa á sig meira eða minna nám til þess að öðlast þessi sömu réttindi. — Ég vil svo að lokum endurtaka það, sem ég hefi sagt áður, að það er ekki útilokað, að það finnist einstaka maður, sem ekki hefir próf, en sem dugar þó eins vel og þeir lélegustu, sem hafa kennaraskólapróf.

Pétur Halldórsson [óyfirl.]: Mér þótti það óþarft af hv. frsm. meiri hl. menntmn. að segja það, sem hann sagði um þann eina skóla, sem ég nefndi. Annars var það merkilegasta við ræðu hans, að hann fellir sig vel við brtt. hæstv. ráðh., en ég get þó ekki betur séð en að þær auki mikið möguleikana fyrir því, að það verði svipað framvegis og hingað til hefir verið. Hæstv. ráðh. hefir sýnt fram á, að það, að kennarar með kennaraskólaprófi hafi einkarétt til þess að kenna börnum, sé ekki tímabært núna, en ég vil mótmæla því, að þetta sé í sjálfu sér rétt stefna. Ég vil benda hv. frsm. meiri hl. menntmn. á, að það fer betur á því, ef það er eins mikill áhugi hjá honum og kennurum í þessu efni eins og þeir vilja vera láta, að taka þá með þökkum allri góðri hjálp, hvaðan sem hún kemur, um að vinna að aukinni menntun kennaranna. Það fer betur á því, að þeir snúist þannig við þessu máli, heldur en að krefjast einkaréttar í svona mikilsverðu máli þjóðfélagsins. Hv. frsm. meiri hl. er ekki dómbærari um að meta eða gera upp á milli skólanna heldur en foreldrar barnanna. Það má náttúrlega líta á það, hvaða álit foreldrar barnanna hafa á því, hvert senda beri börnin. Ég tel ekki rétt, að sá skóli, sem talinn er einhver bezti barnaskóli þessa bæjar, sé lagður í rústir eingöngu vegna kröfu kennarastéttarinnar á einkarétti til allrar barnafræðslu í landinu. Annars tók hv. þm. í sama streng og ég um það, að þessi skóli, sem hann annars hallmælti að öðru leyti, væri góður skóli. Þessi skóli getur tvímælalaust talizt bezti barnaskóli, sem hér er til, að því er það snertir, að hann skilar frjálsmannlegustu, prúðustu og beztu nemendunum; þessi skóli kennir siðfágun og fegurð í hugsun og framkomu. Það, sem nú var nefnt, er eitt dæmi þess, að varhugavert er að semja slíka löggjöf, sem hér um ræðir, eftir kröfum einnar stéttar í landinu, og ég er sannfærður um, að það er ekki krafa allra þeirra, sem fást við barnakennslu í þessu landi, að enginn megi við slíka kennslu fást nema því aðeins, að hann sé útskrifaður frá kennaraskólanum, og finnst mér, að sú krafa ætti ekki að ná framgangi fyrr en svo er komið, að foreldrar og aðrir landsmenn viðurkenna, að ekki sé völ á öðrum betri mönnum til þess að veita börnunum kennslu og uppeldi, að svo miklu leyti sem skólarnir eru færir um það hér á voru landi, og vil ég þó ekkert segja kennarastéttinni til hnjóðs, því að henni ann ég alls góðs og vænti þess bezta af henni, en samt verð ég að segja það, að það er ekki í fyrsta skipti, sem því er haldið fram, ekki heldur í þessari hv. deild, að ánægjan með árangur barnakennslunnar í landinu sé ekki alveg einróma. Þess vegna ber að taka með þökkum hverju því, sem getur horft til umbóta á þessu sviði, þó að takmörkuðu leyti sé.

Eiríkur Einarsson [óyfirl.]: Þar sem ég á sæti í menntmn. þessarar hv. deildar og þar sem ég talaði við fyrri hl. þessarar umr. út frá því sjónarmiði, að þetta frv. ætti ekki að samþ. eins

og það lá fyrir, þá þykir mér eiga við, að ég láti í ljós álit mitt á till. á þskj. 683, frá hæstv. atvmrh. Ég viðurkenni fúslega, að þessi till. hæstv. ráðh. er frjálsmannlega fram borin til þess að reyna að miðla málum um það, sem hér er deilt um, og finnst mér ég geta að ýmsu leyti frekar hallazt að frv. eins og það yrði, ef þessar breyt. hæstv. ráðh. yrðu gerðar á því, heldur en frv. óbreyttu eins og það er frá fyrstu hendi. En þó er þess að geta, að till. eins og þessa er auðveldara að nota til málamynda við lagasetningu þessa hér á þingi heldur en öryggið um það, að hún reynist jafnhaldkvæm til framkvæmdar, þegar kemur til greina samþykki fræðslumálastjórnarinnar og álit og ummæli skólastjóranna í fræðsluhéruðunum í landinu, því að ef illa gengur, þá gæti orðið stundarbið á þessu máli. En þar með er ekki sagt, að svo hljóti endanlega að fara, og er náttúrlega sjálfsagt að vona alls hins bezta í því efni. Hvort ég greiði atkv. með till. eða greiði ekki atkv. — annaðhvort geri ég —, það getur alveg legið á milli hluta. En í þessu sambandi skiptir þessi undanþága, sem brtt. hæstv. atvmrh. gera ráð fyrir, mestu máli, og játa ég fúslega, að ég met það mjög mikils, að þessi undanþáguréttur verði frjálsmannlega meðhöndlaður í framtíðinni, því að ég álít, að þeir aðilar, sem eiga fyrir *menntun og uppeldi barna* að sjá, *eigi* að nota sem mest sín foreldra- og borgararéttindi til þess að ráða nokkuð með um það, hvort haldið er til hægri eða vinstri með börnin. Viðvíkjandi því, að minnzt hefir verið á einn sérstakan einkaskóla, þ. e. katólska barnaskólann hér í bæ, vil ég segja það, að ég þekki að vísu ekki mikið til kennslufyrirkomulags þessa skóla, en ég verð bara að segja það, að mér finnst það hvorki galli né kostur, að þessum skóla er stjórnað af katólskum mönnum, svo framarlega sem gengið er út frá því sjónarmiði, að í trúmálum sé ríkjandi tiltölulega mikið frjálslyndi hér á landi, svo að hér getur verið um að ræða næstum alla sértrúarflokka milli „atheisma“ og „ortodoks“ katólsku. En fyrst svona mikið frjálslyndi er leyft og lögverndað í landinu, þá er óþarft að amast við því, þótt skóli sá, sem hér um ræðir, sé katólskur, svo framarlega sem sá skóli er góður skóli. Áður en ég sezt niður vil ég svo taka það fram, að viðvíkjandi hyggilegu og frjálsmannlegu uppeldi barnanna væri á það litandi, að í upphafi væri foreldraleg umhyggja og siðgæði látið sitja í hásæti og segja barninu til vegar upp eftir aldursskeiðinu til fermingarinnar, og sérþekkingin kæmi svo meira til greina eftir því sem lengra liði á menntunartímann. Eins og kunnugt er, taka lýðskólar og sérskólar við, þegar barnafræðslunni er lokið, og ef fram skyldi nú koma till. í frv. um það, að ekki skyldu aðrir teljast hæfir kennarar við þá skóla en þeir, sem lokið hafa háskólaprófi, þá vil ég segja hv. 2. þm. Árn. það, að ég myndi setja mig upp á móti því, og geri ég ráð fyrir, að hann nálgist a. m. k. skoðun mína í því efni.

ATKVGR.
Brtt. 683,1 samþ. með 18 shlj. atkv.
— 683,2 samþ. með 21 shlj. atkv.
Brtt. 683,3 samþ. með 22 shlj. atkv.
— 683,4 samþ. með 16:4 atkv.
Frv., svo breytt, samþ. með 13:7 atkv. og afgr. til Ed.

Á 86. fundi í Ed., 4. des., var frv, útbýtt eins og og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A 692).

Á 87. fundi í Ed., 5. des, var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 9 shlj. atkv. og til menntmn. með 9 shlj. atkv.

Á 95 fundi í Ed., 14. des., var frv. tekið til 2. umr. (A. 692, n. 785).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 12 shlj. atkv.

Guðrún Lárusdóttir: Það er eingöngu vegna þess, að ég hefi skrifað undir nál. með fyrirvara, að ég ætla að segja nokkur orð. Þessi fyrirvari þýðir ekki það, að ég sé á móti frv. því, sem hér liggur fyrir. Ég skil það vel, að kennarastéttin í heild vilji varðveita réttindi sín og ganga svo frá þessum málum, að girt sé fyrir það, að þeir fáist við barnakennslu, sem ekki eru til þess hæfir.

En það, sem gerði það að verkum, að ég skrifaði undir nál. með fyrirvara, var það, að mér virtist í fljótu bragði, að dálítið væri þjappað að því fólki, sem hefir með höndum smábarnakennslu. Eins og allir vita, þá eru það ýmsir, einkum einstæðingskvenfólk, sem hafa unnið fyrir sér á þann hátt, að hafa smábarnaskóla. Margt af þessu fólki hefir ekki þá menntun, sem áskilin er samkv. frv. því, er hér ræðir um, til þess að kenna börnum, en hefir þó rækt þetta starf vel, enda finnst mér, að ekki þurfi beinlínis að ganga í kennaraskólann til þess að kenna krakka að stafa eða draga til stafs. En það er ekki annað en þetta, sem smábarnaskólarnir hafa með höndum. Mér hefir virzt dálítið takmarkað leyfi þessa fólks. En ég sé nú, að í 2. gr. frv. er fræðslumálastjórninni heimilt að veita undanþágu fólki, sem fullnægir skilyrðum þeim, sem þar eru sett, svo að þetta er ef til vill ástæðulaus ótti.

Ennfremur verð ég að segja, að mér finnst það dálítið einkennilegt að setja þeim mönnum, sem tekið hafa stúdentspróf, það skilyrði, að þeir gangi á kennaraskólann einn vetur, ef þeir ætla að hafa ofan af fyrir sér með barnakennslu um tíma. Ég hygg þó, að þeir, sem tekið hafa stúdentspróf, hafi sambærilega menntun við þá, sem setið hafa 3 vetur í kennaraskólanum. En ég þykist sjá, að tilgangur kennaranna með þessu sé sá, að herða á rétti sínum og girða fyrir það, að fleiri fari inn á þetta svið en þeir sjálfir vilja vera láta.

Ég tel mig þá hafa gert nægilega grein fyrir fyrirvara mínum, og læt því útrætt um þetta mál.

Þorsteinn Briem: Ég vildi í þessu sambandi skjóta fram lítilli aths. og beina máli mínu til hæstv. kennslumálaráðh. (HG) í framhaldi af því, sem hv. 5. landsk. sagði um þetta fólk, sem að undanförnu hefir haft smábarnakennslu með höndum, en hlutur þess er skertur, ef því verður ekki leyft að halda þeirri starfsemi áfram. En ég vil skjóta þeirri spurningu til hæstv. kennslumálaráðh., hvort hann vilji ekki taka það til athugunar, hvort ekki sé mögulegt að því er þetta fólk snertir að hafa fyrirkomulagið í þá átt, sem það var haft í sambandi við úrskurð kennslumálaráðh. í tíð fyrrv. stjórnar, þar sem um var að ræða kennslu nokkuð hliðstæða þessu. En þá var þeim, sem misstu rétt sinn, gefinn kostur á að vera einn vetur í kennaraskólanum og taka þar próf., svo að þeir öðluðust réttindi til þess að kenna. Ég vil nú beina þeirri spurningu til hæstv. kennslumálaráðh., hvort ekki sé hægt að láta þetta fólk, sem hefir haft smábarnakennslu með höndum, taka þátt í námskeiði að því er snertir smábarnakennslu. En á sviði smábarnakennslunnar hefir orðið mest breyt. frá því, sem áður var að því er snertir kennsluaðferð. Ég hygg því, að með þessu mætti vinna það tvennt í einu, að auka kunnáttuna og að bæta úr þeim óréttí, sem fólki því, sem hefir haft það fyrir atvinnu að kenna smábörnum, er gerður með þessu frv.

Atvmrh. (Haraldur Guðmundsson) [óyfirl.]: Ég skal að sjálfsögðu taka til athugunar þessi tilmæli hv. 10. landsk. Að sjálfsögðu þarf að rannsaka áður, til hve margra kennara þetta muni ná. Ég hefi látið athuga, hversu margir kennarar, sem ekki hafa kennarapróf, en eru með réttindum frá því fyrir 1919, séu nú í kennarastöðum, og hefir komið í ljós, að þeir munu vera 12. Og af þeim er helmingurinn eldri menn, sem bráðlega munu falla undir lögin um hámarksaldur embættismanna, og því komnir að því að fara úr stöðum sínum. Hversu margir kennarar með réttindum frá því fyrir 1919 hafa á hendi smábarnakennslu, veit ég ekki um eins og nú standa sakir, en ég hygg, að þeir séu ekki margir. Annars fæ ég ekki séð, að enda þótt námskeið yrði sett fyrir þá, sem smábarnakennslu stunda og ekki hafa réttindi eftir l. frá 1919, að það út af fyrir sig geti veitt þeim réttindi. Réttindin er ekki hægt að veita þeim nema með sérstökum lögum. Hinsvegar er alveg sjálfsagt að athuga, hve margir, sem við smábarnakennslu fást með réttindum frá því fyrir 1919, misstu réttindi, ef frv. þetta verður að lögum.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 9:2 atkv.
Fyrirsögn samþ án atkvgr
Frv. vísað til 3. umr. með 9:1 atkv.

Á 96. fundi í Ed., 16. des., var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 9:2 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 854).

69. Háskóli Íslands.

Á 23. fundi í Ed., 12. marz, var útbýtt:
Frv. til l. um Háskóla Íslands (þmfrv., A. 110).

Á 25. fundi í Ed., 14. marz, var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísaði til 2. umr. með 10 shlj. atkv.

Á 28. fundi í Ed., 18. marz, var frv. tekið til 2. umr.

Frsm. (Bernharð Stefánsson) [óyfirl.]: Mér kom það á óvart, hve fljótt mál þetta var tekið til 2. umr. Menntmn. hafði ætlað að athuga frv. fyrir þessa umr., en af því gat ekki orðið. Það er þó ekki þar fyrir, að ég telji með þessu neinn skaða skeðan, því að enn er hægt að athuga málið fyrir 3. umr.

Þó að frv. þetta sé töluvert mikill bálkur, þá inniheldur það samt ekki nema þrjár breyt., sem teljandi eru, frá núgildandi háskólalögum. Hin fyrsta er sú, að bæta á við háskólann nýrri deild, sem á að heita atvinnudeild, og er það í samræmi við frv., sem liggur fyrir þinginu um stofnun slíkrar deildar. Um það atriði sé ég því ekki ástæðu til að fjölyrða, þar sem nægur tími er til að ræða um það, þegar frv. um stofnun atvinnudeildarinnar kemur til umr. hér.

Þá er annað atriðið það, að rektor háskólans skuli kosinn til 3 ára í senn, í stað eins árs nú. Það er talið, að með því verði meiri festa á stjórn skólans en ef rektorinn er aðeins kosinn til 1 árs.

Þá er 3. atriðið, sem lagt er til að breyta og nokkru máli skiptir, að kennslutíminn byrji 15. sept., í stað 1. okt., en endi aftur 15. júní, í stað 30. júní. Þessa breyt. telja stúdentar og kennarar til bóta að því leyti, að þetta verði hentugra uppá atvinnu stúdentanna að sumrinu til.

Ég leyfi mér svo að leggja það til, að frv. verði vísað til 3. umr., og að sjálfsögðu mun menntmn. taka það til athugunar fyrir þá umr. og bera þá fram brtt. við það, ef hún sér ástæðu til þess að breyta einhverju, sem vel getur verið. Enda var flutningur n. á frv. bundinn því skilyrði, að hún áskildi sér rétt til þess að bera fram brtt. eða greiða atkv. með brtt., sem fram kynnu að koma, ef hún teldi þær réttmætar.

Jónas Jónsson [óyfirl.]: Ég vil aðeins bæta fáum orðum við það, sem hv. frsm. sagði. Í frv. þessu er eitt mikilsvert atriði, sem betur er samþ. á þessum þingparti en hinum síðari, en það er breytingin á skólaárinu. Kennarar skólans munu almennt á einu máli um það, að breyt. þessi yrði til bóta að því er snertir sumaratvinnu piltanna. Enda er hún nú komin á í menntaskólanum.

Í sambandi við tillöguna um, að rektor skuli kosinn til 3 ára í senn, vil ég geta þess, að síðan hún var samin hefir komið fram ný hugmynd, að kjósa sérstakan framkvæmdastjóra

fyrir háskólann til 8—10 ára. Þetta er víða gert erlendis, og er maður þessi kallaður „kanslari". Yrði horfið að því ráði að gera þessa breyt., þá yrði það sennilega einn af prófessorunum, sem valinn yrði til þessa starfs. Hann myndi þá búa í háskólanum og verða nokkurskonar yfir-Garðprófastur.

Ef þessi hugmynd kæmist í framkvæmd, þá væri engin ástæða til að lengja kjörtímabil háskólarektorsins. Það mætti þá vera eins og það hefir verið að undanförnu, að rektorsstaðan væri virðingarstaða fyrir prófessorana til skiptis. Till. í frv. um að lengja kjörtímabil rektorsins er sett til þess að gera stjórn háskólans fastari. Ég býst því við samkv. framansögðu, að réttara verði að koma með till. um rektorskosninguna, að hún skuli bundin því, sem háskólinn eða Alþingi kynni að kjósa í þessum efnum.

Magnús Jónsson [óyfirl.]: Eins og hv. frsm. sagði, eru í raun og veru ekki nema þrjár breyt., sem máli skipta í frv. Það eru að vísu einnig fleiri smábreyt., sem vægast sagt eru um fyrirkomulagsatriði og tekur því ekki að gera að umtalsefni.

Það er nú alls ekki svo, að kennararnir séu fyllilega sammála um þær þrjár aðalbreyt. á háskólalögunum, sem hér er um að ræða. Breytingin á kennslutíma háskólaársins er komin fram sakir þess, hversu mjög það er erfitt að halda stúdentunum að námi, þegar kemur fram á vorið. Eins og kunnugt er hafa þeir mikið frelsi, þurfa ekki að sækja kennslustundir frekar en þeim sýnist. Þetta akademiska frelsi nota þeir sér því margir hverjir og hverfa frá háskólanum á vorin töluvert áður en fyrirlestrar hætta við skólann. Reynslan hefir t. d. sýnt, að eftir 15. maí er mjög erfitt að fá stúdentana til þess að sækja fyrirlestra, og því er þessi uppástunga, um breytinguna á skólaárinu komin fram. Hinsvegar er vitanlega engin reynsla fengin um það, hvort hægt verður að fá stúdentana til þess að sækja fyrirlestra svona snemma á haustinu, eins og frv. gerir ráð fyrir. Þvert á móti hefir reynslan undanfarið orðið sú, að þeir eru að koma smátt og smátt fram eftir okt., enda er það nú svo, að sumaratvinnan er víða ekki úti fyrr en um mánaðamót sept. og okt. Að ég hefi fylgt þessari breyt., er sakir þess, að ég tel vortímann ekki hentugan til skólanáms.

Hvað snertir breyt. á kosningu rektorsins, þá hafa verið mjög skiptar skoðanir um hana meðal kennara skólans. Um þetta atriði hafa margir fundir verið haldnir og nefndir hafa um það fjallað, en ekkert endanlegt samkomulag hefir fengizt. Það eru margir, sem telja það demokratiskt að kjósa rektorinn til 1 árs, sem og vilja því enga breytingu. Aftur er bæði ég og fleiri þeirrar skoðunar, að kjósa beri rektorinn til fleiri ára í senn, enda hefir sami maðurinn verið endurkosinn rektor háskólans nú undanfarin ár og er nú á 3. starfsári sem rektor. Eins og vitanlegt er, þá þarf rektor háskólans oft að beita sér fyrir ýmsum umbótamálum skólans, og það er óneitanlega miklu meiri hætta á því, að hann gerði það ekki af eins miklum krafti, ef hann væri aðeins kosinn til 1 árs í einu.

Þau tvö atriði, sem hv. þm. S.-Þ. nefndi, koma ekki hvort öðru við. Verði atvinnudeildin stofnuð, þá verður alveg óumflýjanlegt að setja upp sérstaka skrifstofu við háskólann, því að reynslan mun sanna það, að rannsóknar og atvinnudeildin mun hafa í för með sér allmikla forretningu í sambandi við háskólann. Það er þá ekki nema eðlilegt, að rannsóknarstofa háskólans, sem lögð er undir stjórn spitalanna í svipinn, má ég segja, einmitt af því, að þetta reyndist vera svo umsvifamikið verk, að það var ekki unnt að leysa það af hendi í sambandi við önnur störf, sem háskólann varða, það yrði sjálfsagt, að hún yrði lögð undir þessa skrifstofu háskólans. Ég sé ekki, hvað þetta atriði getur snert rektorskosninguna, því að þetta yrðu störf, sem eru óskyld sjálfri stjórn háskólamálefnanna. Þetta yrði eins og hver önnur skrifstofa við hvert annað fyrirtæki, sem annaðist innkaup og sölu, móttöku og greiðslu á peningum og annað þess háttar. En þá held ég, að það yrði að ráða framkvæmdarstjóra fyrir háskólann, ekki kanslara, heldur hreinan og beinan framkvæmdarstjóra fyrir ýmsum málefnum, sérstaklega rannsóknarstofunni í sambandi við háskólann. Með tilliti til þessa held ég, að það væri alveg rétt að kjósa rektor háskólans til 3 ára jafnt fyrir því.

Ég vil minna á eitt starf, sem rektor hlýtur alltaf að þurfa að annast; það er móttaka gesta. Þótt háskólakennarar séu ágætir í sinni grein, þá eru þeir samt mismunandi hæfir til þess að koma fram sem fulltrúar háskólans gagnvart gestum hans. Þess vegna er betra, að rektor sé valinn til lengri tíma. Hann fær þá æfingu í þessu efni eins og öðru því, sem snertir háskólann. Einnig hvað því atriði viðvíkur, að það er m. a. verkefni rektors að brjótast í nýjum tillögum viðvíkjandi háskólanum, þá eru háskólakennarar mjög misjafnlega starfsamir og áhugasamir um slík málefni, án tillits til þess, hvort þeir eru góðir eða lélegir kennarar í sinni grein. Ég hygg því, að þessi breyt., að rektor verði valinn til 3 ára, sé betri, óháð því, hvort síðar meir kann að verða ráðinn framkvæmdarstjóri fyrir háskólann við öll þau afgreiðslumál, sem háskólann varða.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
2.—5. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
6.—11. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
12.—20. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
21.—28. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
29.—32. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
Fyrirsagnir frv. og kafla þess samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 11 shlj. atkv.

Á 30., 31. og 34. fundi í Ed., 20., 21. og 25. marz var frv. tekið til 3. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 35. fundi í Ed., 26. marz, var frv. enn tekið til 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 10 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 38. fundi í Nd., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 110).

Á 43. fundi í Nd., 2. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 19 shlj. atkv. og til menntmn. með 18 shlj. atkv.

Á 99. fundi í Nd., 14. des., var frv. tekið til 2. umr. (A. 110, n. 781).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 17 shlj. atkv.

Frsm. (Sigurður Einarsson): Af þessum breyt. á háskólal. eru aðeins tvær, sem nokkru skipta. Önnur er sú, sem stjórn háskólans hefir farið fram á, að námstími háskólans verði færður til samræmis við námstíma menntaskólanna, þannig að skólaárið byrji 15. sept. og endi að sama skapi fyrr. Þykir háskólaráði þetta hentug breyt., sökum atvinnu stúdentanna og af öðrum ástæðum. Hin aðalbreyt., sem frv. gerir ráð fyrir, er í því fólgin, að nokkuð verði breytt reglunum um starfstímabil rektorsins. Hefir hann hingað til verið kosinn til eins árs í senn, en háskólaráð leggur talsverða áherzlu á, að þessu verði þannig breytt, að hann verði framvegis kosinn til þriggja ára í einu. N. lítur svo á að rétt sé að taka þessar óskir til greina.

Ég hefi skrifað undir nál. með fyrirvara, og liggur hann í því, að í einum kafla frv. er gert ráð fyrir að við embættispróf skuli a. m. k. annar prófdómendanna vera utanháskólamaður.

Tveir okkar í menntmn. lítum svo á, að undanfarin ár hafi próf. í skólum verið óþarflega kostnaðarsöm og að nokkuð mætti draga úr þeim kostnaði án þess þó að öryggi prófanna minnkaði nokkuð við það, með því að fela kennurunum sjálfum, meira en nú er gert, að annast prófin og dæma um þau, og höfum við lagt til breyt. í þessu skyni við aðra skóla. Mér og þeim, sem skrifaði undir nál. með fyrirvara, fannst það skjóta skökku við að mæla með háskólalagafrv. alveg athugasemdalaust, vegna þessarar afstöðu okkar. En þar sem nú er svo skammt eftir af þingtímanum, þá legg ég ekki beinlínis áherzlu á að nota þennan fyrirvara, ef það gæti orðið til þess, að málið næði fram að ganga á þeim tíma, sem eftir er af þessu þingi.

Ég skal svo að endingu geta þess, að nál. kemur svo seint fram sem raun er á vegna þess, að málinu var vísað til menntmn. daginn áður en þinginu var frestað í vetur sem leið. Form. n. fór í ferðalag, og hinir tóku störfin að sér, en í sannleika sagt mundi enginn eftir því, að nokkurt annað mál lægi fyrir n., þangað til við vorum minntir á það af háskólaráði. Það var því ekki af því, að n. vildi koma þessu máli fyrir kattarnef, að þessi dráttur varð, heldur af ofangreindum ástæðum.

Pétur Halldórsson [óyfirl.]: Það varð ágreiningur í n. um það, hvort mælt skyldi með því, að ekki væru hafðir aðkomuprófdómendur við embættispróf í háskólanum.

Eins og við vitum hafa hingað til verið tveir prófdómendur við embættispróf í háskólanum. Annar þeirra hefir verið kennari í skólanum, en hinn utanskólamaður. Þetta gefur prófunum vitanlega meira öryggi. Hvað kostnaðarhlið þessa fyrirkomulags snertir, þá skal ég benda á það, að þetta hefir ekki haft meira en 1000 kr. kostnað í för með sér á hverju ári fyrir ríkissjóð. Ég held, að við nánari athugun muni menn sjá, að ekki sé bráðnauðsynlegt að spara þetta litla fé, þegar vissa er fengin fyrir því, að með þessu fyrirkomulagi séu prófin öruggari og komi að meira haldi en ella.

Það gleður mig að heyra, að þeir hv. nm., sem skrifuðu undir nál. með fyrirvara, hafa fallið frá honum, og vænti ég þess, að frv. gangi fram eins og það liggur hér fyrir.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.
2.—5. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
6.—11. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.
12.—20. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
21.—28. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
29.—32. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
Fyrirsagnir frv. og kafla þess samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 18 shlj. atkv.

Á 100. fundi í Nd., 16. des., var frv. tekið til 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 19 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 855).

---

70. Brunabótafélag Íslands.

Á 60. fundi í Nd., 30. okt., var útbýtt:

Frv. til l. um breyt. á l. nr. 26 23. júní 1932, um Brunabótafélag Íslands (þmfrv., A. 433).

Á 62. fundi í Nd., 1. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 19 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

Flm. (Sigurður Einarsson): Í frv. þessu, sem ég og hv. 6. landsk. höfum leyft okkur að flytja, felast aðallega tvær breyt. á l. um Brunabótafélag Íslands.

Þegar Brunabótafélag Íslands hóf göngu sína fyrir nálega tveimur tugum ára, var verksvið þess takmarkað við húseignir í kaupstöðum, nema Reykjavík, og kauptúnum með 300 íbúum eða fleiri. Síðan hefir félagið fært nokkuð út verksvið sitt, en þó eru ennþá ýmsar takmarkanir á um verksvið þess, sem ekki geta talizt eðlilegar. Þannig er það t. d. svo, að það getur ekki eða því er ekki heimilt að taka að sér brunatryggingar húsa í Reykjavík, þó að félagið og bæjarstj. gætu orðið ásátt um vátryggingarkjörin. Þegar

Reykjavíkurbær bauð síðast út samning um brunatryggingu fasteigna, leitaði hann m a. til félags þessa, en því var af greindum ástæðum þýðingarlaust að gera tilboð. Nú eru ekki nema 4 ár þar til samningur sá, sem Reykjavíkurkaupstaður hefir um brunatryggingu fasteigna, fellur úr gildi. Geti félagið þá ekki átt kost á að gera tilboð í tryggingarnar, yrði það að teljast mjög óeðlilegt, því að í öllu tilliti er það ávinningur, að brunatryggingarnar í Reykjavík gætu verið innanlands og iðgjöldin að sem mestu leyti haldizt í landinu.

Hin breyt. snertir lausafjártryggingarnar. Félaginu hefir ekki verið heimilt að taka lausafjártryggingar, nema aðeins að tryggja innanstokksmuni og búslóð húseigendanna sjálfra, sem tryggja hús sín hjá félaginu. Þannig hefir því ekki verið heimilt að tryggja húsmuni leigjenda. Þessar lagalegu takmarkanir fer frv. fram á að fella í burtu. Hinar aðrar breyt., sem í frv. felast, eru afleiðingar af þessum tveimur aðalbreyt. — Sé ég svo ekki ástæðu til þess að fjölyrða um frv. þetta frekar nú, en óska því vísað til allshn. að umr. lokinni.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 18 shlj. atkv. og til allshn. með 18 shlj. atkv.

Á 76. fundi í Nd., 18. nóv., var frv. tekið til 2. umr. (A. 433, n. 553).

Stefán Jóh. Stefánsson: Eins og lýst var við flutning þessa frv. hér í d., gengur það aðallega út á að heimila Brunabótafélagi Íslands að gera tilboð í brunabótatryggingu húsa hér í Reykjavík, en til þessa tima hefir það ekki verið heimilt. Að öðru leyti er lítið um nýmæli í frv., og hefir allshn. orðið sammála um að mæla með því. Þó hefir einn nm., hv. 3. þm. Reykv., skrifað undir nál. með fyrirvara, og annar nm., hv. 8. landsk., hefir áskilið sér rétt til að koma fram með brtt. við frv. við 3. umr.

Ég sé nú, að hv. frsm. er kominn í d., og sé ég ekki ástæðu til að fjölyrða um þetta frekar, en n. leggur sem sagt til, að frv. nái fram að ganga.

Garðar Þorsteinsson: Ég hefi skrifað undir nál. með þeim fyrirvara, að ég áskil mér rétt til þess að flytja brtt. við frv. Ég er frv. ekki út af fyrir sig mótfallinn nema að litlu leyti og mun koma fram með brtt. við 3. umr.

Jakob Möller: Minn fyrirvari gildir almennt um Brunabótafélag Íslands, þannig, að ég tel varlegra um sinn, að starfsemi félagsins sé lítið beint að vátryggingu lausafjár í stórum stíl. Að vísu er í þessu frv. ekki heimilað að vátryggja vörubirgðir verzlana, sem er áhættusamast, og sé ég því ekki ástæðu til að gera frekari ágreining, en tel hinsvegar rétt að fara varlega í þessar vátryggingar.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 24 shlj. atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: GÍ, HannJ, HV, JakM, JónP, JS, JG, PZ, PÞ, PO, SigfJ, SK, StJSt, TT, ÞorbÞ, BÁ, BB, EE, EmJ, EystJ, FJ, GP, GG, JörB.

GSv greiddi ekki atkv.

Átta þm. (JJós, JÓl, MT, ÓTh, PHalld, SE, ÁÁ, BJ) fjarstaddir.

2.—4. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 19 shlj. atkv.

Á 78. fundi í Nd., 20. nóv., var frv. tekið til 3. umr.

Frsm. (Héðinn Valdimarsson): Ég vil leyfa mér að fara þess á leit við hæstv. forseta, að mál þetta verði tekið út af dagskrá nú, til þess að tími vinnist til að athuga brtt. þær, sem fram hafa komið við það.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 79. fundi í Nd., 21. nóv., var frv. aftur tekið til 3. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 80. fundi í Nd., 22. nóv., var frv. enn tekið til 3. umr. (A. 433, 574, 583).

Garðar Þorsteinsson [óyfirl.]: Ég hafði skrifað undir nál. með fyrirvara, því að ég ætlaði hér síðar að bera fram brtt., og þær hafa nú komið fram á þskj. 583.

Eins og frv. ber með sér, er þar um að ræða breyt. á l. nr. 26 23. júní 1932, um Brunabótafélag Íslands. Þessi lög frá því ári eru allverulega breyt. á þeim l., sem áður giltu. Frv., sem kom fram á þinginu 1932 og legið hafði, ef ég man rétt, fyrir þingunum 1930 og 1931, gerði allverulegar breyt. á gildandi l., er þá voru. Þau ákvæði, sem þar var farið fram á að breyta, voru að ýmsu leyti lík þeim brtt., sem ég kem nú með við frv., og þó aðallega í tvennu. Annarsvegar, að félaginu sé heimild að vátryggja hús í Reykjavík, og hinsvegar, að heimildin til vátryggingar næði til lausafjár. Þetta frv. varð þó ekki að lögum í þeirri mynd á þinginu 1932, heldur voru þar bæði þessi atriði felld, heimildin um að vátryggja húseignir í Reykjavík og heimildin til að vátryggja lausafé. Það er dálítið eftirtektarvert, að sá maðurinn í Nd., sem lýsti sig mjög fylgjandi þessum atriðum þá, var Halldór Stefánsson, sem nú er forstjóri Brunabótafélags Íslands. Hann lagði þá mikla áherzlu á, að frv. eins og það kom fram yrði að lögum. Það stingur því einkennilega í stúf, að sá maður, sem á þingi 1932 lagði áherzlu á, að frv. yrði afgr., skuli nú eftir þrjú ár telja þær breyt. höfuðatriði, sem hann þá barðist á móti. Það hlýtur eitthvað sérstakt að hafa komið fram á þessum þrem árum, sem umhverft hefir skoðun manna til slíkra meginbreytinga.

Ég tek það strax fram, að ég fyrir mitt leyti get fallizt á, að heimilað verði í lögum, að Brunabótafélag Íslands fái að vátryggja hús í Reykjavík. Mér finnst enginn skaði skeður með þessu, en af því leiðir, að setja verður sérstakan flokk fyrir þá vátryggjendur, sem eiga hús í Rvík.

Eins og kunnugt er, var Brunabótafélag Íslands stofnað 3. nóv. 1915 með gagnkvæmum ábyrgðum frá ríkissjóði og vátryggjendum. Ábyrgðirnar eru gagnkvæmar, en samt takmarkaðar við það, hverskonar eignir það eru, sem eru vátryggðar. Í samræmi við þetta er 6. gr. laganna, sem skipar vátryggjendum í tvo tryggingarsjóði. Annar er myndaður af iðgjöldum kaupstaða og kauptúna, en hinn af iðgjöldum í sveitum, utan kaupstaða. Hvorir eru frjálsir af ábyrgðum eða skyldum gagnvart þeim sjóði, sem þeir greiða ekki iðgjöldin til. Þeir menn, sem eru í öðrumhvorum þessum flokki, eru ekki ábyrgir, ef tjón verður í hinum flokknum. Ábyrgðarmönnum er þannig skipt eftir kaupstöðum eða sveitum í tvo flokka, er hafa gagnkvæma ábyrgð innan hvors flokksins fyrir sig, en sú ábyrgð nær ekki til hins flokksins.

Í fullu samræmi er það, ef skaði verður innan annars flokksins, þá hefir félagsstj. rétt til að nota fyrst og fremst sjóðinn í flokknum, sem fyrir hendi er, og í öðru lagi að leita til ábyrgðar ríkisins, sem samkv. lögunum mun vera allt að 800 þús. kr.

Hinsvegar er svo fyrir mælt í 8. og 9. gr. l., ef slíkt tjón verður, að leita þarf til ábyrgðar ríkisins, þá verður að endurgreiða ríkissjóði upphæðina á ákveðnum árafjölda með iðgjöldum þess flokks, sem hér átti hlut að máli.

Af þessu er ljóst, að það er ekki samræmanlegt við þessar ábyrgðir að setja heimild um ábyrgðir af húseignum í Reykjavík, því að afleiðingin er sú, ef leita þyrfti til ábyrgðar ríkissjóðs, þá þarf að setja húseignir í Reykjavík í sérstakan flokk, því að annars félli skaði á þá menn, sem ábyrgðir hafa í hinum flokkunum.

Við umr. í Nd. kom fram brtt. frá Magnúsi Guðmundssyni og fleirum þess efnis, að tryggingasjóðirnir væru raunveruleg eign kaupstaða og sveita, að félagsmenn sjálfir ættu sjóðina. Halldór Stefánsson lýst því þá yfir, að þessi till. væri algerlega óþörf, því að það leiði af því, hvernig sjóðirnir eru til orðnir og af öllum tilgangi laganna, að þeir eigi þá. En ef það er rétt, að þeir eigi sjálfir sjóðina, þá er ekki rétt að nota þessa sjóði til að greiða skaða vegna vátrygginga af húseignum í Reykjavík.

Ég hefi þess vegna komið fram með brtt. við 4. gr. frv., að aftan við 6. gr. l. komi nýr liður, sem feli það í sér, að fyrir húseignir í Reykjavík sé myndaður sérstakur tryggingarsjóður, með gagnkvæmum ábyrgðum, eins og innan hinna flokkanna.

Hitt atriðið, sem ég kom með brtt. fram við, að felld yrði burt heimildin um vátryggingu lausafjár, er í fullu samræmi við vilja Alþingis 1932, og var þá talin hætta á að gera vátryggingarnar svo víðtækar. Sú hætta hlýtur eins að vera fyrir hendi nú. Þessi till. er einnig í samræmi við það, að eins og ég gat um áðan, eru ábyrgðirnar gagnkvæmar og Brunabótafélaginu er heimilt skv. 8. gr. l. að innheimta hjá félagsmönnum aukagjald, er eigi sé hærra nokkurt ár en helmingur hins árlega iðgjalds, er tiltekið er í brunaskírteininu. Ef t. d. væri heimilað, eins og frv. ætlast til, að Brunabótafélag Íslands taki frjálsar tryggingarábyrgðir á lausafé í Reykjavík, myndi afleiðingin verða sú, ef Brunabótafélagið yrði fyrir allverulegu tjóni eitt ár og yrði að leita til ábyrgðar ríkissjóðs, og ríkissjóður krefst þá endurgreiðslu, þá yrði Brunabótafélagið að innheimta féð óbeint með hækkandi iðgjöldum, en það yrði „faktiskt“ ómögulegt, af því að trygging lausafjár er ekki skyldubundin. Afleiðingin myndi því verða sú, að önnur vátryggingarfélög tækju að sér tryggingar á lausafé gegn lægri iðgjöldum og Brunabótafélagið gæti ekki innheimt sín iðgjöld.

Heimildin um vátryggingu lausafjár brýtur algerlega í bága við gagnkvæmar ábyrgðir innan Brunabótafélagsins og skyldu félagsstj., sem hefir á hendi að innheimta greiðsluna til ríkissjóðs hjá félagsmönnum innan þess flokks, þar sem tjónið yrði. Það nær því engri átt, að þeir félagsmenn, sem vátryggt hafa fasteignir í sjóðnum, eigi að greiða skaða af vátryggingu lausafjár, að þeir menn, sem mynduðu sjóðinn og raunverulega eiga hann, eigi að greiða skaða af vátryggingum, sem ekki koma þeirra flokki neitt við. Ef hinsvegar svo er, að Brunabótafélagið sé þess megnugt að taka hærri áhættueiningu af hverri fasteign en nú er, af steinhúsum 20000 kr., af timburhúsum 15000 kr., af öðrum húsum 10000 kr., — ef það er megnugt að hækka, þá er engin nauðsyn til, eins og gert er í frv., að hafa óbreytta áhættueininguna af fasteignum. Þá væri eins heppilegt að hækka einninguna af fasteignum og breyta frv. í samræmi við það t. d. upp í 24 þús. af steinhúsum o. s. frv.

Svo er enn eitt atriði, sem máli skiptir, að hér eru starfandi vátryggingarfélög, sem vátryggja lausafé. Þau félög borga skyldur og skatta. Ef Brunabótafél. tæki þessar vátryggingar, þá borgar það ekki til ríkis eða bæja. En aðalatriðið er, að vátrygging á lausafé af hálfu Brunabótafél. Ísl. bryti algerlega í bága við tilgang félagsins og þeirra laga, er voru sett. Ég vil þess vegna óska, að brtt., sem ég hefi borið fram, verði samþ., þó að ég geti reyndar fallizt á, að hún megi ef til vill skoðast sem þrenging frá því, sem er í l., en ég vil hinsvegar ekki færa út áhættuna frá því, sem nú er.

Frsm. (Héðinn Valdimarsson) [óyfirl.]: Ég hefi flutt hér brtt. á þskj. 574, um það, að dráttarvextir, er nemi ½ %, komi á þau iðgjöld, sem eigi eru greidd áður en tveir mánuðir eru liðnir frá gjalddaga. Þetta er sama og gert er við útsvör og skatta, og er ekki óeðlilegt, þó að líka komi dráttarvextir á brunabótagjöld, enda munar það litlu, nema um hærri tryggingar sé að ræða, en það hefir einmitt komið fyrir um þær, að menn vilja draga að greiða brunabótagjaldið til að spara sér prósentur.

Þá vil ég segja nokkur orð um brtt. hv. 8. landsk., Ég sé ekki þær ástæður, er réttlæti þessa brtt. Mér finnst það einkennilegt, að í stað þess, að Brunabótafél. hefir nú rétt til að tryggja lausafé í kaupstöðum og sveitum, þá skuli það nú aðeins fá heimild til að tryggja lausafé í sveitum. Mér skilst, að hv. þm. muni bera fyrir brjósti hag Sjóvátryggingarfélags Íslands, sem að vísu er innlent, en starfar á frjálsum grund-

velli. En ég skil ekki, hvaða ástæður eru til að leyfa ekki Brunabótafél. líka að starfa á frjálsum grundvelli eins og Sjóvátryggingarfélaginu. Hvorugt myndi sennilega ná til sín tryggingum á öllu lausafé. A. m. k. er það óskynsamlegt eins og nú er, að Brunabótafél. hafi leyfi til að vátryggja lausafé húseigenda, en ekki leigjenda. Afleiðingin gæti orðið sú, að Dansk Tarifforening, þessi félagsskapur danskra vátryggingarfélaga, sem Sjóvátryggingarfél Íslands mun líka hafa staðið í sambandi við, yrði hættulegur keppinautur við Brunabótafél., og það gætu orðið tvennskonar iðgjöld, eftir því, hvort um húseigendur eða leigjendur væri að ræða. Nú eru iðgjöldin hjá Tarifforening í steinhúsum 3‰, 7½‰ og 10½‰ en hjá Brunabótafélaginu: 2¼‰, 6‰ og 8‰. — M. ö. o., iðgjöldin eru lægri hjá Brunabótafélagi Íslands heldur en Dansk Tarifforening.

Mér skilst ekki, hvers vegna Brunabótafél. má ekki fá að reyna frjálsar tryggingar, ef það getur náð meiri tryggingum með því að starfa á viðtækara sviði, og það sýnir sig, eftir þessum samanburði, að það er hagkvæmara fyrir tryggjendurna. Ég vil því mælast til, að frv. verði látið óbreytt.

Þá kom hv. 8. landsk. með till. um, að ef Brunabótafél. yrðu leyfðar tryggingar í Reykjavík, þá yrði stofnaður sérstakur varasjóður fyrir Reykjavík með gagnkvæmum ábyrgðum innan þess flokks. — Hvað snertir það fyrra, þá er vafasamt, hvort það er heppilegra fyrirkomulag en við höfum hugsað okkur og gert er ráð fyrir í frv., að kaupstaðirnir séu í flokki út af fyrir sig og sveitirnar út af fyrir sig, en Reykjavík yrði þá með kaupstöðunum. Þá væri þegar fyrir hendi nokkur varasjóður, sem Reykjavík kæmi inn í. En auðvitað er hægt að fara þá leið, að byrja ekki með neinum varasjóði fyrir Reykjavík, en láta ríkistryggingu standa á bak við, en ég álít það ekki betra.

Viðvíkjandi 3. brtt. hv. 8. landsk., þá læt ég hana liggja milli hluta. En ég vil taka eitt fram; það er gert ráð fyrir, að ef Reykjavík er tekin inn, þá komi gagnkvæmar ábyrgðir á tryggjendurna. Ég skal ekki hafa beint á móti þessu, en mig skal ekki undra, ef jöfn tilboð kæmu frá íslenzka og erlenda félaginu, að það kæmu raddir upp um það í Reykjavík, að verra væri að eiga við íslenzka félagið. Ég er ekki að leggja neitt upp úr þessu, en vel gæti ég hugsað mér, að sá flokkur, sem hv. 8. landsk. fyllir, myndi fljótt koma fram með, að verra væri að skipta við íslenzka félagið, og notaði það sem skálkaskjól.

Garðar Þorsteinsson [óyfirl.]: Ég þarf ekki að lengja mikið umr., en út af því, sem hv. 2. þm. Reykv. sagði síðast, að mínir flokksmenn myndu á sínum tíma telja verra að skipta við innlenda félagið, vegna hinna gagnkvæmu ábyrgða, þá verð ég að svara honum nokkrum orðum.

Ég vil spyrja hv. þm., hvernig hægt sé að komast hjá hinum gagnkvæmu ábyrgðum? Ef brtt. mínar eru felldar og frv. samþ. óbreytt, þá kemur Reykjavík undir 1. flokk, samkv. 6. gr. l., og í þeim flokki eru sömu gagnkvæmu ábyrgðirnar og í 3. flokki, sem ég vil, samkv. till. minni, að stofnaðar verði. Hv. þm. hefir misskilið þetta algerlega, ef hann heldur, að ég vilji koma á gagnkvæmum ábyrgðum, en frv. sneiði framhjá þeim. Þessi ákvæði um gagnkvæmar ábyrgðir eru til í l. og frá upphafi hugsað sem grundvallaröryggi fyrir því, að ábyrgðirnar verði sem minnstar og sé dreift sem mest yfir landið innan vissra takmarka. Það er ákvæði, sem er í l., og er það hugsað frá upphafi sem skorða við áhættu Brunabótafélagsins, þegar dreifingin er sem mest. Það eru menn innan þessa flokks, sem hafa myndað sjóði og eiga sjóði. Mér finnst ekki sanngjarnt, að sá flokkur myndi sjóðina, ef þeir eru svo notaðir til þess að greiða skaða, sem verður á húseignum við bruna í Rvík. Og þó að það megi segja, að þeir séu ekki eign, þar sem þeim verður skipt upp einn góðan veðurdag, þá geta eigendurnir komið og haldið því fram, að iðgjöldin á húsum í sveitum og kaupstöðum hljóti að hækka, vegna þess að Brunabótafél. safnar svona háum sjóðum. Ef milljónasjóðir eru teknir til þess að borga tjón af bruna í Rvík, þá verða þeir, sem eru utan Rvíkur, að borga hærra iðgjald en annars. Það er því ljóst, að sú eign, ef hún er látin halda sér, kemur eftirkomendunum að haldi, því iðgjöldin hljóta að lækka. Ég get ekki séð, að sanngirni sé í því að taka þessa háu sjóði og gera áhættuna með því meiri, og nota þá ef til vill til þess að borga tjón í Rvík, en hin gagnkvæma ábyrgð er eftir sem áður. Sjóvátryggingarfélag Íslands borgaði á einu ári á þriðja þús. kr. meira heldur en það fékk inn á árinu í iðgjöldum. Ef slíkt tap kemur á Brunabótafél., þá vil ég spyrja, hvar eigi að taka það, nema af sjóðum, sem hafa safnazt, eða iðgjöldum annara. Ég get ekki séð annað en hætta sé á, að þeir, sem eiga sjóðina, missi af lækkun iðgjaldanna, eða verði að greiða hærri iðgjöld en þeim ber.

Frsm. (Héðinn Valdimarsson): Það er einkennilegt, ef Brunabótafél. tapar stórum á því, sem kallað er beztu tryggingarnar, en það eru húseignir. Áhættan fyrir varasjóði kaupstaða og sveita er ekki mikil. Ef áhætta er, þá græðist aftur á móti meira á stað eins og Rvík heldur en öðrum stöðum.

Garðar Þorsteinsson: Það eru aðeins örfá orð. Hér kemur enn fram misskilningur hjá hv. þm. Það er einmitt af því, að það er ekki skyldutrygging í Rvík, að önnur félög hafa rétt til þess að bjóða á móti Brunabótafélaginu. Afleiðingin er sú, að iðgjöld í Rvík eru lægri en annarsstaðar, og það er þess vegna vafasamt, hvort hægt er að segja, að áhættan sé minni hér en annarsstaðar. Ég geri ráð fyrir, að sérfræðingar leggi það niður fyrir sér, hvað Rvík er stór, og sú minnkandi áhætta, sem af því leiðir, sé ljós umbjóðanda hins útlenda félags. En það er misskilningur hjá hv. þm., ef hann heldur, að þessi minnkandi áhætta komi Brunabótafél. að haldi, því það fær auðvitað lægri iðgjöld eftir því, sem áhættan er minni.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 81. fundi í Nd., 23. nóv., var fram haldið 3. umr. um frv.

ATKVGR.

Brtt. 583,1 felld með 14:13 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: SigfJ, SK, TT, EE, GÞ, GSv, GÍ, JakM, JJós, JónP, JS, PHalld, PO.

nei: SE, StJSt,. ÞorbÞ, BÁ, EmJ, EystJ, FJ, GG, HannJ, HV, JG, PZ, PÞ, JörB.

Sex þm. (ÁÁ, BJ, BB, JÓl, MT, ÓTh) fjarstaddir.

Brtt. 583,2 felld með 13:13 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: PHalld, PO, SigfJ, TT, BJ, EE, GÞ, GSv, GÍ, JakM, JJós, JónP, JS.

nei: PÞ, SE, StJSt, ÞorbÞ, EmJ, EystJ, FJ, GG, HannJ, HV,[2]) JG, PZ, JörB.

BÁ[1]) greiddi ekki atkv.

Sex þm. (SK, ÁÁ, BB, JÓl, MT, ÓTh) fjarstaddir.

Brtt. 574 felld með 14:14 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: PZ, PÞ, SigfJ, SE, StJSt, ÞorbÞ, BJ, BÁ, BB, EmJ, EystJ, FJ, GG, HV.

nei: PHalld, PO, SK, TT, EE, GÞ, GSv, GÍ, HannJ, JakM, JJós, JónP, JS, JG.

JörB greiddi ekki atkv.

Fjórir þm. (ÁÁ, JÓl, MT, ÓTh) fjarstaddir.

Frv. samþ. með 17 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 77. fundi í Ed., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 433).

Á 79. fundi í Ed., 26. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv. og til allshn. með 11 shlj. atkv.

Á 91. fundi í Ed., 10. des., var frv. tekið til 2. umr. (A. 433, n. 733).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

Frsm. (Ingvar Pálmason) [óyfirl.]: Frv. þetta, sem er um breyt. á l. um Brunabótafélag Íslands, fer fram á þrjár breyt. á þessum l. Í fyrsta lagi, að félaginu sé heimilt, með samþ. ráðh., að gera tilboð um að taka í eldsvoðaábyrgð einnig hús í Reykjavík. Eins og menn vita, er það nú svo, að brunavátryggingar í Rvík eru með allt öðrum hætti en annarsstaðar á landinu. Bærinn hefir um mörg undanfarin ár haft við miklu betri kjör að búa um tryggingar heldur en aðrir kaupstaðir og kauptúnin, sem eðlilegt er, vegna þess að hér í Rvík eru miklu fullkomnari slökkvitæki heldur en annarsstaðar á landinu er hægt að koma við.

Þegar l. um Brunabótafélag Íslands voru samþ. á Alþ. 1932, þá kom til tals að heimila félaginu að taka í eldsvoðaábyrgð hús í Rvík. En niðurstaðan varð þó sú, að þetta var ekki lögfest. En nú er það svo að líða fer að því, að samningar þeir, sem Rvíkurbær hefir um brunatryggingar, fara að renna út. Þykir því tilhlýðilegt að athuga það, hvort tök muni vera á því, að Brunabótafélag Íslands geti gert tilboð um að taka að sér þá tryggingu. Af því að hér er um að ræða, hvort allmikið fé fari út úr landinu eða verði hér kyrrt, þá virðist full ástæða til að athuga, hvort ekki sé hægt að halda nokkrum hluta þess fjár í landinu. Vitaskuld þarf Brunabótafélagið endurtryggingu að miklu leyti, ef það tekst á hendur brunatryggingar í Rvík eins og getið er í frv., og því verður ekki nema nokkur hluti fjárins kyrr í landinu. En það er rétt að gera tilraun í þessu efni, ef líklegt þykir, að Brunabótafélag Íslands muni geta tekið að sér þessar tryggingar, þegar hinn umsamdi tími um þær rennur út.

Önnur breyt., sem með frv. er gerð till. um, er, að félaginu sé heimilt að taka í eldsvoðaábyrgð hverskonar lausafé á þeim stöðum, þar sem félagið hefir tryggingar; þó eru undanteknar verzlunarvörur. Það hefir sýnt sig við framkvæmd l., að valdið hefir óþægindum, að félagið hefir ekki haft heimild til þess að tryggja lausafé í kaupstöðum og kauptúnum úti um land, annara en þeirra, sem vátryggja húseignir sínar hjá félaginu, þannig að þeir, sem leigja í húsum, eru útilokaðir frá því að mega vátryggja lausafé hjá félaginu. Þetta hefir valdið nokkrum óþægindum úti um land. Ég þekki t. d. til þess, að opinber starfsmaður, sem býr í húseign, sem ríkið á, hann á ekki þess kost að tryggja sitt lausafé hjá Brunabótafélagi Íslands, aðeins af því, að hann á ekki húsið sjálfur og er að því leyti ekki viðskiptamaður félagsins, að hann vátryggi hús hjá því. Það virðist líka ástæðulítið að meina Brunabótafél. að taka hverskonar lausafé sem er í ábyrgð, þar sem reynslan hefir sýnt, að þrátt fyrir það, þó að félagið taki lægri iðgjöld heldur en a. m. k. flest önnur vátryggingafélög, sem tryggja lausafé, þá hefir hagur félagsins samt batnað ár frá ári.

Þriðja breyt., sem lagt er til, að gerð verði á l. um Brunabótafél. Íslands, er sú, að hækka að nokkru þær tryggingar á húsum, sem félagið þarf ekki að endurtryggja. Um það atriði vil ég aðeins segja það, að hagur félagsins virðist vera þannig, að það sé réttmætt að gera þessa breyt. Og við þetta ætti að vinnast, án mjög mikillar aukinnar áhættu, að meira yrði eftir í landinu sjálfu af því fé, sem fyrir tryggingarnar væri greitt í iðgjöldum.

Frv. þetta er búið að ganga gegnum hv. Nd., og tók það þar engum breyt. Og meiri hl. allshn. leggur eindregið til, að það verði einnig í þessari hv. d. samþ. án breyt. Að vísu hafa ekki komið fram neinar brtt. við frv., og ég býst ekki við, að sá hv. nm., sem skrifaði undir nál. með fyrirvara, hafi hugsað sér að gera brtt. við það. Hinsvegar áskildi hann sér rétt til að hafa ó-

1) **BÁ**: Ég er með sumu í þessari grein, en móti öðru, en frv. er þannig uppsett, að það er ómögulegt að ná þessu sundur, þannig að ef ég greiði atkv. með gr., þá greiði ég atkv. sumu, sem ég er á móti, en ef ég greiði atkv. á móti henni, greiði ég atkv. móti sumu, sem ég er með. Þess vegna greiði ég ekki atkv. um greinina.

2) **HV**: Með skírskotun til þess, er hv. þm. Mýr. sagði, segi ég nei.

bundnar hendur um brtt., ef þær kæmu fram við þetta frv. — Hefi ég svo ekki fleira að segja fyrir hönd n., en legg málið undir atkv. hv. d.

Magnús Guðmundsson: Eins og hv. frsm. tók fram, hefi ég skrifað undir nál. með fyrirvara, vegna þess að mér virðist það vera varhugavert, að Brunabótafélag Íslands taki á sig þá stóru áhættu, sem það hefir í för með sér að hafa heimild til að tryggja öll hús hér í Reykjavík, því að hér geta komið fyrir svo geigvænleg brunatjón, að það gæti orðið félaginu fjárhagslega ofviða að rísa undir því.

Enn eru eftir 4 ár þangað til samningur sá rennur út, sem gerður hefir verið um brunatryggingar húsa hér í bænum. Þess vegna liggur alls ekki á að setja nú lög um þetta.

Því atriði, að minna fé fari út úr landinu vegna vátrygginga, ef frv. þetta verður að l., er því að svara, að ég vona, að það komi ekki fyrir fyrst um sinn, að Brunabótafélagi Íslands detti í hug að taka á sig þá áhættu eitt, sem leiðir af vátryggingum fasteigna hér í Reykjavík, heldur endurtryggi það hjá erlendu félagi að allmiklu leyti, og verði svo gert, sem allir munu telja sjálfsagt, þá er óhjákvæmilegt að mikill hluti af iðgjöldunum fari út úr landinu vegna endurtrygginganna. En eitthvað verður náttúrlega eftir af þessum peningum í landinu, en þar á móti kemur það, að ef skaðar verða ekki meiri en iðgjöldin, þá kæmi inn fé frá útlöndum.

Það, sem sérstaklega vakir fyrir mér, er, að ekki liggi á að setja l. um þetta endilega nú strax, vegna þess, sem ég hefi sagt. Enda hefir það verið skoðun Brunabótafél., að það ætti að smáfærast í aukana, en ekki taka stór stökk.

Við hinar aðrar vátryggingar hefi ég minna að athuga, en af því að svo stutt er síðan félagið færði út kvíarnar, tel ég varlegra að láta líða t. d. 2—3 ár enn, þangað til tími áður áminnzt vátryggingarsamnings fyrir Reykjavík er um það bil útrunninn, að auka eða stækka starfssvið félagsins, því að öryggi þess er fyrir öllu.

Ég á erfitt með að gera mér grein fyrir því, hvers vegna félagið má ekki brunatryggja verzlunarvörur. Ég skil ekki í, að það sé á neinn hátt erfiðari tryggingar en aðrar lausafjárvátryggingar.

Ég mun láta frv. hlutlaust, en vildi aðeins með þessum orðum benda á, að ég tel ekki varlega farið í þessu efni, ef það verður samþ.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 8:1 atkv.
2. gr. samþ. með 8:1 atkv.
3. gr. samþ. með 8:1 atkv.
4. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 9:1 atkv.

Á 93. fundi í Ed., 12. des., var frv. tekið til 3. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 95. fundi í Ed., 14. des., var frv. aftur tekið til 3. umr. (A. 433, 816).

Of skammt var liðið frá útbýtingu brtt. 816. — Afbrigði leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.

Pétur Magnússon [óyfirl.]: Eins og öllum hv. dm. er kunnugt, var hið upphaflega hlutverk Brunabótafélags Íslands að tryggja fyrir eldsvoða húseignir í kaupstöðum, nema Reykjavík, og kauptúnum með 300 íbúa eða fleiri. En með l. nr. 26 frá 1932 var því breytt þannig, að bætt var við tryggingum í sveitum. Var þá gert að skyldu að tryggja sveitabæi fyrir eldsvoða í félaginu. Samkv. 4. gr. þeirra laga var og heimilað, að félagið tæki í tryggingu gripahús og hlöður í sveitum, innanstokksmuni og aðra búslóð, ennfremur hey í hlöðum og undir beru lofti og loks búpening í húsum. Í kauptúnum og kaupstöðum var félaginu einnig heimilað að taka í ábyrgð innanstokksmuni og búslóð, sem eigandi á í hinum tryggðu húsum. Lausafjártryggingarnar eru þannig bundnar við sömu áhættu og húseignirnar.

Eftir 6. gr. nefndra laga frá 1932 eiga tryggingar félagsins að skiptast í tvo flokka, og eiga að myndast tveir sjóðir af iðgjöldum félagsins, sinn fyrir hvorn flokk. Fyrst er sjóður fyrir tryggingar í kaupstöðum og kauptúnum, sem ég hygg, að nú sé orðinn á aðra millj. króna, og í öðru lagi sjóður af iðgjöldum fyrir tryggingar í sveitum utan kauptúna. Hversu hár sá sjóður er orðinn, veit ég ekki, en tæplega getur þar um mikið fé verið að ræða, þar sem svo stutt er síðan sá flokkur tók til starfa. Nú er í frv. þessu gert ráð fyrir að færa starfssvið félagsins út enn á ný og heimila því að taka í tryggingar hús í Reykjavík og hverskonar lausafé, að undanteknu því, að samkv. 3. gr. má það ekki taka í eldsvoðatryggingu verzlunarvörur í kaupstöðum og kauptúnum. Af þessu leiðir það, að félagið má taka í tryggingu lausafé hér í Reykjavík. Það er því ekki svo lítil útfærsla fyrir félagið, sem í frv. felst.

Nú er það svo, að í frv. eru engin ákvæði um það, hvað eigi að standa fyrir þessum nýju tryggingarflokkum, að öðru leyti en því, að ríkisábyrgðin, sem bundin er við 800 þús., mun sjálfsagt eiga að vera einnig til tryggingar þessum nýju ábyrgðum. Þó geri ég ráð fyrir, að hugsunin sé sú, að þessar nýju lausafjártryggingar, og ef til kemur með tryggingar í Reykjavík, eigi að mynda nýjan flokk. Sé hugsunin þessi, sem ég býst frekar við, þá vantar, að það komi skýrt fram í frv., því að þeir sjóðir, sem þegar eru myndaðir, eru eign kaupstaðanna og sveitarfélaganna, svo ekki er hægt að taka þá sem áhættufé fyrir hinar nýju tryggingar.

Þá vil ég og benda á, að það getur verið vafasamt fyrir félagið að ganga inn á þá braut, að taka lausafé ótakmarkað til tryggingar. Í bréfi, sem allshn. hefir fengið frá Brynjólfi Stefánssyni tryggingarfræðingi, er á það bent, að það sé ekki svo lítil áhætta, sem félagið tekur á sig með því að færa verksvið sitt út á þessa starfsemi. Af því að ég býst ekki við, að hv. dm. sé bréf þetta yfirleitt kunnugt, þá vil ég, með leyfi hæstv. forseta, lesa upp dálitinn kafla úr því. Í bréfi þessu segir forstjórinn m. a.: „Samkv. 8. gr. laganna yrðu því lausafjáreig-

endur þeir, sem tryggja hjá B. Í., félagsmenn þess flokks, og þar sem sá flokkur á engan stofnsjóð, heldur aðeins ábyrgð ríkissjóðs, yrði strax að nota ríkisábyrgðina, ef tjón fara fram úr iðgjöldum, áður en nokkur tryggingarsjóður er myndaður, sem um munar. Yrði þá samkv. lögunum að vinna það tap upp með því að leggja aukaiðgjöld á félagsmenn flokksins, lausafjáreigendurna. En þetta myndi reynast óframkvæmanlegt, þegar til framkvæmdanna kæmi. Hinar tryggðu eignir, sem á að leggja aukaiðgjaldið á og eru í þessu tilfelli lausaféð, eru ef til vill ekki lengur til eða komnar í annan landshluta, og auk þess mundi iðgjaldahækkunin leiða til þess, að allir félagsmenn flokksins færu úr B. Í. með tryggingar sínar", — þetta liggur í augum uppi, því ekki er hægt að setja skyldutryggingar á lausaféð, — „og sæti félagið eftir með tapið, eða réttara sagt ríkissjóður, sem hefði orðið að leggja það út vegna ríkisábyrgðarinnar. Hættan á þessu er vitanlega því meiri, því lægri sem þau iðgjöld eru, sem B. Í. tekur, en það er í frv. aðallega talið breytingunni til gildis, að B. Í. taki lægri iðgjöld en þau félög, sem nú taka að sér lausafjártryggingar, og þá fyrst og fremst innlenda félagið, Sjóvátryggingarfélag Íslands, sem hefir langmestan hluta allra lausafjártrygginga landsins. Það er rétt, að B. Í. hefir gefið út iðgjaldaskrá yfir lausafjártryggingar, og eru þau iðgjöld ca. 25% lægri en þau iðgjöld, sem nú eru notuð af öðrum félögum, en sannleikurinn er sá, að þessi iðgjaldataxti er algerlega út í bláinn, þar sem félagið hefir ekki mátt taka í tryggingu almennt lausafé það, sem þessi taxti á að ná til. Á meðan svo er, er það ekki öruggt að telja þennan iðgjaldataxta félagsins svo mjög til gildis, að hann réttlæti breytingar á lögum B. Í., sem brjóta í bága við þann grundvöll, sem félagið er byggt á. Hinsvegar væri nógu fróðlegt að sjá, hvernig þessi fríðindi munu koma út í framkvæmdinni.

Eins og um hefir verið getið, hefir Sjóvátryggingarfélag Íslands mestan hluta lausafjártrygginga landsins, svo reynsla þess ætti að gefa góða mynd af þeim heildarniðurstöðum, sem nota mætti. Síðustu 4 árin hafa iðgjöld og greidd brunatjón numið þeim upphæðum sem hér segir: 1931 voru lausafjáriðgjöldin 243960 kr., en greitt brunatjón 332266 kr."

Hverju þetta nam hin árin, mun ég ekki lesa upp, en niðurstaðan varð sú eftir þessi 4 ár, að lausafjáriðgjöldin námu alls kr. 911673 kr., en greidd brunatjón 838867 krónum. Þetta er þá reynsla Sjóvátryggingarfélagsins. En nú skal ég vekja athygli á því, að þessi iðgjöld eru þó 25% hærri en iðgjaldataxti B. Í. sýnir. Samkv. honum hefðu iðgjöldin numið ca. 682 þús., og miðað við brunatjón þau sömu, hefði orðið ca. 157 þús. kr. tap fyrir utan allan kostnað við tryggingarnar þessi 4 ár, sem tilfærð eru.

Þessar upplýsingar, sem hér koma fram, virðast mér svo mikilvægar, að hv. þm. ættu að gefa þeim gaum, áður en ákveðið er að láta Brunabótafélagið leggja út í þá áhættustarfsemi, sem hér er um að ræða. Hér er sýnt fram á það með óyggjandi tölum, að ef Brunabótafél. hefði fengið sömu niðurstöðu og Sjóvátryggingarfél. hefir fengið á þessum 4 árum, eða að beint tap hafi verið 157 þús. kr., þá mundi þetta tap hjá Brunabótafél. hafa verið eitthvað yfir 200 þús. kr., sem óhjákvæmilega hefði lent á ríkissjóði.

Þó að ég sé hér að vekja athygli á þessu, þá er ekki þar með sagt, að ég sé því í raun og veru fráhverfur, að Brunabótafél. Ísl. fái leyfi til þess að færa eitthvað út starfsemi sína, en ég er þeirrar skoðunar, að þetta mál, eins og það liggur fyrir hér, sé ekki nægjanlega undirbúið til þess að verða lögfest. Ég vildi því fyrst og fremst gera það að till. minni, að málinu verði nú vísað til ríkisstj. til frekari undirbúnings undir næsta þing. En ef sú till. mín, mót von minni, yrði ekki samþ., þá hefi ég til vara borið fram nokkrar brtt. við frv., sem ég tel, að séu í raun og veru ekki neitt annað en sjálfsagðar lagfæringar á frv. Það er að vísu í brtt. á þskj. 816 ein veruleg efnisbreyt., þar sem felld er burt heimildin, sem frv. ætlar félaginu til þess að færa starfsemi sína út og láta hana ná ótakmarkað til lausafjártrygginga. Sú breyt. fellst í fyrstu brtt. á þskj. 816. Þar er lagt til, að 3. gr. frv. feli aðeins í sér heimild fyrir félagið að takast á hendur eldsvoðaábyrgð á húsum í Rvík, með sérstökum samningi við bæjarstjórn. — Ég verð að játa, að ég tel, eins og sakir standa nú, að þessi heimild sé ekki mikils virði, því þó maður geri ráð fyrir því, að þessi 800 þús. kr. ábyrgð ríkisins standi bak við þessar tryggingar, þá er þar í raun og veru um svo litla fjárhæð að ræða, að ósennilegt er, að Rvíkurbær muni sjá sér fært að semja við Brunabótafél. um eldsvoðaábyrgð á húsum í bænum gegn þeirri tryggingu einni saman. En þó er það ekki útilokað, ef samningar takast um endurtryggingu, að farið yrði af stað að einhverju eða öllu leyti. Og ég fyrir mitt leyti áliti það ekki neina sérlega áhættu að veita lagaheimild til þessarar útfærslu í starfsemi félagsins. Hitt álít ég, eins og málið liggur fyrir nú, miklu áhættusamara, að veita félaginu ótakmarkaða heimild til þess að takast á hendur lausafjártryggingar, að undanskildum verzlunarvörum. En jafnframt og þessi lagaheimild er gefin til þess að taka eldsvoðaábyrgð á húsum í Rvík, tel ég líka sjálfsagt að breyta 6. gr. frv., þannig að tryggingar skiptist, ekki aðeins í 2 flokka, heldur í 3 og að tryggingar í Rvík myndi þá 3. flokkinn; því mér skilst, að það geti ekki komið til mála að leggja þessar tryggingar í þá tryggingarsjóði, sem fyrir eru. Það er engin heimild til þess, að mínu áliti, að taka tryggingarsjóði kaupstaða og kauptúna utan Rvíkur, eða tryggingarsjóði sveitabæjanna, og setja þá í áhættu fyrir tryggingar innan Rvíkur. Þetta eru sjóðir, sem hlutaðeigandi kaupstaðir eða kauptún eru búin að koma sér upp á alllöngum tíma, þ. e. a. s. afgangur af þeim iðgjöldum, sem þeir hafa greitt, og þeir eiga í framtíðinni að njóta þeirra, þannig að eftir því sem sjóðirnir aukast, skapast auknir möguleikar til þess að iðgjöldin geti lækkað. Og ég get ekki séð, að Rvík eigi neina heimtingu á að njóta neinna fríðinda í því sambandi. 2. brtt. b á þskj. 816 er þannig einvörðungu í sambandi við þetta, til þess að taka

af skarið um það, að ef tryggingar eru teknar af húseignum í Rvík, þá skuli þær mynda sérstakan flokk. — 3. brtt. er svo bein afleiðing af þessari brtt., og þarf ég ekki að gera grein fyrir henni.

Nú hefi ég athugað það, að ef 1. brtt. mín yrði felld, þannig að eftir sem áður stæði hin ótakmarkaða heimild félagsins til þess að taka lausafjártryggingar, þá mundi vanta í frv. ákvæði um það, að einnig þessar tryggingar myndu uðu sérstakan áhættuflokk innan félagsins. Ég vil því leyfa mér að afhenda hæstv. forseta skrifl. brtt. til vara.

Að endingu vil ég ítreka það, sem ég sagði áðan, að ég tel, að þetta mál — þó það geti verið, að það stefni í aðalatriðunum í rétta átt — hafi ekki fengið þann undirbúning og athugun, að verjanlegt sé að lögfesta það í þessu formi. Og vil ég því leggja áherzlu á það, að till. mín um að vísa málinu til ríkisstjórnarinnar verði samþykkt.

Forseti (EÁrna): Mér hafa borizt svohljóðandi skrifl. brtt. frá hv. 2. þm. Rang.:

1. Við 3. gr. Aftan við gr. bætist:
Lausafjártryggingar allar mynda sérstakan flokk.

2. *Á eftir 3. gr. komi ný gr., svo hljóðandi:*
Aftan við 6. gr. laganna bætist:

3. Tryggingarsjóður af iðgjöldum fyrir tryggingar á lausafé.

Frsm. (Ingvar Pálmason) [óyfirl.]: Þessar brtt., sem hér eru bornar fram við þetta frv., hafa verið nokkuð lengi á leiðinni og búnar að tefja málið allmikið. Það er mjög bagalegt, að brtt. skuli ekki hafa komið fram fyrr, til þess að allshn. gæti athugað þær, og nú er orðið svo áliðið þingtímann, að hver töf í málinu hér eftir getur valdið því, að það nái ekki afgreiðslu á þessu þingi, en það teldi ég illa farið, því ég álít, að aðalbreyt. í frv., sem er heimildin til þess að taka í eldsvoðaábyrgð lausafé frekar en félagið hefir haft heimild til, sé mjög aðkallandi, vegna þess að reynslan úti um land hefir sýnt, að það er bagalegt, að þessi heimild skuli ekki vera til. Ég gat þess við 2. umr. málsins og endurtek það nú, að það, að þessi heimild er komin inn í frv., er ekki eingöngu komið frá Brunabótafél. Ísl., heldur miklu fremur frá viðskiptamönnunum úti um land. Og ég færði þá fyrir því nokkur rök, að það er næsta óeðlilegt, að í sama húsi, sem er skyldutryggt hjá Brunabótafél., skuli aðeins heimilt að taka ábyrgð á lausafé frá eigandanum, en ekki frá leigjandanum. Hvers vegna á leigjandinn að vera skuldbundinn til þess að hlíta verri kjörum heldur en eigandinn? Brunahættan er alveg sú sama hjá þeim báðum. En það er auðséð, að þær brtt., sem fyrir liggja, eru aðallega bornar fram til þess að fá þetta út úr frv. — Ég reyndi að athuga þessar brtt. meðan hv. 2. þm. Rang. hélt sína ræðu, en ég skal játa, að tíminn var of stuttur til þess að ég gæti áttað mig nægjanlega á þeim. En ég þykist geta fundið það út úr þeim, að þungamiðja þeirra sé einmitt þess efnis, að fyrirbyggja það, að Brunabótafél. fái heimild til þess að taka í eldsvoðaábyrgð allt lausafé, — að undanskildum verzlunarvörum.

Að því er snertir heimildina til þess að Brunabótafél. megi taka ábyrgð á húsum í Rvík, ef samningar takast um það, hefi ég ekki mikið að segja. Ég skal játa, að það er meiningin, ef til þess kæmi, að samningar tækjust, að það verði sérstakur flokkur í Brunabótafél. Ísl. Þetta veit ég, að hv. þm. er kunnugt, því ég geri ráð fyrir því, að hann hafi líka lesið svar framkvæmdarstjóra Búnaðarfél. Ísl. Þar er það tekið fram. (PM: Það er ekki í l.). Nei, það er rétt, en af svari framkvæmdarstjórans sést, að það er meiningin. Ég skal að vísu játa, að það hefði farið betur á því að hafa það í l., en það virðist vera óþarfi meðan maður veit ekki hvort til þessa kemur. Ég held, að það megi bara í samningunum ákveða, að brunatryggingar af húsum í Rvík skuli mynda sérstakan flokk innan Brunabótafél. Ísl. Ég tel því, að þó sú brtt., sem snertir þetta atriði, sé meinlaus, þá sé ekki ástæða til að breyta frv. þess vegna. En það, sem náttúrlega er þungamiðja brtt., er það, að fyrirbyggja, að Brunabótafél. geti tekið í eldsvoðaábyrgð lausafjármuni frekar heldur en það hefir heimild til nú. En heimildin er svona þröng eins og ég hefi lýst, að hún er bara bundin við lausafé þeirra, sem vátryggja hús sín hjá Brunabótafél. Þetta er ástæðulaust, eins og allir sjá, — því hvað er meiri hætta fyrir Brunabótafél. að vátryggja innanstokksmuni leigjanda í húsi, sem tryggt er hjá félaginu, heldur en innanstokksmuni húseigandans? — Ég verð að segja það, að ég lít svo á, að þessar brtt., sem hér liggja fyrir, séu til þess að gera að mjög litlu þær umbætur, sem meiningin var að fá á l. Brunabótafél. Íslands.

Að því er snertir að vísa þessu máli til ríkisstj., get ég sagt það, að ég teldi það út af fyrir sig ekkert óeðlilega meðferð á málinu, en þar sem andstæðingar málsins eru gengnir inn á það, að heimildin til þess að taka í ábyrgð hús í Rvík skuli standa, þá sé ég ekki ástæðu til þess vegna lausafjártrygginganna. En maður getur vel skilið það, að þar sem andstaðan gegn þessu frv. er komin frá innlendum keppinaut, þá er það ekki nema eðlilegt, að sá keppinautur reyni að fyrirbyggja það, að dregin sé starfsemi úr höndum hans. Það er ekki nema eðlilegt. En ég held, að hver sá, sem les aths. Brynjólfs Stefánssonar og svör framkvæmdarstjóra Brunabótafél. Ísl., hljóti að sjá, að rök Brynjólfs Stefánssonar eru ekki það þung á metunum, að þau vegi á móti þeim óþægindum, sem vátryggjendur verða fyrir út af því að geta ekki vátryggt í Brunabótafél. Ísl. Það hefir skyldutryggingu í öllum kaupstöðum og kauptúnum úti um land, en Sjóvátryggingarfél. hefir aðallega umboðsmenn á stærri stöðunum. Og það er afaróþægilegt fyrir menn að þurfa að skipta við 2 aðilja í þessu efni.

Ég get nú ekki séð, að Brunabótafél. stafi nein hætta af því að auka við sig lausafjártryggingunum. Reynslan frá 1932, þó hún sé ekki löng, hefir sýnt það, að iðgjaldataxtinn, sem félagið hefir ákveðið, hefir nægt. Það er ekkert, sem bendir í þá átt, að félaginu standi hætta af því,

að iðgjöldin séu of lág. Það, sem hv. 2. þm. Rang. las upp úr erindi Brynjólfs Stefánssonar um tjónin og iðgjöldin af lausafjártryggingunum í Sjóvátryggingarfél. Íslands, sýndi að vísu, að iðgjöldin hafa ekki nægt eitt árið til þess að greiða tjónin, en niðurstaðan á þessum 4 árum var þó sú, að þau nægðu fyllilega. (PM: Það er nú víst rétt þar um). Ég held, að það hafi verið þó nokkur hagnaður. En ég veit ekki, hvað frádrátturinn er mikill. Mér þykir líklegt, að hann þurfi ekki að vera meiri á þessu ári, en þetta gæti stafað af því, að Sjóvátryggingarfél. hefir með höndum tryggingar á verzlunarvörum. Og það er litið svo á af báðum aðiljum, Brynjólfi Stefánssyni og forstjóra Brunabótafél., að því fylgi meiri áhætta að tryggja verzlunarvörur, og það er ekki óeðlilegt, af því að þar er meira samansafn, ef bruna ber að höndum. Hvert einstakt tjón getur orðið miklu stærra. Enda er það skiljanleg varfærni hjá forstjóra Brunabótafél. að óska ekki eftir þessari heimild, af því að hann telur, að það þurfi annan iðgjaldataxta fyrir þær vörur. Það gæti því hugsazt, að það, sem veldur því, að Sjóvátryggingarfél. Ísl. hefir fengið slæma útkomu þessi ár, stafi að einhverju leyti af verzlunarvörunum.

Það væri kannske hugsanlegt, að ástæða væri til að taka málið út af dagskrá, til þess að allshn. gæti athugað þessar brtt., sem fyrir liggja. En ég óska þess ekki fyrir mitt leyti, þó að ég telji það réttara á þessu stigi málsins heldur en að vísa því til ríkisstj.

Því er skotið að mér nú, að þessar till. hafi legið fyrir Nd. og verið felldar þar. (PM: 1. brtt. er dálítið önnur). Já, ég geri ráð fyrir því, en þessar brtt. munu samt ná nokkurnveginn því sama og þær brtt., sem lágu fyrir Nd. og voru felldar þar. — Ég fyrir mína parta mun greiða atkv. á móti þessum brtt., sem hér liggja fyrir, og mun ekki heldur æskja þess, að málið verði tekið af dagskrá mín vegna, þó ég hafi haft stuttan tíma til að athuga þær, en hinsvegar mun ég ekki, ef samnm. mínir í allshn. óska þess að fá málið til betri athugunar, setja mig á móti því.

Atvmrh. (Haraldur Guðmundsson) [óyfirl.]: Ég heyrði nú ekki nema síðari hlutann af ræðu hv. 2. þm. S.-M., svo að verið getur að ég taki upp eitthvað af því, sem hann sagði.

Hv. flm. brtt. gerði of mikið úr því, hve starfsvið Brunabótafél. víkkaði mjög, ef þetta yrði að l. Nú er því þannig farið, að hjá Brunabótafél. eru skyldutryggingar á húsum í kaupstöðum og sveitabæjum og heimild til að tryggja búslóð húseigenda sjálfra. Í frv. er farið fram á heimild til að tryggja búslóð leigjenda, til viðbótar við þetta. Mér finnst áhættan af þessari viðbót ekki svo mikil, að varhugavert geti talizt að samþ. frv. Er þegar fengin nokkur reynsla af þessum búslóðatryggingum hjá Brunabótafél., og hún sýnir, að þessi viðbót getur ekki verið neinum vandkvæðum bundin. Ennfremur gerir frv. ráð fyrir, að tryggja megi allskonar lausafé í Rvík líka, en það hefir verið óheimilt. Þó er það einungis bundið við búslóð manna, en ekki verzlunarvörur, og er það gert af varúð að undanskilja þær. Ég hefi það t. d. fyrir satt, að hjá Sjóvátryggingarfél. hafi það sýnt sig, að meiri áhætta fylgir tryggingu verzlunarvara en búslóðar.

Hvað það snertir, að óheimilt sé að nota tryggingarsjóði, sem fyrir eru hjá félögunum, þá er ég ekki sammála hv. 2. þm. Rang. Ef fara ætti að á þann hátt, sem fyrir honum vakir, kæmist maður í öfgar. Þorp, sem komast yfir 300 íbúa, ganga inn í sjóði kaupstaðanna. Sama er að segja um menn, sem koma úr sveitum í kaupstaðinn, að þeir njóta sjóðanna, sem þar eru fyrir.

Ég álít ekki of mikið á þennan sjóð lagt, þó að teknar séu inn tryggingar á búslóðum í Rvík. Ef farið væri að ráðum hv. þm. og myndaður sérstakur tryggingarsjóður í Rvík, yrði fyrstu árin ekki til neitt tryggingarfé. Hinsvegar myndi Rvík ekki til lengdar reynast baggi á kaupstöðunum, en myndi einmitt létta undir með þeim síðar meir. Tryggingarnar yrðu þar öruggari, m. a. af því, að í Rvík eru betri brunavarnatæki en á öðrum stöðum landsins. Aftur yrði örðugt fyrir Brunabótafél. að taka upp sérstakar tryggingar í Rvík og taka þannig á sig alla áhættuna strax.

Loks vil ég taka það fram, að ég sé ekki ástæðu til að vísa málinu til stj.

Umr. frestað.

Á 96. fundi í Ed., 16. des., var fram haldið 3. umr. um frv. (A. 433, 816, 831).

Frsm. (Ingvar Pálmason): Þetta mál var tekið af dagskrá á laugardaginn, svo að allshn. gæti athugað brtt. Þær voru svo teknar fyrir í gær, og leggur meiri hl. n. á móti þeim, en einn nm. býst við að geta fallizt á eitthvað af þeim. En nú hefir verið útbýtt nýjum brtt. í framhaldi af hinum, og litur helzt út fyrir, að það sé gert í þeim tilgangi einum, að tefja málið á síðustu stundu. (PM: Þessar brtt. lágu fyrir skrifl. á laugardaginn). Meiri hl. n. leggur á móti þessum till.

Pétur Magnússon [óyfirl.]: Það er alger misskilningur hjá hv. 2. þm. S.-M., að ég hafi ætlað að hindra eða tefja frv. með þessum brtt. Enda er það ljóst, þar sem málið er hér til 3. umr. í síðari deild, að hægt er að afgr. málið nú, jafnvel án afbrigða, þótt fram færi um það ein umr. í Sþ. Það, sem fyrir mér vakir, er aðeins það, að koma að nauðsynlegum leiðréttingum.

Mér finnst afstaða hv. 2. þm. S.-M. í þessu máli undarleg nú, þar sem hann játaði á laugardaginn, að brtt. mín um að taka Rvík sem nýjan tryggingarflokk inn í lögin hefði rétt á sér, en sagði þó nægan tíma til að breyta lögunum, þegar þar að kæmi. En mér finnst það alveg óframbærilegt, að haga löggjöf svo, að henni þurfi að breyta þegar á næsta ári.

Hér hefir oft verið fundið að tíðum lagabreyt., og það með réttu, því að oftast er breytt einhverjum lögum frá síðasta þingi. Þetta er að vísu stundum gert af breyttum aðstæðum, en oft af því, að sézt hefir yfir galla við setningu laganna.

En það, sem ég að öðru leyti vildi drepa á þau andmæli, sem komið hafa fram á móti till. minum frá þessum hv. þm. og hæstv. atvmrh., er viðvíkjandi lausafjártryggingunum. Hæstv. atvmrh. sagðist ekki sjá neina sérstaka ástæðu til þess að stofna sérstakan tryggingarflokk vegna lausafjártrygginganna, og jafnvel raunar ekki heldur þó að húseignir í Rvík yrðu teknar í eldsvoðatryggingu af Brunabótafél. Ísl., og taldi hann það ekki nema eðlilegt, að þeir sjóðir, sem þegar væru myndaðir, stæðu til tryggingar fyrir áhættu, sem af þessum nýju tryggingum hlytist. Og hv. 2. þm. S.-M. taldi, að hér væri um óverulega breyt. að ræða frá gildandi l., því samkv. þeim væri heimilt að tryggja það lausafé, sem húseigendur sjálfir eiga í hinum tryggðu húseignum. En það er í raun og veru ekki svo lítill munur á því, sem lagt er til í frv., sem hér liggur fyrir, og í gildandi l. Nú er heimild Brunabótafél. gerð alveg ótakmörkuð til þess að taka á sig eldsvoðaábyrgð, að því einu undanskildu, að það hefir ekki heimild til þess að taka verzlunarvörubirgðir í tryggingu. Mér virðist það í alla staði eðlilegt, að þó Brunabótafél. sé í raun og veru stofnað í þeim tilgangi að tryggja húseignir í kaupstöðum og kauptúnum, þá hafi það heimild til þess að tryggja það lausafé, sem húseigendur eiga í hinum tryggðu húsum. Brunabótafél. er gagnkvæmt ábyrgðarfélag, eins og kunnugt er, og þetta er í raun og veru ekki annað en nokkurskonar ívilnun, sem félögum, þ. e. a. s. húseigendum, er gefin til þess að fá lausafé sitt tryggt með sérstökum kjörum. Brunabótafél. hefir hagnazt á þeim tryggingum, sem það hefir tekið af húseigendum, og það er í raun og veru ekkert óeðlilegt við það, að þeir, sem þetta tryggingarfé eiga í rauninni, þ. e. a. s. húseigendur, fái einhver fríðindi vegna þessa hagnaðar, einmitt af því að hér er um gangkvæmt ábyrgðarfélag að ræða. Þegar verið var að setja þessi l., sem nú gilda um Brunabótafél. Ísl., á þinginu 1932, þá kom það skýrt fram í umr. og ég ætla, að það hafi komið skýrast fram hjá núv. forstöðumanni Brunabótafél., að þeir sjóðir, sem þegar voru myndaðir, væru í raun og veru eign þessara kaupstaða og kauptúna, sem skyldutryggingu hefðu haft í Brunabótafél., og einmitt fyrst og fremst með tilliti til þess voru hinar nýju tryggingar sveitabæjanna látnar mynda sérstakan flokk. Ég get ekki séð, að það væri á nokkurn hátt réttlætanlegt, að sjóður kaupstaða og kauptúna væri tekinn til þess að standast áhættu af nýjum og alveg óskyldum tryggingum, sem nú á að heimila Brunabótafél. að taka. Það hefir auk þess verið sýnt fram á, að hér er ekki um litla áhættu að ræða. Það liggja fyrir í þinginu upplýsingar um, að lausafjártryggingar hjá þessu eina innlenda félagi, sem fengizt hefir við þær almennt, hafa á undanförnum 4 árum gefið þá niðurstöðu, að mjög lítill eða enginn munur hefir verið á nettótekjum og gjöldum. Og ef nú á að lækka iðgjöldin um allt að 25%, þá benda allar líkur til þess, að hér sé um verulega áhættu að ræða. Ég er náttúrlega ekki að fullyrða, að það þyrfti endilega að verða halli hjá félaginu, en mér finnst það vera augljóst, að hér sé um þó nokkra áhættu að ræða, og svo framarlega, sem á að stofna til þessarar áhættu, þá virðist mér það rétta vera að láta þessar nýju tegundir trygginga mynda sérstakan flokk, eins og ég hefi lagt til á þskj. 831, en ekki láta áhættuna lenda á þeim þegar samansöfnuðu sjóðum kaupstaðanna eða sveitanna. Og ég hefi ekki heyrt, hvorki frá hv. 2. þm. S.-M. eða hæstv. atvmrh., nein frambærileg rök á móti þessu. Þeir geta ekki vefengt það, að það hafi verið gengið út frá því, að sjóðir, sem myndaðir eru, væru í raun og veru eign þessara manna, sem til þeirra hafa goldið hærri iðgjöld af húseignum sínum heldur en nauðsyn strangt tekið hefir krafizt. Náttúrlega er það sjálfsagt og nauðsynlegt, að sjóðir myndist, því félagið er þá fyrst komið á fastan fót og veitir þá fyrst öryggi, þegar allverulegir sjóðir eru myndaðir til þess að standa undir þeirri áhættu, sem er samfara starfsemi þess. — Ég vildi því í lengstu lög mega vænta þess, að hv. þm. líti á þetta mál með fullri sanngirni og séu ekki með neina óþarfa varasemi um það, að gera breytingar til lagfæringar á frv., því málinu er ekki stefnt í neina hættu með því. Þetta segi ég náttúrlega til þeirra, sem ekki geta aðhyllzt mína aðaltill., um að vísa málinu til ríkisstj. til frekari undirbúnings.

Frsm. (Ingvar Pálmason) [óyfirl.]: Ég skal ekki lengja umr. mikið. — Ég vil fyrst benda á það, sem lá á bak við þá fullyrðingu mína áðan, að málinu væri stefnt í hættu með því að gera á því breyt. nú. Eins og allir hv. þdm. vita, þá lágu samskonar brtt. og þessar, sem hér er um að ræða, fyrir hv. Nd. og voru felldar þar. Ef við nú hér í Ed. samþ. þessar brtt., þá leiðir af því annaðhvort, að hv. Nd. verður að ganga frá sinni skoðun — og það ætla ég henni ekki —, eða að hún tekur þetta út aftur. Og hvað leiðir af því? Það, að málið verður að fara á milli d. Það er því ekki sagt út í loftið, að málinu sé stefnt í hættu með því að vísa því til ríkisstj. (PM: Það er nógur tími til þess að láta það fara milli d.). Það liggja nú svo mikil störf fyrir þinginu og nógu erfitt er að koma þeim frá, þó ekki sé verið að gera leik að því að setja d. andspænis hvor annari.

Hvað viðvíkur þeirri brtt. hv. 2. þm. Rang., sem hann segir, að ég hafi talað um, að ætti fullan rétt á sér, þá er það rétt, en eins og málið horfir nú við, þá tel ég, að hún sé óþörf, því ef til þess kæmi, að Brunabótafél. tæki að sér tryggingar í Rvík, þá yrði að gera það með sérstökum samningi, svo það er óþarft að hafa þennan varnagla í frv. Það er hreint og beint vantraust á forstöðumanni Brunabótafél., á ríkisstj. og á því endurtryggingarfélagi, sem Brunabótafél. kemur til með að tryggja í, að halda því fram, að lífsnauðsyn sé að hafa þetta í l. Hitt er annað mál, að þessi ráðstöfun er réttmæt, og það kannast allir við, að tryggingin í Rvík á að mynda sérstakan flokk. En það sjá allir, að það er óþarft að setja ákvæði um það í l., að svo skuli vera.

Hv. 2. þm. Rang. taldi það óvarlegt, að auka nú rétt Brunabótafél. til þess að taka þátt í

tryggingu lausafjár, annars heldur en vöru-birgða. Ég verð að segja, að ég tel þetta, af þeirri reynslu, sem fengin er, óþarfa varasemi. Brunabótafél. Ísl. hefir fengið að tryggja lausafé fyrir þá húseigendur, sem tryggt hafa hús sín í félaginu, og árangurinn er sá, að það getur nú boðið betri kjör heldur en önnur félög, sem keppa um þetta. Og þessar tryggingar hafa svarað hagnaði, þannig að það hefir myndazt talsverður sjóður. Að vísu er starfstíminn stuttur, en mér finnst allt benda til þess, að það sé óréttmætt að banna félaginu að taka þátt í þessari vátryggingarstarfsemi, því þetta er félag vátryggjenda yfirleitt í landinu, sem hefir unnið sig upp með varfærni, og árangurinn hnígur allur í þá átt, að fyrir starfsemi þess hafi bætzt stórkostlega kjör vátryggjenda í landinu. Og ég vil benda á það, að áður en l. um Brunabótafél. Ísl. voru endurskoðuð og þeim breytt 1932, þá var það svo, að í sveitunum voru önnur félög, sem tóku að sér brunatryggingar, og ég hygg, að þess hafi fundizt dæmi, að þessi félög hafi tekið allt að 100% hærri iðgjöld heldur en Brunabótafél. Ísl. Bendir þetta nú til þess, að það sé réttmæt ráðstöfun af Alþ. að banna þessu félagi að taka þátt í opinberri starfsemi með lausafé? Ég segi nei. Það er að misbjóða félaginu og því trausti, sem það hefir áunnið sér, og vanþakka þann árangur, sem af starfsemi þess hefir leitt til hagsbóta fyrir vátryggjendur. Ég vænti því fastlega, að allar þessar brtt. verði felldar, af því að ég lít svo á, að hér sé gott mál á ferðinni, sem ekki sé rétt að setja í hættu núna síðustu dagana.

Pétur Magnússon [óyfirl.]: Ég hefi satt að segja enga skoðun látið í ljós um það, hvort það ætti að heimila Brunabótafél. Ísl. að taka frekari tryggingar á lausafé heldur en þegar er orðið. Ég hefi bara sagt það, að eins og þetta liggur fyrir nú er ómögulegt að vefengja það með rökum, að félagið bætir á sig áhættu fram yfir það, sem nú er. Það getur vel verið, að réttmætt sé að leyfa því að færa út kvíarnar og auka sína starfsemi, en þá verður að gera grein fyrir því, á hvern hátt það eigi að vera. En það, sem ég hefi haldið fram, er það, að ekki sé réttmætt að láta þá nýju áhættu, sem óvefengjanlega er samfara þessari starfsemi, lenda á þeim sjóðum, sem þegar eru myndaðir og eru í raun og veru eign ákveðinna aðilja, þeirra, sem vátryggja í félaginu húseignir í kaupstöðum utan Rvíkur. Hv. 2. þm. S.-M. virðist vera þeirrar skoðunar, að það liggi í frv. eins og það er nú, að tryggingar á húseignum í Rvík, eigi að mynda sérstakan flokk. En það gerir það ekki eftir frv. eins og það nú liggur fyrir. Og hv. þm. heyrðu þau orð hæstv. atvmrh. um daginn, að hann teldi í alla staði eðilegt, að sjóðir, sem þegar væru myndaðir, stæðu einnig til tryggingar fyrir þessari nýju áhættu. Ég skildi a. m. k. orð hæstv. ráðh. þannig, og ég held, að ég hafi skilið þau rétt. En ef Brunabótafél. á að færa út kvíarnar með lausafjártryggingar fram yfir það að tryggja lausafé fyrir menn, sem skyldutryggingu hafa á húsum í félaginu, þá álít ég, að það sé sjálfsagt, að þær tryggingar séu látnar mynda nýjan flokk í félaginu, flokk, sem ríkisábyrgðin, 800 þús. kr., mundi að sjálfsögðu standa til tryggingar fyrir, en ætti svo að safna sínum eigin sjóð og verða með tímanum megnugur þess að standa undir sinni eigin áhættu. Ég get ekki séð neina ástæðu til þess að blanda þessari tryggingu saman við þá skyldutryggingu, sem félagið hefir rekið fram að þessu. Og ég efast um, að þeir, sem þessa sjóði hafa myndað, þar á meðal margir kjósendur hv. 2. þm. S.-M., séu honum nokkuð þakklátir fyrir það að stuðla að því að leggja á þessa sjóði áhættu, sem af þessari nýju starfsemi leiddi. Ef félagið á á annað borð að fá rétt til þess að reka lausafjártryggingar í stærri stíl heldur en það hefir gert og á annan veg, þá eiga þær tryggingar að geta staðið undir sér sjálfar. Það verður að taka það hátt iðgjald, að sjóðurinn geti af þeim myndað tryggingu eingöngu fyrir sig, þannig að þessi deild félagsins geti með tímanum átt sinn eiginn sjóð, sem stendur fyrir þeim tryggingum, sem teknar eru í þessu skyni, alveg eins og hinar deildirnar. Mér er þess vegna óskiljanlegt, að hv. þm., þó að hann að öðru leyti vilji halda fast við málið, skuli ekki geta fallizt á brtt. minar á þskj. 831. Mér finnst það veigalítil rök hjá honum, að samskonar brtt. og sumar á þskj. 816 hafi legið fyrir hv. Nd. og verið felldar þar. Fyrst og fremst er aðalbrtt. nokkuð annars efnis heldur en nokkur af þeim, sem lágu fyrir Nd., og þess vegna ekki óhugsanlegt, að d. gæti fallizt á hana, og þó svo væri, að menn gerðu ráð fyrir því, að Nd. breytti frv. aftur í það form., sem það var í, þegar það kom hingað, þá get ég ekki séð, að það réttlæti það, að Ed. gangi frá frv. á annan veg heldur en hún telur rétt vera. Ed. hefir sama rétt til að hafa áhrif á löggjöfina eins og Nd., þó að hún skipi fleiri þm. Mér finnst því hv. þm. ganga á heiður þessarar d. með því að gera kröfu til þess, að dm. hér greiði atkv. um málið öðruvísi en þeir telja réttast, af hræðslu við það, að Nd. beygi þá aftur undir sig.

Frsm. (Ingvar Pálmason) [óyfirl.]: Ég sé nú ekki ástæðu til að halda þessum umr. mikið áfram, en það var eitt atriði í ræðu hv. 2. þm. Rang., sem ég skildi ekki vel. Mér skilst hann halda því fram, að aðaltryggingarsjóðir Brunabótafél. Ísl., sem myndaðir eru að mestu leyti af skyldutryggingum, séu eign þeirra, sem þar hafa tryggt. Ég er nú búinn að tryggja þar húseign í ein 30 ár, og mér skilst þá eftir orðum hv. þm. Rang., að ég eigi einhvern hluta í þessum sjóði. En ég hefi ekki litið svo á. Það er rétt, að sjóðirnir eru myndaðir af þeim iðgjöldum, sem vátryggjendur hafa greitt. En þegar einn flokkur er búinn að mynda mjög öflugan sjóð, þá segi ég fyrir mig, að ég get ekki verið svo meinfýsinn að meina það, að sjóðurinn megi standa til tryggingar fyrir nýjum flokkum, af því að ég lít svo á, að ég eigi ekkert tilkall til þessa sjóðs. Þess vegna er það, að ég lít á þetta öðrum augum heldur en hv. 2. þm. Rang. Ég lít þannig á, að engin nauðsyn sé til þess að hafa lausafjártryggingar í sérstökum

flokki. Það er það, sem ber á milli. Þess vegna er ég á móti þessum brtt. Sú eina, sem ég teldi að gæti komið til mála, er sú, sem snertir það, að Reykjavík, ef til kæmi, skuli mynda sérstakan áhættuflokk. Ég lít svo á, að varasjóður Brunabótafél. sé eign stofnunarinnar, en ekki þeirra, sem skipt hafa við hana, því ég veit ekki til þess, að það sé neinn lagastafur fyrir því, að vátryggjendur eigi rétt á því að fá endurgreiðslu. Og það er ekki hægt að útfæra þessa hugmynd hv. 2. þm. Rang. út í yztu æsar, að hver nýr vátryggjandi eigi eiginlega að bera áhættu af sínum tryggingum. Það bætast alltaf við ný hús, sem tryggð eru í Brunabótafél. Ísl., og ég veit ekki betur heldur en að sá, sem byggir hús sitt í ár, telji sig hafa fullan rétt til þess, að fyrir vátryggingu þess standi sá sameiginlegi brunabótasjóður, sem þegar er myndaður. Ég sé því ekkert því til fyrirstöðu, að hann standi til áhættu fyrir nýrri starfsemi félagsins.

Pétur Magnússon [óyfirl.]: Það er mesti misskilningur hjá hv. 2. þm. S.-M., að ég hafi haldið því fram, að tryggingarsjóðir Brunabótafél. Ísl. væru séreign þeirra, sem vátryggt hefðu hús sín þar. Það, sem ég hefi haldið fram, er ekki annað en það, að tryggingarsjóðirnir séu óskiptanleg sameign þeirra kaupstaða og kauptúna, sem skyldutryggingu hafa haft í félaginu. Og það er mesti misskilningur, ef hann heldur, að þetta sé þýðingarlaust fyrir hlutaðeigandi kaupstaði og kauptún. Það hefir mikla þýðingu fyrir þau, einmitt af því að þetta skapar möguleika til þess að lækka vátryggingargjöldin frá því, sem nú er. Eftir því sem sjóðnum vex fiskur um hrygg, því meiri eru möguleikarnir til þess, að iðgjöldin geti lækkað frá því, sem verið hefir. Og ég get ekki séð nokkra ástæðu til þess að nota þessa sjóði til þess að styrkja menn hér í Rvík eða annarsstaðar til þess að tryggja lausafé sitt. Ég hefi ekki komið auga á, að það séu svo mikil vandkvæði á því að standa straum af brunabótatryggingum á lausafé, að ástæða sé til að veita ríkisstyrk eða taka af þessum sameiginlega sjóði kaupstaðanna til þess að standast þessa áhættu. Ef félagið á að færa út starfsemi sína, þá verður að haga iðgjöldunum þannig, að nýr sjóður geti myndazt, sem getur staðið undir sér sjálfur. — Þetta er í mínum augum augljóst mál.

ATKVGR.
Till. frá 2. þm. Rang. um að vísa málinu til ríkisstj. felld með 9:7 atkv.
Brtt. 816,1 felld með 9:6 atkv.
— 831,1 felld með 8:6 atkv.
— 831,2 felld með 8:6 atkv.
— 816,2 felld með 8:6 atkv.
— 816,2 felld með 9:7 atkv.
Frv. samþ. með 9:7 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 866).

71. Bæjarstjórn í Neskaupstað.

Á 78. fundi í Nd., 20. nóv., var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 47 7. maí 1928, um bæjarstjórn í Neskaupstað (þmfrv., A. 581).

Á 80. fundi í Nd., 22. nóv., var frv. tekið til 1. umr.
Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 18 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

Flm. (Jónas Guðmundsson): Ég þarf ekki að hafa langa framsögu fyrir þessu máli. Aðalatriðið er tekið fram í grg., og eins og þar er sagt, er ástæðan fyrir því, að þetta frv. er borið fram, sú, að við teljum af fenginni reynslu undanfarinna 8 ára, að það fyrirkomulag, sem nú er á skipun þessara mála, sýni, að það er óheppilegt bæði fyrir bæjarfógetaembættið og bæjarstjóraembættið, að þau séu sameiginleg.
Það er gert ráð fyrir, að þetta hafi í för með sér um 1 þús. kr. útgjöld fyrir ríkissjóð. En þess ber að gæta, að eftir eitt ár fær þessi viðkomandi starfsmaður aldursuppbót, sem nemur um 400 kr., og auk þess dýrtíðaruppbót, svo að kostnaðaraukinn verður ekki eins mikill eins og lítur út fyrir í fljótu bragði.
Ég vænti þess, að þingið líti á það, að þessu bæjarfélagi sé leyft að skipa svo málum sínum, eins og öðrum bæjarfélögum í landinu, og verði vel við þessari breyt., sem farið er fram á í frv. Og vil ég að lokinni þessari umr. mælast til, að því verði vísað til 2. umr. og til allshn., sem svona mál fara venjulega til.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 18 shlj. atkv. og til allshn. með 20 shlj. atkv.

Á 87. fundi í Nd., 30. nóv., var frv. tekið til 2. umr. (A. 581, n. 652).
Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 20 shlj. atkv.

Frsm. (Garðar Þorsteinsson): N. mælir með, að frv. nái fram að ganga. Frv. er flutt, eins og segir í grg., eftir beiðni bæjarstj. Neskaupstaðar og gengur í þá átt, að skipta embættunum þannig, að þar verði sérstakur bæjarstjóri.
Sé ég ekki ástæðu til að ræða þetta frekar, en vísa til grg.

Hannes Jónsson [óyfirl.]: Ég skil ekki, hver er raunverulega tilgangur þessa frv. Eftir grg. að dæma lítur út fyrir, að ef embættunum yrði skipt, yrði minni vinna við þau en ef þau eru sameinuð. Ég fæ ekki séð, hvernig það megi verða. Þessi maður hefir nú 2 menn sér til aðstoðar í skrifstofunni, sem eru launaðir af bæjarsjóði. En svo hefir hann auk þess 2500 kr. úr ríkissjóði í skrifstofufé. En til hvers er það, ef hann þarf þess ekki til mannahalds? Mér finnst eftir þessum upplýsingum, sem hér liggja fyrir, ástæða til að athuga l. um skrifstofufé sýslumanna, því að vitanlega er ekki

ætlazt til þess, að skrifstofuféð eigi að létta réttmætum gjöldum af bæjarsjóði.

Ég hefði haft löngun til þess að heyra nánar skýrt frá þessu máli, skýrt frá því, sem raunverulega hlýtur að liggja til grundvallar fyrir því, því að það getur ekki verið það, sem nefnt hefir verið, að það sé svo mikil þörf á að skipta ekki umfangsmeira embætti en þetta er. Kostnaðaraukinn við þetta getur orðið talsverður, því að það mun ekki líða á löngu, þangað til hvor þessara embættismanna fyrir sig verður að fá aðstoðarmann, og l. um skrifstofufé embættismanna gera ráð fyrir því hreint og beint, að bæjarfógeti verði að hafa aðstoð í embætti sínu, og ég geri ekki ráð fyrir, að sú þörf hafi minnkað síðan 1933.

Hér er að vísu ekki að ræða um mikla aukningu á útgjöldum ríkissjóðs til að byrja með, en ég býst við, að það geti farið hækkandi, enda trúi ég því vart, að þessi embættismaður sætti sig við 3600 kr., þegar hann hefir haft 2500 frá ríkissjóði og 3000 frá bæjarsjóði, eða samtals 5500 kr. Ég trúi því ekki, að hann sætti sig við, að launin lækki þannig um nærri því 2000 kr. Þetta er, hygg ég, gert til þess að gera framkomu frv. líklegri nú í svipinn, láta þetta spor vera þannig, að það sé sem léttast fyrir þingið að stíga það. Að vísu er hér um lítið mál að ræða, en það er ekki það, sem hér skiptir mestu máli, heldur stefnan, sem mér finnst vera varhugaverð, þar sem á að skipta störfum, sem eru ekki meiri en teljast verður hæfilegt, að einn maður geti leyst af hendi með þeirri sjálfsögðu aðstoð, sem öllum þessum embættum fylgir, hvað sem hver segir um það.

Ég fyrir mitt leyti treysti mér ekki til að fylgja þessu frv.

Þó að hér sé ekki um stór útgjöld að ræða, þá tel ég, að hér sé um svo mikilsverða stefnubreyt. að ræða, að ekki megi láta málið fara áfram athugasemdalaust og með hálfgerðum ef ekki fullkomnum blekkingum um það, hverjar afleiðingar það hafi fyrir ríki og bæjarfélag.

Jónas Guðmundsson [óyfirl.]: Ég hélt, að þessi sjálfsagða breyt. á l. um bæjarstj. í Neskaupstað mundi ekki mæta mótspyrnu í þinginu, enda hefir það ekki orðið hjá hv. allshn., sem mælir með, að það verði samþ. óbreytt, og get ég verið henni þakklátur fyrir það. En hv. þm. V.-Húnv. fann hvöt hjá sér til að finna að því, að þetta frv. mundi valda einhverri stefnubreyt. eða gefa óheppilegt fordæmi, sem síðar yrði farið eftir. Ég veit ekki, hvað því veldur, að honum dettur þetta í hug, og geri ég ráð fyrir, að hv. þm. slái þessu fram til þess að láta málið ekki fara umræðulaust í gegnum þingið, heldur en að hann meini nokkuð með þessu. Mér skildist á ræðu hv. þm., að svo gæti farið, að í framtíðinni gæti þessi breyt. leitt til aukinna útgjalda fyrir ríkissjóð. Og því ber ekki að neita, að þetta frv. fer fram á nokkur hundruð kr. launahækkun til bæjarfógetans í Neskaupstað. En ég hygg, að tilgangur þessa hv. þm. og máske annara, sem eitthvað hafa við þetta frv. að athuga, sé sá, að búizt er við, að á næsta ári verði gerð breyt. á launalögunum og launakjör embættismanna endurskoðuð, og þá um leið laun þessa bæjarfógeta eins og önnur. Nú ætla ég, að sýslumenn í lægsta launaflokki hafi 4200 kr. í byrjunarlaun, en þessum bæjarfógeta eru ekki ætluð nema 3600 kr. laun, án þess að þau eigi að hækka, en vitanlega fær hann dýrtíðaruppbót á launin, eins og hún er ákveðin á þessum launaskala. Þetta eru því langlægstu laun, sem sýslumönnum og bæjarfógetum eru greidd; en gert er ráð fyrir, að hann fái 2500 kr. í skrifstofufé, og verða þá laun hans og skrifstofufé samtals 6500 kr. Það er margfalt minna en hjá öðrum sýslumönnum, miðað við þann vinnukraft, sem á þarf að halda. Hvað því viðvíkur, að kostnaðurinn minnki, ef starfinu er skipt á þann hátt, er frv. fer fram á, þá er það nú svo, að ríkissjóður greiðir bæjarfógetanum í laun 2500 kr. á ári, og bæjarsjóður 3000 kr.; en það mundi samanlagt tæplega nægja bæjarfógetanum sjálfum. Þar að auki þarf kaupstaðurinn að leggja til aðalskrifstofumann og ennfremur lögregluþjón. Lögregluþjónninn mun að vísu aðstoða hann eftir sem áður, en fullir ⅔ af launum núv. skrifstofumanns mundu sparast.

Bæjarstj. Neskaupstaðar lítur svo á, að einn maður geti tæplega annað báðum þessum störfum svo að viðunanlegt sé, og að þá verði bæjarstjórastörfin fremur útundan. Þess vegna förum við fram á þá breyt., sem í frv. felst. Ég held það sé rétt, sem stendur í grg. frv., að væri starfinu skipt, mætti ætla, að væntanlegur bæjarstjóri gæti annað bæjarmálunum einn að mestu leyti, eins og nú er t. d. á Seyðisfirði. En það mundi áreiðanlega verða talsverður sparnaður fyrir bæjarsjóð Neskaupstaðar, sem nú þarf að greiða 3000 kr. upp í laun bæjarfógetans og aðrar 3000 kr. til skrifstofumanns, og þar að auki laun lögregluþjóns.

Ég tel, að því verði ekki mótmælt með rökum, að ef betri skipun fæst á þessum störfum með því að skipta þeim á milli tveggja manna, eins og frv. gerir ráð fyrir, þá sé rétt að gera það. Vænti ég svo þess skilnings hjá hv. þdm. á málinu, að þeir samþ. frv. óbreytt. Þeim, sem til þekkja í þessum kaupstað og hlut eiga að máli, mundi þykja vænt um það, af því að þeir telja þetta mikla umbót.

Ég sé enga hættu fólgna í þessu fyrir ríkissjóð. Launin eru alveg fastbundin samkv. launalögum. Breyt. á launalögunum er í vændum, og liggur raunar fyrir þessu þingi. Það má að sjálfsögðu ganga út frá því sem gefnu, að sú vinna, sem lögð hefir verið í það mál, verði ekki látin falla niður, heldur verði launakjörunum skipað á nýj, og ef til vill á næsta þingi.

Guðbrandur Ísberg: Án þess að ég ætli verulega inn á efni þessa frv. vil ég aðeins benda á, að frv. um skipun lögsagnarumdæma í landinu var borið fram á þinginu í fyrravetur og vísað til nefndar. N. hefir starfað á þessu þingi að launamálafrumvörpunum, og einhvern næstu daga er búizt við, að hún skili áliti sínu. Þetta frv. heyrir fullkomlega undir þá nefnd. Ég vil ennfremur benda á, að í áliti mþn. í launamálum er lagt til, að sameinuð verði bæjarfógeta-

embættið á Norðfirði og sýslumannsembættið í Suður-Múlasýslu. Ég geri ráð fyrir, að þingn., sem fjallar um launamálafrv., leggi líka til, að þetta verði gert. Þess vegna finnst mér það næsta hvatvíslegt að breyta þessu embætti í Neskaupstað til bráðabirgða, eins og hv. síðasti ræðumaður talaði um, og sé ég enga nauðsyn á því.

Það er vitað, að t. d. á Siglufirði gegnir sami maður bæjarfógeta og bæjarstjórastörfunum, og er það öllum kunnugt, að þar eru þessi störf miklu umfangsmeiri en í Neskaupstað. Sú nauðsyn, sem hv. flm. talar um í sambandi við þetta frv., er alls ekki til staðar. Það verður að teljast eðlilegast, að þetta frv. verði látið sofna nú á þessu stigi málsins. En ef hv. flm. vill ekki draga það til baka, þá liggur beinast við að flytja till. til rökst. dagskrár um að því verði vísað frá.

Páll Zóphóníasson: Ég legg til, að þessu frv. verði vísað til þeirrar n., sem fjallar um launamálin og frv. um skipun lögsagnarumdæma.

Hannes Jónsson [óyfirl.]: Ég get tekið undir till. hv. 2. þm. N.-M. og tel, að hún eigi fullan rétt á sér, enda er hv. þm. í þeirri n., sem fjallar um launamálafrv., og þetta mál á að fara til þeirrar n. Það er vitanlega alveg laukrétt, sem hv. þm. Ak. benti á um samanburðinn við Siglufjarðarkaupstað. Hinsvegar er það allt mjög hæpið, sem hv. flm. hefir sagt um málið. Að vísu viðurkenndi hann, að þessi fyrirhugaða skipting á bæjarfógeta- og bæjarstjóraembættinu á Norðfirði mundi valda útgjaldahækkun fyrir ríkissjóð, og lét það jafnvel í ljós, að hér væri aðeins um bráðabirgðaákvörðun að ræða og að laun bæjarfógetans yrðu að hækka meira síðar, af því að þetta væri svo lágt launað starf.

Hv. þm. taldi, að bæjarfélagið mundi hafa hag af þessu fjárhagslega. Það fæ ég ekki skilið. Getur bærinn fengið bæjarstjóra fyrir lægri laun en 3000 krónur? En þau laun hefir sá maður, sem nú gegnir skrifstofustörfum hjá bæjarfógetanum. Hv. þm. sagði, að bærinn þyrfti að leggja til lögregluþjón. Það verður hann að gera eftir sem áður.

En það er ekki útgjaldaukning ríkissjóðs af þessari ráðstöfun, sem gerir það aðallega að verkum, að ég er mótfallinn þessu frv., heldur sú stefna, sem hér er tekin upp, að skipta þessu starfi á milli tveggja manna. Verði farið eftir þessu fordæmi á öðrum stöðum, t. d. á Siglufirði, þar sem sami maður gegnir bæjarfógeta- og bæjarstjórastörfum, þá getur það numið talsverðri óþarfa fjáreyðslu samtals.

Ég verð því að telja það mjög óviðeigandi í alla staði að taka þetta eina atriði út úr launaflokkunum, þar sem frumvörp um skipun á launum embættis- og starfsmanna ríkisins liggja nú fyrir þingn., sem kosin var sérstaklega til þess að fjalla um þau. Ég vil því vænta þess, að hv. flm. og hv. allshn. keyri þetta frv. ekki svo hastarlega í gegnum þingið, án þess að það fái þá meðferð, sem sjálfsögð er og nú er hafin í launamálunum yfirleitt. Því að vitanlega á launamálan. að taka afstöðu til þessa embættis, bæjarfógetans í Neskaupstað, eins og annara.

Jónas Guðmundsson [óyfirl.]: Út af því, sem hv. þm. Ak. hélt fram, að ákvæði þessa frv. brytu á einhvern hátt í bág við frv. það, sem liggur fyrir þinginu um breytta skipun á lögsagnarumdæmum í landinu, þá fæ ég ekki séð, að það hafi við neitt að styðjast. Því vitanlega dettur engum í hug, að breyt. eða samsteypa lögsagnarumdæma fari fram fyrr en embætti losnar í einhverju af þeim lögsagnarumdæmum, þar sem breyt. á fram að fara. Hlutaðeigandi embættismaður verður ekki rekinn frá, heldur beðið eftir því, að embættið losni. Þess vegna er það hverjum manni ljóst, að þó að á þessu þingi verði samþ. lög um sameining einstakra lögsagnarumdæma í landinu, t. d. sameining bæjarfógetaembættisins í Neskaupstað við sýslumannsembættið í Suður-Múlasýslu, þá mundi sú breyt. ekki koma til framkvæmda fyrr en annarhvor þeirra manna, sem nú gegna þessum störfum, léti af embætti; þá tæki hinn við báðum embættunum. Ég hefi a. m. k. alltaf skilið þetta þannig. Þess vegna hefir það engin áhrif á þetta, hvort bæjarfógeta- og bæjarstjórastörfin í Neskaupstað eru aðskilin eða sameinuð.

Þá minntist hv. þm. á, að bæjarfógetinn á Siglufirði gegndi jafnframt bæjarstjórastörfum þar, eins og gert væri í Neskaupstað; og það er alveg rétt, þessi tvennskonar störf eru sameinuð í tveimur kaupstöðum á landinu. En það er aðgætandi, að á Siglufirði greiðir bæjarsjóður aðeins 500 kr. til bæjarfógetans fyrir það, að hann gegnir forsetastörfum í bæjarstj. kaupstaðarins; en að öðru leyti greiðir ríkissjóður öll bæjarfógetalaunin á Siglufirði. M. ö. o. ríkissjóður greiðir allan kostnað við bæjarfógetaembættið þar, en bæjarsjóður ekki nema lítilfjörlega þóknun fyrir yfirstjórn bæjarmálanna. Auk þess má á það benda, að í Siglufjarðarkaupstað annast sérstök skrifstofa um öll hafnarmál bæjarins, og er kostnaðurinn við þá skrifstofu greiddur úr hafnarsjóði. En í Neskaupstað heyra öll bæjarmálefni undir skrifstofu bæjarins, eins og tíðkast í smærri kaupstöðum hér á landi.

Um till. hv. 2. þm. N.-M., að vísa frv. til launamálan., er það að segja, að á hana get ég ekki fallizt, enda hefir hún enga aðra þýðingu en þá, að drepa málið, og þá er eins gott að gera það strax hreinlega. Ég fæ ekki séð, að hv. launamálan. hafi neitt við þetta frv. að gera. Frv. gerir ráð fyrir, að þessi störf, sem þar um ræðir, verði aðskilin og að bæjarfógetinn verði ekki bæjarstjóri eftirleiðis. Ég tel það því langsamlega eðlilegast og hreinlegast, annaðhvort að ganga af frv. dauðu nú þegar hér í d. eða lofa því að ganga áfram gegnum þingið.

Ég tel það hið mesta sanngirnismál að leyfa bæjarstj. Neskaupstaðar að skipta þessum störfum í tvennt. Það þótti að ýmsu leyti athugavert, þegar bæjarfógetaembættið í Neskaupstað var stofnað, að láta sama mann gegna bæjarstjórastörfum, en af því að þetta var gert á Siglufirði, þá var litið á það sem fullgilt fordæmi. Þessi störf eru þó í raun og veru tvískipt á Siglufirði, þó að bæjarfógetinn hafi þar at-

kvæðisrétt í bæjarstj. og sé forseti hennar á fundum.

Um ræðu hv. þm. V.-Húnv. þarf ég ekki að fjölyrða; ég get sagt honum það, að auk þess sem bæjarfélagið í Neskaupstað greiðir ritara bæjarfógetans laun og einum lögregluþjóni, þá leggur það fram dálitla þóknun, eða 600 kr., að auki.

Á Seyðisfirði annast einn maður bæjarstjórastörfin, með litilsháttar aðstoð í skrifstofu part úr árinu. En það er sú lausn, sem stefnt er að með þessu frv. fyrir Neskaupstað, því að mannfjöldi er mjög svipaður í þessum kaupstöðum. Það getur oft valdið óþægilegum árekstrum, ef sami maður gegnir báðum störfunum, og kemur það þá venjulega niður á bæjarfélaginu, og einkum framkvæmdamálum bæjarins, þannig að þau verða á hakanum, en bæjarfógetastörfin sitja fyrir. — Að lokum endurtek ég það, sem ég áður sagði, að ef hv. þdm. vilja ekki unna íbúum Neskaupstaðar þess réttar, er í frv. felst, þá álít ég hreinlegra af þeim að ganga af frv. dauðu nú þegar heldur en að vísa því út í bláinn til launamálan.

Guðbrandur Ísberg: Ég hlustaði með mikilli athygli á ræðu hv. 6. landsk. og gat ekki heyrt, að hann færði nein gild rök fyrir því, að forsvaranlegt sé af honum að ætla hv. þd. að hlaupa fram fyrir skjöldu með afgreiðslu á svona máli, þegar það er vitað, að þingnefnd er að afgr. frv. til breyt. á lögsagnarumdæmum í landinu. Hv. flm. hefir ekki bent á neitt, sem gerir það svo bráðnauðsynlegt fyrir Neskaupstað að tviskipta störfum núv. bæjarfógeta, árinu fyrr en ætla má, að það geti orðið með eðlilegum hætti. Nú veit hv. þm. það, sem ég áður gat um, að í öðrum stærri kaupstað gegnir sami maður bæjarfógeta- og bæjarstjórastörfum. Siglufjarðarkaupstaður er miklu stærri en Neskaupstaður, bæjarmálin víðtækari og allur atvinnurekstur miklu umfangsmeiri, einkum síðari hluta sumars og á haustin, og veldur það gífurlegri fyrirhöfn, sérstaklega fyrir bæjarstjórnina. Ég vil því enn beina því til hv. flm., að hann taki þetta frv. aftur; mér finnst það eðlilegra. En ef hann gerir það ekki, þá sé ég ekki annað en að hv. þdm. verði að bregða fæti fyrir það og fella það. — Hv. 2. þm. N.-M. lagði til, að því yrði vísað til launamálan. Ég hefi í sjálfu sér ekkert á móti því, en ég viðurkenni fúslega, að það er rétt, sem hv. 6. landsk. sagði, að frv. á í raun og veru ekkert erindi þangað, því að n. gerir ekkert við það.

Inn á málið sjálft ætla ég ekki að fara, en þar sem hv. 6. landsk. skaut því fram, að bæjarfógetinn ætti að fá 3600 krónur í laun, auk skrifstofufjár, eftir að búið er að losa hann við bæjarstjórastörfin, þá er það ekki jafnlítið og lægstu byrjunarlaun sýslumanna, eins og hann sagði, heldur töluvert hærra. Og eftir því sem ég veit bezt, þá mun þessi bæjarfógeti ekki vera búinn að ná fyrstu aldursuppbót, sem svarar til þessara launa. Hann mundi því koma til með að fá um 600 kr. hærri laun, ef þetta frv. nær fram að ganga. Ég gæti sannað þetta nákvæmlega með tölum, og mun gera það, ef hv. 6. landsk. óskar eftir því, en læt að þessu sinni nægja að benda á þetta.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 17:8 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: SE, StJSt, TT, BJ, BB, EE, EmJ, EystJ, FJ, GÞ, HV, JakM, JJós, JG, MT, PÞ, JörB.

nei: SK, GÍ, HannJ, JónP, JS, PZ, PHalld, PO.

BÁ, GG, GSv, SigfJ greiddu ekki atkv.

Fjórir þm. (ÞorbÞ, ÁÁ, JÓl, ÓTh) fjarstaddir.

2.—5. gr. samþ. með 14:6 atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 16:4 atkv.

Till. um að vísa frv. til launamn. felld með 15:12 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: EE, GSv, GÍ, HannJ, JónP, JS, MT, ÓTh, PZ, PHalld, PO, SK.

nei: EmJ, EystJ, FJ, GÞ, HV, JakM, JG, PÞ, SigfJ, SE, StJSt, TT, ÞorbÞ, BB, JörB.

BÁ greiddi ekki atkv.

Fimm þm. (GG, JJós, JÓl, ÁÁ, BJ) fjarstaddir.

Á 88., 89., 90., 91., 92. og 93. fundi í Nd., 2., 3., 4., 5., 6. og 7. des., var frv. tekið til 3. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 94. fundi í Nd., 9. des., var frv. enn tekið til 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 15:5 atkv. og afgr. til Ed.

Á 90. fundi í Ed., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 581).

Á 93. fundi í Ed., 12. des., var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 9 shlj. atkv. og til allshn. með 10 shlj. atkv.

Á 96. fundi í Ed., 16. des., var frv. tekið til 2. umr. (A. 581, n. 817).

Frsm. (Ingvar Pálmason): Þetta frv. er komið frá Nd. og var flutt þar af hv. 6. landsk. eftir beiðni bæjarstj. Norðfjarðar. Frv. gekk óbreytt og andmælalaust í gegnum þá deild og allshn. hér leggur til, að frv. verði samþ.

Í grg. frv. er drepið á ástæðurnar til þess og skýrt frá því, hvaða breyt. frv. geri á afstöðu þess embættismanns, sem hér ræðir um, til ríkissjóðs. Ætlazt er til, að launin hækki um 1100 kr. Það hefir komið fram í þessum kaupstað, að það fyrirkomulag hefir reynzt óheppilegt, að lögreglustjóri væri jafnframt bæjarstjóri, enda hafa engin bæjarfélög, nema Siglufjörður, slíka tilhögun lengur. Það er ljóst, að óheppilegt er, að sami maður annist innheimtu bæði fyrir bæjar- og ríkissjóð, og eðlilegt, að bæjarsjóður mæti fremur afgangi, þegar lögreglustjóri, sem er embættismaður ríkisins, innheimtir gjöld

fyrir báða aðilja. Það er líka óheppilegt, að sami maður og á að innheimta fremji lögtök og kveði upp úrskurði. Það hefir hvarvetna reynzt óvinsælt, enda alstaðar afnumið, nema á Siglufirði. En þar er bæjarfógeti litið launaður úr bæjarsjóði, svo að bæjarsjóður hefir haft efni á því að kaupa honum aðstoð. En í Neskaupstað verður bærinn að greiða bæjarfógeta 3000 kr., auk skrifstofukostnaðar. Það er því eðlilegt, að nokkur óánægja sé með það, að sá maður verði að láta störf sín í þágu ríkisins ganga fyrir, af því að hann er talinn embættismaður þess.

Eftir till., sem liggja fyrir um breyt. á umdæmum sýslumanna, er gert ráð fyrir, að sýslumaðurinn í Suður-Múlasýslu verði jafnframt bæjarfógeti í Neskaupstað. Þetta frv. ætti frekar að greiða fyrir þeirri breyt. Með þessu vil ég þó ekkert um það segja, hvort sú ráðstöfun er heppileg eða ekki. — Eins og ég hefi þegar sagt leggur allshn. til, að frv. verði samþ.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 9:1 atkv.
2.—5. gr. samþ. með 9:1 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 11:1 atkv.

Á 98. fundi í Ed., 18. des., var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 9 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 897).

72. Nýbýli og samvinnubyggðir.

Á 28. fundi í Nd., 14. marz, var útbýtt:
Frv. til l. um nýbýli og samvinnubyggðir (þmfrv., A. 109).

Á 35. fundi í Nd., 22. marz, var frv. tekið til 1. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 36. fundi í Nd., 23. marz, var frv. aftur tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 19 shlj. atkv. og til landbn. með 17 shlj. atkv.

Á 90. og 91. fundi í Nd., 4. og 5. des., var frv. tekið til 2. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 92. fundi í Nd., 6. des., var frv. enn tekið til 2. umr. (A. 109, 672, n. 673, 694).

Frsm. (Bjarni Ásgeirsson): Landbn. hefir orðið sammála um að mæla með því, að þetta frv. verði samþ. N. lítur svo á, að eins og nú er komið háttum hér í atvinnumálum, þá sé það orðin brýn nauðsyn og megi ekki dragast að gera róttækar ráðstafanir til þess að hefta að einhverju leyti þá miklu þjóðflutninga, sem nú undanfarin ár hafa legið úr sveitinni að sjónum. (TT: Hv. þm. hefði átt að halda þessa ræðu í dag). Það hefir mátt heimfæra þennan fólksstraum undir máltækið: Lengi tekur sjórinn við. Það hefir verið svo nokkra tugi ára, að kaupstaðirnir hafa getað tekið á móti fólkinu opnum örmum. Þeir hafa tekið á móti ekki einungis allri fólksfjölgun í landinu, heldur meiru. Svo er nú líka komið, að í þeim kaupstöðum, sem myndazt hafa á tæpum mannsaldri, býr nú helmingur allra landsmanna. Það er hægt að gleðjast yfir því, að það skyldu vera skilyrði við sjóinn, sem sköpuðu þessu fólki afkomumöguleika. Meðan svo var háttað viðskiptum í heiminum, að hægt var að framleiða eftir vild, vegna þess að við höfðum leyfi til að selja hvar í heiminum sem var, stóðum við Íslendingar vel að vígi með framleiðslu afurða. Vegna vorra ágætu fiskimiða höfum við mjög góða aðstöðu til að keppa við aðrar þjóðir á þessu sviði. En nú er svo komið, að það er þýðingarlaust að framleiða mikið af fiski, því að markaðirnir eru lokaðir í mörgum löndum. Og þetta kemur fram í vaxandi og auknu atvinnuleysi, sem lítur út fyrir, að haldi áfram eða versni. Þessi stefna hefir komið niður á kaupstöðunum, ekki bara mönnum, sem framleiða fisk eða verka, heldur líka öðrum kaupstaðarbúum, t. d. þeim, sem lagt hafa fyrir sig verzlun. Þegar verzlunarhömlurnar aukast, þá minnka um leið atvinnumöguleikar verzlunarmanna.

Þó að á síðustu árum hafi risið upp atvinnuvegur, sem eflaust á framtíð fyrir sér, sem sé iðnaður, þá gerir hann ekki meira en taka á móti þeim úr kaupstöðunum, sem ofannefndar atvinnugreinir geta ekki lengur séð fyrir. Þetta segir sig sjálft. Verður því að sjá á annan hátt fyrir fjölgun þjóðarinnar, og liggur því opið fyrir, að eðlilegast er, að fjölgunin í sveitunum eignist framtíðarmöguleika í sveitunum sjálfum. En það er ekki hægt nema því aðeins, að býlunum sé fjölgað, er skapa fleiri mönnum skilyrði til atvinnurekstrar. Og þetta frv. er einmitt fram komið í þessum tilgangi.

Nú má segja, að sömu ástæðurnar og valda því, að sjávarútvegur og verzlun ganga saman, valdi líka því, að sveitirnar gangi saman; nú séu takmarkanir á því, hvað við getum flutt út og selt af landbúnaðarafurðum. Það er að vísu rétt, en þó eru möguleikar fyrir framleiðslu í sveitum, sem ekki byggjast á útlendum markaði svo mjög sem sjávarútvegurinn: Landbúskapurinn er ekki uppgripamikill, en hann hefir í sér fjölbreytni og seiglu, svo að unnt er að lifa af honum, þó að ekki sé mikið selt. Og á því verður fjölgunin í sveitunum að byggjast, að þeir, sem stofna nýju býlin, noti sem mest sjálfir af því, sem þeir framleiða. Það verður lífsnauðsyn að beina landbúnaðinum inn á það svið, að sveitirnar verði meira sjálfbjarga en verið hefir. Hin mikla verzlunarútþensla, sem verið hefir í heiminum undanfarið, hefir orsakað

það, að bændur hafa selt meira en gott er úr búum sínum, og orðið að kaupa annað að. Það segir sig sjálft, að þegar þrengir að um sölu á landbúnaðarafurðum erlendis, þá verður að nota þá markaðsmöguleika fyrir framleiðsluna, sem bjóðast í landinu sjálfu. Það hefir staðið í vegi, að bændur eru skuldum hlaðnir, vegna umbóta á jörðum sínum og kostnaðar af þeim, og vegna margskonar öfugstreymis í hlutföllum milli afrakstrar eða verði framleiðsluvaranna og skuldaþungans. Því neyðast þeir til að selja meira út úr búunum en æskilegt er og kaupa meira í staðinn en hollt er. En þetta verður að breytast.

Ég ætla svo ekki að hafa lengri inngang, en snúa mér að brtt. n. Þær eru allvíðtækar, á þskj. 672. N. stendur saman að flestum brtt. (**HannJ**: Þessi ræða ætti ekki að flytjast nú, þegar flestir eru farnir úr d.). Ég get ekki neytt menn til að hlusta á mig, fyrst áhuginn er ekki meiri en raun ber vitni. — Eins og tekið er fram í nál., þá lágu fyrir n. 2 allmiklir lagabálkar, annar borinn fram af hv. þm. V.-Húnv. og hv. 2. landsk., en hinn af þremur þm., sem þar greinir, á þskj. 109. N. hefir lagt síðara frv. á þskj. 109 til grundvallar fyrir till. sínum, en ber hinsvegar fram margar brtt. Margar af þeim eru efnisbreyt., en sumt aðeins orðabreyt. við frv., því að það var losaralega byggt, og hefir n. reynt að færa það til betra máls. Hefir n. lagt í frv. mikla vinnu og lagað það sem tími var til. Ef til vill hefði verið þörf að liggja lengur yfir því, en n. áleit þörf að koma málinu fram. — Ég skal svo fara út í nokkrar brtt.

1. brtt. er efnisbreyt. við 1. gr. frv., þar sem tekin er fram ákveðin prósenttala af fjölgun þjóðarinnar, sem stefnt er að að skapa skilyrði fyrir í sveitunum. N. þótti óþarflega nákvæmlega til orða tekið og vill heldur, að þar standi „sem mestur“ hluti þjóðarinnar, enda segir það allt.

Við 2. gr. er brtt. um það, að ekki skuli allt af skylt að setja landamerki við ný býli, ekki nema þörf sé á því, en það er oft engin nauðsyn og ekki heppilegt, t. d. er oft gott, að beitiland sé óskipt.

Þá er brtt. við 4. gr. um það, að færa lágmark býlafjölda samvinnubyggðanna úr 10 niður í 5. N. lítur svo á, að eitt af aðalskilyrðunum sé það, að samhentir menn standi að samvinnubyggðunum og betra sé, að veljist 5 samhentir menn heldur en 10 ósamstæðir. Auk þess getur oft verið svo ástatt, að gott land sé til samvinnubyggða fyrir 5 en ekki fleiri.

Þá koma nokkrar brtt., sem ég ætla ekki að fara um mörgum orðum, því að þær eru að mestu leyti umorðun á frv., en ekki efnisbreyt. Brtt. við 11. og 12. gr. frv. eru orðabreyt. um það, hvernig stjórn byggðanna skuli fyrir komið. Haldið er aðalhugmyndinni, sem er í frv., en þar var ruglingslega upptalið, og orðaði n. það því upp. Stjórn nýbýlamálanna eftir till. meiri hl. n. er þannig, að landbúnaðarrh. hefir æðsta framkvæmdarvald. Undir hann er settur nýbýlastjóri, skipaður af ráðh. Þá er til aðstoðar þeim nýbýlanefnd, sem gerir till. um skipun nýbýlanna og fleira, sem ákveðið er nánar í frv.

Það var, eins og ég sagði áðan, aðalágreiningur í n. um það, hvernig stj. skyldi fyrir komið. Hv. þm. A.-Húnv. gerði ágreining og ber fram sérstaka brtt. Vildi hann, að stjórnin væri að mestu eða öllu undir Búnaðarfél. Íslands. Hinsvegar þótti öllum sjálfsagt, að náið samstarf væri milli nýbýlanefndar og Búnaðarfél., og Búnaðarfél. legði n. til alla þá reynslu, er það hefir, og samvinna yrði um allt, sem að framkvæmd l. lýtur. Jafnvel væri hugsanlegt, að skrifstofuhald yrði í félagi við Búnaðarfél. Ísl., ennfremur að búnaðarmálastjóra yrði falið af ráðh. að vera nýbýlastjóri.

14. brtt. er umorðun á því, hverjir nýbýlin reisa og hvernig hinu nýja landnámi skuli komið í framkvæmd. Það er gert ráð fyrir, að býlin séu stofnuð á þrennskonar hátt:

1. Byggð af einstaklingum, sem eiga land til umráða, þannig, að jarðir skiptast í tvennt, svo að rísi 2 býli þar, sem nú er eitt.

2. Reist eru nýbýli í landi ríkis, bæjar- eða sveitarfélaga.

3. Býli reist í samvinnuhverfum, þar sem ýmislegt við stofnunina er sameiginlegt, ræktun, byggingar, girðingar og fleiri framkvæmdir. En meginreglan er þó, að búskapurinn verði sérrekstur hvers nýbýlings. Hinsvegar er heimilað í frv., að búskapurinn sé rekinn í samvinnufélagi, í heilu lagi. En ég fyrir mitt leyti hefi minni trú á slíkum rekstri og álít affarasælla, að hver bóndi hafi búrekstur fyrir sig. En n. vill ekki taka fyrir, að sameiginlegur búskapur verði leyfður undir vissum kringumstæðum.

Þá vil ég hlaupa framhjá nokkrum brtt., sem ekki eru efnisbreyt., og sný mér að brtt. við 20.—22. gr.

18. og 20. brtt. eru um byggingarfyrirkomulag á býlum, sem eru í opinberri eign, í landi sveitar eða bæjarfélaga eða ríkisins. Það er ákveðið í gr., hvernig fyrirkomulagið skuli vera á slíkum jörðum. En þar sem nú er orðið að l. frv. um óðalsrétt og erfðafestu, teljum við sjálfsagt, að byggingar á jörðum séu í samræmi við þau lög, og er vísað til þessa í frv.

Þá kem ég að höfuðbrtt. n. Þær eru efnisbreyt. um það, hver og hve mikill styrkur skuli vera og lán til þessara nýbýla. Í frv. er þetta mismunandi eftir því, undir hvern nýbýlaflokk nýbýlin heyra. Þar er ætlazt til, að býli byggð af einstökum mönnum hafi minni styrk en önnur, eða 3000 kr. styrk og 6000 kr. lán, þ. e. 9000 kr. samtals í styrkjum og lánum. Hinn nýbýlaflokkurinn, í landi bæjar-, sveitarfélaga eða ríkisins, fái 3500 kr. styrk og 7000 kr. lán, eða 10500 kr. til samans. En 3. nýbýlaflokkur, samvinnubyggðirnar, eiga að fá 4000 kr. styrk og 8000 kr. lán, eða til samans 12000 kr.

Okkur fannst það athugavert við frv., að þar væri gert ráð fyrir of dýrum býlum til þess mögulegt væri fyrir ríkið að koma upp svo mörgum býlum, sem til þess þarf, að verulegu skriður komist á málið. Og í öðru lagi þótti okkur gert ráð fyrir þeim of dýrum til þess, að einstaklingar geti staðið straum af þeim, svo að þeir þurfi sem minnst að selja eða borga út úr heimilinu. Ef býlin eru gerð svo dýr, að mikill hluti af framleiðslunni fer til að borga vexti og afborg-

anir af lánum, þá er komið í sömu svikamyllluna og nú er, að menn verða að selja sem mest burt af heimilunum, gera búskapinn örðugri og þrengja markaðinn utanlands og innan. Meginstefnan í búskapnum verður að vera sú, að menn þurfi sem minnst að selja, að framleiðsluna megi sem mest nota á heimilunum sjálfum.

Þá þótti okkur ekki ástæða til að gera mikinn mun á styrkjum til býlanna eftir því, hvort þau verða einstaklingsrekstur eða samvinnubyggðir. Aðalkosturinn við samvinnubyggðirnar er það, að ódýrara er að koma þeim upp, ódýrari undirbúningur á öllum mannvirkjum og byggingum. En það ætti einmitt sízt að verða til þess, að meira fé yrði veitt til þeirra, því að þau komast af með lægri kostnað, og ætti því framlagið að vera lægra en til einstaklingsbýlanna. En við vildum nú samt gera öllum flokkunum jafnhátt undir höfði og láta hámarksstyrk til þeirra allra vera 3500 kr. og hámarkslánið einnig 3500 kr. Móti þessu gerum við þeim manni, sem býlið stofnar, þá kvöð, að hann leggi móti nokkurn hluta og hlutfallslega við styrkinn og lánið, en hámarkið er þar 7000 kr., og á þá nýbýlismaðurinn að leggja fram 1500 kr. í peningum eða vinnu eða landi, eftir því hvað hann sjálfur velur. Auk þess mega fara þrjú ár til að koma býli upp, og þó nýbýlingurinn hafi ekki allt á reiðum höndum, þá má hann verja fleiri árum til að innvinna sér þann hluta, sem hann á að leggja í býlið, en hann getur fengið framlag hlutfallslega á móti því, sem hann leggur fram, þegar byrjað er á byggingunum, því að við þær verður að miðast; undir byggingunum er það komið, hvort býlin eru hæf eða myndun þeirra getur talizt hafin. Sömuleiðis miðum við styrkinn aðallega við byggingarnar, þannig að mestur hlutinn fari til þeirra, en ⅔ styrksins til ræktunar, eða 1000 kr. Þennan styrk hugsum við okkur sem beinan fjárstyrk úr ríkissjóði, en hinn hlutann til að koma býlunum upp, af atvinnubótafé, sem varið er í hvert sinn. Hentar vel að nota þá vinnu í samvinnubýlin, og í Árnessýslu hefir það þegar verið gert. Er vel fallið að láta stóra flokka vinna að þessu. Aftur er erfiðara að koma þessu fyrir við einstök býli víðsvegar á landinu. Gæti þó hugsazt, að flokkar manna hjálpuðu til við að koma þeim upp, við byggingu og framræslu að einhverju leyti.

Við höfum hugsað okkur, að unnt væri að koma upp a. m. k. 60 býlum á ári, og yrði þá styrkur veittur úr ríkissjóði, að upphæð 200 þús. kr. Lánunum verður svo fyrir komið, að byggingar- og landnámssjóður skiptist í 2 deildir, og gangi annar hluti sjóðsins til býla á eldri jörðum, en hinn hlutinn til að koma upp nýbýlum. Fjárins verður aflað þannig, að gefin verða út verðbréf, sem ríkið verður að sjá um kaup á, og verður að greiða af þeim sömu vexti og verðbréfunum. Lánin verða veitt til 20—40 ára, eftir því, hvernig byggingarnar verða. Við gerum ekki að skilyrði, að reistar verði steinbyggingar, því að þær eru sumstaðar of dýrar, og vildum við, að heimild sé fyrir, að byggja megi timburhús eða torfbæi. Af þessu miðuðum við lánatímann við 20—40 ár, eftir varanleik byggginganna.

Þá eru nokkrar greinar, sem við höfum fellt niður. Þær stafa af þeim breyt., sem ég hefi nefnt á 28. gr., í samræmi við styrkinn og lánin.

Þá er 31. gr. um það, að heimilt sé að veita mönnum, sérstaklega í samvinnubyggðum, lán til að kaupa bústofn og húsmuni. Við viljum fella þetta niður. Við álítum, að það sé sjálfsögð krafa, að þeir, sem nýbýli stofna, eigi nauðsynlegustu húsgögn og áhöld, er þarf til búnaðar. Við álítum það ekki velgerninga að leggja þeim allt upp í hendurnar, jörð, bústofn, byggingar og húsmuni, svo að þeir gangi hér eins og upp í uppbúið rúm, skuldi allt og verði svo aldrei frjálsir menn, sem verður þó að krefjast, ef þetta fyrirkomulag á að koma að tilætluðum notum.

Ég man ekki eftir, að það sé neitt sérstakt í brtt., sem ég þarf að skýra frekar. Það eru engar verulegar efnisbreyt. í þeim, sem ég hefi ekki lýst. Mun ég svo láta máli mínu lokið að sinni, og vænti ég þess, að hv. d. taki þessu máli vel og flýti fyrir frv., svo að það geti orðið að l. á þessu þingi.

Jón Pálmason: Ég vildi mælast til þess við hæstv. forseta, að hann frestaði þessum umr. um stutta stund. Hér eru fáir viðstaddir, en hér er um eitt af stærstu málunum að ræða og umr. hljóta að verða allmiklar. Vil ég ekki hefja ræðu mína fyrr en ég veit, hvort á að halda fundi áfram í nótt.

Forseti (JörB): Ég held það væri gott, að hv. þdm. gætu rætt málið nokkru meira nú í kvöld og að það myndi flýta fyrir afgreiðslu þess á morgun. Ef þingi á að ljúka fyrir jól, þá er alsett á þá daga, sem eftir eru, og finnst mér þá, að nú mætti halda áfram um stund að ræða þetta mál og flýta þannig fyrir afgreiðslu þess, og taka svo á eftir 1—2 mál, sem lítill ágreiningur er um, og afgreiða þau.

Hannes Jónsson: Ég held, að það greiði ekki fyrir málinu að halda nú áfram umr. Þetta mál kemur nokkuð við mig, af því ég er upphaflega flm. þess, þótt það væri annað frv.

Ég vildi aftur á móti greiða fyrir þessum umr. á morgun og skuldbinda mig til að eyða þá litlum tíma. Það er varla forsvaranlegt að fara að tala um þetta mál nú, þegar engir eða réttara sagt svo fáir eru á fundi. Það er þá aðeins til þess að láta ræðurnar sjást í Þingtíðindunum. En það skiptir ekki öllu máli. Mest er um það vert, að málið fái sæmilega afgreiðslu og að hv. þdm. hlusti á framkomin álit hv. nefndarmanna.

Forseti (JörB): Ég hefi ekki gefið neinum þm. fararleyfi, og það er þeirra eigin sök, sem ekki eru hér mættir. Ég veit um einn eða tvo, sem eru lasnir og hafa fullgildar ástæður til að mæta ekki, en aðrir eigi.

Jón Pálmason: Úr því umr. fæst ekki frestað, verður ekki hjá því komizt að víkja nokkuð að málinu nú, þótt það sé óviðfelldið, þegar jafnstórt mál er um að ræða, að þá sé komið fram

undir miðnætti og ekki nema helmingur af hv. þdm. viðstaddur.

Áður en ég vík að málinu get ég ekki látið hjá líða að minnast með nokkrum orðum á þau ummæli, sem féllu hér við eldhúsumr. frá tveimur af hæstv. ráðh., þó þessi ummæli komi þessari málsmeðferð ekki beinlínis við. Hvorugur þessara hæstv. ráðh. er nú viðstaddur, en ég vona, að hæstv. fjmrh., sem hér er viðstaddur, skýri þessum stallbræðrum sínum frá ummælum minum, að svo miklu leyti sem ástæða er til þess.

Hæstv. forsrh. hafði þau ummæli, að ef Sjálfstfl. réði völdum í landinu, þá væri það víst, að nýbýlamálið yrði ekki leyst. Hæstv. atvmrh. sagði síðan við sömu umr., að við sjálfstæðismenn vildum, að sveitirnar væru látnar í friði fyrir umbótabrölti og byggingu nýbýla. Þetta leyfði hæstv. atvmrh. sér að segja þjóðinni, samhliða því, sem lagt er fram í þessari hv. d. shlj. álit frá öllum mönnum í landbn., sem sýnir bezta samkomulag um afgreiðslu málsins og að hv. n. hefir gersamlega umturnað því frv., sem hv. stjórnarflokkar höfðu lagt fram fyrir þingið. Ég verð að segja það, að þegar slík ummæli eru flutt þjóðinni, þá sýnir það þann hugsunarhátt, sem ég tel, að sé fyrir neðan það, sem eigi að vera sæmilegt fyrir mann, sem er falið það trúnaðarstarf að vera í ríkisstjórn.

Ég skal svo ekki fara nánar út í þetta, en víkja að starfi n. og málinu sjálfu eins og það liggur hér fyrir.

Eins og þeir hv. þdm., sem hér eru við staddir, sjálfsagt hafa veitt eftirtekt, hefir þetta frv. verið stytt um 12 greinar og 37 brtt. gerðar við það. Meiri hl. landbn. eru flm. frv. hér inn í þingið. Þeir hafa sameinazt okkur hinum, þ. e. fulltrúum Sjálfstfl. í n., um að breyta þessu frv. til betra horfs, og tel ég það þeim til hróss. Ég skal ekki miklu bæta við lýsingu hv. frsm. n. á störfum n., en þó um þetta mál væri góð samvinna, get ég ekki látið svo fram ganga umr. að ég fari ekki fáeinum orðum um málið í heild og það viðhorf, sem blasir að baki þess. Mér finnst sjálfsagt, að Alþ. setji lög um það efni, sem hér liggur fyrir, og svo sé gengið frá ákvæðum þeirra l., að við getum vel við unað, sem höfum alið allan okkar aldur í sveit og gert ráð fyrir, að þar yrði framtíðarbústaður fyrir okkur sjálfa og afkomendur okkar, gert okkur vonir um góða og bjarta framtíð fyrir íslenzkan sveitabúskap, að búin héldust í blóma og fólkinu fjölgaði í sveitunum. Í sambandi við þessar vonir hefir verið sá draumur, að nýbýlum fjölgaði þar, sem náttúruskilyrði væru í betra lagi. En þessar vonir hafa því miður fölnað og þeim dapraz flugið á síðari árum, síðan kreppan og vandræðin og hrun atvinnuveganna kom fram á íslenzkum sveitabúskap, hefir það sannast ár eftir ár, að unga fólkið hefir streymt í burtu, og almennt, m. a. af þeim sökum, borið á vonleysi þess fólks, sem eftir er í sveitum landsins.

En þótt þannig sé háttað, þá lít ég svo á, að ástand það, sem nú ríkir hvað snertir afkomumöguleika sveitanna, hljóti að vera bráðabirgðaástand, sem ekki geti staðið lengi og ekki megi standa lengi, ef þjóðfélag vort á ekki að hrynja í rústir. Ef svo á að ganga áfram sem nú hefir verið, að meginhluti unga fólksins safnist í kaupstaðina og í þann hóp, sem kallaður er verkamenn og á allan sinn hag undir því að geta fengið þar einhverja vel borgaða atvinnu hjá bæjarfélögunum, ríkinu eða öðrum, sem atvinnu reka, þá hlýtur þjóðfélagið að fara í rústir.

Nú lít ég svo á, að það, að verkalýðnum fjölgar úr hófi fram og atvinnurekendum fækkar, eigi annarsvegar rót sína að rekja til breytts verðlags og hinsvegar til þess, að þjóðfélagsvaldinu sé beitt á óhyggilegan hátt. Ég skal ekki fara langt út í þetta að sinni, enda minni ástæða til þess vegna þess, hve fáir af hv. þdm. eru viðstaddir. En ég lít svo á, að sú fjármálastefna, sem orsakar þessa byltingu í atvinnulífi voru, hljóti nú að vera í síðustu fjörbrotunum, og ósennilegt sé, að lengi geti haldið áfram í sama horfi og nú er. Hvað sem öllu öðru líður, þá getur ekki hjá því farið, að það fari að koma stefnubreyt. í þá átt, að framleiðendunum taki að fjölga í sveitum og kaupstöðum, og það verður að gera þær ráðstafanir, að þeim fjölgi eðlilega og geti unnið fyrir sér og hafi aðstöðu til að vera frjálsir og sjálfstæðir menn. Á þessum grundvelli byggi ég það álit mitt, að miklu varði um það, að þetta mál verði leyst á hyggilegan hátt með löggjöf.

Ég skal taka það fram, að ef því heldur áfram, að almennt vonleysi ríki um íslenzkan sveitabúskap, ef jarðirnar halda áfram að leggjast í eyði og ef ekki næst meira samræmi milli tekna af framleiðslunni og kostnaðar við hana en nú er, þá er til lítils að ganga langt í þá átt að stofna nýbýli. En mín von stefnir í þá átt, að þetta hljóti að fara að breytast, og fyrst og fremst af því, að það getur ekki gengið áfram að halda jafnmörgu fólki í kaupstöðunum og líkur eru til, að bætist þar við á næstu árum, og þá verður þjóðfélagið að hverfa að því að nota þau margvíslegu og lítt tæmandi lífsskilyrði, sem sveitirnar hafa að bjóða og bundin eru við það, að fólk lifi þar á framleiðslu sinni og verzli sem minnst. Ég tel því, að fjölgun nýbýla og þar með fjölgun framleiðenda sé eitt af grundvallaratriðum í stefnu Sjálfstæðisfl., sem óskar þess, að sem allra flestir menn fái skilyrði til að framleiða sjálfir til þarfa sinna. — Um málið almennt skal ég svo ekki fara fleiri orðum, en snúa mér að brtt. þeim, sem liggja fyrir frá n.

Ég skal taka það fram, að ég hefi tvö höfuðsjónarmið fyrir augum með brtt. n. á þskj. 672. Þessi tvö sjónarmið eru, eins og hv. frsm. vék að í fyrsta lagi það, að stofnun nýbýlanna sé ekki gerð dýr, heldur sá minnsti kostnaður hafður, sem hægt er að komast af með, og er þar æðimikið bil á milli n. í till. hennar og þeirra manna, sem sömdu frv. Þetta sjónarmið n. byggist á því, að n. er ljóst, að ef nýbýlin yrðu eins dýr eins og gert er ráð fyrir í frv., þá gætu orðið af því alvarlegir árekstrar í framkvæmd, vegna vaxtaþunga og takmörkunar á því, hve mörg býli væri hægt að styrkja. — Hitt höfuðsjónarmiðið, sem hv. frsm. vék ekki verulega að, er, að áður en ráðizt er í byggingu nýbýla og farið að veita lán til þeirra, þá sé það vitað, hvaða menn það eru, sem taka hvert býli, og hvort þeir séu tilbúnir að gera þann undirbúning,

sem þarf. Samkv. frv. var þetta allt ótryggt, en samt hefir af hæstv. ríkisstj. verið hafizt handa um að stofna til undirbúnings á stórri nýbyggð austur í Árnessýslu, án þess á nokkurn hátt hafi verið gerðar ráðstafanir um, hverjir tækju við þeim býlum. Samkv. okkar brtt. er ætlunin sú, að það verði ákveðið, áður en að verulegum framkvæmdum er snúið, hvaða menn eigi að taka við býlunum, og að þeir hafi gert það, sem við köllum samþykktir um samvinnubyggðir, og myndað samvinnubyggðafélagsskap og sýnt, að þeir hefðu vilja á að fullnægja þeim skilyrðum, sem lögin setja.

Þá skal ég lítilsháttar víkja að þeim ágreiningi, sem hv. frsm. gat um, að ég hefði sérstaklega gert og kemur fram í þeirri brtt., sem ég flyt á þskj. 694. Það er í raun og veru sá eini ágreiningur, sem ég geri í n., og menn verða að gera það upp við sjálfa sig, hvort þeir telja hann mikilvægan eða ekki. En þessi ágreiningur er um stjórnarfyrirkomulag nýbýlamálanna. Ég tel eðlilegt og sjálfsagt, að þegar farið er af stað með þetta mál, þá sé það allsherjar félagsskapur bænda, Búnaðarfél. Ísl., sem hafi yfirstjórn þess á hendi ásamt viðkomandi ráðh. Ég tel óþarft að byrja á því að stofna nýtt dýrt embætti og að öðru leyti kosta til yfirstjórnar fram yfir þarfir. Þess vegna legg ég til, að yfirstjórn þessara mála verði hjá Búnaðarfél. Ísl. og það feli 3 mönnum að hafa stjórn þeirra með höndum. Þetta ætti, frá mínu sjónarmiði, að nægja fyrst um sinn. Ég tel þess enga þörf og ekkert vit í því, að fara mjög hart af stað með þetta mál, heldur fika sig áfram eftir því, sem reynslan sýnir, að heppilegast er. Komi það hinsvegar í ljós, að þessi starfsemi verði svo umfangsmikil, að Búnfél. Ísl. geti ekki látið þá starfsmenn sína annast þessi mál ásamt öðrum störfum, sem þeir þurfa að inna af hendi, þá ætti Búnaðarfél. að geta bætt við sig starfsmönnum.

Viðvíkjandi því, sem hv. frsm. sagði nokkuð seint í ræðu sinni, að það væri ætlunin að leggja fram 200 þús. kr. frá ríkissjóði til þessara framkvæmda nú á næsta ári og stofna 60 nýbýli, skal ég taka það fram, að eins og brtt. ber með sér, ætlast n. til, að þetta fari eftir því, sem fé er veitt í fjárl. til þessara framkvæmda á hverju ári. Ég mundi vel geta sætt mig við, að lægri upphæð yrði til þessa veitt á meðan engin reynsla er fengin um það, hve mikil keppni verður um að fá styrkinn, því ég tel, að fara verði eftir reynslunni í þessum efnum, en ekki eigi að taka stórt stökk í byrjun án þess að vita, hve sterkur áhugi ríkir fyrir því að njóta þeirra hlunninda, sem með þessu eru af hálfu ríkisvaldsins boðin þeim, sem vilja reisa sér nýbýli.

Af því að nú er fáskipað hér í hv. d. og af því að hv. frsm. fór ýtarlega út í einstakar brtt., skal ég ekki að sinni eyða miklu meiri tíma til að ræða um þetta mál; en ég vænti þess, að þeir hv. þdm., sem hér eru viðstaddir, geti gert sér ljóst, hverri stefnu þeir telji rétt að fylgja í þessu máli. Ég vænti þess líka, að hæstv. forseti taki til greina þá ósk, sem fram hefir komið, að slíta ekki umr. um þetta mál í nótt, því ég álít ekki sanngjarnt að slíta umr. um stórmál, þegar komið er fram á hánótt og aðeins lítill hluti hv. þdm. er viðstaddur.

Hannes Jónsson [óyfirl.]: Það, sem ég segi nú, verður algerlega aukreitis því, sem ég tala um málið á morgun. Ef hæstv. forseti óskar, að ég bæti því við þá, get ég gert það, en ég álít það alveg þýðingarlaust og aðeins til að eyða tímanum. Það eru til önnur mál á dagskrá, sem hægt er að afgr. Get ég t. d. bent á frv. til l. um breyt. á l. um kreppulánasjóð. (**EmJ**: Af hverju heldur það?). Hv. þm. Hafnf. ætti ekki að vera að reka hér inn trýnið og sletta sér fram í það, hvort umr. er haldið áfram eða ekki.

Ég skal segja það út af þeim blaðaskrifum, sem orðið hafa um málið af hálfu stjórnarflokkanna, að ekki er hægt að búast við, að það hafi verið af mikilli alúð gert að flytja það frv., sem af þremenningunum var borið fram snemma á þessu þingi. Á þeim blaðaskrifum Framsfl., sem fram hafa komið, hefir aðallega verið hægt að sjá, að þeir hafi risið gegn þessu máli, eða því frv., sem við Bændafl.mennirnir fluttum á þessu þingi um nýbýli, og að því er virðist mest eða eingöngu vegna þess, að Bændafl. stóð að flutningi þess. Hafa þeir því reynt að færa fram allt, sem hægt hefir verið til að tína frv. til vansa, eftir því, sem þeir gátu. Hafa þeir snúið við eða umhverft því, sem gott var, og rangsnúið eftir föngum og lagt sig fram um að tína allt það til, sem hægt var að telja fram, að vantaði í frv., og var þó vitanlega ekkert þægilegra en að koma þeim ákvæðum eða breyt. inn í frv., sem til bóta horfðu, við meðferð þess hér á þingi, í stað þess að flytja nýtt frv.

Síðari tíma dómur um frv. það, sem við hv. 2. landsk. fluttum, hefir líka staðfest það, sem ég sagði nú, m. a. starf landbn., því hún hefir, að ég held, unnið rækilega að athugun á frv. því, sem hér liggur fyrir, og að ég hygg verið á fundi flesta daga þingsins allt að tveim tímum á dag. Hefir hún og, að ég hygg, leitað umsagnar allra þeirra manna, sem gátu veitt henni aðstoð, og hefir hún reynt að ýta þessu máli áfram. Hygg ég, að sá maður, sem n. leitaði einna helzt til, hafi gefið henni þær upplýsingar um frv. að það væri svo hringavitlaust, að það væri ekki einu sinni hægt að byggja till. á nema byrja algerlega að nýju. Og ég hygg, að n. sjálf hafi verið komin á fremsta hlunn að kasta frv. frá sér — vegna þess hvað það var vitleysislega unnið, og vegna þess að það vantaði allan grundvöll — og taka aftur í staðinn frv. okkar hv. 2. landsk. og leggja það til grundvallar, enda má segja, að það hafi verið gert hvað snertir brtt. n. En að frv. sjálft var ekki tekið í heild sinni upp, var vitanlega af sama toga spunnið og skrif framsóknarmanna í Tímann og N.-Dagbl., aðeins fyrir það eitt, að Bændafl. stóð að þessu frv. Svo dæmalaust hirðulausir eru þeir um velgengni þessa máls. Þeir hafa hugsað meira um að ýta til hliðar okkar frv. en að láta ekki störf sín dragast allt of lengi. Náttúrlega hafa þeir ekkert hugsað um þó að þeir drægju starfstíma frá öðrum störfum landbn. og yrðu kannske til þess að draga þinghaldið um marga daga og eyða þannig mörgum þúsundum króna daglega að óþörfu. — Öll aðferð

landbn. hefir því verið vítaverð og hlýtur að dæmast óalandi og óferjandi. Og svo ætlar hæstv. forseti að stilla svo til, að ekki fáist skynsamlegar umr. um málið, þar sem hann ætlast til, að þm. ræði þetta mál, þegar stjórnarliðar eru svo hirðulausir um framgang þess, að þeir fara heim og hátta. (**Fjmrh.**: Þeir eru nú allir hér í húsinu). Er það fullkomið hneyksli. Þó að hæstv. fjmrh. leggi sig hér í ráðherraherberginu og reki nú hér inn nefið, þá hafa aðrir, sem skyldara er að vera hér við umr., eins og hæstv. landbrh., ekki sýnt sig hér, og er vel líklegt, að hann sé að sýna þessu máli þar með lítilsvirðingu sína, að koma ekki hér meðan það er til meðferðar. Finnst nú hæstv. forseta þetta vera forsvaranleg meðferð á málinu? Ég hefði nú óskað eftir að ræða eitthvað um aðalbrtt. hv. landbn. og að þær fengjust ræddar á þeim tíma sólarhringsins, sem ætla mætti, að hv. þm. fengjust til að sitja hér í stólum sínum. Þess vegna hafði ég lofað því að draga svo úr ræðu minni sem mér væri frekast unnt, til þess að leggja a. m. k. minn skerf til að málið fengist afgr. Sú málaleitun mín hefir ekki borið árangur, og ég er knúður til að tala nú hér yfir tómum stólum. Réttasta svarið, og það eina, sem hægt væri að gefa við þessari framkomu, væri að spinna lopann hér í hv. deild þangað til setja ætti fund að nýju kl. 1 á morgun, og ómöguleikar eru engir á því, ef hæstv. forseti óskar þess. En hverjir græða á því? Er það málið, sem græðir eða, er það þjóðin, sem græðir á að stofnað sé til slíkrar málsmeðferðar? Það er ekki ég, sem ber ábyrgð á umr. eða þó að þær kunni að verða lengri í nótt en ástæða hefði verið til. — Ég skal svo láta lokið þessum inngangi, en get aukið og bætt við jafnóðum og ég kem að hverjum einstökum liðum þeirra brtt., sem fyrir liggja, og get ég hugsað, að bezt sé fyrir þá, sem ætla að bíða eftir því, að umr. verði lokið, að fara út og fá sér lúr. (**FJ**: Er ekki þessi hv. þm. frægastur fyrir að hafa sofið hér í d.?). Ég veit, að hv. þm. Ísaf. er frægastur að endemum. (**Forseti**: Ekki samtöl í d.). Og er honum velkomið að grípa fram í fyrir mér, því að það gefur mér tilefni til að teygja lopann og drýgja mjöðina. (**FJ**: Það veitir nú víst ekki af af drýgja hana). Ja, en hún verður nú ekki drýgð með þeim lopa, sem lekur af vörum hv. þm. Ísaf.

Hér er ég þá kominn að fyrstu brtt., og ef hæstv. forseti óskar þess, get ég haldið áfram dálítið lengur, en ég vil enn einu sinni spyrja hann, hvort hann óskar eftir því, eða hvort hann telur ekki hyggilegra að geyma umr. til morguns. (**Fjmrh.**: En hvers vegna ekki ljúka umr. í nótt?). Ég vil a. m. k. kveða mjög vægilega yfir hæstv. fjmrh., fölum og skjálfandi af svefnleysi.

Forseti (JörB): Það er alveg óþarfi af hv. þm. V.-Húnv. að vera að gefa það í skyn, að hann muni tala til morguns, þó að hann tali hér um allt annað en þingsköp heimila. Ég hefi enga tryggingu fyrir því, að aðrir stilli umr. í hóf á morgun, þó e. t. v. hv. þm. V.-Húnv. muni gera það. Ég tel það því fremur óþarfa að fresta umr. nú, þar sem ég gaf fyllilega í skyn, að ég vildi ljúka umr. í nótt. Ég get látið þess getið, að aðeins tveir þm. hafa fjarvistarleyfi hjá mér, þó ýmsa vanti hér í deildina.

Þó nokkuð sé orðið síðla kvölds, er vinnudagur ekki ennþá orðinn svo langur, að ekki megi vel halda áfram enn um stund, sérstaklega þegar þess er gætt, að enn eru mörg mál, sem bíða afgreiðslu, en það er ætlun allflestra þm. að ljúka þingstörfum fyrir jól. Ég vil því mælast til þess við hv. þm. V.-Húnv., að hann bregðist eins vel við og hv. þm. A.-Húnv. og tali stutt og skýrt og beini máli sínu að aðalatriðum málsins, til þess að flýta fyrir afgreiðslu þess, þar sem við munum allir telja, að hér sé um mjög merkilegt mál að ræða.

Hannes Jónsson: Ég vil benda hæstv. forseta á, að þó ég feginn vildi, er mér ómögulegt annað en endurtaka á morgun nokkuð af því, sem ég segi nú í nótt, af því að þm. eru ekki viðstaddir, nema fáir. (**HV**: Er þm. ekki vanur að tala yfir tómum stólum?). Hv. 2. þm. Reykv. er vanur að tala yfir tómum stólum, og ég held, að hann ætti að fara upp í benzin og leggja sig þar.

Forseti (JörB): Ég vildi benda hv. þm. V.-Húnv. á, að það mætti greiða fyrir umr. þessum, ef nú væri rætt um málið sjálft og haldið sér við það, sem fyrir liggur, en eigi að síður vil ég enn gefa honum kost á að ræða þetta mál um stund.

Hannes Jónsson: Ég vil benda hæstv. forseta á, að þó ég taki oft til máls, held ég ekki langar ræður, og skal ég ekki eyða hér löngum tíma, ef málið er rætt að degi til, en ég vil benda á, að hér tala ég einn fyrir minn flokk og hlýt því að skilgreina afstöðuna nokkuð glöggt.

Forseti (JörB): Þetta eru aðeins tilmæli mín eins og hv. þm. er ljóst, en eigi hitt, að ég vilji takmarka málfrelsi manna eða að einn hafi meiri rétt en annar, heldur að allir njóti sama réttar.

Hannes Jónsson: En veit ekki hæstv. forseti, að ég verð að tala hér yfir hæstv. fjmrh. hálfsofandi og þessum dordinglum hans, sósíalistunum? Hann hlýtur að viðurkenna, að slík ræðuhöld eru tilgangslítil, og verð ég því enn að mælast til þess, að hæstv. forseti taki ósk mína til greina. Verður það ekki gert? (**Forseti**: Ég er fyllilega búinn að láta í ljós ætlun mína og álit). Hvað má ég tala lengi? Ég óska að fá að vita það. (**Fjmrh.**: Byrjaðu bara, þetta er ekki svo merkilegt). Ef ég mætti, þá mundi ég alltaf tala til kl. 3, en ég vildi gjarnan fá að vita það, svo ég gæti hagað ræðu minni samkv. því. (**PZ**: Er ekki hv. þm. eini maðurinn, sem hefir sofið hér í d.?). Hv. 2. þm. N.-M. ætti nú að hugsa um og passa sínar ær í nótt og brytja þær síðan niður í kýrnar í fyrramálið og mjólka þær á morgun. (**Forseti**: Ég vil benda hv. þm. á að hætta þessu skrafi hér í d., sem hann hefir nú viðhaft um stund). Það getur ekki verið óforsvaranlegt af mér að svara því, sem beint er til mín, en ég vil beina því til hæstv. forseta, að hinir þm., sem hér eru staddir, þurfa ekki að nota annars

manns ræðutíma. — Annars sé ég ekki ástæðu til þess að halda áfram þingfundi, en ég get gjarnan byrjað hér á fyrstu brtt. frá hv. landbn., við 1. gr., þar sem gert er ráð fyrir, að í stað „15—20%“ komi: sem mest. Það er ekki nema eðlilegt, að hv. landbn. vilji ekki binda þetta við 15—20% og komi því með till. um þessa orðabreyt., og get ég vel fallizt á, að þetta sé ekki það allravitlausasta, sem n. hefir dottið í hug, þó hugkvæmnin sé ekki ýkjamikil, enda er sá tími farinn til nefndarstarfa, að ætla mætti, að ekki hefði mikið sloppið framhjá henni.

Við 2. gr. virðist líka vera rétt að flytja brtt., og get ég samþ. þær flestar. Tel ég rétt, að ákvæði 1. málsgr. eigi að vera víðtækari eða ná jafnvel lengra en gert er ráð fyrir, og er því sú brtt. ekki flutt að ófyrirsynju. Eins er ég sammála hinum brtt. við þessa grein í aðalatriðum.

Mér þykir miður, ef hv. landbnm. eira ekki undir umr., sérstaklega hefði ég vonazt eftir, að hv. frsm. færi ekki langt burt úr deildinni.

Önnur brtt., um stafl. b., er aðeins orðabreyt., sem að vísu er óþörf, en gjarnan má gera hv. landbn. til geðs að samþ. hana.

Þá er brtt. við a-liðinn, þar sem gert er ráð fyrir, að jarðir, sem lagztar eru í eyði, skuli öðlast rétt til að kallast nýbýli, ef þær eru teknar til endurbyggingar. Þetta er ekki nema rétt ákvæði og sjálfsagt, og var það í frv. því, sem við hv. 2. landsk. lögðum fram.

Við 4. gr. er brtt. við það ákvæði frv., er lýtur að sambýlum, þannig að í staðinn fyrir 10 komi 5. Er það alveg í samræmi við ákvæði, er við höfðum sett í okkar frv., enda sýnist það vera svo, að margar af brtt. þeim, er fyrir liggja frá hv. landbn., séu þaðan lánaðar, og virðist sem eins gott mundi hafa verið að taka okkar frv. og leggja það til grundvallar að fullu.

Um 5. brtt., um að fella 5. gr. í burt, er það sama að segja og fyrri till. í þessu efni. Kemur í ljós með brtt., hvernig frá frv. þessu hefir verið upphaflega gengið, þar sem n. verður að leggja til, að hálfar og heilar greinar þess verði strikaðar burt. — Um 6. brtt., við 6. gr. frv., sem verður 5. gr., er fátt að segja. Greinin er aðeins orðuð um, og aðaltilgangurinn með því er að ná í þessari gr. því orðalagi, er taki af öll tvímæli um þau atriði, sem með henni skal tryggja. Hygg ég, að orðalagið verði nokkurnveginn traust, en geti ekki valdið ágreiningi, og get ég samþ. þessa brtt. En það hefði verið ólíkt skjótlegri afgreiðsla um þetta efni, ef frv. okkar Bændaflm. hefði verið tekið og lagt til grundvallar.

Þá eru ákvæði 7. gr., eða brtt. um landsstærð nýbýlis, þannig að eftirlit sé með því haft, hvort landrými telst nægilegt. Þetta er ekki nema sjálfsagt ákvæði, sem ég get fallizt á, ekki sízt þar sem tilgangur n. með brtt. þessari virðist hafa verið sá, að tryggja hverju nýbýli nægilegt landrými til þess að fjölskylda geti lifað af því. — Er nú ekki hæstv. forseti búinn að fá nóg? (**Forseti**: Ég get hlustað miklu lengur. — **Fjmrh.**: Þetta er léleg ræða!).

Um ákvæði 8. brtt. get ég verið fáorður. Það er vitanlega sjálfsagt, að rannsókn fari fram um allar aðstæður, og þá sérstaklega á þeim atriðum, sem fram eru talin í staflið 1—4.

Ég get líkt sagt, að ekki sé nema rétt og sjálfsagt að taka þetta fram í orðalagi gr., svo sem er í þessum brtt. Hitt getur frekar orkað tvímælis, hvort ekki skuli fleiri atriði tekin með, og mun ég kannske síðar víkja að því við þessa umr., þegar fleiri eru á fundi.

Um brtt. við 11. gr. er það að segja, að ég álít, að hún nái ekki því marki, sem beri að stefna að. Í okkar frv. var gert ráð fyrir því, að yfirstjórn þessa máls væri í höndum atvmrh., sem fæli aftur Búnaðarfél. Íslands að hafa framkvæmd þeirra með höndum. Hér er gert ráð fyrir, að skipaður verði nýbýlastjóri, en að hægt sé að fela búnaðarmálastjóra það starf. Það er nú reyndar gert ráð fyrir, að svo geti farið, að það verði ekki búnaðarmálastjóri, sem hafi þetta mál með höndum, heldur geti svo farið, að skipaður verði alveg sérstakur nýbýlastjóri, og svo eru ákvæði sett um það, hvernig laun hans skuli ákveðin. Ég teldi nú réttara, að því væri slegið föstu, hvernig þessu nýbýlastjórastarfi yrði háttað, hvort búnaðarmálastjóra yrði falið þetta eða hvort sérstakur nýbýlastjóri yrði skipaður, eða hvort einhverjum starfsmanni öðrum í Búnaðarfél. Íslands yrði falið þetta starf.

Þá þykir mér breyt. á 12. gr. vera öðruvísi en ég hefði óskað, þar sem lagt er til, að þriggja manna nýbýlanefnd skuli skipuð til þriggja ára í senn, af landbrh. Þessi nýbýlan. er sjálfsagt algerlega óþörf. Mér virðist, að starfsmenn Búnaðarfél. gætu framkvæmt það starf, sem henni er ætlað, án þess að landbrh. komi þar til skjalanna með útnefningu nefndar. Sama er að segja um það, að mér virðast ákvæðin um kaupgreiðslur til n. vera þannig vaxin, að það mundi vel gerlegt að leggja störf, sem þessari n. eru ætluð, undir Búnaðarfél. Ísl., án þess að það orsakaði rýrnun starfskrafta þess vegna annara málefna. Það kemur líka fram í 13. brtt., því að þar er B. Í. gert að skyldu að láta starfsmenn sína aðstoða nýbýlastjóra eftir þörfum í starfi hans.

Viðvíkjandi 14. brtt., við 15. gr. frv., sem verður 13. gr. eftir till. n., er það að segja, að ég hefði óskað, að hv. frsm. n. hefði verið viðlátinn og getað svarað hér til saka í sambandi við það, sem ég hefi að athuga við þá brtt. Ég hefi ekkert sérstaklega út á b-lið brtt. að setja. Þó þyrfti að taka atriði þess liðar skýrar fram. Getur verið, að ég skýri það nánar síðar við umr.

Um 16 gr. hefi ég ekki margt að segja. Þó hygg ég, að orkað geti tvímælis, hvort ekki ætti að hafa strangara skilyrði fyrir því, að ábúðarþurfi fái aðstoð ríkis til að stofna nýbýli, heldur en það er hér, nefnilega að hann hafi starfað við landbúnað aðeins í 2 ár. A. m. k. vildi ég, að það væri tekið fram, að forgangsrétt að slíkum býlum ættu þeir, sem lengur hefðu starfað við landbúnað, og væri e. t. v. ástæða til að veita alveg sérstök forréttindi í þessu efni þeim, sem búnir væru að ganga á landbúnaðarskóla.

Vegna ákvæða 19 gr., þar sem gert er ráð fyrir, að nýbýli, sem ekki eru í einstaklingseign, skuli byggð samkv. l. um erfðaábúð og óðalsrétt, vil

ég taka það fram, að mér finnst það nokkuð ófrjálst, ef hlutaðeigendur mega ekki um það velja, hvort þeim sé aðeins byggt til nokkurra ára eða til lífstíðar, þar sem þeir með því móti gætu öðlazt rétt, sem af slíkum leiguliðum er tekinn með þeirri löggjöf um erfðaábúð og óðalsrétt, sem fyrir þessu þingi hefir legið. Ég geri nefnilega ráð fyrir því, að margir þeir, sem nú eru leiguliðar ríkisins, muni ekki óska eftir því að fá byggingu eftir þessum l., einmitt fyrir það, að þeir mundu með því missa af ýmsum þeim hlunnindum, sem þeir nú njóta. [Frh.].

Umr. frestað.

Á 93. fundi í Nd., 7. des., var fram haldið 2. umr. um frv.

Hannes Jónsson [frh.]: Ég átti aðeins lítið eftir af ræðu minni í gær; get ég því verið fáorður nú. Það, sem ég vildi vekja athygli á, er það, að mér virðist sá styrkur, sem til nýbýla er ætlaður eftir till. hv. n., vart vera svo ríflegur, að hann geti orðið til verulegrar hjálpar þeim, sem hans er ætlað að njóta. Þessi ákvæði í frv. okkar Bændaflm. voru mun ríflegri, og þau voru beinlínis sniðin við það, að þeir menn, sem hefðu áhuga og löngun til þess að reisa heimili í sveit, gætu það án þess að þeir hefðu yfir miklum fjármunum að ráða. Mér virðist því, að upphæð sú, 8500 kr., sem nefnd er, sé allt of lítil. Af þeim 3500 kr. styrk, sem ríkið leggur fram á hvert býli, má ekki verja nema 1000 kr. til ræktunar. Það hljóta allir að sjá, hve sárlítið munar um þetta, ef um lítt ræktað land er að ræða, þar sem nýbýlið er reist.

Til þess að koma upp bæjarhúsum, peningshúsum, hlöðum og rækta land, svo hægt sé að lifa á býlinu, þarf óneitanlega töluvert fé, svo mikið fé, að ég hygg ómögulegt að komast af með þá upphæð, sem hv. n. gerir ráð fyrir. Hin allra minnsta upphæð til þess að koma upp nýbýli fyrir eina fjölskyldu mun hafa reynzt hjá byggingar- og landnámssjóði 6000 kr. Af þessu er það bert, að upphæð sú, sem hv. n. gerir ráð fyrir, að koma megi upp nýbýli fyrir handa einni fjölskyldu, hlýtur að verða allt of lítil. Það er beinlínis fyrirsjáanlegt, að megin hluti þeirrar upphæðar mun fara til þess að koma upp bæjarhúsunum, en þá eru eftir öll peningshús og hlöður. Ég segi hlöður, því að ég tel, að byggja þurfi hlöður með peningshúsunum, svo sæmileg aðstaða sé til búrekstrar á þessum býlum, því að ég tel það ekki rétt að setja býli þessi skör lægra en ætlazt er til í jarðræktarlögunum, að sveitabýli séu yfirleitt.

Læt ég svo útrætt um þetta mál að sinni, en mun við 3. umr. koma fram með brtt., sem ganga munu í þá átt að bæta úr þeim ágöllum, sem ég tel, að séu á frv. og brtt. hv landbn., því að það er sannarlega ekki nóg að gefa mönnum kost á að búa í sveit, en gera kjörin svo óaðgengileg, að ekki sé í það leggjandi nema fyrir menn, sem hafa yfir töluverðum fjármunum að ráða.

Jón Sigurðsson [óyfirl.]: Mér finnst það vera mjög einkennileg aðferð, sem viðhöfð er til þess að knýja mál þetta áfram, og það jafnvel verri aðferð en ég hefði haldið, að hæstv. forseti teldi málið verðskulda. Málið er tekið fyrir þegar komið er langt fram á nótt og fundir búnir að standa allan daginn, og það jafnt þó fyrir liggi 30—40 brtt. við það, sem eðlilega þarf að tala fyrir og þm. þurfa að sjálfsögðu að hafa góðan tíma til þess að athuga. Slík meðferð er með öllu óviðeigandi.

Hér er um að ræða eitt merkasta málið, sem fyrir þinginu liggur, og án efa stórt framtíðarmál, er því nauðsynlegt að því sé þegar í upphafi skorinn sá stakkur, sem því hæfir. Að málið er meira framtíðarmál en mál hinnar líðandi stundar, er sökum þess, að nú skortir þann grundvöll, sem óumflýjanlega þarf að vera fyrir hendi til þess að koma slíku máli í framkvæmd sem þessu. Búrekstur manna ber sig ekki vegna ólags á afurðaverðinu, en að búreksturinn geti borið sig, er grundvallarskilyrðið fyrir því, að menn vilji stofna nýbýli og búa í sveit. Þegar því svo er ástatt sem nú, að jarðir, sem jafnvel liggja við akbrautir í beztu sveitum landsins, fara í eyði, er þess ekki að vænta, að menn vilji þyrpast til þess að fara að reisa nýbýli í sveitum. En hvað sem þessu líður, þá á málið sem framtíðarmál fullan rétt á sér, og er því áríðandi, að grundvöllur þess sé rétt lagður. M. ö. o., að löggjöfin sé sniðin við hæfi þeirra, sem síðar kunna að njóta hennar.

Ég hefi því miður ekki haft tíma til þess að kynna mér brtt. hv. landbn. sem skyldi, en mér sýnist þó, að hún hafi tekið þá skynsamlegu aðstöðu að stuðla frekar að því, að nýbýli mynduðust á þann hátt, að jörðum væri skipt, heldur en á þann veg að taka stóra landskika af óræktuðu landi og klastra þar upp húsum. Þetta tel ég rétta stefnu hjá hv. n. og er henni þakklátur fyrir, að hún skuli fara þessa leið.

Ég skal játa, að fjárhæð sú, sem hv. n. ætlar til þess að byggja upp nýbýli, er nokkuð skorin við neglur, og það enda þótt ætlazt sé til þess, að byggt sé upp á ræktuðu landi. Eigi aftur að byggja á óræktuðu landi, er hún vitanlega of lítil.

Ég get líka tekið undir það með n., að ekki sé líklegt, að nú á næstu árum verði fært að ætla bændum öllu meiri kostnaðarauka heldur en hér er gert ráð fyrir, ef þeir eiga ekki strax í upphafi að vera vafnir skuldafjötrum, sem þeir sjá ekki fram úr og endar með því, að þeir verða að hrökklast í burtu. Það er því áríðandi að fara varlega af stað og veita mönnum aðhald um að taka ekki stærri lán heldur en nauðsynlegt er, svo hér fari ekki á sömu lund og svo oft áður.

Í sambandi við þessa nýbýlalöggjöf sé ég að vísu einn verulegan annmarka, sem þó verður ekki komizt hjá í slíkri löggjöf sem þessari, hvenær sem hún er sett og nálega hvernig sem hún er framkvæmd, en hann er sá, að það er engum vafa bundið, að þessi löggjöf kemur til að hafa áhrif á jarðarverðið, og það má búast við því, að illa hýstar jarðir og í slæmri legu fari alveg í eyði. Mönnum finnst það kannske borga sig að yfirgefa slíkar jarðir, sem þeir þurfa að byggja upp á eigin spýtur, til þess að

geta fengið þennan styrk frá því opinbera til byggingar.

Ég skal svo ekki ræða frekar um þetta mál almennt. Ég mun fylgja flestum eða öllum brtt. n., því ég tel þær allflestar til bóta. En aðeins vildi ég spyrja hv. frsm. n. um það, hvernig því sé háttað með styrk til ræktunar. Ég sé ekki í þessum brtt. neitt ákvæði um það, við hvað skuli miða þennan styrk. Það er sagt í brtt. n., að það sé viss hluti, sem gengur til nýræktunar, en það er ekki gerð nein grein fyrir því, hvað sé lágmarkið á þessari ræktun, og þarf það þó að vera, þar sem gert er ráð fyrir, að uppfylla þurfi viss skilyrði til þess að hægt sé að fá jarðræktarstyrk. Mér virðist, að það þurfi að koma nánari ákvæði um þetta heldur en n. hefir sett, og hefir mér dottið í hug, að þess arna hafi ekki verið gætt um leið og hún felldi niður og sameinaði gr., þar sem slík ákvæði stóðu.

Frsm. (Bjarni Ásgeirsson): Ég skal vera eins fáorður og ég get, vegna þess að það er yfir litlum tíma að ráða til þess að koma málinu í gegn áður en Sþ. hefst, en hinsvegar mjög mikils virði, ef hægt er að ljúka þessari umr. málsins.

Ég vil þá fyrst svara hv. meðnm. mínum, hv. þm. A.-Húnv., sem talaði hér í gær um það ágreiningsatriði, sem hann gerði í n., sem sé stjórnarfyrirkomulagið. Hann vill koma stjórn þessara mála þannig fyrir, að það sé Búnaðarfél. eitt, sem hafi þau með höndum, og annaðhvort búnaðarmálastjóri eða einn maður frá Búnaðarfél. sé nýbýlastjóri. Meiri hl. n. hefir ekki getað fallizt á þessa till., og ég fyrir mitt leyti, þó ég treysti Búnaðarfél. Ísl. vel til þeirra hluta, sem því hefir verið falið, álít ég ekki heppilegt að fela því þetta starf. Fyrst og fremst finnst mér það eðlilegt, að þar sem þetta er sérstakur þáttur í framkvæmdarstarfi ríkisstj., þá heyri það beint undir hana og hún feli einum ákveðnum manni að fara með þetta starf, sérstaklega vegna þess, að sá maður, sem er í búnaðarmálastjóraembættinu, hefir þar tryggt starf aðeins milli búnaðarþinga. Búnaðarþingið gegnum búnaðarfélagsstjórnina getur þar af leiðandi sett búnaðarmálastjóra frá og tekið nýjan í staðinn svo oft sem henni þykir máli skipta. En sá maður, sem er nýbýlastjóri, þarf að hafa aðstöðu til að vinna að því starfi samfleytt árum saman. Það væri mjög illa farið, ef sá maður, sem er þessu starfi vaxinn, yrði að láta af stjórn þess vegna þess, að hann getur ekki lengur haldið öðru starfi, sem hann hefir á hendi hjá öðrum aðila, eins og Búnaðarfél. Ísl. Þess vegna álít ég það eðlilegt, að nýbýlastjóri hafi aðstöðu til að gegna því starfi samfleytt í mörg ár, ef hann álízt hæfur til þess, en að ríkisstj. þurfi ekki að eiga það undir öðrum aðila, hversu lengi hún getur haldið manni í þeirri stöðu. Þetta álít ég vera aðalagnúana á því að ákveða það, að búnaðarmálastjóri skuli alltaf vera nýbýlastjóri. Hinsvegar er ákvæði um það í frv., að það megi fela þetta starf búnaðarmálastjóra.

Þá vildi ég svara hv. þm. V.-Húnv. nokkrum orðum. Hann talaði hvatvíslega um það, að n. hefði ekki lagt frv. þeirra félaga til grundvallar fyrir þessum brtt. sínum, og hélt því fram, að ef hún hefði gert það, þá hefði þingi og þjóð sparast útgjöld svo tugum þúsunda skipti. Ég held nú satt að segja, að n. hafi aldrei komið til hugar að gera slíkt, því ég efast um, að nokkuð minni tími eða fyrirhöfn hefði farið í það að samræma brtt. n. við það frv. heldur en hitt. En hinsvegar vil ég neita því, að það hafi stafað af nokkrum „partiskum“ ástæðum í hans garð, að frv. var ekki notað, heldur vegna þess, að okkur fannst hitt að mörgu leyti betra, þó að við værum ekki alveg ánægðir með niðurröðun frvgr. og efni í þeim.

Þá var það ein aðalaðfinnslan hjá hv. þm. V.-Húnv. gegn frv., að of lítill styrkur væri veittur til nýbýla, og miðaði hann þá m. a. við sitt eigið frv. En n. áleit, að það gæti ekki komið til mála, að beinn styrkur úr ríkissjóði gæti orðið 10—12 þús. kr. á hvert býli, því þar sem geta ríkisins væri takmörkuð, þá yrðu það ekki nema örfá býli árlega, sem hægt væri að koma á fót með svo ríflegum styrk. Og í öðru lagi töldum við, að það sé rétt að haga þessu þannig, að aðallega sé átt við smá og ódýr býli, af þeim ástæðum, sem ég tók fram í framsögu minni hér í nótt, að við ætluðumst til þess, að þessi býli eigi aðallega að byggjast á framleiðslu til eigin þarfa heimilisins, og þess vegna vildum við haga kostnaðinum þannig, að vextir og afborganir yrðu sem minnstar. Þá vildi ég einnig í þessu sambandi benda á þá hættu, sem hv. 7. landsk. réttilega benti á, og hún er sú, að ef mjög greiður aðgangur er að býlunum og til þeirra veittur mjög ríflegur styrkur, þannig að þau yrðu, eins og menn hafa komizt að orði hér í umr., eins og uppbúið rúm, sem menn geti gengið í, þá verði það til þess að auka flóttann frá eldri og erfiðari býlunum og vinna að því að leggja þau í eyði. Þarna er töluverð hætta, sem n. kom auga á og ræddi sín á milli, að nauðsynlegt væri að hafa ekki bilið milli möguleikanna til þess að stofna þessi nýju býli og búa á eldri býlunum það mikið, að það verði til þess að draga menn óeðlilega mikið frá eldri býlunum að þeim nýju. Annars vil ég segja það, að þessi hætta þarf ekki að vera eins mikil eins og hv. 7. landsk. gerði ráð fyrir, vegna þess, að það er ákvæði í frv. um það, að enginn geti fengið nýbýlastyrk eða komizt undir ákvæði l., ef hann á býli eða hefir átt í eitt ár aftur í tímann, er hann sækir um slíkan styrk. Þarna verður að fara bil beggja, búa ekki til óeðlilegan aðstöðumun milli eldri og nýju býlanna, og ég held, að með sínum till. hafi n. nokkurn veginn stillt þessum málum í hóf.

Þá var hv. 7. landsk. að spyrja um það, hvernig n. hefði hugsað sér að veita styrk til ræktunar. Ég skal ekki neita því, að það þyrfti kannske að vera nánar gerð grein fyrir því í l., en þó hygg ég, að það mætti koma fyrir í reglugerð nánari ákvæðum um það. En það, að við vildum binda meiri hluta styrksins til byggingarinnar, stafar af því, að við álítum, að hin eiginlega nýbýlamyndun sé ekki hafin fyrr en byggingin er fengin, og þess vegna sé ekki rétt að leyfa takmarkalaust, að sá styrkur, sem ríkið leggur til nýbýla, fari allur í ræktun, því þá gæti svo farið, að ekkert yrði úr byggingunni. Það má

vitanlega athuga það til 3. umr., hvort þörf sé á nánari ákv. um það, hvernig þessum styrk skuli varið, en ég býst við, að því mætti koma fyrir í reglugerð, sem gert er ráð fyrir að gefa út samkv. þessum lögum.

Ég skal svo ekki fjölyrða frekar um þetta að sinni, og geymi mér þá heldur aths. til 3. umr.

Umr. frestað.

Á 94. fundi í Nd., 9. des., var enn fram haldið 2. umr. um frv.

Jón Pálmason: Það voru nokkur atriði, sem fram komu við fyrri hl. þessarar umr., er gerðu það að verkum, að ég kvaddi mér hljóðs.

Hv. þm. Mýr., frsm. meiri hl. n., kvað ekki hafa verið hægt að fela Búnaðarfél. stjórn þessara mála, því að búnaðarmálastjóri er ekki beint undir valdi ríkisstj., heldur búnaðarþings og stj. Búnaðarfél. Ísl. En það eru engin mótmæli gegn því, að þeir menn hafi með höndum stj. þeirra mála, sem hér er um að ræða. Ég sé ekki ástæðu til að fara að stofna ný embætti eða að safna í stj. þessara mála nýjum mönnum, sem þurfa að hafa sérstök laun, ef hægt er að komast af án þess. Ég held, að starfsmenn Búnaðarfél. hafi ekki svo miklum störfum að gegna allt árið, að ekki megi með betra fyrirkomulagi fela þeim stj. þessara nýbýlamála. Ég kysi því helzt, að hv. þd. gæti fallizt á mína till., að Búnaðarfél. verði falin þessi stj., þannig, að kosnir yrðu 3 af starfsmönnum félagsins í því skyni.

Hv. þm. V.-Húnv. hélt því fram, að af brtt. landbn. væri auðséð, að hún ætlaði ekki hlutaðeigandi mönnum, sem til nýbýla stofnuðu, svo góð lífsskilyrði sem skyldi. Það skein út úr ræðu hans, að það yrði strax að reisa handa þeim byggingar í fullkomnasta stíl, að það væri óviðunandi, að þeir hefðu ekki hlöður yfir hey sín o. s. frv. Við vitum nú, að mikill hluti bænda hefir ekki hlöður né byggingar af fullkomnustu gerð, og er varla hægt að gera kröfur til þess, að þessum mönnum verði af ríkinu veitt betri skilyrði en bændur hafa almennt hér á landi. Höfuðsjónarmið n. hefir verið að koma í veg fyrir, að svo mikil skuldabyrði hlaðist á þessa menn, sem hér er um að ræða, að þeir gætu ekki undir henni risið. Hér verður að stilla öllum kröfum í hóf.

Ég hefi ekki haft tök á að athuga þær brtt., sem útbýtt hefir verið, svo að ég get ekkert um þær sagt að svo stöddu. En þegar hv. þm. hafa hugleitt, í hverju okkur greinir á, þá vænti ég þess, að þeir geti fallizt á, að mín till. sé sú eðlilegasta, sérstaklega þar sem gert er ráð fyrir í lögunum, að þessir búnaðarfélagsmenn leggi fram sérþekkingu þá, sem þeir hafa, til leiðbeiningar við stofnun þessara nýbýla.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 95. fundi í Nd., 10. des., var frv. tekið til frh. 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 96. fundi í Nd., 11. des., var enn fram haldið 2. umr. um frv. (A. 109, 672, n. 673, 694, 746, 751).

ATKVGR.

Brtt. 672,1 samþ. með 22 shlj. atkv.

1. gr., svo breytt, samþ. með 17 shlj. atkv.

Brtt. 672,2.a—c samþ. með 21 shlj. atkv.

2. gr., svo breytt, samþ. með 18 shlj. atkv.

Brtt. 672,3 samþ. með 22 shlj. atkv.

3. gr., svo breytt, samþ. með 21 shlj. atkv.

Brtt. 672,4.a—b samþ. með 18:1 atkv.

4. gr., svo breytt, samþ. með 20 shlj. atkv.

Brtt. 672,5 (5. gr. falli burt) samþ. með 18 shlj. atkv.

— 764 samþ. án atkvgr.

— 672,6 (ný 6. gr., verður 5. gr.), svo breytt, samþ. með 20:1 atkv.

— 672,7 (ný 7. gr., verður 6. gr.) samþ. með 21 shlj. atkv.

— 672,8 (ný 8. gr., verður 7. gr.) samþ. með 20 shlj. atkv.

— 672,9 (9. gr. falli burt) samþ. með 21 shlj. atkv.

— 672,10 samþ. með 18 shlj. atkv.

10. gr. (verður 8. gr.), svo breytt, samþ. með 17 shlj. atkv.

Brtt. 694,1 felld með 16:12 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: HannJ, JakM, JJós, JÓl, JónP, PHalld, PO, SK, TT, EE, GSv, GÍ.

nei: HV, JG, PZ, PÞ, SigfJ, SE, StJSt, ÞorbÞ, BJ, BÁ, BB, EmJ, EystJ, FJ, GG, JörB.

Fimm þm. (ÁÁ, GÞ, JS, MT, ÓTh) fjarstaddir.

Brtt. 694,2 kom ekki til atkv.

— 672,11 (ný 11. gr., verður 9. gr.) samþ. með 17 shlj. atkv.

— 672,12 (ný 12. gr., verður 10. gr.) samþ. með 17 shlj. atkv.

— 672,13 (ný 13. gr., verður 11. gr.) samþ. með 19 shlj. atkv.

14. gr. (verður 12. gr.) samþ. með 19 shlj. atkv.

Brtt. 672,14.a—d samþ. með 19 shlj. atkv.

15. gr. (verður 13. gr.), svo breytt, samþ. með 17 shlj. atkv.

16. gr. (verður 14. gr.) samþ. með 19 shlj. atkv.

Brtt. 672,15 samþ. með 17 shlj. atkv.

17. gr. (verður 16. gr.), svo breytt, samþ. með 17 shlj. atkv.

Brtt. 672,16 (ný 18. gr., verður 15. gr.) samþ. með 20 shlj. atkv.

— 672,17 (ný 19. gr., verður 17. gr.) samþ. með 18 shlj. atkv.

— 672,18—20 (20.—22. gr. falli burt) samþ. með 19 shlj. atkv.

— 672,21 (ný 23. gr., verður 18. gr.) samþ. með 20 shlj. atkv.

24. gr. (verður 19. gr.) samþ. með 18 shlj. atkv.

Brtt. 672,22 (ný 25. gr., verður 20. gr.) samþ. með 18 shlj. atkv.

— 672,23 (ný 26. gr., verður 21. gr.) samþ. með 18 shlj. atkv.

— 672,24 (ný gr., verður 22. gr.) samþ. með 21 shlj. atkv.

— 751 tekin aftur.

— 672,25 (ný 27. gr., verður 23. gr.) samþ. með 19 shlj. atkv.

— 672,26—29 (28.—31. gr. falli burt) samþ. með 18 shlj. atkv.

— 672,30 samþ. með 17 shlj. atkv.

32. gr. (verður 24. gr.), svo breytt, samþ. með 17 shlj. atkv.
Brtt. 672,31—32 (33.—34. gr. falli burt) samþ. með 21 shlj. atkv.
35. gr. (verður 25. gr.) samþ. með 17 shlj. atkv.
Brtt. 672,33 (ný 36. gr., verður 26. gr.) samþ. með 19 shlj. atkv.
— 672,34 (ný 37. gr., verður 27. gr.) samþ. með 20 shlj. atkv.
— 672,35—36 (38.—39. gr. falli burt) samþ. með 19 shlj. atkv.
40. gr. (verður 28. gr.) samþ. með 18 shlj. atkv.
Brtt. 672,37 samþ. með 18 shlj. atkv.
41. gr. (verður 29. gr.) samþ. með 19 shlj. atkv.
42.—43. gr. (verður 30.—31. gr.) samþ. með 18 shlj. atkv.
Fyrirsögn frv. og kafla þess samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 17:1 atkv.

Á 98. fundi í Nd., 13. des., var frv. tekið til 3. umr. (A. 770, 788).

Of skammt var liðið frá útbýtingu brtt. 788. — Afbrigði leyfð og samþ. með 20 shlj. atkv.

Bjarni Bjarnason: Í 23 gr. þessa frv., sem hér er til umr., er gert ráð fyrir því, að nýbýlanefnd geri till. um það, hvernig því fé skuli skipta á milli héraða og umsækjenda, sem á hverju ári er veitt til nýbýla. Þar er og gert ráð fyrir, að nýbýlanefnd geri till. um lán úr nýbýladeild byggingar- og landnámssjóðs.

Þessi brtt., sem ég flyt, ásamt hv. 1. þm. Árn., á þskj. 788, gerir aftur á móti ráð fyrir, að nýbýlanefnd geri einnig till. um lán úr byggingar- og landnámssjóði, bæði til endurbygginga á jörðum í ábúð og til nýbygginga á nýbýlum og samvinnubyggðum. Og þar sem í frv. þessu felast breyt. á l. um byggingar- og landnámssjóð, að því leyti að sjóðurinn er þar klofinn í tvennt, þá álítum við flm. þessarar brtt., að vel fari á því, að nýbýlanefnd geri till. um lán úr báðum deildum sjóðsins, eða úr sjóðnum yfirleitt.

Þetta er í fám orðum innihald þessara brtt. á þskj. 788. Og þar sem þær liggja nú hér frammi fyrir hv. þm., munu þeir verða fljótir að átta sig á þeim.

Skal þess getið, að bankastjórn Búnaðarbankans telur þetta fyrirkomulag haganlegt og álítur, að það sé styrkur fyrir hvern bankastjóra, sem á að ráða þessum málum til lykta, að nýbýlanefnd geri á þennan hátt till. sínar og landbrh. geri svo um þetta fullnaðarákvarðanir.

Hannes Jónsson [óyfirl.]: Við 2. umr. gerði ég nokkrar aths. við núverandi 20. og 22. gr. frv. Mér virðast ákvæði 20. gr. nokkuð þröng og að þau geti komið óþægilega við í einstökum tilfellum. Ekki er alltaf víst, að eins standi á um ræktun í hverju einstöku tilfelli, þegar nýbýli er stofnað. Ég hefi skilið þessa 20. gr. þannig — og ég vildi fá svar við því frá hv. frsm. n., hvort það er ekki réttur skilningur —, að þegar talað er um, að til ræktunar nýbýlis megi greiða svo og svo mikið, þá sé þar með einnig átt við kostnað við að koma upp þar til heyrandi girðingum, því að ræktun verður ekki innt af höndum, svo að í neinu lagi sé, nema girðingar eða einhverjar vörzlur séu hafðar um hið ræktaða land. Það gæti komið sér vel, að hægt væri að beina nokkru af þessum styrk til þess að koma upp slíkum girðingum. En í 20. gr. er gert ráð fyrir, að aldrei megi verja til ræktunar nema 1000 kr. af þessum 3500 kr. styrk, eða 2/7. En með þessu finnst mér ræktuninni skorinn óeðlilega þröngur stakkur, sérstaklega ef girðingar eru hér taldar með ræktun, sem ég álít, að ekki þurfi að vera, og vona ég, að hv. frsm. svari því, hvort svo er.

Þá er gert ráð fyrir, að lán úr nýbyggingadeild byggingar- og landnámssjóðs megi aldrei fara fram úr 3500 kr. og ekki 5/7 fram úr stofnkostnaði býlisins. Þessi upphæð legg ég til, að sé hækkuð um 1000 kr., eða að lánveiting megi nema 5/7 stofnkostnaðar. Þótt ég efist ekki um það, að n. hafi litið á þetta mál frá öllum hliðum, þá er samt auðsætt, að með þessari takmörkun á lánsupphæðinni er nýbýlastofnendum skorinn svo þröngur stakkur, að þeir verða að geta lagt fram talsvert af eigin efnum, ef þeir eiga að verða láns og styrks aðnjótandi. Má að vísu segja, að mín till. gangi svo skammt, að hún bæti litið úr, en ef brtt. mín við 20. gr. verður samþ. og orðin „til ræktunar“ túlkuð frjálslega, ætti samþykkt brtt. minna að geta orðið til að gera löggjöfina aðgengilegri fyrir frumbýlinga þá, sem hafa hug á að notfæra sér hana. Ég vil því bera fram svo hljóðandi skrifl. brtt. [sjá þskj. 809].

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. leyfð og samþ. með 19 shlj. atkv.

Frsm. (Bjarni Ásgeirsson): Ég vil fyrst svara þeirri fyrirspurn frá hv. þm. V.-Húnv., hvort girðingar séu taldar með í orðunum „til ræktunar“ í 20. gr. N. lítur svo á, að svo sé, enda tíðkast slíkt ávallt, þegar lán eru veitt úr ræktunarsjóði.

Þá talaði hv. þm. um það, að hann vildi ekki takmarka svo mjög, hverjum hluta styrksins mætti verja til ræktunar, eins og n. hefir gert. Þetta var rætt í n., en það varð að samkomulagi, að réttast væri, að meginhluti styrktarfjárins færi til bygginga. N. leit svo á, að nýtt býli væri ekki myndað fyrr en nauðsynlegustu byggingar væru reistar Nú er svo ákveðið, að viðkomandi leggi fram 1500 kr. sjálfur, gegn 3500 kr. styrk og 3500 kr. láni, í landi eða öðru. Langlíklegast er, að þetta framlag verði oftast í ræktun. Oss fannst því eðlilegt, að ekki yrði meiru en 1000 kr. af þessum 3500 varið til ræktunar. Hv. þm. V.-Húnv. vill hækka lánveitinguna um 4500 kr. Þetta var rætt í n., en það varð að samkomulagi, að hin lægri upphæð héldist. Við leggjum áherzlu á það, að byggingarkostnaður verði ekki meiri en svo, að ábúandi geti risið undir honum, og er því betra að fara hægara af stað og bæta við seinna. Þótt leyfi þurfi til viðbótar frá nýbýlastjórn, er ekki líklegt, að því verði synjað, ef talið er, að býlið þoli þær viðbætur.

Þá hafa komið fram brtt. frá þm. Árn. við 23. gr. Fyrri brtt. virðist mér ólánlega orðuð, þar

sem hún byrjar á orðunum „Á sama hátt“ og verður því í ósamræmi við orðalag næstu mgr. á undan. Ég og n. erum á móti efni þessarar brtt.

Í frv. er gert ráð fyrir, að nýbýlanefnd hafi tillögurétt um styrkveitingu, en við hana er lánið bundið, en nýbýlastjóri taki fullnaðarákvarðanir um tillögur nefndarinnar í samráði við landbúnaðarrh.. Þetta er að öllu leyti logiskt. En með brtt. þessum á að fara að teygja undir ákvæði frv. lög um endurbyggingu býla, sem koma þessu máli ekkert við. Ég fæ ekki séð, að fremur þurfi að draga þessi umráð undan byggingar- og landnámsjóði heldur en ræktunarsjóði. En annars finnst mér alls ekki eiga við að draga vald úr höndum Búnaðarbankans undir stjórnarráðið, nema að því leyti sem þessi lög ákveða. Þess má líka geta, að auk Búnaðarbankans eru aðrir aðiljar, svo sem hreppsnefnd og læknir, sem úrskurðuðu um það, hvort viðkomandi hafi þörf á endurbyggingu eða geti staðið straum af henni. Ég verð því að leggja á móti báðum liðum till., sem miða að því einu, að færa ákvæði frv. yfir á allar lántökur úr byggingar- og landnámssjóði, bæði til eldri og yngri býla.

Pétur Ottesen [óyfirl.]: Hv. frsm. tók að mestu af mér það ómak að andmæla fyrri brtt., sem þm. Árn. hafa borið hér fram og gengur í þá átt, að leggja byggingar- og landnámssjóð undir landbrh. Fyrr má nú breyta lögum um bankastarfsemi á svo stórfelldan hátt en ætla að gera það á þennan hátt, með einfaldri brtt. Í síðari lið till. stendur: „Tillögur nýbýlanefndar um styrki og lán úr deildum sjóðsins skulu jafnan lagðar fyrir nýbýlastjóra, en hann leggur tillögurnar fyrir landbrh., sem tekur um þær fullnaðarákvarðanir.“ Hér er í frv. eingöngu átt við þá deild sjóðsins, sem annast lánveitingar til nýbýla. En með brtt. eru allir styrkir og lán úr sjóðnum, jafnt til eldri og yngri býla, lagðir undir landbrh. Í þessu felst ekkert annað en að flytja byggingar- og landnámssjóð í stjórnarráðið, eða a. m. k. yfirstjórn hans. Í frv. er ákveðið, að nýbýlastjóri taki fullnaðarákvarðanir í samráði við landbrh., en í brtt. er þetta fellt niður. Lánveitingar til nýbýla eru því hér með alveg lagðar á vald ráðh., og valdsvið hans fært út, svo að það nær til annara lána og styrkja líka. Vitanlega kemur ekki til mála, að slík bylting sé gerð með brtt. Auk þess rekst hér allt hvað á annað hvað orðalag snertir. Með orðunum „Á sama hátt“ í frv. og „á sama hátt“ í brtt. er átt við allt annað. Ég held því, að brtt. þessi sé svo að efni og formi úr garði gerð, að ekki nái nokkurri átt að samþ. hana, eins og hv. frsm. hefir þegar bent á.

Bjarni Bjarnason: Ég sé, að allmikil hreyfing hefir komizt á suma hv. þdm. út af brtt. okkar þm. Árn. Að okkar áliti er það alveg á misskilningi byggt, að ekki sé sama tilefni til þess, að styrkir og lán úr byggingar- og landnámssjóði til endurbygginga fari eftir tillögum nýbýlanefndar og nýbýlastjóra eins og styrkir til nýbygginga. Við teljum sjálfsagt, að hið sama gangi yfir báðar deildir. En máske hefði þó verið réttara að fella ekki orðin „í samráði“ niður, en ef nýbýlanefnd og nýbýlastjóri eru aðili annarssvegar og landbrh. hinsvegar, verður auðvitað að gera ráð fyrir samvinnu. — Ég get fallizt á, að „Á sama hátt“ í upphafi brtt. sé óheppilegt orðalag, og mun koma með skrifl. brtt. um að orðið „ennfremur“ komi í staðinn. Ég mun líka geta fallizt á og flutt brtt. um, að orðin „í samráði“ verði sett inn aftur.

Ég hefi orðið þess var, að sumir þm. ætla, að við viljum með þessum brtt. gera málið pólitískt. En fyrir okkur vakir það eitt, að samræma þessar deildir, sem annars eru klofnar í tvennt á óeðlilegan hátt, þótt sumum hér virðist kappsmál að halda þeirri skiptingu.

Forseti (JörB): Mér hefir borizt skrifl. brtt. frá hv. 2. þm. Árn., svo hljóðandi. [Sjá þskj. 808]. Þarf tvenn afbrigði til þess að till. þessa megi taka til meðferðar á fundinum.

ATKVGR.
Afbrigði leyfð og samþ. með 18 shlj. atkv.

Jón Pálmason: Ég vil undirstrika það frekar, að ég óska þess eindregið, að þær brtt., sem hér liggja fyrir við frv., verði allar felldar. Það er fyrst og fremst að því er snertir brtt. frá hv. þm. Árn., að aðalefni þeirra er, eins og þegar hefir verið drepið á, að draga þessa deild Búnaðarbankans undir nýbýlastjóra, sem kemur þessu máli ekkert við. Það virðist fullkomlega nægilegt, að nýbýlanefndin og nýbýlastjórinn hafi tillögurétt um lánveitingar þeirrar deildar Búnaðarbankans, sem veitir lán til nýbýla, þó að það sé ekki sett undir þá n. að gera till. um, hvernig lánunum skuli hagað úr byggingar- og landnámssjóði. Þessi skrifl. brtt., sem leitað var afbrigða fyrir, breytir þess vegna engu. Hún lagar lítilsháttar formið, sem í sjálfu sér er aukaatriði, en hitt er aðalatriðið, að hér á að færa til yfirstjórnina yfir þessari stofnun, sem er óviðkomandi því frv., sem hér liggur fyrir.

Að því er snertir brtt. hv. þm. V.-Húnv., sem felur það í sér að hækka lán til einstakra nýbýla, þá skal ég taka það fram, að ég er þeim einnig mótfallinn, af því að hér verður að haga svo háttum í þeirri starfsemi, sem hér er ætlað að setja á stofn, að veita styrk og lán til sem flestra aðila, sem um það sækja. N. hefir bundið sig ákveðið við það hámark, sem í frv. stendur, og ég verð að segja, að þó að það kunni ekki að þykja nógu aðgengilegt, þá verða það samt þannig kjör, að engin slík hafa áður verið á boðstólum, og ekki eru líkur til annars en það ætti að vera fullnægjandi fyrir þá menn, sem á annað borð hafa vilja og getu til þess að stofna til þeirra nýbýla, sem um er að ræða. Ef farið er hærra, er enn meiri hætta á því en ella, að þetta verkaði á þann hátt, að menn mundu heldur kjósa að komast inn undir ákvæði þessara laga heldur en að búa áfram á þeim jörðum, sem nú eru í byggð. En það er kunnugt mál, að heildarverð ýmissa þeirra jarða er miklum mun lægra heldur en ætlazt er til, að verði stofnverð þeirra býla, sem gert er ráð fyrir með þessu frv. Ég vildi því eindregið mælast til þess

við hv. þm., að þeir felldu allar þær brtt. sem hér liggja fyrir. Þó að svo sé, að ég er ekki ánægður með stjórn þessara mála, eins og ég tók greinilega fram við 2. umr. þessa máls — og mínar brtt. voru þá felldar —, þá vil ég ekki gera svo mikið númer úr þeim ágreiningi, að ég af þeim sökum snúist gegn þessu máli. Þó að það færi að minu áliti betur á annan veg, þá er engan veginn loku fyrir það skotið, að því megi breyta síðar til betri vegar.

Páll Zóphóníasson: Herra forseti! Ef það er almanna vilji fyrir því í þessari hv. d. að fá það inn í þetta frv., að landbrh. og nýbýlanefnd fái yfirstjórn yfir því, til hvaða jarða eigi að veita lán til endurbygginga og nýbygginga, þá vildi ég benda þeim mönnum, sem flytja brtt. á þskj. 788, á það, að ef fyrri liður brtt. verður samþ., þá á vitanlega að falla burt síðari máls. fyrri málsgr. 23. gr. frv.

En hinsvegar vona ég, að ekki þurfi að koma með brtt. til að lagfæra þetta, og að menn geti orðið sammála um að drepa þessar till., því að það er áreiðanlega engin ástæða til þess að láta nýbýlan. og landbúnaðarrh. fá yfirráðin yfir því, hvaða lán eigi að veita úr þessari deild Búnaðarbankans frekar en öðrum deildum bankans. Það er einmitt — og ekki síður — ástæða fyrir nýbýlan. að skipta sér af ræktunarsjóðslánum, og þess vegna hygg ég enga ástæðu til þess að samþ. till.

Að því er snertir brtt. hv. þm. V.-Húnv., þá er ég þeim alveg mótfallinn. Það var talað um margar tölur í n. sem hámarkstölur fyrir lánveitingum, en síðast varð samkomulag í n. um þá tölu, sem stendur í brtt. hennar. Nm. voru að vísu sammála hv. þm. V.-Húnv. um það, að það væri full þörf fyrir þá, sem nýbýli byggðu, að fá hærri styrk og meiri lán. En n. byggði afstöðu sína til þessara till. á því, að þegar tillit er tekið til þess, að með því að skapa nýbyggjendum sérstaklega hagkvæm kjör, þá yrði töluverð hætta á því, að ýmsir af þeim bændum, sem erfiðasta aðstöðu hafa, freistuðust til þess að yfirgefa jarðir sínar og reyna að komast yfir nýbýli. Það var með tilliti til þessa, sem við vildum ekki fara hærra upp, og svo líka vegna þess, að við töldum betra, að vextir yrðu ekki litt bærilegir.

Ég hygg, að hv. þm. V.-Húnv. hafi ekki athugað þessa hlið málsins nægilega, þegar hann samdi sínar brtt. En ég vona, að hv. þdm. geti eftir atvikum sætt sig við það, sem í frv. stendur, og legg ég því til, að allar brtt. við frv. verði felldar.

Hannes Jónsson [óyfirl.]: Það er auðséð, að nokkuð mikils þykir við þurfa að mótmæla þessum brtt. frá mér, því að þrír af hv. nm. landbn. hafa staðið hér upp til þess að láta í ljós andúð sína gegn þeim. Þó skildist mér á hv. þm. N.-M., að hann í hjarta sínu væri ekki eins mikið á móti brtt. eins og hann vildi vera láta. En hann lýsti því yfir, að það hefði orðið samkomulag í n. Ég get vel skilið, að hv. þm. hafi tilhneigingu til þess að fylgja brtt. og hafi jafnvel talað fyrir svipaðri afgreiðslu málsins í n. Svo get ég líka skilið, að þegar hann er búinn að slá af til samkomulags við hina aðra nm., þá vilji hann ekki rjúfa það samkomulag, sem hann hefir heitið sínum samnm., og er ekki nema gott um það að segja út af fyrir sig. En það er ekki hægt að segja, að það sé næg ástæða til þess að mæla gegn minum brtt. Þær geta haft sama gildi fyrir því, þó að eitthvert samkomulag hafi orðið í n. um afgreiðslu málsins. Ég skal játa, að ég hafði tilhneigingu til þess að ganga lengra í þessu efni en ég hefi gert með brtt. minum, eins og frv. það ber með sér, sem ég var flm. að og n. hafði til að styðjast við við afgreiðslu málsins á þessu þingi. En ég hefi einmitt tekið nokkuð tillit til þess að afgr. málið á sem beztan hátt, þannig, að það komi að sem beztu gagni, en yrði þó ekki á nokkurn hátt, eins og hv. þm. N.-M. tók fram, til þess að freista manna til að yfirgefa jarðir sínar og taka til nýbýlastofnunar. Ég hygg, að engin hætta stafi af þessu, þó að mín till. verði samþ. Hún er einmitt sniðin við það, að þeir, sem kynnu að óttast slíkar afleiðingar af brtt. minum, gætu orðið rólegir og samþ. þær án þess að nokkur slík hætta opnaðist. Þær ganga ekki inn á þá braut að hækka styrkinn, heldur aðeins að hækka lítilsháttar lánin og að styrkurinn verði dálítið lausari fyrir og megi velta honum á milli eftir því, sem bezt hentar fyrir nýbýlinga sjálfa. Í því sambandi vil ég svara hv. frsm. n. því, sem hann talaði um, að framlag til nýbýla eigi að koma aðallega fram í ræktun. Ég skal gjarnan ganga inn á það, að í mörgum tilfellum — og ef til vill flestum tilfellum — væri það hagfelld leið fyrir nýbýlinga að leggja fram sitt framlag í ræktun, en þó getur það verið hagkvæmara fyrir þá að leggja það fram á annan hátt. Við skulum segja, að maður hefði tækifæri til þess að byggja sjálfur upp á sínu býli, þá er honum hagkvæmast að leggja fram sitt framlag í smíði, og er þá eðlilegast fyrir hann að leggja fram starfskrafta til þess að vinna að byggingunni, þó að hann kannske þurfi að kaupa vinnu við ræktun og önnur störf til að koma býlinu upp. Það eru þessar ástæður, sem ég vildi reyna að fullnægja með þessu ákvæði í brtt. minni um, að þessir framlagsmöguleikar til nýbýlanna séu tilfæranlegir eftir því sem bezt hentar í hverju einstöku tilfelli. Mér er kunnugt um, að það getur verið dálítið mismunandi, hvað menn komast af með í byggingarkostnað, eftir því hvað þeir eru hagsýnir í því efni. Mér hefir t. d. verið tjáð, að byggingar- og landnámssjóðshús hafi orðið ódýrara en annað nákvæmlega eins. Þrátt fyrir að sömu skilyrði voru að öllu leyti til bygginga, hafði mismunurinn á kostnaðarverði orðið allt að því tvö þúsund krónur. Nú finnst mér ekki nema gott og blessað, að þeir, sem gætu komið upp byggingum, en dregið niður kostnaðarverðið að verulegum mun, fengju rýmri aðstöðu til þess um leið að leggja það, sem þeir hefðu sparað á byggingarkostnaði, í aukna ræktun og fengju betri aðstöðu að öðru leyti til nýbýlastofnunar. Það á ekki að refsa þeim fyrir þetta, heldur að sýna þeim fulla sanngirni, með því að skapa þeim betri aðstöðu til þess að fá býlin sem bezt úr garði gerð. Ég vil því vona,

að hv. landbn., þó að þeir séu búnir að koma sér saman um afgreiðslu þessa máls á þeim grundvelli, sem hér er lagður, þá standi þeir ekki á móti brtt. minum, sem þeir hljóta að viðurkenna, að eru gerðar með það fyrir augum, að þeir, sem nýbýli stofna, fái betri tækifæri til þess að skapa sér lífvænlegri skilyrði, og það án þess að nokkur ástæða verði til þess að óttast, að það verði til að lokka menn meir en hófi gegnir frá gömlu býlunum sínum. Ég skal taka það fram, að ég teldi það ekki mikið tjón, þó að einstaka afdalajarðir legðust í eyði. Það eru lítil framtíðarskilyrði fyrir menn, sem búa á slíkum jörðum, og á undanförnum árum hefir alltaf verið að ganga meir og meir á þessi heiðabýli og menn hafa fært sig í þéttbýlið og reynt að koma sér þar fyrir. Hinsvegar skal ég játa, og hefi alltaf haldið fram, að það ber skylda til þess að halda við gömlum býlum eftir því sem frekast er unnt, nema þeim, sem liggja mjög afskekkt.

Ég vil svo ekki fjölyrða frekar um þetta, en þó endurtaka og undirstrika, að minar brtt. eru ekki í því formi, sem ég hefði helzt kosið, heldur hefi ég reynt að laga mig eftir því, sem n. hefir lagt til í málinu, og greiða fyrir því án þess að það geti á neinn hátt orðið til þess að auka á hættu fyrir málið sjálft og byggt minar till. alveg á þeim grundvelli, sem n. sjálf leggur til. Ég vil beygja mig fyrir þeirri stefnu, sem þar hefir orðið ofan á, en reyna að færa hana lítilsháttar til betri vegar frá því, sem ég tel, að sé í frv. sjálfu.

Guðbrandur Ísberg [óyfirl.]: Hv. þm. V.-Húnv. gat þess, að nú hefðu þrír þm. úr landbn. staðið upp til þess að andmæla hans brtt. Ég held, að það sé rétt, að ég standi upp sem fjórði maður til þess að andmæla þeim. — Ég veit vitanlega ekki, hvað einstakir landbnm. aðrir en ég hafa hugsað sér um hámarksákvæði fyrir lánum og styrk til nýbýlabygginga. En ég veit það, að n. var sammála um, að ekki mætti fara hærra, til þess að ekki væri veruleg hætta á því, að menn hlypu frá býlum sínum til þess að verða aðnjótandi þeirra fríðinda, sem gert er ráð fyrir, að þeir, sem stofna nýbýli, fái, eða a. m. k. verði allháværar kröfur um að komast í þá aðstöðu.

Hv. þm. V.-Húnv. lagði sérstaka áherzlu á það, að hér væri ekki farið fram á aukinn styrk, heldur aðeins hækkuð lán. Það gerði svo sem ekkert til, skildist mér, þó að nýbýlin þyrftu að standa undir hærri lánum — það skipti svo sem ekki miklu máli. Ég vil benda hv. þm. á í fullri alvöru, hafi hann ekkert lært af skuldasöfnun bænda á undanförnum árum, ekkert lært af því, að byggingar- og landnámssjóður byrjaði á því að lána um 30 þús. kr. út á jarðir, sem ekki kostuðu nema 3—5 þús., að stjórn byggingar- og landnámssjóðs hefir lært það af þeirri reynslu, sem hún hefir af þessu hlotið, að hún hefir fært lánin stórkostlega niður. Ég hygg, að nýbýlingar verði þakklátir þeim mönnum, sem ætlast ekki til þess, að inn á þá verði troðið lánum eða gert allt of auðvelt um að hrúga lánum á býlin. Ég hygg, að þeir megi vera þakklátir þeim mönnum, sem benda þeim, þó óbeint sé, á þá leið að leggja minna í kostnað í byrjun, en þó þannig, að sómasamlegt megi teljast og að líkur séu til, að þeir geti risið undir kostnaðinum.

Að því er snertir brtt. hv. þm. Árn., þá er ég þeim mótfallinn og get tekið undir þau rök, sem hv. form. landbn. færði gegn þeim.

Hannes Jónsson [óyfirl.]: Nú fer maður að skilja, hvaðan vindurinn blæs, þegar hv. þm. Ak. tekur til máls. Nú fer maður að skilja, hvers vegna hv. 2. þm. N.-M. er svona tregur í taumi eins og hann hefir verið við þessa umr. Nú skil ég, hvers vegna þetta samkomulag hefir verið gert í n. um afgreiðslu málsins og hvers vegna hv. 2. þm. N.-M. hefir verið svínbeygður eins og raun er á orðin frá sinni sannfæringu. Það hefir verið af því, að í n. hafa verið menn, sem ekki hafa viljað láta málið ná fram að ganga, nema þá svo, að það gæti ekki komið að neinum notum. Hv. þm. Ak. spurði að því, hvort ég hefði ekkert lært af skuldasöfnun bænda og ekkert lært af lánveitingum byggingar- og landnámssjóðs. Jú, mér er kunnugt um, að menn hafa fengið lán til þess að byggja upp á jörðum sínum, en það er þessi skuldasöfnun, sem hv. þm. Ak. vill ekki innleiða. Hann vill ekki, að menn fái lán til að reisa nýbýli. Það er yfirlýst frá honum, að þetta sé röng leið, sem ekki megi ganga inn á, og hv. þm. hefir gert samkomulag við meðnm. sína um að skera þetta svo við nögl sér, að það komi ekki að neinu gagni. Það þýðir ekki fyrir hv. þm. að koma fram í dulbúnu gerfi sem meðmælandi frv., vitandi vits um það, að hann er að reyna að vinna á móti málinu á þann hátt að láta lánveitingarnar og styrkinn verða svo lítinn, að ekki komi að neinu liði, og að af þeim sökum verði sem fæstir, sem þessara hlunninda geti notið. Þetta er auðvitað krókaleið til þess að komast að sínu takmarki — því takmarki að leyfa ekki lánveitingar, og ef hv. þm. A.-Húnv. ætlar að taka í þennan spotta með hv. þm. Ak., þá öfunda ég hann ekki af sinni afstöðu til málsins. Ég skal ekki segja, hversu ákaflega mikið þakklæti kann að dynja yfir þessa hv. þm. frá þeim mönnum, sem nú eru að hrekjast úr sveitum landsins vegna þess að þeir hafa ekki aðstöðu til að stofna heimili, en ég get búizt við, að þeir þurfi ekki að hafa vatnsheldar regnhlífar til þess að verja sig í þeirri skúr.

En að taka þessa litlu lánveitingu, 4500 kr., sem menn þurfa til þess að koma upp nýbýli í sveit, til samanburðar við það hófleysi, sem hefir átt sér stað í útlánum úr byggingar- og landnámssjóði, er ekki nema hrein fjarstæða. Hér er aðeins verið að teygja fram grýlu til þess að hræða menn, en það á ekki við; þetta er ekki sambærilegt við lánveitingar úr byggingar- og landnámssjóði, því að ég hygg, að þar sé ekki farið nema þá að örlitlu leyti niður fyrir það, sem ég geri ráð fyrir í mínum brtt.

Hv. þm. Ak. þarf ekki að ímynda sér það, að þeir, sem taka slík lán, 4 þús. kr., séu með öllu skuldlausir jafnt fyrir því. Það er því miður ekki hægt að útiloka það, að menn myndi skuldir til þess að geta komið upp heimili, hvort heldur

það er í kaupstað eða sveit. Því miður er ekki hægt að koma þessu svo fyrir, þó að það væri æskilegt, og þess vegna verða menn að stofna til skulda, ef þeir eiga að fá viðunandi heimili í sveit.

Jón Pálmason: Mér þótti koma fram skriflegar getsakir hjá hv. þm. V.-Húnv. til okkar í landbn. um að í þessu máli hefði n. gengið inn á eitthvert samkomulag, sem hv. þm. Ak. hefði kúgað okkur hina í n. til þess að ganga inn á, og það væri að ákveða styrkinn og lánin svo lág, að ekki væri hægt að byggja nýbýli fyrir þá upphæð.

Ég skal lýsa því yfir, að í n. hefir í þessu efni verið bezta samkomulag um að fara ekki hærra með þessar fjárveitingar en við gerum ráð fyrir. Ég veit ekki hvort hv. þdm. hafa athugað, hvað hlutfallið raskast mikið, ef till. hv. þm. V.-Húnv. væru samþ., því að það er lágmarkskrafa frá landbn., að til byggingar nýbýlis leggi hlutaðeigandi sjálfur fram 3/17 af stofnkostnaði býlisins, og það virðist ekki vera sérlega há krafa. En verði till. hv. þm. V.-Húnv. samþ., breytist þetta hlutfall þannig, að það verður aðeins 1/17 — einar 500 kr. — sem hlutaðeigandi þarf sjálfur að leggja fram. Hér er að miða við það hámark, sem styrkurinn er veittur til, og þá er að athuga í þessu sambandi það, sem kemur til greina, sem er sú ræktun, sem þarna þarf fram að fara. Ég býst við, að menn hafi kannske ekki gert sér grein fyrir því, að til þeirrar ræktunar, sem styrk á að veita til samkv. þessu frv., er ekki ætlazt til, að veittur verði jarðræktarstyrkur. Eftir þessu hefir því hlutaðeigandi bóndi eins og áður fulla kröfu til styrks samkv. jarðræktarlögunum til þeirrar ræktunar, sem hann framkvæmir þar til viðbótar.

Ég skal, ef hæstv. forseti aðeins bíður örlítið við, lesa upp, hvernig þetta er í frv., sem hv. þm. V.-Húnv. flutti hér í fyrra. Hann vill fara með styrkinn upp í 12 þús. kr. til þess að reisa sér nýbýli. (**HannJ:** Hann þyrfti að vera það). Hann vill færa ríkisstyrkinn upp í 12 þús. kr. til einstakra býla, og ætlast þannig til, að nýbýlin verði eins dýr eins og dýrustu höfuðból á landinu. (**HannJ:** Það eiga allt að verða höfuðból). Það getur kannske orðið með tímanum, en það er ekki hægt að krefjast þess, að ríkið styrki þau á þann hátt, að þau geti orðið það strax. Það væri óskynsamlegt að gera slíkar kröfur. Viðvíkjandi því, sem í frv. stendur, þá er það krafa frá hv. þm. V.-Húnv., að aldrei verði minna en ¼ af kostnaðarverði, sem hlutaðeigendur sjálfir leggja fram. Landbn. hefir ekki gert ráð fyrir hærra en 3/17, en nú vill þessi hv. þm. færa það niður í 1/17.

Annars vil ég ekki lengja umr. frekar. Það er líka óþarfi, vegna þess, að ég býst ekki við, að till. nái fram að ganga. En auðsætt er, hvað vakir fyrir hv. þm., að nota sér á þennan veg, að landbn. sé að skera við neglur sér framlagið, af því hún ætlist til, að ekkert verði úr málinu. En nm. hefir ekki dottið slíkt í hug. Þeir hafa aðeins viljað fylgja skyldu sinni, að gera frv. þannig úr garði, að það gæti orðið hjálp á komandi tímum fyrir sveitir landsins. Svo ætla ég ekki að orðlengja þetta frekar.

Guðbrandur Ísberg [óyfirl.]: Út af fáum meinlausum orðum, sem ég beindi til hv. þm. V.-Húnv., hefir hann haldið eina af sínum fullyrðingaræðum, sem mér dettur ekki í hug að svara. Ég vil aðeins benda á, að hann fullyrti, að ég væri á móti öllum lánum í sambandi við nýbýlin, og ég væri á móti málinu í heild, sem ég hefi þó athugað kostgæfilega í landbn. og hefi skrifað undir ágreinings- og fyrirvaralaust. Ég get látið þetta svar nægja.

Þá sagði hv. þm., að hann vissi ekki, hvort þessi og þessi maður myndi verða okkur í landbn. þakklátur fyrir afgreiðslu málsins. En ég vil segja honum, að mig varðar ekkert um það, hvort þessi og þessi maður er mér þakklátur. Ég lít á hag þjóðarheildarinnar, og það gerir landbn. Ég vil benda á í þessu sambandi, að byggingar- og landnámssjóður hefir þegar orðið að gefa afföll af sínum hagkvæmu lánum, því að þau voru allt of há.

Að lokum vil ég láta þá skoðun í ljós, að ég hafi eins mikið vit á landbúnaði eins og hv. þm. V.-Húnv. (**HannJ:** Það er vafamál). Og ég vil frábiðja mér allar leiðbeiningar hans í þeim efnum.

Jörundur Brynjólfsson [óyfirl.]: Ég ætla aðeins að segja örfá orð, og ég vona, að ég þurfi ekki að lengja mikið umr., því að það eru óþarfar langar umr. um svo lítið atriði sem hér ræðir.

Ég hefði sparað mér að taka til máls, ef ekki hefði komið fram í ræðu eins hv. þm., að brtt. sú, sem ég hefi gert með öðrum þm., væri ekki frambærileg, hvorki að formi né efni. Sá hv. þm., sem varpaði þessu fram, rökstuddi það ekki frekar, eins og kemur stundum oftar fyrir þennan hv. þm., að honum finnst óþarfi að rökstyðja það, sem hann fer með.

Brtt. okkar fjallar um það, að eins skuli farið með lán úr byggingar- og landnámssjóði, hvort heldur er til endurbygginga á jörðum eða til stofnunar nýrra býla og samvinnubyggða.

Það virðist koma fram hjá landbn., eða 4 nm. af 5, að þetta væri röskun á eldri löggjöf, en sjálfir virðast þeir ekki vera sér þess meðvitandi, að þeir eru að raska eldri löggjöf í till. sínum. Brtt. okkar felur einmitt í sér að koma samræmi á þau lán, sem þeir fara nú að gera ráðstafanir með á sérstakan hátt. Það segir í 21. gr. frv.: „Byggingar- og landnámssjóði Búnaðarbanka Íslands skal skipt í tvær deildir. Önnur deildin skal veita lán til þess að endurbyggja hús á jörðum, sem eru í ábúð. Hin deildin kallast nýbýladeild. Hún skal veita lán til þess að reisa nýbýli og samvinnubyggðir.“ 23. gr. frv. tekur síðan fram, að með fjárl. skuli ákveðið, hve mikið fé sé lagt til stofnunar nýbýla á hverju ári. Skal svo nýbýlanefnd gera till. um, hvernig því fé skuli skipt milli landshluta, og eins hvað miklu fé sé varið til lánveitinga úr nýbýladeild byggingar- og landnámssjóðs.

Við, sem stöndum að þessari brtt., leggjum til, að úr hinni deild sjóðsins, sem varið er til

endurbygginga á býlum, sé farið með lánin á sama hátt. Þessi brtt. er flutt eftir ósk þess manns, sem hefir yfirstjórn þessa sjóðs. Hann hefir óskað eftir, að þessar ráðstafanir yrðu gerðar á sama veg. Honum finnst, að með því yrði meira samræmi á stjórn sjóðsins, ef hann væri undir einni yfirstjórn.

Í till. landbn. er ekki vikið að því, hvernig sjóðnum skuli skipt, hvaða hlutfall eigi að vera milli deildanna, þegar sjóðnum er skipt, eða hvernig starfsemi hans skuli háttað í þessum deildum í framtíðinni. Ég get búizt við, að ekki sé auðvelt að ákveða þetta fyrirfram, og því sé bezt, að sömu menn fjalli hér um, bæði lánveitingar og styrkveitingar úr nýbýladeildinni, og eins hvernig verja skuli fé úr hinni deildinni til endurbygginga á jörðum í sveitum.

Þetta er ekki skylt því, sem landbn. leggur til. Hún vill koma lánveitingum úr nýbýladeild undir sérstaka yfirstjórn við Búnaðarbankann. Það getur verið skoðunarmál, hvort rétt sé að bera styrkveitingar úr þessum sjóði undir nýbýlan. En ef við hefðum flutt till. um svo mikla röskun á frv., þá hefði landbn. getað lagzt á móti. Hinu bjóst ég síður við, að 4 nm. af 5 legðust á móti því, að samræmi yrði í starfsemi sjóðsins. Því það verða ekki nein greinileg skil, hvað eru nýbýli og hvað er endurbygging á eldri býlum, t. d. hvort eitthvert býli hættir að heita nýbýli þó að endurnýjaðar séu byggingar á því, hvort þau heita bara nýbýli fyrst. Vegna alls þessa hefði verið hyggilegra, að það hefði verið sama stjórn yfir þessum deildum báðum.

Hjá okkur flm. brtt. er þetta ekki neitt kappsmál. Fyrir okkur vakti ekki annað en það, að gætt væri samræmis í stjórn beggja deilda sjóðsins. Við féllumst þar á rök þess manns, sem hefir yfir sjóðnum að segja, og álítum við bezt, að sömu menn hefðu úrslitaatkvæði um það, hvernig farið væri með fjármál sjóðsins.

Ég get sagt sem mína persónulegu skoðun, að ég hefði kosið, að þessar till., bæði um nýbýladeild og hina, væru ekki bornar undir landbrh., heldur hefði stjórn bankans með nýbýlastjóra og nýbýlanefnd úrslitaatkvæði um þetta. En ég vildi ekki gera svo mikla röskun á frv., sem af því hefði hlotizt, og því áttum við ekki annars úrkostar en flytja till. til samræmingar á stjórn deilda sjóðsins.

Þá saknaði einn ræðumaður ákvæðis úr brtt. okkar við till. landbn., þess efnis, að þegar landbrh. hefir lagt till. nýbýlanefndar fyrir nýbýlastjóra væru teknar fullnaðarákvarðanir um þær í samráði við hann. Eftir till. okkar á að orða málsgr. þannig: „Tillögur nýbýlanefndar um styrki og lán úr deildum sjóðsins skulu jafnan lagðar fyrir nýbýlastjóra, en hann leggur tillögurnar fyrir landbrh., sem tekur um þær fullnaðarákvarðanir.“ Það er nákvæmlega það sama sagt í báðum málsgr., en þetta nær bara betur þeirri hugsun, sem fyrir landbn. vakti. Hvað þýðir, að nýbýlastjóri leggur fyrir landbrh. tillögur n.? Þeir bera ráð sín saman. Verði þeir ásáttir, kemur ábyrgðin á landbrh. Greini þá á, þá ræður landbrh., þó að orðalag landbn. haldist á till. Till. okkar og hennar bera því að sama brunni.

Landbn. hefir heldur ekki fundið að þessu, en aðeins einn ræðumaður. Og ég get sagt fyrir mitt leyti, að mér liggur í léttu rúmi, hvort þessi till. verður samþ. En andmælin gegn till. eiga ekki við rök að styðjast. Ef eitthvað er aðfinnsluvert við það, að landbrh. taki ákvörðun um slíkar lánveitingar, þá gildir það ekki síður um till. landbn. En mér stendur annars á sama, hvað deildin gerir við þessar till. Þær eru komnar fram eftir óskum þess manns, sem mest á um þessi fjármál að fjalla, og samræmis vegna var ég fús að flytja þær. En annars er mér hjartanlega sama, hvað við þær verður gert. En ég veit með vissu, að þegar fram líða tímar, þá mun sú verkaskipting, sem landbn. leggur til, ekki viðgangast lengi.

Páll Zóphóníasson: Ég vil benda hv. 1. þm. Árn. á það, að hann gekk framhjá því, sem ég benti á áðan, að ef árangur á að verða af till. hans, þá verði hún að koma fyrr en síðari málsl. 23. gr., en það vantar till. um að breyta þessu þannig.

Ég vil líka benda á, að þessi nýbýladeild, sem stofnuð er úr byggingar- og landnámssjóði eftir 21. gr. frv., fær fé sitt með því að gefa út verðbréf, og eftir því sem 22. gr. ákveður, skulu lánin veitt með sömu vöxtum og borgaðir eru af bréfum, sem sjóðurinn gefur út, svo að það má búast við, að vextirnir verði 5%—5½%. Ef hv. þm. V.-Húnv. athugar þetta, þá vona ég, að hann sjái, að af 3500 kr. láni gerir það minnst 175 kr. á ári, en af 4500 kr. láni verða það 225 kr. En nú nemur afgjaldið af leigujörðum 120—135 kr. að meðaltali. Og ég býst við, að hv. þm. V.-Húnv. vildi reyna að koma lánunum á þessum jörðum svo fyrir, að vextir af þeim yrðu ekki mörg hundruð kr. á ári, og ekki miklu hærri en afgjöld af leigujörðum. Og ég hygg, að nýbýlingur hafi nóg með að bera 175 kr., þó ekki sé 200—300 kr., eins og yrði eftir till. hv. þm.

Hv. 1. þm. Árn. lagði enga áherzlu á sína till., að hún yrði samþ. Ég vona því, að honum verði ekkert um það, þó hún falli.

Ég hygg, að það sé á nokkrum misskilningi byggt, þar sem hann segir, að stigsmunur verði á milli lána úr deildum sjóðsins. Annarsvegar eru lán um ófyrirsjáanlega framtíð, en þar er enginn styrkur á móti. Hinsvegar eru lán til nýbýla og 3500 kr. styrkur á móti. Þetta er svo glöggur stigsmunur, að það er engin hætta, að á verði ruglingur í Búnaðarbankanum milli þessara deilda. Að því leyti þarf ekki sömu menn til að ákveða, hverjir eigi að fá lánin. En sem sagt, ef á að aðhyllast það, að láta sömu menn hafa ákvörðunarvald um það, hverjir eigi að fá lán til endurbygginga á jörðum og til nýbýla, eins og flm. brtt. 788 leggja til, þá verður síðari málsgr. 23. gr. að falla niður. Annars er endurtekning á því sama tvisvar í sömu málsgr.

Frsm. (Bjarni Ásgeirsson): Umr. eru orðnar langar, svo að ég vil ekki teygja mikið úr þeim. En ég verð þó að mótmæla því, sem hæstv. forseti hélt fram, er hann var að mæla með till.

sinni og hv. 2. þm. Árn. Hann segir, að þeir hafi borið till. fram til að samræma ákvæði í frv. landbn. Þetta er hrein fjarstæða. Hann sagði, að ekki hefði verið rétt að blanda nýbýlastjóra eða landbrh. inn í þetta mál, heldur hafi verið réttast að láta það heyra undir stjórn byggingar- og landnámssjóðs. — Það getur verið, að þetta hafi verið bezt, en það gat bara ekki orðið í þessu frv., því að lánin byggjast á því, hvort maður fær þann styrk úr ríkissjóði, sem ákveðinn er í frv. Og það þýðir ekki að veita lán til eins býlis og styrk til annars. En þegar ákveðið er í lögunum, að úthlutun styrksins skuli falin nýbýlastjóra og landbrh., þá verður ekki komizt hjá því, að þeir, sem ákveða styrkinn úr ríkissjóði, segi til um, hverjir eigi að fá lánið. Ef þetta hefði ekki verið svona bundið, þá hefðum við ekki ákveðið neitt um það í frv. En þetta eru einmitt þeir lánaflokkar, sem bundnir eru við þennan styrk. Ef hefði átt að færa ákvarðanir um lánaflokka í Búnaðarbankanum undir sömu stjórn, þá hefði ekki síður verið ástæða til að taka hér með ræktunarsjóð, því að mikill hluti af lánum úr honum fer líka til bygginga. Þetta hefði ef til vill verið æskilegast, en því varð ekki komið við, og við urðum að taka þann kostinn að leggja til að stofna nýjar deildir úr byggingar- og landnámssjóði.

Þá sagði hæstv. forseti, að ekki væri greinilegt eftir frv., hvað væru nýbýli og hvað eldri býli, en ég vil benda honum á, að í frv. eru skýr ákvæði um þetta.

Þá er ákvæðið, sem hv. þm. Borgf. fann að, að í seinni lið till. væri strikað út, að nýbýlastjóri hefði nokkurn ákvörðunarrétt um þessar lánveitingar. Í till. landbn. er ákveðið, að hann taki fullnaðarákvörðun ásamt landbrh., en í brtt. stendur, að nýbýlastjóri leggi till. n. fyrir landbrh., sem tekur um þær fullnaðarákvarðanir. Nýbýlastjóri á þannig aðeins að bera fyrir hann till., en landbrh. tekur ákvarðanirnar. Nýbýlastjóri hefir samkv. brtt. þessari ekki tillögurétt, heldur er hann aðeins sendisveinn frá nýbýlanefnd til landbrh. Það er með ásettu ráði, að við orðuðum till. þannig, að landbrh. taki ákvarðanir ásamt nýbýlastjóra, því að við vildum láta nýbýlastjóra líka hafa hönd í bagga með þessu. Ég vil því ekki ganga inn á það með hæstv. forseta, að ekkert sé athugavert við brtt. þeirra.

Mér finnst það hortittur, þar sem stendur í 1. málsgr.: á sama hátt, og svo er endurtekið í brtt.: á sama hátt, og þó þessi orð féllu niður, þá stendur eftir, að nýbýlanefnd geri till. um lánveitingar úr nýbýladeild byggingar- og landnámssjóðs, og ennfremur, að nýbýlanefnd geri till. um, hverjir skuli fá lán úr byggingar- og landnámssjóði, en það tvítekur nákvæmlega það sama, eins og allir hljóta að sjá. Ef það er ekki hortittur, þá veit ég ekki, hvað er hortittur. Það er alltaf varhugavert að bera fram brtt. við lagaflokka, sem eru heild eins og þessi. Það kemur þá oft röskun á sambandið. — Ég ætla svo ekki að tala meira um þetta.

Pétur Ottesen [óyfirl.]: Mér er sagt, að meðan ég var fjarverandi hafi hæstv. forseti sagt eitthvað viðvíkjandi brtt. sinni og hv 2. þm. Árn., og honum hafi fundizt ég taka of djúpt í árinni, þar sem ég sagði, að þessi brtt. væri óframbærileg bæði að formi og efni. Hvað formið snertir hefi ég fengið viðurkenningu á orðum mínum frá hv. flm. frv., en brtt. hans nær ekki nema örskammt til leiðréttingar á formshlið till. Hv. 2. þm. N.-M. hefir ekki lagað hana til fulls hvað formið snertir. En það er aukaatriði.

En frá efnisins sjónarmiði er hún ekki frambærileg. Till. felur í sér að taka af stjórn Búnaðarbankans yfirráð með fullnaðarúrskurði um lánveitingar úr byggingar- og landnámssjóði og fela þau landbrh. Ég álít ófært að bera fram svo stórstíga breyt., sem hér er um að ræða, á síðasta stigi máls, eins og hér er gert, auk þess sem það nær vitanlega ekki nokkurri átt að láta ráðh. úrskurða um lánveitingar úr lánsstofnun í landinu. Lánsstofnanirnar eiga hvað þetta snertir að vera óháðar hinu pólitíska valdi, en nú er það vitað, að ráðh., hver sem hann er, er í orðsins fyllstu merkingu fulltrúi hins pólitíska valds í landinu, það er að segja hins ráðandi meiri hl. á hverjum tíma, svo það er ekki hægt að gera hinu pólitíska valdi hærra undir höfði í þessu efni heldur en með því að ætla að láta velta á úrskurði ráðh. um það, hvernig lánveitingum er hagað. Frá þessu sjónarmiði álít ég till. alls ekki frambærilega, auk þess hvað óviðeigandi er að láta slíka brtt. koma fram á síðasta stigi málsins. Ég tek því ekkert aftur af því, sem ég hefi sagt um þetta efni, og ætla, að það sé fullkomlega rökstutt.

Jörundur Brynjólfsson [óyfirl.]: Það fer fjarri því, að mér detti í hug, að hv. þm. Borgf. taki nokkuð aftur af því, sem hann hefir sagt. Ég man ekki til, að þessi hv. þm. hafi nokkurntíma tekið aftur það, sem hann hefir einu sinni sagt, hvort sem það hefir verið rétt eða rangt. Ég er ekkert að álasa honum fyrir þetta, — fjarri því. Að sumu leyti munu skoðanir okkar eigi mjög ólíkar um það atriði, hvort ákvarðanir þær, sem hér er um að ræða, skuli bornar undir landbrh. Ég álít, að yfirleitt ætti ekki svo að vera. En samkv. frv. eiga styrkveitingar til nýbýla að vera komnar undir dómi ráðh., og eru það fjármunir eigi svo litlir. Ef ráðh. er of pólitískur til þess að ráðstafa einhverjum fjármunum, stundum meiri, stundum minni, til endurbygginga bæja í sveitum, þá getur hann alveg eins verið pólitískur þegar um er að ræða að veita þennan styrk til manna, sem reisa nýbýli. Ég hefði kunnað betur við, að hv. landbn. hefði ekki haft nein slík ákvæði í frv. Vitanlega hefði verið hægt að láta veitingu þessara fjármuna vera undir mati annara manna komnar, og það þurfti ekki annað en tiltaka sérstök skilyrði, sem þeir yrðu að uppfylla, sem styrksins ættu að verða aðnjótandi. Ég ætla þó eigi að standa í vegi fyrir þessum ákvæðum eins og sakir standa. Þessi löggjöf á vafalaust eftir að taka ýmsum breyt., eftir því sem reynslan leiðir í ljós, þegar farið er að framkvæma hana, og því getur maður látið sér hægt, þó eitthvað kunni að vera annað heppilegra heldur en þar er tiltekið. Þó þessi umræddu ákvæði kunni að vera óheppileg að einhverju leyti, þá dettur mér ekki í hug að

telja þau háskaleg á nokkurn hátt. Ég held, að það sé hæpið hjá hv. þm. Borgf. að telja það beina undantekningu, að við tökum með í brtt. nýbyggingar á nýbýlum og samvinnubyggðum, þó þær hafi áður verið nefndar í gr. Þær koma þarna í nokkurskonar áframhaldi af nýbyggingum á eldri jörðum og falla undir það sama, svo það er ekki alveg tilgangslaust að setja þetta þannig fram. Hinu dettur mér ekki í hug að bera á móti, að með betri tíma hefði mátt koma þessu öðruvísi og betur fyrir.

Ég ætla svo, úr því að ég stóð upp, að víkja nokkrum orðum að hv. þm. Mýr. Hann sagði, að það ætti að koma undir úrskurð ráðh., þegar styrkur væri veittur til nýbýla. Nú er þetta með ýmsu móti; stundum getur verið aðeins um styrk að ræða til nýbýlings, en ekki lán, stundum aftur á móti aðeins lán, og þá kemur ekkert til kasta ráðh. eftir till. hv. landbn. Nú er talað um einhverja skiptingu á sjóðnum, þó ekkert komi fram um það af hálfu n., hvernig sú skipting eigi að vera. Það er fjarri því, að ég hafi nokkuð á móti því, að sjóðnum sé skipt, en ég álít að öllu leyti miklu heppilegra, að báðar deildir hans séu þá undir sömu yfirstjórn. Með því móti á sú yfirstjórn hægara með að gera sér grein fyrir nauðsyn hvers einstaks erindis, sem berst til beggja deilda sjóðsins. Aftur á ræktunarsjóðurinn, sem hv. þm. minntist á í þessu sambandi, ekkert skylt hér við.

Það fer fjarri því, að ég geri þessar till. að stóru atriði. Ég sé í hendi mér, að þessi löggjöf verður tekin til endurskoðunar og breyt. áður en langt um líður, og gerir þá ekki mikið, þó þetta atriði bíði þangað til. En að vera með stóryrði slík sem hv. þm. Borgf. viðhafði hér um svona till., það tel ég allt of mikla orðgnótt. Hvað það snertir, að nýbýlastjóri eigi aðeins að vera sendisveinn milli nýbýlanefndar og ráðh., sem ekkert hafi að segja þegar til ákvarðana kemur, þá tekur það jafnt til till. landbn. eins og till. okkar. Samkv. báðum till. á hann að vera milligöngumaður; það er ætlazt til, að þessir aðilar beri ráð sín saman, en ef þá greinir á, verður ráðh. að skera úr, eftir hvorum till. sem farið er.

Pétur Ottesen [óyfirl.]: Ég gat þess áðan, að ég hefði fengið viðurkenningu frá flm. þessarar brtt. fyrir því, að hún væri óframbærileg að formi til. Nú hefi ég fengið viðurkenningu á því frá hæstv. forseta, að hún sé einnig óframbærileg hvað efnishliðina snertir, því hann kvaðst vera hálfhræddur við að leggja styrkveitingarnar til nýbýla undir úrskurð hins pólitíska valds ráðh. En þessi hræðsla kemur svo fram í því, að hann vill líka leggja lánveitingar úr byggingar- og landnámssjóði undir þetta sama vald. Ef þetta er ekki að stangast við sjálfan sig, þá veit ég ekki, hvað það er. Ég þarf þannig ekki frekari viðurkenningu á því frv. hv. flm. þessarar till., að það sé rétt hjá mér, sem þeir kalla stóryrði, að hún sé ekki frambærileg, hvernig sem á hana er litið. Er nú aðeins eftir að láta hv. d. reka smiðshöggið á og staðfesta það, hvort ég hefi ekki rétt fyrir mér. Það kemur væntanlega fram við atkvgr.

Hæstv. forseti henti að mér harðyrðum út af því, að ég léki ekki mjög á riðli með skoðanir mínar hér í d., og er það meira heldur en hægt er að segja um suma aðra, jafnvel hæstv. forseta sjálfan. Það er rétt, að ég reyni að halda fast við skoðanir mínar, þó hitt sé vitanlega ofmælt, að ef það kemur fyrir, að mér skjátlist, þá fáist ég aldrei til að viðurkenna það. Ég stend fast við mínar skoðanir, þegar ég hefi rétt fyrir mér, og ég byggi skoðanir mínar æfinlega á því, að ég hafi rétt fyrir mér. Og hvað sem annars má um mína þingsögu segja, þá hygg ég, að ekki verði sagt, að ég hafi látið annarlegar ástæður eða góð boð frá valdhöfunum hlekkja mig til þess að hvika frá skoðunum mínum, — og taki þeir sneið, sem eiga.

Jörundur Brynjólfsson [óyfirl.]: Það má segja um hv. þm. Borgf., að sjaldan bregður mær vana sínum. Auðvitað þurfti hann að koma að einhverjum svigurmælum, er hann gerði aths. sína. Hann gerir sjáanlega engan mun á því að standa við skoðanir sínar og að standa við öll orð, sem falla í umræðuhita. Í hans augum er það alveg það sama að standa við öll stóryrðin og að standa við skoðanir sínar. En ég er ekki alveg viss um, að sumir hv. dm., sem að jafnaði ber minna á, séu óstöðugri í skoðunum heldur en hv. þm. Borgf. — Honum finnst það sama, hvað brtt. okkar sé ómöguleg, að við viljum nú breyta tveimur orðum í upphafi hennar. Sú orðabreyt. miðar til fegurra máls; ég viðurkenni það auðvitað. En maður, sem hefir borið fram brtt. á þingi og fært með henni stað á ströndu landsins annesja milli, hann ætti held ég ekki að vera með svigurmæli til annara, þó þeir beri fram till. sem orða mætti á annan hátt betur. (**Rödd úr salnum**: Hver gerði það?). Það hefir einn af hv. þm. gert, og þingsagan sýnir, hver það er. Hann lét í till. sinni ákveðinn stað tilheyra öðrum flóa heldur en hann hefir gert bæði fyrr og síðar. En þetta er nú meira sagt til gamans heldur en að annað eigi að vera í því fólgið.

Hv. þm. Borgf. vék enn að till. okkar hv. 2. þm. Árn. og taldi, að þar sem ég væri ekki fjarri því, að heppilegra væri, að ekkert af styrk- og lánveitingunum væri komið undir úrskurði ráðh., þá væri þar með fengin viðurkenning fyrir, að efnishlið þessarar till. væri óframbærileg. En hv. þm. Borgf. segir ekkert við því, þó önnur deild sjóðsins eigi að miklu leyti að vera undir yfirráðum ráðh. samkv. till. landbn. Ég vil láta vera samræmi í þessum hlutum, láta annaðhvort allt eða ekkert af þessu fé vera komið undir úrslitaatkvæði ráðh., þar sem það gengur til nákvæmlega sömu starfsgreinar í þjóðfélaginu. Við hv. þm. Borgf. getum verið sammála um, að ekkert af þessu ætti að vera komið undir úrskurði ráðh., en úr því hv. landbn. hefir kosið þann kost að láta aðra grein starfseminnar koma undir úrslitaatkvæði ráðh., því þá ekki að láta hina gera það líka?

Það eru því ekkert annað en marklaus stóryrði, sem hv. þm. Borgf. hefir viðhaft um þessa till. okkar. Ef hann er ánægðari með að viðhafa slíka málafærslu og halla réttu máli, þegar svo bíður við að horfa, ef honum finnst það bera vott um eitthvað meiri þingmennskuhæfileika,

þá er það reiðilaust frá minni hálfu. Ef honum finnst henta sér og sínum málstað að viðhafa slík ummæli á þingi, sem hann hefir nú notað, þá má hann kjósa sér til handa þá kosti í því efni, er honum sýnist, mín vegna.

Jón Sigurðsson [óyfirl.]: Ég var því miður ekki við 2. umr. þessa máls sökum lasleika. En út af þeim umr., sem nú hafa farið fram, get ég tekið undir það, að þetta úrslitaatkvæði ráðh., sem deilt er um, sé ekki heppilegt. Og mér finnst óþarfi að ganga þannig frá frv., að skipta eigi um þessa nýbýlanefnd á þriggja ára fresti; mér sýnist það vera eins og stílað upp á það, að pólitíska valdið, sem ráðandi er í landinu í hvert sinn, geti skipað sína menn til þessa starfs. Þegar svo á að leggja úrslitaatkv. um allar lánveitingarnar í hendur ráðh., þá virðist mér beinlínis stefnt að því að gera pólitíska valdið alráðandi á þessu sviði. Þó þetta yrði á engan hátt misnotað, mundi samt ávallt liggja sterkur grunur á, að menn yrðu að sæta misjöfnum kostum vegna skoðana sinna, ef svona er í pottinn búið. Það tel ég mjög óheppilegt, auk þess sem ráðh. gæti, ef hann vildi svo við hafa, beitt valdi sínu til þess að útiloka beinlínis pólitíska andstæðinga frá þessum lánum. Mig undrar, að svona ákvæði skyldu fara hér gegnum 2. umr., og ég skil ekki, úr því hæstv. forseti viðurkennir hættuna, sem í þessu felst, að hann skuli óska að færa þetta út á víðara svið. Mér finnst hans afstaða ætti að vera sú, að hann vildi ekki ganga skör lengra heldur en þegar hefir verið gert í þessu efni, en notaði fyrsta tækifæri til þess að taka höndum saman við aðra, sem óttast þetta, til þess einmitt að nema þennan agnúa úr lögunum. — Ég vildi aðeins benda á þetta, að mér finnst þarna kenna ósamræmis hjá hæstv. forseta. Vænti ég þess vegna, að brtt. hans nái ekki fram að ganga, því hún mundi verða til að tefja það, að fellt verði burt þetta atriði í frv., sem vægast sagt getur orðið stórhættulegt.

Frsm. (Bjarni Ásgeirsson): Um þetta ákvæði um úrskurðarvald ráðh. er það að segja, að í frv. er stjórnarfyrirkomulagi þessara mála yfirleitt komið þannig fyrir, að landbrh. hefir æðsta valdið. Undir hann er sett nýbýlanefnd og nýbýlastjóri, og ef þar kemur upp ágreiningur, verður eitthvert vald að vera til að skera úr. Fannst okkur eðlilegast, að það væri landbrh., þar sem hér er að ræða um eina aðalgrein þeirra mála, sem undir hann heyra. Það hefði vitanlega mátt byggja frv. þannig upp, að nýbýlastjóri hefði æðsta valdið, en okkur þótti eðlilegra, að einhver væri yfir hann settur, því það mun vera sjaldgæft, að ráðamenn ríkisins á hinum ýmsu sviðum verði ekki að lúta einhverju æðra valdi. Þegar svo ákveðið er í frv., að æðsti maður á þessu sviði skuli vera landbrh., þá er ekki nema eðlilegt, að hann sé einnig látinn hafa úrslitavaldið um það, hvernig ráðstafað er styrknum til nýbýla, ef ekki næst um það samkomulag. En einmitt eðlileg afleiðing af því, að ráðh. ræður yfir styrkveitingunum, er hitt, að hann ræður einnig um lánveitingarnar, því undir flestum kringumstæðum hlýtur það að fara saman, að sömu mennirnir fái styrk til nýbýla og nýbýlalán. Það þýðir ekki að veita styrk í eina áttina og lán í aðra, svo það vald, sem ákveður skiptingu styrksins, hlýtur um leið að hafa áhrif á ráðstöfun þeirra lána, sem við styrkinn eru bundin.

ATKVGR.
Brtt. 809,1 felld með 17:5 atkv.
— 809,2 felld með 22:2 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: GÞ, HannJ.
nei: PO, SigfJ, SE, SK, StJSt, ÞorbÞ, BJ, BÁ, BB, EmJ, EystJ, FJ, GÍ, HV, JÓl, JónP, JS, MT, ÓTh, PZ, PÞ, JörB.
EE, GSv, JakM, JJós, PHalld greiddu ekki atkv.
Fjórir þm. (TT, GG, ÁÁ, JG) fjarstaddir.
Brtt. 808 samþ. án atkvgr.
— 788,a, svo breytt, felld með 16:11 atkv.
— 788,b tekin aftur.
Frv. samþ. með 18 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 94. fundi í Ed., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 770).

Á 96. fundi í Ed., 16. des., var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv. og til landbn. með 11 shlj. atkv.

Á 97. fundi í Ed., 17. des., var frv. tekið til 2. umr. (A. 770, n. 849).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

Frsm. (Bernharð Stefánsson): Það er nú orðið nokkuð framorðið, enda skal ég ekki halda langa ræðu.

Sökum þess að ætla má, að komið sé nærri þinglausnum, sá landbn. sér ekki fært að verja eins miklum tíma til að athuga þetta mál eins og hefði verið rétt að gera. Úr því nauðsynlegt þykir á annað borð að hafa þingið í 2 deildum, þá er vitanlega ætlazt til, að báðar d. athugi málin, en þessari d. er gefið lítið tækifæri til athugunar á málinu, ef það á annað borð á að ganga fram á þessu þingi. Þó að athugun þess hér í landbn. hafi ekki verið mjög mikil eftir að það kom til okkar, þá hafa nm. fylgzt vel með gangi þess í hv. Nd., og stóðu því betur að vígi. Af svipuðum ástæðum er það, að n. gerir engar brtt. við þetta frv., sökum þess hve við teljum komið nærri þinglausnum.

Við yfirlestur frv. fundum við ýms atriði, sem okkur fannst, að hefðu mátt betur fara en er í frv., en ég skal játa, að það voru aðallega formsatriði, en aftur á móti fundum við ekki neitt það atriði í frv., sem okkur fyndist, að efnislega séð mætti alls ekki í því vera. Ef svo hefði verið, þá hefðum við gert okkar brtt. þrátt fyrir það, að svona er ástatt um þingtímann. Það er því till. landbn. að frv. verði samþ. óbreytt.

Ég hafði ætlað mér í fyrstunni að rekja efni

þessa frv., sem er mjög merkilegt mál, eins og ég sagði í upphafi. Þar sem það hefir ekki verið rætt hér í d., væri full ástæða til þess að rekja efni þess í framsögu og e. t. v. skýra í ýmsum atriðum, en þar sem hagar svo til, að ég er hér að tala á venjulegum matmálstíma, verð ég að láta það niður falla, en vil þess í stað vísa hv. þm. á grg. þá, sem fylgdi frv. upphaflega á þskj. 109. Þar er rakið mjög ýtarlega allt, sem snertir sögu þessa máls, og skýringar með köflum frv. og einstökum greinum. Að vísu hefir frv. tekið allmiklum breyt. síðan það var borið fram, en þó má fá allýtarlegt yfirlit og skýringar á þessu máli í grg. Sökum þessara nefndu ástæðna mun ég láta hér staðar numið.

Jón Baldvinsson [óyfirl.]: Ég ætla engan veginn að bæta við framsögu hv. form. n. En ég vil ekki skiljast svo við þessa umr., að ég láti ekki fylgja örfá orð frá mínu sjónarmiði. Við teljum þetta allir eitt af mestu nauðsynjamálum vorum, sem kemur hér fram nú vonum seinna. Með þessu er reynt að beina fólksstraumnum frá sveitunum til bæjanna í gagnstæða átt. Mér hefir alltaf skilizt, að þetta væri eina leiðin, að ríkissjóður legði fram fé í býli og ræktun.

Í framkvæmd málsins teldi ég mestu varða, hvar nýbýlunum verður valinn staður. Þau eiga náttúrlega að vera þar, sem skilyrði til ræktunar eru bezt og nærtækur og góður markaður við hendina fyrir afurðir búanna.

Ef marka á stefnubreyt. um að beina fólksstraumnum í sveitina, þá tel ég hyggilegast, að sem flest býli standi saman, samvinnubyggðir á sameiginlegu ræktunarlandi. Þar tel ég mestar líkur til, að fólkið tylldi betur, því það er sjálfsagt dálítið vegna fámennis og einangrunar, að fólkið hefir farið úr sveitinni. Það var svo áður hér á landi, að í kringum stórbýlin voru smábýli nokkuð mörg; þar var fólk, sem lifði í þurrabúð og sótti til sjávarfanga og lifði ódýru lífi, og það er svo enn, að ódýrara er að lifa í sveit en í kaupstöðum, og er óþarfi að rekja það hér. — Ég vildi aðeins láta þetta koma fram. Ég hefi dálítið ýtt á eftir þessu máli, m. a. með flutningi frv., þó ekki væri eins vel undirbúið og þetta frv. — það skal játað — þá var það byggt á sömu hugsun, að ríkið ætti að styrkja nýbýli og nýbýlahverfi í því skyni að halda fólkinu í sveitinni.

Frsm. (Bernharð Stefánsson): Ég sé ekki annað en annaðhvort verði að fresta fundi eða geyma frekari umr. til 3. umr., og það ætla ég, að sé heppilegra. Út af framkomnum ummælum frá hv. 4. landsk. vil ég leyfa mér að taka fram, að landbn. leggur ekki höfuðáherzluna á samvinnubyggðir, og ég get heldur ekki séð, að frv. sjálft geri þeim neitt hærra undir höfði en nýbýlunum. Í því sambandi vil ég leyfa mér að benda á 13. gr. frv., þar sem talað er um þrennskonar nýbýli, er hafi rétt til styrks. Í fyrsta lagi nýbýli reist af ábúanda sjálfum. Í öðru lagi nýbýli, sem reist kunna að verða á opinberri eign, þjóðjörðum eða jörðum í eign sveitar- eða bæjarfélaga, og í þriðja lagi samvinnubyggðir. Vitanlega er allt jafnrétthátt samkv. frv.

Ég get tekið undir það með hv. síðasta ræðumanni, að mjög er undir því komið um mál þetta, hvernig framkvæmdin verður. Og við erum sammála um það, að velja beri heppilega staði, með það fyrir augum, að búskapur á býlum þessum verði sem álitlegastur. En það þarf ekki endilega að vera þannig, og á ekki alstaðar bezt við, að mörg býli séu reist saman. Mér fannst nauðsynlegt, að það kæmi þegar fram, að þetta er ekki sá skilningur, sem nefndin í heild eða hv. deild leggur í frv., heldur fari það eftir rannsókn og því, hvað reynslan leiðir í ljós, að heppilegast sé.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
2.—7. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
8.—11. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
12.—18. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
19.—25. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
26.—27. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
28.—31. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
Fyrirsagnir frv. og kafla þess samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 10 shlj. atkv.

Á 99. fundi í Ed., 19. des., var frv. tekið til 3. umr.

Pétur Magnússon [óyfirl.]: Það er sjálfsagt tilgangslítið fyrir okkur Ed.-þm. að vera að taka til máls um nokkuð af þeim stórmálum, sem hrúgast nú að deildinni þessa síðustu daga. Vinnubrögðum þingsins er nú þannig hagað, að flest stærstu málin hafa komið síðan um helgi, þó þingið sé búið að sitja marga mánuði á rökstólum. Þar af má nefna frv. um alþýðutryggingar, frv. til framfærslulaga og frv., sem hér er til umr., sem öll hafa komið til Ed. eftir síðustu helgi, og þó er gert ráð fyrir, að þinginu verði slitið á laugardag. Þetta er farin að verða hættuleg bending um það, hvað gersamlega áhrifalausir við Ed.-þm. erum orðnir um úrslit hinna mikilvægustu mála, því þó að segja megi, að við getum komið með brtt., þá eru þær í fyrsta lagi allar strádrepnar — ég tala nú ekki um frá stjórnarandstæðingum —, og auk þess erum við látnir vita, að við getum sparað okkur ómak að bera þær fram, það sé þýðingarlaust, því að þær verði felldar. Með þessu er Ed. gerð að tómri málamyndastofnun. En þetta fyrirkomulag brýtur algerlega í bág við grundvallarskipun þingsins, að báðar deildir hafi sömu áhrif á úrslit mála. Það er algerlega óþolandi, að önnur deildin sé gerð að einhverskonar minni háttar stofnun. Ég leyfi mér því að beina þeirri áskorun til hæstv. forseta, sem er gamall Ed.-þm., að hann hlutist til um það, að þetta eigi sér ekki stað framvegis. — En þrátt fyrir það, að mér er fullkomlega ljóst, hvað það hefir litla þýðingu að vera að tala í þessu máli, þá vil ég samt með örfáum orðum gera grein fyrir afstöðu minni til frv.

Frsm. landbn. gat þess, að við yfirlestur frv. sáum við margt, sem betur mátti fara, en þar eð við vissum, að þýðingarlaust var að flytja brtt. við frv., þá varð það að samkomulagi að láta

slíkt undir höfuð leggjast. Því að ekki þótti eyðandi tíma í að gera aths. við ágalla formsins, heldur ágalla málsins í heild, efni þess.

Það eru aðallega tvö eða þrjú nýmæli, sem koma fram í frv.: 1. að setja reglur um skilyrði til nýbýlastofnunar. 2. að leggja fram styrk úr ríkissjóði til stofnunar nýbýla. 3. að setja ákvæði um stofnun samvinnubyggða.

Skilyrði til stofnunar nýbýla eru m. a. þau, að rannsókn fari fram áður en til framkvæmda kemur, að athuguð séu náttúruskilyrði, að afstaða býlanna til markaðs og samgangna sé þannig, að líkur séu til þess, að framleiðslan geti borið sig.

Tilgangur þessarar löggjafar er einkum sá, að stöðva fólksstraum úr sveitunum til sjávarins, sem gætt hefir nú um langt skeið. Með tilrauninni til að fjölga býlunum á að tryggja afkomumöguleika þeirra, sem í sveitunum búa, og um leið að taka móti hinni árlegu fólksfjölgun í sveitunum

Nú liggur í augum uppi, eins og ástandið er hjá atvinnuvegum í kaupstöðum landsins, að það er fyllsta nauðsyn til að hefta hinn öra straum fólksins í kaupstaðina. Atvinnuvegir kaupstaða og sjávarþorpa eru langt frá því nægilegir til að veita lífsframfæri öllum þeim, sem koma til kaupstaðanna og ekki hafa annað að byggja á. Ég þarf ekki að lýsa afleiðingunum af því, ef fólkið heldur þannig áfram að flytja úr sveitunum. — Það eru ekki skiptar skoðanir um það, að eitthvað verður að gera til að bæta aðstöðu þeirra manna, sem í sveitunum búa, svo að þeir telji sér fært að búa þar áfram.

Ég hefi orðið þess var, og sérstaklega hjá bændum, án tillits til stjórnmálaskoðana, að þeim finnst hæpin braut að verja fé úr ríkissjóði til þess að stofna nýbýli, meðan fleiri og færri býli leggjast í eyði. Þessir menn segja, að fyrst eigi að stöðva það, að gömlu býlin fari í eyði, og síðan að auka býlafjöldann. Mér er það ljóst, að þessir menn hafa nokkuð til síns máls, því að sannleikurinn er sá, að það gengur svo, að á hverju ári leggjast býli í eyði, og nú tugir, ef ekki hundruð komin í eyði, og það í sveitum, sem hafa bezta aðstöðu til þess, að búskapur geti borið sig, sveitum, sem liggja vel við samgöngum og njóta góðs markaðar, eins og t. d. Árnessýsla. En ég veit, að þar hefir mjög borið á þessu, að býli hafa lagzt í eyði. Þetta er sorglegur sannleikur, og hættan fer vaxandi með hverju ári, og sýnir þetta bezt, hvað sú stjórnarstefna, sem nú er ríkjandi, er bágborin, og hefir a. m. k. annar stjórnarflokkurinn, sem með völd fer, talið það efst á stefnuskrá sinni að styðja landbúnaðinn. En þetta ástand í sveitunum sýnir, hversu sorglega þessir menn hafa skotið framhjá marki, að það skuli fara með hverju ári versnandi afkomumöguleikar þeirra manna, sem þessa atvinnugrein stunda.

Það liggur í augum uppi, að þessi nýbreytni, að stofna með aðstoð ríkisins nýbýli í sveitum, verður því aðeins að gagni, að breytingin í sveitunum verði til þess, að atvinnugreinin geti borið sig. Ef það heldur áfram eins og á undanförnum árum, að allur þorri bænda verði að reka búskap sinn með tapi, þá er vonlaust um, að nýbreytnin verði að því gagni, sem allir óska, að hún geti orðið.

En þrátt fyrir það, að ég sjái vel, hvað mikið þeir hafa til síns máls, sem fyrst vilja stöðva það, að gömlu býlin leggist í eyði, þá hika ég ekki við að ljá frv. fylgi mitt. Ég geri það af því, að mér er það ljóst, að það er lífsnauðsyn fyrir þjóðina í heild að stöðva strauminn til sjávarins, því að það vofir yfir þorra þeirra, sem til sjávarins flytja, ekkert annað en atvinnuleysi, og getur endað í bókstaflegri neyð. Og þó það sé svo, að mörg gömul býli hafi farið í eyði, þá er ég ekki sannfærður um, að þessi tilraun geti ekki komið að einhverju gagni, jafnvel að óbreyttum þeim kringumstæðum, sem nú eru. Ég byggi aðallega á því, að ætlazt er til, að rannsókn fari fram á möguleikum fyrir því, hvernig búskapurinn getur bezt borið sig á þessum býlum. Sannleikurinn er sá, að við rennum blint í sjóinn, hvaða tegund landbúskapar á bezt við á hverjum stað á landinu; við vitum ekki, hvaða grein innan landbúnaðarins er bezt að stunda, hvort heldur sauðfjárrækt, mjólkurframleiðslu eða garðyrkju. En með því að rannsaka, hvaða tegund landbúskaparins er heppilegast að stunda á hverjum stað, þá ætti það ekki að vera svo lítill ávinningur, náttúrlega með því móti, að það sé meira en tómt kák og rannsakað sé til hlítar, hvort hægt sé að reka með hagnaði eina tegund búskaparins á sérstökum stöðum.

Þar að auki álít ég, að ekki sé útilokað, að samvinnubyggðir geti þrifizt, sérstaklega þar, sem er einvörðungu mjólkurframleiðsla og sparnaður getur verið að því, að menn vinni saman, en ekki eins og nú hver út af fyrir sig. Menn geta t. d. sameinazt um verkfærakaup, og það er ekki lítið kapital, og fleira mætti benda á. Hinsvegar er mér ljóst, að árangur þessa máls veltur ekki fyrst og fremst á löggjöfinni, heldur á því, hvernig hún verður framkvæmd.

Þá er annað atriði, sem ég vildi leggja höfuðáherzlu á, að ýtarleg og gagngerð rannsókn færi fram á öllum skilyrðum og aðstöðu, þar sem hugsað er til nýbýlastofnunar, svo fénu sé ekki kastað á glæ þangað, sem búskapur getur ekki staðið á eigin fótum. Því þessi höfuðatvinnuvegur, landbúnaðurinn, jafnþýðingarmikill og hann er, verður að standa á eigin fótum, enda enginn annar atvinnuvegur, sem getur komið honum til hjálpar. Hitt höfuðatriðið, sem ég vil leggja áherzlu á, er, að ekki sé flaustrað að neinu, en farið sé að öllu gætilega, því það mun vera hyggilegast að láta reynsluna kenna, hvað bezt er, með því að prófa sig áfram , — leggja ekki í byrjun í mikinn kostnað fyrir ríkissjóðinn, en ef þetta gefst svo vel, að útlit sé fyrir, að það geti orðið arðvænlegur atvinnurekstur, er betra að auka framlagið síðar en að fara of geyst af stað. Nú er áætlað til nýbýla 180 þús. kr. sem styrkur úr ríkissjóði. Ég tel þetta of geyst byrjað. Ef veittar eru 3 þús. kr. til hvers býlis, held ég, að nóg væri að byrja með 20 býlum, en auka svo við, ef reynslan verður góð. Nú getur sannarlega enginn sagt fyrirfram, hvernig um þessi mál skipast og hvaða breyt.

reynslan kann að sýna að nauðsynlegt verði að gera í sambandi við stofnun nýbýlanna. Og þar sem til þess er ætlazt, að vel sé til þeirra vandað, er vissast að fara gætilega meðan engin reynsla er fengin. En eftir 1—2 ár, þó það sé ekki langur tími, færi þó dálítið að koma í ljós, hvernig gengur og hvort þeir, sem býlin taka, muni rísa undir kostnaðinum af stofnun þeirra.

Mér er vitanlega ljóst, að þýðingarlaust er að vera að tala um málið nú, en fannst rétt að lýsa þessari afstöðu minni áður en frv. verður afgr.

Jónas Jónsson [óyfirl.]: Hv. 2. þm. Rang. hefir fylgt frv. úr hlaði með velvilja, og vildi ég halda áfram á sömu leið.

Hv. þm. lét í ljós þá skoðun, að ekki væri víst, að þetta nýja landnám lánaðist eins vel og menn vonuðust eftir, og því væri hyggilegast að fara hægt á stað. Ég býst nú við, að það geti farið svo í framkvæmdinni, að stj. hafi ekki alltaf peninga fyrir hendi, enda ekki svo fastbundið fyrirfram, hvað skuli framkvæma mikið. Ég get skýrt frá því hér, vegna þess að fjvn. hafði upphaflega áætlað 200 þús. kr. í þessu skyni, en við athugun kom í ljós, að það vantaði 20 þús. kr. til smjörbúanna, og til þess að hækka ekki heildarútgjöldin varð samkomulag um að taka þær af þessu fé, sem búið var að ákveða til nýbýlanna.

Af því hv. þm. minntist á þá sorglegu reynslu, að fólkinu fækkaði stöðugt í sveitum, þrátt fyrir það, þó einn flokkur, Framsfl., væri búinn að stjórna landinu í 8 ár og telja það sitt aðalhlutverk að halda fólkinu í sveitunum, þá vil ég segja, að þetta er rétt og ekki rétt. Fyrir 8 árum var togaraútgerðin í uppgangi og hafði verið það allt frá byrjun. En nú hefir lifið snúið þessu svo við, að togaraflotinn hefir minnkað og atvinnan dregizt saman alveg eins og í sveitinni, þó það sé ekki fyrir galla togaranna. Bæði þessi atriði hníga í sömu átt, og er hvorugt ánægjulegt, en ég geri ráð fyrir, að hvorttveggja stafi af óviðráðanlegum orsökum, sem kringumstæður samtíðarinnar hafa skapað. Hitt má fullyrða, að ef ekki hefði verið hafin sú barátta af Framsfl. fyrir meir en 8 árum, en sveitirnar verið látnar afskiptalausar, þá væri orðið þunnskipað í þeim nú. Ég hefi veitt því eftirtekt á ferðum mínum um landið, að það sjást varla sæmilegar byggingar í sveitum, nema þar, sem byggt hefir verið fyrir fé úr byggingar- og landnámssjóði og á nokkrum prestssetrum. Vitanlega er þetta vegna þess, að menn hafa ekki getað byggt úr varanlegu efni nema eiga kost á hagkvæmum lánum. Ef kippt hefði verið af styrknum til bygginga, jarðræktar, frystihúsa og mjólkurbúa og fjárframlögum til vegalagninga og annara samgöngubóta, þá verð ég að segja, að sveitirnar á Íslandi hefðu farið nákvæmlega eins og sveitirnar á Englandi fóru eftir stríðið, að sjór og iðnaður með sína vélavinnu hefðu orðið svo langt á undan, að það hefði gersamlega þurrkað sveitirnar upp.

Ég held, að það séu meira en 10 ár síðan Oddur heitinn Hermannsson sagði við mig, út frá sömu aðstæðum og hv. 2. þm. Rang. minntist á, að það væri svo mikil nauðsyn að halda fólkinu í sveitunum, að væri það ekki hægt á annan hátt, yrði að kaupa það til þess. Átti hann við, að það opinbera yrði að styrkja það í svipinn með svipuðum ráðstöfunum og ég nefndi áðan, svo sveitalífið yrði viðunandi.

Það er alveg sérstök ástæða fyrir mig að mæla með frv., vegna þess að í minu kjördæmi hefir verið og er nú uppi áhugi fyrir verulegri býlafjölgun, en með nokkuð öðrum hætti en annarsstaðar á landinu. Það er ekki óalgengt, að jörð sé skipt í 2—4 býli. Einni jörð, Reykjahlíð í Mývatnssveit, er nú skipt í 4 býli, allt til sömu fjölskyldu. Geri ég ráð fyrir, að eftir fá ár verði komin þarna 8 býli, og er þá komið þar upp þéttbýli eins og frv. gerir ráð fyrir. Ég hygg, að ástæðan fyrir því, að þarna hefir hafizt þróun um býlafjölgun á sama tíma sem þeim hefir fækkað annarsstaðar, sé sú, að langt er síðan fólk fór þar að vinna saman, t. d. í verzlunarmálum. Einnig má minna á, að samvinnan um vöruvöndun, t. d. ullarmatið, er þaðan sprottin. Ég get sagt það sem gott dæmi, að fólkinu í Mývatnssveit fjölgar stöðugt, og sýnir það, að þrátt fyrir allt burtstreymi úr sveitunum vill fólkið vera þar, sem fallegt er og lífvænlegt. Ég tel það að vísu ekki almenna röksemd, þó frv. sé vel tekið í einni sýslu, en ég veit, að jörðum yrði víða skipt milli systkina, ef einhver frekari stuðningur fengist til þess. Ég held, að það sé rétt að láta þess getið í umr., að ég þekki eitt dæmi í þessa átt, sem er nokkuð *einstakt og gæti orðið til fyrirmyndar*. Á jörð, sem heitir Stafn og er á heiðinni milli Reykjadals og Mývatnssveitar, býr gamall bóndi, sem á 7 sonu. 2 af þeim eru fjarverandi, en 5 eru heima. Einn sonanna hefir komið upp mjög snotru nýbýli og skuldar ekki fyrir það nema um 3 þús. krónur. Mér hefir verið sagt, að feðgarnir hafi haldið fund fyrir nokkrum árum, og kom þeim saman um, að annaðhvort væri að gefast upp og yfirgefa jörðina eða standa saman að því að byggja hana upp og mynda þar nýtt hverfi. Varð það að *samkomulagi að vera kyrrir og byggja* upp, og er það bezta fyrirmynd að nýbýlum, sem ég hefi séð. Vil ég gjarnan segja þetta við hv. 3. þm. Rang., sem er einn af forstjórum Búnaðarbankans. Eru útveggir byggðir úr torfi, og járnþak, sem nær út yfir veggi. Geri ég ráð fyrir, að Búnaðarbankinn verði að fara inn á þá braut að lána til slíkra bygginga, enda er gert ráð fyrir því í nýbýlafrv., að formið sé ekki fast bundið í löggjöfinni.

Ef ég lít yfir viðhorfið, hygg ég, að á mjög mörgum stöðum muni unga fólkið nota sér þetta, vegna þess einnig, að kaupstaðirnir geta ekki tekið við því. Ef við tökum næsta hérað, Eyjafjörð, er hann táknandi dæmi þess, hvernig straumurinn hefir legið í þessum efnum. Þar, sem er þó tiltölulega ágæt aðstaða um markað og samgöngur, hafa mörg býli lagzt í eyði til dalanna, bæði í Öxnadal og afdölum Eyjafjarðar, en byggðin færzt saman og þétzt niðri í héraðinu, einkum á Staðarbyggðinni. Er sjáanlegt, að straumurinn liggur þannig, að byggðin þéttist í miðhéraðinu, en útkjálkar og afdalir leggjast í eyði. Hygg ég þetta táknandi dæmi, sem Alþ.

megi treysta, að straumurinn liggi til betri héraða landsins.

Af því ég var í þeirri n., sem undirbjó þetta frv. fyrir þingið í fyrra, og þar var gert ráð fyrir mjög ríflegum styrk, get ég sagt, að skoðun mín hefir þar dálitið breytzt frá í fyrra, svo ég hefi beitt mér fyrir því við meðnm. mína, að færður yrði niður styrkur til einstakra býla. Er það ekki sízt út frá reynslu Norðmanna, en þeim hefir tekizt að koma býlunum upp með 7000 kr. styrk og láni.

Norðmenn hafa haft önnur hlutföll en hér er gert ráð fyrir, meiri lán, en minni styrk. En menn, sem ég talaði við í Noregi í sumar, gerðu ráð fyrir, að þessu yrði breytt þannig, að styrkurinn yrði aukinn, en lánin minnkuð, svo bændurnir yrðu ekki dregnir niður, en geti staðið undir því, sem á nýbýlunum hvílir. Stjórn nýbýlamálanna verður að leggja áherzlu á fjárhagshliðina og leggja stund á, að nýbýlingar séu ekki í öðrum skuldum en þeim, sem á býlunum hvíla, og verður að tryggja þetta á þann hátt, að ekki séu aðrir teknir en þeir, sem leggja fram fé eða vinnu og sýna, að þeir hafa áhuga á starfinu.

Í Danmörku og Svíþjóð er fylgt nokkuð öðrum reglum en í Noregi. Eru þær svipaðar og fyrst var gert ráð fyrir hér. Þar er ekki óalgengt, að býlin kosti 15—20 þús. kr., en á báðum stöðum eru menn óánægðir yfir, hvað það er dýrt. Það er því aðalvandamálið fyrir okkur að koma býlunum upp í sómasamlegu standi, án þess að sökkva þeim mönnum, sem þau taka, í allt of miklar skuldir.

Ég get tekið það fram strax, að ég er í sjálfu sér samdóma hv. 2. þm. Rang. um, að hér þurfi að safna reynslu, og að allar líkur séu til þess, að nýbýlastj. reki sig á einhverja annmarka á l., sem muni þurfa að breyta eftir fá ár.

Ég hygg, að því verði ekki neitað, að hér sé ákaflega hóflega af stað farið með fjárframlög til einstakra býla. En vitaskuld er ekki útilokað, að hægt sé að styðja framkvæmdirnar á annan hátt, eins og t. d. nú er gert með atvinnubótavinnunni fyrir austan.

Ég vil ekki skiljast svo við þessa umr., að ég minnist ekki á annmarka, sem ég veit, að í ýmsum sýslum er talinn á þessu máli, en það er hneigð manna til dreifbýlis. Það eru til heilar sýslur hér á landi með mesta myndarfólki, sem ber sér í munni, að fáir lofi einbýlið sem vert sé. Hugsunarháttur þessa fólks þarf að breytast, og e. t. v. þarf að vaxa upp ný kynslóð, þar sem fólkið lærir að lifa saman. Ástæðan fyrir því, að menn hafa búið í dreifbýli frá landnámstíð, er einkum sú, að sauðfjárrækt hefir verið aðalatvinnuvegur bænda og þurft að afla heyja á víðáttumiklum útengjum, og því orðið að búa dreift til þess að hafa nóga landstærð til heyskapar og beitar. En nú má segja, að tímarnir séu að breytast og meira og meira af heyjunum tekið á túnum og ræktuðu landi. Er þar með fallin sú ástæða, sem áður var fyrir dreifbýlinu.

Ég vil á engan hátt mæla á móti því, sem haldið var fram af síðasta ræðumanni, hv 2. þm. Rang., að sígandi lukka sé bezt. En ég vil benda á, að fólksfjölgunin er mikil í landinu og að þetta, sem hér er gert ráð fyrir, hefir ekki undan þörf unga fólksins til þess að stofna heimili. Er það mesta vandamál framtíðarinnar að sjá því fyrir þaki yfir höfuðið og lífvænlegri atvinnu.

Ég álít alveg sérstaklega ánægjulegt, hvernig málinu hefir verið tekið á þingi. Í báðum d. hafa menn af öllum flokkum tekið því með samúð og skilningi, og vænti ég, að það verði landsfólkinu góð heimanfylgja út í baráttu hins daglega lífs.

Magnús Jónsson [óyfirl.]: Ég verð að segja, að ég sakna þess, hvað málið hefir verið lítið rætt hér í hv. d., einkum vegna þess, að ég býst við, að 2. umr. hafi farið fram þann eina dag, sem ég gat ekki sótt fund. Ég tel sjálfsagt, að mönnum gefist kostur á að ræða málið frá báðum hliðum.

Það hagar svo til hér á þingi um stóru málin, að ef maður kynnist þeim ekki í n., þá er ekki auðvelt að kynnast þeim vel, og sérstaklega meðan málin eru í hinni d., þá lætur maður þau liggja á hillunni og hugsar sér að kynnast þeim, þegar þau koma í þá d., þar sem maður á sæti, en ég veit ekki, hvert maður á að sækja sér fræðslu til þess að kynna sér mál, þegar afgreiðsla þeirra er þannig, að þegar þau koma úr n., þá hefir hún ekkert um málin að segja; þetta eru kannske stórir lagabálkar, og maður fær ekki neina skýringu á þeim.

Ég hefi ekki haft sérstaklega mikil skilyrði til þess að kynna mér þetta mál, og þó að ég hafi fyrir löngu síðan lesið yfir ástæðurnar fyrir frv. eins og það kom fram, þá hefði ég mjög óskað eftir, að umr. hefðu farið fram, sem ekki hefðu þurft að vera langar, en að það hefði þó a. m. k. nokkurnveginn verið lýst aðalatriðum málsins, því að það er áreiðanlegt, að ef á annað borð verður nokkuð úr framkvæmdum eftir þessum l., þá er hér um mjög stórt mál að ræða. Það er sjálfsagt alveg rétt, sem hv. þm. S.-Þing. sagði, að sú viðleitni, sem kemur fram í þessu frv., hefir sjálfsagt allra manna samúð. Ég hygg, að öllum komi saman um, hvort sem þeir eru í sveitum eða kaupstöðum, og hvort sem þeir hafa sérstaklega hug á málefnum sveita eða kaupstaða, að straumur fólksins úr sveitunum til kaupstaðanna veldur miklum vandræðum og örðugleikum, og ef um verulegar umbætur í því efni væri að ræða, þá mundu þær sjálfsagt fá samúð, ekki einu sinni flestra, heldur allra manna, sem á annað borð vilja starfa að því, sem til gagns má horfa. Þess vegna hefði mér þótt vænt um, ef ég hefði fengið skýringar, sem hefðu gefið mér þá trú, að þetta þjóðarmein mundi læknast, þegar þetta mál kemur til framkvæmda, en ég hefi hana mjög litla, og ég byggi það ekki á þessu frv. út af fyrir sig. Ef þetta væri fyrsta tilraunin, sem gerð væri í þessa átt, þá hefði ég kannske haft þá barnalegu trú, að það mundi hafa stórkostleg áhrif. En þegar maður er búinn að sjá, að þetta mál, sem hér liggur fyrir, er ekkert nema einn liður í þessu þrjátíuára stríði, sem háð hefir verið hér á landi á þessu sviði, og þegar maður sér, að árangurinn er enginn annar en sá, að fólksstraumur-

inn hefir alltaf orðið örari og örari úr sveitunum, þá hefir maður ekki mikla trú á því, þegar verið er að setja l., sem lítur ekki út fyrir, að neinn þjóðaráhugi sé fyrir, að það séu nokkrar líkur til, að það verði að gagni.

Þann tíma, sem ég hefi verið hér á þingi, hefir það alltaf verið eitt af aðalmálum þingsins, hvernig hægt væri að halda fólkinu í sveitunum. En það var dálítið villandi, sem hv. þm. S.-Þ. var að tala um, að nú um allangt skeið hefði verið við völd sá flokkur, sem hefði sérstaklega gert þetta að sínu stefnumáli, að halda fólkinu í sveitunum og bæta hag þess. Ég veit ekki betur en allir flokkar eigi óskilið mál í þessu efni, a. m. k. eins og þeirra starf hefir komið fram á þingi. Á þeim árum, sem aðalandstöðuflokkur hæstv. núv. stj. var við völd, 1924—1927, veit ég ekki betur en að alltaf hafi verið gerðar ráðstafanir í þá átt, og þá voru gerðar þær ráðstafanir, sem reynzt hafa einna drýgstar. Það var einmitt á þessum tíma, þegar Framsfl. var í stjórnarandstöðu, að jarðræktarl. voru sett í framkvæmd. Þau voru sett áður en Framsfl. var nokkurs megnugur. Hann var að verða til rétt um það bil, sem sendimaðurinn úr herbúðum sósíalista kom í Framsfl. Ég man, að frsm. frv. var Þórarinn á Hjaltabakka, og ég man ekki betur en að allt þingið hjálpaðist að að setja þessi l.. En þar var sá galli á, eins og nú er, að þótt góð l. séu sett, þá er ekki hægt að framkvæma þau. L. stóðu eins og dauður bókstafur, þangað til íhaldsfl. hafði komið fjárhag ríkisins í það lag, að hann gat látið framkvæma þau ágætu ákvæði, sem voru í þessum l. Það má því hiklaust segja, að þessi flokkur, sem hefir svona mikinn áhuga fyrir að halda fólkinu í sveitunum, hafi ekki komið í framkvæmd þessum megintilraunum, sem gerðar hafa verið, og þeim einu tilraunum, sem hafa borið talsverðan árangur, því að það hefir hingað til reynzt svo, að það eina, sem getur stuðlað virkilega að því, að hagur manna í sveitum batni, er það, að þeim sé veittur styrkur til þess að koma jörðunum í lag.

Ég veit ekki betur en að það hafi líka verið á þessum sömu árum, sem ræktunarsjóðurinn nýi var stofnaður, önnur aðalsúlan undir þessum framkvæmdum, sem hafa farið fram í sveitum. Svo hefir verið haldið áfram í þessu langa stríði; svo kemur byggingar- og landnámssjóður, sem hv. þm. S.-Þ. átti mikinn þátt í að koma áfram. Hann samdi það frv. upphaflega þannig, að enginn annar en hann einn gat verið með því, en eftir að minir flokksmenn voru búnir að lagfæra frv. og breyta því svo, að það stóð ekki nema ein gr. óbreytt af því, sem frv. var upphaflega, var það samþ. Það hefir verið afnumið útflutningsgjald af landbúnaðarafurðum, skattalöggjöfinni hefir verið breytt, að sem minnst af sköttunum lenti á sveitamönnum, en sem mest á þeim óguðlegu kaupstaðarmönnum. Það hefir verið reynt að hækka verð á landbúnaðarafurðum, þó að það hafi gengið misjafnlega í framkvæmdinni. Yfirleitt á öllum þeim þingum, sem ég hefi setið á, hafa verið gerðar endalausar ráðstafanir til þess að hefta þennan straum. Það hafa verið settir upp skólar úti um allt land með ærnum kostnaði. Þeir hafa líka átt að kyrrsetja fólkið í sveitunum, en um það er ég í efa, að þeir hafi þar borið tilætlaðan árangur. Ég held, að sumir þessir alþýðuskólar hafi verkað eins og dælur á fólkið, þeir hreint og beint dæla fólkinu úr sveitunum í kaupstaðina, þar sem hvorki eru rafmagnsljós eða miðstöðvar né önnur þægindi, sem fólkið býst við, í sveitunum. Svo kemur fólkið í skólana og nýtur þar þessara þæginda, sem það heldur, að sé sérkenni kaupstaðanna, og þá heldur það ekki ánægðara heim í sveitina aftur, þar sem þess bíður fámenni og skortur á þægindum. Ég held því, að skólarnir beinlínis kenni mönnum að vilja ekki sveitina aftur. Þeir blátt áfram hafa ekki getað haldið fólkinu í sveitinni, nema það sé kallað að halda því í sveitunum, að það sé þar á meðan það er í þessum skólum. Það má segja í þessu sambandi, að það sé ekki betra, að fólkið fari í kaupstaðina og gangi í skóla þar, en það er vitanlegt, að skólarnir lokka fólkið, sem í kringum þá er. Margt af því færi annars ekki í skóla, en leitaði sér menntunar á þann hátt, sem Íslendingar urðu að gera áður, með bóklestri á sínum heimilum, og þá var miklu meiri menning í landinu en nú.

Hvernig stendur á því, að svona hefir gengið, þegar alltaf er verið að gera ráðstafanir til þess að halda fólkinu í sveitunum? Hvernig stendur á því, að Molbúarnir gátu aldrei látið birta í kofum sínum, þó að þeir reyndu að bera ljósið inn í fötum? Þeir stóðu jafnundrandi yfir því eins og menn standa nú yfir því, að ekki skuli lukkast að halda fólkinu í sveitunum, hvernig sem þeir reyna, eins og hv. þm. S.-Þ. orðaði það svo fagurlega, að kaupa það til þess að vera kyrrt í sveitinni. Hvernig stendur á þessu? Það er auðséð, að hér er verið að berjast við eitthvað með aðferðum, sem ekki duga. Það er sýnt þrátt fyrir allar þessar ráðstafanir, að fólkið vill vera í bæjunum. Það flytur þangað, sem það vill vera, hvaða ráðstafanir sem menn reyna að gera til þess að hefta það. Það fer með fólkið eins og með tvö stöðuvötn, sem standa misjafnlega hátt, og svo er mjó rás á milli. Það heldur áfram að renna eftir rásinni, þangað til jafnt er orðið í báðum vötnunum. Eins er það með fólkið það leitar jafnvægis. Straumurinn heldur áfram, þangað til jafnvægið er fengið, og kemur þá stundum straumur til baka, því að oft vill heldur fara yfir markið, þegar allt er látið eiga sig.

Nú gætu menn sagt að þetta væri prédikun um, að ekkert ætti að gera. En það er alls ekki. Ég held, að það sé rétt af þjóðfélaginu að reyna að sjá rætur meinanna og reyna að bæta úr þeim, en þar eigum við allmikið eftir og miklu minna hægt að gera en menn halda. En það, sem menn verða framar öllu að varast, ef eitthvað er gert, það er að gera ráðstafanir, sem stangast hver á móti annari. En það er einmitt það, sem gerzt hefir hér. Um leið og gerðar hafa verið ráðstafanir til þess að halda fólkinu í sveitunum, hefir það beinlínis verið lokkað til þess að flytja í kaupstaðina. Það er gert m. a. með því að skapa því öryggi á mölinni, sem það hafði ekki áður en þær ráðstafanir voru gerð-

ar. Þær hafa orðið til þess, að menn hafa yfirgefið grasnytina og þá möguleika, sem alltaf eru fyrir hendi til að draga fram lífið í sveitinni, þó að það sé kannske ekki eins skemmtilegt líf eins og menn halda, að sé í kaupstöðunum. Og ef menn kynnu að óttast, að atvinnan bregðist í kaupstöðunum, þá eru samtímis gerðar ráðstafanir til þess að geta sagt við fólkið: „Nei, góði minn, ef atvinnan bregzt, þá er ekkert annað en að láta ríkið kosta atvinnu handa kaupstöðunum, og ef þú færð ekki vinnu hjá þeim fyrirtækjum, sem þar eru, þá getur þú fengið atvinnubótavinnu. Þú getur líka treyst þinni atvinnuleysistryggingu, og ef þú getur ekki greitt iðgjaldið, þá verðurðu að sjá svo um, að l. verði endurbætt þannig, að ríkissjóður greiði iðgjaldið. Þú skalt því flytja í kaupstaðinn. Að vísu færðu þar hundalíf, en það er gaman að vera þar".

Þannig er í raun og veru prédikað fyrir mönnum, og þótt undarlegt sé, þá gera það þeir sömu menn, sem mest fárast yfir því, að fólkið flykkist úr sveitunum. Og svo bera þeir fram þing eftir þing frv. eftir frv. um að stöðva þennan straum og styrkja landbúnaðinn, því að engir hafi það eins bölvað eins og bændurnir. Það er „agitationin" til þess að halda fólkinu í sveitunum, að þótt verkamennirnir hafi lítið, þá hafi bændurnir það þó verst af öllum. (BSt: Þetta segir Mogginn líka). Mogginn hefir aldrei verið að greina fólkið þannig í sundur eins og þeir flokkar, sem lifa ekki á öðru en því að vilja halda fólkinu í sveitunum og halda svo um leið þessar líka mjög svo fögru ræður um, hve inndælt sé að vera þar og lokka fólkið til þess að vera þar kyrt. Nei, það merkilega við þetta er það, að hér er verið að gera ráðstafanir alveg jöfnum höndum í báðar áttir. Um leið og verið er að kosta fé og heilabrotum til þess að halda fólkinu í sveitunum, þá er kostað um leið fé og heilabrotum til að gera sem álitlegast að flytja í kaupstaðina og útmála, hvað vont sé að vera í sveitunum.

Þetta frv., sem hér liggur fyrir, á að gera mikinn mun á þessu, svo mikinn, að fólkið ekki aðeins hætti að flytja úr sveitunum, heldur einnig að fólkið flytji úr kaupstöðunum og stofni nýbýli. Ég hefi verið að líta yfir ástæðurnar, sem færðar eru fram í grg. frv. Þar eru birtir búreikningar, og af öllum þeim búreikningum, sem ég hefi séð, eru það þeir einu búreikningar, sem hafa gefið afgang. Ég gæti hugsað, að þeir litu eins út, þegar þeir yrðu birtir, eins og þeir verða í reyndinni. Annars er ómögulegt að sjá á þessari grg., hvaða gæði nýbýlanna það eru, sem eiga að gera mönnum kleift að búa þar, fyrst það gengur svo ákaflega illa að fleyta lífinu fram á þeim jörðum, sem fyrir eru. Ég vil taka aðeins eitt dæmi, og það er kostnaðurinn við að húsa bæ í sveit. Hv. þm. S.-Þ. gat um það, að ekki væru mörg ný hús í sveitum, sem væru ekki byggð fyrir styrk úr byggingar- og landnámssjóði. Ég þekki persónulega mörg dæmi þess sem mætti sjálfsagt margfalda með 10 eða 100 til þess að fá út það, sem er, að maður hefir byggt hús á jörð með láni úr byggingar- og landnámssjóði og hefir með því eyðilagt sinn efnahag, svo að þótt hann hafi verið sæmilega staður áður, þá hefir hann með byggingunni steypt sér í óbotnandi skuldir og hefir jafnvel hrökklazt frá jörð sinni. Mér er óskiljanlegt, hvernig sá bóndi, sem ekki stenzt að byggja hús á jörð, sem hann á fyrir, og hefir sæmilegar ástæður, á að geta staðizt að koma upp húsum, býli og búi og geta svo búið farsælum búskap. Mér er það óskiljanlegt, og ég skil það þó, því að ég veit, að þetta getur ekki átt sér stað. Það verður að stofna nýjan kreppulánasjóð eftir nokkur ár til þess að hjálpa þessum mönnum, sem hafa látið glæpast af búreikningum grg., rétt eins og þegar menn eru að ferðast á pólinn, og svo verður að senda á hælana á þeim hjálparleiðangur.

Fyrir utan þann kostnað allan, sem af því leiðir að reisa nýbýli frá rótum, skilst mér, að sá, sem býr á nýbýlinu, eigi að greiða fyrningu af húsum sem svarar 1%, svo að hægt sé að byggja allt upp á nýtt eftir 40—50 ár. Þetta á allt að vera svo afskaplega fínt og flott! Ég veit ekki, hversu mikið þetta verður, en ég get vel hugsað mér það, ég skal játa, að ég man ekki, hvað húsnæðið er mikið, en við skulum hugsa okkur, að verði að borga 100—150—200 kr. á ári. Það er svona tvöfallt útsvarið, sem hann verður að borga til þess að gera það kleift að byggja upp aftur eftir 40—50 ár. Það er dálítil viðbót ofan á allt annað. Ég hafði haldið, að þetta gjald innheimtist vel!

Nei, þetta getur ekki blessazt. Gamlir og góðir bændur hafa, þrátt fyrir allt það ljós, sem hefir verið borið í fötum inn í hús þeirra, komist í þau vandræði, sem kreppuráðstafanirnar hafa skýrast leitt í ljós, og þó halda menn, að það sé hægt að komast af með því að stofna dýrari býli, þó að þau séu kannske að sumu leyti hentug. Ég hefi litla trú á því, og skal ég koma að því síðar í sambandi við fleiri atriði í ræðu hv. þm. S.-Þ.

Ég álít þetta ákaflega varhugavert og mikið efamál, hvort það borgar sig, bæði fyrir þjóðfélagið og sveitirnar líka, að taka þannig fé til þessara hluta, vitaskuld aðallega frá sjávarplássunum, til þess að koma þessum býlum upp. Ég efast stórlega um það. Þetta er alveg samskonar og það, ef einhver er of blóðlítill og á að lækna hann með því að dæla í hann blóði úr heilbrigðum líkama. Það væri hæpin ráðstöfun, ef því væri haldið áfram, þangað til heilbrigði maðurinn væri orðinn hálfdauður líka. En það er einmitt það, sem hér á að gera. Það á að taka blóð úr þeim, sem betur kemst af, og dæla inn í hinn og honum lofað að blæða út áfram þangað til báðir liggja dauðir.

Nei, það, sem er langmesta atriðið fyrir afkomu sveitanna, er það, að sæmileg velmegun sé í bæjunum, þar sem er helzti markaðurinn fyrir afurðir bændanna. En það eru helztu ráðstafanirnar, sem gerðar eru fyrir sveitirnar, að leggja sí og æ meiri og meiri gjöld á þá, sem búa í kaupstöðum, og lækka allar tekjur manna þar og ætla sér með því að koma nýju lífi í landbúnaðinn. En það er eitt það, sem gerir, hvað þessar ráðstafanir hafa verkað lítið, að þær hafa samtímis verkað í þá átt að veikja þann

almenning, sem átti að taka við þeim afurðum, sem landbúnaðurinn hefir haft aflögu.

Ég vil þá minnast á hitt atriði þessa frv., samvinnubyggðirnar. Annað atriði þessa frv. er að stofna nýbýli, en hitt að þeir flytji saman og komi upp samvinnubúskap. Ég held, að það sé ýmislegt skynsamlegt í þessari hugmynd um samvinnubúskapinn, þrátt fyrir þessa hneigð, sem hv. þm. S.-Þ. var að tala um, að væri hjá sveitamönnum til að búa í dreifbýli. Það mega vera miklar andstæður í þeim mönnum, sem vilja fyrir hvern mun komast úr sveitinni í fjölmennið í kaupstöðunum, ef þeir vilja helzt búa svo langt frá öðrum í sveitinni, að þeir sjái ekki nokkurn mann. Það kann að vera, að það sé einn og einn maður, sem er þannig skapi farinn, en hitt er efalaust, að yfirleitt vilja menn heldur nábýli og það, sem af því leiðir. Menn vilja auðvitað vera út af fyrir sig og eiga sitt, en þeir vilja gjarnan vera þar, sem er nokkuð mikið af fólki samankomið. Ég get vel trúað, að samvinnubyggðirnar verði nokkurskonar sveitaþorp, sem muni draga sveitafólkið þó nokkuð mikið að sér. Það getur lent þar í dálitlum solli; það er ágætt, það vill fólkið hafa. Þar verður líka svo og svo mikill nágrannakritur, ósamlyndi og ófriður, sem er og hefir verið ein af helztu lífsnauðsynjum Íslendinga frá því fyrsta. Svo að ég get vel trúað því, að samvinnubyggðafélögin með öllum þeim ófriði og solli, er þeim mun fylgja, geti komið til með að draga fólkið til sín. En hvernig er það með þessar samvinnubyggðir? Hefir það fyrirkomulag ekki þekkzt áður? Ég man ekki betur en að í Danmörku væri eitt sinn mikið unnið að því að fá fólkið til þess að flytja út á sín lönd, eins og það var kallað, og búsetja sig þar. Þessum húsmannalóðum var skipt út úr löndum herragarðseigendanna og jarðeignaherrunum í Danmörku þótti þægilegra að ná í þetta fólk til þess að þræla fyrir sig eða til að heimta af því skatta og skyldur. (BSt: Var það ekki svo, að herrarnir ættu löndin, sem býlin voru reist á?). Jú, og þeim þótti hentugt að ná til fólksins á þennan hátt, og þægilegra að þurfa ekki að búa saman við það á óðalssetrinu.

Það getur vel verið, að þessar samvinnubyggðir þrífist, ef tala býlanna nær einungis að vissu hámarki. Ef fólkinu líkar þar vel, þá sækir það vitanlega þangað í sollinn og ófriðinn, og spyr ekki löggjafarvaldið um leyfi til þess. — Og þá kemur annað vandamálið, á hvern hátt verði hægt að hefta strauminn til samvinnubyggðanna, eins og nú til kauptúnanna. Og svo verður byrjað á einhverjum ráðstöfunum í þá átt.

Svo er náttúrlega ekki um annað að tala en að þessu frv., eins og flestum öðrum, fylgi stofnun margra nýrra embætta. Fyrst og fremst er það nýbýlastjóri með ákveðnum launum, sem, eins og alltaf viðgengst nú á tímum, eru ákveðin af ráðherra. Og svo verður ekki langt þangað til þessi nýbýlastjóri þarf að fá nokkra menn í skrifstofu til þess að gegna hinum yfirgripsmiklu störfum! Þá er það nýbýlanefnd, þar sem hverjum nm. eru ætlaðar 10 kr. fyrir hvern fund, og svo stendur hér: „en þó ekki yfir 300 kr. á ári“. Form. n. kynni þá máske að halda fleiri fundi, ef til vill allt að 365 fundum á ári, til þess að auka tekjur nefndarmanna. Þá er ekki annar vandi fyrir höndum en að láta fjhn. flytja nýjar till. um aukna skatta og álögur, einkum á þá, er við sjóinn búa, — það er nú orðinn svo fastur siður.

Svo vil ég snúa mér með örfáum orðum að hv. þm. S.-Þ., ef hann annars er nokkursstaðar nálægur. Hann virðist ekki vera hér í þd., nema hann feli sig einhversstaðar á bakvið, eins og fyrri daginn. Hv. þm. var eitthvað að tala um, að Framsfl. hefði jafnan viljað halda fólkinu í sveitunum. Ég hefi áður bent á, að það er eitt af þeim málum, sem ég held, að allir flokkar hafi verið sammála um, að hefta fólksstrauminn úr sveitunum til kaupstaðanna. Hv. þm. var einnig að útmála það, hvernig útlitið hefði verið nú í landinu, ef ekkert hefði verið gert til þess af Framsóknarfl. að halda fólkinu í sveitunum, og taldi, að þá mundi það hafa verið eins og í Mið- og Norður-Englandi, þar sem fólkið hefir þyrpzt í borgirnar í iðnaðar- og námuhéruðunum. En aðstaðan hér á landi er náttúrlega á engan hátt sambærileg við það, sem er í Englandi. Stóriðnaðurinn í Englandi styðst við námurekstur og nálega dagleg verzlunarsambönd við önnur lönd og fjarlægar heimsálfur. En ef menn hinsvegar halda því fram, að það stafi eitthvert böl af því, að landbúnaðarþjóð verði skyndilega að meira eða minna leyti iðnaðarþjóð, þá er það ekkert annað en vitleysa, og einungis borið fram í þeim tilgangi að smjaðra fyrir landbúnaðinum. Þegar fólkinu fjölgaði sem örast í Þýzkalandi, þannig að það gat ekki lifað á landbúnaðinum, þá var stofnað til stóriðnaðar í borgunum, sem leiddi til þess, að margfalt fleiri gátu lifað í landinu og markaður aukizt fyrir landbúnaðarafurðir innanlands. — Það, sem gerzt hefir hér á landi, stefnir að miklu leyti í sömu átt. Eftir að kaupstaðirnir risu á legg, sem að langmestu leyti styðjast við sjávarútveg og iðnrekstur, þá hafa þeir tekið á móti því fólki, sem ekki gat haldið áfram að lifa á landbúnaði, svo að það hefir ekki þurft að flýja til Ameríku. Fólkið hefir því getað haldið áfram að lifa í landinu, enda hefir fólksfjölgunin aukizt mjög síðustu áratugina, eins og kunnugt er, og er mikill munur á því og þeirri blóðtöku, sem stafaði af fólksflutningunum til Ameríku á síðasta fjórðungi 19. aldarinnar. En vitaskuld er ekki hægt að líkja þeim breyt., sem hér hafa orðið á atvinnuháttum þjóðarinnar, við stóriðnaðarþjóðirnar.

Með því, sem ég nú hefi sagt, er ég ekkert að lýsa því, hvernig hefði verið umhorfs hér á landi, ef ekkert hefði verið gert fyrir landbúnaðinn af því opinbera. Mér er ómögulegt að hugsa mér að það hefði getað komið fyrir, og veit ekki, hvernig það hefði mátt ske. Það hefir alltaf verið varið fé úr ríkissjóði til ýmiskonar framkvæmda í landinu, vega, brúa, síma, vita og allskonar umbóta fyrir sveitirnar. Það kann að vera, að í kaupstöðunum hefði nú verið nokkru fleira fólk, ef Framsfl. hefði aldrei náð völdum í landinu, — ég skal ekkert um það fullyrða. En ég er viss um, að atvinnuvegirnir

hefðu nú staðið í mjög miklum blóma og haft góða afkomu, ef Framsfl. hefði aldrei fengið aðstöðu til að sliga þá, með þeirri skattapíningu, sem hann hefir beitt í sinni stjórnartíð. Það mætti því með miklu meiri rétti snúa við ummælum hv. þm. S.-Þ. og segja, að ef sneitt hefði verið hjá þeim fjármálaafglöpum, sem Framsfl. hefir framið síðastl. 7—8 ár, þá hefði nú verið miklu fleira fólk við framleiðslustörf í sveitunum, meiri markaður fyrir landbúnaðarafurðir í kaupstöðunum, og afkoman yfirleitt betri bæði til sjávar og sveita. Skipaflotinn væri nú endurnýjaður og aukið við hann nýjum togurum, ef útgerðarmönnum hefði ekki sífellt verið ógnað með auknum sköttum og álögum, og ef hv. 4. þm. Reykv. og samherjar hans væru ekki sífellt að ógna með krepptum hnefum og hrópyrðum um að eyðileggja atvinnurekendurna í kaupstöðunum og taka af þeim togarana. Það er ekki aðeins hnútasvipa skattaplágunnar, sem útgerðarmenn og einstakir atvinnurekendur verða undir að búa, heldur mannskemmdasvívirðingar í blöðum og á opinberum fundum, og jafnvel hér á sjálfu Alþingi. Mér finnst það, satt að segja, næstum óskiljanlegt, að útgerðarmenn skuli geta fengið sig til þess að halda atvinnurekstrinum áfram undir þeim skilyrðum, sem þeir eiga nú við að búa, þar sem stefnt er að því, vitandi vits, af hálfu löggjafarvaldsins (stjórnarflokkanna) og leiðtoga verklýðsfél. að lama vilja og getu einstaklinganna til sjálfstæðs atvinnurekstrar, til þess að flýta sem mest fyrir því, að ríkið og bæjarfélögin taki við útgerðinni. Þessi stefna hefir ráðið lögum og lofum hér á landi síðastl. 8 ár.

Ég skal ekkert fullyrða um það, hvort bezta ráðið til þess að halda fólkinu í sveitunum er fólgið í því, að lama atvinnurekendurna í kaupstöðunum. En ég tel meiri líkur fyrir því, að þegar markaður fyrir afurðir bænda er eyðilagður í kaupstöðunum, þá verði ekki léttara fyrir fólkið að lifa í sveitunum. Og ég geri ráð fyrir, að þessi óhæfilega aðbúð, sem stjórnarflokkarnir veita atvinnurekendum á öllum sviðum, leiði til þess, að landbúnaðurinn verði lagður í rústir. — Þess vegna væri miklu réttara að rífa gat á þakið á kofanum og lofa sólinni að skína þar inn, heldur en að ætla sér að bera sólskinið inn til bændanna í fötum.

Hv. þm. S.-Þ. gat þess, að í einu héraði hefði talsvert verið unnið í þá átt að fjölga býlum á einstökum jörðum, án nokkurs stuðnings frá því opinbera. Ég geri ráð fyrir, að þetta hafi verið í hans kjördæmi. Það hlýtur að vera eitthvað leyndardómsfullt við þetta, frá sjónarmiði þeirra manna, sem halda, að engar umbætur geti átt sér stað nema með framlögum frá ríkinu og vilja láta það eiga atvinnutækin og reka þau. — Hvernig stendur á því, að íbúar þessa héraðs hafa beitt sér fyrir félagslegum umbótum og framkvæmdum á því sviði upp á sitt eindæmi? Það hlýtur að vera þessum hv. þm. ráðgáta, þar sem hann hefir enga trú á einstaklingsframtakinu og vill koma öllum einkarekstri fyrir kattarnef. Hvernig stendur á því, að þeir hafa safnazt í kaupfélög og ráðizt í önnur fyrirtæki, stofnað til margbýlis á einstökum jörðum o. s. frv., alveg án opinberra ráðstafana eða aðgerða? Það er af því, að héraðsbúar hafa borið í brjósti svo þróttmikla ættjarðarást og brennandi áhuga, að þeir réðust til umbóta á kjörum sínum án þess að krefjast styrks eða borgunar fyrir það af opinberu fé. Sem sagt, það hefir verið þar gat á kofanum, sem hefir borið héraðsbúum betri birtu heldur en ef sólskinið hefði verið flutt inn til þeirra í fötum!

Ég er að vísu ekki eins kunnugur í Þingeyjarsýslu og hv. þm., en ég hygg, að einkaframtakið hafi vísað héraðsbúum á bjargráðin. Og mér finnst það mjög gleðilegt, að þeir skuli enn hafa búið að þeirri birtu, sem barst þeim í gegnum kofaþakið og örvaði þá svo mjög til framkvæmda í félagslegum efnum. — En ég er hræddur um, að þeir séu nú orðið ekki eins skarpskyggnir í stjórnmálunum og þeir hafa ef til vill verið áður, og dreg ég þá ályktun af því, hvernig fulltrúa þeir völdu sér við síðustu alþingiskosningar. — Það er að vissu leyti gleðilegt að geta sem lengst varðveitt barnið í sál sinni, eins og hv. þm. S.-Þ. virðist hafa tekizt að nokkru leyti, svo sem ályktanir hans bera of greinilegan vott um. En þó er það óneitanlega dálítið broslegt, þegar hann heldur því fram og slær því föstu, að nýbýlamennirnir muni ekki koma til með að skulda fyrir annað en bústofninn. Það má með sanni segja, að hér birtist hin heilaga einfeldni hv. þm. í allri sinni nekt. Ég vil leyfa mér að benda á eitt samanburðardæmi til skýringar á því, hvað þessi ályktun hv. m. er fáránleg. — Það hefir löngum verið vitnað til þess, að þegar kaupfélögin voru stofnuð hér á landi, þá var það þeirra fyrsta og æðsta boðorð, að félagsmennirnir skyldu verzla skuldlaust. Var það ekki m. a. eitt af helztu boðorðum kaupfélags Þingeyinga? Skuldlaus verzlun var eitt af stefnuskráratriðum kaupfélagsskaparins, bæði í Englandi og hér á landi, sem hratt félögunum af stað og gaf þeim byr undir vængi í upphafi. Hvernig hefir því verið fullnægt í framkvæmdinni? Um það þarf ekki að fjölyrða. Kaupfélögin eru og hafa verið langstærstu skuldakongar yfirleitt, sem þekkst hafa hér á landi. Og þó að miklu hafi verið fórnað til þess að hreinsa til í félögunum og fá skuldir þeirra gerðar upp og byrjað aftur á nýjum grundvelli, þá hefir ekki tekizt að fylgja þeim ásetningi að reka skuldalausa verzlun. Samvinnumennirnir hafa hvað eftir annað stofnað ný verzlunarfyrirtæki undir merki hinna gömlu og góðu vigorða um skuldlausa verzlun, en þeim hefir aldrei lánazt að fullnægja þeirri kröfu. — Nú er hér til meðferðar löggjöf um nýjar framkvæmdir og félagsskap meðal bænda, stofnun nýbýla og samvinnubyggða. Og það er gert ráð fyrir, að nýbýlabændurnir hafi engar skuldir, nema lítilsháttar fyrir hluta af bústofni sínum. Ef aðrar áætlanir, sem þetta frv. byggist á, eru álíka barnalegar og þessi, þá hefi ég ekki mikla trú á því. Ég hefi ekki trú á, að það takist, að koma miklu sólskini inn í þá nýbýlakofa. Hv. þm. var að tala um, að sæmilega efnaðir menn mundu verða fúsir til þess að stofna nýbýli.

Það kann að vera, að einhverjir bændasynir með bústofn í höndum ráðist í það. Og vera má, að þeir geti byrjað nýbýlabúskapinn að miklu leyti skuldlaust. En ef býlafjölgunin á að byggjast á því, að menn flytji þangað af möl-inni úr kaupstöðunum, þá verða þeir ekki til þess, sem nokkur efni hafa, að flytja úr kaup-stöðunum í sveitirnar, heldur fátæklingarnir, sem ekki draga uppi í kaupstöðunum og fá þar ekki atvinnu. Það þýðir ekki að vitna til þess, þó að sumir sæmilega efnaðir kaupstaðabúar leggi nú fé sitt í að rækta jörðina. Það dugir ekki að draga af því þá ályktun, að þeir muni að sjálfsögðu rjúka til og stofna nýbýli. Ýmsir verja efnum sínum til þess að safna bókum og listaverkum, en aðrir leggja peninga sína í jarðrækt, byggingar o. s. frv. Fer þetta eftir eðli og upplagi hvers og eins. Nei, það eru þeir, sem enn dvelja í sveitunum, er stofna vilja nýbýli, og þeir fátæku úr kaupstöðunum, sem ef til vill óska að flytja út á landið. Þess vegna má helzt ekki gera ráð fyrir því, að þeir geti lagt fram fé af sjálfsdáðum. Ef það er gert að skil-yrði fyrir því, að þeir fái styrk til nýbýla, þá verða þeir að fá það að láni hjá einstökum mönnum; og þá byrja þeir búskapinn með meiri skuldum en því stofnláni, sem gert er ráð fyrir í frv. Ég er því hræddur um, að sú ósk og full-yrðing hv. þm. S.-Þing. rætist ekki, að nýbýla-mennirnir byrji búskapinn skuldlaust. Annars er það höfuðgallinn á þessu frv., og sá, sem ég óttast mest, hinn sami og við hv. þm. S.-Þ. vor-um að tala um í gær, í sambandi við frv. um heimild fyrir sýslu- og bæjarfélög til að stofna skóla með skylduvinnu, að það komi alls ekki til framkvæmda, vegna þess, að það verði svo fáir til að gefa sig fram um að reisa nýbýli. Náttúrlega verða einhverjir til þess, og þá senni-lega þeir, sem minnstur veigur er í. Annars mun reynslan leiða í ljós, hvað framtíðin ber í skauti sínu í því efni. Ég verð að segja það, að ég er dálítið undrandi yfir því, ef svo er, að bændur séu yfirleitt mjög ginkeyptir fyrir þessu máli; ég veit ekki, hvers vegna það ætti svo að vera, og sennilega hefir það alls ekki komið í ljós. Þetta er eitt þeirra mála, sem þingið flýtir sér að afgr. án umr., a. m. k. í þessari hv. d. Enda get ég ekki séð, að þetta frv. geri neitt annað en að þrengja að þeim bændum, sem nú eru fyrir í sveitunum, á allan hátt. Ef þessi lög væru mikið notuð og mörg nýbýli reist, þá fá þau svo og svo mikið af jarðræktar-styrknum, að vísu í öðru formi og undir öðru yfirskyni. En eftir því sem ríkissjóður veitir meira fé til nýbýla og nýræktar í sambandi við þau, þá hefir hann minna fé til þess að veita bændum almennt til jarðræktar og annara bún-aðarframkvæmda. Það á að draga úr þeim fjár-framlögum, sem bændur fá nú, og verja því aftur til nýbýla. Gert er ráð fyrir að starfrækja ræktunarsjóð og byggingar- og landnámssjóð í tvennu lagi hvorn fyrir sig; eða m. ö. o. sagt, við hliðina á Búnaðarbanka Íslands, sem nú hefir það verkefni að styðja bændur til jarð-ræktar og húsabygginga, á að koma ný láns-stofnun, sem keppir við hann og veitir hag-felldari lán til nýbýla og jarðræktar í sambandi við þau. Og það fé er tekið frá þeim bændum, sem fyrir eru í landinu, bæði beint og óbeint.

Mér er ekki kunnugt um, hvort Búnaðar-bankinn hefir haft svo mikið fé til umráða, að bændur hafi fengið þau lán, sem þeir hafa óskað eftir. Einn kunningi minn, sem það mig að útvega sér lán þar, hefir lengi verið á bið-lista hjá ræktunarsjóði; en hann er máske und-antekning.

Hvers vegna ætti bændum að vera svo mikill fengur í því að fá nýbýlamenn við hlið sér? Geta þeir veitt bændum bróðurlegan stuðning í lífsbaráttunni? Nei, síður en svo. Þeir verða að-eins keppinautar bænda á hinum þrönga mark-aði landbúnaðarvaranna. Ætli það fari ekki um þetta svipað og gleiðgosabrag þann, sem var á ýmsum búnaðarleiðtogum fyrir rúmum áratug síðan, út af hinum stórfelldu ræktunar-umbótum í nágrenni Reykjavíkur, þegar 100 ha. voru þar gerðir að túni? Skömmu síðar komu svo lagafyrirmæli frá löggjafarfulltrúum bænda, um að drepa hina nýju framleiðendur í nágrenni Reykjavíkur, af því að þeir væru keppinautar annara framleiðenda austan fjalls.

Nú eiga bændur enn að offra hluta af jarð-ræktarstyrk sínum og því lánsfé, sem þeir ann-ars gætu átt kost á, til þess að fá nýja keppi-nauta. Mér er óskiljanlegt, að þeir sækist nokkuð eftir þessari löggjöf, og veit ekki, hvort hún gerir þeim nokkurt gagn; en hún getur vissulega orðið til þess að þrengja kosti þeirra, sem fyrir eru.

Ég ætla svo ekki að fjölyrða meira um þetta. Ég vildi segja þessi fáu orð, ef það gæti orðið til þess að koma á stað umr., þannig að betur yrði gengið í gegnum frv. og ýms atriði þess betur skýrð bæði fyrir mér og öðrum. Hafi ég misskilið frv. á einhvern hátt, þá vænti ég, að það verði leiðrétt af hv. frsm., þó að þetta sé 3. umr. málsins. Mér þykir leitt, að hv. þm. S.-Þ. skuli ekki hafa þolinmæði til að hlusta á þá, sem eru fáfróðari í þessu merkilega máli, og áhuga fyrir því að veita þeim réttar upplýs-ingar. En ég verð þá að setja allt mitt traust á hv. frsm.

Frsm. (Bernharð Stefánsson): Ég get full-komlega tekið undir það, sem hér hefir fram komið, að hv. þdm. hafa átt mjög erfitt aðstöðu til að athuga þetta mál, af því að það kom svo seint hingað frá hv. Nd. Þetta er náttúrlega al-veg rétt, og auðvitað er þá líka þýðingarlítið fyrir fylgismenn málsins að ræða hér einstök atriði þess hvor við annan, þar sem engum breytingum verður framar við komið á þessu þingi. Hitt er svo annað mál, og ekkert við því að segja, þó við 3. umr. málsins rísi hér upp maður og tali á móti málinu, því nú er orðið um það eitt að ræða, hvort menn vilja fylgja þessu máli eða ekki. Þó ég geti gefið þá játn-ingu, að hér hafi verið beitt nokkuð óvanalegri aðferð gagnvart hv. deild og að landbn. hafði litinn tíma til að athuga frv., þá get ég samt ekki viðurkennt, að landbn. þessarar d. hafi ekki sinnt málinu svo forsvaranlega sem kostur var á. Hvað það snertir, að 2. umr. hafi staðið mjög stutt og litlar skýringar verið gefnar á

málinu af n. hálfu, eins og hv. 1. þm. Reykv. var að tala um í upphafi ræðu sinnar, — hann hélt, að 2. umr. hefði staðið eitthvað um 5 mínútur, en hún stóð nú vitaskuld lengur —, þá er þess að geta, að málið var tekið hér fyrir til 2. umr. kl. 7, þegar venja er að gefa fundarhlé, og var það þá tekið fyrir samkv. ósk dm., sem gjarnan vildu ljúka dagskrá án kvöldfundar. Umr. urðu vitanlega stuttar; ég hygg, að kl. hafi verið hálfátta, þegar umr. var lokið, og umr. hafi þannig staðið yfir í hálfan tíma. Annars benti ég dm. á það við 2. umr., sem ég skal þó játa, að þeir hefðu getað tekið upp hjá sjálfum sér, að kynna sér þá mjög ýtarlegu grg., sem fylgdi frv., er það var fyrst borið hér fram. Enda kom upp úr kafinu í ræðu hv. 1. þm. Reykv., að hann hafði lesið þessa grg., því hann vitnaði í hana annað slagið, t. d. búreikningana, sem þar eru, og annað slíkt, og sýndi með því, að honum er þetta mál ekki eins ókunnugt eins og hann vildi vera láta.

Hv. þm. talaði um, að þetta væri svo sem ekki fyrsta tilraunin, sem gerð væri til þess að reyna að halda fólkinu kyrru í sveitunum. Og það er rétt hjá honum, að það hefir verið mikið unnið á síðari árum af löggjafar- og fjárveitingavaldinu einmitt að því, að sveitir landsins gætu verið byggðar áfram og fólkið gæti lifað sæmilegu lífi. En það klingir nokkuð annað í hv. 1. þm. Reykv., þegar komið er á þingmálafundi úti í sveitum landsins. Þá erum við framsóknarmenn endalaust skammaðir fyrir það, að við viljum ekki styðja að viðhaldi og framförum sveitanna. Meira að segja það, sem gert hefir verið í þessu efni fyrir forgöngu Framsfl., hafa sjálfstæðismenn oft viljað eigna sér eftir á, þó þeir hafi barizt á móti því meðan verið var að koma því fram, eins og hv. 1. þm. Reykv. gerir nú. (MG: Svo sem eins og hverju?). Eins og t. d. byggingar- og landnámssjóði, sem hér var nefndur. (MG: Ætli það sé þá ekki eina dæmið?).

Þá var hv. þm. að tala um, að það mundu ekki vera neinar líkur til, þó þessi l. yrðu sett, að þau mundu verða neitt teljandi notuð, og þess vegna taldi hann í öðru veifinu, að þetta mundi verða gagnslaust til þess að ná þeim tilgangi, sem ætlunin er að ná. Já, það er nú náttúrlega svo á þessum breytingatímum, sem nú ganga yfir þjóðlífið, að það kemur fram að ýmsu leyti mjög einkennilegt ástand, ekki síst í sveitunum. T. d. getur það átt sér stað, að í sama héraði fari það tvennt saman, að jarðir fari þar í eyði og að þó sé þar jarðnæðisleysi. Jarðir í dalbotnum og annarsstaðar þar, sem samgöngur eru slæmar, fara gjarnan í eyði, jafnvel þó þær hafi verið áður fyrr, á meðan atvinnuhættir voru allt aðrir, allgóðar bújarðir. Og ýmsar þessara jarða byggjast alls ekki aftur, hvernig sem að er farið, fyrr en þá einhverntíma í framtíðinni, þegar góðir vegir eru komnir þangað, sem verður vafalaust langt eftir að bíða, að góðir vegir komi fram í hvern afdalabotn. Svo geta aftur verið niðri í byggðinni ungir menn, sem gjarnan vildu byrja búskap, en geta beinlínis ekki fengið jarðnæði, sem er við þeirra hæfi. Sumir geta e. t. v. fengið jarðir, sem búið er að byggja upp og gera ýmislegt á, en þá eru þær venjulega orðnar svo dýrar og er haldið í svo háu verði, að með núv. verðlagi afurðanna sjá þessir ungu menn enga leið til að láta búskapinn bera sig á þeim, hvorki með því að kaupa þær eða leigja þær gegn því eftirgjaldi, sem krafizt er. Og þó á hinn bóginn séu á boðstólum niðurniddar jarðir, sem fyrirsjáanlega þarf strax að byggja upp, kemur svipað út; menn treysta sér ekki til að taka þær til þess að byrja á því að leggja í byggingarkostnað. Sú löggjöf, sem áður hefir verið sett fyrir forgöngu Framsfl., í svipuðu augnamiði og þetta frv. er fram borið, hefir á undanförnum árum gert geysimikið gagn, og án hennar hefðu án efa fjölda margar jarðir lagzt í eyði, sem enn eru í byggð. Maður veit, að byggingar- og landnámssjóður hefir hjálpað mörgum manninum að koma upp forsvaranlegum húsum á jörð sinni. Byggingarnar hafa bara reynzt mönnum of dýrar, þrátt fyrir hjálp sjóðsins. Því hygg ég nauðsynlegt, eins og fram kom í ræðu hv. þm. S.-Þ. áðan, að breytt sé þannig til með byggingar- og landnámssjóð, að hann veiti lán án þess að gerðar séu eins strangar kröfur um dýrleika byggingarnna eins og hingað til hafa verið gerðar. Ég sé ekki annað en jarðirnir muni halda áfram að fara í eyði vegna hrörnandi bygginga, ef ekkert er að gert í því efni. Það má náttúrlega líta svo á, að hvað þetta snertir hafi orðið nokkur mistök í byrjun á því að framkvæma tilgang byggingar- og landnámssjóðs, en það skerðir ekki neitt gagnsemi og nauðsyn slíkrar stofnunar fyrir landbúnaðinn.

Þá var hv. þm. að tala um það — ég held að það hafi verið út af ræðu hv. þm. S.-Þ., að framsóknarmenn væru að þakka sér hitt og þetta í löggjöf landbúnaðinum til framdráttar, sem alls ekki væri þeim að þakka. Tók hann til dæmis jarðræktarlögin, að þau hefðu verið sett áður en Framsfl. kom til valda. Það er rétt, að þau voru sett áður en hrein framsóknarstjórn kom til valda árið 1927. En þegar jarðræktarlögin voru sett, árið 1923, þá átti Framsfl. hlutdeild í stj. og það var einmitt framsóknarmaður, sem það mál heyrði undir í stj. Hv. þm. sagði, að jarðræktarlögin hefðu ekki verið framkvæmd mörg ár eftir að þau voru lögtekin. Ég kannast ekki við það; ég man ekki eftir öðru en þau væru framkvæmd strax. Mig minnir einmitt, að ég og aðrir fengju jarðræktarstyrk strax á næsta ári.

Hv. þm. var að tala um, að sumar þessar ráðstafanir, sem við framsóknarmenn hefðum verið að gera til þess að halda fólkinu í sveitunum, hefðu mistekizt og straumurinn í kaupstaðina héldi alltaf áfram. Það eru nú náttúrlega ekki annað en ágizkanir, hvernig farið hefði, ef ekkert hefði verið að gert. Eins og hv. þm. minntist á, byrjaði þessi straumur fyrir löngu síðan, og ég held fyrr en hann taldi. Fyrst beindist fólksstraumurinn til Ameríku. Síðan tóku kaupstaðirnir við fólkinu, meðan útgerðin var í stöðugum vexti. En hvernig er þetta orðið nú? Nú er svo komið, að fólkið gengur atvinnulaust hópum saman í kaupstöðum og sjávarþorpum. Er þá álitlegt að bæta stórum hópum

af fólki úr sveitunum við þessa hópa atvinnuleysingja í bæjunum? Mér finnst það ekki vera. Hvað það snertir, að það sé einhverri óstjórn Framsfl. að kenna, að fólkið er atvinnulaust og ekki koma upp nægilega mörg ný atvinnufyrirtæki til þess að veita því atvinnu, þá er þetta það, sem maður heyrir stundum, en allir vita, að er ekkert annað en vitleysa. Það vita allir, af hverju atvinnuleysið stafar mest, að það stafar af sölutregðu íslenzkra afurða erlendis, sem vitanlega enginn flokkur hér á landi ræður nokkurn skapaðan hlut við. Ég efa það ekki, að það væri gott að fá nýja togara, því betra er að veiða fisk á togara heldur en gera ekki neitt. En viðhorfið sýnist nú þannig, að í sjálfu sér veiða íslenzku togararnir eins mikinn fisk eins og mögulegt er að selja. Þjóðhagslega séð er því auðvitað miklu skynsamlegra, að þetta fólk hætti að leita til kaupstaðanna til þess að vera þar atvinnuleysingjar, heldur reyni að framleiða í sveitunum þann hluta lífsþarfa sinna, sem það getur framleitt og hagnýtt heima fyrir, hvað sem öllum sölumöguleikum líður.

Að alþýðuskólarnir hafi orðið til þess að koma fólkinu burtu úr sveitunum, eins og hv. þm. var að gefa í skyn, um það verður hver að trúa því, sem honum sýnist. Ég er á gagnstæðri skoðun við hv. 1. þm. Reykv. um það efni. Ég álít, að alþýðuskólarnir hafi heldur dregið úr fólksstraumnum í kaupstaðina. Það er áreiðanlegt, að þó ekki hefðu verið byggðir alþýðuskólar né aðrir skólar í sveitum landsins, þá hefði unga fólkið heimtað að fara eitthvað til þess að mennta sig, sem það kallar, og framkvæmt það. Skólarnir í kaupstöðunum hefðu að vísu ekki getað tekið á móti öllu því fólki, en það hefði nú farið til kaupstaðanna samt, til þess að stunda eitthvað, sem það kallar menntun, og ég er sannfærður um, að af því hefði leitt meiri straum til kaupstaðanna heldur en verið hefir.

Það, sem mér fannst veigamest í ræðu hv. þm., var það, að nýbýlingarnir kynnu að einhverju leyti að verða keppinautar bændanna, sem fyrir eru. Ég játa, að þarna er atriði, sem þarf að gefa mikinn gaum. Ég skal ekki fara langt út í þetta nú, en skírskota til þess, sem ég sagði hér í d. fyrir nokkru síðan, þegar rætt var frv. frá hv. 10. landsk. um breyt. á jarðræktarlögunum. Það er einmitt það, sem verður að gefa gaum í þessu máli, að það er ekki nóg að reisa nýbýli og láta svo reka á reiðanum um búreksturinn og algert skipulagsleysi ríkja í því efni. Með því móti getur t. d. komið allt of mikil mjólk á markaðinn o. s. frv. Það þarf einmitt að haga því þannig, eins og reyndar hér hefir komið fram, að fyrst sé fullnægt þeim innlendu þörfum fyrir nýjar landbúnaðarafurðir, sem virkilega eru til. Með því er ég ekki að segja, að það eigi að skylda nýbýlingana til að rækta t. d. kartöflur og ekkert annað. En það má áreiðanlega haga þessu þannig, að sá aukni búskapur og sú aukna framleiðsla heilt yfir, sem þessar ráðstafanir eiga að koma af stað, beinist núna fyrst og fremst að þeim tegundum landbúnaðarafurða, sem vantar ennþá í landinu og er þar af leiðandi nógur markaður fyrir. Því þó nóg sé framleitt af kjöti og mjólk, þá er hægt með landbúnaði að framleiða margt fleira. Ég veit, að í þessu atriði þarf að gæta hinnar mestu varkárni, einmitt í öllum undirbúningi nýbýla og samvinnubyggða; hafa beinlínis áhrif á það, hvernig búskapur þar er rekinn, og það getur vitanlega einnig haft áhrif til bóta á búskapinn á þeim jörðum, sem fyrir eru í landinu.

Mér skildist á hv. 1. þm. Reykv., að eitt einfalt ráð hefði mátt finna til þess að halda fólkinu í sveitunum. Og ráðið var þetta: Að sjá um, að fólkinu í kaupstöðunum liði nógu illa. Því hann var að tala um, að allt leitaði jafnvægis o. s. frv. Og svo þegar komið væri að því, að sveitafólkið teldi sig ekki nein bætt lífskjör hafa að sækja í kaupstaðina, þá hætti það að fara þangað. Þetta er náttúrlega í sumum tilfellum rétt, sumum ekki. Og ég held, að það séu margir í kaupstöðum og sjávarþorpum þannig settir eins og nú er ástatt, að þrátt fyrir það, þó líf margra bænda sé ekki glæsilegt, þá séu þeir þó skár settir og hafi meiri möguleika og öryggi. Hv. þm. var að tala um, að öllum, sem flyttu á mölina væri skapað öryggi, og því væri eðlilegt, að fólkið úr sveitunum færi þangað til að njóta þess öryggis um sína afkomu, sem þar væri að fá. Já, það er nú svo með þetta öryggi, að mér virðist það nú því miður vera dálítið vafasamt, jafnvel þó frv. um alþýðutryggingar, sem hér liggur fyrir, verði samþ. Mér sýnist, að þrátt fyrir það muni nú ekki verða nein himnaríkissæla að vera atvinnuleysingi í kaupstað. Eitthvað þarf maður að hafa til þess yfirleitt að geta keypt sér tryggingu gegn atvinnuleysi. Og þær fréttir heyrir maður úr sjávarþorpunum, að lífið þar sé ekki svo glæsilegt, að fólk þurfi beinlínis að sækjast eftir að fara þangað, þó ekki sé gott í sveitunum. En það er einmitt þetta, að það er eins og margir verði að fara úr sveitunum, þegar þeir vilja stofna sjálfstæð heimili, af því þeir geta enga staðfestu fengið þar. Þeir geta ekki komið sér upp heimilum í sveitinni eins og er, og þess vegna fara þeir þaðan. Og úr þessu er maður einmitt að vonast eftir, að þetta frv. bæti að einhverju leyti.

Þá var hv. þm. að gera samanburð á búskap bónda á gamalli jörð og svo hinna fyrirhuguðu nýbýlinga. Hann talaði um, að margir bændur hefðu strandað, ef svo má að orði kveða, eftir að hafa byggt upp á jörðum sínum og gert þar aðrar framkvæmdir til umbóta, sem reynzt hefðu þeim of dýrar, svo þeir hefðu ekki getað staðið undir skuldunum. Hvaða líkur væru þá til þess, að menn gætu staðizt þetta á nýbýlunum, spurði hann. Ég vék dálítið að þessu áðan að því er byggingarnar snertir, að þær hefðu viða orðið of dýrar og dýrari heldur en þær hefðu þurft að vera, margar hverjar. Og skv. því frv., er hér liggur fyrir, er það miklu lægri fjárhæð, sem ætlazt er til, að mönnum verði veitt að láni til þess að koma upp nýbýlum, heldur en margir hafa tekið að láni til umbóta á jörðum sínum. Hv. þm. komst að þeirri niðurstöðu, að fyrningargjaldið af húsum, sem leggja ætti

á nýbýlingana, gæti orðið um 200 kr. á ári. Ef hann vill hafa fyrir því að lesa þá gr. frv., sem um þetta fjallar, þá hlýtur hann að sjá, að þetta nær ekki nokkurri átt. Til þess þyrftu hús nýbýlings að vera metin 20 þús. kr., og það á ekki að koma til þess með neitt nýbýli, að það verði svo dýrt.

Svo er nú þetta, sem ganga má út frá sem vísu, að þegar ráðast á í einhverjar framkvæmdir og einhver þarf að sjá um þær, að þá er hrópað, að þarna sé á ferðinni nýtt embætti; eitthvað muni það kosta o. s. frv. Ég hugsa nú, að þó skipaður yrði nýbýlastjóri með einhverjum launum, þá skipti það í rauninni litlu máli, ef þetta annars fer allt vel úr hendi. Annars vil ég benda á það, að eftir frv. þarf alls ekki að skipa sérstakan mann til að vera nýbýlaforstjóri. Það er heimilt samkv. því að láta þann starfsmann, sem nú er að nokkru leyti starfsmaður Búnaðarfélagsins og að nokkru leyti þess opinbera, nefnilega búnaðarmálastjóra, annast þessi störf. Ég veit ekki fyrir víst, hvað hæstv. landbrh. hugsar sér í því efni, en ég tel a. m. k. ekkert víst, að það kæmi neitt til þess til að byrja með, að skipaður yrði sérstakur starfsmaður, en þó það yrði gert, þá er það vitanlega algert aukaatriði.

Því hefir verið haldið fram í sambandi við umr., og það kom t. d. fram hjá hv. 2. þm. Rang., að ástandið í sveitunum færi stöðugt versnandi, þrátt fyrir þær ráðstafanir, sem gerðar hefðu verið til þess að bæta það. Þetta hefir verið endurtekið af svo mörgum, bæði af mínum flokksmönnum og öðrum, að ég veit, að þetta er sagt af sannfæringu og að það er orðið nokkurskonar trúaratriði hjá þessum mönnum. En ég vil fullyrða, að þetta sé ekki rétt. Ástandið í sveitunum hefir batnað á margan hátt síðan við hv. 2. þm. Rang. vorum unglingar, og erum við þó ekki gamlir menn. Og hvað afkomumöguleikana snertir, þá er ég sannfærður um, að ef kröfurnar til lífsins væru hinar sömu nú og áður, að allt myndi leika í lyndi. En menn blanda þessu svo mikið saman. Það getur verið, að hlutfallið milli krafanna annarsvegar og teknanna og möguleikans til að afla þeirra hinsvegar hafi eitthvað raskazt í óhagstæða átt síðan fyrir nokkrum árum. Ég skal ekki neita því, að þetta getur hafa átt sér stað. En raunverulega ástandið hefir alls ekki versnað. Þetta vildi ég segja, af því að það hefir svo mikið verið sagt um þá eymd, sem á að vera í sveitunum. Fólk finnur núna meira til en áður, þegar skórinn kreppir að, en ástandið er ekki á neinu sviði verra en það var. Hvernig halda menn, að ástandið hefði verið fyrir nokkrum áratugum, ef árferði hefði verið eins og var á Norðurlandi í fyrra, þar sem fyrst voru landskjálftarnir og svo óþurrkasumar, aflaleysi og stórtjón af sjávargangi?

Ég skal svo ekki lengja umr. meira. Ég vildi óska þess, að atkvgr. gæti farið fram áður en fundi er slitið.

Magnús Jónsson [óyfirl.]: Ég hélt, að hv. þm. S.-Þ. hefði kvatt sér hljóðs, og var því varbúinn til þess að kveðja mér hljóðs. — Ég þakka hv. 1. þm. Eyf. fyrir að hafa sýnt þessu máli svo mikinn sóma að vilja ræða það. En mér sýnist samt hafa komið fram töluvert áhugaleysi um þetta mál. Sá ráðh., sem þetta á að heyra undir í framkvæmdinni, hefir t. d. ekki komið inn í d., þó að hann hljóti að hafa orðið þess var, að umr. hafa orðið um málið. En það er um þetta mál eins og svo mörg önnur, að það er svo mikið undir framkvæmdinni komið, hvaða gagn verður að löggjöfinni, en það er á valdi stj. að annast hana, og hefði því verið gott að fá upplýsingar um það, hvernig hæstv. ráðh. hugsaði sér að haga framkvæmd þessa máls. En hann hefir sennilega látið ljós sitt skína svo í hv. Nd., að það er eins og öll olía sé búin af lampanum, þegar málið er komið í þessa hv. d., og engin týra til hjá hæstv. ráðh. til að fylgja því úr hlaði í þessari hv. d.

Það er ekki nema mannlegt, að mér þótti vænt um, að ég sá það af ræðu hv. 1. þm. Eyf., að ég hafði ekki misskilið málið, eins og ég var hálfhræddur um, þar sem ég hafði haft svo lítinn tíma til þess að kynna mér það. Ég varð ekki var við, að hann hrekti neitt af því, sem ég sagði, þó að hann væri um sum atriði á öðru máli. Það var misskilningur hjá honum að byrja ræðu sína með því að segja, að það hefði ekki verið vonum fyrr, þó talað hefði verið á móti málinu við þessa umr. En ég talaði alls ekki á móti málinu. Ég hreyfði aðeins efasemdum um það, að þetta frv. yrði þess megnugt að stöðva fólksstrauminn úr sveitum landsins, þar sem allar aðrar ráðstafanir, sem gerðar hefðu verið, hefðu ekki stöðvað hann, svo sem jarðræktarlögin, ræktunarsjóður, lögin um byggingar- og landnámssjóð og síðast kreppulánalöggjöfin. Ég er hræddur um, að úr því að allar þessar ráðstafanir, sem gerðar hafa verið undanfarið, hafa ekki orðið þess megnugar að stöðva fólksstraumínn úr sveitunum, þá geti aðgerðir þessa frv. ekki stöðvað hann. Það er auðvitað ekki óeðlilegt, að það geti komið fram, sem hv. þm. sagði, að einstaka ungt fólk, sem vill stofna bú, en getur ekki fengið jarðnæði, festi byggð í sveit fyrir aðgerðir þessara laga. Ein af ástæðunum fyrir því, að fólk flyzt úr sveitunum til kaupstaðanna er sú, að fólk reisir þar bú í von um að fá eitthvað að gera þar. En það hefir enga von um að geta reist bú í sveit, ef það fær ekki jarðnæði þar. Það er ekki sá siður lengur, að fólk gifti sig og stofni heimili í vist hjá öðrum. Enda er það núna lítt mögulegt, þó að menn geti unað við það að öðru leyti, því að þrátt fyrir vantandi vinnukraft í sveitum er sagt, að menn geti ekki fengið þar þá vinnu, sem nægi til að fullnægja kröfum þeim, sem menn gera til lífsins. Þó að það væri ekki annað en þetta atriði, að þetta frv. skapar nokkrum mönnum möguleika til þess að reisa bú í sveit, þá gerir þetta atriði það að verkum, að ég get á engan hátt litið þetta frv. illu auga. Ég held, að það sé vel ómaksins vert að reyna að stöðva einhverja í sveitunum með því að veita þeim styrk til þess að stofna nýbýli. Það er vitanlega engum meinað að stofna nýbýli, eins og sagt er að hæstv. forsrh., sem ekki lofar okkur núna að sjá sína fögru ásjónu, hafi ætlað að gera í einni mýri

hér skammt frá, þó að sagt sé, að lítið sé farið að gera þar enn. Það væri mjög ánægjulegt, ef menn gætu stofnað nýbýli, enda hefir engum mér vitanlega verið bannað það hingað til. En með því frv., sem hér liggur fyrir, er því fyrirkomulagi komið á, að menn fá nokkurn styrk til þess að gera þetta.

Hv. þm. var að tala um þá, sem alltaf væru hér í Rvík, að því er mér skildist, að reka horn í aðgerðir þær, sem framkvæmdar hefðu verið fyrir landbúnaðinn á undanförnum árum, eða síðan Framsfl. tók við landsstj. En svo sagði hann, að þessir sömu menn væri í sveitunum að skamma framsóknarmenn fyrir, að þeir gerðu ekki nóg fyrir landbúnaðinn. En það er fjarri því, að ég hafi verið að reka horn í síðu framsóknarmanna og annara, sem hafa verið samein-aðir um að gera sem mest til þess að reyna að halda fólkinu í sveitunum. Ég var aðeins að telja upp það, sem gert hefði verið, og sýna fram á, að það hefði ekki megnað að stöðva strauminn úr sveitunum. Ég var ekki að segja, að þessar aðgerðir væru rangar, heldur sagði ég, að jafnhliða væri gert annað, sem gerði það að verkum, að tekið væri með annari hendinni það, sem gefið væri með hinni. Ég vil t. d. ekki bera saman jarðræktarlögin og l. um byggingar- og landnámssjóð. Allir sjá, hvaða gagn er að því, að stuðla að því með styrkveitingum og hentugum lánum að efla jarðræktina, og styðja þannig efnahagshlið bænda með því að auka arðberandi ræktun, á móts við hitt, að miða eingöngu við það, að koma upp húsum, sem kunna að vera hentug og skemmtileg á að líta, en gefa ekki af sér neinn arð. Þetta tvennt er ekki hægt að bera saman. Annars er það rangt, sem hv. þm. sagði að Sjálfstfl. hefði sem heild barizt á móti l. um byggingar- og landnámssjóð. En þau lög eru enganveginn hliðstæð jarðræktarl. Hv. þm. muna víst, hvernig frv. um byggingar- og landnámssjóð var, þegar það var fyrst borið fram af núv. hv. þm. S.-Þ. Það var þannig úr garði gert, að það var einungis ein grein í frv., sem hægt var að nota. Frv. átti fyrst aðeins að ná til nýbýla, en þeir, sem baslað höfðu á jörðum sínum, áttu ekki að njóta neins góðs af því. Þetta var mjög ósanngjarnt, auk þess sem lánin voru bundin þeim skilyrðum, að það var í raun og veru hreinn „bolsivismi“, sem kom fram í frv. Ég hefði gaman af því að bera saman frv. eins og það var fyrst borið fram af núv. hv. þm. S.-Þ. og l. eins og þau urðu endanlega. Menn myndu þá sjá, að þar væri ekki eins eitt einasta atriði, sem nokkru máli skiptir. Það voru margir ágætir sjálfstæðismenn, sem hjálpuðu til þess að laga frv., og þar á meðal hv. 1. þm. Rang., sem bar fram till. um það efni. Hann og fleiri sjálfstæðismenn lögðu fram lið sitt til þess að koma l. í það horf, sem þau hafa verið í síðan.

Ég býst við, að hv. þm. vilji halda því fram, að erfiðleikarnir við búskapinn stafi aðallega af því, að hann er stundaður á jörðum, þar sem mest er treyst á engjaheyskapinn. Og þó að þessar jarðir hafi verið góðar á sínum tíma, þá séu þær óhentugar núna, vegna þess hve ólíkt hagar til nú og áður, þar sem það borgi sig bezt núna að stunda heyskap á ræktuðu landi. Erfiðleikarnir stafa víst eitthvað af þessu, en það gerir auðvitað ekkert til, þó engjar séu góðar, ef líka er til mikið af ræktuðu landi heima fyrir. Ég veit um eina jörð, sem hefir stór engi, sem eru í dálitilli fjarlægð frá bænum, en þar er ekki slegið eitt högg nema á ræktuðu landi. Ég hygg, að margir af þeim, sem búa á jörðum, þar sem heyskapur er aðallega eða eingöngu stundaður á ræktuðu landi, hafi orðið að sækja um lán hjá kreppulánasjóði. Ég hygg, að það hafi ekki verið fáir af þeim, sem búa á jörð, þar sem ræktun er fullkomin og beztur markaður fyrir framleiðsluvörurnar, sem hafa orðið að sækja um lán í kreppulánasjóð, og þar á meðal sumir á hinum nýju jörðum í nánd við Rvík. Þetta sýnir, að það er ekki nóg að hafa ræktað land til þess að búskapurinn sé arðvænlegur. Það eru margir vantrúaðir á, að búskapurinn hljóti að bera sig, þó að komið sé upp nýbýlum eins og fyrir er mælt í þessu frv. Ég veit ekki, hvað er satt í því, en ég hefi heyrt, að einhverjir, sem hafa átt ræktað land, hafi ekki haft ráð á því að kaupa áburð, og þannig ekki getað unnið hið ræktaða land. Það mun ekki vera einsdæmi, að ræktað land hafi horfið aftur þangað, sem það var, vegna þess að menn höfðu ekki bolmagn til þess að halda uppi ræktuninni. Það munu vera dæmi til þess, og má búast við, að ekki fari betur, þó að byrjað sé á því, að reist séu nýbýli frá grunni, og svo eigi að setja þar upp bú, jafnvel þó að lánin verði veitt með betri kjörum en áður var hægt að fá. Ég hefi ekki athugað það í frv., hvort sett eru skilyrði um það, hvernig byggingar eigi að vera á þeim nýbýlum, sem reist verða samkv. þessu frv., ef það verður að l. Ég þori ekki að segja neitt um það, hvort fylla eigi þar upp í með reglugerð. En það er margt í þessu frv., sem fylla verður upp í með reglugerðarákvæðum. Ég þori því ekki að tala djarflega um þetta atriði, en það eru líkur til, að gerðar verði svipaðar kröfur og gerðar hafa verið til þeirra, sem byggt hafa hús með aðstoð byggingar- og landnámssjóðs. Og það er þess vegna líklegt, að þar verði hinir sömu örðugleikar og þeir hafa lent í, sem notað hafa sér lán úr byggingar- og landnámssjóði. En það má vel vera, að þessu megi breyta og að l. um byggingar- og landnámssjóð verði breytt þannig, að leyft verði að byggja ódýrari hús, eins og t. d. að það megi byggja torfbæi, þó að þeir eigi ekki við nema í sumum byggðarlögum landsins. En það er mjög mismunandi, hvernig jafnvel byggðir torfbæir endast, og fer það eftir því, hvar þeir eru á landinu. Á Suður- og Vesturlandi endast þeir svo miklu verr heldur en á Norðurlandi. Það er algengt á Suður- og Vesturlandi, að það er ekki hægt að búa í sama torfbænum nema 2 búskapartíðir, en á Norðurlandi er hægt að búa í sama torfbænum 2—3 kynslóðir. Það er merkilegt, að í l. um byggingar- og landnámssjóð skuli ekki hafa verið tekið tillit til þessara aðstæðna. Ég hefi oft undrazt það, og þá kennt því um, hvað menn eru fíknir í að tolla í tízkunni, að það skuli ekki hafa verið byggt meira af torfbæjum á Norðurlandi en gert hefir verið. En það er ó-

mögulegt að hugsa sér betri híbýli en margir torfbæirnir eru. Ég er ekki eingöngu að mæla með því, að farið sé að byggja torfbæi aftur vegna þess hvað þeir séu ódýrir, heldur og vegna gæða, og þar má m. a. nefna, hvað þeir eru hlýir og hvað þeir fara vel í íslenzku landslagi. Hinsvegar er ég ekki viss um, hvort torfbæirnir eru miklu ódýrari. Þeir voru ódýrari meðan mikill vinnukraftur var til á bæjunum, en ef kaupa þarf alla þá vinnu, sem þarf til þess að hlaða upp bæina, þá verða þeir líklega ekkert ódýrari en önnur hús, því að það er mikið og seinlegt verk að hlaða upp torfveggi. Það var mikið byggt úr torfi á því prestssetri, sem ég ólst upp á, og sá ég þar, að það er geipileg vinna, sem liggur í því að undirbúa það efni og byggja úr því. Ég get því vel trúað, að þeir torfbæir, sem eru vel byggðir, séu lítið ódýrari en húsin. En hinsvegar á, þegar verið er að setja löggjöf eins og t. d. l. um byggingar- og landnámssjóð, að ýta undir menn að nota hið innlenda efni. Mér var sagt af hv. 1. þm. Eyf. og einnig af sessunaut minum, að það sé misminni hjá mér, að jarðræktarlögin hafi verið sett nokkrum árum áður en þau komust í framkvæmd, en þau komu til framkvæmdar fyrsta árið, sem íhaldsstj. var við völd. Mig minnti, að þau hefðu verið sett 1921, en þau voru sett 1923. L. komu til framkvæmda eftir að íhaldsfl. tók við völdum, en mig minnti, að þau hefðu áður legið 2—3 ár.

Út af þeim kafla í ræðu minni, þar sem ég talaði um, að bezta hjálpin væri fjármálapólitík, sem styddi að því, að atvinnuvegirnir væru í blóma, og stuðlaði að því, að sjávarútvegurinn í kaupstöðunum gæti borið sig, sagði hv. 1. þm. Eyf., að þetta væri laukrétt út af fyrir sig. En síðan spurði hann, hvaða gagn væri að því að fiska meira, ef ekki væri hægt að selja fiskinn, og í því sambandi sagði hann, að kreppan hefði komið vegna sölutregðunnar. Það er alveg rétt, sem hann sagði um sölutregðuna. En hitt er misskilningur hjá honum, ef hann heldur, að afturkippurinn í sjávarútveginum hafi byrjað með sölutregðunni. Hann kom af því, að atvinnuvegurinn var sligaður undir þeim kostnaði, sem á hann var lagður. Sölutregðan byrjaði ekki fyrr en í fyrra, þegar Suðurlandaþjóðirnar byrjuðu á því að láta leggja inn á „quota“ hjá sér, og það varð til þess, að við misstum meira og meira af markaðinum, fyrst á Spáni, svo á Ítalíu og síðast í Portúgal. Þegar þetta gerðist, þá hefði átt að taka mjúklega á útgerðinni, á meðan hún væri að vinna nýja markaði og yrði kannske að selja ódýrt. En samt hafa verið lagðir á hana nýir og nýir skattar, svo að framþróunin hefir verið heft, og afturför orðið miklu fyrr en þurft hefði að vera, eins og berlega sést á togaraflotanum. Það er ekki eina tjónið, sem af þessu hefir leitt, að minna hefir verið fiskað, heldur líka hitt, að það hefir ekki verið hægt að endurnýja flotann í skip, sem geta unnið meira úr aflanum en gert hefir verið. Það hlýtur að liggja geipiverð í því, sem orðið hefir að henda í sjóinn, vegna þess að ekki hafa verið tök á að vinna úr því þegar í stað. Það hefir verið byrjað á því í örfáum skipum, en það er of lítið. Ef hér hefði verið uppi sú stefna, að andað hefði hlýju til útgerðarinnar frá stjórn landsins og Alþ., og til þessara fyrirtækja, sem áttu allt í hættu, þá er ég viss um, að flotinn væri nú endurnýjaður og breyttur þannig, að hin eldri skip væru horfin, en í stað þeirra komin ný og stærri skip. Ég ræð þetta af þeim framförum, sem urðu á meðan útgerðin þurfti ekki að vera síhrædd við það, hvað stjórn og þing gerði. Ég er viss um, að þetta væri svona, ef búið hefði verið að útgerðinni þannig, sem hver síðuð þjóð hefði gert, önnur en Íslendingar. Jafnvel hjá þeim þjóðum, þar sem fylgt hefir verið svipaðri stefnu og hér, hefir mönnum skilizt, að það verði að styðja atvinnuvegina, svo að þeir geti tekið framförum. Ég er viss um, að Ísland er eina landið, þar sem ég þekki til, þar sem hjá mörgum atkvæðamönnum í þjóðfélaginu er bókstaflega óvinátta til þessara fyrirtækja og manna þeirra, sem standa að þeim, þannig að ef fyrirtækin komast upp fyrir að hafa það, sem kalla mætti til hnífs og skeiðar, þá eru þeir menn ofsóttir, sem að þeim standa, og þeim líkt við þjófa, ræningja og illvirkja. Við, sem störfum í lögjafnaðarnefndinni, vorum á ferð um Danmörku í sumar og sáum þá mörg einkafyrirtæki, sem komin eru í 4. eða 5. ættlið, og urðum við ekki varir við, að frá hinum ráðandi mönnum andaði neitt köldu til þessara fyrirtækja. Við urðum þvert á móti varir við, að þeir voru stoltir af þeim. En hvernig halda menn, að myndi syngja í blöðum framsóknarmanna, ef Thorsararnir væru komnir í 5. lið. Þetta mun vera einsdæmi hér á Íslandi og er þetta ákaflega sorglegt hjá þjóð, sem stærir sig af því að vera að nokkru leyti komin af konungum. Ég held, að þrælarnir hafi átt hér of mikið af börnum, og þau hafi gert þjóðina svona. Þetta er alvarlegt atriði, og einkum þegar það kemur fram hjá mönnum, sem sitja í valdastól, eins og var hjá hv. þm. S.-Þ. Ég gat ekki stillt mig um að segja við hann í sumar, þegar við vorum að skoða eitt einkafyrirtæki, hvað hann héldi, að hann myndi segja um svona fyrirtæki, ef það væri heima á Íslandi. Hv. þm. S.-Þ. er eins og menn vita góður félagi í ferðalögum, svo að hann gerði ekki annað en brosa að þessu. Þessi hugsunarháttur er alvarlegur hlutur út af fyrir sig, og ef hann kemst inn hjá þeim mönnum, sem með völdin fara, þá er hann eitthvað það háskalegasta fyrir atvinnulífið, sem átt getur sér stað. Það er svo fjarri því, að alþýða manna græði á þessu, að þetta er hið langstærsta böl, sem fyrir getur komið, því þó að tryggingarlöggjöf sé komið á hér, þá er það aldrei nema sultarlíf, sem menn geta tryggt sér og sínum með henni á móts við það, ef atvinnuvegirnir eru í blóma og atvinna til handa fólkinu. Atvinnuvegirnir eru fjöregg þjóðarinnar, og það líður engum vel, nema þeir séu í fullum gangi. [Fundarhlé.]

Þegar fundi var frestað, var ég að ræða um það við hv. 1. þm. Eyf., af hvaða orsökum afturkast hefði komið í togaraútgerðina. Er það aðallega vegna almennra viðskiptaerfiðleika, og því vegna sömu orsaka að miklu leyti og valda því, að fólkið helzt ekki við í sveitunum. Get

ég tekið undir það, sem sagt hefir verið, að ein aðalástæðan fyrir því, að fólkið flytur úr sveitunum, er sú, að unga fólkið hefir ekki tækifæri til þess að stofna þar heimili, en hefir meiri líkur fyrir því í kaupstöðunum. En orsakirnar eru miklu fleiri. Ég þekki mörg dæmi þess, að fólk hefir flutt í kaupstað án þess að stofna heimili. Þess eru ekki heldur fá dæmi, að bændur hafi hætt búskap og flutt í kaupstað, og það án þess að eiga vísa nokkra fasta atvinnu. Er mér kunnugt um, að hingað til Rvíkur hafa flutt ekki svo fáir menn vegna þess, að búskapurinn ber sig illa. En ástæðan til þess er einkum, að markaðurinn í kaupstöðunum er ekki nógu góður, sem stafar af því, hvað þeir eiga erfitt uppdráttar. Hv. þm. hafa viljað kenna hér um sölutregðu, en ég hefi áður sýnt fram á, að hún gerir því fyrr vart við sig, sem atvinnuvegirnir eru hlaðnir þyngri sköttum og allskonar álögum fyrir. Það kemur sérstaklega illa við nú, þegar sölutregða er á afurðunum út á við, að flotinn skuli ekki vera þannig útbúinn að geta hagnýtt sér allan aflann og komizt þannig af með að afla minna, því vafalaust væri léttara að koma aflanum í verð, ef afurðir framleiðslunnar væru fjölbreyttari en nú er.

Ég skal ekki fara út í að ræða það frekar nú, sem okkur hefir farið á milli um alþýðuskólana, hvort þeir stuðli að því að halda fólkinu í sveitunum eða ekki. Það stendur bara orð á móti orði. Um það er ekkert hægt að sanna nema með rannsókn, enda eru skólarnir ekki orðnir svo gamlir enn, að nokkur veruleg reynsla sé fengin í því efni, nema e. t. v. Eiðaskólinn. Annars væri merkilegt að athuga, hvort fólk, sem gengur í slíka skóla, verður stöðugra í sveitunum en annað fólk, eða kynningin af skólunum eykur tilhneigingu þess til að komast í margmenni og þangað, sem er fjörugra líf og meiri félagsskapur og þægilegri húsakynni. Ég minntist á þetta fyrir 1—2 árum við mann, sem er kunnugur þessum málum, og taldi hann ekki óhugsandi, að svo gæti farið. Mér dettur í hug, ef hv. 1. þm. N.-M. ekki talar í þessu máli hér í d., þá hefði ég gaman af að ræða það við hann annarsstaðar. Þetta er alveg án gamans mjög merkilegt atriði, hvernig skólarnir verka, hvort þeir verða til þess að stuðla að því að halda fólkinu í sveitinni, eða til þess að auka straminn þangað, sem margmennið er. Það er alvarlegt mál, ef svo kynni að fara, eins og ég sagði áðan, að skólarnir verkuðu eins og dælur til kaupstaðanna. En meðan það er álitamál, hvernig þeir verka, verður að telja óhyggilegt að leggja stórfé í slíkar stofnanir.

Hv. 1. þm. Eyf. viðurkenndi, að eitt atriði, sem ég minntist á í sambandi við nýbýlamálið, væri nokkuð alvarlegt.

Ef þessi stefna er upp tekin, getur hún gripið svo um sig, að nýbýlingarnir verði beinlínis keppinautar við þá, sem nú stunda búskap. Þetta er að sumu leyti ekkert efamál, t. d. að ræktunarsjóður hefir tiltölulega minna fé til útlána, ef upp kemur fjöldi nýbýla, því það er ekki efamál, að það verður ákveðin takmörkuð upphæð, sem ríkissjóður leggur fram. Þess vegna hlýtur að koma því minna í hlut þeirra, sem nú stunda búskap, sem fleiri nýbýli koma upp og milli fleiri manna er að skipta. Er hér alveg um sama hlutfall að ræða og þegar úthlutað er námsstyrk í skólum. Ef um ákveðna upphæð er að ræða til úthlutunar, kemur því minna í hvers hlut, sem milli fleiri þarf að skipta.

Ég hygg, að hitt sé stærsta atriðið, sem ætti að leggja meiri áherzlu á, að koma afurðunum í sæmilegt verð, en það yrði því erfiðara, ef hér kæmi upp verulega stór keppinautur um þá markaði, sem til eru. Ég er því mjög undrandi yfir því, að bændurnir og flokkur bændanna skuli leggja áherzlu á að fá sem flest fólk í sveitirnar. Ef ég væri bóndi, mundi ég óska af heilum hug, að bændurnir væru sem allra fæstir, því ég býst við, að það sé eins um vörur bændanna og allar aðrar vörur, að þær lúti því lögmáli um eftirspurn, að því færri sem bjóða vöruna fram og því minni sem varan er, því meiri eftirspurn og hærra verð. (MG: En vinnufólkið?) Hér er ekki verið að tala um vinnufólk. Það er allt farið úr sveitunum. Allar ráðstafanir, sem talað er um að gera, eru miðaðar við sjálfstæða atvinnurekendur. En ég bara skil þetta ekki. Þetta er líklega allt gert af einskærum mannkærleika, svo að þar kemst ekki að snefill af mannlegum breyskleika.

Ég skal viðurkenna, að ég hefi mikla tilhneigingu til þess að vera með þessu máli, en mér finnst full ástæða til að athuga það frá báðum hliðum, en fylgja því ekki alveg í blindni. (BSt: Það er ekki vanalegt, að tala í margar klst. móti máli, sem maður ætlar að greiða atkv. með). Það er full ástæða til þess að tala um málið frá báðum hliðum og draga fram þau rök, sem mæla með og móti. Annars vil ég spyrja hv. 1. þm. Eyf., hvort hann vilji ekki spjalla við mig um málið, ef hæstv. forseti sýnir okkur þá þolinmæði að leyfa samræður. (BSt: Ég skal tala við hv. þm. norður á Dalvík). Já, við vorum þar saman á mjög ánægjulegum fundi síðastl. vor. Þætti mér gaman að heyra hv. þm. sannfæra bændur þar um, að framboð verki ekki eins þar og annarsstaðar. En úr þessu ætlar hv. þm. og aðrir fylgismenn stj. að bæta með nokkurskonar „planökonomi“. Mér skilst, að nýbýlingarnir eigi ofan á allt annað að fara eftir því, sem aðrir segja þeim fyrir um. Þeir mega svo sem ekki haga sér eins og þeir vilja, heldur á að segja þeim fyrir um, hvernig þeir eigi að búa, hvað þeir eigi að framleiða o. s. frv. Ég held, að það verði að skapa alveg nýja tegund bænda til þess að þola svona undirlægjuhátt. Því það merkilegasta við bændastéttina hefir einmitt verið það, að bóndinn hefir verið sjálfs sín herra. Ég tel því óheppilegt að fara að skapa hér nýja bændastétt, sem í öllu verður að haga framkvæmdum sínum eftir fyrirmælum nýbýlastj. En eftir því, sem hv. þm. prédikar, á að framleiða allt eftir vissu skipulagi — planökonomi. Og af því nóg mjólk er á markaðnum, þá þýðir ekki að framleiða mjólk. Og vegna þess að of mikið framboð er á kjöti, er ekki til neins að framleiða kjöt. En hvað eiga allir þessir nýju bændur þá að framleiða? Mér skilst helzt, að það eigi að vera smjör eða kannske ostar. Og þar sem á að setja þá niður einhversstaðar austur í

Flóa eða fyrir austan Þjórsá, er a. m. k. sýnilegt, að þeim er ætlað að vinna úr mjólkinni. Það er alkunnugt, að stórfelldar ráðstafanir hafa verið gerðar til þess að styðja þá, sem hafa þurft að vinna úr mjólkinni, svo að þeir geti tórt við búskapinn. Hefir verið lagt hátt gjald á þá, sem ekki vinna úr mjólkinni, en framleiða hana aðeins til sölu til þess að borga þeim, sem ekki geta notið þeirra markaða. Mér skilst því, að nýbýlingarnir verði dæmdir til þess að lifa á styrk frá þeim, sem selja mjólkina beint til neytenda. Mér sýnist þetta ekki spá góðu um afkomuna, en það, sem ríður mest á, er, að reynslan verði góð í byrjun.

Ég verð að segja, að ég öfunda ekki þá bændur, sem eiga að búa undir þessari planökonomíu, sem á að segja fyrir um, hvernig þeir eiga að búa. Ég vil í þessu sambandi benda á þá planökonomiu, sem framkvæmd er í rekstri bæjanna, sérstaklega hér í Rvík, og beinlínis er rekin í því skyni að reyta af mönnum hvern eyri, með hækkuðu vöruverði, lækkuðum tekjum og síhækkandi sköttum. Þetta er alveg heilsteypt planökonomia til þess að koma þeim mönnum, sem hafa bjargað sér áfram, úr skárri lífskjörum í lakari — það er verið að lækka lífsstandard fólksins. (BSt: Er þetta mál á dagskrá?). Já, ég held mig við nýbýlamálið og er að ræða um það, eins og hv. 1. þm. Eyf., í sambandi við planökonomiu. En þetta snertir beinlínis þetta mál, því Rvík hefir verið og ætti að verða í framtíðinni bezti markaðsstaðurinn fyrir afurðir bændanna.

Skilyrði fyrir því að gera mönnum lífvænlegt í sveitinni er því, að sá markaður haldist.

Ég hefi sýnt fram á, að bezt yrði komið í veg fyrir óheppilegan fólksstraum til kaupstaðanna með því að stuðla sem mest að því, að atvinnuvegir í kaupstöðum, sérstaklega sjávarútvegur, geti verið í sem beztu horfi, til þess að afkoma kaupstaðabúa geti orðið svo góð, að þeir geti keypt landbúnaðarafurðir af sveitamönnum. Í samræmi við þetta er aftur hitt, að vitanlega má ekki auka svo framboð á landbúnaðarafurðum í kaupstöðunum, að verðið vegna þess hljóti að lækka. Það er ekki hægt samtímis að gera þær tvennskonar ráðstafanir að láta vörur bænda hækka í verði og stórauka einnig framboð á þeim.

Þá var hv. þm. að tala um það, sem ég minntist á, að menn mundu streyma til kaupstaðanna í atvinnuleysisstyrkina og atvinnubótavinnuna, og hv. þm. lagði mjög út af því, að ég sagði, að með atvinnuleysisstyrkjunum væri skapað óeðlilegt öryggi. Ég sagði þetta ekki af því, að ég ætlaði, að menn sæktust eftir þeim kjörum, sem þeir menn eiga við að búa, sem eiga að fá atvinnuleysisstyrki. En með því að koma slíkum styrkveitingum á er, hvað sem hver segir, skapað það öryggi, að menn treysta þó á það, að þeir fari aldrei algerlega á vonarvöl, þó að atvinna bregðist, ef þeir flytja í kaupstað; þeir geti þó í svipinn dregið fram lífið á því, sem veitt er í þessu skyni. Það er alls ekki víst, að menn geri sér allir grein fyrir því, hvaða eymdarlíf slíkt er. Og sérstaklega þegar svo mjög er búið að prédika, að eymdarkjör sveitafólks séu svo afskaplega mikil. Ég gæti vel hugsað, að sú agitation, sem rekin hefir verið með þeim forsendum, að sveitabændur eigi við ákaflega mikil eymdarkjör að búa, geti verkað nokkuð í þá átt, að sveitafólk haldi, að eymdarkjörin verði þó ekki verri, þó flutt sé í kaupstað, og þar með að einhverju leyti treysti á það, að atvinnuleysisstyrkirnir bæti þó eitthvað töluvert úr. Mér heyrðist nú á ræðu hv. 1. þm. Eyf., að sveitalífið væri ekki eins mikið kvalalíf og oft hefir á þessum síðustu tímum verið talað um.

Hv. þm. vildi gera lítið úr kostnaðinum við þessar nýju umbætur og sagði, að hann skipti ekki miklu máli. Já, það getur nú náttúrlega verið, að kostnaðurinn, sem þessi löggjöf leiðir af sér, sé ekki meiri en svo sem við eina nefnd. En safnast þegar saman kemur. Það hljómar óneitanlega ákaflega einkennilega saman, þegar annarsvegar er verið að stofna til nýrra miður nauðsynlegra útgjalda í rekstri ríkisbúsins, en hinsvegar er hæstv. fjmrh. hvað eftir annað að tala um, að það verði nú að gera allan rekstur ríkisbúsins sem allra ódýrastan. Það er vitanlega einn liður á kostnaðarhlið ríkisbúsrekstrarins, að lagt er fram fé til nýbýla. Það er ákaflega einkennileg aðferð til þess að gera rekstur ríkisbúsins sem ódýrastan, að stofna sífellt til nýrra og nýrra umbóta. Þetta einkennilega samræmi(!) er prýðilega samboðið fjármálastefnu hæstv. fjmrh. og þeirra, sem að þessum málum standa með honum.

Ég er alveg sammála mótmælum hv. 1. þm. Eyf. gegn því, að svo ákaflega mikið eymdarlíf sé nú í sveitum landsins. Straumur fólks úr sveitum til kaupstaða sýnir ekki, svo óyggjandi sé, hvar bezt er að lifa. En hann sýnir þó það, hvar fólkið heldur, að bezt sé að lifa. Þessi hugsunarháttur fólksins og afleiðing þessa hugsunarháttar er það sterk, og mér liggur við að segja það eina sterka, sem gerir það að verkum, að menn vilja ekki leggjast á móti því máli, sem hér liggur fyrir. En menn getur greint nokkuð á um, hvort sú löggjöf, sem hér á að setja, gerir ákaflega mikið strik í reikninginn.

Með þessum orðum, sem ég hefi nú talað hér, hefi ég viljað benda á nokkrar líkur til þess, að þessar ráðstafanir muni ekki verka mjög mikið. En ég tel afsakanlegt, að menn geri þessa tilraun, úr því að sumir trúa því, að slíkar ráðstafanir geti verkað nokkuð. En mikið má vera, ef það reynist ekki svo eftir nokkur ár, þegar reynsla er komin á þessi l., að ég hafi verið helzt til sannspár um, að ekki muni verða við þessa löggjöf þau aldahvörf í landbúnaðarmálum okkar, sem hv. aðalmeðmælendur þessa frv. virðast gera sér vonir um.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 10 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 910).

73. Alþýðutryggingar.

Á 53. fundi í Nd., 21. okt. var útbýtt:
Frv. til l. um alþýðutryggingar (þmfrv., A. 405).

Á 57. fundi í Nd., 25. okt., var frv. tekið til 1. umr.

Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 17 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

Flm. (Jónas Guðmundsson) [óyfirl.]: Það má hafa líkan formála fyrir þessu frv. og hafður var fyrir frv. að framfærslulögum, sem var á dagskrá hér í hv. d. í gær. Þetta frv. er samið af þeirri sömu n., sem hæstv. atvmrh. skipaði um síðastl. áramót til að gera heildartill. um tryggínga- og framfærslumál. Við undirbúning þessara mála stafa miklir örðugleikar af því, hve erfitt er að fá glöggar skýrslur um málefnin, vegna þess hve seint þær koma og upplýsingar liggja seint fyrir. Eins er hitt, að á reynslu annara þjóða er erfitt að byggja, því hér er allt á annan veg heldur en hjá nágrannaþjóðum vorum. Það má segja, að hér á landi sé ekki til nema ein trygging í lögum, og það er slysatrygging. Löggjöf þessi er bæði ung og ófullkomin, en það hefir þó sýnt sig, að hennar var sízt vanþörf, og hún hefir þegar gert mikið til að létta fyrir með þeim mönnum, sem fyrir slysum hafa orðið.

Frv. þetta, sem vér leggjum hér fyrir hið háa Alþingi, er í 7 köflum, eins og hv. þdm. sjálfsagt eru búnir að athuga.

Um 1. kaflann hefi ég fátt að segja, því í raun og veru eru flest þau ákvæði til viðsvegar í lögum áður, svo sem í Slysatryggingarlögum og víðar, og hafa þau ákvæði verið látin halda sér og ekki gert ráð fyrir auknum kostnaði. — 2. kaflinn er um slysatryggingarnar, og um hann er líka hægt að vera fáorður. Það hafa ekki verið gerðar aðrar breyt. á þeim lögum en þær, sem nauðsynlegar eru til samræmis og hljóta að leiða af því, ef frv. þetta kemst í gildi, og einstök atriði, sem tekin hafa verið upp í frv. samkvæmt óskum stjórnar Slysatryggingarinnar, og eru þau flest til þess að skýra og fylla betur út í hugtök þau, sem í lögunum felast.

3. kaflinn er um sjúkratryggingar, og er það nýr kafli. Má í stuttu máli segja, að sjúkratryggingarnar sé ætlazt til, að verði tvennskonar. Frv. gerir ráð fyrir, að í kaupstöðum séu stofnuð sjúkrasamlög, sem öllum sé skylt að tryggja sig hjá, að undanteknum þeim, sem dvelja í sjúkrahúsum vegna langvarandi veikinda. En í sveitum og kauptúnum er gert ráð fyrir heimild til að stofna sjúkrasamlög með því að atkvgr. sé látin fara fram um það í hlutaðeigandi sveitarfélagi, og fari svo, að meiri hl. sé því samþykkur, að sjúkrasamlag sé stofnað, þá eru allir hreppsbúar tryggingarskyldir. Eins og frá frv. er gengið, eru það aðeins kaupstaðirnir, sem hafa skyldu til að mynda sjúkrasamlög, en kauptúnum og hreppum er sett það í sjálfsvald, hvort þessi trygging sé tekin upp eða haldið í sama horfi og nú er.

Í 29. gr. er það skýrt tekið fram, hverra réttinda félagsmenn njóti, og er það mjög svipað því, sem áður hefir verið í sjúkrasamlögum, eða m. ö. o. læknishjálp og lyf, að fullu í sjúkrahúsum, en að ¾ utan sjúkrahúss, ókeypis vist í sjúkrahúsi og dagpeningar.

Iðgjöld eru ekki ákveðin í frv., heldur er gert ráð fyrir, að þau verði ákveðin með reglugerð, og svo mun nú vera gert þar, sem sjúkrasamlög starfa. Hinsvegar hefir n., sem samdi frv., gert ráð fyrir, að ekki dygði lægra iðgjald en 3 kr. á mánði, eða 36 krónur á ári. Þetta er ekki hægt að kalla hátt gjald, og hér í Reykjavík hafa iðgjöld orðið allmiklu hærri en það. Ef gert væri ráð fyrir þessu iðgjaldi, þá yrði tillag hlutaðeigandi bæjarfélags — ¼ af iðgjaldinu — 9 kr. á móti framlagi frá hverjum einstaklingi, og frá ríkissjóði kæmi sama framlag.

Sé þetta athugað í stærri dráttum og tekinn til dæmis bær, sem hefði 1000 íbúa, þá má reikna með, að þar væru um 600 menn, sem ættu að greiða iðgjald, og greiðslur þeirra yrðu þá samtals 21600 kr., sá hluti sem bæjarfélagið ætti að greiða, yrði þá 5400 kr., og framlag ríkissjóðs það sama, eða allt samtals 32400 kr. Ef litið er til Reykjavíkur, sem er langstærsti kaupstaðurinn hér á landi, þá mundi þetta verða nálægt því, að bærinn þyrfti að leggja fram 162 þús. kr. á ári; en á reikningum bæjarins eru nú færðar 174500 kr. árlega í þessu sama skyni, en hér ber að athuga, að berklavarnagjöldin lenda að mestu á sjúkrafélögunum, því sjúkrasamlögin greiða ⅓ kostnaðar við legu manna, og ef þessa er gætt, þá virðist þetta sú fyllsta greiðsla, sem þyrfti að verða. Vitanlega er hverju bæjarfélagi frjálst, hvort það hefir iðgjöldin hærri eða lægri en hér er áætlað, en ef þau eru höfð lægri, þá er hætt við, að því meira þurfi að greiða úr bæjarsjóði vegna veikinda.

Þetta vil ég láta nægja um sjúkratryggingarnar. Eins og ég tók fram í upphafi, er ætlazt til, að í kaupstöðunum séu þær skylda, en sveitir og kauptún hafi frjálst val, hvort þau taki þær upp eða ekki.

4. kaflinn er um elli- og örorkutryggingar. Eins og allir vita, hafa hér á Norðurlöndum tvær leiðir verið farnar í þeim efnum. Önnur leiðin er sú, sem Danir fara, að skaffa ríki og bæjum ákveðinn tekjustofn og láta þá aðila síðan greiða ellilaun til þeirra manna, sem komnir eru yfir ákveðinn aldur. Hin leiðin er farin í Svíþjóð, og er hún sú, að innleiða skyldutryggingar, og sú leiðin er hér valin í frv. því, sem fyrir liggur. Gert er ráð fyrir, að hver maður á aldrinum 16—67 ára, sem ekki greiðir í lífeyrissjóð embættismanna, greiði ákveðið árlegt iðgjald í lífeyrissjóð; iðgjaldið sé 7 kr. fyrir hvern mann, sem er búsettur í kaupstað, en 6 krónur fyrir hvern, sem í sveit á heima. Auk þessa iðgjalds skal hver tryggingarskyldur maður greiða í þennan lífeyrissjóð 1% af árstekjum sínum, þeim sem skattskyldar eru, og kemur á þann hátt mjög mikil upphæð til aukningar sjóðnum. Með þessu er að því stefnt, að bæjar- og sveitarfélög hætti að greiða styrki,

en landsfélagið sjálft verði þess umkomið að annast þessi mál.

Galli er það á tryggingu þessari eins og hún er hér framsett, að hún kemur seint til framkvæmda. Hún verður ekki komin í fullan gang fyrr en eftir 51 ár, þ. e. þegar þeir, sem eru 16 ára þegar lögin ganga í gildi, eru búnir að ná 67 ára aldri. En til þess að bæta nokkuð úr því, hve langur tími verður að líða unz ákvæði þessa frv. geta komið að fullum notum, þá eru hér í 6. kafla sett ákvæði um ellilaun og örorkubætur, og mun ég minnast á þau síðar og gera ýtarlegri grein fyrir þeim.

Hér er gert ráð fyrir, að elli- og örorkulífeyrir þeirra, sem hans njóta, verði misjafnlega hár, eftir því hvar mennirnir eru og hafa verið búsettir. Er þetta bæði vegna þess, að iðgjöldin eru mishá, en þó einkum vegna hins, hve misjöfn verður sú upphæð, sem greiðist með hundraðshluta skattskyldra tekna, eftir því hvar maðurinn er búsettur. Tekjurnar eru langhæstar hér í Reykjavík, og kemur því þessi greiðsla langmest til greina hér, og þess vegna réttmætt og eðlilegt, að það komi þeim til góða, sem hér eiga heima.

Að lokum vil ég taka það fram, að hér er ekki verið að ræða um ellistyrk, heldur ellitryggingar, svipaðar þeim, sem eru í Svíþjóð. Það er líka rétt að taka það nú fram, að ef strax hefði átt að taka upp fulla lífeyrisgreiðslu samkv. frumv. og ef miðað er við fjölda gamalmenna við manntal 1930 — en þá voru alls á landinu 6800 menn yfir 67 ára aldur —, þá hefði til þess þurft um 3 millj. kr., og ég býst við, að allir séu sammála um, að ekki hefði verið unnt að ná í þann gjaldstofn, sem hefði gert það kleift.

5. kaflinn er um atvinnuleysistryggingu, og má um hann segja, að hann sé miklu fremur vísir til atvinnutrygginga heldur en raunveruleg tryggingarlöggjöf. Það hefir sýnt sig af reynslunni, að það er öllum þjóðum ofviða að halda uppi atvinnuleysistryggingum. Þær hafa víða orðið allfullkomnar, eins og t. d. í Þýzkalandi, en geta alls ekki komið í staðinn fyrir það, að fólk hafi vinnu, sízt á þeim tímum, sem nú eru yfirstandandi, og því er þessi tryggingarvísir langt frá því að vera þannig, að ætla megi, að honum verði fært að taka við öllum þeim atvinnuleysingjum, sem einstaklingsframtakið getur ekki séð fyrir atvinnu. Hitt verður að vera aðalatriðið, að auka atvinnubætur svo sem hægt er við að koma og skaffa fleiri mönnum atvinnu hjá því opinbera eða einstaklingum, og minnka atvinnuleysið á þann hátt. Aðalefni þessa frv. er, að félögum verkafólks er heimilað að stofna atvinnuleysissjóði, sem njóta styrks frá ríki, sem nemur 50% á móti framlagi félaganna, og frá bæjarfélögum með 25—50%. Hins ber að gæta, að þetta frv. nær aðeins til kaupstaðanna, en ekki til sveita.

Þá er ég kominn að 6. kafla frv., og er það sá kafli, sem ég geri ráð fyrir, að flestir hafi mestan áhuga fyrir að kynna sér, því hann kemur strax í framkvæmd, og honum er ætlað að brúa bilið á milli þess, sem nú er, og þess, sem á að verða, eins og ég sagði áðan. Er gert ráð fyrir, að þau ákvæði verði til hjálpar þangað til lífeyrissjóður getur tekið svo til starfa, að hann greiði 50% af fullum lífeyri.

Frá þessu fyrirkomulagi skal ég nú segja í fáum dráttum. Hver sveitarstjórn leitar árlega upplýsinga um gamalmenni í sínu umdæmi, og þegar henni hafa borizt þær ásamt umsóknum um ellilaun, þá tekur hún umsóknirnar til athugunar og tekur þá frá, sem eiga venzlamenn, sem annast þá, eða á annan hátt álítast að vera sjálfir færir um að sjá sér farborða. Hinir, sem þá verða eftir, koma svo til greina við úthlutun ellilaunanna, og ber framfærslunefnd þá að áætla og ákveða, hve mikið þeir þurfi til að lifa, án þess að þeir einnig þurfi að njóta framfærslustyrks, en eins og allir vita, getur þetta verið mjög misjafnt, því gamalmenni þurfa misjafnlega mikið, og fer það eftir ýmsum aðstæðum.

Þegar þannig er búið að áætla hverju gamalmenni ellilaun, þá er vöxtum ellistyrktarsjóðanna skipt niður í réttu hlutfalli við úthlutunina, þannig að hvert gamalmenni fái hlut sinn hlutfallslega réttan. Þá upphæð, sem á vantar, greiðir svo lífeyrissjóður að hálfu. Þó er tillag lífeyrissjóðs bundið ákveðnu hámarki. Í 77. gr. er sagt: „Tryggingarstofnun ríkisins leggur til grundvallar síðustu skýrslur um tölu gamalmenna, yfir 67 ára, á öllu landinu. Árstillag lífeyrissjóðs fæst þá með því að margfalda tölu gamalmennanna með kr. 52.50, að frádreginni þeirri upphæð, sem úthlutað hefir verið á því ári af vöxtum ellistyrktarsjóðanna. Gildir regla þessi þangað til lífeyrissjóður Íslands byrjar að greiða elli- og örorkulífeyri, sbr. 87. gr. Eftir þann tíma dregst auk þess, sem að framan getur, frá árstillagi lífeyrissjóðs helmingur af öllum lífeyrisgreiðslum á árinu". Ég get nú ímyndað mér, að þetta komi einhverjum spánskt fyrir, og skal því útskýra, hvernig þetta er hugsað. Þegar ellitryggingin er tekin til starfa og komin í fullan gang, verða meðalellilaun 420 kr. á hvert gamalmenni. Nú er til bráðabirgða ekki gert ráð fyrir, að hægt verði að greiða nema hálf ellilaun, eða 210 kr. Helmingur af því yrðu þá 105 kr., ef öllum gamalmennum væru greidd ellilaun. En nú er ennfremur búizt við því, að annaðhvert gamalmenni geti séð fyrir sér sjálft eða eigi þá venzlamenn, sem geti annazt framfærslu þeirra. Við þurfum því ekki að svo stöddu að reikna með hærri útgjöldum fyrir lífeyrissjóð en helmingnum af 105 kr., eða 52,50 kr. Eftir manntalinu 1930 voru um 6800 gamalmenni á öllu landinu. Það margfaldað með kr. 52.50 gerir 357 þús. kr., sem lífeyrissjóði ber að greiða, en frá því má draga vexti af ellistyrktarsjóðnum, um 80 þús. kr., og verða það því 277 þús., sem lífeyrissjóðurinn mundi greiða. Sama upphæð mætti óefað gera ráð fyrir, að kæmi frá bæjar- og sveitarfélögum, þar sem mikill hluti ómaga er nú gamalmenni. Væri þetta ólíkt heppilegra fyrir gamalmennin, að hafa þannig fastákveðinn styrk, en eiga alltaf undir sveitarstjórnirnar að sækja, hve hár styrkurinn er í hvert sinn. Mundi þetta styðja mjög að því, að upp kæmu gamalmennahæli, þar sem fólk keypti vist fyrir sig eða sína. En nú hefir

alþýðufólk ekki aðstöðu til að skapa sér slíka vist, vegna þess að hún hefir verið of dýr. En þegar þetta væri komið á, mundi fjöldi fólks sækja vist á gamalmennaheimilin og kostnaður jafnhliða færast niður, og gera því fleiri kleift að standast hann. Að þessu ber að stefna.

Um niðurlag frv. hefi ég ekki sérstaka ástæðu til að segja mikið. Þar er það einkum 83. gr., sem leggur kvaðir á ýmsa aðila, bæði um innheimtu og greiðsluskyldu iðgjalda. Þetta er eðlilegt, bæði til að tryggja greiðslu iðgjalda og minnka kostnaðinn.

Ég vil svo að lokum segja, að þessi frv., sem hér liggja fyrir, eru til orðin, eins og allir vita, á þann hátt, að Alþfl. hefir barizt fyrir þeim á undanförnum árum, og með samkomulaginu við Framsfl. tryggt, að þau gangi fram. En það má öllum vera ljóst, að þessi frv. eru ekki eins fullkomin og Alþfl. hefði óskað. Er það af tveimur ástæðum. Í fyrsta lagi vegna þess, að fjárhagur ríkissjóðs og þjóðarinnar er nú þannig, að ekki er hægt að svo stöddu að leggja fram mikið fé. Og í öðru lagi vegna þess, að við ráðum ekki einir, heldur verðum að njóta þeirra að, sem með okkur standa að stj. landsins, og er því svo frá frv. gengið, að ætlazt er til, að það gangi fram lítið breytt. Er með frv. þessu verið að leggja grundvöllinn að einum mikilsverðasta þætti í löggjafarstarfi þjóðarinnar.

Fjmrh. (Eysteinn Jónsson): [óyfirl.]: Ég skal ekki verða langorður um málið á þessu stigi. Það eru aðeins eitt eða tvö atriði, sem ég vildi vekja athygli á, áður en málið fer til n. Ég minntist á það í gær í sambandi við frv. til framfærslulaga, að æskilegt væri, að þau l., sem gera ráð fyrir stórum útgjöldum fyrir ríkissjóð, kvæðu á um, hve mikilla útgjalda væri að vænta. Og nú, þegar þetta frv., sem er mikill lagabálkur og gerir ráð fyrir allmiklu framlagi frá ríkissjóði, er til umr., vildi ég beina því til hv. þm. að hafa það sjónarmið, að haga því svo til, að hægt sé að sjá, hver útgjöld ríkissjóðs verða. Ellistyrktarsjóðirnir ættu sennilega að bera sig sjálfir eftir nokkur ár. En til sjúkratryggingaanna er ekki sjáanlegt, hver útgjöld ríkissjóðs muni verða. Ég vildi því beina því til n. að setja inn í frv. ákvæði um hámark þeirra iðgjalda, sem ríkissjóður þyrfti að leggja á móti. Mætti þá reikna út eftir mannfjölda, hverra útgjalda væri að vænta. Að það væri t. d. ákveðin krónutala á mann, en ef menn vildu kaupa hærri tryggingu, yrðu þeir að greiða af henni sjálfir. Það er svo um þetta frv. um alþýðutryggingar, sem er mikill bálkur, að í því eru mörg nýmæli, og skiljanlega ekki að fullu samið um einstök atriði þess milli stj.flokkanna. Ég vil þó minnast á eitt atriði, ákvæðin um ellitryggingu og ellilaun. Eins og hv. frsm. skýrði glögglega, eru þær tryggingar í þremur flokkum: kaupstaðir, kauptún og sveitir. Hjá hverjum þessum flokki er svo tekjunum skipt milli þeirra gamalmenna, sem þar hafa verið búsettir. Eftir þessu verður mikill munur á ellistyrknum, eftir því hvort styrkþegi er í kaupstað eða sveit. Þar sem gert er ráð fyrir að afla tekna með 1% gjaldi af tekjuskatti, verða þær langmestar í Reykjavík. En ég vil taka það fram ,að ég álít ekki rétt að haga þessu svona. Ég tel, að of mikill munur sé hér á Reykjavík og úti um land.

Það er ekki réttlátt, að gamalmenni hér njóti að öllu leyti þeirra tekna, sem hér fást á þennan hátt, því hér starfa margir menn, sem vinna fyrir alla þjóðina. Ef einhver munur er gerður, verður að miða við framfærslukostnað.

Atvmrh. (Haraldur Guðmundsson) [óyfirl.]: Mér þykir rétt að benda á það strax við þessa umr., þar sem frv. er samið og flutt hér að minni tilhlutun, að ef frv. til framfærslulaga verður samþ., þá er óhjákvæmilegt að afgr. einnig l. um alþýðutryggingar. Það er án efa svo, að eftir því frv. kemur meiri fátækraframfærsla á kaupstaðina en nú, þó illa hafi gengið að innheimta kröfur á önnur sveitarfélög. Ef það verður samþ., að hver eigi framfærslusveit þar, sem hann dvelur, verður alveg óhjákvæmilegt, að setja l. um almennar tryggingar.

Um frv. í heild get ég látið nægja að vísa til ummæla hv frsm., en aðeins taka fram, að ég álít, að frv. þurfi bæði að fylgjast að.

Ég vil svo bæta því við, að því er þetta frv. snertir, að það er annað að beygja sig fyrir fjárhagsörðugleikum yfirstandandi tíma, svo að frv. fáist fram á þingi, og að fá fullkomna lausn á málinu. Þannig ber að líta á frv., en ekki neina yfirlýsingu frá Alþfl. um, að hann sé ánægður með það. Vona ég, að hv. d. viðurkenni, að við séum komnir á það menningarstig, að óhjákvæmilegt sé að ganga inn á þessa braut, því óviðunandi sé að hafa hér fátækrastyrkinn einan.

Viðvíkjandi aths. hæstv. fjmrh. tel ég sjálfsagt, að n. íhugi, hvort hægt sé að ákveða, hve mikið ríkissjóður skuli greiða. Um hitt atriðið, að hafa ellistyrkinn misjafnan í sveitum og kaupstöðum, má vitanlega deila. Framlagið af tekjuskattinum telur hæstv. fjmrh. eðlilegt, að falli til skipta almennt, en tilfalli ekki einstökum héruðum. Um þetta má einnig deila.

Ég sé svo ekki ástæðu, eftir ýtarlega framsögu, að hafa um þetta fleiri orð, en vil mælast til, að hv. allshn., sem mun fá frv. í hendur, hraði sem mest afgreiðslu þess. Þeir menn, sem undirbjuggu frv., eru reiðubúnir að gefa upplýsingar, og einnig er ég reiðubúinn til viðtals.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 20 shlj. atkv. og til allshn. með 20 shlj. atkv.

Á 90. fundi í Nd., 4. des., var frv. tekið til 2. umr. (A. 405, n. 667 og 688, 676).

Frsm. minni hl. (Héðinn Valdimarsson [óyfirl.]: Allshn. hefir athugað frv. til laga um alþýðutryggingar nokkuð vandlega og ekki getað orðið á eitt sátt um afgreiðslu þess. Meiri hl. n., hv. þm. Barð. og Alþýðuflokksmennirnir, sem þar eiga sæti, hafa samkv. samkomulagi, sem lýst hefir verið milli stjórnarfl., orðið ásáttir að leggja til, að málið verði afgr. á þessu

þingi með þeim breyt., sem við höfum komið okkur saman um, og kunna fleiri að koma, þó að þær séu ekki ennþá frambornar. Við 1. umr. málsins var farið svo nákvæmlega út í grg. frv., að ég sé ekki ástæðu til að hafa þar um fleiri orð.

Það kom ekki greinilega fram í n., á hvaða sviði minni hl. er á móti frv., nema helzt hvað snertir atvinnuleysistryggingarnar, sem hann taldi sig mótfallinn. Og eftir álitinu, sem fram er komið, sést, að hann vill ekki láta sjúkratryggingarnar ganga fram fyrr en fé er veitt til þeirra í fjárl. Ég mun ræða um þetta nánar þegar hv. frsm. minni hl. hefir talað fyrir sínu máli.

En viðvíkjandi brtt. frá meiri hl. n. vil ég gefa þessar skýringar, sem hér koma á eftir:

Viðvíkjandi stjórn stofnunarinnar höfum við komið með tvær lítilsháttar brtt. Önnur er sú, að við stofnunina sé fastráðinn tryggingafræðingur, ef deildarstjóri eða forstjóri eru það ekki, til þess sérstaklega að annast ellitryggingarnar, því að útreikningarnir eru erfiðir í sambandi við þær. Hin brtt. er, að skipað sé þriggja manna tryggingaráð, og að í því sé einn tryggingafræðingur eða hagfræðingur. Það eru svo fáir tryggingafræðingar, að ekki er víst, að hægt verði að fá neinn slíkan mann. Það kann að vera, að við nánari athugun þurfi þetta tryggingaráð að vera fjölmennara.

Þá eru brtt. við 2. kafla frv., slysatryggingarnar. Þriðja brtt. er lítilvæg. Eins er 4. brtt. Þær eru í raun og veru orðabreyt., nokkru nánari skýring á því, sem frv. segir til um, án þess að um nokkurn efnismun sé að ræða. En 5. brtt. við 11. gr., er aftur á móti efnisbreyt. þannig löguð að hækka dánarbætur ekkna og barna, sem ekki eru á framfæri eftirlifandi foreldris.

Við nánari athugun á þessari grein kom það í ljós, að slysatryggingarnar mundu minnka a. m. k. um ⅓, en í grg. frv. er þess getið, að það sé alls ekki meining að lækka þær úr því, sem var í fyrri lögum um þetta. Og hurfum við í meiri hl. n. að því að hækka þær, svo að þær yrðu sem næst því, sem þær voru í eldri lögum. Þá er sérstök heimild fyrir tryggingarstofnunina til þess að breyta frá þessum bótum, en n. telur það ekki rétt og leggur til, að það verði fellt niður.

6. brtt. er aðeins orðabreyt. og þarf ekki skýringar við.

7. brtt. er til samræmis, en ekki efnisbreyt., og þess efnis, að eigi hinn tryggði rétt til bóta á hendur sjúkrasamlagi, skuli hann framselja rétt sinn til bóta til slysatryggingar ríkisins. Þetta er til þess að sami maður geti ekki fengið bæturnar margfaldar.

Þá er brtt. við 23. gr. þess efnis, að frá samanlögðum tekjum hjóna, sem ekki eru yfir 4500 kr. eftir að persónufrádráttur hefir átt sér stað, — en hærri mega þær ekki vera til þess að þau njóti þeirra hlunninda, er sjúkrasamlag veitir —, skuli draga frá þann kostnað við aðstoð á heimili, sem beinlínis leiðir af vinnu húsmóður utan heimilis. Það geta ekki talizt nettótekjur konunnar, sem hún fær fyrir vinnu sína utan heimilis, ef hún þarf að kaupa vinnu við heimilisstörfin til þess að geta stundað atvinnu utan heimilis. Er því sanngjarnt að draga frá þann kostnað.

Þá er 9. brtt. aðeins orðabreyt. — 10. brtt., við 29. gr., er viðvíkjandi sjúkrabótum, þar sem sagt er, að gift kona njóti hvorki dagpeninga né fjölskyldudagpeninga, sé maður hennar vinnufær, enda sé meiri hluta teknanna aflað af honum. Þessu er breytt þannig, að niður falli orðin: „hvorki persónudagpeninga né“ og í staðinn komi: ekki.

Við 33. gr. frv. höfum við komið með brtt. Í gr. er ríkissjóði og hlutaðeigandi bæjar- eða sveitarfélagi gert að skyldu að greiða í sjóði sjúkrasamlaga, en okkur í n. þykir réttara, að sett sé hámark fyrir þeirri greiðslu, sem það opinbera á að sjá fyrir, og viljum, að aftan við gr. komi: Þó ekki yfir 9 kr. fyrir hvern tryggðan mann.

Við höfum líka komið fram með aðra viðbót við sömu gr., að sjúkrasamlög skulu tilkynna ráðh. stofnunina fyrir 1. apríl, og öðlast þau þá rétt til framlags frá hinu opinbera frá næstu áramótum á eftir. Þetta er m. a. gert til þess, að hægt sé að haga félögunum eftir því.

Við 38. gr. höfum við komið með smávegis brtt., að útgerðarmaður, sem hefir 6 vikna ábyrgð á sjúklingi samkv. 27. og 28. gr. l. nr. 41 19. júlí 1930, hafi heimild til að semja við sjúkrasamlag um, að það taki að sér þessa áhættu gegn ákveðnu gjaldi. Ég geri ráð fyrir, að það komi kannske fram einhverjar frekari brtt. við þetta atriði, en þær verða þá athugaðar fyrir 3. umr.

Í 39. gr. frv. er mælt svo fyrir, að fastir starfsmenn skuli aldrei missa neins í af launum sínum fyrstu 14 dagana eftir að þeir forfallast frá vinnu. En það eru bæði til í annari löggjöf ákvæði um lengri tíma og í ýmsum starfsgreinum, t. d. við verzlun, orðin venja, að menn fái kaup lengri tíma, ég hygg mánaðartíma. Við viljum því bæta aftan við fyrri málsgr.: samningum eða venjum í þeirri starfsgrein. Því að það er ekki tilgangurinn með þessum lögum að vilja eyðileggja samninga eða venjur, sem fyrir eru og starfsfólki eru hagsamlegri.

Með 43. gr. er ríkisstj. gert heimilt að stofna jöfnunarsjóð sjúkrasamlaga, og á úr honum að greiða styrk til einstakra sjúkrasamlaga, ef eitthvert þeirra verður á flæðiskeri statt, en styrkinn skal endurgreiða að hálfu á næstu 5 árum, með hækkun iðgjalda eða annari tekjuöflun. Tekna í þennan jöfnunarsjóð á að afla með því, að vinnukaupendur greiði allt að einum af hundraði umsaminna vinnulauna, eftir því, sem nánar verður ákveðið í reglugerð. Það er ekki gert ráð fyrir árlegu gjaldi, heldur sé það lagt á í fyrstu, þegar sjóðirnir eru myndaðir, og síðan þegar á þarf að halda. En þar sem sjúkratryggingar eru ekki skyldutryggingar, heldur frjálsar úti um land, þykir ekki rétt að leggja á alla atvinnurekendur, heldur aðeins þar, sem sjúkrasamlög eru, en þó þannig, að þegar sjúkrasamlög eru stofnuð, þá skal leggja á samsvarandi gjald því, sem önnur sjúkrasamlög hafa lagt í sjóðinn á sama tíma, þó aldrei yfir hámarkið, 1½%, í upphafi.

Við 56. gr. gæti komið til athugunar, hvort þau hlutföll, sem áætluð eru í gr. um elli- og örorkutryggingar, séu rétt hlutföll milli Rvíkur og annara staða, eða hvort ekki sé nauðsynleg önnur flokkun, en þetta er ekki svo aðkallandi, því eftir lögunum kemur það ekki til framkvæmda fyrr en eftir nokkurn tíma, svo að ekki er rétt að ákveða þetta að svo stöddu, heldur setja nánari ákvæði síðar, þegar safnað hefir verið skýrslum um það, hvað gjaldið er frá hverjum stað, bæði persónugjaldið og tekjuskattstillagið, og eins, er séð verður, hvernig taka á skýrslur af mönnum, er flytja úr einum stað í annan.

Við 58. gr. höfum við bætt orðunum: „og áþyrgist greiðslu þess til lífeyrissjóðs“ við 1. málsgr., að sveitar- og bæjarstjórnir annist innheimtu þess hluta iðgjaldsins, sem umræðir í 47. gr. 1. tölul.

Í kaflanum um atvinnuleysistryggingar í 63. gr. hefir fallið úr hjá n., er samdi frv., orðið kauptúnanna, en er aðeins getið um kaupstaði, en það sést af grg., að líka er átt við kauptúnin og eins á kostnaðaráætluninni. Við höfum því bætt þessu inn.

Við 69. gr. frv. höfum við gert 18. brtt. okkar í þrem liðum. Í fyrsta lagi þar sem getið er um, að þeir menn njóti ekki atvinnuleysistryggginga, sem þýðst vinna að tilhlutun vinnumiðlunarskrifstofu, þá komi aftan við orðið vinnumiðlun: „eða á annan hátt, svo sannað sé“, — því að vinnumiðlunarskrifstofur starfa að sjálfsögðu ekki alstaðar í landinu.

Önnur brtt. er þar líka, þar sem tekið er fram, að hundraðsgjald og hluti af afla eða annari framleiðslu teljist kaupgjald. Þetta er þó ekki flutt í brtt.-formi, heldur sem skýring.

Þá er bætt við 5. tölul. nýjum tölul. um það, að ekki sé veittur styrkur „til þeirra, er ekki hafa fyrir öðrum að sjá, ef þeim býðst vinna í sveit eða annarsstaðar, gegn greiðslu, er nægi þeim til fulls lífsframfæris þann tíma eða hluta af þeim tíma, er gera má ráð fyrir, að hann verði atvinnulaus“.

20. brtt. er aðeins til skýringar.

21. brtt. er um það, að ef menn, sem eru meðlimir í atvinnuleysissjóði, gefa ávísun fyrir iðgjöldum sínum til sjóðsins, eiga ógreidd vinnulaun sín hjá atvinnurekenda, þá skuli honum skylt að greiða ávísunina, enda hafi honum verið sannanlega tilkynnt um hana í tíma, og getur hann þá dregið hana frá kaupgreiðslunni. Þetta léttir innheimtuna. Sama gildir líka um ávísun fyrir iðgjöldum til sjúkrasamlaga og lífeyrissjóðs Íslands. Þykir n. rétt, að þetta sé látið gilda að svo miklu leyti sem nauðsyn er fyrir hendi.

22. brtt., við 84. gr., er líka í samræmi við frv. að öðru leyti, að kröfur til atvinnuleysisstyrkja komi sem aðrar kröfur.

Þá er loks brtt. við 88. gr. frv. um það, að lögin gangi ekki í gildi fyrr en 1. apríl 1936, í stað 1. jan., og er hún aðallega gerð til þess, að tími vinnist til að undirbúa sjúkratryggingalögin.

Ég vil svo nota tækifærið til að skýra frá 2 brtt., sem við flokksmennirnir höfum borið fram í n. Ég hygg, að hv. þm. Barð. sé líka samþykkur þeim, en ég hefi ekki haft tækifæri til að bera þær undir hann.

Á þskj. 676 er brtt. við 85. gr. um það, að öll iðgjöld, sem falla á eftir þessari gr., komi til frádráttar við ákvörðun skattskyldra tekna samkv. l. um tekjuskatt og eignarskatt, nr. 6 9. jan. 1935. (Ég verð að koma með skriflega till. til viðbótar). Eins og tekju- og eignarskattslögin eru, mundi þetta ekki nema meiru en 2%, en getur orðið hærra eftir nýrri lögunum.

Þá eru brtt. á þskj. 695 við 29. gr. Þar er ætlazt til, að sjúkrasamlagið veiti læknishjálp hjá tryggingalækni aðeins að ¾ hlutum utan sjúkrahúss, sem er nokkurt vafamál, að sé rétt, að minni hyggju. Og eftir skoðun tryggingalæknis, Sigurðar Sigurðssonar, er þetta ekki heppilegt, því að læknar eiga erfitt með að innheimta þennan ¼ hluta. Telur hann, að þeir fái að jafnaði lítið eða ekkert af honum. Því höfum við komið með brtt. um, að sjúkrasamlagi sé heimilt að semja við tryggingalækni um innheimtu þess ¼ hluta læknishjálpar utan sjúkrahúss, sem sjúkrasamlaginu er ekki skylt að greiða tryggingarlækninum. Gæti þá orðið að samkomulagi, ef sjúkrasamlagið tæki innheimtuna að sér, að læknar tækju lægri taxta. En ef ekki næst samkomulag, þá sé samkv. 2. lið brtt. stjórn sjúkrasamlaga heimilt að greiða tryggingarlæknum eftir reglum, sem tryggingarstofnun ríkisins setur.

Þá er síðasta brtt. við 47. gr. Þar er gert ráð fyrir, að utan persónuiðgjalda komi 1% af árstekjum manna, en eftir frv. ætti að koma tvennskonar persónufrádráttur. Og nm. álitu, að með því móti myndi ekki nást nægileg upphæð. En eftir tekjuskýrslum skattstofunnar 1934 mundi mega fá 388 þús. kr., eða 20 þús. kr. meira en n. áætlaði, svo að við álítum nægilegt, eftir því fjárhæðartakmarki, sem n. hugsaði sér, að reikna eftir skattskyldum tekjum, en við það sparast mikil vinna að geta þá notað tekjuskýrslurnar. Þetta ákvæði verður því hyggilegra.

Að öðru leyti vill meiri hl. allshn. mælast til þess, að frv., að þessari umr. lokinni, verði vísað til 3. umr.

Umr. frestað.

Á 91. fundi í Nd., 5. des., var fram haldið 2. umr. um frv. (A. 405, n. 667 og 688, 676, 695).

Frsm. minni hl. (Thor Thors): Eins og nál. okkar sýnir, höfum við sjálfstæðismenn ekki getað orðið samferða hinum nm. í þessu máli og höfum því skilað sérstöku nál., þar sem við berum fram brtt.

Ég vil minna á það, að á haustþinginu 1934 bárum við fram þáltill. um það, að sett yrði sérstök n., með einum manni úr hverjum hinna fjögra þingflokka og einum, sem ráðh. skipaði, til að undirbúa nýja fátækralöggjöf og tryggingalöggjöf. Við vildum sýna með þessu, að við værum reiðubúnir til samvinnu í þessum málum. En sósialistar, með hæstv. atvmrh. í fararbroddi, sváfðu þetta mál, enda má vera, að þeim hafi verið það þyrnir í augum, að n. átti að starfa

ólaunuð. Síðan skipuðu stjórnarflokkarnir launaða n., og er þetta frv. árangurinn af starfi hennar. Auðvitað var stjórnarliðið í meiri hl. í n., og allt hið pólitiska í frv. er frá því runnið. Sjálfstæðismenn áttu einn mann í n., tryggingafræðing, og honum er það að þakka, að með frv. er lagður grundvöllur að heildarlöggjöf um þessi mál.

Skal þá vikið nokkuð að hinum einstöku tegundum trygginga, er frv. fjallar um.

Fyrst koma slysatryggingarnar. Ákvæðin um þær mega heita endurtekningar upp úr núgildandi lögum, en þó eru hér nokkrar breyt., sem við teljum til bóta.

Þá eru sjúkratryggingar. Um þær hefir engin löggjöf verið til áður, nema lög um sjúkrasamlög. Nú er svo ákveðið, að hver maður yfir 16 ára aldur skuli, þar sem sjúkrasamlög verða stofnuð, vera tryggingarskyldur og greiða allhátt árlegt iðgjald, auk þess, sem ríki og bæjar- eða sveitarfélag leggur fram. En stjórnarliðar hafa komið hér inn þeim fleyg, að eigi skuli allir gjaldskyldir menn njóta tryggingarréttinda. Við teljum þetta með öllu rangt og viljum, að þeir einir hafi hér skyldur, sem réttinda njóta. En við teljum hinsvegar rétt, að ríkið greiði ekki hluta af iðgjaldi þeirra, sem hafa yfir 3000 kr. skattskyldar tekjur á ári.

Það gjald, sem sjúkratryggingar leggja einstaklingum á herðar, er allhátt og mun því reynast tilfinnanlegt, ekki síst á þessum tímum. Í kaupstöðum er gert ráð fyrir, að einstaklingur greiði 36 kr., en bær og ríki 18 kr. Við teljum mjög varhugavert að lögbjóða slík útgjöld á þessum tímum, þegar víst er, að þorra almennings verður ákaflega erfitt að inna þau af hendi. Tökum 7 manna fjölskyldu, t. d. miðaldra hjón, sem sjá fyrir öldruðum foreldrum sínum og eiga 3 uppkomin börn. Gjöld þessarar fjölskyldu til sjúkratryggingarinnar verða 7×36 kr., eða 252 kr. En sé þessi fjölskylda í sveitum eða kauptúnum, verða gjöldin 7×20 kr., eða 140 kr. Þetta sýnir, að eins og nú er komið afkomu almennings, er þetta hár skattur. Auðvitað á þessi skattur að létta af byrðum, er til veikinda kemur. En sem betur fer steðja ekki veikindi að öllum, og mörgum er óljúft að gera á þennan hátt ráð fyrir sjúkdómum og greiða fyrirfram slíka fjárhæð til þeirra. Við teljum því heppilegra til vinsælda, að slík löggjöf sem þessi kæmi fram á betri tímum en nú eru.

Auk þess má á það líta, að vafalaust verður erfitt fyrir ríki og bæjarfélög að leggja sinn hlut fram eins og nú árar. Við teljum því knýjandi ástæður til að fresta framkvæmd þessara ákvæða frv., en viljum hinsvegar láta Alþingi ráða því, hvenær þau komi til framkvæmda, og leggjum því til, að þessar tryggingar komi ekki til framkvæmda fyrr en fé er veitt til þeirra í fjárl.

Þá eru elli- og örorkutryggingarnar. Við föllumst á, að þær tryggingar komi þegar til framkvæmda, enda er hér um miklu minni iðgjöld að ræða og mjög áríðandi, að lífeyrissjóður geti tekið strax til starfa. Eftir áratugi getur sjóður þessi numið tugum milljóna, og getur slíkur sjóður verið ómetanlegur fyrir svo fátækt þjóðfélag sem vort. Úr honum ætti, er stundir líða, að vera hægt að fá lán til ýmiskonar nytsamra fyrirtækja, sem annars væri ekki hægt að setja af stað, nema með erlendu lánsfé, sem jafnan er varhugavert. Við nm. höfum orðið sammála um það, að gera ekki svo mikinn mun á lífeyrisgjaldi, eftir því hvar menn eru búsettir, og frv. vill láta gera.

Þá kemur sá kaflinn, sem mestum deilum hefir valdið í málinu, kaflinn um atvinnuleysistryggingar. Samkv. honum eiga verkalýðsfélög, sem myndað hafa atvinnuleysissjóði, rétt á allt að 100% styrk úr ríkis- og bæjarsjóðum gegn framlagi meðlimanna. En jafnframt er svo um hnútana búið, að aðeins eitt verkalýðsfélag á hverjum stað skal njóta þeirra. Þetta er sama ákvæðið og komið hefir verið inn í lögin um byggingarsjóði verkamanna, og tilgangurinn með því er sá einn, að þau félög, þar sem sósialistar eru ekki einráðir, skuli ekki geta notið þessara hlunninda frá því opinbera.

Við sjálfstæðismenn leggjum á móti atvinnuleysistryggingunum. Í landi, þar sem svo mikil árstíðavinna er sem hér, hlýtur atvinnuleysi enn sem komið er jafnan að vera á vissum tímum árs. Ef til vill breytist þetta með vaxandi iðnaði, en meðan landbúnaður og sjávarútvegur eru aðalatvinnuvegirnir verður að reikna með slíku atvinnuleysi.

Auk þess teljum við, að ríki og bæjarsjóðir megi ekki við því að leggja fram 150 þús. kr. til atvinnuleysis á þessum tímum. Ef þessar 150 þús. kr. eru til, hversu miklu skynsamlegra er þá ekki að verja þeim til aukinnar atvinnu í landinu. Ég hygg, að allir hljóti þó að fallast á það, burtséð frá öllum flokkshagsmunum, að atvinna sé betri heldur en atvinnuleysi.

Í þriðja lagi teljum við, að það sé beinlínis ranglátt eins og frv. ætlast til skv. beinum orðum þess — þó nú eigi að breyta þeim —, að aðeins séu styrktir atvinnuleysingjar í kaupstöðum, en fólkið í kauptúnunum, sem á við mikið atvinnuleysi og hin bágustu kjör að búa, hljóti enga slíka hjálp. Andstæðingar okkar í n. leggja nú til, að þessar tryggingar skuli einnig ná til kauptúnanna, en það er ekki tilgangur frv., því það kemur hvergi fram í orðum þess, og meira að segja í grg. frv. aðeins talað um framlög ríkis- og bæjarsjóða, en bæjarsjóðir eru vitanlega ekki aðrir sjóðir en sjóðir kaupstaða. Það er vitanlegt, að hlutskipti nær allra bænda og alls búaliðs nú á tímum er aðeins hið harðasta strit, en lítill sem enginn afrakstur. Og það er vitað, að sú hjálp, sem bændum var veitt fyrir nokkrum árum, kreppuhjálpin, hefir ekki megnað að koma þeim að neinu verulegu leyti yfir erfiðleikana. Nú er komið að skuldadögunum, og allur þorri bænda sér ekki fram úr því, hvernig hann á að inna af hendi afborganir og vexti af þessum lánum.

Í fjórða lagi teljum við, að þetta frv., sem felur það í sér að styrkja atvinnuleysingja í kaupstöðum, sé enn eitt nýtt og öflugt spor í áttina til þess að raska alveg atvinnulífi þjóðarinnar, með því móti að ginna til kaupstaðanna ennþá fleira fólk úr sveitum landsins, en það sem forsjárlaust og fyrirhyggjulaust hef-

ir flutzt á undanförnum árum hingað á mölina. Og ég fæ ekki skilið, hvernig þeir menn, sem hafa það að vígorði, að þungamiðja þjóðlífsins eigi að vera í sveitum landsins, geta beitt slíkum ginningum til þess að draga fólkið úr sveitunum til kaupstaðanna, enda hygg ég, að þeir hljóti litlar þakkir hjá umbjóðendum sínum í bændastétt fyrir agnið. Hitt er vitanlegt, að sósialistum er þetta mikið áhugamál, og það fyrst og fremst af flokkslegum ástæðum. Þeir hafa mikið á undanförnum árum talað um atvinnuleysistryggingar og önnur friðindi, sem þeir ætluðu að veita verkalýðnum í kaupstöðunum, ef þeir kæmust til valda, og nú er komið að því, að þeir þurfa að standa við loforð sín. Og þetta skipulag er sósialistum býsna hagkvæmt, því eins og ég gat um áðan, þá eiga stjórnir verklýðsfélaganna á hverjum stað að ráða því, á hvern hátt þessu atvinnuleysisfé er úthlutað, og þarf enginn að efast um það, að þessi hlunnindi verði fyrst og fremst hlutskipti hinna útvöldu.

Ég hygg, að þetta, sem ég hefi nú bent á, nægi í þili til þess að sýna fram á, að þessar atvinnuleysistryggingar eru, eins og nú hagar til í þjóðfélaginu, býsna viðsjárverðar. Það er svo margt, sem er miklu meira aðkallandi og meiri nauðsyn að leggja fram fé til heldur en til atvinnuleysis í kaupstöðunum. En að öðru leyti erum við fylgjandi þessu frv., en berum fram nokkrar brtt. við það, og ætla ég þá að víkja nokkrum orðum að þeim.

Fyrsta brtt. er við 1. gr., um það, að atvinnuleysistryggingarnar falli niður, og er það í samræmi við það, sem ég hefi áður sagt.

2. brtt. er við 3. gr. og er aðeins orðalagsbreyt., þannig að gr. er færð til betra máls, að því er okkur þykir.

Þá er 3. brtt. við 6. gr., þess efnis, að laun tryggingarráðs skuli ákveðin í launalögum, eins og laun forstjóra tryggingarstofnunarinnar og annara fastra starfsmanna. Andstæðingar okkar í n. vildu, að ráðh. ákvæði þessi laun, en við teljum, að það sé eðlilegast, að allir starfsmenn þessa fyrirtækis hljóti laun skv. ákvæðum launalaganna.

4. brtt. er við 7. gr., og er hún shlj. brtt., sem hv. andstæðingar okkar í n. bera nú fram og er á þá leið, að það sé ekki beint skilyrði, að einn maður í tryggingarráðinu skuli vera tryggingarfræðingur, þar sem það er vafasamt, að á öllum tímum sé völ á slíkum manni, heldur skuli hagfræðingur vera jafngjaldgengur.

5. brtt. er við 22. gr. og er þess efnis, að aðeins þeir, sem á síðastl. ári höfðu ekki hærri árstekjur heldur en 4500 kr., eftir að persónufrádráttur hefir átt sér stað, skuli skyldugir til þess að vera í samlaginu. Og síðan skv. 6. brtt. okkar við 22. gr. eiga allir meðlimir sjúkrasamlagsins rétt á þeim hlunnindum, sem samlagið veitir.

7. brtt., við 33. gr., er þess efnis, að hið opinbera greiði hluta af iðgjöldum aðeins hinna lægst launuðu, þ. e. a. s. allra þeirra, sem hafa ekki hærri en 3 þús. kr. skattsk. tekjur árlega.

8. brtt. er um það, að allur kaflinn um atvinnuleysistryggingarnar falli niður.

9. brtt. er við 87. gr. og er aðeins til samræmingar við 10. brtt., um gildistöku og framkvæmd l. En 10. gr. felur það í sér, að l. skuli öðlast gildi 1. apríl 1936, en ákvæði III. kaflans um sjúkratryggingar komi ekki til framkvæmda fyrr en fé er til þeirra í fjárl. Og b-liður 10. gr. felur það þá í sér, að núgildandi l. um sjúkrasamlög verði í gildi unz hið nýja sjúkrasamlag taki til starfa.

Um þær brtt., sem hv. andstæðingar okkar bera fram, get ég verið fáorður. Þær eru allflestir ávöxtur af sameiginlegu starfi n., og við í minni hl. erum sammála þeim nær öllum. Mikið af þeim eru orðabreyt. eða til skýringa og valda ekki ágreiningi.

Um þær brtt. hv. andstæðinga, sem eiga við atvinnuleysistryggingarnar, vil ég segja það, að ef það er ætlun stjórnarliðsins, að þær gangi fram, þá erum við í minni hl. sammála því, að þær nái ekki eingöngu til kaupstaðanna og getum því fallizt á þá brtt., að menn í kauptúnum geti einnig öðlazt þau hlunnindi, sem frv. gerir ráð fyrir.

Hið sama get ég sagt um þær brtt., sem þm. Alþfl. bera fram á þskj. 676 og 695, að við erum þeim yfirleitt sammála.

Ég þarf svo ekki að fjölyrða frekar um þetta að sinni, en geri ráð fyrir að eiga þess kost að tala aftur í þessu máli, eftir að hv. andstæðingur minn, frsm. meiri hl., hefir svarað minni ræðu.

Frsm. meiri hl. (Héðinn Valdimarsson) [óyfirl.]: Blöð íhaldsins hafa talað mikið um það að undanförnu, að hv. þm. Snæf., sem hér hefir talað af hálfu minni hl., sé einhver sérstakur sérfræðingur í tryggingarmálum og láti sér mjög annt um að koma almennum tryggingum á. Nú hafa hv. dm. átt þess kost að heyra, hvernig sá áhugi er, og mun ég fara nokkrum orðum um það á eftir.

Hv. þm. Snæf. byrjaði ræðu sína með því að vita hæstv. ráðh. fyrir að skipa milliþingan. launaða í staðinn fyrir að hafa hana ólaunaða. Þetta er kannske skiljanlegt eftir hugsunarhætti hv. þm., því hann lítur víst svo á, að það eigi bara að skipa efnaða menn í n., og það getur líka hugsazt, að hann líti svo á, að peningunum fylgi bæði gáfur og þekking. En það er nú ekki alltaf svo, a. m. k. hefir hæstv. ráðh. álitið það heppilegra að velja í n. með tilliti til verksins, sem átti að vinna, en ekki með tilliti til þess, hvort þeir hefðu ráð á því að eyða mörgum mánuðum í þetta verk eða ekki.

Það má nú segja við báða hv. þm. úr minni hl., þegar þeir eru að tala um það, að þeir séu principielt með tryggingum: Sýndu mér trú þína í verkunum. — Þegar kemur að sjúkratryggingum, segja þeir, að það sé náttúrlega fallegt að hjálpa sjúkum, en að við höfum bara ekki ráð á því og þess vegna megi þessi löggjöf ekki koma til framkvæmda fyrr en fé er veitt til hennar í fjárl., og vitanlega ætla þeir sér að vera á móti því, að það sé gert í bráð. En þetta er náttúrlega ekki annað en á fínan hátt, eins og hæfa þykir hv. þm. Snæf., að jarða þennan hluta tryggingarinnar.

Það er alveg rétt, að það er auðvitað pólitískt atriði, hvaða menn eiga að vera í slíkum tryggingum. En það er þó a. m. k. víst, að þar sem hv. þm. Snæf. var að tala um það, að sjúkratryggingin yrði nokkuð dýr, að hún verður ódýrari fyrir þá menn, sem í henni verða, ef allir gjalda til hennar, hvort sem þeir njóta hennar eða ekki, og einnig þeir, sem hafa yfir 4 þús. kr. tekjur. Það er ekki til þess að gera trygginguna ódýrari, heldur til þess að hlífa þeim, sem mestar tekjurnar hafa, sem hv. þm. vill sniða þá tekjuhæstu ofan af.

Það er vitanlegt, að sá kostnaður, sem landsmenn hafa af sjúkdómum, er ákaflega mikill, og það verður ekki komið skipulagi á þá hluti eða fullkomnum lækningum meðal almennings öðruvísi en með því að koma á einhverjum tryggingum, svipuðum og þeim, sem hér er farið fram á, og þá auðvitað með því að lögbjóða þær. Við sjáum það af reynslunni, t. d. í Danmörku, þar sem um langan aldur er búið að reyna frjálsar sjúkratryggingar, og eins og Danir eru þó vel mennt þjóð, að þeir hafa orðið að lögbjóða hjá sér sjúkratryggingar til þess að þær næðu til þeirra, sem verst eru staddir. En það er auðvitað rétt, að meiningin með þessu frv. er sú, að hver einstakur á ekki að borga nákvæmlega það, sem fyrir hann kemur, heldur á þetta að dreifast út yfir allan fjöldann, án þess að vitað sé, á hvern sjúkdómarnir koma, og í öðru lagi það, að þeir, sem mestar hafa tekjurnar, hafa betri aðstöðu til þess að greiða fyrir hina, sem verr eru settir. Það má líka taka það með í reikninginn, að þó maður sé einu sinni vel efnaður, þá getur á skömmum tíma skipazt veður í lofti og hann orðið fátækur.

Mér finnst, alveg í mótsetningu við hv. þm. Snæf., sem telur, að það sé varhugavert að lögbjóða þessar tryggingar á slíkum erfiðleikatímum sem nú eru, að það sé aldrei jafnnauðsynlegt og einmitt þá, þegar alþýða manna lifir í sem mestu öryggisleysi, að reyna á einhvern hátt að skapa betra fyrirkomulag og meira öryggi meðal almennings.

Hv. þm. Snæf. sagðist vilja láta þingið ráða því, hvenær þessi sjúkratryggingarlöggjöf kæmi til framkvæmda. Það viljum við líka; við ætlum að láta þingið ráða því með því að láta löggjöfina ganga í gildi 1. apríl næsta ár. Það þarf ekki aðra fjárl. heimild til þess.

Viðvíkjandi því, sem hv. þm. Snæf. sagði um ellitryggingarnar, þarf ég ekkert að segja, því hann gerði enga aths. við þann kafla né brtt. okkar við hann.

Þá kom hv. þm. Snæf. að atvinnuleysistryggingunum, sem hann tjáði sig vera mótfallinn, og þá fyrst og fremst af því, að það væru verkalýðsfélögin á hverjum stað, sem ættu að ráða því, á hvern hátt atvinnuleysisfénu skuli úthlutað, og gaf það í skyn, að það mundu nú víst fyrst og fremst verða þeir „útvöldu", sem hlunnindanna yrðu aðnjótandi. Í verkalýðsfélögin er öllum heimill aðgangur, sem stunda þá atvinnu, sem sá félagsskapur nær yfir, og menn eru ekki spurðir um það, hvaða stjórnmálaflokki þeir tilheyri. Það eru því auðvitað verkamenn úr öllum stjórnmálaflokkum í þessum félögum. En það getur verið, að hv. þm. Snæf. trúi því, að gert sé upp á milli verkamanna í þessum félögum eftir því, hvað stjórnmálaflokki þeir tilheyra, en ég fullyrði, að slíkt á sér aldrei stað. Ég er a. m. k. viss um, að þau verkalýðsfélög, sem ég þekki, hafa ekki spurt um það, hvaða stjórnmálastefnu menn fylgdu, til að láta fara eftir því, hvort menn fengju atvinnuleysisstyrk eða ekki. Það er vitað, að þar sem verkfallsstjóðir eru hjá félögunum, en ekki opinberir styrkir, þá er þeim úthlutað jafnt milli manna af öllum pólitiskum flokkum.

Þá gat hv. þm. um það, að atvinnuleysisstyrkir væru óeðlilegir vegna þess, að atvinna væri mismunandi eftir árstíðum. En það er í öllum löndum meira eða minna, en þar, sem iðnaður er meiri, þar er ekki eins mismunandi atvinnuleysi eftir árstíðum. En þetta segir bara, að það verður að haga samþykktum atvinnuleysissjóða í samræmi við þetta. Þeir eru ætlaðir til þess, að greitt sé úr þeim í reglulegu atvinnuleysi.

Þá talaði hv. þm. um það, að þetta væri ekki kleift fyrir bæina eða ríkið og væri betra að láta vinna fyrir þessa peninga. Við Alþfl.menn álítum, að ekki sé of mikið unnið í atvinnubótavinnu í landinu og það ætti að gera meira. En allt næst ekki með henni. Og það er vert að athuga, að erlendis, þar sem tekið hefir verið upp hvorttveggja, atvinnuleysissjóðir og vinna, þar er þeim haldið áfram, og þar sem byrjað er á öðru, eins og í Svíþjóð, og menn hafa ekki viljað fara inn á þá braut að mynda atvinnuleysissjóði, þá hafa menn þó seinna farið inn á þá leið. Það er ekkert af nágrannalöndum okkar, sem ekki hefir atvinnuleysissjóði. Með þeim eru verkamenn hvattir til að leggja til hliðar af kaupi sínu og njóta jafnframt styrks ríkissjóðs. Þannig eru þeir örvaðir til að hugsa sjálfir um öryggi sitt. Fé verður líka á sínum tíma meira á þennan hátt en þó að lagt hefði verið fram úr ríkissjóði eða bæjarsjóði og varið til atvinnubóta. Og auk þess, eins og atvinnubótavinnan er framkvæmd, verður allur fjöldi manna, sem ekki nýtur hennar, svo sem iðnstéttirnar, kvenfólk o. fl.

Þá sagði hv. þm., að meiningin hefði verið að láta frv. ekki ná nema til kaupstaðanna. Ég hélt því hinsvegar fram, að það hefði verið prentvilla í frv. Og þegar við töluðum við n., þá tók hún undir þetta, enda er það sjáanlegt af grg., þar sem útreikningurinn er 10 þús. verkamenn skattskyldir, en það svarar til allra bæði í kaupstöðum og kauptúnum. Í kaupstöðunum einum eru ekki nema um 7000 verkamenn. En hvað sem þessu líður, þá erum við sammála um að láta þetta ná til kauptúnanna, svo að ekki þarf frekar um það að ræða.

Þá kom hv. þm. Snæf. fram með það, að ekki væri hægt að veita meiri styrk til alþýðunnar í bæjunum, meðan afkoman væri jafnslæm í sveitunum. Við, sem í stjórnarflokkunum erum, álítum, að þetta hvorttveggja verði að leysast samhliða. Ennfremur má benda á það, að meira hefir verið gert fyrir sveitabændurna, með afurðasölulögunum o. fl. Og ekki er hægt að búast við því, þó stofnaður yrði atvinnuleysis-

sjóður með áætluðu 75 þús. kr. framlagi úr ríkissjóði og annað eins úr hlutaðeigandi bæjarsjóði,að þetta kæmi strax til framkvæmda. Og þó svo væri, get ég ekki séð, að hv. þm. Snæf., sem hefir sjávarþorp í sínu kjördæmi, ætti að sjá eftir þessari upphæð á 14 eða 15 millj. kr. fjárl. En hv. þm. sagði, að það væri margt meira aðkallandi en leggja fé til atvinnuleysingja í kauptúnum. Annars munu flestir stjórnmálamenn, sem nokkra ábyrgðartilfinningu hafa, skoða atvinnuleysið sem eitt af mestu vandræðamálum þjóðanna.

Viðvíkjandi einstökum brtt., vil ég geta þess, að allar brtt. minni hl. eru komnar fram á móti brtt. og skoðunum meiri hl., að undantekinni 2. brtt., sem er meinlaus, en gerir ekkert gagn og breytir ekkert efni.

Af 26. brtt., sem við höfum komið með, hefir minni hl. starfað með okkur að 10, — hinar eru frá meiri hl.

ATKVGR.

Afbrigði um brtt. 697, sem of skammt var liðið frá útbýtingu hennar, leyfð og samþ. með 19 shlj. atkv.

Bergur Jónsson: Það er aðallega þess vegna, að ég tek til máls, þó frsm. meiri hl. hafi reyndar gert fulla grein fyrir frv., að ég vil svara nokkrum orðum hv. þm. Snæf. Hann sagði, að brtt. á þskj. 667 væru tilkomnar fyrir samstarf allshn. allrar. Hv. 2. þm. Reykv. hefir svarað og bent á, að aðeins 10 af þessum brtt. eiga rót sína að rekja til samstarfs í n., hinar eru tilkomnar fyrir samvinnu meiri hl. n. Og ég vil taka það fram, því að hér er um nýmæli að ræða í okkar löggjöf, sem hefir mikla þjóðfélagslega þýðingu, að flestar veigamestu brtt., sem meiri hl. flytur, eru raunverulega runnar frá okkur framsóknarmönnum. Það hefir orðið samkomulag um að bera þær fram og samkomulag um að flytja frv., svo framarlega sem þær gengju fram. Ég ætla því að benda á þær. — Það er fyrst brtt. við 3. kafla frv., 33. gr., þar sem farið er fram á að takmarka greiðsluna í sjóði sjúkrasamlaga við 9 kr. á mann. Þessi brtt. er borin fram af okkur framsóknarmönnum, en gengið inn á hana af samstarfsmönnum mínum í n. úr Alþfl. — Sama er um 14. brtt., við 43. gr., um að takmarka greiðslu til jöfnunarsjóðs við þau bæjarfélög eða hreppa, þar sem sjúkrasamlög eru stofnuð. Hún er komin fram eftir okkar óskum.

Um 15. brtt., við IV. kafla, 56. gr., vil ég taka það fram, að minni hl. álítur, að ekki sé rétt að mismuna mönnum svo um ellitryggingar eins og gert er í frv., en þar er ætlazt til, að greiddar séu í Rvík 1125 kr., en aðeins 450 kr. annarsstaðar á landinu og millivegur í öðrum kaupstöðum. Það er af sömu rótum runnið að halda hér opinni leið, láta bíða til framtíðarinnar að ganga frá þessu. Þá vil ég benda á að komin er frá okkur till. í b-lið 18. brtt., við 69. gr. í V. kafla frv., um, að hundraðsgjald og hluti af afla eða annari framleiðslu teljist kaupgjald. — Þá er önnur brtt. við sömu gr., að þeir, sem hafa fyrir öðrum að sjá, en þýðst vinna í sveit gegn greiðslu, er nægir þeim til fulls lífsframfæris, skuli ekki hafa rétt til atvinnuleysisstyrkja.

Þetta allt eru allverulegar breyt. á l., og er áreiðanlegt, eins og frsm. meiri hl. tók réttilega fram, að meiri hl. af brtt. stafar ekki frá samstarfi n. allrar, heldur eins og ég hefi nefnt frá samstarfi okkar meirihl.mannanna og sameiginlegum athugunum okkar.

Ég vil taka það fram, af því ég er eini framsóknarmaðurinn í allshn., að við göngum að þessu frv. eingöngu með því skilyrði, að fallizt verði á þessar brtt. En svo eru tvær ástæður aðrar, sem ég vil taka fram. Ég tel engan vafa á því, að það er rétta leiðin, sem hér hefir verið farin með þessu frv., og hefði átt að vera tekin upp fyrir löngu, að koma á stofn alþýðutryggingum. Og það hefði verið nauðsyn að sjá betur en hér er gert fyrir þeim mönnum, er sökum sjúkleika, elli eða atvinnuleysis þurfa hjálpar við. En um það þýðir ekki að fást, því að l. verða að ganga í gildi nú þegar. Í öðru lagi er það réttilega tekið fram í nál. minni hl., að mikið fé, sem á þennan hátt losnar í landinu, getur orðið til að skapa starfsmöguleika fyrir atvinnuvegina, sem ekki fengist annars.

Fyrir mitt leyti vil ég taka það fram, að ég vil ekki síður leggja áherzlu á, að annað frv., sem sömu flm. standa að, frv. til framfærslulaga, nái fram að ganga. Það er enn meira atriði í minum augum. Ég tel það svo mikið atriði, að ég býst ekki við að geta fylgt þessu frv. í höfn, nema gengið sé líka að því frv. í aðalatriðum.

Frsm. minni hl. (Thor Thors): Það leit út fyrir, að frsm. meiri hl. hafi orðið allreiður við mína ræðu, eða svo var að heyra af fyrstu orðum hans. Ég vil segja hv. þm., að óþarfi er fyrir hann að vera að auglýsa í deildinni, að gáfur fylgi ekki auðæfum, til þess eru hans auðæfi og hans skapheimska of kunn.

Hv. þm. sagði, að ég viti, að ráðherrar skipi flokksmenn sína í launaðar nefndir. Ég víti ekki það. En ég sagði, að það hafi verið óeðlilegt, að stjórnarflokkarnir vildu ekki þiggja aðstoð Sjálfstfl. 1934. Ef hefði verið samvinna um málið, þegar það var lagt fyrir þingið, þá hefði því orðið fyrr lokið.

Hv. þm. talaði um, að það hefði verið þungur kross fyrir fátæka menn að starfa að þessu kauplaust marga mánuði. Ég hélt nú, að þessir menn væru það kunnugir málunum, að þeir þyrftu ekki marga mánuði til að koma saman frv. En annað mál er það, að ef til vill var þægilegt að fá þarna bitling nokkra mánuði.

Hv. þm. hélt því fram í sambandi við sjúkratryggingarnar, að við í minni hl. n. hefðum verið á móti brtt. um slysabætur. Ég hefi tekið það fram, að við samþykktum nærri allar brtt. meiri hl., og er því óþarfi fyrir hv. þm. að vera að koma með þetta, sem við vitum, að er leiðrétting á frv.

Hv. þm. sagði, að við kæmum í líki hræsnarans, með falleg slagorð um að hjálpa sjúkum, en legðum ekki nein ráð á. Ég held hv. þm. hafi ekki skilið frv., því miður, því að samkv. því eru það fyrst og fremst þeir sjúku, sem eiga

að hjálpa sér sjálfir, þar sem hver maður á að borga í tryggingarsjóðina 36 kr., en það opinbera leggur aðeins fram 18 kr. á móti.

Það er út af fyrir sig virðingarvert, að sósialistar skuli vera horfnir inn á þann grundvöll, að einstaklingurinn standi mest undir tryggingunum. En þetta var ekki svo í frv., sem þeir báru fram, meðan þeir voru í minni hl. og ábyrgðarlausir orða sinna og um afkomu ríkissjóðs. Atvmrh. bar þá fram, meðan hann var í minni hl. á þingi, tryggingafrv., sem var allt annars efnis en það, sem nú er flutt hér. Þar var það ekki einstaklingurinn, sem átti að *standa straum af tryggingunum*. Þá var glamrað um, að það opinbera ætti að leggja mest af mörkum. En nú hefir ábyrgðin leitt sósialista að þeim skilningi, að það er ekki nóg að glamra um, að það sé fallegt að hjálpa sjúkum, heldur verði líka að vera geta til þess. Þetta frv., sem þeir tefldu fram af tómu lýðskrumi, meðan þeir voru í minni hl., hefir nú fengið dauðadóminn, er þeir fengu völdin í hendur. Þetta frv., sem þeir veifuðu þá framan í kjósendur, hefir að sögn verið sent til sérfróðra manna í Genf og fengið þar herfilegan vitnisburð, og hafa þeir ekki treyststst til að bera það fram aftur.

Hv. þm. sagði, að ef ekki ætti að tryggingarskylda þá, sem hefðu hærri tekjur en 4500 kr. skattskyldar, væri verið að hlífa þeim efnameiri í þjóðfélaginu. En þeir efnameiri leggja líka til, þó að þeir njóti ekki trygginganna, því að þeir bera mest að útgjöldum til bæjar- og sveitarfélaga. Svo að þetta er ekki rétt.

Hv. þm. sagðist vera á móti því, að ríkið *greiddi ekki líka hluta af iðgjöldum þeirra* manna, sem hafa milli 3000 og 4000 kr. árstekjur, því að þetta væri til að rýra tekjur sjúkrasamlaganna. En hér fer hann villur vegar, því að ríkið leggur ekki fram þennan hluta, sem þeir borga sjálfir. Þeir einir rísa undir þessu, en ekki ríkið eða bæjarfélagið.

Hv. þm. vildi snúa út úr ummælum mínum um ellitryggingarnar og hélt því fram, að ég sæi það eitt við ellitryggingarnar, að komið væri upp banka með lífeyrissjóði. En við erum auðvitað fúsir að létta undir með gamalmennum og skapa þeim góð kjör í ellinni, og ef við værum á móti tilgangi sjóðsins, þá hefðum við vitanlega verið á móti stofnun hans.

En það má benda á, hvað þýðingarmikið er, að til sé stofnun í landinu, sem m. a. hefir það hlutverk að styrkja bæjar- og sveitarfélögin og koma upp nauðsynlegum fyrirtækjum, sem þau geta ekki risið undir. Þegar þessir sjóðir eflast, vona ég, að reglugerð verði sett um það, hvernig sjóðnum verður varið, og áherzla verði á það lögð, að honum verði fyrst og fremst varið í þjóðþrifatilgangi.

Það kemur ekki til mála að hugsa sér, að hér eigi að vera banki, sem leggur í áhættusöm fyrirtæki. Hér á að vera grunnmúruð stofnun, sem lánar ekki nema gegn fullum tryggingum. En það verður hv. þm. að vera ljóst, að það, sem fyrst og fremst vakir fyrir okkur með því að styðja að stofnun þessa sjóðs, er sú hugsjón að bæta fyrir aldraða fólkinu lífskjör þess og aðbúnað í ellinni.

Þá talaði hv. 2. þm. Reykv. um það í sambandi við atvinnuleysistryggingarnar, hvað mikil viðsýni ríkti í félögum verkalýðsins og hversu fráleitt það væri, að nokkuð væri þar spurt um stjórnmálaskoðanir. Ég veit, að það er frjáls inngangur í félögin, ef menn inna af hendi hin háu gjöld, sem menn verða að greiða nauðugir viljugir til þess að mega taka þátt í atkvgr. eða öðrum störfum félaganna. En hitt fullyrði ég, að þar eru að dómi foringjanna bæði réttlátir og ranglátir, og meðferðin á mönnum mun fara *allmikið eftir því*.

Hv. þm. vildi annars telja það til höfuðkosta atvinnuleysistrygginganna, að með þeim væri verkalýðurinn hvattur til sparnaðar með því að *leggja dálítið fé til hliðar*. Það er að vísu gott að koma með slíka hvatningu, en hv. þm. hlýtur að vera það ljóst, að það kemur verkalýðnum ekki að notum, vegna þess að hann hefir ekkert fé til þess að leggja til hliðar. Meiri hl. hefir einnig lagt til, að þessar tryggingar næðu einnig til kauptúnanna, en þeir ættu að gera sér ljóst, að það er býsna þýðingarlaust, vegna þess að því síður hefir verkafólkið þar fé til þess að leggja til hliðar. Þó það heiti svo á pappírnum, að atvinnuleysistryggingarnar nái til kauptúnanna út um land, er ég hræddur um, að svo fari, að fæstir njóti þeirra þar. Hitt er vitanlegt, að þau félög, sem fyrst njóta góðs af frv., eru þau félög, sem standa næst hv. 2. þm. Reykv., „Dagsbrún“ og „Sjómannafélag Reykjavíkur“.

Þá talaði hv. þm. um, að ekki væri óeðlilegt, þó sósialistarnir fengju eitthvað til sinnar starfsemi, svo mikið sem þeir væru búnir að gera fyrir bændurna í mjólkur- og kjötmálunum. Ég skal ekki fara að taka hér upp umr. um þau mál, því hv. þm. eru búnir að hlusta á umr. um þau fram og aftur í tveimur d. að *undanförnu, en ég býst við, að fæstum bændum* finnist þau l., a. m. k. mjólkurlögin, vera til jafnmikilla hagsbóta og hv. þm. vildi láta í veðri vaka.

Þá kom hv. þm. fram með þá frumlegu staðhæfingu, að atvinnuleysið væri hið mesta böl. Hvílík speki! Eins og það sé ekki öllum ljóst. En það, sem okkur greinir á um, er hvor leiðin skuli farin, að styrkja með atvinnuleysistryggingum, eða taka fyrir rætur atvinnuleysisins, með því að auka framleiðsluna og þá um leið atvinnuna. M. ö. o., hvort stuðla eigi að atvinnuleysinu eða koma í veg fyrir það. En sósialistarnir hafa gleymt verkafólkinu, því þeim er meir í mun að koma atvinnuveitendunum á kné. Sá er meginmunur á stefnu sósialista og okkar sjálfstæðismanna, að við viljum fjölga atvinnufyrirtækjunum og útrýma atvinnuleysinu með því að taka fyrir rætur þess, en sósialistar vilja viðhalda atvinnuleysinu, en veita svo styrki og efla þannig flokksstarfsemina til þess að tryggja sér pólitísk yfirráð í landinu. Við sjálfstæðismenn munum halda áfram að vinna að eflingu atvinnulífsins í landinu, og ef bæir eða ríki hafa fé afgangs, stuðla að því, að því verði varið til þess að auka atvinnu, en ekki til þess að tryggja atvinnuleysi.

Frsm. meiri hl. (Héðinn Valdimarsson) [óyfirl.]: Ég þarf ekki að svara mjög löngu, en vænti þó, að hv. þm. Snæf. skilji, að ein ástæðan fyrir því, að sjúkratryggingarnar eru settar á, er sú, að þær eru hlutfallslega ódýrari en annað fyrirkomulag, og því þjóðhagslega heppilegra. Þannig fá þeir tryggðu — og það í kaupstöðum, þar sem ekki er lögskipuð sjúkratrygging — miklu ódýrari læknishjálp en þeir, sem ekki eru tryggðir. Ekki aðeins á þann hátt, að þeir fá beinlínis hálfan styrk, heldur líka á þann hátt, að sama regla gildir þar og annarsstaðar, að þegar viðskiptin eru mikil, er hægt að komast að betri kjörum. En læknunum er þetta ekki heldur verra, því þetta er þeim tryggt fé. Auk þessa felst í þessu trygging fyrir, að þeir, sem eru sjúkratryggðir, fái læknishjálp. En nú er fjöldi manna, sem ekki er sjúkratryggður, sem alls ekki fær læknishjálp, vegna þess að þegar veikindin ber að höndum, eru engir peningar til, þó kleift hefði verið að leggja til hliðar 3 kr. á mánuði í trygginguna.

Að leggjast á móti frv. um að lögbjóða sjúkrasamlög, er því ekkert annað en að hjálpa heilsuleysinu móti heilsuvernd.

Auk þess, sem ríki og bæir leggja fram, kemur einnig tillag frá mönnum, sem engra hlunninda njóta. Er það réttlætt á þann hátt, að sá maður, sem nú er efnaður, getur síðar við breyttar ástæður þurft að njóta réttinda samlagsins. Auk þess er ekki nema eðlilegt, að lagður sé nokkur aukaskattur á þá efnaðri til hjálpar þeim, sem snauðari eru. Vænti ég, að hv. þm. Snæf. mæli ekki á móti því, að það sé víða nauðsynlegt. Með því að bera saman tölur sést, að gert er ráð fyrir, að nýju samlögin veiti meiri hjálp en þau, sem áður voru, en eru þó ódýrari. Vænti ég, að hv. þm. og flokksmönnum hans takist ekki að standa í vegi framgangi svo góðs máls. Það kann að vera, að um það megi deila, á hvaða stigi styrkurinn eigi að hætta, en við töldum eðlilegt að miða við þá tekjuupphæð, sem frv. gerir ráð fyrir.

Það kann vel að vera rétt, sem hv. þm. sagði, að atvinnuleysissjóðirnir nái ekki mikilli útbreiðslu á fyrsta ári, en það kemur smám saman til allra verklýðsfélaga, jafnvel þó það sé rétt, að þau eigi erfitt með að leggja upp peninga. En þetta er þó það, sem fjöldi manna gerir, að leggja nokkuð fyrir til verri tíma. En þó ætti að vera meiri hvöt til þess að leggja í atvinnuleysissjóði, þegar það opinbera leggur ríflega á móti.

Hv. þm. sagði, að hann vildi auka atvinnuna í landinu. Við sjáum til, þegar fjárl. verða afgr., hvað hann verður ríflegur á atvinnubótunum. Hann sagðist ekki vilja ganga inn á að styrkja atvinnuleysingjana, heldur láta fé ganga til atvinnuveganna. En hvað á að gera við fólkið meðan það kemst ekki í atvinnu? Á að láta það deyja drottni sínum? (TT: Á það að lifa á atvinnuleysistryggingunum?). Það á að búa út atvinnuleysistryggingar jafnhliða því, sem unnið er að atvinnubótum, en það verður ekki gert á nokkrum mánuðum, því margar orsakir að okkar erfiðleikum stafa frá útlöndum, og við getum ekkert ráðið við hvenær þær lagast.

Garðar Þorsteinsson: Hv. þm. Snæf. hefir skýrt svo vel afstöðu minni hl., að óþarfi er að bæta þar við. Hins vegar er það eftirtektarvert að heyra hljóðið í hv. þm., ef talað er við þá, hvern í sínu horni. Hv. þm. Barð. og 2. þm. Reykv. þykjast báðir eiga hugsunina í frv. og hafa breytt því til batnaðar. Og þetta gengur svo langt, að blað Framsfl. segist hafa átt hugmyndina aldarfjórðungi áður en Alþfl. varð til. En hv. þm. Barð. segist ekki fylgja þessu frv. nema annað óskylt mál nái fram að ganga. Vitanlega segist meiri hl. allshn. hafa samið brtt., og á þann veg, að þær bæti frv. að nokkru. En hv. þm. vita vel, að allshn. öll gekk gegnum frv. og lagði í það mikla vinnu fund eftir fund, og voru jafnharðan skrifaðar niður þær brtt. við frv., sem taldar voru til bóta. Meiri hl. hefir að vísu orðað brtt., en flestar voru þær gerðar með fullu samstarfi allra nm. Þetta skiptir í raun og veru litlu máli, en sýnir að eins, hvað mennirnir eru lítilþægir, og um ráðvendnina efast enginn.

Hv. 2. þm. Reykv. vildi lýsa afstöðu Sjálfstfl. með orðunum: sýndu mér trú þína af verkunum. Vildi hann slá því föstu, að brtt. okkar minni hl. sýndu, að Sjálfstfl. væri á móti málinu. Ef hv. þm. hafa lesið grg. fyrir nál. minni hl., hafa þeir séð það, sem vitanlegt er, að hvorki er Sjálfstfl. hér á Alþingi eða utan þings á móti að koma á almennum tryggingum.

Hitt er annað mál, hvort flokkunum ber saman um, hvernig tryggingunum skuli fyrir komið og hve víðtækar þær eigi að vera. Eins og hv. þm. Snæf. benti á, var borið fram frv. um þetta efni fyrir nokkrum árum af þáv. þm. Alþfl., hæstv. núv. atvmrh., sem gekk það langt, að ríkið átti að leggja fram iðgjaldið, en einstaklingarnir að njóta hlunnindanna. Nú hefir mér vitanlega ekkert gerzt, sem réttlæti að breyta þeim grundvelli, nema það, að hv. þm. var stj.-andstæðingur og gat þá leyft sér að koma fram með till. í trausti þess, að andstæðingarnir ekki samþ. Nú er aðstaðan orðin það breytt, að stuðningsmenn stj. geta ekki með leyfi ráðh. komið fram með till., sem hann ekki vill bera ábyrgð á. Hv. þm. Barð. hefir hér talað fyrir munn Framsfl., að fylgi hans við frv. væri bundið því skilyrði, að frv. til framfærslulaga yrði einnig samþ., og einnig ákveðnar breyt. á frv. Af þessu má sjá, að þó allir séu sammála um að koma tryggingum á, eru mörg ágreiningsatriði og enginn vill samþ. frv. óbreytt.

Ég fæ ekki séð, að það sé réttlætanlegt af hv. þm. Barð. að binda fylgi sitt við frv. við annað mál. Það snertir ekki þetta mál á þann hátt, að framlg þess opinbera verði minna fyrir það, þó framfærslulögin verði samþ. Þetta sýnir aðeins, að þessi hv. þm. þarf að fá eitthvað fyrir sig til þess að samþ. þetta mál, jafnvel þó hann telji málið gott. Það er því ljóst, að hv. 2. þm. Reykv. getur ekki fellt þann dóm, að Sjálfstfl. sé á móti málinu, þó hann greiði atkv. með brtt. á þskj. 688.

Ég hugsa, að sá meginmunur, sem var á frv. því, sem Haraldur Guðmundsson bar fram á sínum tíma fyrir Alþfl. og frv. því, sem hér

liggur fyrir, sé að nokkru leyti sá, að það opinbera greiði ekki iðgjöldin nema að nokkrum hluta, og í öðru lagi, að þar var farið út fyrir venjulegan tryggingargrundvöll. En hér er þetta byggt upp á þann áhættuminnsta hátt, að sem flestir séu interesseraðir, og tryggingin takmörkuð við það, að þeir njóti fullra hlunninda, sem iðgjöld greiða.

Í frv., er snertir sjúkratrygginguna, er farið út fyrir þennan grundvöll. Þar er gert ráð fyrir, að allir greiði iðgjöld til tryggingarinnar, en ekki nema sumir, sem eiga að njóta hlunninda af þeim. En minni hl. vill flokka þetta á þann veg, að þeir, sem hafa undir 3 þús. kr. tekjur auk persónufrádráttar samkv. skattalögum, njóti hlunninda tryggingarinnar að fullu, en ríki og bær greiði ¼ iðgjaldanna. Næsti flokkur, sem hefir frá 3 þús. til 4,5 þús., séu einnig skyldir að tryggja sig og greiða full iðgjöld, en njóti jafnframt fullra hlunninda, sem sjúkrasamlagið veitir. Í 3. fl. séu svo þeir, sem hafa yfir 4,5 þús. kr. tekjur auk persónufrádráttar. Það virðist ekki ástæða til, að ríki og bær leggi fram fé til þess að greiða fyrir þá, sem hafa svo háar tekjur, að þeir geta vel greitt sína læknishjálp sjálfir.

Ég fæ ekki séð, að það séu réttlætanlegar ástæður fyrir því, að Reykjavíkurbær ætti að fara að greiða 9 kr. fyrir hv. 2. þm. Reykv. eða mig, og ríkið annað eins. Mér finnst miklu meiri ástæða, ef skylda á alla til að vera með, að þeir, sem geta, greiði að fullu, jafnvel þó þeir njóti engra réttinda. En ég sé enga ástæðu til þess, að ríkið fari að borga fyrir 2. þm. Reykv., fyrst og fremst 9 kr. fyrir hann sjálfan, 9 kr. fyrir konuna, 9 kr. fyrir vinnukonuna, 9 kr. fyrir foreldrana hvort um sig og 9 kr. fyrir hvert barn yfir 16 ára. Ef ég greiði á sínum tíma iðgjöld fyrir 5 manna fjölskyldu, verða það kr. 45.00. Ber þá ríkinu að greiða aðrar kr. 45.00 og Reykjavíkurbæ einnig kr. 45.00. Svo er eitt efnislega við frv. Hv. 2. þm. Reykv. var að tala um, að það gerði ráð fyrir mun meiri réttindum en sjúkrasamlag Reykjavíkur nú veitir. Þetta er að vissu leyti rétt, en iðgjöldin eru einnig hærri. Sjúkrasamlag Reykjavíkur hefir 51 kr. iðgjald, en samkv. þessu frv. yrði það kr. 54.00. Auk þess njóta allir, sem borga iðgjöld, fullra réttinda. Hér nema því greiðslurnar verulega hærri upphæð en Sjúkrasamlag Reykjavíkur reiknar með.

Þá er eitt enn, sem hv. 2. þm. Reykv. gat ekki um. Þó sjúkrasamlagið hér í Reykjavík ætlist til, að greitt sé bæði fyrir bóndann og konuna, mun í flestum tilfellum ekki vera greitt nema fyrir annað, og er þó þar í innifalin læknishjálp fyrir börn og alla fjölskylduna. Það mun vera regla hér að borga föstum heimilislækni 12 kr., í stað þess, að eftir frv. fær læknirinn ákveðið fyrir mann og konu, en auk þess fyrir aðra meðlimi fjölskyldunnar yfir 16 ára aldur. Þess vegna er ekki sambærileg sú greiðsla, sem sjúkrasamlög samkv. þessu frv. eiga að fá frá hverri fjölskyldu við það, sem sjúkrasamlög fá nú greitt. Þetta verður miklu meira.

Svo er eitt ákvæði, sem veit að því, sem ég er ekki búinn að gera mér ljóst, en það er það, hvernig fer með þá, sem eru yngri en 16 ára, og t. d. fjölskyldufaðirinn, sem borgar fyrir sig, konu sína, vinnukonu, foreldra og börn eldri en 16 ára, — hefir hann þá einnig fría læknishjálp fyrir börn innan 16 ára? Það gæti vel svo farið, að læknirinn segði: „Ég hefi fengið borgun fyrir þessa ákveðnu aðilja, sem eru 16 ára og eldri, en ég hefi ekki fengið borgun fyrir þessi 3—8 börn, sem ég verð að ganga til líka". Ég geri ráð fyrir, að læknishjálpin eigi líka að ná til þessara barna, eins og það er í Sjúkrasamlagi Reykjavíkur, en hér stendur ekkert um það.

Það er alveg víst, að þeir, sem hér eiga hlut að máli, verða að gera sér það ljóst, að ef allir eiga að vera skyldutryggðir og nota þann rétt samkv. þessu frv., sem hafa innan við 4500 kr. skattskyldar tekjur, m. ö. o. allur meginþorri þeirra manna, sem eru í Rvík, og þá ekki síður í kaupstöðum og sveitum, — ef allir þessir menn eiga að vera samlagsmeðlimir, þá er það víst, að útreikningur frv. um útgjöld til læknanna, 12 kr. á meðlim, getur ekki staðizt. Það er óhugsandi; það hafa sjúkrasamlagslæknar eins og Björn Gunnlaugsson og Valtýr Albertsson sagt mér, að það sé ekki viðlit fyrir nokkurn lækni að gegna fleiri en sem svarar 500 sjúkrasamlagsmeðlimum, ef börnin eiga að teljast þar með líka. Þá þýðir þetta 6000 kr. tekjur. Það er því ljóst, að læknir, sem hefir fulla tölu sjúkrasamlagsmeðlima með 12 kr. gjaldi á mann, hann getur ekki lifað á því. Það verður t. d. ekki komizt hjá að reikna með því, að hann verði að hafa bíl. 6000 kr. tekjur er því of lítið fyrir hann.

Af þessu er það ljóst, að þær tölur, sem reiknað er með í frv., hljóta að raskast. Hinsvegar er það jafnvíst, að ef á að hafa skyldutryggða aðeins þá menn, sem hafa lægstar tekjur, þá mundu læknarnir eins gagnvart þessum sjúkrasamlögum eins og Sjúkrasamlagi Reykjavíkur álíta það skyldu sína að inna þetta af hendi fyrir sem lægst gjald, ef þeir hafa frjálsar hendur til að taka fulla greiðslu af þeim, sem hafa t. d. 3000—4000 kr. tekjur. Það er önnur aðstaða fyrir lækni, ef hann gætir sem sjúkrasamlagslæknir ákveðins fjölda manna, í staðinn fyrir það, að samkv. frv. yrði hann að hafa alla sína skjólstæðinga sem sjúkrasamlagsmeðlimi.

Ég veit ekki, hvað það hefir sérstaklega verið, sem vakti fyrir hv. þm. Barð., þegar hann benti á það hér áðan, að Framsfl. hefði sett það skilyrði fyrir samþ. þessa frv., að það ákvæði yrði sett í 33. gr. frv., að þetta gjald, sem ríkið átti að borga, næmi aldrei meiru en 9 kr. á hvern mann, því að í frv. er gert ráð fyrir þessu gjaldi sem hæsta gjaldi, og ef áætlunin mundi standast að hans áliti, þá var óþarfi fyrir Framsfl. að setja þetta skilyrði. En ef hann veit, að þetta gjald, sem reiknað er með hér í grg. frv., er of lágt, þá var sjálfsagt fyrir flokkinn að setja þetta ákvæði. Ég dreg þess vegna þá ályktun af þessari brtt., með þeirri skýringu, sem henni fylgir frá hv. þm. Barð., að hann sé hér sömu skoðunar og ég, sem sé

þeirrar, að gjaldið, sem aðallega hvílir á sjúkrasamlögunum, sem sé til læknanna, hljóti að verða hærra en það, sem Sjúkrasamlag Reykjavíkur nú borgar, og þess vegna hrökkvi þessar 54 kr. ekki til. En ef þetta gjald stenzt ekki, þá er það engin goðgá, þótt minni hl. n. hafi í nál. sínu og brtt. viljað fresta því, að þessi kafli frv. kæmi til framkvæmda, þangað til fé væri veitt til þess í fjárl. Ef svo er, að ríkið sjálft verður að setja hámarksgjald með því að setja þetta í 33. gr. frv., þá tel ég engu síður, að þetta gjald muni vera það hátt, að allan almenning muni allverulega um að greiða það.

Það er einu sinni þannig, að þótt segja megi, að almenningur eigi að greiða það, vegna þess að hann fái fyrir það ódýrari læknishjálp, þá vona einstakir borgarar í lengstu lög, að þeir og þeirra heimili haldi heilsu sinni, og því vilja þeir ekki borga á 2. hundrað kr. á ári í læknishjálp, ekki vitandi, að þeir þurfi á slíkri hjálp að halda.

Ennfremur er það eitt í sambandi við þessar brtt., en það er brtt. við 58. gr. frv., sem sé það, að bæjarsjóðir eigi að ábyrgjast greiðslurnar til lífeyrissjóðs. Ég tel ákaflega varhugavert að setja slíkt ákvæði. Samkvæmt 83. gr. eiga hjón að bera sameiginlega ábyrgð á iðgjöldum beggja, meðan hjónabandinu er eigi slitið að lögum, foreldrar og fósturforeldrar ábyrgjast fyrir börn og fósturbörn, húsbændur fyrir hjú, iðnaðarmenn fyrir starfsmenn sína og atvinnurekendur fyrir fasta starfsmenn sína. Mér skilst, að sú ábyrgð, sem þarna er færð yfir á vissa einstaklinga, þannig, að þeir verði að ábyrgjast fyrir allmikinn hóp manna, eigi gagnvart tryggingarstjórn að vera nægileg ábyrgð fyrir því, að iðgjöldin greiðist í flestum tilfellum, og því sé óþarft að skella þessu á bæjarsjóðina. Og auk þess er annað, sem mælir sérstaklega á móti því, að þessi ábyrgð sé sett á bæjarsjóðina, og það er það, að bæjarsjóðirnir hafa engan íhlutunarrétt um innheimtu þessa gjalds. Það er hart, ef trassafengnir menn, sem áttu að innheimta þetta gjald, láta líða hjá að gera allt, sem hægt er, til þess að fá það greitt, og svo ættu þeir að geta komið til bæjarsjóðs og sagt: „Þetta höfum við ekki fengið; viljið þið ekki gera svo vel og borga það?“ Það mætti ekki vera minna en að ef bæjarsjóðir ættu að ábyrgjast gjaldið, þá gætu þeir fengið að sjá um, að innheimtan væri góð.

Manni virðist, þegar hv. 2. þm. Reykv. og þessi stj., sem nú fer með völd, leggur sérstaka áherzlu á atvinnuleysistryggingar, að þeir hafi ekki sem sterkasta trú á því, að þeir geti framkvæmt þau loforð, sem sósíalistar gáfu, að láta allt atvinnuleysi hverfa. Hvers vegna leggur sú stj., sem ætlar að afnema allt atvinnuleysi, svo mikla áherzlu á atvinnuleysistryggingar? Mér finnst mótsögn í þessu, og a. m. k. er þetta full viðurkenning þess, að þeir geti ekki fengið því framgengt að afnema atvinnuleysið. Það er fullt vantraust, sem þessi hæstv. ráðh. með þessu lýsir á sjálfum sér.

Ég vil einnig benda á það, að þegar hv. þm. Barð. var að telja upp þær brtt., sem gerðu það að verkum, að Framsfl. mundi verða með þessu frv., þá minntist hann ekki á atvinnuleysistryggingarnar. Þó hefir bæði þessi hv. þm. og margir aðrir hv. þm. í Fmsfl. margsinnis lýst því yfir, eftir að þetta frv. kom fram, að þeir yrðu aldrei með þessum tryggingum. En svo koma fram vissar brtt. við allt aðra kafla frv., og hv. þm. Barð. segir, að af því þessar brtt. verði samþ., verði Framsfl. með frv. Þess vegna er það ljóst, að það eru ekki brtt., sem gerðu það að verkum, að Framsfl. varð með frv., heldur er það af því, að sósíalistar fara hér eins og venjulega með sannfæringu framsóknarþm. eins og þeim sýnist, nota þá við atkvgr. við hvaða mál sem er, eins og hefir verið samþ. á flokksfundi sósíalista. Ég held, að hv. þm. Barð. hefði því ekki átt að gefa yfirlýsingu um það, hvers vegna hann og hans flokksmenn séu með þessu frv., því að það hefir í aðalatriðunum lítið að segja, hvort þessar brtt. verða samþ. eða ekki, því að það vita allir, að þeir hafa margsinnis lýst yfir andstöðu sinni við þetta frv.

Hv. 2. þm. Reykv. talaði alveg á sama hátt um þetta mál, atvinnuleysistryggingarnar, og að menn hefðu frjálsan aðgang að verklýðsfélögunum, hvaða flokki sem verkamenn tilheyrðu, alveg eins og hann gerði hér á þingi í fyrra, þegar verið var að ræða um verkamannabústaðina. Þá var það goðgá að benda þessum hv. þm. á, að hann í mörgum tilfellum misnotaði sína aðstöðu sem formaður þessa fyrirtækis, sem þar greindi. Hinsvegar var ekki komið nema yfir að næsta máli, frv. um vinnumiðlun, þegar hann réðst með óbótasvívirðingum á Gunnar Benediktsson, sem stóð fyrir ráðningarskrifstofu bæjarins, ekki fyrir það, að hann hefði ekki rækt það starf vel og sómasamlega, heldur fyrir það, að til þessa starfs væri fenginn maður úr flokki sjálfstæðismanna, sem væri form. Varðarfélagsins. Þessi hv. þm., sem hvert einasta tækifæri notar til þess að bera öðrum á brýn allar vammir og skammir og aldrei hefir setið sig úr færi að gera öðrum þær verstu getsakir, sem hann hefir megnað, hann má ekki heyra það, að hann muni á nokkurn hátt nota aðstöðu sína sér til pólitísks framdráttar. Þetta eru svo oft endurtekin hræsnisfull ummæli hjá þessum hv. þm., að ég er hissa á því, að hann skuli ekki sjálfur vera orðinn leiður á þeim. Það sama mundi endurtaka sig, ef þetta væri samþ., eins og það varð með einn háttsettan embættismann, sem starfar í nágrenni Reykjavíkur, þegar einn ungur maður fór fram á það, að hann tæki sig í sína þjónustu. Manninn vantaði starfsmann, en hann svaraði: „Það er legið mér á hálsi, ef ég tek sjálfstæðismann í mína þjónustu“. Ég hugsa, að það yrði svipað, þegar farið yrði að úthluta atvinnuleysisstyrknum. Þeirri stjórn, sem það hefði á hendi, mundi verða legið á hálsi af hv. 2. þm. Reykv. og hans líkum fyrir það, ef þeir sýndu þar ekki hlutdrægni sósíalistum til framdráttar.

Það hefir fyrir skömmu verið bent á það í blöðum, og ég hefi ekki heyrt, að því hafi verið mótmælt, að maður, sem er framarlega í flokki sósíalista, Kristinus Arndal, hafi látið mann fá atvinnubótavinnu, þó að hann væri efnaður

og hefði sæmilegar tekjur. Það var ráðizt að verðleikum á þennan mann, sem stóð fyrir hlutlausri úthlutun atvinnubótavinnu, og ég hefi ekki séð eitt einasta orð koma þessu athæfi til afsökunar. Og svo leyfir hv. 2. þm. Reykv. sér að segja, að það sé merkileg ósvifni að láta sér detta í hug, að þeir noti þetta fé, sem ríki og bær leggja fram til atvinnuleysisstyrks, til þess að efla sinn pólitíska flokk. Maður veit vitanlega ekkert fyrirfram, hvorki í þessu né öðru, en maður getur dregið ályktun af því, sem maður þekkir í öðrum svipuðum tilfellum. Það er enginn vafi, að þeir tugir þúsunda, sem yrði að greiða í þessa atvinnuleysissjóði, mundu í flestum tilfellum fara til þeirra manna, sem væru flokksmenn hv. 2. þm. Reykv., því að það mundi í því tilfelli sem öðru verða að lúta hans vilja.

Ég er því ekki í vafa um, að þessi úthlutun færi að miklu leyti eftir því, í hvaða flokki menn væru. Þessi ummæli skal ég vera reiðubúinn að endurtaka hvar sem er, ef hv. 2. þm. Reykv. finnur sig móðgaðan af þeim. Þetta er mín persónulega sannfæring og allra þeirra, sem þekkja hans mikla ráðríki í þessu máli sem öðrum.

Jón Sigurðsson: Ég skal ekki þreyta hv. þdm. með langri ræðu að þessu sinni. En ég vil þó ekki láta þessa umr. fara svo, að ég segi ekki örfá orð um þetta mál.

Því er ekki að neita, að þetta mál, sem hér liggur fyrir, er að mörgu leyti merkilegt, og að því er sjúkratryggingar snertir, þá er ekki annað hægt að segja, en að þar sé að ýmsu leyti mikil þörf umbóta frá því, sem verið hefir. Á síðari árum hefir orðið margvísleg röskun á okkar þjóðlífi. Sá gamli og góði siður, að fólkið dveldi lengi á sama stað hjá sama fólki, gerði það að verkum, að húsbændur þessa fólks töldu sér skylt að hjálpa þessu fólki, ef veikindi bar að höndum.

Nú er sú breyt. orðin á, að fólkið er oft á sífelldu flögri og á sér hvergi sama stað. Afleiðingin af þessu er sú, að margt af þessu fólki leggur engan eyri fyrir. Ég tel þess vegna, að mál eins og sjúkratryggingar, það sé mál, sem ástæða sé til að styðja. En þá er næst að athuga, á hvern hátt þessi löggjög verði sniðin svo, að það sé við okkar hæfi og eftir okkar fjárhagslegu getu. Ég er nú kunnugastur í sveitunum og mun þess vegna aðallega líta fyrst og fremst á málið frá því sjónarmiði, eins og það kemur mér fyrir sjónir.

Samkv. þessu frv. er gert ráð fyrir, að t. d. 5 manna fjölskylda í sveit eigi að borga í ellitryggingu um 30 kr. og sjúkratryggingu 100 kr. samtals. Eftir því, sem ég þekki til í sveitum, er þetta miklu hærri upphæð en það, sem meðalbændur þurfa almennt að greiða í sveitarsjóð, og þykir þó fullerfitt. Og ef á þar á ofan að bæta slíku gjaldi sem því, er hér um ræðir, þá verður eitthvað að skipazt í sveitum til þess að menn geti innt þessi gjöld af hendi. Hitt má vel vera, og ég býst við, að það sé rétt, sem hefir verið sagt, að almennt séð, þá sé, ef litið er á heildina, gróði að semja við lækni í einu lagi en að margir séu að því. Ég hygg, að hversu þessi sjúkrasamlög eru dýr, liggi mikið í því, að þessi styrkur, eins og svo margir aðrir, er stórlega misnotaður í okkar landi. Hvernig er því t. d. varið með berklavarnastyrkinn? Það er ætlazt til samkv. þessu frv., að menn fái fulla greiðslu eða hjálp, þeir, sem liggja á sjúkrahúsum, bæði læknishjálp og sjúkrahúsvist. Þetta er nú gott og blessað og æskilegt. En ætli það geti ekki farið þarna á líka lund eins og með berklavarnastyrkinn, að það reynist stundum torvelt að koma sumum þessum sjúklingum burt af sjúkrahúsunum.

Hvað berklavarnastyrkinn snertir, þá hefir það farið svo, að ríkið hefir séð sig tilneytt að stofna dýrt embætti til þess að hafa eftirlit með þessu, til þess að sjá um, að styrkurinn verði ekki misnotaður. Ég býst við, að það gæti farið á sama hátt um þessar greiðslur. Það mundu ýmsir liggja í sjúkrahúsum miklu lengur en ástæða væri til, lengur en þeir mundu gera, ef þeir ættu sjálfir að borga meira eða minna af þessu.

Ég álít því hyggilegra að breyta til á þá lund, að allir ættu allmikið á hættu, þeir yrðu sjálfir að standa straum af nokkrum hluta af kostnaðinum, því að það er aðhald, sem ætti að koma í veg fyrir misnotkun á þessari hjálp, sem þarna er um að ræða.

Ég sé ekki, að slík löggjöf sem þessi, hvað sjúkrastyrkinn snertir, geti orðið sveitunum að gagni. Mér sýnist vera stefnt að því að setja l. í þann ramma, að sveitirnar sjái sér ekki fært að nota sér þessi fríðindi af þessum ástæðum, sem ég hefi nú bent á, og hvað kaupstaðina snertir, þá verður alveg sama uppi á teningnum, nema hvað þar verður allt ennþá stórkostlegra, eins og hv. þm. Snæf. hefir bent svo greinilega á. Og a. m. k. þar, sem ég þekki til, yrðu það ekki nema örfá verkamannaheimili, sem gætu hrist 200 kr. eða þar yfir fram úr erminni til slíkra trygginga. Til þess þarf afkoman að vera betri en hún hefir hingað til verið.

Að því er snertir kaflann um elli- og örorkutryggingar, þá hefi ég þar rekizt á eitt atriði, sem hefir komið mér undarlega fyrir sjónir og ég held, að engin brtt. hafi verið gerð við. Þetta er 58. gr., þar sem svo er ákveðið, að sveitar- og bæjarstjórnir skuli annazt innheimtu til ellistyrktarsjóðanna. Mér er ekki ljóst, hvaða ástæða er til þess að fara að demba því á bæjar- og sveitarstjórnir að innheimta þetta. Það hefir lengi verið innheimt af sýslumönnum og bæjarfógetum, og áreiðanlegt er, að sveitarstjórnum er ekki svo létt að innheimta þetta, og þeirra starf er ekki svo létt, að ástæða sé til að hlaða þar á. Auk þess er það svo, að innansveitarmenn eiga að ýmsu leyti erfiðara með að ganga að sveitungum sínum og félögum en þeir, sem fjær búa. Það er að nokkru leyti af því, að þetta yrði innheimt um leið og þinggjöld, og að nokkru leyti af því, að þegar innheimtumaður segir, að sýslumaður kalli gjöldin inn, þá vita menn, að þau varða lögtaki. Ég mun þess vegna við 3. umr. flytja brtt. um, að innheimtunni verði hagað eins og áður hefir verið. Ég sé enga skynsamlega ástæðu til þess að breyta

um það, og hefi ekki heyrt neina ástæðu færða fram fyrir því.

Þá kem ég að síðasta eða 5. kaflanum, um atvinnuleysistryggingar. Það er sá kaflinn, sem ég fyrir mitt leyti get alls ekki fylgt, og ég verð að segja það, að mér kemur það mjög á óvart, að framsóknarmenn skuli hafa gengið með inn á það að samþ. þann kafla, því að ýmsir þeirra voru búnir að hafa mjög sterk orð við mig um, að það kæmi þó aldrei til mála, að þeir samþ. hann, hvað sem öðru liði. Þetta er sá liðurinn í samningi framsóknarmanna við sósíalista, sem ég hélt, að bændur gætu ekki samþ. En það er undarlegt, að annað eins skuli geta komið fyrir og það, að bændur veiti slíkum hlutum fylgi. Ég hélt sannast að segja, að þeir væru búnir að vera svo varir við áhrif og afleiðingar atvinnubótastyrkjanna, eins og það hefir komið í ljós í sveitunum, að þeir vildu ekki bæta þar á. Það atvinnuleysi, sem hér er um að ræða, stafar ekki að óverulegu leyti af því, hvað útstreymið er mikið úr sveitunum til kaupstaða og sjávarþorpa, og að atvinnuvegirnir, sem þar eru reknir, geta ekki fært út kviarnar að sama skapi; sjávarútvegurinn er þess ekki megnugur að veita fólkinu viðtöku, og af því stafar atvinnuleysið á mölinni. En hvernig stendur á því, að fólkið streymir þangað þrátt fyrir atvinnuleysið í kaupstöðunum? Að þessu spyr margur bóndinn, sem er í vandræðum með að fá fólk til nauðsynlegustu heimilisstarfa. Hvers vegna streymir fólkið á mölina, heldur en að sæta sæmilegu kaupi, auk fæðis og klæða, á góðum heimilum í sveit? Það liggur blátt áfram í því, að fólkinu er þar boðið hærra kaup, þegar kostur er á vinnu, heldur en landbúnaðurinn getur greitt. Og því miður hefir núv. ríkisstj. átt sinn mikla þátt í því að gera bændur lausari í sessi, að því leyti sem hún hækkaði vegavinnukaupið í sveitunum.

Þegar bændur eru farnir að sækjast eftir daglaunavinnu, verða þeir um leið lausari við búskapinn, og reyndin verður sú, að þá liggur þeim leiðin opin til kaupstaðanna. — Þegar þangað er komið, geta þeir máske átt kost á atvinnubótavinnu, þegar að þrengir og atvinnuvegirnir hrökkva ekki til að veita þeim vinnu. Og svo á enn til viðbótar með þessu frv., sem hér liggur fyrir, að tryggja atvinnulausu fólki afkomuna í kaupstöðunum með ærnum fjárframlögum frá bæjarsjóðum og ríkissjóði. Hér er því dyggilega haldið áfram á þeirri braut, sem lagt var út á í byrjun af núv. stjórnarflokkum. — Ég hélt satt að segja, að það væri nú orðið svo erfitt í sveitunum, að það þyrfti ekki að gera sérstakar ráðstafanir til þess með fjárframlögum úr ríkissjóði að lokka fleira fólk úr sveitunum til kaupstaðanna.

Það mun hafa verið hv. þm. Barð., sem var að auglýsa það hér í þd., að fylgi Framsfl. við þetta frv. væri bundið því skilyrði, að frv. það um fátækraframfærslu, sem einnig liggur fyrir þinginu, yrði samþ. jafnframt. Ég vil nú segja þeim góða manni það, að ég hygg, að hvorki hann eða Framsfl. hafi þurft að gera neinn kaupsamning um það mál; ég ætla, að það hafi svo öruggt fylgi hér í þinginu, hvað sem Alþfl. líður í því efni, að það hafi vissan framgang. Framsfl. þurfti áreiðanlega ekki að kaupslaga neitt um það mál.

Ég hefi nú þegar bent á nokkra af annmörkum þessa frv. — Og þá lít ég fyrst og fremst svo á, að það nái ekki nokkurri átt að samþ. atvinnuleysistryggingarnar, það sé hreinasta fjarstæða eins og nú er ástatt.

Í öðru lagi tel ég, að farið sé of geyst á stað með sjúkratryggingarnar. Það ætti að fara hægara í byrjun og sjá, hvernig þær reynast; sníða stakkinn eftir vexti, svo að almenningi verði kleift að standa straum af þeim. Það er ætlazt til þess, að einstaklingar geti notið svo mikils styrks úr sjúkrasjóðunum, að ég er sannfærður um, að þeir verða misnotaðir. — Ég sé það hér, að samkv. 43. gr. frv. er bændum ætlað að greiða iðgjöld í jöfnunarsjóð sjúkrasamlaga, ofan á það háa kaupgjald, sem þeir verða nú að greiða, en það er orðið svo gífurlegt, að framleiðslan getur alls ekki borið sig, eins og kunnugt er. Þegar vinnukaupendum er ætlað, til viðbótar kaupgjaldinu, að greiða hátt iðgjald til þessara sjóða, þá er það sannarlega að bera í bakkafullan lækinn.

Jakob Möller [óyfirl.]: Það er ein af brtt. hv. meiri hl. allshn., sem ég get ekki látið hjá líða að lýsa óánægju minni yfir, þó að það sjálfsagt stoði lítið. — Það mun hafa verið einhver ágreiningur um það í allshn., hversu mikill hluti þessara tillagna á þskj. 667 væri ávöxtur af sameiginlegu starfi allrar n. Og þó að þetta sé lítilfjörlegt atriði, sem hér er um að ræða, þá get ég ekki samþ. það, sem hv. frsm. meiri hl. n. segir, að það séu aðeins 10 fyrstu brtt. á þessu þskj., sem samkomulag hafi verið um á milli nefndarhlutanna á sameiginlegum fundum. Það mun hafa verið samvinna í n. um athugun á frv., allt fram að IV. kafla. Ég man sérstaklega eftir því, að 12. og 14. brtt. voru komnar á dagskrá hjá n. á meðan ég starfaði þar; því að framan af þinginu átti ég sæti í allshn. í fjarveru hv. þm. Snæf. En aftur á móti verð ég að játa, að 15. brtt. á þskj. 667 er ekki ávöxtur af samstarfi allrar n. Þó að samflokksmenn mínir í allshn. hafi lýst velþóknun sinni á þessari brtt. hv. meiri hl. n., þá get ég ekki verið því samþykkur. Eins og hv. þdm. vita, þá eru sjúkratryggingarnar og lífeyrissjóðstryggingarnar yfirleitt byggðar á hreinum tryggingagrundvelli, og samkv. ákvæðum frv. eiga gjaldendur til lífeyrissjóðs að njóta lífeyris úr honum, eftir því hversu mikil framlög hafa verið frá þeim eða héruðum þeirra til sjóðsins. En samkv. 15. brtt. á þskj. 667 er farið fram á, að upphæðir árlegs lífeyris einstaklinga skuli ekki ákveðnar strax í þessum lögum, og gefið undir fótinn um, að þeim kunni að verða hagað öðruvísi en gert er ráð fyrir í frv., og að slakað verði til frá þeim grundvelli. En mér finnst sjálfsagt að haga því eins og gert er ráð fyrir í frv. Hins vegar má segja, að með 15. brtt. á þskj. 667 sé engu slegið föstu um þetta, heldur eigi aðeins að fresta endanlegri ákvörðun um upphæð árlegs elli- og örorkulífeyris einstaklinga fyrst um sinn. — Að vísu má segja, að það

sé enginn skaði skeður, þó að þessi ákvörðun verði látin bíða þangað til síðar, en ég greiði samt atkv. á móti þessari brtt.

Annars vil ég segja það um þessa löggjöf í heild, að þó að ég sé tryggingunum fylgjandi í principinu, þá er samt mjög mikill vafi á bak við hjá mér um það, hvort við Íslendingar, sem erum svo fámenn og fátæk þjóð, getum risið undir þessu tryggingabákni. Ég er í vafa um það, hvort þjóðinni hentar eigi betur, eins og nú er ástatt, að sjá þeim, sem eru hjálparþurfi, farborða á annan hátt og haga hinni almennu framfærslu öðruvísi. Ég verð því að taka undir með þeim, sem telja það mjög tvísýnt að ráðast í þessa tryggingarlöggjöf eins og tímarnir eru nú. Þó að þessi löggjöf gangi út á það, að veita almenna hjálp þeim, sem eru sjúkir, fátækir eða aldurhnignir, og að þörfin hafi máske aldrei verið meiri til þess en nú, í þeim erfiðleikum, sem við er að stríða, þá er þess að gæta, að jafnframt er með þessum lögum krafizt allmikilla fórna og fjárframlaga af einstaklingunum, svo að það verður að teljast vafasamt, hvort þeir geta risið undir því. Þegar meðalfjölskylda á að greiða í iðgjöld til tryggingasjóða samtals um 300 kr., með atvinnuleysi og allskonar vandræði framundan, þá getur vel farið svo, að fjöldinn allur hafi enga möguleika til að greiða iðgjöld sín á móti framlögum sveitarfélaga og ríkissjóðs. Og höfuðþáttur þessarar löggjafar gengur fyrst og fremst út á það, að undirbúa sjóðstofnun með framlögum einstaklinga og hins opinbera, sem á að veita fólki hjálp í elli. Fyrst þarf í mörg ár að safna fé í lífeyrissjóð, sem gefið er fyrirheit um, að inni síðar meir af hendi lífeyrisgreiðslur til gamalmenna. Það virðist mjög vafasamt, hvort nú sé hinn rétti tími til þess að byrja á sjóðssöfnuninni, þegar allir eiga fullt í fangi með það lífsframfæri, sem á þeim hvílir, og standa ekki undir nauðsynlegustu útgjöldum. Og þegar svo þar á ofan á að bæta iðgjöldum til trygginga, sem menn fá ekki að njóta að verulegu leyti fyrr en löngu síðar, þá er eðlilegt, að menn telji vafasamt, að þetta sé tímabært.

Ellihjálp sú, sem gert er ráð fyrir í frv., er að nokkru leyti annars eðlis og mætti sjálfsagt koma henni fyrir á annan hátt.

Því var eitt sinn slegið fram á opinberum vettvangi, að það ætti helzt ekki að borga af ríkisskuldum í góðæri. Eftir því virðist heldur eiga að gera það í harðæri, því að sennilega á þó einhverntíma að greiða skuldirnar. Framkvæmd þessara tryggingarmála virðist vera hugsuð á sama hátt. Maður skyldi þó halda, að það væri öllu betra í góðæri.

Það er mikið skvaldrað um, hvað þetta sé stórfellt mannúðarmál, það sé svo mikill stuðningur að styrktarstarfseminni í landinu; nú eigi að hjálpa öllum. Og þó er langt síðan gerðar voru allvíðtækar ráðstafanir til þess með lögum hér á landi að veita fátæku og ellihrumu fólki opinbera hjálp. Ég hygg, að það hafi verið ákvæði um það í hinni fyrstu íslenzku löggjöf, að það ætti að sjá öllum farborða, sem ekki gætu séð fyrir sér sjálfir, hvort sem það stafaði af fátækt, sjúkdómum eða elli, og hverjar sem ástæðurnar voru. Og nú er þetta gert í öllum tilfellum. Það er alls ekki svo að skilja, að fólk sé í örþrifavandræðum hér á landi, því það á alltaf heimtingu á brýnustu þörfum, og þá er þeim fullnægt. Þess vegna er ekki sérstaklega knýjandi nauðsyn á þessari löggjöf; heldur þvert á móti; það er fullkomin ástæða til að athuga, hvort ekki sé réttara að fresta henni um stundarsakir.

Ég er ekki að skýra frá þessum hugleiðingum mínum af því, að ég sé beinlínis á móti slíkri löggjöf sem þessari, þó ég telji, að tilgangi hennar megi ná eftir öðrum leiðum, á meðan afleiðingar kreppunnar þjaka almenningi. Ég geri að vísu ráð fyrir, að það líði ekki mörg ár áður en þessi löggjöf verður sett hér á landi. En ég kvíði því, að eins og nú árar verði bæjar- og sveitarsjóðum og ríkissjóði reistur hurðarás um öxl með útgjöldum vegna þessarar löggjafar; ég kvíði því líka, að einstaklingum verði einnig reistur hurðarás um öxl með iðgjöldunum. Mér er kunnugt um, hversu mikið er kvartað yfir því, að einstaklingum gangi erfiðlega að greiða opinber gjöld. Enda hefir það komið berlega fram í þeim kröfum, sem fluttar hafa verið í frumvarpsformi á þessu þingi um nýja tekjustofna handa bæjar- og sveitarfélögum. Og er það vitanlega sprottið af því, að gjaldendur til bæjar- og sveitarfélaga hafa ekki gjaldgetu til þess að rísa undir útsvörum og sköttum, sem á þá eru lagðir. En hér á svo með þessari löggjöf að bæta allt að 300 króna útgjöldum árlega á hvert meðalheimili, sem ekki getur staðið undir þeim sveitargjöldum, er þau eiga nú að greiða. Það er því nokkurnveginn augljóst, að í því árferði, sem nú er, þarf að færa saman og takmarka útgjöld einstaklinganna frá því, sem nú er.

Annars getur farið svo, að útgjöldin til tryggínganna innheimtist alls ekki, og þar með verður grundvellinum svipt undan þeim stofnunum, sem eiga að annast greiðslu á styrkjum til einstaklinga. — Í mörgum tilfellum eiga menn að njóta hlunninda fyrir gjöldin, sem þeir greiða til tryggingarstofnananna, en á hinn bóginn eru þeir fjöldamargir, sem ekki njóta slíkra hlunninda í hlutfalli við það, sem þeir leggja fram. Má því búast við, að þeim þyki það þungar búsifjar að sæta þessum auknu álögum, og að af þeim ástæðum kunni líka að reynast erfitt að heimta gjöldin inn, þó gera megi ráð fyrir, að úr rætist þegar betur árar, og þegar almenningur hefir fengið meiri skilning á gagnsemi þessara laga. Þannig má búast við, að þeir erfiðleikatímar, sem nú eru, geri þessar löggjafarráðstafanir mjög óvinsælar og verði þeim að meira eða minna fótakefli. Það er hætt við, að almenningur espist til andstöðu gegn þessum lögum og tregðist við að inna af hendi iðgjöld sín samkv. lögunum, sem annars mundi ekki bóla á þegar betur árar.

Annars viðurkenni ég fúslega, að tilgangur þessarar löggjafar er í alla staði hinn bezti, og er æskilegt, ef hægt væri að leysa úr erfiðleikum almennings með svipuðum hætti og gert er ráð fyrir í þessari löggjöf.

Frsm. minni hl. (Thor Thors): Það virðist ekki vera tilgangur stjórnarflokkanna að ræða þetta mál mikið; það mun víst ákveðið, að það skuli ná fram að ganga með þeim breyt., sem meiri hl. allshn. hefir borið fram. En ég verð að segja það, að ég sakna þess stórlega, þar sem um svo mikið stórmál er að ræða, að hv. framsóknarmenn skuli ekki gera frekari grein fyrir afstöðu sinni heldur en með þeim fáu orðum, er hv. þm. Barð. sagði hér áðan í þessu máli. Það er þó vitanlegt, að það hljóta að vera mjög skiptar skoðanir í öllum sveitum landsins um það, hversu nauðsynlegt sé nú, eða hvort yfirleitt sé kleift eins og sakir standa, að verja stórum upphæðum til atvinnuleysistrygginga í kaupstöðunum. Og maður hefir haldið, eftir fyrri afstöðu Framsfl., að þm. hans væri eigi sérstaklega ljúft að knýja þetta í gegn, eins og nú virðist eiga að gera, og ég hygg, að umbjóðendum þeirra, mörgum a. m. k., komi það einkennilega fyrir, hversu fúsir framsóknarmenn nú virðast til slíkra ráðstafana, eftir það, sem á undan er gengið í stjórnmálabaráttunni. Þó Framsfl. hafi ekki nú á síðustu tímum talað eins mikið um það eins og áður fyrr, að þungamiðja þjóðlífsins eigi að vera í hinum dreifðu byggðum landsins, þá eru öllum þó þau vígorð í fersku minni. Og hvar sem maður á að mæta framsóknarmönnum á þingmálafundum eða almennum umræðufundum úti í hinum dreifðu byggðum, þá vilja þeir mjög halda þessum gömlu vígorðum á lofti. En ég hefi bent á, að þetta frv. er bein tilraun til þess að draga fólkið enn meira en ennþá hefir átt sér stað úr sveitunum í kaupstaðina. Þegar það heyrir um það, að í kaupstöðunum eigi það von um atvinnu, en ef sú von bregzt, þá taki við atvinnuleysistryggingarnar, þá er ekki óeðlilegt, að þeir, sem sjá fram á vonleysi lífsbaráttunnar í sveitunum, ginnist til að ganga eftir þeim góðu tilboðum, sem þeim eru boðin, ef þeir vilja flytja á mölina. Mér þykir ennþá undarlegra, að Framsfl. skuli hneigjast að þessu, þegar það er aðgætt, að hann ber ábyrgð á þeim fjmrh., sem nú fer með völd, og þeim ætti því að vera ljóst, að ríkissjóður hefir vissulega ekki fé til umráða nema til hinna allra mestu nauðsynjamála. Og ef allir framsóknarmenn hneigjast að því að veita 75 þús. kr., árlega, eftir því sem formælendur frv. telja, til atvinnuleysistrygginga í kaupstöðum, þá hljóta menn að skilja, að þeir álíta þetta meira nauðsynjamál heldur en flest annað.

Mér þætti mjög eðlilegt, að einhver úr flokki framsóknarmanna yrði til þess að skýra þessa nýju stefnu Framsfl. betur fyrir hv. þm. heldur en ennþá hefir verið gert, því ræða hv. þm. Barð. var næsta ómerkileg og kom lítið nærri kjarna þessa máls.

Ég þarf litlu að svara síðustu ræðu frsm., hv. 2. þm. Reykv., meðnm. minn í allshn., hv. 8. landsk., hefir þegar svarað henni lið fyrir lið. En hv. þm. spurði m. a., hvað ætti að gera við fólkið, sem atvinnuvegir landsins gætu ekki veitt verkefni. Já, það er auðvitað mesta vandamál, hvernig með það á að fara. En það er öldungis víst, að þessi vísir til atvinnuleysistrygginga, sem að hálfu leyti á að byggjast á framlögum verkamanna sjálfra, getur ekki séð fyrir þessu fólki. Þó sósíalistum sé þetta málefni mikið kappsmál, þá tel ég vafasamt, að þeir fái þær þakkir fyrir framgang þess, sem þeir ætlast til af hendi verkalýðsins. Því reynslan mun sýna, að þó framlag ríkissjóðs sé allverulegt eftir núv. afkomu hans, þá verður sú hjálp, sem atvinnuleysistryggingarnar eiga að veita verkamönnum, næsta lítilfjörleg. Vandamálið um atvinnulíf landsins er því alveg jafn óleyst, þó þessar till. verði samþ. Þær hafa e. t. v. fyrst og fremst þá þýðingu, að telja mönnum trú um, að þeim verði veittur miklu meiri stuðningur heldur en raun verður á. Og einmitt vegna skrumauglýsinga sósíalista út af þessu máli verður það sérstaklega hættulegt til þess að ginna fólk burt frá hrörnandi atvinnulífi sveitanna til kaupstaðanna.

Hv. þm. Barð., sem því miður er ekki hér við nú, sagði, að hann mundi ekki ljá þessu máli fylgi sitt nema framfærslulögin næðu einnig fram að ganga. Ég vona, að þetta sé ekki eingöngu hreystiyrði, því það er mesta nauðsynjamál allflestra sveitarfélaga, að framfærslulöggjöfin sé færð í nýtt og betra horf. Ég verð því að vænta þess, að Framsfl. sjái til þess, að það mál verði ekki svæft, heldur nái fram að ganga.

Hv. 7. landsk. gerði glögga grein fyrir sinni skoðun á þessu máli, svo þar kom fram fjöldi röksemda fyrir því, hvernig þessi lagasetning verður í framkvæmdinni í sveitum landsins og hverjir erfiðleikar verða á innheimtu gjaldanna. Þess væri að vænta, að einhverjir af þeim, sem telja sig þm. hinna dreifðu byggða, svöruðu ræðu hans, og vona ég, að svo verði, því það er Framsfl. til hinnar mestu háðungar, að hann skuli koma svo fram í jafn stórkostlegu hagsmunamáli sveitanna sem raun er á ennþá a. m. k.

Gísli Guðmundsson: Ég vil leyfa mér, af því tilefni hefir gefizt til þess í ræðum einstakra hv. þm., að fara nokkrum orðum almennt um þetta mál, þó nú sé 2. umr. Það hafa sumir hv. þm., sérstaklega hv. 8. landsk., sem ekki er hér staddur í d. nú, og sömuleiðis hv. þm. Snæf., gert nokkuð að umtalsefni afstöðu framsóknarmanna sérstaklega til þessa máls. Hv. þm. Snæf. kvað eitthvað á þá leið að orði í ræðu sinni áðan, að sig undraði stórlega, að Framsfl. skyldi vilja fylgja því frv., sem hér liggur fyrir. Ég verð nú að segja, að mig undrar stórlega, að hv. þm. Snæf. skuli nokkuð furða sig á þessu. Veit ekki hv. þm., að þetta mál, almennar tryggingar, er eitt af þeim málum, sem Framsfl. hefir frá upphafi haft á stefnuskrá sinni? Það er opinbert og engum dulið, að þegar í upphafi, er stefnuskrá var gefin út fyrir Framsfl., þá var þetta eitt af stefnuatriðunum, og síðan hefir flokkurinn á flokksþingum sínum hvað eftir annað endurtekið samþykktir í þá átt, að hann vildi stuðla að því, að samþ. yrðu almennar tryggingar, sem kæmu að verulegu leyti í staðinn fyrir fátækraframfærið í landinu. Hv. þm. Snæf. eða aðra sjálfstæðismenn þarf því ekkert að furða á því, þó Framsfl. styðji frv. eins

og þetta, ef það er borið fram í þeim búningi í einstökum atriðum, sem hann yfirleitt getur nokkurnveginn sætt sig við.

Það má einnig furðu gegna, þegar þessi hv. þm. er að gefa í skyn, að þetta mál, almennar tryggingar, sé sérstaklega mál sósialista hér á landi og annarsstaðar. Veit ekki hv. þm., að það eru liðnir margir áratugir síðan farið var að lögleiða tryggingar hliðstæðar þeim, sem hér er um að ræða, í ýmsum löndum? Veit ekki hv. þm. t. d., að Bismark, sem enginn vænir um, að verið hafi sósialisti, beitti sér fyrir tryggingum í sínu landi? Veit ekki hv. þm., að Lloyd George, sem engum dettur heldur í hug, að sé sósialisti, var því mjög hlynntur að koma á tryggingum í Englandi? Og veit hann ekki einnig, að í Danmörku komust tryggingarnar fram undir stjórn vinstrimanna, áður en sósialistar fengu stjórnaraðstöðu? Veit ekki þessi hv. þm., að sósialistar einir hefðu alls ekki getað komið tryggingunum á í nágrannalöndunum yfirleitt, ef þeir hefðu ekki haft til þess stuðning annara flokka, þar sem þeir hafa aldrei haft hreinan meiri hl. á þingi? (TT: Alveg eins vel eins og þessi hv. þm.) Þess vegna hljóta ræður hv. þm. að vera í algerðu ósamræmi við það, sem hann veit. (TT: Ég talaði um atvinnuleysistryggingarnar). Þessi tryggingamál yfirleitt, einnig atvinnuleysistryggingar, eru eins og ég hefi sagt, almennt umbótamál, sem umbótaflokkar víðsvegar um lönd hafa beitt sér fyrir; þeir flokkar yfirleitt, sem ekki hafa þá sömu stefnu, sem fram kom hjá einum hv. sjálfstæðismanni við eldhúsdagsumr., að sem flest vandamál þjóðarinnar eigi að vera „látin í friði", hafa beitt sér fyrir þessum málum, og því er mjög eðlileg sú afstaða, sem Framsfl. hefir tekið til þeirra hér á landi.

Ég vil þá leyfa mér að fara nokkrum orðum um einstaka kafla frv., sem fyrir liggur. Eins og hv. þm. geta séð, fjallar frv. um fjórar tegundir trygginga: slysatryggingar, sjúkratryggingar, elli- og örorkutryggingar og atvinnuleysistryggingar. Ein tegund þessara trygginga er ekki ný hér, slysatryggingarnar; l. um þær komu til framkvæmda fyrir nokkrum árum, og mér er nær að halda, að með þeim tryggingalögum hafi greitt atkv. menn úr öllum flokkum. Kafli frv. um slysatryggingar er þannig ekki nýr, heldur eru þar tekin upp hin eldri l. með nokkrum breyt., sem reynslan hefir sýnt, að eðlilegt er að gera. Hins vegar eru hinir þrír kaflar frv. ný löggjöf. Sjúkratryggingarnar eru byggðar á þeim grundvelli, að sjúkrasamlög verði stofnuð í hverjum kaupstað landsins og hverju hreppsfélagi, þó þannig, að aðeins í kaupstöðunum er um skyldutryggingar að ræða, en í hreppsfélögunum koma tryggingarnar fyrst til þegar meiri hl. kjósenda í viðkomandi hreppi hafa samþ. það. Það er gert ráð fyrir, eins og í þessum tryggingum yfirleitt, að þeir, sem tryggðir eru, beri meiri hlutann af kostnaði sjúkatryggingarnna, en ríkið og viðkomandi bæjar- eða sveitarfélag eigi að leggja fram tillag á móti iðgjöldum hinna tryggðu. Þessi opinberu tillög eiga samtals að nema ⅓ af tryggingarkostnaðinum, en þó ekki meira en 9 kr. fyrir hvern tryggingarskyldan mann frá hvorum aðila, þ. e. 9 kr. frá ríkinu og 9 kr. frá bæjar- eða sveitarfélaginu.

Elli- og örorkutryggingarnar eru hins vegar byggðar þannig upp í aðalatriðum, að hinir tryggðu eiga að bera uppi allan kostnaðinn, en gert er ráð fyrir því, að á þeim tíma, sem líður, þangað til sjóðir ellitryggingganna eru orðnir nægilega stórir til að standa undir þeim skyldum, sem á þeim eiga að hvíla, verði lagt fram úr ríkissjóði nokkurt fé til þess að þeir, sem aldraðir eru orðnir eða örorka, geti fengið nokkurn styrk þegar eftir að l. ganga í gildi. Verður sá styrkur þó nokkru minni heldur en gert er ráð fyrir að verði þegar tryggingarnar eru að fullu komnar til framkvæmda.

Atvinnuleysistryggingarnar eru þannig byggðar upp, að einstök félög verkamanna koma sér upp tryggingasjóðum, og það er þannig beint skilyrði til þess, að tryggingar gegn atvinnuleysi komist á, að félög verkamanna, eða hópar verkamanna innan félags þeirra, er sömu atvinnu stunda, séu fúsir til að leggja á sig þau gjöld, sem tryggingunum fylgja. Það verður því ekkert lagt fram úr ríkissjóði eða bæjarsjóðum til þessarar greinar trygginganna, nema verkamennirnir vilji það sjálfir og leggi á sig meiri hluta byrðanna, eða tvo þriðju af tryggingargjöldunum.

Ef þetta frv. er borið saman við þá tryggingarlöggjöf, sem gildir í öðrum löndum, t. d. Danmörku, svo tekið sé það landið, sem við höfum mest saman við að sælda, þá verður ekki sagt, að í því sé sérlega langt gengið, þó hins vegar telja megi farið fyllilega eins langt og eðlilegt er á þessu stigi, bæði hvað snertir framlög hins opinbera og þau hlunnindi, sem hinir tryggðu eiga að fá. Ef þetta frv. verður að l., sem gera má ráð fyrir, þá verður ekki annað sagt en við eigum tryggingarlöggjöf, sem er hliðstæð tryggingarlöggjöf annara landa hér í álfu, þeirra, er vel eru á veg komin á þessu sviði. Fer því þó fjarri, að lengra sé gengið hér heldur en gert hefir verið í þeim löndum sumum, jafnvel fyrir alllöngu. Ég tel sem sagt þetta frv. vel við unandi fyrir þá, sem eiga að njóta þess, án þess þó að hægt sé að telja það sérlega róttækt, samanborið við aðgerðir annara þjóða. Þetta er vert að festa í minni, því margir athuga það ekki, þegar andstæðingar slíkra mála þyrla upp ryki og falsrökum, að hér er ekki verið að gera annað en það, sem aðrar menningarþjóðir í álfunni hafa þegar gert, sumar fyrir alllöngu síðan, án þess að sósialistar eða aðrir álíka róttækir flokkar hafi verið við völd. Þetta er aðeins almennt menningarmál, sem þjóðirnar yfirleitt vilja koma á hjá sér.

Hv. 8. landsk. lét þess getið, að sér hefði skilizt, að einhverjir af framsóknarmönnum myndu ekki fylgja þessu frv., a. m. k. ekki atvinnuleysistryggingunum. Ég veit ekki, hvað hv. þm. hefir fyrir sér í þessu. Ég fyrir mitt leyti hefi gert ráð fyrir, að því leyti sem ég hefi um málið rætt, að ég gæti ekki fylgt frv. óbreyttu eins og það var lagt fram. En það liggur ekki fyrir nú að samþ. frv. óbreytt; það eru hér fram komnar ýmsar brtt., og sumar

allverulegar, sem við framsóknarmenn a. m. k. teljum til stórbóta. Ég geri ráð fyrir, að þessar brtt. verði samþ. og ræði málið á þeim grundvelli.

Eins og hv. þm. Barð. tók fram, leggur Framsfl. áherzlu á ýmsar brtt. á þskj. 667. Þær eru í sem fæstum orðum fyrst og fremst fólgnar í því, að sett sé hámarksupphæð, sem það opinbera leggi fram í þessum efnum, svo ekki sé hætta á ófyrirsjáanlegum útborgunum. Þess vegna er upphæðin ákveðin í brtt.

Önnur meginbreyt., sem Framsfl. leggur áherzlu á, er breyt. á ákvæðum frv.gr. um lífeyri til gamalmenna, með tilliti til þess, hvort þau eru búsett í kaupstöðum eða sveitum landsins. Sá kafli frv., sem fjallar um ellitryggingarnar, gerir ráð fyrir misjöfnum lífeyri, eftir því, hvar menn eru búsettir, en ekki ríður á að ákveða um þetta fyrr en rétt áður en sjóðurinn fer að greiða út. Það verður haldið áfram að safna í sjóðinn þeim greiðslum, sem til hans falla, og það er höfuðatriðið, eins og sakir standa nú.

Þá hefir meiri hl. n. gert nokkrar almennar breyt. á kaflanum um atvinnuleysistryggingarnar, sem eru þess eðlis, að Framsfl. mun fylgja þeim. Einnig hefir hv. þm. Barð. komið fram með brtt. á þskj. 697, sem fjallar um hæsta styrk, sem greiða má úr atvinnuleysissjóði. Í stað þess, að frv. miðar hámarkið við ¾ af fullu kaupi, kemur ⅔. Þetta er nákvæmlega sama hlutfall og í dönskum l. Annars skal ég taka fram, út af því, sem hv. þm. Snæf. sagði, að útgjöld ríkissjóðs til atvinnuleysistryggingganna næmu 75 þús. kr., að það er að vísu svo, að gert er ráð fyrir, að greiðslan geti numið þessari upphæð, ef öll verkamannastéttin stofnar sjóði og notar sér hámark frv. Hinsvegar sér hver maður, og einnig hv. þm. Snæf., að engar líkur eru til, að gjaldið fari svo hátt í náinni framtíð.

IV. kafli frv., sem fjallar um elli- og örorkutryggingar, er byggður upp í 3 flokkum. Í einum fl. er Rvík, í öðrum kaupstaðirnir og í þeim þriðja kauptúnin og sveitirnar. Þetta liggur þannig fyrir samkv. frv., áður en brtt. koma til, að gengið er út frá, að til úthlutunar komi til gamalmennanna það, sem inn kemur á hverju svæði með iðgjöldum og tekjuskatti. En vegna þess, að tekjuskatturinn verður langmestur hér í Rvík, verður eftir frv. lífeyrir til gamalmenna þar einnig langhæstur. Þykir okkur framsóknarmönnum þetta óeðlilega mikill munur.

Nú er ætlazt til, að iðgjöldin séu greidd á tvennan hátt, með persónugjaldi og tekjuskatti. Framsóknarmenn telja ekki rétt, svo framarlega sem „demokratiskt“ sjónarmið á að ríkja í löggjöfinni, að Rvík sé sett hærra, þó meiri gjöld komi þar inn en í sveitunum, sem eru fátækari, a. m. k. nú um skeið, og greiða þess vegna minni gjöld. Það væri ekki frjálslegt eða „demokratiskt“. Þess vegna hefir meiri hl. n. borið fram brtt. við frv. um, að þetta verði ekki ákveðið að svo stöddu, eða ekki fyrr en sjóðurinn tekur til starfa og greiðslur hefjast. En þangað til líður alllangur tími.

Með V. kafla frv. er verið að gefa verkamönnum, sem vilja leggja á sig persónuleg föst útgjöld sér til tryggingar í atvinnuleysi, kost á, að það opinbera veiti hlutfallslega aðstoð með því að leggja fram fé á móti. Hv. þm. Snæf. sagði, þegar hann var að tala um 75 þús. kr. tillagið til atvinnuleysissjóðanna — sem ég hefi sýnt fram á, að er í raun og veru rangt —, að úr því að framsóknarmenn hefðu viljað ganga inn á þá fjárveitingu, hefðu þeir þar með lýst yfir, að þeir teldu það nauðsynlegra en flest annað. Þetta eru hans óbreytt orð. En hvers vegna dettur hv. þm. í hug að segja þetta? Það er rétt eins og þessar 75 þús. séu sú hæsta fjárupphæð til almenningsþarfa, sem framsóknarmenn hafa greitt atkv. með. Ég skal aðeins minna hv. þm. á, að í fjárlögum undanfarinna ára hafa fyrir atbeina Framsfl. verið veittar 500—600 þús. kr. á ári til jarðræktar í sveitum landsins. Svo segir hv. þm. Snæf., að úr því að við viljum veita 75 þús. í þessu skyni, hljótum við að telja það nauðsynlegra en flest annað. Hvernig stendur á, að hv. þm. skuli koma fram með slíka speki hér í hv. d.?

Ég verð að segja, að mér þykir nokkuð einkennileg afstaða Sjálfstfl. í þessu eða þeirra hv. þm. flokksins, sem hafa látið til sín heyra. Er auðséð, að þeir ætla að leika sama leikinn og í ýmsum öðrum málum. Sumir hv. sjálfstæðismenn tala um þau gífurlegu framlög, sem þessi lög leggi á kaupstaðina. En hann kvartaði ekkert fyrir hönd sveitanna. En í eldhúsumr. var því haldið fram af sjálfstæðismönnum, að þessi gjöld kæmu á bak bændanna, þeir ættu að standa undir útgjöldunum. Það var önnur rödd en sú, sem nú heyrist frá hv. þm. og blöðum flokksins hér í Rvík. Það er hrópað og skrifað um, að engir skattar komi frá sveitunum, það sé Rvík, sem standi undir öllu landinu. Þegar talað er til fólksins úti í byggðum landsins, þá eru það sveitirnar, sem standa undir kaupstöðunum. En þegar þessir sömu hv. þm. tala við Rvíkinga, segja þeir, að vegna þess að engir skattar komi frá sveitunum, sé bezt fyrir Rvík að segja skilið við ríkið og búa út af fyrir sig að tekjum sínum og gjöldum.

Hv. þm. Snæf. segir, að við framsóknarmenn, umboðsmenn sveitanna, séum að samþ. gjöld, sem eingöngu fari til kaupstaðanna. En hv. 3. þm. Reykv. ræðst á brtt. meiri hl. allshn. vegna þess, að meiri hl. vill ekki slá því föstu, að gamalmennin í Rvík skuli fá þrisvar sinnum meira en gamalmenni sveitanna. Honum finnst ekki gengið á hlut sveitanna, heldur ræðst hann á okkur vegna þess, að kaupstaðirnir fá ekki forréttindi fram yfir sveitirnar.

Það er yfirleitt býsna margt, sem sagt hefir verið í sambandi við þetta mál, t. d. að með samþykkt þessa frv. sé verið að ýta undir fólksstrauminn úr sveitunum til kaupstaðanna. Því hefir verið haldið fram, m. a. af hv. þm. Snæf., að atvinnuleysistryggingarnar muni verða svo ginnandi, að menn muni ekki hugsa sig um að flytja til kaupstaðanna til þess að verða þeirra aðnjótandi. Um þetta getur vitanlega hver og einn sagt það, sem hann vill. Um það verður ekkert sannað nú. En ég hefi ekki trú á því, að atvinnuleysistryggingarnar geti orðið svo ginnandi, að fólkið streymi þess vegna úr sveitun-

um. Ég held, að það sé viðurkennt, þó kaup sé hátt hér í Rvík, að yfirleitt eigi verkamenn ekki sérlega létt með að lifa af launum sínum. Þó þessi l. verði samþ., verður alllangur biðtími frá því að menn verða atvinnulausir þangað til útborgun kemur til greina. Ég hefi því ekki trú á, að þó menn fái ⅔ af verkamannalaunum eftir að vera búnir að vera atvinnulausir í lengri tíma, þá verði það til að draga fólk í stríðum straumum til bæjanna.

Það má um það deila fram og aftur, hvort tíminn sé heppilegur til þess að samþ. slík l. sem þessi. Það má alltaf deila um, hvenær tíminn er hentugur til þess að samþ. nýmæli til almenningsþarfa. Vitanlega kemur ekki til mála að samþ. mál, sem hafa útgjöld í för með sér, nema séð sé fyrir tekjum til þess að standa straum af þeim. Enda er það kunnugt, að samkomulag hefir orðið um það milli þeirra flokka, sem standa að stj. landsins, að afla nokkurra nýrra tekna til þess að standa straum af þeim nýmælum, sem fram hafa komið á þingi. Þannig er fyrir því séð að standa undir þeim útgjöldum. En það er vitanlegt á tímum eins og nú, sem eru mjög erfiðir fyrir allan almenning, að þá er líka þörfin brýnust fyrir, að sem mest sé gert til þess að létta undir.

Það er rétt, sem hv. þm. Snæf. segir, að fólkið í sveitunum hefir falið framsóknarmönnum umboð á þingi, enda skilja þeir fyllilega þá þörf, sem það hefir fyrir því, að þjóðfélagið rétti því hjálparhönd. En auðvitað ætlumst við ekki til eða teljum sanngjarnt að hugsa eingöngu um hagsmuni ákveðinna stétta, heldur beri að hugsa jafnhliða um fólkið í sveitunum og kaupstöðunum. Við viljum líta á allar aðstæður fólksins. Á því byggist samstarf sveita og kaupstaða, að milli hinna vinnandi stétta sé gagnkvæmur skilningur á lífskjörum og lífsbaráttu. Og nú er verið að koma fram málum með pólitísku samstarfi, sem skapazt hefir milli flokka, sem sýna þennan gagnkvæma skilning hvor á annars málum, báðum aðilum til hagsbóta.

Stefán Jóh. Stefánsson: Það eru aðeins nokkur orð áður en þessari umr. er lokið, út af því, sem komið hefir fram undir umr. — Það virðist ekki vera ágreiningur um þörf þeirra trygginga, sem frv. ræðir um. Er það vel skiljanlegt um slysatryggingarnar, því l. um þær eru búin að vera í gildi í 10 ár, í svipuðu formi og í frv. Er reynslan af þeim sú, að engum hv. þm. dettur í hug að breyta þeim. Um ellitryggingarnar eru menn ekki heldur verulega ósammála. Það er aðeins eitt atriði úr brtt. meiri hl. allshn., sem rétt er að drepa á. Er það brtt. um að fella niður ákvæðið um þá upphæð, sem menn eiga að fá úr ellitryggingunni, þegar hún kemur til fullra framkvæmda. Ástæðan til þess, að Alþfl. hefir gengið inn á að fella þetta ákvæði niður, er sú, að ekki náðist samkomulag við samstarfsflokkinn um þetta atriði, enda ekki nauðsynlegt að kveða á um þetta nú, þar sem a. m. k. líða 12 ár þangað til það kemur til framkvæmda. Hinsvegar telur Alþfl. þetta réttan grundvöll, þó ekki verði hann lögfestur að þessu sinni. Það kemur m. a. til af því, að búast má við, að á næsta ári geti verið komin á veruleg breyt. á efnahagsafkomu manna víða um land, og það gerir það að verkum, að sá grundvöllur raskast, sem byggt er á í frv., og þess vegna er ekki tímabært nú, löngu áður en þetta kemur til framkvæmda, að slá þessu föstu. Ég vil taka það fram, að gefnu tilefni í ræðu hv. 3. þm. Reykv., að við fulltrúar Alþfl. í allshn. erum honum að vissu leyti sammála um þetta, þótt við gætum fúslega fallizt á, að þetta sé ekki lögbundið nú á þessum tímum. Það eru tvær tegundir trygginga, sem hafa aðallega vakið umr. í þessari hv. d., og það eru atvinnuleysis- og sjúkratryggingar. Hv. minni hl. allshn. hefir lagzt gegn sjúkratryggingunum í þeirri mynd, sem þær eru í, eftir því sem frv. gerir ráð fyrir, og fært það fram sem rök fyrir sínum till., að á þessum erfiðu tímum sé verið að leggja þungan persónulegan skatt á þá tryggingarskyldu menn, sem þetta frv. ræðir um, með þessum tryggingum. Nú erum við, sem erum í meiri hl. þeirrar skoðunar, að á þessum örðugu tímum, þegar mest þjakar að alþýðunni í landinu, sé einmitt mest nauðsyn á því, að afkoma manna sé sem bezt tryggð með þeim hætti, að hvorki sjúkdómar, örorka né heldur elli fái þeim grandað á sama hátt og átt hefir sér stað hingað til. Þess vegna teljum við ekki ótímabært að lögfesta sjúkratryggingar. En þau rök hv. minni hl. n., að með þessu sé verið að leggja þungar byrðar á einstaklingana, sem eru tryggðir, þau stangast nokkuð við þá till. þessa hv. minni hl. um það að draga úr tillagagreiðslu þeirra manna, sem helzt geta innt þessar greiðslur af hendi, en það eru þeir, sem hafa 4500 kr. í tekjur, að frádregnum persónufrádrætti. Meiri hl. n. lítur þannig á, að þeir, sem eru betur efnum búnir, eigi að styrkja þá, sem verr eru settir, með því að greiða í þennan sjóð og að tillagagreiðsla þeirra manna, sem ekki njóta trygginganna, geti orðið til þess að létta undir með hinum. Mér skildist á ræðu hv. 7. landsk., að hann teldi vafasamt fyrir sveitirnar að taka á sig þessi persónulegu gjöld, sem gert er ráð fyrir í sjúkratryggingunum, en því er til að svara, að þær eru ekki lögboðnar fyrir utan kaupstaðina, og hreppunum er í sjálfsvald sett, hvort þeir vilja komu þessum tryggingum á hjá sér eða ekki. En reynslan í sumum kauptúnum landsins hefir sýnt, að menn hafa lagt hart á sig til þess að fá slíkar sjúkratryggingar. Ég vil benda á dæmi, sem hv. 7. landsk. þekkir, þ. e. sjúkrasamlag Sauðárkróks. Þar greiða margir menn, og einnig af þeim fátækari, eftir því sem ég hefi fengið upplýsingar um, 2.50 kr. á mann til sjúkrasamlagsins, og býst ég við, að fæstir telji það eftir sér að greiða þetta litla tillag, þegar þeir með því sjá sér fyrir ókeypis læknishjálp, ef sjúkdóma ber að höndum. Þegar við athugum starfsemi sjúkrasamlags Rvíkur, sem starfað hefir nokkuð lengi, þá sjáum við, að þar sem fjöldi fátækra manna hefir greitt 3.75 kr. í tillag til samlagsins árið 1933, svo eitthvert ár sé til tekið, þá álíta menn yfirleitt, að það borgi sig að vera í sjúkrasamlögum og njóta þeirra hlunninda, sem það hefir í

för með sér fyrir þá, enda þótt fátækt fólk eigi vitanlega oft mjög erfitt með að inna greiðslu á sjúkrasamlagstillögum af hendi. Ég held því, að hvorki sé því til að dreifa, að greiðsla sú, sem einstaklingar eiga að inna af hendi til sjúkrasamlaga, né heldur því, að hið örðuga ástand meðal almennings í landinu geti gert það að verkum, að ekki beri að lögfesta sjúkratryggingar, eins og gert er ráð fyrir í frv. því, sem hér liggur fyrir.

Þá vil ég minnast dálítið á atvinnuleysistryggingarnar, sem sætt hafa miklum andmælum af hálfu hv. sjálfstæðismanna hér í þessari hv. d., hafa þeir einkum fundið þeim það til foráttu, að með þessu væri verið að auka útgjöld ríkissjóðs og bæjarsjóða, og auk þess myndi þetta verða til þess að auka aðstreymi fólksins úr sveitunum til bæjanna. Eins og hv. þm. N.-Þ. minnti á, mun ekki vera hægt að reikna með því, að þessi upphæð, sem greiða á af opinberu fé, verði a. m. k. í náinni framtíð jafnmikil eins og gert er ráð fyrir í frv., og ég þori að fullyrða, að sú upphæð, sem lögð verður fram úr ríkissjóði á næsta ári fyrir atvinnuleysistryggingar, getur ekki numið meiru en 20—30 þús. kr. Þetta svarar til þess, að 2000—4000 menn stofni með sér atvinnuleysissjóð, og ég ætla, að það sé mjög hæpið, að þeir verði fleiri í upphafi en sú tala, sem ég hefi nefnt. Hvað það atriði snertir, að þetta dragi menn úr sveitunum til Rvíkur, þá er því að svara, að það eru ekki atvinnuleysissjóðir, alþýðuhreyfingin eða verkalýðsfélögin, sem dregið hafa fólkið til bæjanna, heldur eru það fyrst og fremst atvinnufyrirtækin, sem starfa við sjóinn og í kaupstöðunum, og ekki síst togaraútgerðin, er það kunnugra en frá þurfi að segja, að það er einmitt stórútgerðin, sem átt hefir mjög sterkan þátt í því, að fólkið hefir hópazt til Rvíkur úr sveitunum, sumpart til þess að setjast hér að fyrir fullt og allt og sumpart til að dvelja hér um lengri eða skemmri tíma í atvinnuleit. Ég ætla, að hv. þm. Snæf. og fleiri, sem líkt er ástatt um í þessu efni, hafi einmitt orðið til þess að draga allmarga menn til Rvíkur í atvinnuleit, því að úr kjördæmi hans munu allmargir menn hafa leitað atvinnu hjá því atvinnufyrirtæki, sem hann veitir forstöðu m. a., og hefir hann því átt þátt í því að auka fólksaðstreymi til Rvíkur. (TT: Það var líka áður en ég varð þm.). Satt er það að vísu, en ekki mun hafa dregið úr komu Snæfellinga hingað eftir að hv. þm. varð fulltrúi þeirra hér á þingi.

Hv. þm. Snæf. sagðist heldur vilja verja fé til aukinna framkvæmda en til atvinnuleysistryggginga, en það mun nú reyna á hann og hans flokksbræður við afgreiðslu þessara fjárl., hversu ríflega þeir greiða atkv. með þeim fjárveitingum, sem ganga til ýmsra verklegra framkvæmda.

Þá vil ég minnast á atriði, sem fram hefir komið í þessum umr., bæði hjá hv. þm. Snæf. og hv. 8. landsk., en þeir héldu því fram, að þetta frv. til alþýðutrygginga, sem hér liggur fyrir, nái miklu skemmra en frv. til alþýðutrygginga, sem borið var fram af Alþfl. á þingi árið 1930. Ég skal fúslega játa, að þetta frv., sem hér liggur fyrir, nær miklu skemmra heldur en hitt frv. og er að mörgu leyti ekki nærri eins aðgengilegt. Ástæðan fyrir þessu er afar-eðlileg. Með fyrra frv. er gerð grein fyrir því, sem Alþfl. taldi heppilegasta fyrirkomulagið á atvinnuleysistryggingunum og hann ætlaði að reyna að lögfesta, ef hann næði meirihl.aðstöðu á þingi. Hinsvegar er þetta frv. árangur af samstarfi tveggja flokka, sem að sumu leyti hafa ólík sjónarmið að því er þessi mál og fleiri snertir, og þetta frv. er mótað af því samkomulagi, sem varð milli þessara tveggja flokka, en Alþfl. hefir ekki búizt við, að hann gæti í samstarfi við nokkurn annan flokk komið á jafngóðum alþýðutryggingum og hann vildi, en hann telur samt mikið unnið með þessu frv., sem Framsfl. fylgir og hefir sýnt fullan skilning á, að þurfi að ná fram að ganga á þessu þingi. Það er hægt að byggja ofan á þann grundvöll, sem þetta frv. er byggt á, eftir því sem reynslan gefur tilefni til og stundir líða fram.

Út af því, að hv. þm. Snæf. sagði, að frv. frá 1930 hafi fengið slæma dóma, þegar það var sent til umsagnar til vinnumálaskrifstofunnar í Genf, skal ég geta þess, að sú umsögn var ekki þess eðlis, að frv. væri fordæmt eða hugsun þess; það var farið viðurkenningarorðum um mörg atriði frv., en það var bent á nokkuð aðra leið í þessu efni heldur en frv. gerði ráð fyrir, og er sú leið farin víða erlendis í tryggingarmálum. Það fer því fjarri því, að Alþfl. hafi að nokkru leyti fallið frá þeim skoðunum sínum á þessum málum, sem fram koma í frv. frá 1930, en hitt er sannleikurinn í þessu, að hann gat ekki gengið lengra í þessu efni núna í þetta skipti, sökum þess að hann er einn út af fyrir sig í minni hl. hér á þingi.

Jón Pálmason: Mér þykir satt að segja nokkuð fámennt hér í hv. d. til þess að halda áfram umr. um þetta stórmál. Sérstaklega sakna ég þess, að hæstv. fjmrh. er hér ekki viðstaddur, því að þegar um jafnþýðingarmikið fjárhagsmál fyrir ríkissjóð og almenning er að ræða og þetta mál, þá er náttúrlega ekki sízt ástæða til að tala við hann. Í þessu sambandi verður ekki hjá því komizt að líta nokkuð yfir fjárhag landsins. Það hefir verið svo undanfarið, að það hefir alltaf þokazt meira og meira í þá átt, að auka smátt og smátt útgjöld ríkissjóðs. Það er kunnugra en frá þurfi að segja, að fjölmörgum stofnunum hefir verið komið á fót, sem allar hafa í för með sér stórútgjöld fyrir ríkissjóð. Það er líka kunnugt, að á því 8 ára tímabili, sem Framsfl. hefir farið með fjármálavaldið í þessu landi, hafa útgjöld ríkissjóðs numið hvorki meira né minna en 140 millj. króna. Það er vitað, að eftir því sem lengra hefir liðið á þetta tímabil, hafa föst útgjöld ríkissjóðs í fjárl. farið vaxandi. En þrátt fyrir það, að atvinnuvegir landsmanna eru að þrotum komnir undir þeim álögum, sem á þeim hafa hvílt, þá má þó segja, að mikið af þessum auknu útgjöldum ríkissjóðs á seinni árum hafi gengið til aukinna umbóta og menningar í einni eða annari mynd; en í þessu sambandi ber bara að athuga, hversu mikið atvinnuvegir landsins þola

að bera af skattaálögum, jafnvel þótt mikið af því fé gangi til aukinna framfara á ýmsum sviðum. Það hefir komið í ljós samkv. upplýsingum, að það eru um 300 þús. króna, sem ætlazt er til, að ríkissjóður greiði árlega til þeirra mála, sem hér eru til umr. Eins og kunnugt er, var gerður samningur milli stjfl. um það, að leggja á bráðabirgðaskatt fyrir eitt ár í senn til þess að koma þessu í framkvæmd. Ég skal ekki um það segja, hvort þessi bráðabirgðaskattur muni svara til þeirra áætlana, sem gerðar hafa verið um þetta, á næsta ári, en hitt er ljóst, að þótt þær tekjur, sem ríkissjóði er ætlað að fá með þessum skatti, bregðist ekki á næsta ári, þá er ekki ómögulegt, að þær geti brugðizt á næsta ári þar á eftir. Í þessu sambandi má geta þess, að þegar lagður er svona hár tekjuskattur á, og gert er ráð fyrir að draga hann frá tekjum þess árs, sem á eftir kemur, þá verður það vitanlega til þess að rýra skattinn á því ári, sem á eftir kemur, að miklum hluta. Hitt er kunnugt, að það er stefna núv. hæstv. stj. að draga sem mest úr innflutningnum, og það gerir það eðlilega að verkum, að viðskiptagjaldið og þeir tollar, sem heimtaðir eru í ríkissjóðinn, minnka. Hvað þessar almennu tryggingar snertir, þá er því ekki að leyna, að þær eru stórt umbótamál, sem allir flokkar eru vitanlega sammála um, að sé í sjálfu sér mjög nauðsynlegt. Það fer þess vegna fjarri því, að ég vilji veita þessu máli mótstöðu, vegna þess að ég telji það ekki til umbóta; en það, sem markar mína afstöðu í þessu máli, er það, hvort hægt sé að bæta þeim auknu skattaálögum á landslýðinn, sem þetta frv. gerir ráð fyrir, þar sem fjárhagur þess opinbera og fjölda einstaklinga í landinu er jafnbágborinn og raun ber vitni um. Það væri t. d. mjög ákjósanlegt, að hver einasti Íslendingur væri líftryggður, en það er vitanlega ekki hægt að koma því í framkvæmd vegna bágborins efnahags alls þorra landsmanna, enda þótt allir sjái, hversu nauðsynlegt þetta væri. Þegar svo er komið, að útsvör til sveitarfélaga innheimtast illa eða alls ekki, þá er auðsætt, að það er óhjákvæmilegt að draga úr þeim útgjöldum, sem ekki eru alveg óhjákvæmileg.

Að því er snertir þann þátt þessara trygginga, sem atvinnuleysistryggingar nefnast, þá hefir verið að því vikið bæði af hv. 7. landsk. og hv. þm. Snæf., að hér er áreiðanlega um mjög vafasama braut að ræða, og kemur þar fleira til greina en þau útgjöld, sem um er að ræða í þessu sambandi af hálfu þess opinbera og þeirra manna, sem til þessara mála eiga að greiða. Hv. 1. landsk. hélt því fram, að það væri ekki rétt, sem almennt er haldið fram, að straumur unga fólksins frá sveitunum til kaupstaðanna væri sprottinn af kaupgjaldskröfum verkalýðssamtakanna, heldur taldi hann þetta stafa frá stórútgerðinni í bæjunum. Ég held, að hv. þm. fari alveg villur vegar í þessu efni, því að þótt það sé rétt, að sjávarútvegurinn hafi átt nokkurn þátt í þessu, þá hefir það tvímælalaust verið öruggasta sporið til þess að hrinda þessum fólksflutningum úr sveitunum áfram, að síðustu ár hefir það komið í ljós, að það hefir verið arðvænlegast fyrir hvern einstakling að vera óbreyttur verkamaður í kaupstöðunum, aðallega Rvík náttúrlega, og bera ekki ábyrgð á framleiðslunni í sveitunum. Þetta er sterkasta aflið, sem dregið hefir fólkið til kaupstaðanna úr sveitunum. Og verði haldið áfram að auka atvinnubótavinnu í bæjunum og verði komið á atvinnuleysistryggingum, þá er það alveg auðséð, að af því leiðir aukinn fólksstraumur til bæjanna.

Viðvíkjandi því, sem rætt hefir verið í þessu sambandi, hvaða upphæð mundi þurfa til allra þessara trygginga úr ríkissjóði, bæði ellitryggginga, sjúkratryggginga og atvinnuleysistryggginga, þá virðist svo, eftir því sem málið liggur fyrir, að það sé alveg óútreiknanlegt, því það fer eftir svo mörgum ástæðum, sem ekki er hægt að gera sér grein fyrir fyrirfram. Það má búast við, að það verði svipað með þann kostnað og berklavarnakostnaðinn. Þegar þau l. voru sett, var kostnaður af þeim áætlaður tiltölulega lítill fyrir hið opinbera, en í framkvæmdinni reyndist þetta allt annað. Í þessu sambandi kemur það mjög til greina, að þegar fólk hefir von um þá fyrirhafnarlitlu hjálp, sem leiðir af þessari umbót, þá hefir það minni hvöt til þess að hjálpa sér sjálft. Það hafa verið nefndar 75 og jafnvel 35 þús. kr. til þess að standa straum af atvinnuleysistryggingunum, en slíkar tölur svífa algerlega í lausu lofti, það verða meiri og stórslegnari upphæðir, sem til þarf, en þær, sem nefndar hafa verið. Viðvíkjandi því, að hv. þm. N.-Þ. var að bera saman jarðræktarstyrkinn til bænda og þennan styrk til kaupstaðanna, þá er þar ólíku saman að jafna og alls ekki sambærilegt. Jarðræktarstyrkurinn er greiddur fyrir unnin verk, sem koma til góða þeim mörgu mönnum, sem eiga við framkvæmdirnar að búa í ókominni framtíð, en hér er um að ræða fé, sem veitt er til þess að halda uppi fólki, sem vegna veikinda, elli, atvinnuleysis eða atvinnu, sem það vill ekki sætta sig við, getur ekki séð fyrir sér sjálft.

Ég vil nú vænta, að hv. þdm. sjái það, að ég legg áherzlu á það fyrst og fremst, að ég tel eins og sakir standa hvorki til fé hjá ríkissjóði, sýslufélögum, sveitarfélögum eða einstaklingum fyrir hendi til þess að vit sé í að slengja þessu frv. gegnum þingið nú í einni svipan. Ekki af því, að þetta sé ekki nauðsynlegt mál, heldur eins og kunnugt er, að menn verða alltaf að sníða sér stakk eftir vexti og láta útgjöldin takmarkast af þeim tekjum, sem um er að ræða. Þessi ummæli mín ná þó ekki til þess þáttar í frv., sem kallast atvinnuleysistryggingar, því ég er í öllum tilfellum skilyrðislaust á móti þeim. En með tilvísun til þeirra ástæðna, sem ég hefi nú fært fram, mun ég þó að þessu sinni greiða atkv. gegn frv. í heild.

Jakob Möller [óyfirl.]: Hv. þm. N.-Þ. virtist undrandi yfir því eða vilja átelja það, að svo liti út, sem Sjálfstfl. ætlaði ekki að verða það sem hann kallaði hreinn í málinu, heldur ætluðu þm. flokksins að skiptast, sumir með, sumir móti og sumir með ýmsum aths. og fyrirvörum með því, aðrir minni fyrirvörum móti

því o. s. frv. Ég skil það vel, að þessum hv. þm. þyki þetta undarlegt, en okkur sjálfstæðismönnum finnst það mjög eðlilegt. Það er sem sé alkunnugt, að í Sjálfstfl. er fullkomið skoðanafrelsi. Það þekkist ekki í þeim flokki, að bundnar séu hendur manna í einstökum málum, og gildir alveg sama þar um þetta mál og önnur. Ég skildi ekki hv. þm. svo, að hann væri að öfundast yfir þessu frelsi í Sjálfstfl., heldur taldi hann, að þetta væri ljóður á ráði flokksins, og er það af því einu, að hann kann ákaflega vel við hinn siðinn, að flokksmennirnir verði að hlíta því í einu og öllu, sem meiri hl. flokksins samþ. á flokksfundum. Ég óska honum til hamingju með þessa skoðun og þær siðferðiskröfur, sem hún byggist á, en ég kýs mér heldur að hlíta reglum minna flokksmanna en hans flokks og að því er mér skilst bandalagsflokksins líka í þessum efnum. Þessi sami hv. þm. var að reyna að finna ósamræmi í því, að sagt væri, að bændur gyldu ekki skatta til ríkisins, en þó væri því haldið fram, að gegnum framlög ríkisins til þessara trygginga væri þeim haldið uppi af bændum í landinu. Hv. þm. virðist alveg ganga framhjá öðru frv., sem hér er á ferðinni í þinginu, borið fram í þeim sérstaka tilgangi að afla tekna vegna þessara trygginga, en það er þetta samkomulagsfrv. stjórnarflokkanna um bráðabirgðatekjuöflun ríkissjóðs, þar sem gert er ráð fyrir að afla tekna með tvennu móti: Annarsvegar með því að hækka tekjuskattinn, en hinsvegar með tollum. Hækkun tekjuskattsins er ekki gert ráð fyrir, að nemi meir en 180 þús. kr., og jafnvel þó það færi allt til þess að standa straum af tryggingafrv. þessu, þá mundi það ekki nema meir en helmingi af því, sem til þyrfti frá ríkissjóði, svo verulegum hluta af peningum til þessa fyrirtækis yrði að ná með tollum, og ef hv. þm. athugar það, hvaða vörur það eru, sem tollaðar eru í þessu frv., þá mun hann komast að raun um, að það eru engu síður nauðsynjavörur þeirra, er landbúnað stunda, heldur en annara.

Hv. þm. reyndi að gera sér mikinn mat úr því, að ég lýsti mig andvigan brtt. við 56. gr. frv., sem flokksbræður mínir hafa lýst sig samþykka, og skildist mér hann ætla að reyna að nota þessa afstöðu mína til dómsáfellis fyrir Sjálfstfl. í sveitunum. Ef það er röng skoðun, sem ég hefi á þessu atriði, þá verð ég að bera ásakanir hans einn, meðan enginn flokksbróðir minn lýsir sig mér samþykkan, hvorki nefndarmennirnir eða aðrir. Annars er ég reiðubúinn til þess að ræða við hv. þm. N.-Þ., hvort réttmætara er, að 56. gr. standi óbreytt, eða að henni verði breytt samkv. skoðun hans, því tilgangur ellitrygginganna er alveg bersýnilega sá, að koma í stað sveitarframfærslu þeirra gamalmenna, sem ekki eru sjálfbjarga, þannig að þau fái sinn lífeyri úr lífeyrissjóði. Hér er því í raun og veru ekki önnur breyting en sú, að lífeyrissjóður kemur í staðinn fyrir sveitar- og bæjarfélögin til að sjá fyrir gamalmennunum. Nú er því þannig háttað með framfærsluna, að talið er, að hvert sveitar- og bæjarfélag fyrir sig eigi að framfæra sína menn, en ekki að fá hjálp til þess frá öðrum sveitarfélögum, og það er sá skilningur í frv., að framfærslan á hverjum stað skuli koma til góða þeim gamalmennum, sem þar eiga framfærslurétt. Annars, ef frá þessu er vikið, þá er framfærsluskyldan flutt frá einu sveitar- eða bæjarfélagi á annað. Þetta er það, sem hv. þm. N.-Þ. vill, og ég tel ekkert réttlæti í því, enda er með slíku fyrirkomulagi tryggingа-prinsipið gersamlega brotið, það sem frv. byggist á. Nú er fyrirkomulagið þannig, að einstaklingarnir greiða misjafnlega há iðgjöld til lífeyrissjóðs, og þá verða þeir einnig að hafa mismunandi rétt til stuðnings frá sjóðnum. Alveg eins er með þau framlög, sem greidd eru af skattborgurunum á hverjum stað, að þau eru greidd til að styrkja þau gamalmenni, sem þar eiga framfærslurétt, og má segja, að með því séu framfærsluhéruðin einnig að tryggja sig gagnvart framfærslu gamalmennanna. Þess vegna er ómögulegt að hnekkja því, að frv. óbreytt á meiri rétt á sér heldur en það fyrirkomulag, sem hv. þm. N.-Þ. vill vera láta.

Ég skal svo ekki tefja umr. með meiri málalengingum, vildi aðeins gera ýtarlegri grein fyrir skoðun minni á þessu atriði en ég gerði í dag.

Jóhann Jósefsson: Ég hefi fyrir mitt leyti ávallt verið því fylgjandi að innleiða tryggingar á vissum sviðum fyrir alþýðu, en mér hefir hinsvegar oft og tíðum verið nóg boðið að sjá, hve þeir, sem lengst hafa talið fært að fara, hafa viljað stiga stór spor í þá átt. Glöggasti votturinn um það var frv. sósialistanna á þinginu 1933. Það frv. fékk að vísu enga afgreiðslu á því þingi. Var víst litið svo á það frv. af framsóknarmönnum eins og öðrum en sósialistum, að það væri langt frá því takandi í mál að lögleiða það í því formi, sem það þá lá fyrir þinginu. Frv. það, sem hér liggur fyrir, er nú búið að vera til athugunar í þessari hv. d. í eitthvað tvær vikur, og hefir það í sér innifólgnar allar tegundir alþýðutrygginga. Þetta mál er svo stórt, að það er stinningsbók með öllum fylgiskjölum.

Nú hefir svo skipazt, að sá flokkur, sem minnst vildi sinna þessu máli 1933, hefir nú, að því er virðist, tekið höndum saman við sósialistana um að hespa málið af lítið athugað. Sá allshn.maður, sem fyrir Framsfl. hefir haft framsögu í málinu, hefir að vísu sett það skilyrði fyrir sínu fylgi og líklega flokksins við frv., að vissar brtt. verði samþ., en þegar þær brtt. eru athugaðar, virðist svo sem þetta skilyrði sé aðeins gert að yfirvarpi. Það, sem gerzt hefir í málinu, er ekki að Framsfl. hafi skipt um skoðun, heldur hefir hann nú verið kúgaður til þess að fylgja í blindni þessum till., sem að vísu hafa verið allvel athugaðar milli þinga, en svo hefir það verið ákveðið og því slegið föstu, að frv. skyldi ganga fram án frekari athugunar. Margt bendir til þessa, og t. d. það, að framsóknarmenn hér í hv. d. láta sig umr. um það engu skipta. Þeir ganga af fundi og eru úti um hvippinn og hvappinn meðan þetta stórmál er rætt. Mér virðist, að þegar slík mál sem þetta liggja fyrir Alþingi, ætti það eftir ýtarlegar umr. að leggjast fyrir sýslu- og bæjarfélög

til umsagnar og athugunar milli þinga, sérstaklega þegar svo skammt er milli þinga og nú er, og með tilliti til þeirra erfiðu tíma, sem við lifum á, og þeirra þungu byrða, sem frv. leggur á herðar einstaklinga, sveitar- og bæjarfélaga og ríkisins, þá ætti það að vera skylda að gera ekki svo stórvirkar breyt. og lagasetningar án þess að þessum aðilum sé gefinn kostur á að athuga till., án þess þeir séu heyrðir í málinu. Sósialistar kippa sér ekki upp við neitt í þessu efni, og hjá þeim virðist ekki annað ráða en metnaður og kappgirni. Þeir vilja keyra málið í gegn, hvort sem öðrum líkar betur eða verr. Það er vitað, að framsóknarmenn eru frv. alls ekki fylgjandi í hjarta sínu, en þeir eru kúgaðir til fylgis við það vegna samningamakks á bak við tjöldin, aðeins af hræðslu við það, að sósialistarnir muni annars hlaupa frá þeim og úr stjórninni. Af þessari nauðung orsakast sú kyrrð og lognmolla, sem er yfir framsóknarmönnum í þessu máli. Út af fyrir sig verður á þessu engin bót ráðin af okkur andstæðingum stjórnarflokkanna. Framsóknarmenn eiga það vitanlega við sig sjálfa, hverja aðstöðu þeir hafa skapað sér í málinu, en hjá hinu verður ekki komizt, að taka eftir því, með hve miklu hirðuleysi og skeytingarleysi þessi stærri stjórnarflokkur tekur sér fyrir hendur að stórauka gjaldabyrðir bæjar- og sveitarfélaga.

Það hefir verið hér við umr. minnzt á allmörg atriði frv. og ýmsar brtt., sem fyrir liggja, en ég verð að segja, að fæst af því skiptir miklu máli. Ég vil segja það um till. um sjúkratryggingarnar fyrir sig, að mér finnst það ekki svo mikið þyngra, að menn njóti ekki þeirra trygginga, þó þeir hafi goldið til þeirra, ef þeir hafa visst hámark tekna. Ég tel þetta ekki höfuðgalla, en vissulega er það satt, að það er töluvert óviðkunnanlegt, að menn greiði til þeirra kannske langa ævi án þess að njóta tryggingganna, en það, sem í mínum augum er höfuðgalli á þessum till., er, hversu mjög þær auka útgjöld einstaklinga í bæjar- og sveitarfélögum yfir höfuð. Ég hefði haldið, eftir allt það tal hér á þingi og vandræðastunur mínar og annara um hag bæjar- og sveitarfélaganna, um það, hvernig þau berjast í bökkum, að þá hefðu stjórnarflokkarnir hugsað sig dálítið um áður en þeir á sama þinginu fóru að íþyngja þeim með nýjum álögum; en því er nú ekki að heilsa. Þrátt fyrir hin fyrirsjáanlegu vandræði á nú að afgreiða l., sem stórum auka vandræðin á hinum mestu vandræðatímum. Ég veit, að í Vestmannaeyjum mun sjúkratryggingin einvörðungu kosta bæinn nær 30 þús. kr. Og þar að auki á það að greiða iðgjald í þennan sjóð fyrir alla þá, sem eru komnir yfir þennan aldur og njóta opinberrar framfærslu í bænum. Hér er aðeins eitt örlitið atriði, sem sýnir það, að útkoman verður í bili mikil þyngsli fyrir bæjarfélagið. Að vísu er hægt að segja sem svo, að þessar ráðstafanir í heild sinni, sem hér liggja fyrir, eigi að létta í framtíðinni á tilkostnaði bæjanna til læknishjálpar, sjúkrastyrks og þvílíks. Getur vel verið, að sú verði raunin á einhverntíma. En ég er í efa um, að það beri tilætlaðan ávöxt. Ég er því miður hræddur um, að hann verði ekki eins glæsilegur og hér er gefið í skyn. Og í öðru lagi er það — og það ræður meiru hjá mér í þessu efni —, að bæjarfélögin verða hér að sæta mjög þungum búsifjum, sem þau uppskera engan ávöxt af fyrr en einhverntíma í nokkuð fjarlægri framtíð. Væri veltiár og góðæri nú, þá væri ekkert við því að segja, þó að valinn væri tími til þess að koma þessu áleiðis. En einmitt af því að hjá bæjarfélögunum er hallæri hvað fjárhag snertir, þá er tíminn ákaflega illa valinn.

Það, sem hér er sagt um bæjarfélögin í sambandi við sjúkratryggingatillagið, á nákvæmlega eins við um einstaklinga, sem borga eiga þessi iðgjöld, sem geta orðið 36 kr. á hvert nef. [Frh.].

Umr. frestað.

Á 92. fundi í Nd., 6. des., var enn fram haldið 2. umr. um frv. (A. 405, n. 667 og 688, 676, 695, 697, 700, 713).

Of skammt var liðið frá útbýtingu brtt. 700 og 713. — Afbrigði leyfð og samþ. með 19 shlj. atkv.

Jóhann Jósefsson [frh.]: Ég hafði ekki til fulls lokið máli mínu, þegar umr. var frestað síðast, og þykir mér rétt að nota þetta tækifæri til þess að segja það, sem ég þá átti eftir ósagt.

Ég hafði bent á, að þrátt fyrir, þó það mætti að mörgu leyti teljast nauðsynlegt að koma sjúkratryggingunum í lag, þá væri núna einhver sá óheppilegasti tími til þess að lögbjóða þær eins og hér liggur fyrir, með miklum skatti á einstakling, sem þrautpíndir eru fyrir. Það er þó sök sér, ef einar tryggingar eru teknar fyrir í einu, en þegar á að fara að lögbjóða allt tryggingakerfið í einu, þá verða gjaldþyngslin þeim mun tilfinnanlegri fyrir einstaklinga, þegar öllu er dembt á í einu. Ég er samþykkur að mörgu leyti — þó ekki að öllu leyti — því, sem minni hl. allshn. heldur fram í nál. sínu. En mér finnst samt sem áður, þó ég sé samþykkur minni hl. um það, að mest liggi á ellitryggingunum, að þá hefði ég líka viljað, að hinar tryggingarnar væru þannig afgr., að bæjar- og sveitarfélög hefðu tækifæri til þess fyrir næsta þing að taka afstöðu til þessara mála, sérstaklega með tilliti til þess, hvað þessum aðilum er fært að bæta á fjárhagsáætlanir sínar af kostnaði þeim, sem er í sambandi við þetta. Ég minntist á það áður, sem allir vita raunar, að það hefir komið fram hér á hv. Alþ., hvað erfitt bæjarfélögin eiga fjárhagslega. Þetta hefir brotizt svo út, að jafnvel sósialistar viðurkenna, að þessi vandræði séu svo mikil, að þeir vilja ganga í bága við fyrri kenningar sínar um skattaálagningu til þess að rétta við hag bæjarfélaganna. Það mun nú vera ákveðið að reyna að finna leiðir til tekjuöflunar fyrir bæjarfélögin, en mjög er það enn óljóst, hvaða leið verður farin til þess að afla tekna. Og því síður er það sýnt, að það takist að benda á nokkra haldkvæma leið í því efni. Á meðan svo er ástatt, þá er það að minni hyggju ólíkt viturlegra, sérstaklega fyrir fjármálastjórn þessa lands, að hlífast við að lögfesta stórkostlega aukinn kostnað fyrir bæjar-

félögin, meðan allt er í óvissu um það, hvernig þeim tekst að afla tekna fyrir þeim útgjöldum, sem nú hvíla á þeim. En það hefir sennilega aldrei flogið í hug þeirri fjármálastjórn, sem við eigum nú við að búa, að fara þessa varkárari leið. Þó að barlómurinn gangi fjöllunum hærra, ef það er nefnt að veita fé til hinna nauðsynlegustu fyrirtækja bæjarfélaganna, og sagt, að þrátt fyrir 15 millj. kr. fjárlög sé ekki fé fyrir hendi til hinna nauðsynlegustu framfarafyrirtækja, þá er ekki skirrzt við að auka útgjöld fyrir hin sömu bæjarfélög með nýrri löggjöf.

Sá kaflinn af þessu lagafrv., sem mér finnst mjög óaðgengilegur, er kaflinn um atvinnuleysistryggingarnar. Ég hefi áður látið í ljós, að ég er hlynntur því að koma föstu skipulagi á styrkinn til ellihrumra manna, svo þeir þurfi ekki að kvíða sulti í ellinni. Einnig er ég hlynntur því að koma skipulagi á sjúkratryggingarnar, ef kraftar ríkis og einstaklinga leyfa. En ég verð að segja, að mér finnst þjóðin vera komin langt á villigötur, ef á að fara að lækna atvinnuleysisástandið með atvinnuleysisstyrkjum. Þess verður að gæta, að þó að benda megi á, að hjá öðrum þjóðum er þetta til, þá standa þær á gömlum merg og hafa eignir og auðæfi í löndum sínum, sem ríkissjóður og bæjarfélög geta stuðzt við. Þar er atvinnu háttað á annan veg en hér, og er að því er virðist réttilega tekið fram hjá minni hl., að atvinnuleysistryggingar eru dýrar og erfiðar í þjóðfélagi, þar sem atvinnan er eins bundin við árstíðir eins og hér. Það er skiljanlegt frá hálfu bæjar-sósialista, þó þeir geri það að kappsmáli að koma á atvinnuleysistryggingum. Þeir hafa í mörg ár haldið því fram, að þær væru allra meina bót fyrir verkalýðinn í kaupstöðunum, og eru bundnir við að gera eitthvað í því efni, ef sá flokkur er á annað borð bundinn við nokkur loforð. Hitt er furðulegt, ef sá flokkur, sem ætti að gæta hagsmuna sveitanna, stuðlar að því, að flutningur fólksins úr sveitunum aukist meira en orðið er. Það er furðulegt, að sá flokkur skuli ljá lið sitt til þess að styðja svona löggjöf, sem felur í sér gyllingar fyrir fólkið, sem nú býr í sveitunum, til þess að hverfa á þessa staði. Þó að þessari atvinnuleysistryggingu sé svo fyrir komið, að sýnilegt er, að þeir menn, sem í hlut eiga, eiga að bera mikið af kostnaðinum sjálfir, þá er þó lokkandi þessi von, að geta átt von á því að fá greiðslu fyrir þann tíma, sem menn ganga atvinnulausir. Hitt er jafnáreiðanlegt, að í svo fátæku þjóðfélagi, sem okkar er, þá verður atvinnuleysistryggingum ekki haldið uppi, svo nokkru nemi, nema á kostnað framkvæmdalífsins. Þegar ríki og bæjarfélög verja miklu fé til þess að borga mönnum kaup fyrir að gera ekki neitt, þá kemur það óhjákvæmilega niður á verklegum framkvæmdum í landinu. Og í landi, þar sem eins hagar til og hér og jafnmikið er af óunnum verkefnum, þá er það næsta einkennileg stefna, að nota fé til þess að halda uppi atvinnuleysi, í stað þess að nota það til þess að vinna þörf verk. Það má benda á mörg dæmi þess í útlöndum, að atvinnuleysistryggingar verða óbeinlínis til þess að halda uppi atvinnuleysi. Það er nú svo, að ef menn eiga þess kost að fá peninga fyrir minna erfiði en meira, þá taka menn þann kostinn að fá launin fyrir minna erfiði. Ef um það er að ræða að fá laun án vinnu, þá freistast menn til þess að halla sér á þann svæfilinn, og leggja sig því ekki í líma til þess að fá atvinnu. Hér er í brtt. hv. meiri hl. borin fram sú brtt. — og tók ég eftir því, að hv. þm. Barð. lagði mikla áherzlu á, að hún yrði samþ. — að bæta við þar sem taldir eru upp þeir, sem ekki á að greiða atvinnuleysisstyrki, að þá eigi ekki að greiða til þeirra, sem hafa ekki fyrir öðrum að sjá, ef þeim býðst vinna í sveit eða annarsstaðar, gegn greiðslu, er nægi þeim til fulls lífsframfæris þann tíma eða hluta af þeim tíma, er gera má ráð fyrir, að þeir verði atvinnulausir. Mér virðist nú þetta ákvæði vera næsta óeðlilegt og að erfitt muni oft að segja um, hvenær sannanlegt sé, að einhverjum manni hafi boðizt vinna á þennan hátt, sem tiltekið er í brtt. þessari. Ég hefi verið að reyna að skilja, hvaða vit lægi þar á bak við. Þetta er að vísu hægt að ákveða á pappírnum. En þegar til framkvæmda á að koma, verður þetta næsta þýðingarlítið ákvæði. Það verður sennilega hægt fyrir þá, sem ekki vilja vinna í sveit eða eitthvað annað, eins og til er tekið í greininni, að finna afsakanir og ástæður fyrir því, að þeir geti ekki notað atvinnuna í sveitinni, eða hvar svo sem hún er. Og þess vegna munu þessi undanþáguákvæði koma að litlu liði.

Ég undrast það, að hv. þm. Barð. skuli leggja mikið upp úr þessari og öðrum brtt. sínum. Þær breyta svo sem engu í þessu máli. Það er eðlilegt, að það komi hér á daginn, eins og t. d. í Danmörku. Þar hafa menn, sem gengið hafa atvinnulausir og fengið tilboð um vinnu yfir skemmri eða lengri tíma, hafnað slíkri vinnu og sagt, að það borgaði sig betur að fá atvinnuleysisstyrkinn heldur en að taka þessari vinnu. T. d. má einnig nefna það, að í Þýzkalandi gengu múrarasveinar atvinnulausir í Bremen og fengust ekki til að fara í annan bæ í nokkurra mílna fjarlægð þaðan, þar sem þeim bauðst atvinna, vegna þess að þeir kusu heldur að vera á sínum stað og fá atvinnuleysisstyrkinn. Þegar menn eru einu sinni komnir á það að fá greiðslur á þennan hátt, þá er engin von til þess, að þeir vilji sleppa þeim, nema meiri háttar fríðindi séu í boði. Með því að innleiða hér á landi þá reglu að greiða atvinnuleysisstyrk, óttast ég, að dregið verði stórkostlega úr hvöt manna til þess að leitast við að bjarga sér sjálfir. Ég veit að vísu, að þessi bjargráð, sem nefnd eru sjálfsbjargarviðleitni, þau eiga ekki upp á háborðið hjá sósíalistum hér á landi. En ég hafði haldið, að framsóknarmenn væru ekki enn svo langt teygðir út á hina sósíalistisku braut, að þeir sæju ekki, að þessi stefna, að greiða atvinnuleysisstyrk, er gersamlega til þess að gera ráðstafanir til enn meira hruns atvinnuveganna í landinu en þegar er fram komið.

Það er augljóst og hefir áður verið tekið fram af framsóknarmönnum, og nú af minni hl. n., að tilhögun þessara tryggingarmála, eins og hún er framsett í frv., er sýnilega hagað þannig, að það á með henni að styrkja vald Alþýðusam-

bands Íslands. Í frv. er nefnilega ákveðið, að ekki megi vera nema eitt félag í hverri starfsgrein á hverjum stað, sem njóti friðinda samkv. frv. Á það hefir verið bent af hv. þm., hvað þetta er hliðstætt ákvæðunum í l. um verkamannabústaði. En þetta atriði er í mínum augum ekkert höfuðatriði í málinu, heldur hitt, að í löggjöfinni hefði að mínu áliti heldur átt að halda sér við þá stefnu, að leggja fram peninga til þess að auka vinnu í landinu, heldur en að leggja fram peninga til þess að draga úr vinnunni og auka atvinnuleysið í landinu.

Það er langhægast að hártoga og reyna að gera óvinsælt allt, sem sagt er gegn þessu tryggingafrv., því að alþýðutryggingarnar eru, eins og ég hefi áður sagt, fagrar á að líta, skoðaðar úr nógu mikilli fjarlægð, áður en menn eiga að fara að borga nefskattana, sem þeim fylgja. En hjá því verður ekki komizt að benda á þá hættu, sem ég hefi nefnt. Landslýðurinn þarfnast ekki fyrst og fremst þessara trygginga. Það eru ekki fyrst og fremst þessar tryggingar, sem fólkið óskar eftir, a. m. k. sá hluti þess, sem þarfnast atvinnu. Til þess að fólkið megi hafa atvinnu, er það ekki heillaráð að taka peninga af einstaklingum, bæjarfélögum og ríkissjóði, til þess að viðhalda atvinnuleysinu í landinu. En til slíks er beinlínis stofnað með því að innleiða atvinnuleysistryggingar. Fólkið þarfnast verkefna og óskar eftir þeim. Það þarfnast atvinnu, sem borgar sig að vinna við. Verður er verkamaðurinn launanna, og til þess að hann fái launin verður að gera atvinnuvegunum líft í þessu landi. En það er, því miður, svo, að löggjafarvaldið hefir á undanförnum árum allt of mjög starfað í þá átt að hefta atvinnuvegina og gera þeim erfitt fyrir um afkomu, hefta framtak manna í landinu, þetta framtak, sem hefir til vorra tíma gefið þjóðinni lífsviðurværi. Þau holundar- og mergundarsár, sem núv. valdhafar hafa veitt atvinnuvegunum í landinu, þau verða ekki grædd með þeim alþýðutryggingum, sem hér liggur fyrir frv. um.

Í ræðu hv. 1. landsk. sagði sá hv. þm., að þm. Alþfl. vildu gera allt til þess að stuðla að aukinni atvinnu í landinu. Það væri mjög gott, ef hv. þm. og hans flokkur vildu fylgja þessu fram, og að það kæmi þá þannig fram, að staðar yrði numið um að kippa fótum undan framtaki einstaklinga í landinu. Hvað sem segja má um útgerð ríkis og bæja og allskonar ríkisfyrirtækja, sem sumpart eru komin á og sumpart hillir undir, þá er eitt víst, að það, sem fleytt hefir þjóðinni áfram fram á þennan dag, er framtak einstakra manna. Og sama framtak hefir skapað þær eignir, sem til eru orðnar í landinu. Þetta framtak hefir Alþfl. lagt í einelti í löggjöf nú í mörg ár. Þess vegna væri gott, ef það reyndist rétt vera, sem hv. 1. landsk. sagði um vilja flokks síns til að bæta úr atvinnuleysi í landinu, að sá flokkur sæi nú, þó seint sé, villu síns vegar á sviði atvinnumálanna í landinu. Því að með því að reyna að kippa fótum undan einstaklingsframtakinu vegur sá flokkur að hagsmunum þeirra manna, sem hann þykist fyrst og fremst bera fyrir brjósti. En það er alþýða manna til sjávar og sveita.

Ég veit, að hver framsóknarmaður, sem hér er viðstaddur og þekkir þetta frv., hann veit það upp á sína tíu fingur, að með þessu frv. er stórkostlega unnið að því að auka flótta fólks úr sveitum til kaupstaða. Hvaða þýðingu það hefir fyrir hinn hnignandi sveitabúskap í landinu, það ættu hv. sveitafulltrúarnir hér á Alþ. að geta gert sér ljóst.

Af frv. er ekki hægt að sjá það ljóslega, hversu há gjaldabyrðin mundi verða, sem það kemur til með að skapa sýslu- og bæjarfélögum með öllum þessum tryggingum. Það hefði verið mjög sanngjarnt og viðeigandi af Alþ., að það hefði gefið þessum aðilum kost á að athuga þetta stórmál, áður en það samþ. endanlega afgreiðslu á því, svo að sýslu- og bæjarfélög gætu athugað möguleikana fyrir því að geta lagt fram þær fjárfúlgur, sem fram eiga af þeim að leggjast eftir frv. En það á nú að forðast að gefa þessum aðilum kost á slíku. En með baksamningum á milli stjórnarflokkanna er það ákveðið, að löggjöf þessi skuli ganga fram, hvað sem öllu öðru líður, sem ég hefi minnzt á, án þess að ráðfæra sig nokkuð við menn úti um byggðir landsins og í kaupstöðum, alþýðu manna yfirleitt, um það, hvort þeir kjósi að komast undir þá nefskatta, sem stofnað er til með frv., til þess að fá að njóta þeirra friðinda í framtíðinni, sem fylgja þessari löggjöf.

Það er auðsætt, eins og fjárhag bæjarfélaga er nú komið, að afleiðingin af þessari löggjöf verður sú, a. m. k. í bili, að verklegar framkvæmdir bæjarfélaga stöðvast. Í þessu tilliti er alveg sömu sögu að segja af sýslu- og bæjarfélögum eins og af ríkinu, að þegar verulega kreppir að um fjárhaginn, þá lendir sú kreppa á verklegum framkvæmdum, þannig að úr þeim dregur. Skólar, starfsmannalið bæja, fátækraframfærsla o. þ. h. eru liðir, sem ekki er hægt að skera af. Þeir verða að greiðast, á hverju sem gengur. Þegar þess vegna nú er verið að stofna til þess að leggja tugi þúsunda kr. í ýmsa tryggingasjóði, þá verður framkvæmdin vitanlega þannig, að verklegar framkvæmdir bæjanna og sýslufélaganna líka, að svo miklu leyti sem þetta nær til þeirra, annaðhvort leggjast niður eða þá að það verður að slá þeim á frest um óákveðinn tíma.

Hv. 1. landsk. sagði um þetta mál — og mér virtist hann tala þar fyrir munn síns flokks —, að hann væri ekki ánægður með frv. eins og það væri. En hann sagði (og líka hv.frsm. meiri hl., 2. þm. Reykv.), að hér væri stigið fyrsta sporið í tryggingamálunum og hægara yrði að byggja ofan á, og að því yrði framfylgt af hálfu sósíalista. Til huggunar bændafulltrúum hér í hv. d., sem standa að því að koma á þessum tryggingum, má því segja það, að viðbæturnar við þetta afrek sósíalista verða, samkv. fyrirheitum þeirra sjálfra (sósíalista), í sósíalistiskum anda. Til þess að taka af allan efa um þetta vil ég, með leyfi hæstv. forseta, lesa nokkurn kafla um markmið sósíalista í sambandi við þessar tryggingar, sem er í 42. gr. 7. kafla í frv. til l. um alþýðutryggingar, sem sósíalistar báru fram á þingi 1932, þskj. nr. 273:

„Allan kostnað við sjúkrahjálp, örorkulífeyri

og ellilaun til tryggingarskyldra við atvinnuleysisstyrki samkv. 37. gr., svo og önnur útgjöld, sem hvíla á alþýðutryggingunni samkv. þessum lögum vegna hinna tryggingarskyldu, bera vinnukaupendur, ríkið, sveitir og bæjarfélög í sameiningu, þannig að vinnukaupendur bera ⅜ kostnaðarins, ríkið ⅛ og sveitir og bæjarfélög ⅛, er skiptist samkv. ákvæðum 45. gr.“

Af þessu er það þá ljóst, hvernig stefna sósialista er í þessu máli, þrátt fyrir ákvæði þessa frv. Yfirlýsing hv. 1. landsk. og hv. 2. þm. Reykv. um það, að þeir séu ekki allskostar ánægðir með frv. eins og það nú er, verður skiljanleg, þegar athuguð er þessi gr. í frv. frá 1932. Sósialistar hugsa gott til, þegar búið er að stíga fyrsta sporið í þessum tryggingarmálum, að láta þá framhaldið verða í þeim sósialistiska anda, sem kemur fram í upplesinni gr. úr frv. þeirra frá 1932, þar sem gert er ráð fyrir, að vinnukaupendur til sjávar og sveita, þ. e. bændur landsins og atvinnurekendur í kaupstöðum, beri hita og þunga dagsins í sambandi við þessar tryggingar og borgi ⅝ hluta af tryggingarkostnaðinum. Ríkið og sveitir og bæjarfélög eiga svo að bera hitt. Í þessu frv. frá 1932 er till. um tryggingar á allt öðrum grundvelli heldur en þetta frv. gerir ráð fyrir, sem hv. framsóknarmenn hafa, að sagt er, samþykkt að fylgja fram.

Af því, sem ég hefi hér tekið fram, þarf engum hv. framsóknarþm. að dyljast, hvernig sósialistar stefna með þessu frv. Þó að með því sé að vísu hafin heldur mjúkleg byrjun, mega allir af fyrri till. sósialista ráða, hverjum þeir ætla að bera þungann af alþýðutryggingunum, þegar fram í sækir.

Ég hefi þráfaldlega bent á það, hversu hrapað er að því að afgr. hér á Alþ. heila lagabálka. Í þessum tryggingarmálum virðist einnig eiga að gera það, í stað þess að taka eina og eina tryggingu í einu og bera hana fyrst undir bæjarfélög til samþykktar. Þetta frv. er flutt fram af ofurkappi, athugunarlítið, af hv. sósialistum. Þeim virðist mest í mun að geta sagt: Við höfum komið á alþýðutryggingum. Þess vegna hafa þeir nú sett Framsfl. tvo kosti, annaðhvort að ganga að því að samþ. alþýðutryggingafrv., eða að deyja sem stjórnarflokkur að öðrum kosti. Gott og vel. Það verður þá sýnilega svo, að hv. sósialistar fá óskir sínar uppfylltar um að geta sagt við þjóðina: Við höfum nú komið á alþýðutryggingum. En þegar menn fara að aðgæta það, að þetta kappsmál sósialista kemst í kring með því fyrst og fremst að lögbjóða há skyldugjöld á hvern einstakling í landinu á vissum aldri, og í öðru lagi með því að lögbjóða skylduframlög bæjarfélaga og sýslusjóða og þar með að gera þeim ókleift í núv. kringumstæðum að leggja nokkuð fram til verklegra framkvæmda, og í þriðja lagi með því að herða enn á skattaskrúfunni gagnvart þeim atvinnugreinum, sem fyrir eru í landinu og með því stórum að torvelda möguleikana fyrir að reka þær áfram — og í fjórða lagi með því að leggja nýja tolla á nauðsynjar fólksins til fata og matar ofan á þá, sem fyrir voru —, þegar menn fara að aðgæta allt þetta, þá kæmi mér ekki á óvart, þó að hugur manna breyttist, þeirra, sem séð hafa þessi tryggingamál sósialistanna í hillingum. Þegar þjóðin fer að taka úr umbúðunum alla þessa böggla, sem fylgja skammrifi því, sem sósialistar hér rétta að þjóðinni, alþýðutryggingunum, þá þætti mér ekki undarlegt, þótt mörgum fátæklingnum þætti allþröngt fyrir dyrum, og að margur verkamaðurinn segði, að betra hefði verið að taka þessi tryggingarmál í fleiri skrefum heldur en að leggja öll þessi gjöld á í einu. Svo þungbærir verða þeir skattar, sem hér er lagt til, að hver einstaklingur í landinu beri.

Loks vil ég benda á það, að þetta þing á eftir að inna af hendi þá skyldu gagnvart þjóðinni, sem henni ríður mest á, að greiða úr fyrir atvinnuvegum landsmanna. Ef sú skylda væri uppfyllt af þinginu, þá mundi þjóðin geta sætt sig við að bíða eftir því, að allur þessi tryggingarbálkur yrði lögfestur, jafnvel til næsta þings.

Frsm. minni hl. (Thor Thors): Ég þarf aðeins stuttlega að athuga ýms ummæli í ræðu hv. þm. N.-Þ., sem nú er horfinn burt úr hv. d.

Hv. þm. byrjaði á því að segja, að tryggingamálin væru ekki sérstaklega áhugamál sósialista úti í löndum fremur en annara, heldur komin þar á fyrir tilstilli annara en þeirra.

Það hefir ekki verið deilt um það, hvort taka beri upp tryggingar hér á landi. Deilurnar hafa fyrst og fremst staðið um atvinnuleysistryggingarnar. Hv. þm. sagði einnig, að tryggingamálin væru stefnumál Framsfl. Hvenær hafa þeir, sem deilt hafa við Framsfl. úti um hinar dreifðu byggðir landsins, heyrt, að það væri stefnumál þess flokks, að komið yrði á atvinnuleysistryggingum í landinu? Ég veit það ekki. Ég hefi ekki heyrt neitt slíkt frá Framsfl., og aðrir hv. þm. ekki heldur.

Hv. þm. N.-Þ. sagði, eins og líka hv. þm. Barð. í sinni ræðu, að brtt. þær, sem gerðar hafa verið við frv. af meiri hl. allshn., hafi gert það að verkum, að Framsfl. gæti aðhyllzt þetta frv. En þær brtt. eru þýðingarlitlar. Fyrsta brtt. er sú, að takmarka framlög ríkissjóðs til sjúkratryggginga við það, sem ráðgert er í greinargerð frv. að til þeirra þurfi. Önnur brtt., sem Framsfl.menn segjast hafa komið þarna inn, er sú, að ákveða ekki lífeyri manna mismunandi, eftir því, hvar á landinu þeir væru búsettir. Þessu er slegið á frest. En félagar þeirra, sósialistarnir, lýsa því yfir jafnframt, að þeir séu fylgjandi ákvæðum frv. um þann mikla mismun á lífeyri, eftir því, hvar menn eru búsettir á landinu.

Hv. 1. landsk. sagði, að þeir hefðu aðeins gengið inn á að slá þessu á frest, en þetta væri stefna þeirra.

Þriðja atriðið er það, að í brtt. hv. meiri hl. allshn. er sagt, að ekki eigi að greiða atvinnuleysisstyrk til þeirra, er ekki hafa fyrir öðrum að sjá, ef þeim býðst vinna í sveit eða annarsstaðar, gegn greiðslu, er nægi þeim til fulls lífsframfæris þann tíma eða hluta af þeim tíma, er gera má ráð fyrir, að þeir verði atvinnulausir. Það sjá nú allir hv. þm., hve mikill hemill þetta er, þar sem sagt er, að þetta eigi að nægja til fulls lífsframfæris, því það mun verða seint, sem bændur megna að bjóða það kaup, sem stjórnir verklýðsfélaganna álíta, að nægi til fulls lífs-

framfæris. Það sjá því allir hv. þm., að þetta er ekki annað en kákbreyt. Og þetta er ekki annað en kákbreyt., þar sem framsóknarmenn eru að reyna að afsanna fylgi sitt við þessi ákvæði, af því að þeir vita, að það verður vanþakkað af umbjóðendum þeirra.

Hv. þm. N.-Þ. sagðist ekki geta skilið, að úr því að áætlað væri, að ríkið veitti 75 þús. kr. til atvinnuleysistrygginga, þá hlyti þetta að vera nauðsynlegra en flest annað. Þetta er einkennileg kenning. Hv. þm. hlýtur að hafa sofið fastar en það lítur út fyrir, ef hann hefir ekki tekið eftir því, að daglega streyma fjárkröfur til Alþ., þar sem hver sveit sækir um aukið fé til vega, hafnarbóta og fleira. Hefir hv. þm. ekki orðið var við kröfur um auknar atvinnubótaframkvæmdir? Hv. þm. hefir sofið enn fastar en lítur út fyrir, ef þetta hefir farið framhjá honum. Það er víst nauðsynlegra en flest annað að verja 75 þús. kr. til atvinnuleysistrygginga? Og það ber að meta það meira en kröfuna um aukinn jarðræktarstyrk, og meira en aukinn styrk til bænda, sem Bændafl. ber fram till. um og ekkert annað hefir verið haft á móti en það, að fé væri ekki fyrir hendi? Nú eru lausar 75 þús. kr. til þess að verja til atvinnuleysistrygginga, en til aukinna framkvæmda í landinu er ekkert fé til, þó að óneitanlega sé meiri þörf á því.

Um hinn aukna fólksstraum til sveitanna vildi hv. þm. vera fáorður og sagði þau vísdómslegu orð, að um það gæti hver sagt það, sem hann vildi. Auðvitað geta menn gert það. En öll fyrri reynsla bendir til þess, að þó að þetta agn muni reynast lítið, þegar á er rennt, þá verður það til þess að auka hinn óheillavænlega fólksstraum úr sveitunum til kaupstaðanna.

Ég þarf ekki miklu að svara hv. 1. landsk. Ræða hans var áferðarfalleg og slétt, en lítið á bak við orðin. Hann sagði, að frv. sósialistanna hefði verið sent til Genf og fengið þar lofsamleg ummæli í ýmsum greinum. Það er orðið kunnugt, að þau ummæli voru á þá leið, að þar sem frv. væri byggt á því, að atvinnurekendurnir ættu að bera meginhluta tryggingarinna, þá gæti þetta gengið í landi, þar sem atvinnuvegirnir væru efnaðir og öruggir. Þar var tekið fram, að þetta þekktist ekki nema á Íslandi. Og hinir sérfróðu menn sögðu, að þetta gæti gengið í þjóðfélagi, þar sem atvinnuvegir og atvinnurekendur eru sérstaklega sterkir. Það sjá nú allir hv. þm., að augljósari dauðadóm yfir frv. er ekki hægt að kveða upp. Öllum þingheimi er ljóst, að leitun mun á landi, þar sem afkoma atvinnuveganna er jafnbágborin og óviss og hér.

Hv. þm. var ennfremur með gleiðgosalegt hjal um það, að ég væri valdur að því að draga fólksstrauminn úr sveitunum til Rvíkur. Ég verð nú að viðurkenna, að ég er ekki svo voldugur sem hv. þm. vill vera láta. En ég get sagt það, að ég fæ daglega bréf, og nú síðast úr kjördæmi hv. þm. N.-Þ., frá mönnum, sem eru að biðja mig um að útvega sér atvinnu í Rvík, þar sem þeir hefðu ekkert við að vera á heimastað sínum. Ef hv. þm. hefði nokkurn kunnugleika á þessu máli, þá myndi hann líklega ekki tala svona gleiðgosalega. Því það er fullkomið alvörumál, að fólkið leitar til kaupstaðanna í von um að fá atvinnu þar. Því miður hefi ég ekki getað orðið til þess að bæta hlutskipti þessa fólks, því fyrir hvern einstakan, sem ég hefi haft aðstöðu til þess að bæta um fyrir, hefi ég orðið að neita tíu eða jafnvel fleirum. Skopyrði hv. þm. sýna, hversu gálauslega sósialistar taka á málunum og hve erfitt er að fá þá til þess að ræða jafnvel hin allra vandasömustu mál með festu, þar sem þeir slá fram slíku þvaðri í umr. um atvinnuleysistryggingafrv.

Magnús Torfason: Sakir þess, hvað merkilegt mál er hér um að ræða, þá þykir mér rétt að breyta út af venju minni og gera grein fyrir atkv. mínu. Sumt af því, sem hér er lögboðið um og sett í kerfi, eru gamlir kunningjar, svo sem slysatryggingarnar og ellitryggingarnar. En það nýja í þessum l. eru sjúkratryggingarnar og atvinnuleysistryggingarnar. Að því er sjúkratryggingarnar snertir, þá eru þær þó til í landinu og hafa verið viðurkenndar af því opinbera, svo að það er nokkur reynsla fengin að því er þær tryggingar snertir. Það er enginn vafi á því, að þær eiga vel við, sérstaklega þar, sem fjölmenni er, og því fremur sem þar virðist vera að verða örðugra og örðugra að sjá um sjúklinga í heimahúsum. Það hefir verið ýmislegt sagt um þessi mál, og m. a. lögð áherzla á, að málinu sé hraðað óbærilega mikið. Ég verð að játa, að mér finnst fyrir mitt leyti ekki ástæða til að hraða málinu svo, að l. þurfi að ganga í gildi með næsta ári. Ég lít svo á, að hér sé um stórmál að ræða, og að það hefði verið rétt að lofa almenningi að kynnast málinu, og að um það hefði verið talað fyrir alþjóð manna a. m. k. á einum þingmálafundum, sem haldnir væru að sumarlagi, og beðið eftir því að fá till. manna um þessi efni. En ég verð hinsvegar að viðurkenna þann mikla fórnaranda, sem hv. jafnaðarmenn hafa sýnt í þessu máli. Með þessum tryggingarmálum fylgir það, að það verður að leggja talsverðan nefskatt á fólkið, jafnt fátæka sem ríka. En slíkir skattar hafa jafnan reynzt óvinsælir, og er óhætt að segja, að hver slíkur skattur, sem á hefir verið lagður, hefir jafnan tekið atkv. frá þeim flokki, sem hefir lagt hann á. Af minni reynslu get ég vottað það, að slysatryggingunum fyrstu var illa tekið af almenningi, og sem valdsmaður varð ég að beita töluverðri hörku til þess að innheimta þau gjöld. Það var vitanlega ekki vegna þess, að menn hefðu nokkuð á móti því að uppskera af þeim, heldur var það af því, að menn áttu að greiða nokkurn nefskatt til þess að verða þessara hlunninda aðnjótandi.

Mér hefir áður virzt, að menn væru allvarfærnir í því að demba nefsköttum á fólkið. Ég hefi sjálfur þá reynslu, að fyrir 16 árum, á þinginu 1919, leit þingið svo á, að jafnvel í því mikla velgengnisári væri ekki heppilegt, kjósendanna vegna, að hækka nefskatt nokkuð að ráði. Það, sem ég á við, er, að á þinginu 1919 bar ég fram frv. í Ed. um hækkun á gjaldi til ellitryggingasjóðs upp í 4 kr. á karlmann og 2 kr. á kvenmann, eða m. ö. o. að hækka það um helming frá því, sem það þá var. Á þeim tíma hafði kaup fólks hækkað svo mikið, að það nam miklu meira hlutfallslega en þessi 100% hækkun á gjaldinu

til ellitryggingarsjóðs. Um þetta mál er það að segja, að það var samþ. með semingi í Ed., þar sem ég átti sæti, en Nd. sinnti því ekkert. Það var víst ekki svo mikið sem eitt orð sagt um málið. Því var vísað til n. snemma á þinginu, en það kom ekkert nál., og málið var látið liggja þar. Í samtali við n., er ég var að reyna að ýta á eftir málinu, kom það í ljós, að ekki þótti ráðlegt að hækka nefskatta á fólkinu. Ég skal taka það fram, að engin önnur ástæða var færð fram, því allir voru sammála um, að nauðsynlegt væri að styrkja ellitryggingarsjóðina. Menn sjá nú, að við hefðum verið betur settir í þessu efni, ef þetta hefði verið gert 1919. Að fróðra manna sögn, þá væru ellitryggingarsjóðirnir helmingi meiri en þeir eru nú. Ályktun mín af þessu er því sú, að fyrir 16 árum er enginn áhugi vaknaður fyrir tryggingum í landinu, jafnvel ekki á því háa Alþ. Það getur því ekki annað en glatt mig að verða var við, hversu mjög er um skipt í þessu efni. Og ég fagna því að mörgu leyti, að þetta frv. er fram komið, sem tekur svo fast á þessu máli. Hinsvegar hefi ég litið svo á, og þar verð ég að vera á sama máli og blessað íhaldið, að réttara hefði verið að fara sér hægar í þessu. En Sjálfstfl. hefir yfirleitt hallazt að aðalstefnunni í þessu máli, og ber mér því ekki að vera fyrir aftan sjálft íhaldið. Ég get því fylgt frv. bæði að því er snertir slysatryggingarnar, ellitryggingarnar og sjúkratryggingarnar, þó að ég sé ekki í vafa um, að örðug verði innheimtan á þessu gjaldi, og kemur mér það ekki á óvart, þó að nokkur þurrður verði þar á. Vitaskuld verð ég að játa, að ellitryggingarsjóðsgjaldið hefir innheimzt nokkurnveginn hingað til, þó að nokkur misbrestur hafi orðið á því á seinni árum. En nú þegar gjaldið er hækkað allmikið, þá er það sýnt, að innheimtan verður erfiðari og vanskilin meiri en áður. Það er sjálfsagt með tilliti til þess, að innheimtan á gjaldinu verður erfiðari, sem strikuð er út þessi litla þóknun, sem sýslumenn og bæjarfógetar fengu fyrir innheimtuna á þessu gjaldi, en það var 2%. Ég skal ekki harma það í sjálfu sér. Ég játa, að með launalögunum frá 1919 var hugsunin sú, að sýslumenn og bæjarfógetar hefði laun sín afskömmtuð, en væru ekki upp á „prósentur“. Þetta er réttmætt að þessu leyti. En í þessu sambandi vil ég geta þess, að það er að nokkru leyti tekinn réttur af þessum mönnum. Skrifstofufé þeirra er fastákveðið með l., með tilliti til aukatekna þeirra, sem þeir nú hafa, og að þessu leyti er gengið á gerða samninga. En þetta munar svo litlu, að það tekur því varla að tala um það. Ég vildi þó aðeins minnast á það hér.

Ég sagði áðan, að við hefðum haft nokkur kynni af sjúkratryggingunum, en þær eru ekki lögboðnar áður. En ég er í engum vafa um, að þær tryggingar munu þurfa breyt. við síðar meir, ef það gengur með þær hér líkt og í öðrum löndum. En úr því að farið var út í þessar tryggingar, þá mun rétt vera að taka þetta djúpt í árinni, ella koma þær að litlu liði.

Aftur á móti eru atvinnuleysistryggingarnar nýtt fyrirbrigði hjá þessari þjóð. Ég var minntur á það í sumar í viðtali við mann, sem þótti heldur í íhaldssamara lagi, að ég hafði út af því, að hnýtt var allmikið í atvinnubótastyrkinn, sem lagður var fram, sagt honum það, að ég teldi engin vandræði í því. En ég sagði honum það, að ég teldi það verra, ef þyrfti að taka upp atvinnuleysistryggingar eins og gert hefði verið í öðrum löndum. Ég lét þess getið, að við værum sælir meðan þess þyrfti ekki, og ég mundi vilja ljá aðstoð mína til þess að efla atvinnubæturnar, svo að það þyrfti ekki að koma fyrir. Ég játa, að ég hafði ekki búizt við því, að atvinnuleysistryggingarnar væru teknar hér með. Þær eru annars eðlis en hinn hluti lagabálksins og hefðu því vel mátt geymast. Ég hefði líka talið eðlilegt, að það hefði beðið vegna þess, að hér er öðruvísi ástatt en í öðrum löndum. Allar ráðstafanir og reglur um þessi efni verða að byggjast á okkar eigin brjóstviti og reynslu. Það er margt, sem gerir það að verkum, að það er alls ekki hrapandi að því að samþ. þær. Ég þarf ekki annað en benda á það, að við höfum hinn íslenzka vetur, sem við höfum alltaf haft. Það var talað um það í gamla daga, að nóvember, desember og janúar væru vinnuleysismánuðir. Það var talið þá, að menn yrðu að haga því svo til, að þeir gætu lifað þá mánuði án þess að hafa atvinnu. Þó að mikil breyt. hafi orðið á viðhorfinu, hvað þetta snertir, þá er það víst, að það er líkara hér því, sem það var í gamla daga, heldur en það er með öðrum þjóðum. Ég vil sérstaklega benda á, að sá maður einhleypur, sem hefir atvinnu allt árið, nema þessa 3 mánuði, á að geta fleytt sér fram þann tíma, þó að hann hafi litla eða enga atvinnu.Hér á landi verða menn að hafa hina gömlu reglu, að geta legið í hiði yfir hávéturinn, án þess að þeir hafi verulega atvinnu. Ég get ekki neitað því, að mér finnst bálkurinn lausari og lausaralegri að því er þennan hluta snertir. Þetta er vorkunnarmál, því þetta er svo nýtt. Ég hefði þó haldið, að það væri sæmra af löggjafanum að taka fleiri atriði og ákveða þau nánar en hér er gert. Í þessum bálki er aðeins eitt ákvæði, sem ekki gæti verið reglugerðarákvæði. Ég játa, að það er eðlilegt, að í þessum bálki sé margt ákveðið með reglugerð. En ég hefði haldið, að það hefði mátt festa þetta betur en gert hefir verið. Þetta er ákvæðið um það, að veittur styrkur megi aldrei nema meiru en ¾ af þeim launum, sem greidd eru í hlutaðeigandi starfsgrein á sama tíma. Þarna er aðeins skorinn ¼ af fullum launum. Hvað þetta atriði snertir, þá mun óhætt að segja, að hvergi muni vera siður að láta menn fá meira en ¾ af kaupi sínu sem atvinnuleysisstyrk, svo í raun og veru mun þess ákvæðis frv. ekki hafa þurft við.

Í næstu grein er minnzt á biðtíma, en í frv. er ekkert ákvæði um hann annað en það, sem í þeirri grein stendur, en það er einmitt það atriði frv., sem ég hefði haldið, að taka hefði þurft föstum tökum, eftir því sem ástandið er hér á landi, og ég fyrir mitt leyti myndi telja, að ef þetta atriði yrði ekki fastákveðið, þá sé málinu alls ekki sæmilega skipað.

Ég sagði áðan, að í þessu efni stæði öðruvísi á hjá okkur en með öðrum menningarþjóðum, við gætum alls ekki jafnað til annara þjóða um þessar tryggingar. En þó er það svo, að það er eitt atriði í þessu efni, sem við getum fest hönd

á hjá öðrum þjóðum, en það er atvinnuleysið, hversu það er mikið. Ég hefi ekki átt kost á að kynna mér, hve mikið það er hjá hinum ýmsu þjóðum, en eftir síðustu skýrslum mun tala atvinnulausra manna í Danmörku vera um 3%. Þá minnir mig, að ég hafi séð það, að eftir síðustu skýrslum voru um 900 menn taldir atvinnulausir hér á landi, eða tæplega 1% landsmanna. Það munar því ekki svo litlu, hversu ástandið er betra hér en í Danmörku hvað atvinnuleysismálin snertir. Þegar litið er á þetta atriði frá því sjónarmiði, sem þessar tölur sýna, þá hefði ég haldið, að líta mætti svo á, að ekki hefði borið mjög bráðan að hendi með setningu þessara laga, en aftur á móti hefði mátt athuga, hvort ekki mætti fara lengra á þeirri braut, að auka atvinnu manna, og segi ég þetta sakir þess, að ég hefi spurt menn úr ýmsum flokkum um það, hvort þeir kysu frekar atvinnuleysistryggingar eða atvinnutryggingar, og voru allir, sem ég átti tal við um þetta, að undanteknum einum úr flokki sameignarmanna, á einu máli um það, að kjósa heldur atvinnutryggingarnar. Þetta styrkir mig í þeirri skoðun, að ekki sé nauðsynlegt að setja lagabálk um þetta efni nú, eða a. m. k. ekki á meðan ekki er útséð um, að unnt sé að sjá *flestöllum atvinnubærum mönnum fyrir atvinnu* í þessu landi. Jafnframt finnst mér, að því síður sé ástæða til þess að hrapa að þessari lagasetningu, þar sem hér í landi gilda mýkri lög um styrki frá hinu opinbera til snauðra manna en gilda munu yfirleitt annarsstaðar. Þannig höfum við t. d. nýlega ákveðið, að fátækrastyrkur svipti styrkþegana ekki borgaralegum réttindum. Samkv. því, sem ég nú hefi tekið fram, hefði ég talið rétt að athuga fyrst, hvort bæjar- og sveitarfélögin hefðu ekki getað séð um fólk sitt upp á eigin spýtur, áður en horfið yrði að því að lögbjóða atvinnuleysistryggingar. Sömuleiðis hefði mér fundizt réttara og eðlilegra, að kröfurnar um þetta atriði hefðu komið neðan frá, en ekki ofan frá, — hefðu komið frá alþýðunni sjálfri, en ekki frá foringjum stjórnmálaflokkanna.

Að síðustu vil ég geta þess hvað málið almennt snertir, að sumstaðar erlendis hefir sú aðferð verið viðhöfð, að myndaðir eru miklir sjóðir, sem lagðir eru fyrir áður en tryggingarlöggjöfin sjálf er látin ganga í gildi. Þar voru tryggingarnar taldar svo mikið átak, að ekki þótti fært að leggja út í þær, nema áður hafi eitthvað verulega verið lagt af mörkum til þess að standa undir þeim.

Með þessu tel ég mig hafa gert grein fyrir atkv. mínu, en það taldi ég rétt í sliku máli sem þessu, og sérstaklega taldi ég þó rétt, að skoðun mín á atvinnuleysistryggingunum kæmi skýrt fram. Um brtt. þær, sem fyrir liggja, mun ég leiða hjá mér að tala. Mun láta atkv. mitt nægja hvað þær snertir.

Bergur Jónsson: Aðeins örfá orð út af því, sem hv. þm. Snæf. sagði áðan. Hann virtist helzt kvarta yfir því, að ég væri ekki nógu langorður, og kom mér það hálfóvart, því að ég er ekki vanur því að vera með sérstaka mælgi hér á Alþingi. Hann undraðist það, að hv. þm. N.-Þ. sagði, að hér væri um stefnumál að ræða, en ég tel ekki, að neitt undarlegt geti verið við slíkt, — því er það kannske ekki stefnumál allra góðra manna að reyna að bæta úr atvinnuleysisbölinu? Hingað til hefir sú leið verið farin hjá okkur, að veita fé til atvinnubóta, en nú á að reyna þá leið að koma á atvinnuleysistryggingum. Þá er það ekki rétt hjá hv. þm. að till. þær til breyt. á frv., sem við framsóknarmenn höfum gert að skilyrði fyrir fylgi okkar við alþýðutryggingarnar, séu þýðingarlausar. Ég tel alls ekki einskisvert atriði, hvort það er sett inn í frv., sem ekki var þar áður, að þeir menn, sem fá greitt hundraðsgjald af afla og hluti af afla, skuli ekki fá atvinnuleysisstyrk, en að slíkt teljist kaupgjald. Það er ekki heldur lítið atriði, sem bætt verður inn í frv., að hver sá einhleypingur, sem þýðst vinna í sveit eða annarsstaðar gegn greiðslu, er nægi þeim til fulls lífsframfæris þann tíma eða hluta af þeim tíma, er gera má ráð fyrir, að hann verði atvinnulaus, skuli ekki heldur fá atvinnuleysisstyrk. Þá hefi ég og sjálfur borið fram brtt. þess efnis, að menn geti ekki fengið atvinnuleysisstyrk, sem nemi meiru en ⅔ hlutum af launum þeim, sem greidd eru í hlutaðeigandi starfsgrein á sama tíma, í stað þess sem frv. gerir ráð fyrir, að styrkurinn megi nema allt að ¾ hlutum, miðað við kaup. Þetta eru ekki svo litlar breyt. á frv. frá því, sem það er nú. Þá eru og í brtt. ákvæði um það, að fjárveitingavaldið geti á hverjum tíma sett nokkrar skorður á hvað fjárframlög snertir. Í þessu öllu eru talsvert miklar hömlur, sem leiða til þess að koma frv. á skynsamlegri grundvöll en það stendur nú á.

Út af þeim ummælum, sem fallið hafa um það, að hér sé um stefnumál að ræða, vil ég taka það fram, að ég finn ekki mikinn eðlismun á því, hvort ríkið tekur upp þá leið, að koma upp *stofnun, sem styrkt er einnig úr bæjar- og* sveitarsjóðum, til þess að bæta úr atvinnuleysisböli manna, eða leggja árlega fram fleiri hundruð þús. til atvinnubóta. Eins og hv. þm. Snæf. sagði, þá er þetta vitanlega stefnumál hv. þm. N.-Þ. o. fl., en það má eins segja, að það sé og stefnumál hans sjálfs. Hann vill sjálfur bæta úr atvinnuleysi manna, eftir því sem hann hefir föng á, a. m. k. segir hann, að daglega komi til sín fleiri og færri menn í atvinnuleit, og hann reyni að bæta úr fyrir þeim sem honum er unnt. Hann getur því ekki áfellzt okkur framsóknarmenn, þó að við viljum gera hið sama, að reyna að bæta úr vegna atvinnuleysis manna, eftir því sem föng eru til.

Jón Sigurðsson: Ég á hér tvær brtt. á þskj. 713, ásamt hv. 2. þm. Árn. Fyrri brtt. er við 8. gr. 2. c., þar sem segir svo, að húsbyggingar, bæði smíði nýrra húsa og viðbætur og breytingar á eldri húsum, sé tryggingarskylt. Þetta eru breytingar frá eldri ákvæðum um tryggingarskyldu, þar sem svo er ákveðið, að þeir, sem vinna við byggingu venjulegra bæjar- og peningshúsa í sveitum, skuli ekki vera tryggingarskyldir. Við höfum orðað breyt. á þessum ákvæðum þannig, að undanþegnar tryggingarskyldu skuli vera byggingar og viðgerðir á húsum í

sveitum, öðrum en tvílyftum húsum og heyhlöðum. Eins og kunnugt er, þá er víða til sveita um smáhýsi að ræða, sem dyttað er að vor og haust; það mætti því æra óstöðugan að gera slíka vinnu tryggingarskylda. Þvílíkar byggingar eru því eðlilega ekkert áhættumeiri en hver önnur störf, sem daglega fara fram í sveitum, og t. d. sízt áhættumeiri en sláttur. Að hlaða upp fjárhúsveggi er án efa eitt hið áhættuminnsta starf, sem unnið er. Það virðist því engin ástæða til að gera þetta starf tryggingarskylt. Aftur á móti teljum við sjálfsagt að gera tryggingarskylda alla meiri háttar vinnu í sveitum, svo sem vinnu við byggingu íbúðarhúsa, heyhlaðna og annara bygginga, þar sem um háa veggi getur verið að ræða. Að felld hafa verið burt þau ákvæði, sem eru í gildandi l. um þetta efni, býst ég við, að stafi af ókunnugleika þeirra manna, sem hafa samið frv. Geri ég því ráð fyrir, að brtt. verði samþ., og mun ekki eyða fleiri orðum í að tala um hana.

Hin brtt., sem er við 58. gr., er í framhaldi af því, sem ég minntist á í gær, að innheimta ellistyrktarsjóðsgjaldanna verði framvegis falin lögreglustjórum, eins og verið hefir. Það hefir ekkert það komið fram undir þessum umr., sem réttlæti það, að skella innheimtu þessara gjalda á sveitarstjórnirnar, því að þær hafa sem kunnugt er erfiðum innheimtustörfum að gegna, sem oft ganga treglega; er því sízt á þær bætandi. Hvað sérstaklega getur mælt á móti því að láta lögreglustjórana hafa þessa innheimtu á hendi, fæ ég ekki séð. Það er þvert á móti víst, að þeim mun ganga betur innheimtan en sveitastjórnunum. Vænti ég því, að þessi brtt. fái góðar undirtektir hjá hv. deild.

Þá vildi ég mega spyrja hv. frsm. meiri hl. allshn., hvernig á því stæði, að felld hafa verið niður, ekki tekin upp í frv., ákvæði gildandi slysatryggingalaga um lítilsháttar innheimtugjald til hreppstjóra og annara innheimtumanna slysatryggingargjaldanna, þar sem sýslumenn eru ekki nálægt. Eins og nú er háttað um störf hreppstjóra yfirleitt, þá er tæplega ástæða til þess að bæta á þá störfum án þess að eitthvað komi í staðinn. Annars er ég svo sem orðinn vanur því að heyra það hér á Alþingi, að það megi snúa okkur sveitamönnunum út og austur fyrir ekkert, ef aðeins ríkissjóður á í hlut, enda þótt kaupstaðamaður megi ekki hreyfa hönd eða fót nema fyrir stórfé. Það má vel vera, að þetta hafi getað gengið meðan bændur höfðu nóg af fólki og gátu með góðu móti hreyft sig frá búum sínum. En þegar svo er komið sem nú, að flestir bændur eru orðnir einyrkjar, þá fæ ég ekki séð, að hægt sé að bæta á þá miklum störfum, án þess að endurgjald komi í staðinn. Þetta vil ég benda mönnum á til íhugunar og hv. allshn. til athugunar.

Í fyrri ræðu minni í þessu máli benti ég á þá annmarka, sem voru á frv. þessu, bæði að því er snerti ákvæði þess um slysatryggingarnar og ennfremur hver áhrif það myndi hafa fyrir sveitirnar, ef atvinnuleysistryggingarnar kæmust í framkvæmd. Ekkert af því, sem ég sagði þá, hefir verið vefengt, enda ekki hægt. Það er öllum kunnugt, hvernig hag bænda er komið, að þeir geta tæplega risið undir þeim byrðum, sem á þeim hvíla. Það ræður því að líkum, hvort þeim muni ekki verða erfitt að rísa undir þeim gjöldum, sem hér er gert ráð fyrir að leggja þeim á herðar, sem í mörgum tilfellum verða hærri en útsvörin, sem menn yfirleitt eru þó í vandræðum með að greiða.

Þá benti ég og á það, að ákvæðið um, hversu lengi menn mættu liggja í sjúkrahúsi, væri ekki með öllu hættulaust. Það er fullkomin hætta á að það verði misbrúkað. Menn eru nú einu sinni þannig gerðir, að þegar þeir eiga rétt á einhverju og eru búnir að greiða sín lögmætu gjöld til þess, þá vilja þeir gjarnan nota þann rétt til fulls. Og reynslan af berklavarnalögunum hefir sýnt þetta. Ég benti á það í ræðu minni í gær, að sjúkrahúsvist hefir verið misnotuð stórlega í blóra við berklavarnalögin. Nú hafa komið fram raddir um það, m. a. frá landlækni, að einstaklingar yrðu að inna af hendi visst gjald fyrir að leggjast í sjúkrahús, til hindrunar því, að það sé gert af of lítilli eða engri þörf. Ríkisstj. hefir nú skipað sérstakan lækni, sem hefir eftirlit með því, að berklavarnalögin verði ekki misbrúkuð, og hefir það hlutverk að láta þá fara af sjúkrahúsunum, sem eru svo friskir, að þeir þurfa ekki að dvelja þar. Því eins og flestum mun ljóst vera, þá hefir enginn verri aðstöðu til þess að ýta sjúklingum burt af sjúkrahúsum en sjúkrahúslæknarnir sjálfir. Það hefði verið fullkomin ástæða til þess fyrir hv. allshn. að taka þetta til athugunar.

Ég geri ekki ráð fyrir, að það hafi verið svo rammlega gengið frá samningunum á milli stjórnarfl. um þetta mál, að ekki megi hagga staf eða kommu í frv. Ég er alveg viss um, að ef menn t. d. ættu að greiða hluta af sjúkrakostnaði fyrir sig í sjúkrahúsum, þá yrðu framlög sjúkrasamlaganna snöggt minni en búizt er við.

Þá skal ég minnast með nokkrum orðum á atvinnuleysistryggingarnar; það hefir skilst mér verið dregið í efa, að þær mundu verka þannig, að auka fólksstrauminn úr sveitunum til kaupstaðanna. En ég býst við, að þeir, sem kunnugir eru í sveitunum, séu ekki í neinum efa um það. Hvernig á það líka öðruvísi að vera, þegar þeir menn, sem í kaupstöðunum búa, eiga kost á miklu hærri borgun fyrir vinnu sínu þar en í sveitunum? Og þegar hin venjulega atvinna brestur, þá fá þeir atvinnubótavinnu, en þegar henni sleppir, fá þeir atvinnuleysisstyrki samkv. þessum lögum um atvinnuleysistryggingar. Því er nú miður, að þetta hlýtur að örva sem mest má verða strauminn úr sveitunum. En þessi örvun getur aldrei leitt til annars en tjóns, bæði fyrir verkalýðinn í kaupstöðunum og þá, sem í sveitunum búa. Á það má líka líta, að kaupgjaldið er sniðið svo hátt, að verkafólkið geti lifað sæmilegu lífi, þó að vinna falli alveg niður langa tíma á árinu. Það hefir jafnan verið höfuðástæða jafnaðarmanna fyrir hinu háa kaupgjaldi til verkalýðsins, að fólkið fengi ekki vinnu nema nokkurn hluta úr árinu. Nú mun það ekki vera tilgangur þeirra, að kaupið verði lækkað þrátt fyrir þessa löggjöf; og ef ég þekki sósialistana rétt, þá hygg ég, að þeir muni heldur vilja hækka kaupið. Og svo á ennfremur að kúga

sveitirnar til þess að leggja fram kaupuppbót handa þessum mönnum í atvinnuleysistryggingasjóðinn. Mér sýnist, að það komi fram í þessu mjög lítil umhyggja fyrir framleiðslunni og ennþá minni umhyggju fyrir atvinnurekendum þessa lands.

Þá var það hv. þm. N.-Þ., sem sagði eitthvað á þá leið, að það kæmi ekki til mála að samþ. slíkt umbótamál og þetta, nema ríkissjóði væri séð fyrir nægilegu fé til þess að standast útgjöldin, sem af því leiddi. Og það er nú gott og blessað, mun mega segja, þegar fé er fyrir hendi. En hvernig er því nú í raun og veru háttað? Ég sé, að hér liggja fyrir þinginu ýmsar tekjuaukatillögur, sem eiga aðeins að gilda til eins árs; það er hækkun á tekjuskattinum og hækkun á innflutningstollum af ýmsum nauðsynjavörum.

En það vill nú svo til, að þessum útgjöldum vegna tryggingamálanna þarf að mæta með meiru en eins árs tekjum af þessum bráðabirgðalögum. Útgjöldin til tryggingarnna fara vaxandi ár frá ári, svo að bráðabirgðatekjuaukalög til eins árs eru gagnslítil. Mér hefir skilizt á þessum sömu mönnum, er að málinu standa, að þeir gerðu ekki ráð fyrir varanlegum tekjuauka fyrir ríkissjóð af þessum tekjustofnum; tekjuskatturinn muni hljóta að minnka, og efamál, að fært yrði að halda þessum tollahækkunum á nauðsynjum almennings til lengdar. En þá vil ég spyrja þessa góðu menn: Hvar ætla þeir að taka þessar tekjur til handa ríkissjóði eftirleiðis, eða að einu ári liðnu? Og ekki aðeins það, heldur um ára raðir og áratugi, því að gjöldin til tryggingamálanna eru varanleg og fara vaxandi. Þegar sett er slík löggjöf sem þessi, þá er sannarlega ástæða til fyrir stjórnarflokkana að líta lengra en niður fyrir tærnar á sér, eða aðeins eitt ár fram í tímann. Það verður að finna einhver ráð til þess að standa straum af þessari löggjöf í framtíðinni; en mér virðist fullt útlit fyrir, að því sé stefnt í fullkomna tvísýnu.

Ég vil leyfa mér að beina þeirri spurningu til hv. þm. Framsfl., hvort þeir kjósi heldur að stofna til atvinnuleysistrygginga og leggja fram fé til þeirra úr ríkissjóði, heldur en t. d. til verkfærakaupasjóðs, búpeningsræktar, Búnaðarfél. Ísl. eða til viðhalds jarðræktarstyrknum o. s. frv. Því að ef svo fer sem allt bendir til, að tekjur ríkissjóðs muni rýrna til muna, þá verður vitanlega að skera niður framlög úr ríkissjóði frá því, sem þau eru nú; og verði það gert, þá gengur það vitanlega ekki að óverulegu leyti út yfir landbúnaðinn og þær stofnanir, sem starfa fyrir hann. — Ég spyr enn: Ætla þessir hv. þm. að skera þau framlög niður, til þess að bjarga þeirri löggjöf, sem hér er verið að troða í gegnum þingið? Vitanlega verður að skera eitthvað niður á fjárl. fyrir því. Og það hefir ekki verið sneitt framhjá þeim póstum, sem ég nefndi, að þessu sinni, er varða landbúnaðinn. Og ég get búizt við, að það verði gengið lengra á þá sveif eftirleiðis.

Pétur Halldórsson [óyfirl.]: Hr. forseti. Þegar stjórn hinna vinnandi stétta tók við völdunum í fyrra sumar, höfðu þeir, sem hana studdu, þá trú, að með því að fela þessum mönnum forráð þjóðarinnar mundi fyrst og fremst verða hugsað um hag almennings og hinna vinnandi stétta. Þeir höfðu trú á því, að það mundi renna upp góðæri og gullöld í landinu fyrir þessar stéttir, og til þeirra stétta teljast nálega 9/10 hlutar þjóðarinnar. Það var vitanlega tilgangur þessa fólks að fela fulltrúum hinna vinnandi stétta völdin, af því að þeir voru búnir að hafa svo stór orð um það og telja fjöldanum trú um, að það væri ekki mikill vandi að snúa málefnum þjóðarinnar til góðs, og einungis manndómsverk fyrir stjórnarvöldin að láta fólkinu líða vel. Það mætti því ætla, að nú væri búið að tryggja almenningi flest lífsins gæði hér á landi; að atvinnuleysinu sé létt af, að sjúkir menn séu græddir og fátæklingum veitt fullnægja lífsþarfanna, og að yfirleitt þurfi ekki undan erfiðleikum að kvarta í þjóðfélaginu, þegar þessir forkólfar hinna vinnandi stétta fara með völdin, enda var því óspart lofað fyrir síðustu kosningar.

Stj. hefir nú farið með völdin í landinu í rúmt ár, og eftir því sem hæstv. atvmrh. sagðist nýlega frá í útvarpinu, þá hefir mikið verið starfað á árinu fyrir fólkið. Hann lýsti því með fögrum orðum í útvarpinu, að allir áætlunarliðirnir í starfssamningi framsóknarmanna og sósíalista væru nú komnir til framkvæmda, nema ef til vill einn, og það var hin svokallaða tryggingalöggjöf, sem ekki væri enn komin til framkvæmda, og af þeim sökum væri enn ekki vart árangurs af henni. Mér þykir það ekki með öllu óeðlilegt, þó að nokkuð hafi dregizt um efndir á hinum fögru loforðum, sérstaklega þar sem það er nú augljóst, að þeirrar tryggingalöggjafar, sem fólkinu var lofað við valdatöku þessara manna, með fyrirheiti um bætta afkomu þess og góðum hag, hefir ekki enn orðið vart, að sögn hæstv. atvmrh. En hér kemur nú sú marglofaða löggjöf, sem á að tryggja öllum lífsgæðin. Þá fyrst eru loforðin fullkomnuð, og nú skulum við bíða átekta.

Þetta síðastl. ár hefir ekki tekizt betur en svo, að flestir viðurkenna, að allt af sígi meir og meir á ógæfuhlið fyrir þjóðinni, og það með tölurvert meiri hraða síðan núv. stj. tók við völdum. — Fyrirheit forkólfa núv. stjórnarflokka voru fólgin í því, að sköttunum skyldi varið viturlegar en áður, svo viturlega, að væntanlega þyrfti ekki að auka þá sem neinu næmi, enda voru þeir ærnir fyrir; því var lofað, að sköttunum skyldi varið þannig, að hagur almennings færi batnandi. Menn voru því í fyrstu nokkuð öruggir vegna þessara loforða. En vonir manna um það, að stj. mundi láta sér nægja þá skatta, sem fyrir voru, hafa algerlega brugðizt. Á þeim tveimur þingum, sem núv. stj. hefir verið í meirihlutaaðstöðu, hefir það verið aðalstarf stjórnarflokkanna að hækka gjöld og skatta á almenningi. Það hefir nú verið gengið svo nærri gjaldþoli manna, að annað eins hefir ekki þekkzt hér áður. Og allt er þetta náttúrlega gert undir því yfirskyni, að landsfólkinu líði betur á eftir.

Mér finnst, að í þessu frv., sem hér liggur fyrir og kallað er um alþýðutryggingar, sé fólgin alvarlegasta blekkingin, sem enn hefir verið reynt að hampa til þess að trufla landslýðinn með. Mín skoðun er sú, að til þess að landsfólkið verði ánægt með stjórn þessara manna, þá dugi

nú ekki lengur þeir skattar, sem fyrir voru, og ekki þeir viðbótarskattar, sem nú hafa verið lagðir á landsmenn. Með þessu frv. er enn bætt við nefsköttum á almenning, sem sósialistar hafa áður sagt, að væru gersamlega ófærir. Enda hefir það líka heyrzt á þeim sumum, að þetta frv. væri ekki alveg í því formi, sem þeir hefðu óskað eftir. En hér er verið að smeygja inn í löggjöfina mjög tvíeggjuðum ráðstöfunum, í því formi, sem flm. frv. ætla sjálfir að breyta aftur við fyrsta tækifæri, þegar talið verður, að þetta fyrirkomulag sé ekki lengur viðunandi. Þegar einu sinni er búið að lögfesta þetta, þá álíta þeir, að síðar verði auðveldara að breyta gjaldskyldunni til tryggingganna þannig, að kostnaðurinn (iðgjöldin) verði færður yfir á atvinnufyrirtækin og það opinbera. En hér er, í þessu frv., gert ráð fyrir, að framlögin til tryggingasjóðanna verði tekin ekki aðeins með beinum sköttum, heldur nefsköttum, svo háum, að þeir nema fleiri hundr. kr. á hvert meðalheimili. Nú þykir það tiltækilegt að ætla fólki að borga þessi friðindi, sem í boði eru samkv. þessum lögum, með háum nefsköttum.

Og ekki er nú alvaran í þessum málum meiri en svo, að í frv. eru gerðar ráðstafanir fyrir atvinnuleysistryggingum svokölluðum í 12 stuttum lagagreinum. En með þeim kafla frv. er bara verið að stofna félagssjóði fyrir sósialista í kaupstöðum. Og sú skylda er lögð á bæjarfélögin að leggja fram fé til þessara sjóða árlega, helmingi meira en félagarnir gera sjálfir. Þetta er eins og allt annað, sem ákveðið hefir verið í samningum milli framsóknarmanna og sósialista fyrr og síðar, þar sem sósialistum eru fengin öll vopn í hendur til þess að ráða því gersamlega, hvort bændur eru sveltir, eða hvort þeir fá eitthvað lítilsháttar að borða fyrir náð Alþfl. Þetta er ennfremur svo stórfellt alvörumál fyrir kaupstaðina, að mér ógnar það, að Framsfl. skyldi henda sú skyssa, að því er virðist viljandi og vitandi vits, að *leggja bæjarfélögin* þannig undir hæla hinna sósíalistisku félaga. Í hinu nýja skattafrv., sem kallað er bráðabirgðatekjuöflun til ríkissjóðs, er áætluð rúmlega 1 millj. kr. vegna tryggingarmálanna og nokkurra fleiri framkvæmda. En vitanlega verða þær álögur til frambúðar, af því að þarfirnar, sem þessum tekjum er ætlað að mæta, eru varanlegar og fara jafnvel vaxandi með hverju ári, sem líður. Það er því blátt áfram ekkert annað en hrekkur eða fyrirsláttur að nefna þetta bráðabirgðatekjuöflun og telja fólki trú um, að það muni mega draga úr þessu síðar, eða fella það niður. Ég tel þetta það varhugaverðasta, sem þessir ógæfusömu flokkar hafa komið til leiðar fyrir þjóðfélagið með samningamakki sínu. Og það er trú mín, að þessir samningar geti ekki staðizt lengi, og að þeir, sem þá gerðu, verði allra manna fegnastir, þegar þeim verður sagt upp, sem líklega verður þegar á næsta ári. — En það erum við, skattborgarar þessa lands, sem eigum að leggja fram það fé, sem þessir samningar kosta þjóðfélagið. Við, sem búum í kaupstöðunum, erum lagðir í fjárhagsgreipar hinna harðhentu sósíalista, sem nú hafa fengið að telja sig í meirihl.-aðstöðu um stundarsakir í landsstjórninni. Með þessum ákvörðunum hinna 12 stuttu lagagr. þykjast sósialistar ætla að lækna atvinnuleysið í landinu; mér liggur við að segja, að það sé *glæpsamlegt athæfi að kalla þetta tryggingar.* Þetta fyrirkomulag verður sennilega tekið upp alstaðar þar, sem sósialistar hafa 50 manna flokk og þar yfir í kaupstöðum og kauptúnum; þar verða þessir flokkssjóðir þeirra myndaðir. Og svo flytur fólkið utan úr sveitunum í þetta sæluríki sósíalista í bæjunum, þar sem það fær opinbera framfærslu án þess að vinna nokkuð í staðinn. Þetta er svo gersamlega ábyrgðarlaust og illa hugsað, eins og flest annað, sem gert er á þessu þingi. Mér er nær að halda, að þeim mönnum, sem að þessari löggjöf standa, sé það meira og minna ljóst, að hún getur alls ekki staðizt.

Þegar litið er til nágrannalandanna, þá virðist svo sem tryggingamálin hafi legið þar í rústum. Í Danmörku er ekki fengin full reynsla í þeim efnum, og eru margir mjög áhyggjufullir yfir því þar, hvort þjóðin muni geta staðið undir þeirri löggjöf. Væri það nú ekki vissara fyrir okkur Íslendinga að bíða átekta og vita, hvernig þessari löggjöf reiðir af í Danmörku, hvort hún fellur þar í rústir eins og í Þýzkalandi, eða stenzt reynsluna? Það er ekki nóg, að Alþingi afgr. pappírsgögn um þetta mál, eða að hugsa sem svo, ef allt fer í rústir, að þá geti aðrir tekið við ábyrgðinni; það er ekki nóg, enda má ekki afgr. lög á þeim grundvelli. En það gerir Alþ. vissulega í þessu tilfelli. — Ég veit, að mér verður svarað því um þessar atvinnuleysistryggingar, að þar megi fara að eins og í öðrum málum. Hér liggur fyrir þinginu frv. um stofnun áburðarverksmiðju; í því máli á að fara þannig að, að þó það fyrirtæki sé mjög vafasamt, eða jafnvel gersamlega vonlaust, þá á samt að reisa það á viðskiptavonum, sem enginn einstaklingur myndi telja fært að byggja á. Sérhver hugsandi maður mundi telja það óforsvaranlegan rekstrargrundvöll. *En ríkið gæti ef til vill lagt út í þá áhættu* og tekið á sig töpin, eins og það verður áreiðanlega að gera í tryggingalöggjöfinni. Ég játa, að það má náttúrlega, þegar þetta fyrirtæki hefir ekki neina viðskiptamenn lengur, en ríkið heldur áfram að borga jarðræktarstyrkinn, láta bændur fá styrkinn í áburði frá áburðarverzlun ríkisins, en ég veit ekki hvað lengi.

En það á kannske að hugsa sér eins hér, þar sem um atvinnuleysistryggingarnar er að ræða, sem engin trygging er að, nema fyrir flokkssjóði sósialista á hverjum stað, sem ríkið á að leggja fé að helmingi á móti hlutaðeigandi sveitar- eða bæjarsjóði. Það má kannske segja, að allir liðir í fjárl. ríkisins séu að verða hærri og hærri, sem má verja til þessara atvinnubótafélaga. Eins er það hjá bæjarfélögunum; það má náttúrlega taka það fé og láta það renna í flokkssjóði sósialista, til þess að þeir geti hagnýtt sér það handa þeim, sem þeir vilja láta lifa. En ég veit ekki betur en að menn vilji heldur fá fé sitt fyrir að vinna heldur en að taka það sem atvinnuleysisstyrk, og það jafnvel þó að sá styrkur verði ekki eins og gert er ráð fyrir í frv., allt að ¾ af kaupi manns, sem hefir fulla vinnu. En þessar atvinnuleysistryggingar eru ekkert annað en blekking.

Það er mín sannfæring, að þessi löggjöf liggi öll í rústum innan 5 ára. Ég veit, hvað þá tekur við. Það verða miklir erfiðleikar. Kostnaðurinn af þessu bákni verður gífurlegur. Stórkostleg skrifstofa með miklu mannahaldi verður stofnuð til þess að annast þetta allt, og ég tala nú ekki um, ef byggt verður stórhýsi yfir allt þetta starfsmannalið, sem þarf til þess að starfrækja þetta bákn. En það fer í rústir, og byrjar með því að það verður gerð krafa til Alþingis um, að það leggi fram úr ríkissjóði miklu meira fé heldur en gert er ráð fyrir í þessu frv. Það verður svo undirstaðan að kröfu sósíalista til framsóknarmanna um það, að ríkissjóður taki þetta spursmál miklu fastari tökum og leggi fram miklu meira fé. Þó að framsóknarmenn telji þá úr og segi, að meira fé þurfi til allskonar þarfa í sveitunum heldur en þá er hægt að veita, þá munu sósíalistar segja, að í sveitunum geti menn lifað, en í kaupstöðunum geti menn ekki lifað. Það getur vel komið að því, með þessari löggjöf, sem hér um ræðir, og þeirri löggjöf, sem meirihl.flokkarnir hafa staðið að á undanförnum árum, að það verði ekki hægt að lifa í kaupstöðunum. En það segir ekki, að betra sé að lifa í sveitunum. Þess vegna geta framsóknarmenn haft rétt fyrir sér, þegar þessi krafa kemur fram, að ekki sé hægt að gera meira fyrir kaupstaðina. En ég vildi sjá framan í þá framsóknarmenn, sem þá beygja sig ekki fyrir því, að þetta megi þó ekki leggjast niður, þegar þeir eru spurðir að því, hvað við taki og hvað þeir vilji gera fyrir fólkið. Mér finnst, að framsóknarmenn ættu að hugsa fram í tímann, a. m. k. svona langt, og hefðu átt að gera það fyrr, áður en þeir gerðu kaup við sósíalista um að fá að vera í stjórn landsins eitt eða tvö ár fyrir þetta voðalega frv., sem hér liggur fyrir. Það voðalegasta við þetta frv. er fyrst og fremst það, að með því er verið að telja fólki trú um, að hægt sé að tryggja það gegn öllum erfiðleikum lífsins. Tryggingin átti, þegar þessir meirihl.flokkar tóku við völdum, að liggja í þeirra stjórnarframkvæmdum og góðvild í meðferð þeirra mála, sem fyrir lágu og fyrir liggja. Nú virðist sú trygging vera lítil og ómerkileg, og býst ég ekki við, að landsfólkið vilji trúa því, að þeir hafi þekkingu og vit til þess að leggja nokkra tryggingu fyrir almenning um, að komast megi fram úr erfiðleikunum. En hér á hún að koma, tryggingin,sem taka á af öll tvímæli.

Nei, þessi kaup, sem gerð hafa verið milli stjórnarflokkanna, eru ekki neinn gróði fyrir landsfólkið. Þau eru stórhættuleg fyrir land og þjóð, og ég vona, að af öllum þessum ráðstöfunum stjórnarflokkanna geti áður en langt líður komið að því, að þeir sleppi ábyrgðinni á meðferð landsmála og finni sér einhverja litla og ómerkilega ástæðu til þess að létta af sér því oki og fargi, sem þau búa hverjum, sem fara með almenningsmál, sem undir stjórn þessara manna virðast verða með hverjum mánuði sem líður, glæfralegri og hættulegri, bæði fyrir þá sjálfa meðan þeir eru við völd og síðar fyrir þá, sem kynnu að taka við af þeim, hverjir sem það verða og hvaða stefnu sem þeir hafa í stjórnmálum.

Þetta allt er því undarlegra, sem það er á allra vitorði, að þótt ríkissjóður kæmist af í augnablikinu, séu þó erfiðleikar hjá bæjar- og sveitarfélögum, sem standa þó nær almenningi og eru fyrsta vörn í ýtrustu erfiðleikum. En samt sem áður er haldið áfram að gera kröfur um hitt og þetta, eins og með þessu frv., sem hér liggur fyrir. Það er eins og komið sé á menn eitthvert æði og þeir geti ekki hugsað sér, hvað fram undan er. Það er eins og ábyrgðarleysið sé komið í algleyming um að láta skeika að sköpuðu með alla hluti, þegar verið er að veifa framan í landsfólkinu loforðum um friðindi, sem í öðru orðinu verður að lýsa yfir, að ekki sé hægt að standa við. Þetta er mín afstaða til þessa máls.

Það hefir að vísu verið bent á að þetta væri ekki fyrst upp tekið hér á landi, og að víðsvegar í öðrum löndum, sem ríkari eru, sé löggjöf, sem fari í svipaða átt að ýmsu leyti, en það hefir bara ekkert að segja, vegna þess, að ástand og ástæður hér eru að öllu leyti ósambærilegar við það, sem þar er byggt á til grundvallar fyrir slíkri löggjöf sem þessari.

Gísli Guðmundsson: Ég skal fara fáeinum orðum um nokkur ummæli þeirra hv. ræðumanna, sem talað hafa síðan ég flutti hér ræðu síðast, og vikið hafa að ræðu minni og ýmsu í afstöðu Framsfl. til þess máls, er hér liggur fyrir.

Andstæðingar málsins, hv. sjálfstæðismenn, rísa nú upp hver á fætur öðrum, svo að það eru næsta fáir sjálfstæðismenn eftir í d., sem ekki hafa talað. Það er eins og þeir, sem sitja, séu svo óánægðir með ræður hinna, sem talað hafa, að þeir þykjast alltaf þurfa um að bæta og þykist hver og einn ætla betur að gera heldur en sá, er áður talaði. Síðast kom fram hv. 5. þm. Reykv., sem mun hafa ætlað að gera betur en flokksbræður hans aðrir, og flutti hér hjartnæma ræðu.

Annars þykir mér það einkenna ræður þessara andstæðinga málsins, og þá sérstaklega með tilliti til þess, að þetta er 2. umr., hversu lítið þeir ræða einstök atriði frv. Jafnvel allshn., hv. þm. Snæf. og hv. 8. landsk., hafa vonum minna farið inn á einstök atriði frv., en talað almennt um það. Hinir aðrir flokksbræður þeirra hafa einnig talað almennt um málið og kveðið upp hina og aðra dóma um það, sem að meira og minna leyti hafa verið sleggjudómar. Þetta hlýtur að koma af því, að þeir hafa ekki kynnt sér efni frv., svo að þeir treysti sér til að ræða það í einstökum atriðum. Enda verð ég að segja, að það, sem þeir láta frá sér fara, líkist meir „agitations"-ræðum á kosningafundum heldur en rökræðum á Alþingi. En vitanlega gefur þessi málsmeðferð hv. þm. tilefni til þess, að aðrir, sem þurfa að svara, fari líka nokkuð almennt út í málið.

Þessir hv. þm., sem hafa andmælt frv., hafa ekki treyst sér til að mæla á móti meginatriðum þess, þeim er ég lagði áherzlu á í minni fyrri ræðu. Þeir hafa ekki treyst sér til að mæla á móti því, að hliðstæð löggjöf og þessi er ekkert nýmæli, heldur er samskonar löggjöf og komin á í flestum nágrannalöndum vorum, meira að segja er sú löggjöf, sem hér liggur fyrir, ekkert

sérstaklega róttæk, þó að ég telji hana nægilega róttæka eftir okkar ástæðum. Það má vera, að ýmsum finnist, að við getum látið vera að lögleiða slíkt, en þetta er það, sem aðrar þjóðir hafa talið rétt að koma á hjá sér. Þeir hafa heldur ekki þessir hv. þm., getað hrakið það, að frv., eins og það nú liggur fyrir með brtt. frá hv. allshn. og brtt. frá hv. þm. Barð., sem væntanlega verða samþ., sé varlega byggt upp og að framlögum til þessara mála frá hinu opinbera svo í hóf stillt, að þau fari ekki fram úr því, sem viðunandi má teljast.

Ég vil í tilefni af því, sem hv. þm. Snæf. sagði áðan — annars ætla ég ekki að svara honum verulega, því að hann er dauður við þessa umr. —, að ég hefði látið svo um mælt, að Framsfl. hefði haft atvinnuleysistryggingar á stefnuskrá sinni frá upphafi, taka það fram, að þetta er ekki með öllu rétt hermt. Ég sagði, að Framsfl. hefði haft almennar tryggingar á stefnuskrá sinni frá upphafi. Þetta hefir hv. þm. Snæf. sjálfsagt heyrt, og er réttara fyrir hann að hafa það eftir eins og ég sagði það. Þetta er alveg rétt, Framsfl. hefir haft á stefnuskrá sinni að vinna að því að koma á almennum tryggingum, sem gætu að meira eða minna leyti komið fyrir fátækraframfærsluna. Í samræmi við þetta stefnuskráratriði studdi Framsfl. slysatryggingarlöggjöfina, og í samræmi við þetta styður hann einnig nú þetta frv. með þeim breyt., sem á því eru gerðar, sem hann telur sig geta sætt sig við og borið ábyrgð á.

Ég skal þá minnast á nokkur atriði, sem fram hafa komið hjá hv. þm. Ég vil þá fyrst minnast á það, sem hv. 7. landsk. sagði áðan. Hann virtist vilja gefa það í skyn, að það væri í því fjárlagafrv., sem nú liggur fyrir, gerðar ráðstafanir til þess að skera niður útgjöld, sem áður hefðu farið til landbúnaðarins, til þess að koma á atvinnuleysistryggingunum. Ef hv. þm. athugar þetta nánar, mun hann sjá, að þessu er ekki þannig varið, þó að þær brtt., sem nú liggja fyrir við fjárlagafrv. og Framsfl. stendur að, fari að vísu fram á nokkra lækkun í „prósentvís“ á sumum upphæðum, sem segja má, að fari til landbúnaðarins, þá fara þær fram á samskonar lækkun í „prósentvís“ á öllum útgjöldum, þannig, að það má fyllilega segja, að það haldist í hendur. Það er þess vegna misskilningur, ef hv. 7. landsk. er þeirrar skoðunar, eða vill láta líta svo út, að það sé búið í fjárlagafrv. að skera niður framlög til landbúnaðarins til þess að mæta þessum gjöldum. Annað, sem þessi hv. þm. sagði og fleiri hafa höggið í, sem ég sagði um jarðræktarstyrkinn, er hreinn og beinn útúrsnúningur á því, sem ég sagði. Það var þannig til komið, að hv. þm. Snæf. sagði, að úr því að við framsóknarmenn gætum gengið inn á að leggja fram sem hámarksupphæð 75 þús. kr. til atvinnuleysistrygginga, sem sjálfsagt verður ekki svo há upphæð, þá hlytum við að telja framgang þess máls nauðsynlegri en flest annað. Út úr þessu var ekki hægt að draga annað en það, að þetta væri sú hæsta upphæð til almenningsþarfa, sem Framsfl. hefir verið með. Hv. þm. Snæf. tók þessi ummæli sín aftur í ræðu í dag og sagðist hafa átt við þau framlög, sem gert er ráð fyrir í fjárlögum næsta árs.

Ég nefndi jarðræktarstyrkinn sem dæmi upp á háar upphæðir sem Framsfl. hefði verið með að greiða til almenningsþarfa og komið fram, en ekki á þann hátt, að ég vildi bera saman þessar tvær greiðslur, því að það get ég vel sagt, að ef um þetta tvennt er að ræða, þá tel ég jarðræktarstyrkinn, a. m. k. ef honum er varið á þann hátt, sem rétt er og ætlazt er til, miða til meiri þjóðþrifa heldur en sú fjárhæð, sem fer til atvinnuleysistrygginga.

Hv. þm. A.-Húnv. talaði hér í gær, og hefi ég í raun og veru lítið við hans ræðu að athuga, en vildi þó vekja á henni athygli. Það var að vísu eitt, sem var rangt hjá þessum hv. þm., þar sem hann talaði um, að framlagið til sjúkratrygginga væri óútreiknanlegur hlutur eins og nú er, borið saman við framlag til berklavarna. Ég vildi benda á, að þetta er misskilningur hjá hv. þm., því að samkv. brtt., sem allshn. hefir komið fram með, er þetta framlag fastákveðið, sem ýmist er bundið við vissa upphæð eða vissa upphæð á mann, sem fyrirfram má reikna út næsta nákvæmlega eftir mannfjölda í landinu.

En þetta er aðalatriðið, sem við framsóknarmenn lögðum megináherzluna á í sambandi við afgreiðslu þessa máls, að öll opinber framlög yrðu miðuð við hámarksupphæðir, til þess að það yrði ekki óútreiknanlegt, hversu mikið fé færi til þessara framkvæmda. Það var skilyrði fyrir því, að við gætum stutt þessa löggjöf.

En það var fyrir annað, sem ég vildi vekja athygli á ræðu hv. þm. A.-Húnv. Hann var að rifja ýmislegt upp úr sögu síðustu ára í byrjun ræðu sinnar. Hann sagði, að á 8 síðustu árum, sem Framsfl. hefði farið með völd, — sem ekki er rétt, hann hefir ekki verið við völd nema nokkurn hluta þess tíma —, hefði verið eytt svo og svo miklu af peningum úr ríkissjóði. En svo segir hv. þm. — ég skrifaði það orðrétt upp, af því að mér þótti það merkilegt —: „Flest þessi útgjöld hafa farið til umbóta í einni og annari mynd“, og enn bætti hann við: „þau hafa farið til menningar- og hagsbóta á ýmsum sviðum“. Þetta er vitanlega rétt, en ég vildi vekja athygli á því, að það kemur úr þessum flokki, Sjálfstfl., sem er vanur að halda fram við öll tækifæri, og nú seinast fyrir tveimur dögum í útvarpsumr., að yfirleitt mjög miklum hluta af þessum peningum, sem hefði verið eytt á þessum árum, er núv. stjórnarfl. hafa farið með völd, hefði verið varið í sukk og vitleysu. En hv. þm. A.-Húnv. er á öðru máli. Hann segir sannleikann, enda hefi ég orðið var við það við fleiri tækifæri, að þessi hv. þm. á erfiðara með að skrökva en nokkur annar maður í Sjálfstfl., sem ég hefi fyrir hitt. Ég hefi verið með honum á fundum og vil gefa honum þann vitnisburð eftir þá kynningu. Það er ólíkt með hann og aðra flokksbræður hans, að hann vill bera sannleikanum vitni.

Ég sé, að hv. þm. Snæf. og hv. þm. V.-Húnv. er farið að líða illa, vegna þess að ég er að hrósa hv. þm. A.-Húnv., en hann á þetta hrós fyllilega skilið. (**HannJ**: Ég skil ekki, hvernig hægt er að sjá það á útliti manna, hvernig þeim líkar slíkt).

Hv. þm. Vestm. talaði í þessu máli í dag. Hann er því miður ekki viðstaddur hér svo að hann megi mál mitt heyra. Það var mjög einkennileg ræða, því að því leyti sem það voru ekki almennar hugleiðingar um ástand bæjarfélaganna og hitt og annað, þá var hv. þm. að deila á frv., sem hæstv. núv. atvmrh. flutti á þingi 1932. Hv. þm. Vestm. var að deila á ákvæði í því frv., t. d. að atvinnuleysistryggingarnar væru bornar uppi að ⅝ hlutum af hálfu bæjarfélaganna. En þetta er alls ekki svo í því frv., sem hér liggur fyrir, og get ég ekki skilið, hvað það kemur þessu máli við. Sérstaklega varð mér þetta óskiljanlegt, þegar hv. þm. Vestm. virtist hafa þetta sem árás á okkur framsóknarmenn, að við hefðum viljað samþ. þau ákvæði, sem voru í frv. 1932.

Hv. þm. Snæf. ræddi nokkuð um þær brtt., sem gerðar hafa verið við kaflann um atvinnuleysistryggingar, og vildi ekki telja þær til verulegra bóta. Hv. þm. Barð. hefir svarað því atriði rækilega í dag, og mun ég því ekki um það ræða.

Þá er það hv. 5. þm. Reykv., sem hér talaði síðast. Hann viðhafði í ræðu sinni ýms einkennileg orð og stór orð, þótti mér. Hann talaði jafnvel um, að með þessu frv., ef að l. yrði, væri verið að fremja glæpsamlegt athæfi. Ég veit ekki, við hvað hv. þm. á með þessu, eða hvort það getur talizt viðeigandi orðbragð hér. Hann var líka að tala um þetta „voðalega frv.“ og að hvaða leyti það væri voðalegt. Sagði hann m. a., að í frv. væri fólki talin trú um, að verið væri að tryggja það gegn öllum viðfangsefnum og erfiðleikum lífsins. Hvaða heilvita maður getur lesið slíkt og annað eins út úr frv.? Hér er verið að tryggja menn gegn slysum og sjúkdómum. Einnig er mönnum ætlað að tryggja sér nokkurn ellistyrk, og að nokkru leyti eiga menn að geta tryggt sig gegn atvinnuleysi. En því miður eru nú ýmsir fleiri erfiðleikar í lífinu og ýms önnur viðfangsefni að glíma við, svo ég skil ekki, hvernig hv. 5. þm. Reykv. getur látið sér detta í hug að segja slíka hluti.

Ég læt hv. þm. sjálfan um þá skoðun, sem hann lét sér um munn fara, að þau frumlög, sem hér er gert ráð fyrir til atvinnuleysistrygginga, væru ekki annað en framlög í flokkssjóð sósialista. Það er eiginlega leiðinlegt að eltast við slíka hluti, þegar ekki eru færð fyrir þeim nein rök. Hv. 5. þm. Reykv. flutti hér nýlega frv. á þingi um að veita 300 þús. kr. til þess að byggja kirkjur fyrir hér í Reykjavík. Hann álítur ákaflega mikla þörf á því á þessum erfiðleikatímum að byggja hér kirkjur og vill setja hér upp sex þjónandi presta. Mér dettur ekki í hug að segja, þó prestarnir hér í Reykjavík hafi löngum fylgt íhaldinu að málum, að hv. þm. ætlist til, að þetta fé renni í flokkssjóð sjálfstæðismanna. En vitanlega gæti ég eins sagt það, þegar hann lætur sér aðra eins vitleysu um munn fara og þá, að framlög til atvinnuleysistrygginga eigi að renna í flokkssjóð sósialista.

Þá skal ég aðeins minnast á það, sem hv. 3. þm. Reykv. sagði hér í gær. Hann var m. a. að tala um, að þingmenn Sjálfstfl. réðu mjög yfir sannfæringu sinni sjálfir og þyrftu yfirleitt ekki að spyrja flokkinn að því, hvað þeir ættu að gera í þessu og þessu máli, því þar væri ekki handjárnum beitt. Þess vegna væri ekkert merkilegt við það, þó sumir sjálfstæðismenn væru með, en sumir á móti máli eins og þessu. Ég býst nú við, að þessi yfirlýsing komi ýmsum einkennilega fyrir sjónir, um þetta dæmalausa frjálsræði innan Sjálfstfl., ekki sízt eftir þá viðburði, sem orðið hafa á þessu þingi í sambandi við það, að þingmenn Sjálfstfl. voru kúgaðir til þess, með handjárnum eða einhverju þvílíku, að gera hluti, sem vitanlega margir þeirra vildu alls ekki gera. Hv. 3. þm. Reykv. virtist einnig alveg búinn að gleyma, hvaða kröfur það voru, sem form. Sjálfstfl. gerði í fyrra til Bændafl. hér á þingi og einstakra manna í honum, þegar hann talaði um, að það mætti ósvinna teljast, ef ákveðinn þm. úr Bændafl. hlýddi ekki flokkssamþykkt, sem sjálfstæðismenn upplýstu — hvernig sem þeir hafa nú vitað það —, að gerð hefði verið í Bændafl. Þeir töldu þá hina mestu ósvinnu, ef þessi Bændaflokksþingmaður hlýddi ekki flokkssamþykktinni og færi eftir sinni eigin sannfæringu. Og svo kemur hv. 3. þm. Reykv. hér og talar um hið dæmalausa skoðanafrelsi innan Sjálfstfl., þessi hv. þm., sem líka er form. sjálfstæðismanna í bæjarstj. Reykjavíkur, þar sem handjárnunum er beitt í hverju máli, hvað lélegt sem það er. Hann getur náttúrlega sagt þetta hér til þess að gera að gamni sínu, en alvarlega verður það aldrei tekið hjá honum.

Annars geta flokkar skipt sér í máli á tvennan hátt. Þannig, að sumir séu með, sumir á móti, en einnig á þann hátt, að hver einstakur maður tali bæði með og móti málinu. Það er sú aðferð, sem við framsóknarmenn höfum lengi átt að venjast af hendi sjálfstæðismanna. Hver einstakur þm. er látinn skipta sér í sama málinu; og venjulega gerist það á þann hátt, að viðkomandi sjálfstæðismaður talar á annan hátt um það mál, sem fyrir liggur, þegar hann talar við kaupstaðarkjósendur, heldur en þegar hann talar við sveitakjósendur, og hann talar öðruvísi þegar hann er staddur á Suðurlandi heldur en þegar hann er staddur á Norðurlandi. Mér er þetta minnisstæðast úr umr. sjálfstæðismanna t. d. um kjötsölulögin og verðjöfnunina á fundum víðsvegar um land í sumar.

Þetta er önnur aðferð sjálfstæðismanna við að skipta sér í máli. Það er óneitanlega mjög svo frumleg aðferð og einkennandi fyrir þeirra flokk, og hana munu þeir m. a. ætla að nota í því máli, sem hér liggur fyrir nú. Þeir tala öðruvísi um það í kaupstöðunum heldur en þeir ætla að tala í sveitunum. Í sveitunum tala þeir um framlögin til ríkissjóðs, sem lögð séu á bak bænda, en í kaupstöðunum um það, hvað fólkið þar hafi lítið gagn af framlögunum. Vitanlega getur ekki hvorttveggja verið rétt, — annaðhvort hlýtur að vera rangt.

Þá tók hv. 3. þm. Reykv. sér fyrir hendur að verja ranglætið, sem upphaflega var í frv.; það stóra ranglæti, að það átti að gera reginmun á ellilaunum gamalmenna, eftir því hvort þau voru búsett í kaupstöðum eða úti í sveitum landsins. Móti 100 kr. til örorku gamalmennis í

Rvík átti samskonar gamalmenni í hinum kaupstöðunum að fá 60 kr., en gamalmenni úti í sveitunum aðeins 40 kr. Slíkur reginmunur átti að vera á ellilaunum, eftir því hvar menn væru búsettir. Þm. jafnaðarmanna hafa nú fallizt á að ákveða ekkert um þetta í frv. Hefir að vísu hv. 1. landsk. lýst því yfir, að hann væri þessari mismunun fylgjandi, og tel ég honum það sízt til sóma; hitt er honum frekar til sóma, að hann gerði lítið til þess að verja þá afstöðu sína. Hinsvegar gerði hv. 3. þm. Reykv. ýtarlega tilraun til að verja þetta rangláta og óforsvaranlega ákvæði hins upphaflega frv., m. a. á þeim grundvelli, að hann sagði, að tryggingarnar væru yfirleitt þannig byggðar upp, að þeir, sem tryggðir væru, keyptu sjálfir trygginguna. Þetta er nú bara ekki rétt. Frv. er ekki byggt upp á því principi eingöngu. Það er einnig gert ráð fyrir allmiklum framlögum frá öðrum en þeim, sem tryggðir eru. Það er gert ráð fyrir ýmsum framlögum frá hinu opinbera, og sumir greiða tryggingagjöld, sem aldrei njóta þeirra beinlínis sjálfir og ekki geta komið til með að njóta þeirra eftir ákvæðum frv., heldur koma þau til góða öðrum, sem trygginganna njóta. Þannig er frv. byggt upp; það á að hjálpa mönnum til þess að tryggja sig betur heldur en menn sjálfir geta, bæði af því opinbera og þeim einstaklingum, sem betur eru stæðir. Ellitryggingarnar eru því ekki eingöngu reistar á persónulegum iðgjöldum, heldur er einnig lagður á sérstakur tekjuskattur til þess að standa straum af þeim, og þess gjalds eiga gamalmennin að njóta án tillits til þess, hvar á landinu þau eru búsett. Annað væri ranglátt. Hv. 3. þm. Reykv. vill hinsvegar, að ef gamalmenni af tilviljun eða af tryggð við átthagana hafa verið búsett í þeim landshluta, þar sem tekjur eru lágar og tekjuskattshlutinn þar af leiðandi rýr, sem þaðan kemur inn í tryggingarsjóðinn, þá skuli þau gjalda þess; að þeim gamalmennum skuli líða verr í ellinni heldur en hinum, sem hafa verið svo heppin að eiga heima í höfuðstaðnum eða annarsstaðar, þar sem meiri eru efni. Þetta er líka hreinræktaður íhaldshugsunarháttur. Þó það sé komið frá jafnaðarmönnum, þá er það íhaldshugsunarháttur fyrir því. (**JakM**: Hv. þm. botnar bara ekkert í málinu).

Það er nú orðið svo áliðið fundartímann, að ég verð líklega að láta hér við sitja; enda hefi ég svarað því, sem ég tel ástæðu til að svara af því, sem andstæðingar málsins hafa sagt síðan ég talaði í gær.

Jóhann Jósefsson [óyfirl.]: Það kom fram í ræðu hv. þm. N.-Þ., að honum virtist ekki vera ljóst, að þetta frv. er byggt á svokölluðum tryggingagrundvelli. Þegar hann ræddi um það, hver ætti að vera hlutur manna í elli- og örorkutryggingum, virtist hann hafa tilhneigingu til að líta á frv. sem allsherjar hjálparstofnun, er ekkert ætti skylt við venjulegar tryggingar. Hann taldi það vitni um sérstaklega mikinn íhaldshugsunarhátt, sem fram kemur í frv., að hinir tryggðu njóti friðindanna, sem þeir hafa öðlazt með því að borga sjálfir iðgjaldið, þó að ríki og bæjarsjóðir greiði nokkurn hluta þess. Ef hv. þm. vill halda því fram, að málið sé ekki byggt á venjulegum tryggingargrundvelli, þá getur hann ef til vill staðhæft, að allir eigi að fá jafnt út. En ef hann kannast við, að mál það, sem hér um ræðir, sé byggt á venjulegum tryggingargrundvelli, þá verður hann að kannast við, að þeir hafa nokkuð til síns máls þessir 7 Alþýðuflokksmenn, flm. frv.

Hv. þm. var mjög að stagast á þeim íhaldshugsunarhætti, sem kæmi hér fram hjá jafnaðarmönnum, og skildist mér eftir þeirri áherzlu, sem hann lagði á þetta, að það væri eitthvað sérstaklega ljótt. En ég ímynda mér, að þetta hafi eitthvað skolazt til í huga hv. þm., þar sem lögð er mikil áherzla á það í grg. og sjálf bygging frv. bendir til þess, að hér er um tryggingu að ræða, en ekki opinbera styrktarsjóði. Ef ekki er um tryggingu að ræða, heldur opinbera styrktarsjóði, þá stenzt það, sem hv. þm. sagði, að allir eiga jafna hlutdeild til þess að fá styrk úr þeim. En um leið og sá grundvöllur er lagður að hafa gjaldið misjafnt fyrir þá, sem tryggja sig, þá er það ekki fráleitt, sem flm. hafa lagt til. Hv. þm. sagði þetta af því, að hv. 3. þm. Reykv. hafði bent á, að hér lægju skýr rök til, og hann studdi þá skoðun sína með skýrum rökum, að frv. væri byggt upp á tryggingargrundvelli. En hv. þm. N.-Þ. virðist vilja hverfa frá þeirri skoðun.

Hv. þm. sagði, að ég hefði ekki verið að tala um þetta mál, heldur annað mál, sem hefði legið fyrir þinginu 1932, og sagði hann, að það væri undarlegt, að það væri gert að umræðuefni, þar sem hér lægi fyrir frv., sem væri byggt á annan hátt. Það er rétt, að hér liggur fyrir frv., sem er byggt á annan hátt. En það liggur hér líka fyrir yfirlýsing frá hv. 2. þm. Reykv. um þetta efni, og einnig liggur fyrir yfirlýsing frá hv. 1. landsk. Og þeir virðast ekki vera ánægðir með það frv., sem liggur hér fyrir. Og þessir tveir hv. þm. sögðu, að þeir væru enganveginn ánægðir með það frv., sem hér lægi fyrir, enda væri það ávöxtur af samstarfi tveggja flokka. Og þeir sögðu ennfremur, að þeir litu á þetta sem byrjunarskref, og að jafnaðarmenn myndu leitast við að breyta því í þá átt, sem þeim líkaði betur, þegar þeir hefðu bolmagn til þess. Og það, að ég vitnaði í frv. það, sem sósíalistar fluttu 1932, var til þess að sýna, í hvaða átt þeir myndu sveigja þetta mál, og ennfremur til þess að gera hv. þm. N.-Þ. og öðrum það skiljanlegt, út á hvaða braut þau spor lægju, sem framsóknarmenn hafa verið þvingaðir af sósíalistum til að stíga með því að styðja flutning frv. eins og þetta er. Þó að hv. þm. skilji ekki, að það hafi þýðingu að benda á þetta, þá geri ég ráð fyrir, að aðrir hv. dm. skilji, að milli þessara mála er eftir atriðum þeim, sem fyrir liggja, og eftir fengnum yfirlýsingum svo náið samband, að það er ekki nema maklegt, að hv. þm. N.-Þ., sem hefir unnið sér það til frama að vera sá eini af framsóknarmönnum fyrir utan hv. þm. Barð., sem einnig hefir sýnt ofurlítinn lit á að verja það, sé sýnt það skýlaust og bent á, að það er ekki þessi niðurstaða, sem sósíalistum fellur vel í geð. Og hvað þeir ætla sér, sýnir plagg það, sem ég með

leyfi hæstv. forseta las eina grein úr. Það horfir svo vel við fyrir sósialistum, þegar þeir eru búnir að koma á alþýðutryggingum og fá þau andsvör hjá almenningi, að það verði að borga heilmikið í nefskatt, að geta þá bent á till. sínar 1932 og sagt, að það hafi verið ólukkans Framsfl. að kenna, að ekki var hægt að stíga lengra. Það verður þá eins og svo víða annarsstaðar, að þessir tveir flokkar geta kennt hvor öðrum um.

Hv. þm. Barð. er ekki viðstaddur núna. En það var eitt atriði í ræðu hans, og það atriði, sem hann lagði mikla áherzlu á, sem mér virtist ekki mega standa svo, að ekki sé sýnt fram á veiluna í þeirri staðhæfingu, sem hann kom með. Hann sagðist ekki skilja, hvaða munur væri á því að veita fé til atvinnubóta úr ríkissjóði eða bæjarsjóðum. m. ö. o. auka þannig atvinnu í landinu, eða að leggja fram fé til atvinnuleysistrygginga. En það er gífurlegur munur á þessu tvennu. Það er reginmunur á því, hvort nota á fé til þess að vinna fyrir það þörf verk eða nota það til þess að viðhalda atvinnuleysinu. Það er beinlínis lagt fram fé til þess að viðhalda atvinnuleysinu með því að leggja fram fé til svokallaðra atvinnuleysistrygginga. En við þetta má bæta því, að eins og þetta frv. er úr garði gert, þá er það hvorki fugl eða fiskur, og það mun koma í ljós, að það verður lítill styrkur fyrir þá, sem eru atvinnulausir. Annars er rétt að geta þess, að það eru ekki aðeins við sjálfstæðismenn, sem höfum bent á, að það sé hlaupið að því að setja þessa lagasetningu með nokkuð gálausum flýti, og að réttmætt hafi verið að bera málið undir kjósendur í landinu áður en það væri lögleitt, og ennfremur, að það sé skakkt spor á erfiðum tímum að taka fé til viðhalds atvinnuleysinu. Ég tók eftir því, að hv. 2. landsk. virtist vera á sömu skoðun í þessu efni, og ég vil benda á það í sambandi við hans skoðun, að þar talar maður, sem hefir haft náin kynni af sveitastjórnarmálefnum í mörg ár.

Sá íhaldshugsunarháttur, sem hv. þm. N.-Þ. var að tala um, hefir ekki lýst sér í öðru en því, að við viljum viðhafa meiri varfærni en hann í þessu máli. Hitt vita allir, að hv. þm. N.-Þ. er ekki að mæla með frv. af því, að hann sé sjálfur sannfærður um, að það sé heppilegt að lögleiða það á þeim tímum, sem nú eru. Það er yfirlýst, að um þetta hafa verið gerðir samningar milli stjórnarflokkanna, og hv. þm. er eins og aðrir flokksmenn hans fyrirfram mýldur og handjárnaður. Það þarf því ekki að taka þetta sem hans skoðun, heldur finnst honum, að fram hafi farið lítil vörn af hálfu framsóknarmanna fyrir þessu máli, og það, sem hann hefir sagt í þessu máli, sýnir frekar það, að hann vill halda uppi málstað síns flokks, og fyrir þær sakir talar hann með þessu máli og deilir á þá, sem gagnrýna stefnu frv.

Ég hefi svo ekki fleira að segja við þennan hv. þm. í bili. Vilji hann hverfa frá því að halda því fram, að hér sé um frv. að ræða, sem sé byggt á tryggingargrundvelli, þá hann um það. Honum hefir verið sýnt fram á það, sem hann veit fyrirfram, að með því að samþ. þetta mál eru gerðar öflugar ráðstafanir af hálfu framsóknarmanna til þess að gylla fyrir þeim mönnum, sem eftir eru í sveitum landsins, hvað gott sé að koma til kaupstaðanna. Það er sýnilegt, að þá gengur framsóknarmönnum betur hér eftir en hingað til að tæma sveitirnar.

Jón Pálmason: Það voru nokkur atriði í ræðu hv. þm. N.-Þ., sem urðu þess valdandi, að ég kvaddi mér hljóðs aftur til frekari athugunar á máli því, sem hér liggur fyrir. Hann taldi það mikinn misskilning, sem komið hefði fram af hálfu þeirra manna, sem hefðu haldið því fram í ræðum sínum í gær, að gjald það, sem myndi leiða af lögleiðingu þessa máls fyrir almenning á komandi árum, væri lítt eða ekki útreiknanlegt. Þessi hv. þm. virtist vera þeirrar skoðunar, að það væri nokkurnveginn fastsett, hvað mikil útgjöldin væru að því er ríkissjóð og bæjarfélögin snerti. Ég held, að það, sem á milli ber, stafi af því, að hv. þm. hafi ekki hugsað þá hugsun til enda, út á hvaða braut er farið hér. Um leið og hið opinbera vald gengur inn á þá braut, að tryggja allt landsfólkið fyrir vandræðum þeim, sem sjúkdómar, slys og atvinnuleysi hafa í för með sér, þá er það auðsætt mál, að þó að kostnaðurinn sé útreiknaður með áætlun, þá er það víst, að þegar sú áætlun breytist, þá verður þetta hækkað smátt og smátt, eins og hefir verið um aðrar kröfur, sem gerðar hafa verið til hins opinbera. Eftir því sem þörfin er meiri, verða kröfurnar meiri, og það leiðir af því, að fyrirfram er ekki mögulegt að segja til um, hvað há gjöld er um að ræða, þegar út á þá braut er komið. Í þessu sambandi kemur það til greina, sem ég vék ofurlítið að í gær, að þegar fólkið hefir það á meðvitundinni, að það eigi að tryggja framtíð þess, svo að það verði ekki fyrir neinum alvarlegum fjármálavandræðum af því, sem um er að ræða, svo sem elli, sjúkdómum, atvinnuleysi o. s. frv., þá miðar það til þess að dreifa sjálfsbjargarhvöt manna og þeir reyna síður að sjá sjálfum sér farborða til hins ýtrasta. Það er þessi hugsun, sem gjarnan verður þess valdandi og orsakar það, að þegar komið er út á þá braut, að hið opinbera fer að sjá fyrir fólkinu, að gjöldin fara vaxandi. Í þessu sambandi verður að gæta þess, sem síðasti ræðumaður vék ofurlítið að, að forsvarsmenn þessa máls hafa lýst því yfir, að þetta væri byrjun, sem ætti að færa út frekar, þegar þeir hefðu betri aðstöðu heldur en þá, sem nú er fyrir hendi. Af þessu hygg ég, að hv. þdm. sjái, að það er hvorki misskilningur né fjarstæða að halda því fram, að hér sé farið út á þá braut, sem ekki er fyrirfram hægt að segja um, hvað hafi mikil gjöld í för með sér fyrir hið opinbera. Ég vil minna á það, að eftir því sem örðugleikarnir eru meiri að standa undir þeim gjöldum, sem á ríkissjóði hvíla, þá verður hver aukin gjaldabyrði hlutfallslega þyngri en ella.

Hv. þm. N.-Þ. hafði eftir mér ummæli, sem hann lagði mikið upp úr, en hann snéri út úr þeim, og snéri þeim á aðra braut en rétt var. Hann sagði, að ég hefði haldið því fram, að flest útgjöldin undanfarin ár hefðu farið til menningar og framfara í landinu. En hann nefndi það ekki, að ég átti ekki við heildarútgjöld ríkis-

sjóðs. Það var ekki átt við þau frá minni hálfu. Ég sýndi fram á, að á því 8 ára tímabili, sem Framsfl. hefði farið með fjármálin í landinu, þá hefðu útgjöldin numið um 140 millj. kr. En það var ekki þetta, sem ég átti við, þegar ég talaði um, að flest útgjöldin hefðu miðað til menningar og framfara í landinu. En það, sem ég drap á í gær, og get endurtekið nú, var það, að það hefði undanfarið verið gengið lengra og lengra inn á þá braut að festa á ríkissjóðinn fleiri og fleiri föst gjöld, svo sem útgjöld til nýrra skóla í tugatali, til vegabóta, samgöngumála og til útvegsmála og ýmsra stofnana, sem eru kunnar almenningi af þeirri reynslu, sem af þeim hefir fengizt, og einnig þekktar á landsreikningunum. Um þessi útgjöld hafði ég þau ummæli, að það mætti um þau segja með miklum rétti, að þau miðuðu til aukinnar menningar í landinu. En það verður að taka þetta föstum tökum og gera sér það ljóst, hvað langt á að ganga út á þá braut að styrkja allt, sem hugurinn girnist. Sú skoðun er almenn, a. m. k. meðal sjálfstæðismanna, að það hafi verið gengið svo langt að hlaða gjöldum á opinbera atvinnuvegi, að þeim sé ekki fært að standa undir þeim útgjöldum, sem af því leiðir. Þar með er ekki sagt, að eitt og annað gott megi ekki um ýms þessi mál segja.

Ég skal ekki minnast miklu meira á hv. þm. N.-Þ. Hann var með hrósyrði í minni garð og sagði, að ég væri sannorður maður. En það fylgdi sá galli þessu, sem jafnan fylgir, þegar maður úr öðrum flokki, og ekki sízt úr flokki hv. þm., er að segja stjórnmálaandstæðingi sínum eitthvað til hróss. En sá galli fylgdi orðum hv. þm., að hann vildi láta skína í það, að þessu væri gagnstætt farið með mína flokksbræður. Það er hyggilegra fyrir hann að útfæra þessi ummæli sín á réttari veg, og segja, að sá kostur fylgdi því að eiga í deilum við sjálfstæðismenn, að þeir væru yfirleitt sannorðir og drengilegir í baráttunni. Hv. þm. sagði einnig, að það væri áberandi, að því er snerti þetta mál og jafnvel önnur, að forsprakkar Sjálfstfl. töluðu á annan veg, eftir því hvort áheyrendur þeirra væru úr kaupstað eða sveitum. Ég verð nú að segja það, að ég hefi ekki orðið þessa var af þeim kynnum, sem ég hefi haft af starfsemi sjálfstæðismanna á Alþ. Það er ekki að leika tveim skjöldum, þó þeir, sem eru fyrir kaupstaðina, berjist fyrir málefnum þeirra, og þeir, sem eru úr sveitum, berjist fyrir málefnum sveitafólksins. En höfuðbaráttan milli okkar sjálfstæðismanna og annara flokka hefir verið undanfarið og mun verða á komandi tímum það, hvort heppilegt er að beita valdi því, sem Alþ. og ríkisstj. hefir yfir að ráða í fjármálum og lífi þjóðarinnar, eins og gert hefir verið undanfarið. Við sjálfstæðismenn höldum því fram, að þessu valdi hafi ekki verið þannig beitt undanfarið, að hugsanlegt sé, að atvinnulífið geti risið undir þeim gjöldum, sem á það hefir verið lagt undanfarið. Ég held, að greindum mönnum í stjórnarliðinu hljóti að vera það ljóst, að sú stefna, sem hefir verið uppi undanfarið og m. a. kemur fram í þessu frv., er í síðustu fjörbrotunum.

Gísli Sveinsson [óyfirl.]: Herra forseti! Mér þótti kynlega við bregða, er hv. þm. N.-Þ. fór að ásaka einstaka þm. fyrir að tala almennt um þetta mál eða vera með almennar hugleiðingar því viðvíkjandi. Satt að segja hélt ég, að það væri þegjandi samkomulag um, að ekki væri aðeins rétt, heldur og líka skylt að geta jafnt skoðunar sinnar um stærstu atriðin almennt, hvort heldur væri við einstakar greinar eða kafla frv., sem, eins og þetta gerir, snertir hvern einstakling í landinu, jafnt í sveit og við sjó, og þess vegna ekki gerlegt að ræða um hana almennt, þar sem það tekur til fólksins og snertir almennt þess hag og verður ekki rætt nema koma inn á, hver áhrif samþykkt þessa frv. hefir almennt. Ég ætla því að leyfa mér að fara nokkrum orðum almennt um þetta mál, ekki sízt vegna þess, að þetta stórmál kemur fyrst fram á síðara hluta þingsins, og það mjög síðla á þeim hluta. En fullvíst er, að engin mál liggja fyrir þinginu jafnvandasöm, enda sannað, að þó undirbúningur hafi verið nokkur í orði, hefir hann ekki á borði fullnægt þeim kröfum, sem gera verður. Verður því að ræða þetta mál almennt, og til þess er full ástæða að athuga það vel áður en rasað er um ráð fram að samþ. það, eins og liggur næst að álíta, að þessi hv. þm. ætlist til.

Í öðrum löndum hefir fyrir löngu verið sett löggjöf um tryggingar, en það sannar alls ekki, að hér beri að setja alla þessa löggjöf í einu, enda á allra vitorði, að margar þær þjóðir, sem komið hafa á tryggingum, eru alls ekki ánægðar með þær, hvorki leiðtogarnir eða almenningur, og mjög er rætt um þessi bákn eða stofnanir, sem einstaklingarnir gjarnan vilja breyta til hagsmuna fyrir sig.

Á síðustu 10 árum veit ég ekki betur en á Norðurlöndum hafi t. d. ávallt og alstaðar verið látið hátt um þessi tryggingabákn, og hefir meira að segja komið til orða, hvort ekki væri rétt að afnema það, og setja eitthvað annað í staðinn. Svo er langt frá því, að menn séu ánægðir með þær, jafnvel í þeim löndum, sem lengst eru komin í þessum efnum; menn hafa bara ekki fundið eða komið sér saman um, hvað ætti að koma í staðinn.

Sést því, hvort ekki muni ástæða til að athuga vel þessi mál, sem eru á svo viðtækum grundvelli. Þetta mál hefir sem sé tvær hliðar. Aðra, sem veit að einstaklingnum vegna þeirra byrða, sem á hann eru lagðar, og hina, sem snýr að almenningi, eða félagsheildum almennings, t. d. sveitar- og bæjarfélögum. Það ber að líta á það hér, að það eru meira en lítið áberandi byrðar, sem eftir frv. þessu á að leggja á einstaklinginn, og það er gjald, sem ekki á að leggja á eftir efnum og ástæðum, heldur er þetta nefskattur, eða persónugjöld, sem allir verða að greiða jafnt, án tillits til efnahags, og þessu á að bæta ofan á alla aðra nefskatta.

Nú er það vitað, að allir nefskattar eru illa séðir allt frá gömlum tímum; hvort sem mönnum er það sjálfrátt eða ósjálfrátt, þá er öllum illa við þá, þó þeir séu stundum réttlátir, enda eiga þá allir gjaldendur að njóta sömu hlunninda. Er það meira en lítill yfirgangur eða á-

gangur að setja nú á slíka nefskatta, sem yfirstíga alla þá skatta, sem almenningur greiðir nú til ríkis, og þó er svo komið fyrir, að illa gengur með alla innheimtu á sköttum, svo sem vitað er, að ég ekki tali um þau gjöld, sem þyngri eru, þ. e. útsvörin, sem þessum nefsköttum er helzt líkjandi við. Ættu allir þm. að vita a. m. k., hve sú *innheimta er erfið, og er mikil spurning*, hve lengi er hægt að halda áfram, þar sem mikill hluti sveitagjaldanna er kominn í vanskil, og menn sjá nú ekki fram úr, hvernig á því megi ráða bót. Verður það og svo, þegar safnast fyrir gjöld til sveitarfélaganna í vanskilum hjá einstaklingum, að gjöld þeirra til héraðanna stöðvast. Þegar svo er komið um ástæður einstaklinga og hreppa, svo að meginþorri sveitarfélaganna er að komast á vonarvöl, og ennþá hefir Alþingi ekki séð þeim fyrir neinum tekjustofnum, — hvernig kemur mönnum þá til hugar að afgr. slíkt mál sem þetta aths.laust og án þess að stinga við fæti og athuga, hvar skuli stíga, alveg eins og hægt sé að skeiða áfram í blindni.

Ég skal taka dæmi, sem er þessu skylt. Eins og *hv. þm. vita, er skylt samkv. l. að tryggja* hús sín hjá Brunabótafélagi Íslands, og þar af leiðandi inna af hendi iðgjaldagreiðslur, sem alls ekki geta talizt háar frá almennu sjónarmiði, eða kannske svona 10 kr. á hvert býli. En viti menn, þetta eru alveg ný ákvæði, en það eru þegar mestu vandræði um innheimtu á þessum gjöldum, sem þó fara nokkuð eftir efnum og ástæðum, sem sé eftir mati á húseignunum, en eru ekki nefskattur, sem lagður er á eftir nafni eða persónu. Ég sé því ekki neina ástæðu til, né heldur neitt vit í því, að demba hugsunarlaust slíkri gjaldabyrði yfir þjóðina, sem hér er gert ráð fyrir. Það má vitanlega segja, að þetta mál sé svo þarft og gott, að vel megi leggja mikið í sölurnar fyrir það. En jafnframt og löggjafanum er skylt að meta tilganginn og dæma, verður hann og að líta á, hvort aðnjótendur eru þess umkomnir og ástand þeirra þolir að taka við því.

Ég er sömu skoðunar og þeir aðrir þm., sem hér hafa lýst þeirri skoðun sinni um einn bálkinn, þ. e. atvinnuleysistryggingarnar, að það sé alls ekki tímabært að samþ. hann, vegna þess að við erum ekki viðbúnir að taka við afleiðingunum. Má segja, að ástandið hér heima er allt öðruvísi en annarsstaðar í þessum efnum, svo *það er að renna algerlega blint í sjóinn, hvernig* þetta muni verka hér, og verður tími og skipulag að leiða það í ljós, hvort verið er að reisa hurðarás um öxl. En það getur vel komið fyrir, að allt um þrotni, ef ekki er hugsað um annað en bruðla ráðlaust, og eins ef það kynni að koma fyrir, sem mig uggir, að ekki standi allir í skilum, en ef ekki næst allt, sem ætlað er að fáist, þá er allt hrunið, öll áætlun brotnuð niður. Ég tel því, að mál þetta sé illa undirbúið, og það er t. d. ekki hægt að segja verkamönnum, hvernig þetta verði.

Ef við skoðum þetta mál frá báðum hliðum, og þá sérstaklega þennan kafla, sem er enganveginn tímabær, þá er engin leið að rökstyðja, hvort þetta kemur að tilætluðum notum. Það hefir verið sagt, að á síðustu stundu hafi myndazt samningur milli stjórnarflokkanna m. a. um þetta mál. Ég er nú ekki hörundssár fyrir því, þó að stjórnarflokkarnir geri samning, en það er ekki sama, hvernig þeir semja, þegar þess er gætt, að það snertir nálega alla, sem í sveitum búa, sjómenn, verkamenn og iðnaðarmenn, eða m. ö. o. hagsmuni þjóðarinnar allrar. Samningur þessi er mjög gálauslega gerður, þar sem þetta mál hefir ekki verið lagt fyrir þjóðina. (**Fjmrh.**: Það var gert við kosningar).

Ég hygg, að stjórnarliðar megi vara sig á slíkum aðförum; þó þeir séu sterkir og þykist fastir í sessi, þá geta þeir nú oltið eins og ýmsir aðrir, *og vita ekki fremur en aðrir dauðlegir* menn, hvort þeir standa fyrr yfir sínum moldum eða annara. Ég tel þetta hreint og beint gáleysi, að ætla að keyra þetta mál í gegn, bara vegna þess að samið var á síðustu stundu, svo að þeir geti hangið við stjórn ríkisins enn um stund.

Ýmsir menn í Framsfl. hafa sagt það bæði í mín eyru og annara, að þeir væru á móti atvinnuleysistryggingum. Þetta þýðir m. ö. o. ekki annað en það, að þeir hafa selt skoðun sína, eða það, sem verra er, því svo þekki ég suma þeirra, að ekki hafa þeir skipt um skoðun á fáum dögum. Þjóðin hefir ekki átt kost á að kynna sér þetta mál, hvorki þeirra kjósendur né aðrir, og má þó segja, að skylt væri að leggja það fyrir þjóðina, svo varðar þetta allan almenning í landinu. Ég veit raunar, að sósíalistar hafa gert sér far um að síma út um land og sagt sínum félögum að fá samþ. á fundum áskoranir til Alþingis um að samþ. þessa löggjöf, sem enginn þeirra hefir séð, og sé ég ekki annað en þetta sé byggt á hreinum svikum málefnalega séð. Þó ýms félög, sem símað hefir verið til úti um land og sagt hefir verið að lýsa samþykki á frv. þessu, hafi gert það, þá sé ég enga ástæðu, jafnvel ekki fyrir framsóknarmenn, að fara eftir því, þegar þeir vita, að um svona glæfralegar aðfarir er að ræða.

Mér skilst, að þessir flokkar vilji hanga á lýðræði, en mér virðist, að þetta sé ekki byggt á lýðræði eða þeir virði lýðræði nokkurs, þegar þeim kemur til hugar að keyra fram þetta mál með ofurkappi, sem leggur þungar byrðar á herðar almenningi. Þess vegna legg ég til, að þetta frv. verði ekki samþ. á þessu þingi, heldur verði látið bíða næsta þings og fólki þar með *gefinn kostur á að kynna sér* það og fengi eitthvað um það að segja. Ætla ég mér að gera tilraun til að beina málinu inn á aðrar brautir; hvort ég geri það nú við þessa umr. er ekki víst, eða ég bíð eftir að sjá atkvgr. við þessa umr. (**BÁ**: Vísa málinu til stjórnarinnar?). Ég mun freista þess að vísa þessum kafla frá með rökstuddri dagskrá við 3. umr., *og finnst mér* það vel við eigandi. Getur vel verið, að hæstv. ríkisstj. hafi ekki tryggt sér nægt atkvæðamagn með frv. þessu, og væri þá betur farið en heima setið.

Ég get látið mér nægja þessar hugleiðingar, og tel ég á fullum rökum byggt, þó að talað sé á almennum grundvelli um mál þetta, og mun ég láta það óátalið af minni hálfu.

Garðar Þorsteinsson [óyfirl.]: Ég skal ekki tefja þessa umr. mikið. Það voru aðeins tvö atriði í ræðu hv. þm. N.-Þ. í gær, sem ég vildi víkja að. Hann sagði um afstöðu Sjálfstfl., að hún væri einkennileg í þessu máli, og gerði enga frekari grein fyrir þessu. Ég sé því fulla ástæðu til að taka það fram, sem ég gerði í minni fyrri ræðu, að afstaða flokksins, og þá líka minni hl. allshn., er í fullu samræmi við þá afstöðu flokksins í þessum málum, sem hann hefir látið uppi fyrr og síðar. Eins og hv. þm. veit, er það á stefnuskrá okkar sjálfstæðismanna að koma á almennum tryggingum, en þau skilyrði eru sett frá okkar hendi, að löggjöf um þau efni sé byggð á almennum tryggingagrundvelli. Ég geri ráð fyrir, að hv. þm. viðurkenni, eftir að honum hefir verið á þetta bent, að ummæli hans í gær hafa við ekkert að styðjast. En það má benda honum á, að afstaða Framsfl. er einkennilegri en sósialistanna. Sósialistarnir hafa áður borið fram frv. hér á Alþingi um almennar tryggingar. Þetta frv. er að vísu allmjög öðruvísi úr garði gert, en þeir treystast ekki til að fara lengra nú, en hafa lýst því yfir, að þeir muni halda áfram og bæta við síðar.

Framsfl. hefir tjáð sig fylgjandi þessu frv. með lítilsháttar breyt., en þó hafa einstaka þm. úr þeim flokki látið í ljós utan þingsins, að þeir mundu aldrei fylgja þeim kafla, sem fjallar um atvinnuleysistryggingar, á þeim grundvelli, sem hann væri nú. Það er því vitanlega beinlínis hlægilegt, þegar hv. þm. Barð. rís hér upp úr sæti sínu og segir fylgi Framsfl. við frv. bundið vissum skilyrðum, eða því, að vissar brtt. verði samþ., sem skipta engu máli í þessu sambandi hvað snertir aðalgrundvöll tryggingarinnar.

Ég hefi ekki tekið eftir því, að þeir þm. úr Framsfl., sem tekið hafa til máls í þessu máli, hafi hrakið neitt af rökum þeim, sem við í minni hl. allshn. komum fram með hér í gær, en það er aðallega principið um iðgjöld og hlunnindi. Við tókum þá fram, að við vildum hafa sjúkratryggingarnar reistar á þeim grundvelli, að þeir, sem greiða iðgjöld, eigi líka að njóta hlunninda. Við sjálfstæðismenn teljum órétt, að menn greiði iðgjöld án þess að njóta hlunninda, en við erum ekki á móti því að hafa grundvöll tryggingarinnar sem víðtækastan, svo að iðgjöldin verði sem lægst. Okkar sjónarmið er, að húsráðandi eigi alls ekki að greiða fjölskyldu-iðgjöld kannske fyrir 5 manns eða fleiri, án þess svo að fjölskyldan njóti nokkurra hlunninda. Við álítum ekki heldur nokkra ástæðu til þess, að ríkið greiði 45 kr. í iðgjald fyrir ríka fjölskyldu, eða þá, sem eru svo efnum búnir, að geta vel greitt sjálfir fyrir sína sjúkrahjálp. Þessi afstaða er ekki í neinu ósamræmi við útreikninga.

Í grg. fyrir frv. er gert ráð fyrir, að þurfi 57 kr., sem talið er sjálfsagt, að einstaklingarnir standi undir, en í frv. er gert ráð fyrir 54 kr., — mismunurinn er kr. 3,00. Auk þessa felst í till. okkar minni hl., að greiðslan verði á ábyrgð sveitar- eða bæjarsjóðs, og er þá nokkurn veginn vissa fyrir, að ekkert missist af iðgjaldagreiðslum. Ef þau rök eru eðlileg og fullgild, sem og sjálfsagt er, að þeir, sem eru betur efnum búnir, taki þátt í kostnaðinum af tryggingunum, þá er í sjálfu sér sanngjarnt að hafa fleiri með í að vera aðnjótandi réttindanna en aðeins þá, sem teljast hafa miðlungstekjur. Þeir eiga að ívilna þeim meir, sem minnstar tekjur hafa, leyfa þeim, sem hafa meðaltekjur, að vera meðlimir í sjúkrasamlagi, ef þeir vilja. Í þessu tilfelli er í rauninni gert jafnhátt undir höfði vinnukonunni, sem hefir 480 kr. í kaup um árið, og einhleypingnum, sem hefir 4500 kr. í árstekjur. Bæði eiga að greiða 38 kr. iðgjald og bæði eiga að njóta þessara hlunninda. Það skiptir kannske ekki miklu máli hér, en ég veit, að hv. þm. er kunnugt um, að það er algild regla bæði hér í bæ og annarsstaðar í landinu, að húsbændur greiða læknishjálp sinna hjúa. Ég veit ekki til, að það komi fyrir, að húsbændur skirrist undan því að sjá um læknishjálp hjúa sinna. Samkv. þessu frv. á þjónandi stúlka að greiða 36 kr. í læknishjálp og 7.50 kr. í ellistyrktarsjóð. Það er mikið fyrir fátæka vinnustúlku að þurfa að borga meira en mánaðarkaup sitt í læknishjálp, sem stúlkan getur fengið fría annarsstaðar. Það eru því áreiðanlega margar hliðar á þessu máli, og þegar hv. andstæðingar sjálfstæðismanna eru að bera þeim á brýn, að þeir séu á móti þessu velgerðarmáli, þá er það röng ásökun. Sjálfstfl. er ekki á móti sjúkratryggingum, en hinsvegar vill hann setja aðrar meginreglur fyrir framkvæmd þessa máls heldur en Alþfl. og Framsfl. báðir vilja. Ég hefi ekki heyrt, að þeir hv. þm., sem fylgja þessu frv., hafi hrakið það með einu orði, að samlagslæknir geti ekki sinnt nema í mesta lagi 500 samlagssjúklingum. Ef læknar eiga að hafa sömu laun fyrir hvern meðlim og nú er borgað hjá Sjúkrasamlagi Reykjavíkur, þá fá þeir 6000 kr. Af þessari upphæð eiga þeir svo að lifa, borga fyrir áhöld sín og lækningastofur, og samkv. frv. verða þeir að eiga það á hættu að fá ekki greiddan ¼ af þessum kostnaði; og svo verða þeir að hafa bíl. Ég fæ ekki séð, að meðmælendur frv. hafi komið fram með nokkur rök fyrir því, að þessi útreikningur þeirra til læknanna, sem er stærsti útgjaldaliðurinn, hljóti ekki að raska öllum útreikningi þessarar grg. Ég skal benda á það í þessu sambandi, að í Danmörku er ekki miðað við 4500 kr., heldur 2800 kr., 3600 kr. og 4200 kr., eftir því hvar sjúklingarnir eru búsettir. Hinsvegar skal ég játa, að þær tölur eru settar fram að nokkru leyti út í bláinn, sem minnst er á í till. um breyt. á 22. og 23. gr. frv. viðvíkjandi því, hverjir séu skyldutryggðir og hverjir njóti tryggingarinnar. Það má vitanlega færa þau takmörk upp og niður, eftir því sem mönnum finnst sanngjarnt. En það leiðir af sjálfu sér, að það ber að miða þessar tryggingar við efnahag manna og aðstæður, en hinsvegar á að gæta þess, að það „princip", sem gildir um tryggingar, fái einnig að njóta sín hér. Sjálfstfl. hefir ekki viljað setja stein í götu slysatryggingarinnar og breyta þeim; og hann hefir ekki heldur viljað gera efnisbreyt. á 4. kafla, sem er um ellitryggingar og örorkutryggingar, og hann vill, að þetta nái fram að ganga, svo að ummæli hv. þm. N.-Þ. í þessu efni hafa í rauninni, ef vel er að gáð, ekki við neitt að styðjast. Það,

sem sjálfstæðismenn vilja aftur á móti, er það, að fellt verði burt ákvæðið um atvinnuleysistryggingar; og það er í fullu samræmi við það, sem sumir hv. þm. Framsfl. hafa lýst yfir utan þings, að þeir vilji í sjálfu sér, þó að þeir séu, eins og hv. þm. Vestm. orðaði það við hv. þm. N.-Þ., mýldir og handjárnaðir þannig, að þeir *geta ekki fremur í þessu máli en mörgum öðrum* haft rúm fyrir persónulega sannfæringu, en láta í þess stað kúgast af ráðríki sósialista. Það er búið að ræða svo mikið um þann kafla frv., að ég sé ekki ástæðu til þess að fara frekar út í einstök ákvæði hans En ég vil vænta þess, að hv. þm. vilji með sanngirni athuga þær till., sem minni hl. allshn. hefir komið fram með til breyt. á 22. og 23. gr., um sjúkratryggingar. Hitt er að mestu leyti orðabreyt. og til fyllingar á frv. Skal ég svo taka það fram, að ég er þeirri tilhögun samþykkur, að lögreglustjóri innheimti iðgjöldin. Þar með er fengin nokkur trygging fyrir því, að annazt sé um innheimtuna á viðunandi hátt, því að það er augljóst, að það nær ekki nokkurri átt, að sveitarsjóðir og kaupstaðir séu skyldaðir til þess að ábyrgjast iðgjaldagreiðsluna, *ef bæjarsjóðurinn hefir ekki tök á* því að sjá um, að innheimtan fari sæmilega úr hendi. Það er auðvelt fyrir stj. tryggingarstofnananna að fara svo og svo slælega með þessa innheimtu, sleppa mönnum við greiðslu og koma svo til bæjargjaldkera og heimta greiðslur á afborgunum iðgjalda.

Gísli Guðmundsson: Ég ætla aðeins að drepa á nokkur atriði, sem til mín hefir verið beint *frá einstökum hv. þm. út af því, sem ég sagði* hér í dag og í gær í þessu máli. Út af því, sem hv. 8. landsk. beindi síðast til mín, vil ég taka það fram, að ég hygg, að hv. þm. hafi ekki verið staddur hér í hv. d., þegar ég talaði um þetta mál í gær. (GÞ: Jú). Jæja, þá hefir hann ekki tekið vel eftir, því að hann deildi á mig fyrir það, að ég hefði sagt, að afstaða sjálfstæðismanna í þessu máli væri ekki í samræmi við stefnuskrá flokksins. Ég sagði ekkert um þetta, svo að í raun og veru var sá hluti ræðu hv. þm., sem fjallaði um þetta atriði, óviðkomandi því, sem ég sagði í gærkvöldi. Út af því, sem hv. þm. sagði viðvíkjandi einstökum atriðum frv., þá vil ég taka það fram, að ég hefi ekki tíma til þess að svara því að neinu leyti og láta í ljós álit mitt á því.

Þá vil ég víkja nokkrum orðum að hv. þm. V.-Sk. Hann sagði ýmislegt skrítið hér áðan, sem ekki er tími til að dvelja lengi við. Hann sagði m. a., að stjfl. hefðu gert leynisamning. Mér er ókunnugt um það, að nokkur leynd hafi verið yfir þeim samningi. Hann var birtur í blöðunum og það var rætt um hann í opinberum útvarpsumr. Ég veit satt að segja ekki, hvaðan hv. þm. kemur þessi vizka. Þá talaði hv. þm. um það, að þetta mál væri ekki nógu vel undirbúið, vegna þess, að það hefði ekki verið borið undir þjóðina. Það hefir verið undirbúið á sama hátt og flest önnur þingmál; það er ekki venja að leggja þingmál undir þjóðina eftir að þau eru komin í frv.-form, heldur eru þau afgr. af þinginu, en það má segja, að þetta mál — eins og önnur stórmál — hafi verið lagt undir þjóðina við síðustu kosningar, og um leið og þjóðin gekk að kjörborðinu hafði hún aðstöðu til þess að taka afstöðu til málanna, með eða móti þeim. Þá vil ég taka það fram út af því, sem fram kom hjá þessum hv. þm. og fleirum, að það er ekki svo, að þessar tryggingar, sem hér um ræðir, séu allar lögboðnar. Það eru aðeins elli- og örorkutryggingar, sem eru lögboðnar, en atvinnuleysistryggingar eru hvergi lögboðnar. Það er misskilningur og röng málsmeðferð, að ganga út frá því, að hér sé verið að lögbjóða allar þessar tryggingar. Það er t. d. á valdi fólksins í hverjum hreppi, hvort það vill taka á sig þær fjárhagslegu byrðar, sem af þessum tryggingum leiðir. Sama er að segja um atvinnuleysistryggingarnar; hverju verklýðsfélagi eða hóp einstakra manna í hverri atvinnugrein er heimilt að segja til um það, hvort hann vill taka á sig þær byrðar, sem af þessum tryggingum hljótast. Þá var hv. þm. að tala um óánægju með tryggingarlöggjöf annara landa. Það eru vafalaust einhverjir óánægðir með þá löggjöf eins og aðrar löggjafir. Hann nefndi sérstaklega *eina stétt, læknana*. Það er hreint ekkert ólíklegt, að þeir séu óánægðir með sjúkratryggingarnar, enda er hún ekki sett fyrir þá stétt fyrst og fremst.

Hv. þm. A.-Húnv. talaði hér áðan og undirstrikaði rækilega, mér til ánægju, það, sem ég hafði um hann sagt, að hann væri manna grandvarastur í Sjálfstfl., þar sem hann sagðist ekki hafa orðið **mikið** var við, að sjálfstæðismenn segðu sitt á hverri stundu og sitt á hverjum stað. Þetta sýnir, að hv. þm. hefir gert sér far um að fara rétt með, því að það liggur í orðunum, að hann hefir orðið eitthvað **dálítið** var við þetta. Þetta er í samræmi við málflutning þessa hv. þm., sem stendur framar flestum sínum flokksbræðrum að þessu leyti.

Hv. þm. Vestm. talaði hér um hitt og þetta; m. a. *hélt hann því fram, eins og hann gaf í skyn í dag*, að ef framsóknarmenn greiddu atkv. með þessu frv., þá hlytu þeir að greiða atkv. með till., sem sósialistar kynnu að bera fram síðar um viðauka við þessi lög og ýmislegt róttækara í þessu máli. Ég veit ekki, með hvaða rétti hv. þm. segir þetta; með sama rétti get ég sagt, að ef hv. þm. greiðir atkv. með tryggingunum, þá muni hann fikra sig upp á skaftið og greiða atkv. með öllum till. í þessu máli. — *Skal ég svo láta staðar numið að þessu sinni*, þar sem tími minn er á enda.

ATKVGR.

Brtt. 688,1 felld með 16:15 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: ÓTh, PHalld, PO, SK, TT, EE, GÞ, GSv, GÍ, HannJ, JakM, JJós, JÓl, JónP, JS.

nei: PZ, PÞ, SigfJ, SE, StJSt, ÞorbÞ, BJ, BÁ, BB, EmJ, EystJ, FJ, GG, HV, JG, JörB.

MT greiddi ekki atkv.

Einn þm. (ÁÁ) fjarstaddur.

1. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.

2. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.

Brtt. 688,2 (ný 3. gr.) samþ. með 21 shlj. atkv.

4.—5. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.

Brtt. 667,1 samþ. með 17 shlj. atkv.
— 688,3 felld með 16:16 atkv.
6. gr., svo breytt, samþ. með 17 shlj. atkv.
Brtt. 667,2 samþ. með 17 shlj. atkv.
— 688,4 kom ekki til atkv.
7. gr., svo breytt, samþ. með 17 shlj. atkv.
Brtt. 713,1 samþ. með 17:5 atkv.
— 667,3 samþ. án atkvgr.
8. gr., svo breytt, samþ. með 17 shlj. atkv.
9. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
Brtt. 667,4 samþ. án atkvgr.
10. gr., svo breytt, samþ. með 17 shlj. atkv.
Brtt. 667,5.a—b samþ. með 19 shlj. atkv.
— 667,5.c samþ. með 20 shlj. atkv.
11. gr., svo breytt, samþ. með 17 shlj. atkv.
12.—16. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
Brtt. 667,6 samþ. án atkvgr.
17. gr., svo breytt, samþ. með 19 shlj. atkv.
18. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
Brtt. 667,7 (ný gr., verður 19. gr.) samþ. með 19 shlj. atkv.
19.—20. gr. (verða 20.—21. gr.) samþ. með 17 shlj. atkv.
21. gr. (verður 22. gr.) samþ. með 17 shlj. atkv.
Brtt. 688,5 (ný 22. gr.) felld með 16:10 atkv.
22. gr. (verður 23. gr.) samþ. með 17 shlj. atkv.
Brtt. 688,6 (ný 23. gr.) tekin aftur.
— 667,8 samþ með 17:1 atkv
23. gr. (verður 24. gr.), svo breytt, samþ. með 17 shlj. atkv.
24. gr. (verður 25. gr.) samþ. með 17 shlj. atkv.
Brtt. 667,9 samþ. án atkvgr.
25 gr. (verður 26. gr.), svo breytt, samþ. með 17 shlj. atkv.
26.—28. gr. (verða 27.—29. gr.) samþ. með 18 shlj. atkv.
Brtt 695,1 samþ. með 17 shlj. atkv.
— 667,10 samþ með 17 shlj. atkv.
29. gr. (verður 30. gr.), svo breytt, samþ. með 17 shlj. atkv.
Brtt. 695,2 (ný gr., verður 31. gr.) samþ. með 18 shlj. atkv.
30.—32. gr. (verða 32.—34. gr.) samþ. með 17 shlj. atkv.
Brtt. 688,7 felld með 16:11 atkv.
— 667,11 samþ. með 19 shlj. atkv.
33. gr. (verður 35. gr.), svo breytt, samþ. með 17 shlj. atkv.
34.—37. gr. (verða 36.—39. gr.) samþ. með 17 shlj. atkv.
Brtt. 667,12 samþ. með 20 shlj. atkv.
38. gr. (verður 40. gr.), svo breytt, samþ. með 17 shlj. atkv.
Brtt. 667,13 samþ. með 19 shlj. atkv.
39. gr. (verður 41. gr.), svo breytt, samþ. með 17 shlj. atkv.
40.—42. gr. (verða 42.—44. gr.) samþ. með 18 shlj. atkv.
Brtt. 667,14 samþ. með 18 shlj. atkv.
43. gr. (verður 45. gr.), svo breytt, samþ. með 17 shlj. atkv.
44.—46. gr. (verða 46.—48. gr.) samþ. með 19 shlj. atkv.
Brtt. 695,3 samþ. með 17 shlj. atkv.
47. gr. (verður 49. gr.), svo breytt, samþ. með 17 shlj. atkv.
48.—55. gr. (verða 50.—57. gr.) samþ. með 17 shlj. atkv.
Brtt 667,15 (ný 56 gr., verður 58. gr.) samþ. með 19:1 atkv.
57. gr. (verður 59. gr.) samþ. með 18 shlj. atkv.
Brtt. 713,2 samþ. með 17:10 atkv.
— 667,16 kom ekki til atkv.
58. gr. (verður 60. gr.), svo breytt, samþ. með 20 shlj. atkv.
59.—60. gr. (verða 61.—62. gr.) samþ. með 17 shlj. atkv.
Brtt. 688,8 felld með 16:15 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: GÞ, GSv, GÍ, HannJ, JakM, JJós, JÓl, JónP, JS, ÓTh, PHalld, PO, SK, TT, EE.
nei: FJ, GG, HV, JG, PZ, PÞ, SigfJ, SE, StJSt, ÞorbÞ, BJ, BÁ, BB, EmJ, EystJ, JörB.
MT greiddi ekki atkv.
Einn þm. (ÁÁ) fjarstaddur.
61. gr. borin undir atkv. að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: FJ, GG, HV, JG, PZ, PÞ, SigfJ, SE, StJSt, ÞorbÞ, BJ, BÁ, BB, EmJ, EystJ, JörB.
GÞ, GSv, GÍ, HannJ, JakM, JJós, JÓl, JónP, JS, MT, ÓTh, PHalld, PO, SK, TT, EE, greiddu ekki atkv.
Einn þm. (ÁÁ) fjarstaddur.
Þar sem ekki tók meiri hl. þdm. þátt í atkvgr., lýsti forseti 61. gr. fallna.
62. gr. (verður 63. gr.) samþ. með 17 shlj. atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: EmJ, EystJ, FJ, GG, HV, JG, MT[1]), PZ, PÞ, SigfJ, SE, StJSt, ÞorbÞ, BJ, BÁ, BB, JörB.
GÞ, GSv, GÍ, HannJ, JakM, JJós, JÓl, JónP, JS, ÓTh, PHalld, PO, SK, TT, EE greiddu ekki atkv.
Einn þm. (ÁÁ) fjarstaddur.
Brtt. 667,17.a—c samþ. með 18:2 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: JG, PZ, PÞ, PO, SigfJ, SE, StJSt, TT, BJ, BÁ, BB, EmJ, EystJ, FJ, GG, HV, JÓl, JörB.
nei: ÞorbÞ, HannJ.
JónP, JS, MT, ÓTh, PHalld, SK, EE, GÞ, GSv, GÍ, JakM, JJós greiddu ekki atkv.
Einn þm. (ÁÁ) fjarstaddur.
63. gr. (verður 64. gr.), svo breytt, samþ. með 16:12 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: EmJ, EystJ, FJ, GG, HV, JG, PZ, PÞ, SigfJ, SE, StJSt, ÞorbÞ, BJ, BÁ, BB, JörB.
nei: GÞ, GÍ, HannJ, JakM, JJós, JÓl, JS, MT, PHalld, PO, SK, TT.
EE, GSv, JónP, ÓTh greiddu ekki atkv.
Einn þm. (ÁÁ) fjarstaddur.
64. gr. (verður 65. gr.) samþ. með 17 shlj. atkv.
65. gr. (verður 66. gr.) samþ. með 17 shlj atkv.
66. gr. (verður 67. gr.) samþ með 17 shlj. atkv.
Brtt. 697 samþ. með 18 shlj. atkv.

---

1) MT: Ég tel alls ekki tilgangslaust að greiða atkv. um þessa gr. og þær gr., sem eftir eru af þessum kafla, sökum þess að ekki er enn fullnaður meðgöngutími þessara gr., ekki aðeins í þessari hv. d., heldur í hv. Ed., en þó sérstaklega fyrir það, að þó sumar þeirra hljóti fæðingu hér í d., en aðrar verði drepnar, þá geta þær gengið aftur í hv. Ed., og því er ekki tilgangslaust að greiða atkv. um þennan kafla, og þar á meðal ýmsar merkilegar brtt. við hann, sem rétt er, að greidd verði atkv. um, og segi ég því já.

67. gr. (verður 68. gr.), svo breytt, samþ. með 16:15 atkv. að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: EmJ, EystJ, FJ, GG, HV, JG, PZ, PÞ, SigfJ, SE, StJSt, ÞorbÞ, BJ, BÁ, BB, JörB.
nei: GÞ, GSv, GÍ, JakM, JJós, JÓl, JónP, JS, MT, ÓTh, PHalld, PO, SK, TT, EE.
HannJ greiddi ekki atkv.
Einn þm. (ÁÁ) fjarstaddur.

68. gr. (verður 69. gr.) samþ. með 16:15 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: JG, PZ, PÞ, SigfJ, SE, StJSt, ÞorbÞ, BJ, BÁ, BB, EmJ, EystJ, FJ, GG, HV, JörB.
nei: MT, ÓTh, PHalld, PO, SK, TT, EE, GÞ, GSv, GÍ, JakM, JJós, JÓl, JónP, JS
HannJ greiddi ekki atkv.
Einn þm. (ÁÁ) fjarstaddur.

Brtt. 667,18.a samþ. með 17 shlj. atkv.
— 667,18.b samþ. með 17 shlj. atkv.
— 667,18.c samþ. með 17 shlj. atkv.

69. gr. (verður 70. gr.), svo breytt, samþ. með 17 shlj. atkv.

Brtt. 667,19.a samþ. án atkvgr.
— 667,19.b samþ. með 17 shlj. atkv.
— 700 samþ. án atkvgr.

70. gr. (verður 71. gr.), svo breytt, samþ. með 16:15 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: HV, JG, PZ, PÞ, SigfJ, SE, StJSt, ÞorbÞ, BJ, BÁ, BB, EmJ, EystJ, FJ, GG, JörB.
nei: HannJ, JakM, JJós, JÓl, JónP, JS, ÓTh, PHalld, PO, SK, TT, EE, GÞ, GSv, GÍ.
MT greiddi ekki atkv.
Einn þm. (ÁÁ) fjarstaddur.

Brtt. 667.19.c samþ. með 18 shlj. atkv.

71. gr. (verður 72. gr.), svo breytt, samþ. með 17 shlj. atkv.

72. gr. (verður 73. gr.) samþ. með 17 shlj. atkv.

Tilmæli komu til forseta um að bera kaflann sérstaklega undir atkv., en forseti taldi þess ekki þurfa, vegna þess að búið væri að greiða atkv. um hverja einstaka grein kaflans.

Thor Thors: Ég vil mótmæla því hjá hæstv. forseta, að búið sé að greiða atkv. um kaflann eins og hann nú er orðinn, hvort skuli fella hann niður allan í heild. Nú er kaflinn orðinn svo mikið breyttur, að full ástæða er til að ganga til atkvæða um hann á ný. Hæstv. forseti viðurkenndi, að það vantaði höfuðið á þennan kafla, og ég vildi því vita, hve margir af hv þm. vilja samþ. jafnhöfuðlausa skepnu og kaflinn nú er orðinn.

Ég held, að það sé ekki rétt hjá hæstv. forseta, að allir þm., sem greiddu atkv. með hverri einstakri grein kaflans, hafi þar með samþ. kaflann í heild. Þeir hafa aðeins látið í ljós, hvernig þeir óska, að hver einstök grein sé, ef kaflinn á að standa, en ekkert um það, hvort kaflinn á að standa í lögunum eða ekki.

Allar ástæður mæla nú með því, að gengið verði til atkv. um kaflann, hvort hann skuli standa í lögunum eða ekki, og vil ég mælast til þess við hæstv. forseta, að hann beri kaflann upp sérstaklega.

Forseti (JörB): Ég vil benda hv. þm. Snæf. á það, að engin grein hefir verið undan felld við atkvgr. og að búið er að ganga til atkv. um hverja grein innan kaflans. Þar sem meiri hl. d. hefir samþ. greinarnar og mundi samþ. kaflann þó að hann væri borinn upp í heild, þá er þetta í raun og veru að greiða tvisvar atkv. um það sama. Verður því ekki gengið til atkv. um kaflann.

Ólafur Thors: Ég vil vekja athygli á því, að hæstv. forseti var búinn að segja, að hann gæti sætt sig við, að atkvgr. um kaflann færi fram, og úr því að það er eindregin ósk þm. og þeir færa rök fyrir því, þá skil ég ekki, hvernig hæstv. forseti getur neitað þessu. Ef það er af því, að hann sé hræddur um, að kaflinn muni falla, þá sannar það einmitt, að kaflinn á að koma til atkv. Vil ég því beina því til hæstv. forseta, að hann leyfi atkvgr. um kaflann.

Forseti (JörB): Ég vil benda hv. þm. G.-K. á það, að þegar ég gaf það tilsvar, að ég hefði ekkert á móti því fyrir mitt leyti, að gengið væri til atkv. um kaflann, þá hafði enginn látið í ljós ósk um, að til atkv. væri gengið um hann. Ég lét þá í ljós, að ef á það yrði sætzt að ganga til atkv. um kaflann, gæfi ég það eftir, þótt það sé óvenjulegt og óþarft. En nú hafa komið fram andmæli gegn því. Og fyrst hv. þm. hafa ekki orðið ásáttir um þetta, er bezt að halda þeirri þingvenju, sem gilt hefir, og bera kaflann ekki undir atkv. **(ÓTh:** Hvað segja þingsköp um þetta?). Þau tiltaka ekkert beinlínis um þetta, en þegar greidd eru atkv. um hverja einstaka grein, ber að skoða kaflaskipti og fyrirsögn samþ. án atkvgr. Ég vil benda hv. þm. G.-K. á það, að það hefir komið fram brtt. við kaflann í heild, um að fella hann niður, og hún var felld, og þar að auki hefir hver einstök grein verið samþ. Þetta sýnir, að meiri hl. þm. vill, að kaflinn standi. Vil ég því mælast til, að hv. þm. haldi þessu ekki frekar fram.

Gísli Sveinsson: Með því að ég tók upp á því fyrstur að biðja hæstv. forseta að láta ganga til atkv. um þennan kafla, þá vil ég benda hæstv. forseta á, að hann getur ekki skorazt undan því samkv. þingsköpum að láta greiða atkv. um kaflann, enda þótt það sé venja að skoða kaflaskipti samþ. án atkvgr.

Í öðru lagi er mikil ástæða til þess þrátt fyrir þá atkvgr., sem fram hefir farið um, hvort kaflinn ætti að falla eins og hann þá var. Nú er kaflinn orðinn allt öðruvísi en hann þá var, og þó að menn hafi viljað vera með einstökum brtt., þá er ekki með því sagt, að þeir séu með kaflanum í heild. Kaflinn getur ekki orðið svona í lögunum, þess vegna er það sjálfsagt og beinlínis skylda hæstv. forseta að bera kaflann undir atkv.

Atvmrh. (Haraldur Guðmundsson): Ég vil benda á, að það á enga stoð í heilbrigðri skynsemi að ganga til atkv. um kaflann. Það er búið að greiða atkv. um hverja grein kaflans út af fyrir sig, og þegar þannig er búið að greiða atkv. um hverja gr. frv. fyrir sig, þá er frv. borið upp í heild með kaflaskiptum. Það er ekki hægt að fella grein, sem búið er að samþ. með löglegum

meiri hl., og hæstv. forseti mun að sjálfsögðu um leið og atkvgr. er lokið bera upp frv. í heild með kaflaskiptum.

Hannes Jónsson: Ég hygg, að það hafi oft verið venja að bera upp kafla sérstaklega með þeim breyt., sem á þeim hafa orðið. Þegar nú koma fram óskir um, að þessi kafli sé borinn undir atkv., er ekki nema eðlilegt, að hæstv. forseti verði við þeim tilmælum. Og þar sem viðurkennt er, að kaflinn sé höfuðlaus, þá vil ég ekki bera ábyrgð á honum og vil fá tækifæri til þess að greiða atkv. um hann.

Stefán Jóh. Stefánsson: Ég vil benda á, að krafa þeirra hv. þm., sem óska, að kaflinn sé borinn undir atkv., brýtur í bág við þingvenju fyrst og fremst, og þar að auki segir í 22. gr. þingskapa — niðurlagi gr. — með leyfi hæstv. forseta:

„Þegar búið er að ræða hvern kafla, skulu atkv. greidd um hverja grein í honum með brtt., er við eiga. Að síðustu skal greiða atkv. um það, hvort frv. þannig lagað eigi að ganga til 3. umr."

Það er sýnilegt, að þessi þingvenja er í samræmi við 22. gr. þingskapa. Það er því óviðeigandi og ég mótmæli því, að atkvgr. fari fram á ný um það, sem þegar er búið að greiða atkv. um — ekki einu sinni, heldur jafnvel tvisvar.

Gísli Sveinsson: Ég skal geta þess út af því, sem fram hefir komið, að þessi kafli er orðinn allmjög breyttur frá því, sem var, og í raun og veru vill enginn hafa hann eins og hann er, og loks, að hann er orðinn sjálfstæð heild út af fyrir sig, sem frv. getur verið án. Það er því ekki nema sjálfsögð krafa, að atkv. séu greidd um kaflann, og sé ég ekki, hvernig hæstv. forseti getur skorazt undan því, enda hefði hann ekki gert það, ef hann hefði verið sjálfráður. Ég óska því að fá að greiða atkv. um kaflann.

Forseti (JörB): Ég vil benda hv. þm. V.-Sk. á það, að um þessar greinar frv. út af fyrir sig er ekki hægt að ganga til atkv. eftir að búið er að ganga til atkv. um hverja grein fyrir sig. Það, sem greitt yrði atkv. um, er því ekki, hvort fella eigi einstaka kafla frv., heldur hvort fella eigi **kaflaskipti** frv., en það ætla ég, að skipti ekki máli um meðferð málsins og bezt sé að halda gamalli venju og fara eftir ákvæðum þingskapa.

73.—75. gr. (verða 74.—76. gr.) samþ. með 19 shlj. atkv.
Brtt. 667,20 samþ. án atkvgr.
76. gr. (verður 77. gr.), svo breytt, samþ. með 18 shlj. atkv.
77.—81. gr. (verða 78.—82. gr.) samþ. með 19 shlj. atkv.
82. gr. (verður 83. gr.) samþ. með 18 shlj. atkv.
Brtt. 667,21 samþ. með 17 shlj. atkv.
83. gr. (verður 84. gr.), svo breytt, samþ. með 18 shlj. atkv.
Brtt. 667,22 samþ. með 18 shlj. atkv.
84. gr. (verður 85. gr.), svo breytt, samþ. með 17 shlj. atkv.
Brtt. 676 samþ. með 17 shlj. atkv.
85 gr. (verður 86. gr.), svo breytt, samþ. með 17 shlj. atkv.
86. gr. (verður 87. gr.) samþ. með 17 shlj. atkv.
Brtt. 688,9 felld með 16:15 atkv.
87. gr. (verður 88. gr.) samþ. með 18 shlj. atkv.
Brtt. 688,10 felld með 16:15 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: JJós, JÓl, JónP, JS, ÓTh, PHalld, PO, SK, TT, EE, GÞ, GSv, GÍ, HannJ, JakM.
nei: JG, PZ, PÞ, SigfJ, SE, StJSt, ÞorbÞ, BJ, BÁ, BB, EmJ, EystJ, FJ, GG, HV, JörB.
MT greiddi ekki atkv.
Einn þm. (ÁÁ) fjarstaddur.
Brtt. 667,23 samþ. með 17 shlj. atkv.
88. gr. (verður 89. gr.), svo breytt, samþ. með 17 shlj. atkv.
Fyrirsagnir frv. og kafla þess samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 25:1 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: SK, StJSt, TT, ÞorbÞ, BJ, BÁ, BB, EE, EmJ, EystJ, FJ, GG, GÍ, HannJ, HV, JakM, JJós, JÓl, JG, MT, PZ, PÞ, SigfJ, SE, JörB.
nei: JónP.
GSv, JS, ÓTh, PHalld, greiddu ekki atkv.
Þrír þm. (ÁÁ, GÞ, PO) fjarstaddir.

Á 95. fundi í Nd., 10. des., var frv. tekið til 3. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 96. fundi í Nd., 11. des., var frv. aftur tekið til 3. umr. (A. 726, 747, 750, 754, 756, 757, 761).
Of skammt var liðið frá útbýtingu brtt. 761. — Afbrigði leyfð og samþ. með 17 shlj. atkv.

Frsm. meiri hl. (Héðinn Valdimarsson) [óyfirl.]: Ég vil gera hér nokkra grein fyrir nokkrum brtt. frá meiri hl. allshn. á þskj. 747. Hin fyrsta er við 7. gr. og er á þá leið, að í stað þriggja manna í tryggingarráði verði fimm. Þykir okkur þetta fela í sér meira öryggi. 2. brtt. er orðabreyt. þess efnis, að í stað orðanna „4500 kr., eftir að persónufrádráttur hefir átt sér stað samkv. skattalögum" í 24. gr. komi: skattskyldar tekjur um 4500 kr. — 3. og 4. brtt. ákveða greinatölu.

5. brtt., við V. kafla, kveður nánar á um það, hverskonar félög sé um að ræða, og ennfremur er þar ákveðið, að atvmrh. skuli hafa eftirlit með starfsemi sjóðanna. Ætti það að vera næg trygging fyrir því, að ekki kæmist hlutdrægni að.

6. brtt. a—b er nánari skilgreining á 69. gr. Samkv. henni skal ákveða biðtíma með hliðsjón af venjulegum atvinnutíma í starfsgreininni á staðnum, og að menn skuli ekki að jafnaði eiga rétt til styrks úr sjóðnum fyrr en þeir hafa greitt iðgjöld í 6 mánuði. Þá er einnig svo ákveðið, að einhleypir menn hafi ekki rétt til styrks í janúar og desember, nema sérstaklega standi á og ráðh. samþykki.

Þá flytjum við hv. 1. landsk. brtt. á þskj. 761. 1. brtt. er við 40. gr. og miðar að því að rétta hlut sjómanna, á þann hátt, að hinn tryggði fái fullar bætur samkv. þessum lögum, þótt þær

séu hærri en útgerðarmanni ber að greiða samkv. sjómannalögunum, í því tilfelli, er útgerðarmaður semur við sjúkrasamlag um að bera þá áhættu, sem útgerðarmenn bera samkv. 27. og 28. gr. l. nr. 41 1930. Við 43. gr. berum við fram þá brtt., að sjúkrasamlög megi lengja gjaldfrest iðgjalda um allt að tveim mánuðum. — Hinar brtt. eru ekki efnisbreytingar.

Um brtt. hv. þm. Snæf. er það að segja, að þær eru í raun og veru alveg í samræmi við mótbárur þær, sem hann kom með gegn frv. við 1. umr. Að vísu væri ástæða til þess fyrir mig að svara ýmsu, er þá kom fram af hálfu andstæðinga málsins, en þar sem orðið er mjög áliðið þings, vil ég ekki tefja málið með því.

Gísli Sveinsson [óyfirl.]: Ég hefi áður talað hér um þetta mál almennt og greint frá ástæðum til þess, að ég væri ekki tilbúinn að ljá þessu máli fylgi mitt, svo lítt rannsakað og þekkt sem það er hér á landi, enda mun svo vera, að aðrir munu ekki fylgja því orðalaust en þeir, sem fyrirfram eru bundnir, en með þeim hætti er einmitt flestum málum tryggður framgangur innan þingflokka stj. á þessu þingi.

Alþýðutryggingar þær, sem hér ræðir um, eru algert nýmæli hér á landi, að því undanteknu, sem tekið er upp úr gildandi lögum um slysatryggingar. Og það er ekki nóg með, að þessar tryggingar séu með öllu óþekktar hér, heldur hafa sumar greinar þeirra reynzt mjög illa annarsstaðar, og á ég þar einkum við atvinnuleysistryggingarnar. Það kemur því næsta undarlega fyrir sjónir, að stjórnarflokkarnir skuli nú ætla að hespa þetta varhugaverða stórmál af á 2—3 dögum, og það því fremur sem kunnugt er, að allmargir framsóknarmenn voru málinu andvígir í öndverðu.

Mál þetta er enn svo órannsakað, að með öllu er óvíst, hvort hinum tryggðu verður nokkur ágóði að tryggingunum. En hitt er víst, að þær leggja bæði einstaklingum og sveitar- og bæjarfélögum þungar byrðar á herðar, svo þungar, að telja má drápsklyfjar á þessum tímum, þegar allir eru að örmagnast undir álögum hins opinbera. Allar líkur eru til þess, að allir tapi, en enginn græði.

Sérstaklega kemur þetta þó þungt niður á bæjar- og sveitarfélögum, sem öllum liggur við greiðsluþroti, nema Reykjavík, sem allir játa nú, að standi sig vel undir stjórn sjálfstæðismanna.

En það er ekki nóg með það, að hér séu lagðar beinar og þungbærar álögur á hin þrautpíndu sveitarfélög, heldur eru þau með hinum háu útgjöldum einstaklinganna enn á ný svipt tekjustofnum sínum, svo að hér eftir má teljast alveg vonlaust, að einstaklingarnir geti innt af hendi lögskil til þeirra. Hvernig er nú hægt að ætlast til þess, að annað eins og þetta sé samþ. orðalaust. Og hvernig ætla framsóknarmenn að fara að því hendur sínar af því að bæta nú inn svo stórfelldum álögum á sveitirnar, bæði hreppsfélög og einstaklinga, til útgjalda, sem aðeins koma bæjunum, og þó ekki öllum, að gagni? Hvernig ætla þessir hv. þm. að forsvara það, eftir að hafa fyrir nokkrum dögum lýst sig andstæða málinu, að hafa samið um, að málið skuli ganga fram gegn því að stj. fái að hanga á horriminni, — forsvara það, að þeir hafa nú selt frumburðarrétt sinn í hendur þessara varga, sem sýna framsóknarmönnum stöðugan yfirgang, er þeir iðulega krauma undan. Það virðist ekkert lát vera á því taki, sem sósíalistar hafa með klóm sínum í framsóknarmönnum, og má mikið vera, ef ekki sviður undan þegar út úr rifnar, svo framsóknarmenn finni þá, að þeir hafa fengið svöðusár. Ég tel það að bæta gráu ofan á svart að lögleiða þetta í einu kasti, þó stjórnarflokkarnir hafi um það gert samninga á bak við tjöldin, með nokkurri sviksemi þó. Það mætti ekki minna vera en þeir, sem undan þessum lögum á að blæða, fengju að segja álit sitt um þau, áður en þessir lýðskrumarar, sem skreyta sig svo mjög með lýðræðis- og frelsishjali sínu, gera út um málið. Það mætti ekki minna vera en þeir spyrðu þá að því, hve langt þeir mættu ganga í þessu máli, sem ekki er þeirra mál, hve dýrt þeir mættu selja sig. Ég hugsa, að ef umbjóðendur þessara hv. þm. fengju að segja sitt álit, þá vildu þeir ekki verzla; þeir mundu vilja kalla sína umboðsmenn heldur heim, sem það gerðu, áður en flokkarnir klofna og rofna í þessum samningamálum og það langt er gengið, að e. t. v. er verr farið en heima setið.

Ég tel það engan undirbúning, þó rubbað hafi verið upp grg. í þessum málum, sem alveg er óvíst, að nokkuð eigi hér við. Ég tel það ekki forsvaranlegan undirbúning og gagnstætt öllum lýðræðisreglum að ætla að demba þessum lögum á þjóðina óaðspurt. Því vildi ég leggja mitt lið til hins, að lengra yrði leitað eftir umsögnum, þó ekki væri nema til þess að leysa hv. framsóknarmenn frá því oki, sem á þá hefir verið lagt í þessu máli. Ég vil, að fengið sé álit minna kjósenda og annara og að þeir fái hér nokkru um að ráða, og sömuleiðis þær stofnanir, bæði til sjávar og sveita, sem byrðarnar eiga að bera, en það eru bæjar- og sveitarfélögin, sem svo stórlega á að blæða þegar til kemur. Þess vegna vil ég ekki og fleiri, — kannske ýmsir svona undir niðri, þó ekki láti uppskátt —, að gengið sé til fullnustu frá þessum málum án þess kjósendurnir eigi kost á að segja álit sitt um þau. Þegar þess er gætt, að stórmáli þessu er ekki dembt inn í þingið fyrr en svona seint, hvað þá að aðrir fái um þau nokkra vitneskju í blöðum eða umr., þá er það ljóst, að almenningur í landinu veit ekkert, hvað er að gerast. Þó sósíalistar bendi á dæmi um samþykktir nokkurra manna í ýmsum kaupstöðum, þá er það vitað, að þessir menn hafa ekki einu sinni séð málið. Það er venjuleg aðferð stjórnarflokkanna og alkunn, að senda fyrirskipanir út um landið um samþykktir, sem eigi að gera, og síðan fá þeir andsvör, sem þeir kalla þjóðarvilja, þó enginn viti neitt, hvað það er, sem þeim hefir verið sagt að samþ. Ég vil því út frá þessum forsendum leyfa mér að óska þess, að frv. þetta verði afgr. frá þessu þingi með svo hljóðandi rökst. dagskrá:

„Þar sem frv. það til laga um alþýðutryggingar, sem hér liggur fyrir, er fyrst fram komið úr milliþinganefnd á síðara hluta þessa þings, svo

að eigi er líklegt, að allir þingmenn hafi getað annað því að kynna sér til fullnustu svo margbrotinn lagabálk;

þar sem því enn síður landsfólkið hefir haft tækifæri til þess að gera sér grein fyrir þessum ákvæðum, sem m. a. ætlast til, að allþungar byrðar verði lagðar á einstaklinga og hið opinbera (ríki og bæjar- og sveitarfélög), og þar að auki innihalda nýja og hér ókannaða tryggingagrein — atvinnuleysistryggingar —, sem mjög eru skiptar skoðanir um, — og loks,

þar sem það verður af nefndum ástæðum að teljast nauðsynlegt, enda samkvæmt réttum lýðræðisreglum, að gefa almenningi, eða þeim stofnunum hans, er hér koma mest til greina, kost á að taka þetta mál þannig undirbúið til athugunar og láta í ljós vilja sinn á því áður en það verður lögleitt,

þá beinir deildin þeirri áskorun til ríkisstjórnarinnar, að hún leggi málið fyrir bæjar- og sveitarstjórnir landsins til umsagnar, og tekur fyrir næsta mál á dagskrá."

Dagskrá þessa leyfi ég mér svo að afhenda hæstv. forseta.

Forseti (JörB): Mér hefir borizt rökst. dagskrá frá hv. þm. V.-Sk., sem hann hefir nú lýst. Tel ég ekki þörf á að lesa hana hér upp aftur, og liggur hún hér fyrir til umr. ásamt málinu.

Jónas Guðmundsson [óyfirl.]: Ég var einn af þeim, sem gerðist flm. þessa frv. og þar sem ég sé ekki, að neinn hv. þm. hafi kvatt sér hljóðs, þá finnst mér ekki rétt, að þagað sé yfir öllum þeim staðleysum og fjarstæðum, sem hv. þm. V.-Sk. jós út úr sér í þessari stuttu ræðu sinni. — Hann sagði, að með löggjöf þessari væri engu létt af bæjar- og sveitarfélögum, heldur væri þeim með henni íþyngt á allan hátt. Ég verð að álíta, að ef þetta er mælt af heilum hug, þá stafi það af því, að hv. þm. hafi ekki einu sinni lesið frv., hvað þá að hann hafi gert sér nokkra grein fyrir því, hvernig þessi löggjöf mun verka. Hann veit ekki, að alstaðar þar, sem sjúkrasamlög hafa starfað, hafa þau létt þungum byrðum af bæjar- og sveitarfélögunum, og hér er reynslan hin sama með þá einu grein tryggingа, slysatrygginguna, sem starfrækt hefir verið hér nokkuð að ráði. Hvað heldur hann, að sveitar- og bæjarfélögum hefði þurft að blæða vegna slysatilfella, ef slysatryggingin hefði ekki verið? Að sínu leyti nákvæmlega eins og þessum stofnunum blæðir enn í dag vegna elli- og sjúkrastyrkja, og gerir fátækraframfærið svo erfitt sem raun er á. Það er tiltölulega lítið, sem sveitarfélögin þurfa að greiða í fátækrastyrki vegna atvinnubrests, óhappa eða annars slíks. Langsamlega mest af framfærslukostnaðinum er elli- og sjúkratryggingar, og það er það, sem frv. á að létta af bæjar- og sveitarfélögunum. Frv. skipar fyrir um, að þessar tryggingar komi þegar til framkvæmda í 8 stærstu héruðum landsins, kaupstöðunum, og heimilar, að sjúkrasamlög séu stofnuð í kauptúnum og sveitum. Hvort sveitfirnar telja sér eins mikla nauðsyn á þessum tryggingum, eftir að fátækralöggjöfinni hefir verið breytt, er ekki víst, því þau njóta mestra friðinda vegna þeirra laga og þeim er ætlað að ganga fram á þessu þingi.

Þá vildi hv. þm. gerast bakhjallur framsóknarmanna, svo þeir þyrftu ekki að selja okkur Alþfl.mönnum frumburðarrétt sinn. Hann sagði, að rubbað hefði verið upp grg. um þetta frv. og að enginn hefði átt þess kost að kynna sér málið. Samt er það búið að liggja frammi frá því á öndverðu sumri; það var víst fullbúið í maí í vor. (GSv: Hvers vegna var því ekki útbýtt meðal þm.?). Frv. var útbýtt í haust, en það var fullbúið í vor. (TT: Því fengu engir að sjá það fyrr en í haust?). Það fengu allir að sjá það, sem vildu, en áhuginn hefir máske ekki verið mikill hjá öllum. (TT: Þm. vissu ekkert um frv.). Ég vil bæta því við, að þegar í stað er vinningur fyrir sveitar- og bæjarfélögin að fá ellitryggingarnar. Í staðinn fyrir það, að bæjar- og sveitarfélög hafa nú ekki nema 80 þús. kr. til þess að útbýta í ellistyrk meðal gamalmenna í landinu, þá eiga þau eftir frv. að fá til þess frá því opinbera á þriðja hundrað þús. kr., auk þess, sem þau sjálf leggja fram.

Hv. þm. segir, að frv. sé svo sáralítið undirbúið, að það eigi að vísa því frá með dagskrá. Að sjálfsögðu á að fella þá dagskrá. Þó einhverju kunni að vera ábótavant við tryggingalöggjöf þessa, þá gripur hún ekki það inn í líf þjóðarinnar strax, nema að því er snertir sjúkratrygginguna í kaupstöðum, að það komi nokkuð að sök, því það, hvort menn eru látnir greiða 5, 6 eða 7 kr. til ellitrygginganna, skiptir engu máli, en hitt skiptir meiru, að nú fæst svo miklu hærri upphæð til úthlutunar til gamalmenna en áður. Það vita allir, að hvert einasta heimili greiðir árlega í læknishjálp og meðul meira en frv. gerir ráð fyrir, að það greiði í hinn sameiginlega sjúkrasjóð, og það svo margfalt meira þau heimili, sem mikið hafa að greiða, að slíkt er ekki sambærilegt. Auk þess verða sveitar- og bæjarfélögin nú að hjálpa þeim, sem ekki geta sjálfir staðið straum af sjúkrakostnaði sínum, og ég er sannfærður um, að það er miklu meira en þau þurfa að greiða til þeirra trygginga samkv. frv.

Hér liggur auk þess fyrir þinginu annað athyglisvert frv. um tryggingu sjúkra manna og örkumla, sem ætlað er, að gangi fram, og það *léttir einnig á sveitar- og bæjarfélögunum þeirri* byrði, sem erfiðust er. (GSv: Þora sósialistar að fylgja því frv.?). Já, vitanlega, og það kemst fram, ef sjálfstæðismenn ekki bregðast. (GSv: Ég hélt, að þar ætti að treysta á framsóknarmenn). — Ég læt hér svo staðar numið. Mér fannst ekki viðeigandi að taka þegjandi þessari gusu frá hv. þm. V.-Sk., enda lenti hún mest á mér, þar sem ég sat í mínu skrifarasæti, og þess vegna svaraði ég honum.

Frsm. minni hl. (Thor Thors): Ég ætla ekki að svara ræðu hv. síðasta ræðumanns. Ég geri ráð fyrir, að hv. þm. V.-Sk. muni sjálfur svara honum, enda var ræðunni aðallega beint til hans.

Þetta er nú 3. umr. málsins, og því í sjálfu sér ástæða til að ræða það á breiðum grundvelli, en ég geri hinsvegar ráð fyrir, að þær umr. hafi litla þýðingu, þar sem ákveðið er, að frv. skuli,

eins og mörg önnur frv., ganga fram, hverskonar gagnrýni sem það kann að sæta. Það verður þá að ræða við stjórnarflokkana síðar um þetta mál á þeim vettvangi, þar sem þeir verða að svara fyrir sig, frammi fyrir kjósendum, og krefja þá þar reikningsskapar á því, út á hvaða braut þeir hafa lagt. Ég hefi áður bent á það, hve fjarri fer því, að umbjóðendur framsóknarþingmannanna eigi von á því, að þingmenn þeirra fari að styrkja atvinnuleysið í kaupstöðunum, og ég hefi einnig bent á það, hve víðtæk áhrif og röskun slíkt hlýtur að hafa á atvinnulífið í landinu og hve mikið það muni auka fólksstrauminn úr sveitunum til kaupstaðanna, en það er einmitt það, sem framsóknarmenn hafa stöðugt verið að tala um, að væri svo hættulegt fyrir þjóðina, og fram til þess síðasta hefir það verið eitt þeirra stærsta áhugamál, a. m. k. heima fyrir, að stöðva þann straum, en ekki auka.

Sá kafli þessa frv., sem fjallar um atvinnuleysistryggingarnar, veldur mestum ágreiningi, en einnig um sjúkratryggingarnar er nokkur ágreiningur. Við hv. 8. landsk. höfum enn freistað þess að reyna að bæta þann kafla og berum því fram nokkrar brtt. á þskj. 757. Vil ég leyfa mér að skilgreina þær með nokkrum orðum.

Fyrsta brtt. er við 24. gr. og er þess efnis, að allir meðlimir njóti þeirra hlunninda, sem samlagið veitir. Það eru mjög há gjöld, sem leggja á á allan almenning með þessum sjúkratryggingum. Það er beinlínis gert ráð fyrir, að hver einstaklingur eigi að greiða á ári ekki minna en 36 kr. Þessi framlög eru fyrir stór heimili mjög tilfinnanleg. Ég hefi bent á það við fyrri umr. þessa máls, að þessi útgjöld geti numið 250 kr. og meiru á einu heimili, og með ellitryggingargjöldunum verður þetta yfir 300 kr. á heimili fyrir utan tekjuskattinn, og þegar hann bætist við, sem hjá einstöku mönnum verður allálitleg fúlga, þá verður upphæðin enn tilfinnanlegri. Okkur þykir það sanngjarnt, að þessir menn fái eitthvað á móti.

2. brtt. okkar takmarkar tillög til sjúkrasamlaga á þann hátt, að ríki og raunar bæjarfélög gjaldi ekki neitt á móti iðgjöldum þeirra manna, sem efnaðri eru og hafa 4500 kr. eða meira í skattskyldar tekjur. Eftir því yrði þá sá munur á hlutskipti hinna efnaðri og þeirra efnaminni, að þeir, sem efnaminni væru, fengju styrk frá bæjar- og sveitarfélögum, en hinir efnaðri fengju engan styrk. Ég hygg, að það mundi verða til þess að auka vinsældir sjúkratrygginganna, ef allir þeir, sem til þeirra gjalda. fengju einhver friðindi fyrir.

3. brtt. er við kaflann um atvinnuleysistryggingar og er í því fólgin að takmarka framlög ríkis og bæja til þeirra trygginga meir en gert er í frv. Við teljum nauðsynlegt, vegna þess hve hagur ríkisins er bágborinn, að stilla þessum gjöldum í hóf. Í stað þess að í frv. er gert ráð fyrir í 1. málsgr. 71. gr., að ríkissjóður leggi fram 50% til atvinnuleysissjóða, leggjum við til, að komi 25%, og þar sem gert er ráð fyrir 6 kr. gjaldi í sömu málsgr., leggjum við til, að gjaldið verði takmarkað við 3 kr. Ég get ekki annað skilið en að þeir, sem sérstaklega eiga að bera ábyrgð á fjárreiðum ríkissjóðs, fallist á, að fullkomin þörf sé á að takmarka gjöld hans.

4. brtt. okkar er um stjórn atvinnuleysissjóða. Frv. minnist í raun og veru ekkert á það, hvernig stjórnir þessara sjóða eigi að vera skipaðar. Það er bara auðséð, að verklýðsfélögin eiga þar að hafa öll yfirráð. Í annan stað er það tekið fram í frv. að ekki megi vera nema eitt verkalýðsfélag, sem hljóti styrk frá ríkinu, á hverjum stað. Ég hefi bent á það áður, að hér kennir sama einræðisins hjá stjórnarflokkunum og kenndi í verkamannabústaðamálinu í fyrra. Ég sé, að það er ekkert óeðlilegt við það, þó sósialistar berjist hart fyrir því að fá þessar álögur lögteknar, þeir vilja eðlilega styðja það, af því þeir eiga að fá að ráða yfir þessu fé. En það er einkennilegt, svo framarlega sem það er ekki fastákveðið, að ríkisvaldið skuli að sjálfsögðu alltaf vera hjá sósíalistum, að engin rödd skuli heyrast um það, að ríkið eigi að hafa hönd í bagga með um meðferð þessara sjóða. Og það verður einnig að heimta það, þar sem bæjarfélögin eiga að greiða allhá gjöld til þessara sjóða, að þá hafi þau einnig íhlutunarrétt um, hvernig sjóðunum er varið. Það hlýtur beinlínis að vera sjálfsögð krafa, að fé það, sem ríki og bæjarfélög leggja fram, sé ekki fengið til varðveizlu og því varið til framdráttar einstökum pólitískum flokkum. Brtt. okkar hv. 8. landsk. um þetta efni er á þessa leið, með leyfi hæstv. forseta:

„Stjórn staðfests atvinnuleysissjóðs skipa 3 menn. Skal einn tilnefndur af því verkalýðsfélagi, er sjóðinn hefir stofnað, einn af hlutaðeigandi bæjarstjórn eða hreppsnefnd og einn af atvinnumálaráðherra.“ Hér er öllum þeim þremur aðilum, sem leggja fram fé til þessara sjóða, gefinn ráðstöfunarréttur yfir fénu, og það virðist vera sú eina sanngjarna regla, sem hægt er að taka upp í þessu máli. Þessi till. hefir frá okkar hendi engan pólitískan blæ, eins og menn sjá, því a. m. k. meðan ríkisstj. er eins skipuð og nú, þá er víst, að meiri hl. stjórna sjóðanna verður í höndum núv. stjórnarflokka. Ég geri ráð fyrir því, að sá maður, sem yrði valinn innan hvers verkalýðsfélags til þess að taka sæti í þessari stjórn, sé sósialisti, og ég geri einnig fastlega ráð fyrir því, að hæstv. atvmrh., sem er sósialisti, muni velja menn úr sínum flokki í þessa stjórn. Þá hafa þeir undir öllum kringumstæðum meiri hl. í stj. Og þar sem bæjarstjórnir og hreppsnefndir eru úr flokkum stjórnarliðsins að meiri hl., þá geri ég einnig ráð fyrir því, að sá maður, sem yrði fyrir valinu, yrði úr þessum flokkum. Ég fæ ekki annað séð en að þessi brtt. okkar sé svo eðlileg og sanngjörn, að meiri hl. d. hljóti að fallast á hana. Það verður vissulega prófsteinn á hv. þm., hvernig þeir greiða atkv. um þessa till., því þá mun það sýna sig, hvort þeir hafa hugsað sér þessar atvinnuleysistryggingar sérstaklega gerðar vegna verkamanna sjálfra og af þjóðarnauðsyn eða hvort þeir hafa hugsað sér það sem pólitískt framdráttarmál sósíalista. Atkvgr. mun skera úr um það á sínum tíma, hvernig beri að líta á þessar aðgerðir ríkisvaldsins.

Það mætti náttúrlega margt segja um stefnu þessa frv. í heild, og ég get að nokkru leyti tek-

ið undir það, sem einn maður sagði, sem hér var inni í d. og talaði fyrir nokkru, Magnús Torfason, að það væri undarlegt, að sósialistar skyldu beita sér fyrir slíkri löggjöf sem þessari, því hún byggðist nær eingöngu á hreinum og beinum nefsköttum. Þeir, sem standa undir tryggingunum, eru einstaklingarnir, að langmestu leyti. Ég er því ekki í minnsta vafa um það, að ef sjálfstæðismenn hefðu verið í meiri hl. á þingi og borið fram slíkt tryggingarfrv. sem þetta, þá hefðu sósialistar gert hið mesta hark að þeim fyrir það, að þeir væru með beinum nefsköttum að koma fátækraframfærslunni og opinberri framfærslu úr höndum ríkisins og bæjarfélaganna yfir á blásnauða einstaklingana. Ég undrast því það, hvert kapp sósialistar leggja á framgang þessa máls. Þetta frv. er í raun og veru mjög íhaldssamt, og ég get bent á það, að íhaldsmenn í Danmörku hafa borið fram frv. um sjúkra- og ellitryggingar, sem raunar náði ekki fram að ganga, af því að sósialistum þar í landi þótti það of íhaldssamt. En dönsku íhaldsmennirnir lögðu þó ekki til, að beinir nefskattar skyldu standa undir tryggingunum, svo sem gert er ráð fyrir í þessu frv., heldur átti hver einstaklingur að gjalda 3% af tekjuskatti sínum til þess að standa undir tryggingunum. M. ö. o., þeir efnuðu áttu að greiða mest, en samkv. þessu frv. eiga allir að greiða jafnt. — Frá sjónarmiði sjálfstæðismanna er aðalstefna frv. að mörgu leyti rétt, en við höfum gert grein fyrir því, að við teljum varhugavert að leggja þessi gjöld á allan almenning á þeim erfiðleikatímum, sem nú standa yfir. Og ég spái því, að sú verði strax raunin á fyrsta ári, að mjög erfitt verði að innheimta þessi gjöld, og ég er þess fullviss, að harðfylgi sósialista við þetta frv. verður ekki launað í sama hlutfalli af kjósendum þeirra víðsvegar úti um landið.

Hv. þm. V.-Sk. hefir hér flutt rökst. dagskrá. Ég verð nú að segja það, að ég tel það í raun og veru litlu máli skipta fyrir framgang þessa máls, hvort sú rökst. dagskrá verður samþ. á þessu þingi, því stjórnarliðar sjálfir hafa nú sett það ákvæði inn í frv., að það skuli ekki öðlast gildi fyrr en 1. apríl næstk. Nú er það vitað, að þingið á að koma saman 15. febr. Þó því svo fari, að dagskráin verði samþ. og frestur veittur til frekari aðgerða í málinu, þá er hægt, þegar þingið kemur saman 15. febr., að knýja þetta mál fram nægilega tímanlega til þess að l. öðlist gildi á þeim degi, sem sósialistar sjálfir vilja miða við.

Það eru ýmsar aðrar brtt. komnar fram, en þar sem ekki er búið að tala fyrir þeim öllum ennþá, mun ég fresta að ræða um þær, unz ég hefi heyrt rök fyrir þeim.

Frsm. meiri hl. (Héðinn Valdimarsson) [óyfirl.]: Ég vildi aðeins segja örfá orð út af ræðu hv. þm. Snæf. um brtt. hans. Hann talaði um það m. a., hvað mikil gjöld yrðu af sjúkratryggingunum og öðrum þessum tryggingum í bæjunum. En ég vil aðeins benda á það, að hv. þm. sjálfur og ýmsir flokksmenn hans hafa samtímis verið að segja, að þetta frv. yrði til þess að draga menn úr sveitunum til bæjanna vegna hinna miklu hlunninda, sem menn nytu þar. Það samrýmist ekki vel, að gjöldin verði óeðlilega há í bæjunum, en þó þyrpist menn þangað til þess að komast undir þessi gjöld.

Annars mætti taka fleiri hliðar þessa máls. Við skulum t. d. athuga sjúkrakostnað hjá meðalverkamannafjölskyldu. Það kemur fjöldi af tekjuskattsframtölum til yfirskattanefndar hér, vegna þess, að ef um mikla sjúkdóma er að ræða, þá ber yfirskattanefnd að taka um það ákvörðun, hvort lækka skuli skattinn þess vegna. Og það eru svo miklir kostnaðarliðirnir vegna sjúkdóma, að 200 kr. kostnaður er talinn það venjulega. En það er sú upphæð, sem hv. þm. telur, að geti komið til, að menn þurfi að greiða fyrir meðalfjölskyldu.

Mér sýnist, að hv. minni hl. sé aftur kominn með þá till., sem hann var með síðast, að allir meðlimir sjúkrasamlaga skuli hafa rétt til að njóta þeirra hlunninda, sem þau veita. Mér finnst þetta brjóta í bág við það, sem hv. þm. var að tala um nefskatt. Hvað snertir sjúkrasamlögin, þá er það áreiðanlega ekki í nefskattaformi, að allir skuli gjalda til þeirra, en ekki aðrir njóta þeirra hlunninda, sem þau veita, heldur en þeir, sem ekki hafa hærri árstekjur en 4500 kr. eftir að persónufrádráttur hefir átt sér stað. En hv. þm. vill, að þeir, sem mestar hafa tekjurnar, njóti einnig hlunnindanna.

Viðvíkjandi hinum till. vil ég ekki segja annað en það, að þær eru yfirleitt til þess að draga úr. Og hvað snertir atvinnuleysistryggingarnar, sem hv. þm. er í sjálfu sér á móti, þá ætla ég ekki að fara neitt út í þær — okkur kemur þar ekki saman — að öðru leyti en því, að hann kemur með till. við 72. gr. um það, að stjórn atvinnuleysissjóðs skuli skipa þrír menn, einn tilnefndur af verkalýðsfélagi, annar af hlutaðeigandi bæjarstjórn eða hreppsnefnd og sá þriðji af atvmrh. Það er auðvitað allt öðru máli að gegna um atvinnuleysissjóði heldur en sjúkrasjóði í kaupstöðum, þar sem skyldutrygging er. Þar er eðlilegt, að stjórnin sé kosin af bæjarstjórn. En þar sem hér er ekki um skyldutryggingu að ræða, heldur geta þeir, sem uppfylla sett skilyrði, gengið saman í atvinnuleysissjóð, þá er engin ástæða til þess að skipa stjórn þessara sjóða á þennan hátt, sérstaklega þar sem meiri hl. allshn. hefir flutt brtt. um það, að öll starfsemi þeirra skuli sett undir eftirlit ráðh.

Þá var hv. þm. Snæf. mjög viss um það, að ef eitt félag væri á hverjum stað í hverri starfsgrein, þá yrði það til þess að tryggja yfirráð Alþýðumanna. Ég tel það líka mjög líklegt, að Alþýðumenn verði í meiri hl. hjá öllum þessum stéttum, sem mynda slíka sjóði, vegna þess að þeir eru yfirleitt fjölmennastir í verkamannastéttinni í bæjunum, en ég skil ekki, hvers vegna það ætti að skapa meiri kostnað og lakara skipulag, til þess eins að leyfa þeim, sem væru pólitískt á móti Alþýðufl., að vera sér með atvinnuleysissjóði, sem ekki ættu að koma nálægt pólitískum lit.

Þá sagði hv. þm. Snæf., að þetta frv. byggðist á nefsköttum og væri þess vegna óeðlilegt sem tryggingarfrv. Ég skil ekki vel, hvað hann á við með því. Ég hefi haldið, að nefskattar standi yfirleitt undir almennum tryggingum. Það er trygg-

ingin, að menn borga ákveðin iðgjöld, sem ekki eru miðuð við efni manna, heldur tryggingarupphæðina. En það er þó farið öðruvísi að hér með alþýðutryggingarnar heldur en víða annarsstaðar, því það er létt undir með hverjum, sem greiðir sitt iðgjald, að miklu leyti á annan hátt, sem ekki er nefskattur. Þeir vita það ósköp vel, sjálfstæðismenn, þegar þeir eru að berjast á móti þessu með því að segja, að nú séu erfiðleikatímar, að það eiga að koma peningar úr ríkissjóði og bæjarsjóðum í þetta, og það er ekki nefskattur. Ef útsvör fara hækkandi og mikill hluti af ríkistekjunum er tekinn með beinum sköttum, þá eru það ekki nefskattar, heldur stighækkandi skattar. Og fyrir utan þetta, þá er líka einn liður, sem alls ekki getur talizt nefskattur, og það er slysatryggingin, að því leyti, sem hún kemur niður á atvinnurekendunum. — Hv. þm. sér því, enda veit hann það ósköp vel, að það eru ekki nefskattar, nema að nokkru leyti, sem standa undir þessum tryggingum.

Hv. þm. talaði mikið um það, að þetta frv. væri ihaldssamt, en hans till. eru þó allar ihaldsamari. Og ef hv. þm. meinar það, að þetta frv. sé ihaldssamt, þá ætti hann að koma með till. um að gera það frjálslegra. Ég og mínir flokksmenn hefðum viljað hafa þetta frv. víðtækara á mörgum sviðum, og vil ég sérstaklega, fyrir utan atvinnuleysistryggingarnar, minnast á ellitryggingarnar, sem okkur finnst mjög leitt, að ekki skuli geta tekið fullkomlega til starfa fyrr en eftir langan tíma. En við tókum tillit til þess, hvernig þingið er saman sett og einnig til hins fjárhagslega ástands, sem nú er, og álitum mest um það vert að byggja grundvöllinn undir tryggingarnar. Hjá nágrannaþjóðum okkar hefir það tekið langan tíma að koma þessum málum í það horf, sem nú er, og væntanlega tekst það einnig hjá okkur, þó að við byrjum á nokkuð svipuðu stigi og þær gerðu fyrir mörgum árum síðan.

Ég skal engu spá um vinsældir þessarar löggjafar. En ég hygg, að það verði þó erfitt fyrir hv. þm. Snæf. að koma og tala við kjósendur sína í Snæfellssýslu, hvort sem það er í sveitum eða sjávarþorpum, eftir að hafa sýnt sig beran að fjandskap við þetta frv.

Garðar Þorsteinsson [óyfirl.]: Ég ætla þá fyrst að snúa mér að hv. 6. landsk., sem beinlínis sló því föstu áðan, að allur þingheimur og fjöldi landsmanna hefði fengið þetta frv., sem hér liggur fyrir, prentað í apríl eða maí. Hv. þm. veit, að þetta er ekki rétt, því þó svo kunni að vera, að þá hafi verið lokið prentun á þessu frv. sem handriti, þá hafa einstakir þm. ekki neinn rétt til þess að ganga í skrifstofu Alþ. eða ríkisprentsmiðjuna og krefjast þess að fá eitt eintak. Þessi ummæli hv. þm. sýna því ljóslega, að hann hefir ekki nein frambærileg rök gegn þeirri kröfu hv. þm. V.-Sk. að gefa almenningi kost á að kynna sér þetta mál, áður en það yrði afgr. Ég vil a. m. k. lýsa því yfir fyrir mitt leyti, að ég hefi aldrei séð þetta frv. fyrr en því var útbýtt hér á Alþ.

Hv. 6. landsk. sagði, að tryggingarnar gripu ekki beinlínis inn í líf þjóðarinnar nú, þar sem gjöldin og sérstaklega ellitryggingin væri svo lág. Þetta er ekki rétt. Hv. þm. veit það, að að svo miklu leyti sem þessar tryggingar eiga að koma til framkvæmda, þá eru gjöld, sem þar um ræðir, sízt lág. Og þó að búið sé að taka þessar tölur nokkrum sinnum upp, þá skulum við aðeins velta þeim fyrir okkur. Við skulum ganga út frá því, að hér eigi hjón hlut að máli. Maðurinn verður þá að borga í sjúkratryggingu fyrir sig og konuna 72 kr. Þá er óhætt að leggja til grundvallar við svona meðaltalsreikning, að 3 börn séu á heimili yfir 16 ára. Maðurinn verður einnig að borga fyrir þau, þannig að útgjöldin verða $5 \times 36 = 180$ kr. Þá er gert ráð fyrir því, að fjölskyldufaðir greiði iðgjöld fyrir þjónustufólk sitt, fósturbörn og annað skyldulið, sem á hans framfæri er. Og til þess að taka nú lága tölu, þá skulum við segja, að þarna geti tveir átt í hlut, sem maðurinn verður að greiða fyrir, og er þá upphæðin orðin samtals 252 kr. — Ef við svo gerum ráð fyrir því, að þessi sami maður verði að borga gjald vegna elli- og örorkutrygginga og sé í sveit, til þess að taka lægri töluna, þá er það $6 \times 7 = 42$ kr. Sú upphæð, sem þessi maður verður að borga í allt vegna þessara trygginga, er því 294 kr. Það er þess vegna rangt hjá hv. þm., að þessar upphæðir, sem eru lögbundnar og lögtakshæfar, séu ekki neitt tilfinnanlegar fyrir menn. Það þarf enginn að segja manni það, að fjölskyldufeður, sízt nú á tímum, muni ekki um gjald, sem að meðaltali er hægt að reikna 294 kr.

Þá eru það villurök hjá hv. 6. landsk. að tala um það, að það séu lág gjöldin af elli- og örorkutryggingunum með tilliti til þess, að sjúkratryggingarnar séu ekki lögboðnar nema í kaupstöðum. Ef hv. þm. vill mæla með þessu máli af því, að það sé svo gott mál, að það eigi að ná til alls landslýðs, þá verður hann líka að ganga út frá því, að þeir, sem í sveitum búa, muni einnig koma á hjá sér þessum sjúkrasamlögum, sem frv. gerir ráð fyrir. Hann getur ekki með öðru orðinu slegið því föstu, að málefnið sjálft réttlæti það, að allir eiga að vera tryggðir, en í hinu orðinu, þegar talað er um kostnaðinn, að aðeins lítill hluti landsins verði tryggður. Ef hv. 6. landsk. þess vegna aðeins reiknar með elli- og örorkutryggingagreiðslunum, þá eru það blekkingar. Almenningur verður svo að dæma um það, hvort hann telur það fjárhagslega gróða eða hagræði fyrir sig að inna af hendi lögboðnar greiðslur, sem geta orðið allt að 300 kr. — Ég skal ekki segja um það, hvað ég t. d. borga í lækniskostnað á ári, en ég get þó skýrt frá því, að ég mundi sennilega samkv. þessum l. koma til með að borga fyrir 6 meðlimi, m. ö. o. $6 \times 43 = 258$ kr. Mér er óhætt að fullyrða, að þó svo hafi viljað til, að ég hafi þurft á talsverðri læknishjálp að halda vegna míns heimilis, þá hafi ég aldrei þurft að greiða þá upphæð. Hv. þm. hristir höfuðið yfir því, en þetta er nú samt rétt, og ef hann vill koma og athuga þá reikninga, sem ég hefi fengið frá læknum eða borgað, þá getur hann sannfært sig um þetta. Hitt er svo vitað og játað, að veikindi ganga svo ákaflega ójafnt yfir fólkið. Það er eflaust fjöldi manna, sem gæti sýnt það reikningslega, að þeir þyrftu árlega að borga meira en þetta í læknishjálp. Það er hinsvegar, sem betur fer, mikill fjöldi af fólki, sem

þarf ekki að borga nálægt því þessa upphæð, og ég tel þessa upphæð ekki lágt reiknaða. Það er a. m. k. víst, að ef á að taka þessa leið, að dreifa áhættunni við sjúkrakostnaðinn, þá er það þar af leiðandi augljóst, að þeir, sem gjalda til þessara trygginga, eiga að njóta þeirra, og sé það ekki gert, þá brýtur það, eins og ég hefi áður tekið fram, í bága við almennan tryggingargrundvöll. Ég veit það, að það eru jafnaðarmenn innan þingsins, sem leggja áherzlu á, að þetta nái fram að ganga.

Þetta frv. er í 4 aðalköflum. Fyrsti kaflinn er um slysatryggingarnar, og það er óhugsanlegt, að sósialistar leggi þetta ofurkapp á frv. vegna þeirra. Það er útilokað vegna þess, að til eru í l. *fullkomin ákvæði um slysatryggingar*. Og þær breyt., sem má segja, að séu komnar inn í þetta frv., eru að öllu samanlögðu svo lítilfjörlegar, að það getur ekki komið til mála, að þessi flokkur leggi áherzlu á, að málið nái fram að ganga *þeirra vegna*. *Þá er athugandi, hvort ástæðan* fyrir þessu kappi geti verið sjúkratryggingarnar, sem er annar aðalkafli frv. Ég tel, ekki heldur, að það sé, fyrst og fremst vegna þess, að sjúkratryggingar eru ekki lögbundnar nema í kaupstöðum. *Í sveitum og smáþorpum er aðeins heimild* til þess að stofna sjúkrasamlög. En þetta er samhljóða heimildarl. nr. 103 frá 1933, þar sem heimilað er að stofna á vissum svæðum sjúkrasamlög, t. d. í skólum og víðar, og skal ríkið leggja fram ákveðna upphæð fyrir hvern meðlim. Það er vitað, að hér í Rvík er sjúkrasamlag, sem allir hafa leyfi til að ganga í, sem hafa 4500 kr. árstekjur eða lægra. Það er sama hámarksupphæðin, sem hér er gert ráð fyrir, að þeir, sem njóta eigi styrks, hafi í laun. Það mun vera mikill fjöldi manna, sem nýtur þeirra réttinda, sem l. frá 1933 heimila, og greiðir iðgjöld til samlagsins, og auk þess mun Reykjavíkurbær greiða yfir 30 þús. kr. á ári til sjúkrasamlagsins. Ég fæ því ekki skilið, að þessi kafli frv. sé saminn vegna hinna fátæku, því að sú heimild, sem veitt er í þessu frv., er þegar fyrir hendi að því er snertir sjúkrasamlag Reykjavíkur.

Það gjald, sem meðlimir sjúkrasamlags Reykjavíkur greiða, er ekki hærra, heldur lægra en gert er ráð fyrir, að menn þurfi að greiða samkv. þessu frv. Það er því útilokað, að það séu ákv. um sjúkratryggingar og sjúkrasamlögin, sem eru þess valdandi, að sósialistar leggja svo mikla áherzlu á, að þetta nái fram að ganga. Þá er það þriðja atriðið, sem vert er að athuga, hvort það er þriðji kaflinn, örorkutryggingarnar, og þar fáum við sama svarið, að það er ekki skiljanlegt, að sósialistar leggi kapp á þetta mál þeirra vegna sérstaklega. Að vísu gætu þeir sagt, að sú hugmynd, sem kemur fram í þessum kafla frv., sé rétt. En hinsvegar liggur ekkert á að samþ. slíkt frv. á þessu þingi, sem þó virðist tilætlun hv. meiri hl. þingsins, vegna þess að þessi kafli frv. kemur í fyrsta lagi ekki til framkvæmda sem l. fyrr en 1. apríl 1936, og í öðru lagi af því, að þessar tryggingar koma ekki til að verka fyrr en eftir fjöldamörg ár. Aðalhugmyndin er sú, að þvinga fram með l. sjóðsöfnun, og þegar sjóðurinn er kominn yfir 500 þús. kr., verður fyrst farið að veita styrk úr honum. Hitt má svo deila um, hvort yfirstandandi tímar geti talizt heppilegir til að leggja á þjóðina slíkt gjald, þegar hún á engan hátt er aflögufær. Það er fyrst eftir 20 ár að menn fá greitt eftir þessum kafla frv. Það er þess vegna útilokað, frá hvaða sjónarmiði sem það er skoðað, að sósialistar leggi mjög mikla áherzlu á að fá frv. afgr. með afbrigðum á þessu þingi, eftir að það hefir legið frammi aðeins 10 vikna tíma hv. þm. til athugunar, a. m. k. ekki vegna þriggja fyrstu kafla frv. Sjóðsöfnunin samkv. þessum kafla frv., sem ætlazt er til, að verði þvinguð fram með löggjöf, er að vissu leyti óréttmætari þegar þess er gætt, hvernig afkoma þjóðarinnar er yfirleitt, og vitað, að nú stendur yfir og er að enda sá þátturinn, sem nefnist kreppuhjálp bænda, þegar mikill hluti bændastéttar þjóðarinnar hefir orðið að leita á náðir hins opinbera og ríkið orðið að hlaupa undir bagga með þeim, og bændur hafa verið þvingaðir til að gefa svo og svo *mikinn hluta af skuldum eftir, og í framhaldi* af því kemur víst bráðlega löggjöf um stofnun annars kreppusjóðs fyrir bæjar- og sveitarfélög. Það mun sýna sig fljótt, hvort það kemur fram frv. um að hlaupa undir bagga með bæjar- og *sveitarfélögum á þann veg, að gefa þeim frest á* skuldum sínum. Loks er þriðji þátturinn, skuldaskil smáútvegsmanna, þar sem þeim er gefin heimild til undir vissum kringumstæðum að fá eftirgjöf á skuldum sínum. Ég fæ ekki skilið, að það sé nein *knýjandi nauðsyn* að stofnsetja slíkan sjóð einmitt nú, þegar almenningur í landinu á við svo slæm kjör að búa. Ég sé því ekki, að nein skynsamleg rök séu fyrir þessum köflum frv. Það er hinsvegar IV. kaflinn, um atvinnuleysistryggingarnar, sem ræður afstöðu þingsins í þessu máli. Það eru atvinnuleysistryggingarnar, sem gera það að verkum, að sósialistar beita sér sérstaklega fyrir framgangi þessarar löggjafar. Það hefir enginn gengið þess dulinn, að Framsfl. myndi aldrei samþ. þessa löggjöf, fram undir þann tíma, að 2. umr. fór fram um málið, en þeir hafa nú orðið að kúvenda. En hvers vegna leggja sósialistar svo mikla áherzlu á þetta? Naumast er það afleiðing af því yfirlýsta stefnuskráratriði, að þeir skyldu afnema atvinnuleysið, þegar þeir kæmust til valda. En hvað skeður? Atvinnuleysið hefir aldrei verið meira en nú, þar sem þeir þó drógu enga dul á fyrir kosningarnar, að atvinnuleysið væri ríkisstj. að kenna, og ef þeir fengju aðstöðu til að fara með völd, myndi atvinnuleysið hverfa. Það getur því ekki verið í áframhaldi af því, að sósialistar hafi fullnægt þessu loforði, að sósialistar þurfa að setja l. um atvinnuleysistryggingar, því að slíkt er ónauðsynlegt í því landi, þar sem ekkert atvinnuleysi er, en það hefir komið fram hér í Reykjavík, sérstaklega innan félagsskapar sósialista og verkamanna hér, og innan verklýðssamtakanna yfirleitt, að almenningur hefir ekki lengur trú á því, að góðar efndir myndu verða á loforðum sósialista. Almenningur finnur ekki mikið til þess svona í skammdegismyrkrinu, þegar líður að jólum, að sósialistar séu við völdin í þessu landi. Aldrei hefir afkoma almennings verið verri en einmitt nú, þegar þeir stjórna. Það er vitað, að það eru kommúnistar, sem hafa

knúið fram þessa afstöðu sósialista innan þingsins; það eru þeir, sem hafa borið dýru loforðin upp á sósialista og heimtað efndir, heimtað atvinnu, hækkað kaup og lægra vöruverð. Úr því að sósialistar geta ekki lengur sannfært menn um, að þeir geti og ætli sér að efna þessi loforð, þá verða þeir að játa svik á sig. Þeir hafa því tekið til nýrra ráða. Þeir segja: Þótt þið fáið enga atvinnu, þá skuluð þið samt sem áður fá kaup. — Það er þetta, sem knýr fram þetta frv. Það er þverrandi von um loforðaefndirnar innan þessara samtaka, sem knýr fram þessar aðgerðir í málinu. Það hefir sýnt sig á þeim fundum, sem hér hafa verið haldnir undanfarið, og þar sem umr. hafa verið um stjórn sósialista, að fylgi þeirra fer minnkandi, en Sjálfstfl. vaxandi. Það kom fram í ræðu hæstv. atvmrh., að það væri ekki nema rétt, að ríkissjóður hefði á hendi úthlutun atvinnubótafjárins, þar sem svo og svo mikið af því kemur úr ríkissjóði. Þetta eru að vissu leyti góð og gild rök, en það er nákvæmlega sama, sem gildir hér um þessar tryggingar, að svo og svo mikið kemur úr ríkissjóði. En ef hið opinbera á að skipa menn í stjórn þessara sjóða, þá mun hæstv. atvmrh. ganga eins auðveldlega að sýna þar hlutdrægni, sem enginn efast um, að hann muni gera, ef hann hefir tækifæri til, og í úthlutun atvinnubótafjárins. Það er gert ráð fyrir því í þessu frv., að það verði 75 þús. kr. á ári, sem ríkissjóður greiði til þessara sjóða, og það mun vera annað eins, sem bæjar- og sveitarsjóðir greiða, svo að þarna eru komnar 150 þús. kr. á ári. Hvers vegna mega ekki viðkomandi yfirvöld hafa umsjón með, hvernig þessu er úthlutað? Það er auðvitað af því, að hæstv. ráðh. er hræddur um, að þá yrðu ekki sósialistar í stjórn allra þessara sjóða, ef fyrirkomulagið yrði þannig. Sjóðstjórnirnar ættu vitanlega að vera margar, í stað þess að hafa eina stjórn, t. d. ein í hverju sýslu- eða hreppsfélagi, sem væru hver um sig skipaðar þrem mönnum, og einn væri útnefndur af viðkomandi verklýðsfélagi, einn af hreppsnefnd og sá þriðji af atvmrh. Þetta virðist vera hið eina rétta fyrirkomulag, en ekki hitt, að ein sjóðstjórn sé fyrir allt landið, þar sem hv. 2. þm. Reykv. og hans nótar myndu vera í meiri hl.

Páll Zóphóníasson: Ég hlýddi á ræðu hv. 8. landsk., sem var að miklu leyti utan við efnið, og þar sem hann kom að efninu, fór hann með svo villandi mál, eins og kannske hæfir þessum málafærslumönnum, að ég get ekki stillt mig um að segja nokkur orð. En til þess að eyða sem minnstum tíma ætla ég aðeins að taka eitt dæmi. Hann tók sér fyrir hendur að reyna að sýna fram á, hver kostnaðurinn yrði fyrir meðalfjölskyldu í Reykjavík vegna sjúkratryggingganna. Það eru ein hjón, sem hafa 3 börn yfir 16 ára aldur. Nú eru 40% af öllum landsmönnum, sem eru giftir, og þessi hjón, sem eiga 3 börn í heimahúsum yfir 16 ára aldur, á þau myndi leggjast um 100 kr., hvað þá að öllu hinu viðbættu. Þetta eru rökin í málinu og sýnir, hver kostnaðurinn er hjá meðalfjölskyldu, en, hv. 8. landsk., ef maður vill fara með rök í máli, verður maður að kynna sér það svolítið betur en þetta.

Gísli Sveinsson óyfirl.]: Herra forseti. Ég veit ekki, hvað ég skal segja um þessa síðustu ræðu. Henni var að vísu ekki beint til mín, en hún fór fyrir ofan mig, að hljómnum til a. m. k., en ég veit ekki, hvort innihaldið hefir verið að sama skapi háfleygt.

Annars var það hv. 6. landsk., sem ég vildi beina til nokkrum orðum. Hv. þm. virðist hafa orðið snortinn af orðum þeim, er ég viðhafði. Bjóst ég þó við, að aðrir myndu fremur taka sér orð mín nærri, sem sé framsóknarmennirnir. Þeir eru nú teknir að þreytast og treysta sér ekki til að ræða málið frekar. Mér fannst einkennilegt, að hv. 6. landsk. skyldi finna hvöt hjá sér til að mótmæla því, sem ég hafði sagt. Hann ætti gerst að vita, að allt var satt, sem ég sagði um efni og aðferð þessa máls. Hann reyndi að færa rök að því, að aldrei hefði verið meiri þörf en nú þessarar löggjafar, sem frv. ráðgerir. Hv. þm. hefir, að því er ætla má, unnið að þessu máli í n., þó að hann virðist reyndar hafa starfað meira að öðru, sem fremur lá honum á hjarta. Orð hans verða ekki skilin á annan veg en þann, að hann blandi saman málum. Hann hefir sagt, að frv. til framfærslul. væri óskylt þessu, og að áliti hans mætti lögleiða það út af fyrir sig, því að það snerti ekki tryggingarlöggjöfina. En ef það verður lögleitt, verður að því svo mikil bót á ástandinu úti um héruð landsins, að þessarar tryggingalöggjafar er ekki þörf. Sannleikurinn er sá, að eins og nú er ástatt í landinu, er langt frá, að nauðsyn beri til að lögleiða slíkan lagabálk. Tryggingalöggjöf þessi myndi aflaga ástandið, en ekki bæta. Og framsóknarmenn virðast t. d. hafa verið sammála um, að ekki væri tímabært að lögleiða kaflann um atvinnuleysistryggingarnar. En nú beygja þeir sig undir ofurefli sósíalista, eins og hv. 2. þm. N.-M., sem verið hefir einn af ákveðnustu andstæðingum þessa. Hann vill vinna það til að lúta þeirra valdi, og efast ég ekki um, að hann hafi hagnazt á þeim kaupum. Má sjálfsagt greina þann hagnað í tölum, í kaupi mannsins.

Eins og hv. 8. landsk. tók fram, er því svo farið um allan II. kafla þessa frv., að sumpart bætir hann ekki úr skák, þó að lögleiddur væri. Slysatryggingar eru til og hafa verið framkvæmdar undanfarið. Þær eru nú algerlega fullnægjandi, og er sízt ástæða til að fara nú með ofbeldi að setja þetta allt í eina heild, enda hefir almenningurinn ekki lýst óánægju sinni yfir þeim tryggingum, sem til eru.

Um sjúkratryggingarnar er líku máli að gegna, að ekki er ástæða til að fara nú að íþyngja sveitarfélögum og einstaklingum þeirra vegna, þar sem tilgangi frv. má ná með því fyrirkomulagi, sem nú er. Eftir frv. gæti almenningi ekki orðið bót að þessum breyt., nema þá með tilliti til framtíðarinnar, ef hann vill kosta því til, sem farið er fram á, en almenningurinn er ekki svo stæður nú, að hann geti af þessum ástæðum tekið á sig þungar byrðar.

Enn er svipað að segja um ellitryggingarnar. Að vísu er ekki mjög viðtæk sú ellistyrktarlöggjöf, sem nú gildir. Þó hefir nýlega verið gengið frá endurbótum á henni. Þeir, sem þarna hafa átt hlut að máli, hafa mér vitanlega ekki

kvartað, enda hefir úthlutunin orðið riflegri en áður var.

Þegar framfærslulöggjöfin verður framkvæmd, eru þær endurbætur komnar á, sem nauðsynlegar eru til að aðstoða almenninginn í þessu efni og forða honum frá nýjum álögum. Það er því auðsætt, að það, sem vakti fyrir sósialistum með þessu frv., voru atvinnuleysistryggingarnar. Og þær gátu þeir ekki framkvæmt með öðru móti en þessu. Þetta ættu þeir að viðurkenna.

Þegar þess er nú gætt, að þessar alþýðutryggingar eru nýjung, sem ekki hefir gefizt tóm til að undirbúa, fer það að verða spurning, hvað þessi flokkur meinar með því að demba yfir þingið þessu frv., sem almenningurinn hefir engan hag af í náinni framtíð, en bindur hinsvegar honum og sveitarfélögunum þungar byrðar. Það getur þá ekki verið annað, sem fyrir þeim vakir, en að hafa eitthvað til að flagga með. Og þá má spyrja: Er það forsvaranlegt að demba þessu yfir án þess að öðrum flokkum gefist kostur á að láta í ljós sitt álit, til þess eins, að sósialistar geti flaggað með því?

Ég held því fram, að þetta frv. komi ekki að gagni og að þess sé engin þörf, eins og nú er ástatt. Þetta álit liggur til grundvallar fyrir dagskrá minni. Og ég er viss um, að framsóknarmenn væru yfirleitt fúsir til að ljá henni fylgi sitt, ef þeir mættu.

Þegar þess er gætt, að þetta var knúið fram við 2. umr. án atkvæðamunar — því að segja má, að það hafi verið barið í gegn með hálfs atkv. meiri hl., það var ekki heill, heldur hálfur maður, sem úrslitum réð —, þegar þessa er gætt, sé ég ekki, að nein frambærileg ástæða sé til fyrir því að meina þjóðinni að athuga þetta mál, en knýja það í þess stað fram til annarar deildar, sem vonazt er eftir, að komið geti málinu í gegn með minni skömm en hér er hægt.

Stjórnarflokkarnir, sem mest glamra nú um lýðræði, verða að játa, að þeir ætla sér að knýja þetta mál fram með ofbeldi, að þjóðinni forspurðri, til þess að geta svo veifað því framan í almenninginn sem falsaðri dulu, sem ég veit þó, að alþjóð manna mun fljótt sjá í gegnum.

Jónas Guðmundsson [óyfirl.]: Ég hafði ætlað mér að svara hv. þm. Snæf., en mun þó að mestu leiða það hjá mér, því að hv. 2. þm. Reykv. hefir svarað flestu, sem máli skipti í ræðu hans, þó að nokkur atriði féllu þar niður, sem ég kem ef til vill að seinna.

Ég ætla fyrst að víkja að hv. þm. V.-Sk., sem talaði mjög skynsamlega í fyrra hluta ræðu sinnar. En þegar hann kom að banabitanum, stóð hann fastur í hálsinum á honum, og förlaðist honum þar sýn, eins og mörgum sjálfstæðismönnum. Hann sagði, að ég hefði blandað saman málum, þegar ég minntist á framfærslu. Ég sagði, að framfærslul. væru óskyld tryggingalöggjöfinni. Þetta er rétt. Þau kæmu að sínum notum, þó að engin tryggingarlöggjöf væri. Þau eru sérstakur lagabálkur. Hv. þm. sagði, að framfærslul. væru svo mikil réttarbót héruðum landsins og léttu svo mjög af þeim framfærsluþunganum, að enginn nauður ræki nú til að setja þessa tryggingarlöggjöf. Það er líka rétt. En hv. þm. gleymir, að til eru líka önnur sveitarfélög, kaupstaðirnir og enn fleiri kauptún, sem ekki sleppa við útgjöld vegna framfærslul. Fyrir þessa staði aðallega er tryggingalöggjöfin ætluð, fyrst og fremst sjúkratryggingarnar. Þær eru hvorttveggja í senn, skyldulöggjöf fyrir sveitirnar, þar sem það verður lagt undir úrskurð hlutaðeigandi sveitarstjórna, hvort þær vilji nota heimildina eða ekki. Meira lýðræði en þetta er varla hægt að hugsa sér í nokkurri löggjöf.

Í fyrri hluta ræðu sinnar minntist hv. þm. á ellitryggingarnar. Hann gat þess, að þær hefðu fyrir nokkrum árum verið endurbættar og til mikilla bóta fyrir alþjóð manna. Það er rétt. En ákaflega er sú réttarbót lítil í samanburði við þá, sem þetta frv. gerir ráð fyrir. Nú eru árlega greiddar úr ellistyrktarsjóði 80 þús. kr., en eftir því, sem frv. gerir ráð fyrir, koma þar til viðbótar á næstu árum 290 þús. kr., svo að greiðslan nemur alls 370 þús. kr., í stað 80 þús. nú. Hafi það á sínum tíma verið mikil réttarbót að hækka þetta framlag úr 50 þús. upp í 80 þús. kr., þá er þessi nýja hækkun ekki síður réttarbót. Að vísu er sveitunum ætlað að leggja fram fé til þessara styrkja, en það gera þær nú hvort sem er.

Ég veit ekki, hvort ég á að minnast nú þegar á síðari hluta ræðu hv. þm. Ég hafði hugsað mér að athuga lítilsháttar ræðu hv. 8. landsk., því að hann fór með fjarstæður og komst að hinum fáránlegustu niðurstöðum. Hann tók dæmið af hjónunum, sem frægt er orðið úr ræðu hv. 2. þm. N.-M. Ef því væri haldið til streitu, myndi þjóðin komast upp í hálfa milljón. En ég vil nú ekki hafa þann reikning, heldur halda mér við svipað argument og hv. 8. landsk. Við skulum hugsa okkur hjón, sem eiga 3 uppkomin börn, komin yfir 16 ára aldur. Nú verður ekki til þess ætlazt, að fólk framfleyti börnum sínum endurgjaldslaust, þegar þau eru komin yfir þennan aldur. Við því er ekki hægt að búast, að fátæklingar geti það, sérstaklega ef ekki er um vinnu að ræða nema nokkurn hluta árs. En ef þau leggja til búsins, þá er ekki nema sjálfsagt, að heimilisfaðirinn greiði tryggingar þeirra. Í raun og veru er það þá ekki hann, sem greiðir tryggingarnar, heldur þau. Það getur verið, að einhverjar yfirstéttarfjölskyldur geti greitt tryggingar uppkominna barna sinna án þess að þau leggi nokkuð til heimilisins, en það er þá heldur ekki mikil blóðtaka fyrir hana og myndi ekki kosta meira en ein skemmtun fjölskyldunnar í Reykjavík. Þá talaði hv. þm. um, að fjölskyldan yrði að greiða tryggingu þjónustufólks, sem hjá henni væri. En það væri lélegt þjónustufólk, sem ekki ynni fyrir þessu gjaldi. En það gæti verið, að hjónin hefðu á framfæri sínu ellihruma foreldra, og veit ég, að það getur kostað meira en 36 kr. á ári, einkum ef þeir væru lasburða og sjúkir. En ég held, að það væri sjaldan nokkurt vafamál, hvort borgaði sig betur að greiða 36 kr. á ári eða að hafa þá ótryggða. Svo hraustir kynnu þessir foreldrar að vera, að það síðara borgaði sig betur, en það væri undantekning.

En tökum dæmi af fjölskyldu, sem hefir 5 börn í ómegð. Ég tel það meðalfjölskyldu, sem á 4—5 börn. (TT: Er það meðalfjölskylda?). Segjum þá

bara 3 börn í ómegð. Þessi fjölskylda greiðir þá aðeins 42 kr. í sjúkratryggingar. Ég vil nú spyrja hv. 8. landsk., hvort hann hefir athugað einn mikinn og veglegan lið í hjúskaparlífinu, barneignirnar, og hvað hann kostar. Hefir hv. þm. reiknað það út? (GÞ: Er það ekki misjafnt?). Náttúrlega er það ákaflega misjafnt, eftir því hve mikið er í kostnaðinn lagt á meðan á því stendur. En ég vil benda á, að eitt tilfelli á einu ári mun í Reykjavík vega upp á móti því, sem hér er gert ráð fyrir að þurfi að borga á þremur til fjórum árum, og til viðbótar má benda á það, að börn á 1. ári þurfa oft meðul og hjúkrun, — og hvað kostar það?

Það má auðvitað tala um þetta bæði í alvöru og gamni. Ég hefi ekkert á móti því, að gaman sé með, en það er hægt að tala um það án nokkurs gamans, og ég vil í fullri alvöru benda á það, sem liggur hér til grundvallar. Það þarf fé bæði til þessarar læknishjálpar og annarar, — og hvað kostar hagnýt læknishjálp með meðulum og sjúkrahúsvist? Ef litið er á þetta frá sjónarmiði þeirra manna, sem fátækastir eru og verst settir í þjóðfélaginu, þá er þetta ómetanleg hjálp. Það má auðvitað líka líta á þetta frá sjónarmiði hv. 8. landsk., og það er vitanlega ekki eins glæsilegt, ef tekið er viðhorf hátt settra og tekjuhárra fjölskyldna, sem verða að borga iðgjöld til samlaganna, en hafa ekki rétt til þeirra hlunninda, sem þau veita, og frá því sjónarmiði leit hv. 8. landsk. á þetta. En það hefir verið reynt að líta á þetta frá hinu sjónarmiðinu, og þá verður það ólíkt glæsilegra, og það er líka sjónarmið þeirra manna, sem verst eru settir og mest líða við að geta ekki notið nauðsynlegrar læknishjálpar, og að þessu markmiði stefna sjúkratryggingar bæði hér og annarsstaðar.

Hv. 8. landsk. sagði einnig, að það væru villurök að láta ekki þessi ákvæði grípa inn í líf allrar þjóðarinnar, því ef þau væru virkilega góð, þá ættu þau líka að koma til framkvæmda í sveitum. Mér fannst þetta vera hugsunin í því, sem hann sagði. Ég sé ekki, að þetta séu nein villurök. Eftir því, sem nú er til ætlazt við byrjunina, grípa þau ekki inn í líf annara en þeirra, sem búsettir eru í kaupstöðum. Kauptún og sveitarfélög hafa ákvörðunarrétt um það, hvort þau láta ákvæði þessi grípa inn í sitt líf eða ekki og er þar farið eftir því, sem hv. þm. V.-Sk. leggur til. — Það er rétt hjá hv. 8. landsk., að þetta nær ekki nema til nokkurs hluta þjóðarinnar, en hitt mun hann viðurkenna, að ef lögin reynist vel í kaupstöðum, þá reki að því, að þau verði einnig reynd í sveitunum, af því fólk lærir þá að meta gildi þeirra, og er þá komið að því takmarki, sem tryggingunum er ætlað að ná.

Hv. 8. landsk. var lengi að rökstyðja það, eins og hæstaréttarmálafærslumanni sæmdi, hvers vegna við legðum svo mikið kapp á að koma frv. fram, og hann komst að þeirri niðurstöðu, að það væri ekki vegna slysatrygginganna — þær væru til áður —, að það væri ekki vegna sjúkratrygginganna — það væru til lög, sem heimiluðu að stofna sjúkrasamlög —, að það væri ekki vegna ellitrygginganna, því hlutverk þeirra væri fyrst um sinn að safna fé í sjóði, en ekki að koma að raunverulegu gagni, heldur varð niðurstaðan sú, að allt þetta tryggingarlagafrv. væri eingöngu sett vegna atvinnuleysistrygginganna. (GÞ: Að kapp sósíalista stafaði af því). Það er nú viðurkennt af honum sjálfum og hann sagði, að við legðum ekkert upp úr hinu, ef atvinnuleysistryggingin hefði ekki verið með. Nú skal ég segja honum það, að frá mínu sjónarmiði, og ég ætla frá sjónarmiði alls þorra Alþfl., eru atvinnuleysistryggingarnar, eins og þær eru byggðar í frv., langþýðingarminnsta atriðið, af mörgum ástæðum, sem ég ekki hirði um að fara út í. En þetta er byrjun á merkilegri tryggingargrein, sem ekki hefir verið til hér á landi áður og á fyrir sér að vaxa og geta borið uppi þetta óskemmtilega fyrirbrigði, atvinnuleysið, sem nú er svo mikið af. Hlutverk þessara trygginga er engu ómerkara en hinna, nema síður sé. En frá okkar sjónarmiði er þetta aðeins lítill vísir þess, sem það ætti að verða í framtíðinni, og þess, sem við vonum, að það verði, og þess, sem það er hjá öðrum þjóðum. En það er ekki við því að búast, þegar tryggingarlöggjöf er sett í fyrstu, að hún sé fullkomin. Þetta er vísir til þess, að þessi þjóð eins og aðrar þjóðir skapi sér með þessari tryggingarlöggjöf vopn til að nota í þeirri baráttu, sem fátækasti hluti þjóðarinnar á við að stríða. Mín skoðun er sú, að þótt tryggingarlöggjöf þessi sé lítilfjörleg nú, þegar hún er sett, og þótt hún mæti andstöðu — meira að segja þeirra, sem hennar eiga að njóta, því skilningur almennings á þessum málum er ekki svo langt á veg kominn, að ekki verði við því að búast, og á því er líka fyrst skilnings að vænta, sem þekkt er af eigin reynd, svo lítil von er skilnings á þessari löggjöf hjá fólki, sem ekki hefir notið hennar —, en mín skoðun er sú, að fólk læri að notfæra sér tryggingarnar og vilji ekki missa þær og að ríkisvaldið hér eigi eftir að beita kröftum sínum að því að skipuleggja þær, og að þær eigi eftir að verða mörgum til góðs í þeim örðugleikum, sem kunna að mæta þjóðinni í framtíðinni.

Forseti (JörB): Mér hefir borizt skrifl. brtt. frá hæstv. atvmrh. við till. á þskj. 747, tölul. 6, stafl. b, að á eftir orðunum „styrks úr sjóðnum" skuli koma: vegna atvinnuleysis eingöngu.

Brtt. þessi er of seint fram komin og skrifl. og þarf því tvenn afbrigði til þess að hún geti komið hér til greina.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 772) leyfð og samþ. með 17 shlj. atkv.

Atvmrh. (Haraldur Guðmundsson): Ég held, að brtt. þessa megi nánast skoða sem leiðréttingu. Í till. eins og hún nú er orðuð stendur: „Einhleypir menn skulu ekki eiga rétt til styrks úr sjóðnum í desember og janúar ár hvert, nema sérstaklega standi á og samþykki ráðherra komi til." — Nú getur það ekki verið tilgangurinn, að maður, sem hefir byrjað að fá styrk í nóvember, missi hann svo aftur í desember. Hitt skil ég, að svo sé litið á, að einhleypur maður eigi ekki að komast á styrk í þessum mánuðum, og get fallizt á, að það sé rétt. En sé maðurinn far-

inn að njóta styrks, þá er ekki eðlilegt, að sá styrkur falli niður. Að þessu miðar brtt. mín, og ég hygg, að þetta sé ætlun flm.

Eiríkur Einarsson [óyfirl.]: Ég hefi ekki látið þessa umr. til mín taka og það er ekki ætlun mín að taka þátt í þeim sérstaka ágreiningi, sem orðið hefir um þetta dagskrármál, heldur ætla ég að láta í ljós nokkur atriði, sem mér eru rík í huga og skipta máli fyrir almenning. Þó sumt af því hafi í brotum verið tekið fram af öðrum ræðumönnum hér í hv. d., þá vil ég fyrir mitt leyti undirstrika það, sem ég legg mesta áherzlu á.

Það er oft á Alþ., að þau mál, sem liggja fyrir, eru engin ágreiningsmál, annað hvort af því, að þau eru svo góð eða þá talin svo tortryggileg, að ekki orki tvímælis um, hvernig þeim skuli taka, og því augljóst áhugamál og sameiginlega heill hugur um annaðhvort að koma þeim fram eða koma þeim fyrir kattarnef. Þessi mál þykja stefna svo ákveðið annaðhvort til hins betra eða lakara. Ég álít, að öðru máli sé að gegna með mál það, sem nú liggur hér fyrir. Ég álít, að það sé mikilvægt fyrir almenning, ef það er borið fram á réttum tíma og með réttri málsmeðferð, þá megi það koma fram. En ég álít líka, að einskonar böggull fylgi skammrifi. Það eru ýms vafaatriði í sambandi við þetta mál, sem eru nóg ástæða til þess, að menn hika við og eru í vafa um, hvað bezt sé um framgang þess.

Það er mjög einkennilegt, á hvern hátt sumir hv. dm. hagnýta sér ýms mál, sem liggja fyrir, eins og t. d. þetta. Í meginatriðunum eru allir sammála um, að örorkutryggingar, sjúkratryggingar og slysatryggingar séu nauðsynjamál. Hvað er æskilegra en það, að vera tryggður, ef óhöpp ber að höndum? Um þessi atriði eru allir á einu máli, og ef einn vill þar yfirstíga annan, þá fer það eftir lagni við málflutning og tungumýkt, hvað honum tekst að telja kjósendum trú um, þegar hann vill koma því inn í huga þeirra, að þetta sé hans mál og að það sé sérstaklega hann og hans flokkur, sem beiti sér fyrir því. Og þar kem ég að aðferðinni við flutning málanna og að því, að ekki er sama, á hvern hátt mál eru borin fram.

Þegar ég nefndi hina ýmsu þætti tryggingarfrv., nefndi ég ekki einn þáttinn — þáttinn um atvinnuleysistryggingar —, og gerði ég það af ásettu ráði. Eins og ég vil lýsa því yfir, að ég tel það skyldu og vil stefna að því, að hinar tryggingarnar geti örvazt og færzt í betra horf, þá get ég ekki heldur orða bundizt um það, að um síðasta þáttinn, atvinnuleysistryggingarnar, er öðru máli að gegna, þótt ég játi fúslega, að þegar fátækur maður, sem hefir fyrir heimili að sjá, hefir orðið atvinnulaus og bjargarskortur er orðinn á heimili hans, þá sé fátt æskilegra en að einhver trygging sé til af hálfu hins opinbera. En þá ber að gæta þeirrar sérstöðu, sem Ísland hefir, þar sem öll ræktun landsins og atvinnuvegir eru svo skammt á veg komnir, að hér má heita, að sé óyrkt land og að landsmenn séu nú fyrst að koma auga á framtíðarleiðirnar, bæði hvað snertir jarðyrkju, iðnað, not af sjó o. s. frv. Þar sem þannig er ástatt, að landsstjórn og ráðamenn sjá allt þetta óyrkta land og ónotaða framtíðarmöguleika, og í landinu eru ekki nema rúmlega 100 þús. menn, þá er hart til þess að vita, þó ég sé ekki þar með að áfella hæstv. ríkisstj., að ekki skuli vera sú fyrirhyggja og það skipulag um verkefni í landinu meðal þessara 100 þús. manna, að það skuli ekki þykja goðgá að nefna atvinnuleysistryggingar. Það er hinn þátturinn í umbótunum, sem á að skjóta fram fyrir. Ef fólk veit ekki, hvað það á að gera, þá eiga ráðamennirnir að hafa tilbúna atvinnubótavinnu. Þeir eiga að sjá um, að nothæft starf sé fyrir hendi fyrir það fólk, sem ekki veit, hvað það á að gera, en þarf að hafa vinnu sér til lífsframfæris.

Ég álít, að ef sveitarfélög, bæjarfélög og ríkissjóður hafa möguleika til þess að greiða fé til atvinnuleysistrygginga, þá hljóti því fé að vera betur varið, ef það er veitt til atvinubóta, þannig, að samhliða því, sem fólkið nýtur tryggingar af atvinnubótunum, sé fénu ráðstafað til vissra verklegra framkvæmda, sem líklegar séu til að gefa arð í framtíðinni, og þar sem hinum bágstöddu verði hægt að skipa til verka.

Ég vil einnig geta þess, að eins og atvinnubætur nú eru ákveðnar með nokkuð miklu fjárframlagi, þá er á þeim sá megingalli, að ekki skuli vera til heilsteypt lagasetning um það, hvernig atvinnubótafénu skuli varið, og það er allt of mikið handahóf á því, hvernig þessu fé er varið, þegar ríkið veitir í þessu skyni 500 þús. krónur og bæjarfélögin leggja þar á móti tvöfalda þá upphæð, svo að alls er til þessa veitt 1½ millj. kr. Þó sú „klausula“ fylgi í fjárl., að þessu fé skuli svarað út samkv. ráðstöfunum, sem eru gerðar í eitt og eitt skipti, þá er það ekki nóg. Þetta þarf að skipuleggjast um árabil. T. d. í Reykjavík þarf að vera skipulag á þessum málum, og þar eru til næg verkefni, hvort heldur sem er að rækta land á jörðum bæjarins eða vegagerðir eða eitthvað annað, sem getur gefið þann arð, sem að fullu svarar til þess höfuðstóls, sem lagður hefir verið í framkvæmdirnar. Með þessu gæti það tvennt sameinazt, að fólkið, sem atvinnuþurfandi væri, fengi hana, og um leið fengi það von um, að vinna þess bæri arð, að atvinnubótafé væri ekki gustukafé, sem væri kastað í sjóinn, heldur væru unnin fyrir það nauðsynleg störf, sem bæði þeim sjálfum, sem vinnuna fengju, og öllum almenningi yrði að notum. Þetta er höfuðatriði, sem löggjöfin hlýtur að taka til greina og gera um betri ákvæði.

Í þessu sambandi er annað atriði, sem ég vildi minnast á, úr því málið er nú á dagskrá. Það hefir aðeins verið minnzt á það af öðrum, en ég vil undirstrika það og leggja áherzlu á það. Það hefir verið mikið gumað af því af flm. frv., og allir guma af því, að þeir séu lýðræðismenn, að þeir elski lýðræðið og vilji vernda það. Nú vil ég spyrja, þegar um lýðræði er að ræða í sambandi við Alþ. og alþm.: Hvað eru alþm. annað en umboðsmenn umbjóðenda sinna, kjósendanna í landinu, kosnir af þeim til þess starfa að fara með málefni þeirra á Alþ. í samræmi við almennan vilja þeirra, sem völdu þá til starfans? Og það á ekki og má ekki vera mikið

djúp á milli umboðsmannanna og umbjóðendanna.

Nú er sá rekspölur farinn að færast mjög í aukana, að frv., sem miklu máli skipta, er dembt inn á Alþ. að forspurðum öllum landslýð, og hér er á ferðinni eitt slíkt frv. Ég hefi nú þessa daganna hitt sveitabændur, sem hafa spurt mig að því, hver mál lægju nú fyrir Alþ. Ég nefndi m. a. tryggingarlöggjöfina. Hvernig er henni háttað? spurðu þeir. Það var eins og þeir kæmu af fjöllum ofan. Það vita allir, af hverju þeim var þetta ekki ljóst. Þeir höfðu aldrei átt kost á að kynna sér frv. og vissu þar af leiðandi ekkert um ákvæði þess.

Ég tel meginmun á því, hvort þm. kemur heiman úr héraði á þing með þá vissu í huga, að hann vilji beita sér fyrir mikilvægu máli, eftir að hafa rætt það heima í héraði og kynnt sér, hvern hug kjósendurnir bera til þess — og það gefur þm. ekki lítinn styrk á ákvörðunarstundu um það, hvað gera skuli —, eða hvort hann hefir ekki rætt um málið við kjósendur sína, svo hvorki hafi hann fengið að vita vilja þeirra um þau, né átt kost á að kynna þau fyrr en hann kemur aftur heim af þingi, og þá fái kjósendur fyrst fregnir af málunum, þegar fulltrúi þeirra skýrir frá, að þau séu orðin að lögum. Er það þannig, sem á að vernda lýðræðið? Mér finnst þetta ekki vera líkt lýðræði og ekki vera aðferðin til þess að halda við lýðræðinu. Þetta er afturfótalýðræði eða ranghverft lýðræði.

En það eru nú fleiri mál á Alþ., sem horfa eins við og tryggingarlöggjöfin, þegar á þessa hlið þeirra er litið. Ég man eftir því fyrir nokkrum árum síðan, þegar þingmálafundir voru haldnir, að þá voru stjfrv. helztu dagskrármálin og fólki gafst þá kostur á að ræða þau. Þetta var fulltrúum fólksins mikill ávinningur og gaf þeim aukinn styrk, þegar á Alþ. kom, og treysti skoðanir þeirra um, hvað rétt væri að gera. En þetta fer mjög hrörnandi og minnkandi, eftir því sem árin líða.

Ég vil ekki endurtaka það, sem áður hefir verið sagt, enda hefi ég ekki gert mig sekan í málþófi. — Ég sagði það áðan, að tryggingarmálin hefðu sína kosti og sína galla, og ég tel æskilegt, að rætt sé um það við fólk, áður en þetta frv. verður lögfest, kostina við það að fá tryggingarlöggjöfina, sem ég játa, að sé nauðsynleg, eða fá hana ekki lögfesta eins og stendur, sakir þeirra ýmsu annmarka og kvaða, sem henni fylgja, en kvaðir og álögur þeim mun tilfinnanlegri sem meiri þröng og greiðsluvandræði eru fyrir.

Ég hefi þá sömu skoðun sem kom hér fram hjá öðrum hv. þm., að frv. er ákaflega íhaldssamt, þar sem það leggur mjög mikið á fátæka einstaklinga, þó ég fari ekki út í þann skrítna útreikning, sem var gerður og tilfærð ýms dæmi í umr. áðan hér í hv. d., svo sem um fæðingarstofnanir o. þ. h. Það er nú svona, þegar börn fæðast. Vitanlega er það sjúkdómstilfelli, þegar kona leggst á sæng, en sjálfsagt er það bæði gaman og alvara. En hvað sem því líður, þá er það vitanlega ekki þetta, sem um er að ræða. Það er ekkert gaman, ef þessum kvöðum eiga að fylgja lögtök, og það er mín blákalda alvara. Hvað vill fátækur maður leggja að sér, þegar fógetavaldið kemur til þess að taka lögtaki þetta skyldugjald? Fyrir þessu verður að hafa rika tilfinningu, þegar kvöðin er lögð á, og þetta verður að hafa með í huga.

Ég skal svo ekki tefja umr. með fleiri orðum en ég þegar hefi sagt. Ég vona, að fleiri skoði þetta í sama ljósi, en þykist nú hafa skýrt aðalatriðin í málinu.

Garðar Þorsteinsson [óyfirl.]: Það skal ekki verða langt mál. Það er fyrst út af því, að hv. 2. þm. N.-M. var að segja, að ekki væri hægt að draga neina ályktun af útreikningum minum um, hvað fjölskyldufaðir yrði í mörgum tilfellum að greiða. Hv. þm. hefir e. t. v. ekki heyrt það, sem ég sagði í ræðu minni, að ég teldi þetta geta verið mjög breytilegt, eftir því hvort fleiri eða færri væru í fjölskyldunni. Ég gekk ekki út frá neinni fastri meðaltölu. Ég vil benda honum og hv. 6. landsk. á, að þegar talað er um 5 manna fjölskyldu í þessum l., þá er þetta miklu samtvinnaðra en venjulegt er. Hér er sem sé átt við föður og móður, öll börn yfir 16 ára og aðra skylduómaga; þess vegna ekki átt við hjón og 3 börn. Sé þessi útreikningur ekki í samræmi við þessa reglu um meðalfjölskyldu, þá er það vegna þess, að beinlínis er tekið fram í lögunum, að fjölskyldufaðirinn er skyldur að greiða vegna meðlima fjölskyldunnar, sem ekki greiða sjálfir. T. d. verður hann að greiða vegna konu sinnar, þó þau séu fráskilin, ef þau búa í sama hreppi, fyrir foreldra og fósturforeldra, og þau eiga aftur að greiða fyrir börn sín eða barnabörn eða fósturbörn, sem vinna hjá þeim eða eru á vegum þeirra eða kostuð af þeim til náms. Þá verður að greiða fyrir fósturforeldra, tengdaforeldra o. s. frv., eftir því sem skilgreint er í 84. gr. (JG: Þar stendur að leggja fram gjöld). Það er alveg rétt, — en er hv. 6. landsk. í vafa um það, ef foreldrar leggja t. d. fram gjöld fyrir börn sín, sem eru á þeirra vegum, að þau munu ekki alltaf innheimt né endurgreidd, þó þau séu afturkræf lagalega?

Hv. 6. landsk. segir, að það sé ekki hægt að ætlast til þess, að foreldrar framfæri börn sín eftir 16 ára aldur, og að þau myndu sjálf greiða iðgjöld sín. Tók hann sem dæmi, að þau myndu vinna einhvern tíma ársins og gætu þá greitt iðgjöld sín. Þetta er hugsunarvilla, því ef börnin eru að einhverju leyti á framfæri foreldra sinna, er ekki unnt að ætlazt til, að þau greiði fremur þessi gjöld en önnur. Sama gildir um önnur skyldmenni. Reikningslega er hægt að hugsa sér þetta, en ef börnin eru að einhverju leyti til fjárhagslegrar byrði fyrir foreldra sína, er ekki hægt að segja, að þau greiði fremur þessi gjöld en önnur. Dæmið, sem ég nefndi áðan, er því alveg rétt, enda dytti löggjafanum vitanlega ekki í hug að setja ákvæði um þessa skyldu til iðgjaldagreiðslu á hendur foreldrum eða öðrum framfærendum, ef ganga mætti út frá því í öllum tilfellum að börn yfir 16 ára greiddu sjálf sitt iðgjald.

Hv. 6. landsk. minntist á, að þjónustufólk mundi vinna fyrir þessum iðgjöldum. Ég geri ráð fyrir, að svo sé, en það er annað, sem kemur til greina. Ég vil benda á, að ég veit ekki betur

en það sé algengt, að húsbændur greiði sjúkrakostnað fyrir hjú sín. Mér finnst því hart, ef ganga á á rétt þeirra fátækustu og umkomuminnstu í þjóðfélaginu — ef t. d. vinnukona á að greiða 43 kr. fyrir það árlega, sem hún nú fær ókeypis. Ég tel það hreint ekki svo lítið, ef þetta hjú, sem fær í kaup 35 kr. á mán., á þarna að greiða 10% af launum sínum. Þó þetta sé líka tölulega rétt, að hjú vinni fyrir þessu og taka megi af kaupi þess, þá veit ég, að húsbændur almennt, a. m. k. hér í Rvík, og líklega alstaðar á landinu, myndu í mörgum tilfellum telja skyldu sína að greiða þennan kostnað.

Hv. þm. minntist á hjón með 3—4 börn, sem væru meðalfjölskylda. Ég játa fúslega, að heimilisföðurnum gæti orðið mikil hjálp að tryggingum í veikindum. En það má gjarnan taka það með í reikninginn, þegar verið er að ræða um lagaboð þessa kafla, að þessi sami maður hefir nú leyfi til að vera í sjúkrasamlagi Reykjavíkur, ef hann hefir undir 4500 kr. árstekjur. Þessi löggjöf veitir því ekki rétt fram yfir það, sem er, eða neitt það, sem ekki var hægt að afla sér áður. Þetta getur þó réttlætzt að vissu leyti, ef hver fjölskylda nýtur hlunninda eða réttinda móts við iðgjaldagreiðslur sínar.

Þá skal ég skýra frá því, að í S. R. er venja að greiða til læknis aðeins 12 kr. fyrir fjölskylduföður, en samkv. frv. mundi þetta hækka alltilfinnanlega, eins og áður hefir verið bent á og sést á 72. gr. frv., og í þessari greiðslu til læknisins hefir svo verið innifalin öll læknishjálp til barnanna; þannig eru þessi réttindi, sem talað er um, að lögin veiti þungum fjölskyldum, þegar til.

Þá hefir hv. þm. talað um margháttaðan kostnað við barneignir, og taldi þýðingarmikið atriði, að veitt yrði hjálp eða stuðningur undir þeim kringumstæðum. En þetta virðist hv. þm. ekki hafa athugað, þegar hann var að semja frv. Þá var ekki gert ráð fyrir styrkgreiðslu vegna þessara veikinda. Iðgjaldagreiðslur til sjúkrasamlags, allur kostnaður við barnsfæðingu, að viðbættum öðrum lögboðnum iðgjöldum, lenda á barnsföður eða barnsmóður.

Hv. 6. landsk. tók fram, að heimilt væri að setja í samþ. sjúkrasamlags ákvæði um viðtæka hjálp, en ekki gert ráð fyrir að greiða að fullu. Ég veit, að hv. 6. landsk. hafði rétt fyrir sér um, að atvinnuleysistryggingarnar eru framsettar í þessu frv. aðeins sem byrjun. Ég veit, að jafnaðarmenn leggja áherzlu á að fá form á þessa löggjöf, því þeir hugsa sér að færa sig upp á skaftið, og er það atriði í minum augum sizt til þess fallið að vera með frv., að menn eiga von á, að þetta sé aðeins byrjunin. En sósialistarnir álíta, að þessi löggjöf eigi að verða miklu viðtækari, og þeir hugsa sér að feta sig áfram í áttina til þess frv., sem hæstv. atvmrh. þáver. þm. Ísaf., bar hér fram á sínum tíma. Því verður ekki heldur neitað, að nú skall hurð nærri hælum, þegar það vildi til, að hv. 2. landsk. hélt hér ræðu og mælti eindregið móti frv. En það fór nú svo, að hæstv. forseti Sþ. og hæstv. atvmrh. áttu oft tal við hann og jafnvel form. Framsfl. sást með honum á eintali. Það fór líka svo, að sannfæringin hjaðnaði. Þessi hv. þm. greiddi ekki atkv. með 1. gr. frv., eða réttara sagt 1. gr. þessa kafla. En þegar kom að næstu grein, fann hann sig knúðan til að lýsa fylgi sínu við frv., svo það var eins og hv. þm. V.-Sk. sagði, að ekki munaði nema hálfum. En það er mikils virði fyrir sósialista að eiga þó ekki sé nema hálfan í bakhöndinni.

Frsm. minni hl. (Thor Thors): Það eru ýms atriði í ræðu hv. 2. þm. Reykv., sem ég þarf að svara. Ég get verið fáorður vegna þess, að flokksbræður mínir hafa þegar svarað ýmsum atriðum, sem við deildum um. — Mér virðist hv. þm. blanda saman sjúkrasjóðum og atvinnuleysistryggingum. Ég vildi staðhæfa, að fólk léti atvinnuleysistryggingarnar blekkja sig úr sveitinni til sjávarins. Þetta stendur ómótmælt, og reynslan mun sanna það, sem ég hefi sagt. Hv. þm. sagði, að þetta kæmi illa heim og saman við, að ég sagði, að iðgjöldin til sjúkratryggingarnna væru há og tilfinnanleg fyrir almenning. En þetta getur vel staðizt, því almenningur gerir sér ekki ljóst, hve há þau eru, fyrr en hann hefir fundið það eða reynt sjálfur.

Þá vildi hann eyða því fyrir alla muni, að ríkið eða bæjarfélögin hefðu íhlutun um stjórn atvinnuleysissjóðanna. Hann sagði, að það væri ekki rétt, þar sem þetta væri ekki skyldutrygging, eins og t. d. sjúkratryggingin. Það er nú svo, þó þetta sé ekki skyldutrygging, heldur í valdi verkalýðsfélaganna, þá ber ríki og bæjum að greiða sitt framlag; það er lögákveðið, ef verklýðsfélögin setja slíka sjóði upp. Það er því rétt, eins og ég hefi áður sagt, að ríki og bær hafi íhlutun um, hverjir njóta þess fjár, sem varið er af almennu fé, og fyrirbyggja, að það verði notað vissum pólitískum flokkum til framdráttar. Hann sagði, að með brtt. á þskj. 747, 5. lið, væri tryggt, að ríkið hefði sína íhlutun, en þar segir, að atvmrh. skuli hafa eftirlit með sjóðnum. Ég hélt að atvmrh. hefði nógum störfum að sinna og kæmist ekki einu sinni yfir þau. Þess vegna held ég, að það sé heilbrigðara og tryggi betra eftirlit, að ráðh. skipi mann í sjóðstjórnina; auk þess er einnig rétt, að sveitar- eða bæjarstjórnir hafi sinn fulltrúa í stjórnum þessara sjóða, til eftirlits um, hvernig fé þeirra er ráðstafað. Verður það ennþá eðlilegra, þegar athugað er, að mjög margir þeirra manna, sem kæmu til með að njóta atvinnuleysisstyrks, yrðu að líkindum sömu mennirnir og njóta fátækrastyrks. Það er og líklegt, að þeir, sem þekkja bezt nauðsynina vegna afskipta sinna af stjórn fátækramálanna, geti séð um, að ekki verði aðrir aðnjótandi styrksins en þeir, sem mest eru þurfandi.

Hv. 2. þm. Reykv. sagðist ekki sjá ástæðu til þess að leyfa öðrum en Alþfl.mönnum að stjórna sjóðum þessum. Þarna hefir hann víst sagt meira en hann ætlaði að segja, því það er auðséð af þessum ummælum, að þessir opinberu sjóðir eru ætlaðir til að styrkja flokksstarfsemi Alþfl., og verður að telja, að hann hafi með orðum þessum sannað þann tilgang, enda lagt mikið kapp á og sagt af atvmrh., að það eigi að ná fram að ganga.

Hv. þm. var að reyna að snúa út úr orðum mínum, að ég hefði talað um óeðlilegan nefskatt,

en ég hefi einmitt sagt, að tryggingargrundvöllurinn væri sá, að allir ættu að greiða, og þá líka allir að njóta. Ég segi, að mér þykir þetta frv. einkennilegt frá sjónarmiði sósíalista, og er það allt í heild sinni mjög íhaldssamt.

Hv. þm. sagði, að það væri lítill hluti, sem greiddur væri með persónulegum iðgjöldum, en eftir frv. eru það 36 kr., sem einstaklingarnir eiga að greiða til sjúkratryggingganna á móti 18 kr. frá ríki og bæ. Einstaklingarnir greiða því helmingi meira en ríki og bær til samans; það er því ekki lítill hluti, sem er nefskattur, heldur allverulegur hluti, sem hvílir á einstaklingunum.

Hv. þm. endaði ræðu sína á því, að mér mundi erfitt að koma í mitt kjördæmi eftir að hafa talað á móti þessu frv. og sýnt því fjandskap. Ég er ekki hræddur við að verja þar mína afstöðu. Við sjálfstæðismenn höfum reynt að koma viti í frv. Við erum samþykkir sjúkra- og slysatryggingu, en við teljum ótímabært og varhugavert að taka þetta fyrirkomulag upp á erfiðum tímum, að lögþvinga menn til að greiða iðgjöld. Við vitum, að það verður óvinsælt að greiða þessi gjöld, og því verður ekki neitað, að af tryggingunum leiðir mikinn kostnað.

Hv. þm. sagði, að meðalkostnaður verkamannafjölskyldu vegna veikinda væri um 200 kr. Ég hygg, að þetta sé rangt hjá hv. þm., því hér starfar sjúkrasamlag Reykjavíkur, og iðgjöldin þar eru miklu lægri en þm. vildi gefa í skyn, en einmitt mikill hluti verkamanna hér í Rvík notar sér af starfi S. R. og greiða þess vegna minna en þeir hefðu annars þurft.

Ég vil segja hv. þm., að ég er alveg óhræddur að ræða við kjósendur um þessi mál. Ég veit, að til sveita muni þetta mælast illa fyrir ofan á allt annað, sem gert er til að erfiða aðstöðuna í sveitunum af hálfu ríkisvaldsins. Ég staðhæfi, að atvinnuleysistryggingarnar eru settar til að torvelda bændum og búaliði að halda fólkinu í sveitunum. Og ég veit, að almenningi í kauptúnum og kaupstöðum verður erfitt að inna af höndum iðgjaldagreiðslurnar. Ég er því alveg óhræddur að ræða við hv. 2. þm. Reykv. um þessi mál. Ég geri ráð fyrir, ef við ræðum um þau annarsstaðar en í verkamannafél. Dagsbrún, þar sem þessi hv. þm. er einvaldur og ræður öllu, þá verði það ekki eins vel þegið og hann heldur, hve hart hann gengur fram í því nú að fá mál þessi fram.

Gísli Sveinsson [óyfirl.]: Herra forseti! Ég hefi verið að furða mig á því, að hv. 6. landsk. hafði svo mikið á móti því, að almenningur utan þingsins vébanda fengi nokkuð um þessi mál að segja, áður en þau eru keyrð í gegn á þingi. Ég er hissa á þessu, úr því að hann annað veifið taldi rétt að spyrja um vilja almennings um þessi efni. En ef hv. þm. telur rétt að spyrja almenning viðvíkjandi þessu máli, eftir að fyrsta fótmálið er stigið, þ. e. að frv. þetta hefir gengið í gegn á þingi, hvers vegna vill hann þá ekki spyrja almenning um þetta áður en löggjöfin um þessar tryggingar gengur í gegn á þingi, ekki aðeins einn kafli frv., heldur frv. í heild? Hví vill hann ekki spyrja, í fyrsta lagi um það, hvort fólkið yfirleitt og félög, svo sem eins og bæjar- og sveitarfélög, vilji fyrir það að setja saman þær tryggingar, sem áður voru í gildi, fá aðrar 4 tryggingargreinir, sem hér eru áður ókunnar og óreyndar, og sem hann sagði, að væri þýðingarmestar, sem gera þessar tryggingar allar miklu þungbærari? Það verður því að telja, að þessir herrar telji það fullkomnast, sem þungbærast er fyrir almenning í landinu og sveitar- og bæjarfélögin. Er hv. 6. landsk. hræddur við að spyrja þetta fólk, sem hann segist eiga tök á? Hví er hann hræddur við að leita ráða hjá því og fá þess umsögn um málið? Er þessi hv. 6. landsk. þm. upp úr því vaxinn að tala við kjósendur sína um svona mál og við þau félög, sem hann þykist bera fyrir brjósti, sveitarfélög og bæjarfélög? Hví vill hv. þm. ekki lofa þessu fólki að standa á bak við framkvæmdir löggjafarvaldsins í þessu efni? Hvers vegna er þessi einræðishugur kominn upp í hv. 6. landsk., sem þykist vera mikill fólksins maður, og er kannske mestur fólksins maður af þessum burgeisum, sem þykjast vera talsmenn alþýðunnar? Ég býst við, að þessum hv. þm. verði erfitt með að komast heilskinnaður út úr þessu á öðrum og víðari vettvangi en hér í þingsölum. Þrátt fyrir þann undirbúning þessa tryggingamáls, sem farið hefir fram allt að þessu, hefir fólkið ekki átt þess kost að kynna sér þetta stóra og margþætta mál. Hv. þm. var að vísu að segja, að málið hefði legið fyrir áður en það kom fram á þingi. En ég verð að álíta, að hann hafi, með því að segja þetta, bara alls ekki vitað, hvað hann var að fara. Málið lá bara alls ekki fyrir. Því var ekki einu sinni útbýtt til þm., hvað þá að það lægi fyrir sjónum almennings. Það var fyrst lagt fyrir Alþ. á seinni hluta þessa þings, þ. e. eftir þinghlé. Þó að undirbúningi þessa máls hafi máske verið lokið á síðasta vetri eða vori, þá hefir því verið haldið leyndu fyrir almenningi í landinu, þar sem ég veit til.

Það getur ekki verið, að það sé gert vegna bæjarfélaga að koma á þessum tryggingum. Einmitt bæjarfélögin hafa aðalkostnaðinn af þessum málum, eftir þeim l., sem gilda um þetta nú og eru fullnægjandi, að dómi þeirra manna, sem með þetta hafa nú að gera, sjúkratryggingar, slysatryggingar og ellitryggingar, með núv. fyrirkomulagi. Ástandið í þessum málum er þannig nú, að fólkið vill ekki bæta við sig meiri kvöðum vegna tryggingamála. Framfærslumálin munu líka leggja nægilega miklar byrðar á herðar bæjarfélögum um sinn, þó að þar sé ekki bætt ofan á. Hvers vegna vill ekki hv. 6. landsk. styðja að því, að hér nái fram að ganga óháð löggjöf um framfærslu sjúkra manna og örkumla? Og hver þörf er á að binda þá löggjöf við þetta tryggingarlagabákn, sem hv. sósialistar gera í að aðalatriði það, sem í þessu máli er minnst um vert, atvinnuleysistryggingarnar? Hv. 6. landsk. kemst ekki út úr þessari flækju, sem hann hefir hér sett sig í, nema með því að vera dreginn út úr henni eins og þau kvikindi, sem ég vil ekki líkja honum við.

Gísli Guðmundsson: Hv. sjálfstæðismenn, sem hér hafa talað í kvöld, hafa nú við þessa umr. endurtekið sitt af hverju, sem þeir sögðu við 2. umr. þessa máls um afstöðu Framsfl. til þessa

máls. Í því sambandi hafa fram komið hjá þeim nokkur orð, sem ég vildi lauslega drepa á.

Ég get ekki stillt mig um (í sambandi við það, sem hv. þm. V.-Sk. sagði nú í sinni síðari ræðu) að minnast lítilsháttar á það aftur, sem ég minntist á við 2. umr. málsins. Hér hefir verið talað um, að þessu frv. hafi verið dembt inn í þingið og að ætlazt sé til, að það verði afgr. sem l. frá þinginu án þess að hafa fengið nægilegan undirbúning og án þess að það hafi verið nægilega athugað af þjóðinni. Það má mjög oft deila um það yfirleitt, hvort mál hafi verið nægilega athuguð. Það má um þetta mál segja eins og um fleiri mál, að við athugun mætti sjálfsagt sjá eitthvað, sem betur mætti fara. Og hversu lengi sem mál eins og þetta eru athuguð, áður en lagasetning er um þau sett, þá mundu þau alltaf þurfa einhverra endurbóta við, þegar þau koma til framkvæmda.

Andmælendur frv. segja, að málið hefði átt að bera undir þjóðina, þjóðaratkvæði skilst mér. Um þetta mál má segja það sama og fleiri mál, að það var borið undir þjóðina eins og önnur mál, sem voru ofarlega á baugi sem stefnumál flokka þeirra, er með völd fara nú, þegar við síðustu kosningar. En að heimta, að stórmál, sem koma fyrir þingið í frumvarpsformi, séu borin upp fyrir þjóðinni í heild til umsagnar, það er nokkuð sérstakur hlutur. Sjálfstæðismenn fluttu t. d. frv. um það á þingi í fyrra, að stofnaður yrði skuldaskilasjóður til hjálpar útgerðinni, sem þeir gerðu till. um, að varið yrði til 5 millj. kr. Hvers vegna gerðu hv. sjálfstæðismenn þá ekki till. um, að það mál yrði borið undir álit þjóðarinnar, áður en það yrði gert að l., eins og þeir vilja nú láta gilda um þetta mál? Um almennar tryggingar hefir verið mikið hugsað meðal þjóðarinnar um undanfarna áratugi, sem eðlilegt er, því að þesskonar löggjöf hefir verið sett hjá flestum nágrannaþjóðum okkar. Það kveður mjög við þann tón í ræðum hv. sjálfstæðismanna, að kjósendur okkar Framsfl.-manna muni ekki verða meir en svo ánægðir með, að við fulltrúar þeirra flytjum þetta frv. með jafnaðarmönnum. Og það er verið að tala um það af þessum hv. þm., að með þessari löggjöf sé verið að leggja sérstakar byrðar á herðar sveitarfélögum, og ég veit, að þessir hv. þm. munu hugsa sér, þegar þeir koma á fundi í sveitakjördæmunum, að bera okkur þeim sökum, að við höfum verið með í að leggja á fólkið í sveitum landsins einhverjar sérstaklega þungar byrðar. Það hefir verið vikið að þeirri yfirlýsingu, sem hv. þm. Snæf. gaf fyrir sína hönd og síns flokks, þar sem hann lýsti því sérstaklega, að flokkurinn væri með einum lið þessara trygginga, sem er ellitryggingin. Nú er það svo, að þessi trygging er sú eina af þessum tryggingum, sem frv. þetta nær yfir, sem er skyldutrygging á herðar sveitarfélögum utan kaupstaða. Gjöld vegna ellitrygginganna eru þau einu lögboðnu gjöld af öllum gjöldum í sambandi við þessar tryggingar, sem sveitarfélög verða að bera. Annars er það svo með þessar tryggingar, aðrar en ellitrygginguna, eins og allir hv. þm. vita, að um það er alls ekki að ræða, að þær séu skyldutryggingar. Atvinnuleysistryggingin, sem af hv. sjálfstæðismönnum hefir verið gerð hér helzt að umræðuefni og þeir hafa mest deilt á stjórnarflokkana fyrir, á ekki að vera skyldutrygging. Það er á valdi verkamanna sjálfra, hvort fólkið vill leggja á sig þau gjöld, sem þeim eru samfara. Sjúkratryggingin er ekki heldur skyldutrygging, nema að nokkru leyti. Í grg. frv. er frá því skýrt, að um 70 þús. manna séu tryggingarskyldir í landinu, miðað við mannfjölda 1930, þ. e. a. s. um ellitryggingu. Af þessu fólki eru 30 þús. búsettir í kaupstöðum, en 40 þús. utan þeirra. Þá eru það þessar 40 þús., sem ekki eru skyldaðar til að taka þátt í sjúkratryggingu. Mér þykir rétt að vekja athygli á þessu, af því að mér þykir allmikið kenna þess í málflutningi hv. andstæðinga þessa máls, að þeir tali um málið eins og hér væri um að ræða að lögbjóða allar þessar tryggingar sem skyldutryggingar fyrir allan landslýð. En almenningi er í sjálfsvald sett, hvort hann vill hafa þessar tryggingar, aðrar en þær, sem ég hefi tekið fram, að eru skyldutryggingar, að svo miklu leyti sem þær eru það, og hvort hann vill leggja á sig þau gjöld, sem þær hafa í för með sér.

Annars er það dálítið einkennileg röksemdafærsla, sem kemur fram hjá hv. sjálfstæðismönnum í þessu máli á ýmsum stigum við þessa umr. Þegar umr. byrjaði, lögðu þeir á það regináherzlu, að þetta væri eitthvert höfuðmál sósíalista, tryggingarnar. Svo hafa þeir verið smám saman að draga úr þessu og halda því fram að lokum, að þetta mál sé flutt tiltölulega lítið fyrir sósíalista. Þessi breyting á röksemdafærslu þessara hv. þm. gengur svo langt, að hv. 8. landsk. færir fyrir því sterk rök (að því er honum finnst), að sósíalistar kæri sig ekki um sjúkratryggingar, slysatryggingar og ellitryggingar, heldur sé það þá bara atvinnuleysistryggingarnar, sem sé áhugamál þeirra. En hv. 6. landsk. sagði, að sósíalistar teldu atvinnuleysistryggingarnar þýðingarminnstar af þeim einstöku tryggingaflokkum, sem frv. er um, þannig að það fer nú að koma nokkurnveginn hringferð í þessari röksemdafærslu sjálfstæðismanna, þar sem byrjað er á að halda því fram, að við framsóknarmenn séum í þjónustu sósíalista til þess að samþ. með þeim þetta frv., sem sé höfuðstefnumál þeirra, en svo hinsvegar síðar sagt, að það sé ekki gert fyrir sósíalista að samþ. þetta mál.

Það er og fleira einkennilegt við röksemdafærslu þessara hv. þm., eins og t. d. þegar hv. þm. Snæf. og raunar fleiri eru að ræða um það og blása það mjög upp á allan hátt, að atvinnuleysistryggingarnar muni verða til þess, að fólk flytji úr sveitum til kaupstaða, meira en ella mundi verða, til þess að fá að njóta þeirra hlunninda, sem þessar atvinnuleysistryggingar veita, nefnilega ⅔ til ⅗ af verkamannalaunum eftir að vera búinn að vera atvinnulaus nokkurn tíma. Ég hefi ekki trú á, að fólki muni finnast þetta svo ákaflega ginnandi að komast að þessum hlunnindum. Enn halda sjálfstæðismenn því fram, að það hafi í för með sér óbærileg gjöld fyrir verkamenn að vera í þessari atvinnuleysistryggingu. Í þessu virðist mér ósamræmi. Annarsvegar halda þessir hv. þm. því fram, að þetta sé ginnandi fyrir fólk, svo að það þess vegna

mundi flytja til bæjanna, en hinsvegar segja þeir, að óbærileg gjöld fylgi þessum hlunnindum. M. ö. o., það á að vera ginnandi fyrir menn að komast til bæjanna úr sveitunum, til þess að fá að bera þessar byrðar, sem þeir gætu komizt hjá að þurfa að bera með því að vera kyrrir í sveitinni. Þeir ættu a. m. k. að halda ekki fleiri en einskonar röksemdum fram við hverja umr., en ekki við sömu umr. að koma með rök, sem verka hvor gegn öðrum. (GSv: Þetta er nú bara til að ginna allt saman).

Það gladdi mig að heyra, að hv. þm. Snæf. hefir á milli umr. farið að kynna sér eitthvað tryggingamál í öðrum löndum. Og eitt af því, sem hann hafði upp úr þessari leit sinni, var það, að hann komst að því, að íhaldsmenn í Danmörku hefðu flutt tryggingafrv., sem hefði gengið lengra að ýmsu leyti í því að vera róttækt heldur en þetta frv., og sérstaklega í því að greiða fyrir almenningi. Þetta er einmitt það, sem ég sagði þessum hv. þm. við umr. hér. Þetta frv., sem hér liggur fyrir, er mjög hliðstætt því, sem tíðkazt í öðrum löndum og hefir verið lögfest þar fyrir alllöngu. Sú löggjöf hefir ekki verið sett af sósialistum einum, heldur einnig af öðrum flokkum ásamt þeim. Þegar tekið er tillit til þess, hvað gert er í þessum efnum í öðrum löndum, þá er mjög svo eðlilegt, að við fylgjum þessum tryggingamálum fram eins og við gerum, samkv. okkar stefnuskrá.

Garðar Þorsteinsson [óyfirl.]: Hv. þm. N.-Þ. ætlaði að færa sterk rök fyrir því, að ekki væri rétt að samþ. hina rökst. dagskrá hv. þm. V.-Sk. En hann játaði þó í hinu orðinu, að þetta mál væri flókið og umfangsmikið og búið að liggja stuttan tíma hjá þm. til athugunar. (GG: Ég minntist ekkert á rökst. dagskrána). Ef þetta er ekki að færa rök gegn sjálfum sér, þá veit ég ekki, hvað er að snúast gegn sjálfum sér með sínum eigin rökvillum.

Hv. þm. N.-Þ. komst að þeirri viturlegu(!) niðurstöðu, að ég hefði fært fram sterk rök fyrir því, að sósialistar kærðu sig ekki um slysatryggingu og ellitryggingu. En slíkt hefi ég aldrei sagt. Ég sagði, að þeir hefðu ekki lagt svo mikla áherzlu á málið, að þurft hefði að leita afbrigða vegna þess. Því að sjúkratrygging er í l. og ellitryggingin kemur ekki til fullra framkvæmda fyrr en eftir nokkra áratugi. Ég sagði, að það væri þess vegna aðeins eitt mál, sem réði því, að þessu máli væri flýtt svona nú, og það væri atvinnuleysistryggingin. Þetta voru mín orð. En svo tekur hv. þm. N.-Þ. upp sem mín orð það, sem hv. 6. landsk. sagði, að ég hefði sagt, og sem hann þannig bætti við mín orð, en ég aldrei sagði. Ég veit ekki, hvað er hringsnúningur, ef ekki þetta, að hv. þm. N.-Þ. rennur fyrst braut eftir því, sem ég sagði, og kemur svo inn á spor sósialista og segir þeirra orð vera mín orð.

Það er eftirtektarvert, að hv. þm. N.-Þ. er sá eini af Framsfl.þm., sem við þessar umr. hefir talað, að undanteknum hv. 2. þm. N.-M., er einnig talaði tvisvar eða þrisvar við 2. umr. Og hv. þm. N.-Þ. er sá eini Framsfl.þm., sem virkilega hefir játað, að það hafi ekki þurft af sósialistum að neyða Framsflmenn til að fylgja þessu máli, af því að þessi hv. þm. er sósialisti.

Ég vil benda þessum hv. þm. N.-Þ. á, að hann ætti ekki að tala um hringsnúning hjá öðrum, því að ef nokkur þm. hefir gert sig sekan um hringsnúning, þá er það þessi þm., bæði nú og endranær.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 97. fundi í Nd., 12. des., var enn fram haldið 3. umr. um frv. (A. 726, 747, 750, 754, 756, 757, 761, 772).

Rökst. dagskráin frá þm. V.-Sk. felld með 17:15 atkv.

Brtt. 747,1 felld með 16:16 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: FJ, HV, JG, MT, PZ, PÞ, SigfJ, SE, StJSt, ÞorbÞ, BJ, BÁ, BB, EmJ, EystJ, JörB.

nei: GÞ, GG, GSv, GÍ, HannJ, JakM, JJós, JÓl, JónP, JS, ÓTh, PHalld, PO, SK, TT, EE.

Einn þm. (ÁÁ) fjarstaddur.

Brtt. 756,I samþ. með 17:6 atkv.

— 756,II samþ. með 17:6 atkv.

— 757,1 felld með 16:15 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: PHalld, PO, SK, TT, EE, GÞ, GSv, GÍ, HannJ, JakM, JJós, JÓl, JónP, JS, ÓTh.

nei: PÞ, SigfJ, SE, StJSt, ÞorbÞ, BJ, BÁ, BB, EmJ, EystJ, FJ, GG, HV, JG, PZ, JörB.

MT greiddi ekki atkv.

Einn þm. (ÁÁ) fjarstaddur.

Brtt. 747,2 samþ. með 19 shlj. atkv.

— 747,3 samþ. án atkvgr.

— 757,2 felld með 16:15 atkv.

— 761,1 samþ. með 17 shlj. atkv.

— 761,2 samþ. með 17 shlj. atkv.

— 754 samþ. með 19:3 atkv.

— 756,III samþ. með 20:5 atkv.

— 747,4 samþ. án atkvgr.

— 747,5 samþ. með 17:1 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: SigfJ, SE, StJSt, ÞorbÞ, BJ, BÁ, BB, EmJ, EystJ, FJ, GG, HV, JG, MT[1]) PZ, PÞ, JörB.

nei: ÓTh,

SK, TT, EE, GÞ, GSv, GÍ, HannJ, JakM, JJós, JÓl, JónP, JS, PHalld, PO greiddu ekki atkv.

Einn þm. (ÁÁ) fjarstaddur.

Brtt. 761,3 samþ. án atkvgr.

— 750 samþ. með 21 shlj. atkv.

— 747,6.a samþ. með 17 shlj. atkv.

— 772 samþ. með 18:1 atkv.

— 747,6.b samþ. með 17 shlj. atkv.

— 757,3.a felld með 16:15 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: GÞ, GSv, GÍ, HannJ, JakM, JJós, JÓl, JónP, JS, ÓTh, PHalld, PO, SK, TT, EE.

nei: EystJ, FJ, GG, HV, JG, PZ, PÞ, SigfJ, SE, StJSt, ÞorbÞ, BJ, BÁ, BB, EmJ, JörB.

MT greiddi ekki atkv.

Einn þm. (ÁÁ) fjarstaddur.

Brtt. 757,3.b felld með 16:15 atkv.

— 757,3.c felld með 16:11 atkv.

---

1) **MT**: Í trausti þess, að samþ. verði brtt. við 67. og 68. gr., segi ég já.

Brtt. 757,3.d felld með 16:14 atkv.
— 757,4 felld með 16:15 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: ÓTh, PHalld, PO, SK, TT, EE, GÞ, GSv, GÍ, HannJ, JakM, JJós, JÓl, JónP, JS.
nei: PZ, PÞ, SigfJ, SE, StJSt, ÞorbÞ, BJ, BÁ, BB, EmJ, EystJ, FJ, GG, HV, JG, JörB.
MT greiddi ekki atkv.
Einn þm. (ÁÁ) fjarstaddur.
Brtt. 761,4 samþ. með 17 shlj. atkv.
Frv., svo breytt, samþ. með 17:6 atkv. að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: JG, MT, PZ, PÞ, SigfJ, SE, StJSt, ÞorbÞ, BJ, BÁ, BB, EmJ, EystJ, FJ, GG, HV, JörB.
nei: JakM, JónP, ÓTh, PHalld, PO, HannJ.
JÓl, JS, SK,[1]) TT,[2]) EE, GÞ, GSv, GÍ, greiddu ekki atkv.
Tveir þm. (JJós, ÁÁ) fjarstaddir.
Frv. afgr. til Ed.

Á 93. fundi í Ed., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 778).

Á 94. fundi í Ed., 13. des., var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 9 shlj. atkv.

Atvmrh. (Haraldur Guðmundsson): Þetta mál hefir verið hjá allshn. Nd., og vildi ég gera það að till. minni, að því yrði, að lokinni þessari umr., vísað til allshn. þessarar d.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv. og til allshn. með 9 shlj. atkv.

Á 97. fundi í Ed., 17. des., var frv. tekið til 2. umr. (A. 778, n. 841 og 846).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.

Frsm. meiri hl. (Sigurjón Á. Ólafsson) [óyfirl.]: Eins og kunnugt er, þá var þetta frv. flutt af þm. Alþfl. í Nd. fyrir tilmæli hæstv. atvmrh. og samið af milliþn., eins og sjá má af grg. þess. Málið hefir fyrir skömmu flutzt upp í þessa hv. d., og hefir n. satt að segja ekki haft ýkjamikinn tíma til þess að athuga það. Hefir hún þó vendilega lesið frv. yfir á einum fundi, og er gerð grein fyrir afstöðu nm. í nál. á þskj. 841. Afstaða okkar í meiri hl. er sú, að við viljum láta málið ganga fram eins og það er nú. Þó hefir einn úr meiri hl., hv. 10. landsk., skrifað undir nál. með fyrirvara, sökum þess að hann er mótfallinn einum kafla frv., 5. kaflanum, og hefir hann óbundnar hendur um að bera fram brtt. og vera með brtt., sem fram kunna að koma. En ef hv. d. hallast að því að samþ. breyt. á frv., verður það vitanlega að fara til Nd. aftur, og því viljum við hinir í meiri hl. ekki vera valdir að, þar sem nú er komið að þinglokum, þó sumum þætti e. t. v. ástæða til smávegis lagfæringa.

Aftur á móti hefir hv. 1. þm. Skagf. ákveðið sína stefnu skýrt og greinilega í þessu máli, því hann vill vísa málinu til ríkisstj. til frekari undirbúnings og athugunar; kemur hans álit fram á þskj. 846, sem ég hefi ekki haft tíma til að lesa, þar sem því hefir verið útbýtt nú á fundinum.

Um frv. þetta má náttúrlega margt og mikið segja, því hér er um löggjöf að ræða, sem að miklu leyti er nýmæli hér á landi. Skal ég fara örfáum orðum um einstaka kafla frv., þó þess sé e. t. v. ekki þörf; ég þykist vita, að hv. þm. séu búnir að kynna sér þetta mál; í fyrsta lagi sökum þess, hvað hér er um merkilegt og umfangsmikið mál að ræða, og í öðru lagi vegna þess, að um það hefir staðið allmikill styr í hv. Nd.

Um 1. kafla frv., sem er einskonar inngangur, hefi ég fátt að segja. Samkv. honum á að setja á fót tryggingarstofnun ríkisins, sem á að hafa með höndum tryggingarnar, sem hinir kaflar frv. ræða um, og auk þess má fela framkvæmdarstjórn annara skyldra stofnana, svo sem Samábyrgðarinnar og Brunabótafélags Íslands. Einnig á þessi stofnun að taka að sér umráð yfir lífeyrissjóði embættismanna og lífeyrissjóði barnakennara.

2. kafli frv. er að miklu leyti endurprentun á slysatryggingarlögunum, sem við höfum áður búið við. Þó eru gerðar á þeim nokkrar smábreyt., sem ég hefi ekki orðið var við, að valdi ágreiningi.

Þá kemur kaflinn um sjúkratryggingar, og er hann að miklu leyti nýmæli hér, þó að vísu hafi verið til l., sem veita sjúkrasamlögum ýms hlunnindi og vernd. Hingað til hefir það ekki verið skyldukvöð á neinum einstaklingum að tryggja sig gegn sjúkdómum, en nú á í kaupstöðum landsins hver maður, sem kominn er yfir 16 ára aldur, að vera tryggingarskyldur. Fyrir sveitirnar eru ákvæði þessa kafla á hinn bóginn nánast heimildarákvæði, þar sem gert er ráð fyrir, að þegar helmingur atkvæðisbærra manna í einhverjum hreppi æskir þess við almenna atkvgr., að sjúkrasamlag samkv. þessum l. sé þar stofnað, þá skuli það gert, en fyrr ekki. Í þessum kafla er vitanlega fjöldi nýmæla, sem við höfum ekki búið við áður, en kunn eru orðin í nágrannalöndum okkar, er um langt skeið hafa haft slíkar tryggingar, sem hér er um að ræða. Hinsvegar hygg ég, að um þennan kafla sé ekki mikill ágreiningur hér á Alþingi, enda er nauðsyn sjúkratrygginganna almennt viðurkennd eins og nú er komið okkar háttum. Það hefir ekki verið annað að flýja en til sveitarsjóðanna, og hefir þannig orðið byrði á almenningi. N. hefir fyllilega komizt að raun um, að það er ekki sízt vegna sjúkdómanna, sem sveitaþyngsli hafa verið svo mikil að undanförnu. Það er því augljóst mál, að sveitaþyngslin hljóta að minnka, ef frv. þetta verður að l. Samkv. því er læknishjálp og spítalavist ókeypis fyrir þá, sem í sjúkrasamlögunum eru, en ef menn dvelja á heimilum, þá þurfa þeir aðeins að greiða ¼ af kostnaði. Ennfremur er í 30. gr. frv. gert ráð fyrir því, að sjúkum mönnum séu greiddir dagpeningar, og eru þeir tvenns-

1) **SK:** Í þessu frv. koma fram svo mikilvægar réttarbætur, að ég vil ekki greiða atkv. á móti frv., en hinsvegar eru svo meinlegir gallar á því, að ég get ekki greitt atkv. með því, og greiði því ekki atkv.
2) **TT:** Ég er hlynntur sumum köflum frv., en ég er eindregið á móti kaflanum um atvinnuleysistryggingar, og greiði því ekki atkv.

konar, persónudagpeningar og fjölskyldudagpeningar, sem greiddir eru fyrir ákveðinn tíma.

Ég held, að í flestum tilfellum muni þessir dagpeningar vega á móti styrk þeim, sem menn hafa í slíkum kringumstæðum notið frá bæjar- eða sveitasjóðum. Það er augljóst mál, að þetta verður mikill léttir á fátækrasjóðunum, og kemur því öllum til góða, sem í þá greiða. Eins og kunnugt er, þá er í 25. gr. frv. ríkissjóði og hlutaðeigandi bæjar- eða sveitarstjórnum gert að leggja fram ákveðinn skerf til þessara trygginga móti því framlagi, sem meðlimir sjúkrasamlags greiða. Ég varð var við það í Nd., að mönnum þótti gjaldið, sem þarf að greiða í sjúkrasamlögin, nokkuð hátt. Ef miðað er við það hámark, sem ríkissjóður og bæjar- eða sveitarsjóðir eiga að greiða, þá er gjaldið 36 kr. á einstakling á ári, eða 3 kr. á mánuði. Ég hygg, að allur þorri manna verði að greiða svo mikið í sjúkrakostnað, að þarna er í raun og veru ekki um neitt nýtt gjald að ræða, því þetta hefir áður verið greitt, annaðhvort af einstaklingum eða fátækrasjóðunum. Það er að vísu svo, að nú verða þeir, sem alltaf eru heilbrigðir að greiða fyrir þú sjúku. Þetta er meginatriði í þessari tryggingarlöggjöf, að þeir, sem eiga því láni að fagna að vera heilbrigðir, verða að hjálpa hinum sjúku. — Í Nd. var mjög á það deilt, að í frv. er hverjum einum gert að skyldu að greiða í sjúkrasamlögin, en það er takmarkað, hverjir fá úr þeim. En það verður að binda þetta við þá reynslu, sem þau sjúkrasamlög, sem til eru, hafa, og er þá gert ráð fyrir því, að þeir, sem hafa ákveðnar skattskyldar tekjur, eða eru svo efnum búnir, að þeir geti kostað sjúkdómatilfelli sjálfir, geri það. Það er stefna frv., að hinir efnuðu leggi sinn skerf fram til hjálpar hinum fátæku. Og ég tel þetta réttmæta stefnu. —

Þetta er það, sem ég vil taka fram um sjúkratryggingarnar, þó að það mætti fara út í hin smærri atriðin.

Næsti kafli frv. er um elli- og örorkutryggingar. Þar er um að ræða vísi til trygginga, en það þarf langan tíma til þess, að þær geti komið til framkvæmda. Það eru um 50 ár þangað til ellitryggingasjóðirnir geta skilað því framlagi, sem þeim er ætlað að gera. Ég játa, að þetta er nokkuð langur tími, og sú kynslóð, sem nú lifir, verður að greiða til þeirrar, sem á eftir kemur.

Úr ellistyrktarsjóðunum fá menn svo eftir því, hvað þeir eru búnir að greiða lengi í þá. Í þessa sjóði eiga menn að greiða árlega 7 kr. í kaupstöðum, en nokkuð lægra í kauptúnum og sveitum. En á meðan ekki er hægt að greiða ellistyrki úr þessum sjóðum, þá er ætlazt til samkv. öðru frv., að það verði sveitarsjóðirnir og bæjarsjóðirnir, sem leggi fram hinn nauðsynlegasta lífeyri, sem gamalmenni þurfa. Um fram þetta gjald, sem ég gat um áðan, er ætlazt til þess, að skattgreiðendur greiði 1% af skattskyldum árstekjum, og á sú upphæð að vera til þess, að sjóðirnir geti fyrr komizt í það horf, sem þeim er ætlað að komast í. Hinar aðrar greinar kaflans fjalla um það, á hvern hátt á að veita úr sjóðunum. Óg það er ekki ástæða til þess að fara út í hverja einstaka grein.

Um 62. gr. hefir orðið nokkur ágreiningur í n., og geri ég ráð fyrir, að hv. minni hl. geri þar grein fyrir skoðun sinni, og skal ég ekki fara út í það að sinni.

Þá kem ég að 5. kafla frv., sem er um atvinnuleysistryggingarnar, en það er sá kafli frv., sem mestur styr hefir staðið um. Þar er gerð tilraun til þess að koma á vísi til atvinnuleysistrygginga, því að hér getur ekki verið um nema vísi að ræða. Framlög ríkis og bæja eru yfirleitt lág, og þó að viðkomandi stéttarfélög greiði í tillögum helming á móti þeim, þá getur þetta ekki orðið stór sjóðstofnun til að byrja með. Ég verð fyrir mitt leyti að lýsa því yfir strax, að ég álít, að atvinnuleysið sé hið sorglegasta böl, sem við eigum við að búa. Gegn þessu böli hefir ekki annað verið gert en það, að reyna að skapa vinnu með því að veita fé til atvinnubóta, en um þær hefir mjög oft verið deilt á Alþ. En þær hafa aldrei getað komið öllum að gagni, sem þurft hefðu að verða þeirra aðnjótandi. Og reynslan hefir því verið sú, að margir þeirra, sem ekki hafa getað notið atvinnubótavinnunnar, hafa hlotið að lenda á sveitarsjóðunum. Hversu margir munu ekki hafa orðið að lenda á sveitarsjóðunum vegna atvinnuleysis? Reynslan hefir því sýnt það undanfarið, að það er óumflýjanlegt, að til sé möguleiki fyrir því, að verja nokkurri upphæð til styrktar slíkum mönnum. Ég vil ekki draga neina dul á það, að ég álít, að við Íslendingar eigum að fara inn á hina sömu braut og þær þjóðir, sem telja sig menningarþjóðir, hafa farið á undan okkur. En þær hafa þegar tekið upp það ráð að koma á atvinnuleysistryggingum hjá sér. Þetta frv. ætlast til þess, að hér sé farið inn á þessa braut, en það er í mjög smáum stíl, því að það má aldrei veita meiri styrk en sem nemur ⅔ af daglaunum í hlutaðeigandi starfsgrein, þegar möguleiki er orðinn á því á annað borð að veita atvinnuleysisstyrk. Og svo eru auðvitað aðrar takmarkanir, sem gera það að verkum, að það er ekki nema undir sérstökum kringumstæðum, að menn fá slíkan styrk. Vitanlega eiga einstaklingar að leggja fram ákveðið gjald í atvinnuleysissjóðina, og svo á ríkissjóður og hlutaðeigandi bæjarsjóður eða sveitarsjóður að leggja fram fé á móti því, sem einstaklingarnir leggja fram í iðgjöldum. En sú upphæð, sem ríkissjóður og bæjar- eða sveitarsjóðir eiga að leggja fram, er takmörkuð í frv.

Þessi kafli frv. hefir mætt mestri mótstöðu, og ætla ég ekki hér að fara að rökræða þær ástæður, sem hafa verið færðar fram gegn honum. Ég vil aðeins taka það fram, að ég er alls ekki samþykkur þeim ástæðum, og ég sé alls ekki þá hættu, sem sumir telja fólgna í því að samþ. þennan kafla. Ég vil segja það, að ég tel það til bóta, að farið er hér inn á þessa braut, en ég óska auðvitað, að ástandið verði svo hjá okkur, að tryggingin sé óþörf. En ég er ekki svo framsýnn, að ég sjái þann möguleika, a. m. k. ekki á næstu árum.

Þá kem ég að 6. kafla frv., sem er um ellilaun og örorkubætur. Um þann kafla get ég verið fáorður, því um hann hefir ekki staðið mikill styr, svo að ég skal ekki fjölyrða um hann. Vitanlega gengur sá kafli of skammt ennþá. Það er enginn vafi á því, að aldurshámarkið 67 ár er of hátt,

því að margir eru orðnir ellihrumir áður en þeir ná þeim aldri, en þeir, sem um þetta hafa fjallað, hafa litið svo á, að annars myndi gjaldið verða óbærilegt, ef takmarkið væri lægra. En mín skoðun er sú, að aldurstakmarkið sé sett þarna of hátt. Í kaflanum eru annars ýms ákvæði, sem eru bein afleiðing af því, sem áður er komið í frv. og nauðsynlegt er, að sé sett í l., svo sem um innheimtu gjalda og annað slíkt, og ennfremur ákvæði um iðgjaldagreiðslur.

Ég sé svo ekki þörf á því að rökræða einstakar greinar. Ég hefi lýst frv. í stórum dráttum og sagt frá því, sem mestu máli skiptir. Ég vil endurtaka það, sem ég sagði í upphafi máls míns, að það má vel vera, að reynslan sýni, að það sé þörf endurbóta á þessari löggjöf, því að fáir eru smiðir í fyrsta sinn, og Alþ. getur yfirsézt eitt og annað, sem kemur í ljós við framkvæmd l. Þó að einhverju kunni að vera ábótavant, þá viljum við 3 nm. ekki vinna það til að gera neina breyt. á frv., nema það sé tryggt, að það geti gengið í gegnum þingið. Við teljum þessa löggjöf svo mikils virði, að við viljum ekki spyrna fæti gegn því, að hún gangi fram, þó að við sjáum, að eitt og annað mætti kannske vera öðruvísi en nú er. En það er þá alltaf hægt að breyta því síðar. Ég get lýst því yfir fyrir hönd Alþfl., að hann telur þetta tryggingarfrv. ekki vera eins og það ætti að vera, heldur litur hann svo á, að hér sé um byrjun að ræða, sem svo verður að byggja ofan á síðar. Það er vitanlegt, að hér á Alþ. eru svo sundurleitar skoðanir, að það er varla von á því, að menn geti í fyrsta sinn sameinazt um svo fullkomna löggjöf um þetta efni eins og hún ætti að vera. Ég get sagt fyrir mitt leyti, að ég vil vinna að því í framtíðinni, eða á meðan ég á sæti á þingi, að gerðar séu breyt. í þá átt, að um meiri tryggingu sé að ræða en þá, sem felst í þessu frv.

Ég mun svo ekki lengja umr. meira. Við 3 nm. leggjum til, að frv. verði samþ. eins og það nú liggur fyrir.

Frsm. minni hl. (Magnús Guðmundsson): Hv. frsm. meiri hl. hefir verið svo skorinorður um þetta mál, að það mun lítið þýða að ræða það mikið. Hann hefir lýst því yfir, að það væri ekki atlunin að taka neinar brtt. til greina; jafnvel þó að ýmislegt mætti betur fara, þá yrðu þær brtt. ekki samþ., því að annars gæti frv. dagað uppi, enda sagði hann, að frv. væri ekki annað en lítilfjörleg byrjun á kröfum þeim, sem hann og hans flokkur gerði í þeim efnum, sem um er að ræða. Þetta er það sama og fram kom í n., því þar var það sagt af þeim, sem í stj.flokkunum eru, að það væri ekki til neins að koma með brtt., því að þær yrðu ekki samþ. Undir þessum kringumstæðum hefi ég tekið þann kostinn að bera ekki fram brtt., heldur leggja til, að málinu verði vísað til stj.; þó að ég hefði heldur viljað bera fram brtt., þá hefi ég talið tilgangslaust að draga þær fram, þar sem vitað er, að frv. á að ganga fram óbreytt. Auk þess er það kunnugt, að það er búið að semja um þetta mál milli stj.flokkanna, og því hæpið af þeirri ástæðu einni, að gengið yrði inn á að samþ. brtt. Það er leiðinlegt, að stj.flokkarnir skyldu ekki vera fljótari að því að koma sér saman um málið, svo að þingið hefði meiri tíma til þess að athuga það. Sú athugun, sem fram fór í allshn., er lítils virði. Frv. er 90 greinar, og til þess að athuga það var haldinn einn sunnudagsfundur. Hann var reyndar lengri en venja er til, en það getur hver sagt sér sjálfur, að það sé ónóg athugun á frv., sem er 90 greinar og inniheldur mörg nýmæli, að halda um það einn fund. Þetta þýðir í rauninni, að bægt er frá allri athugun á frv. hér í d. Ég fyrir mitt leyti get sagt það, að ég hefi haft svo mörgum þingmálum að sinna þá fáu daga, sem frv. hefir verið hér í d., að ég hefi ekki haft tíma til að athuga málið eins og ég hefði viljað. En ég álít, að frv. eins og þetta eigi ekki að ganga fram á því sama þingi, sem það er fyrst borið fram. Eins og kunnugt er, þá hófst þetta þing í febrúar og stóð þá fram í apríl, en ekki kom frv. fram þá. Það var fyrst borið fram nokkru eftir að þing kom saman í seinna skiptið, í okt. síðastl.

Mér virðast tímar þeir, sem nú standa yfir, mjög óheppilegir til þess að leggja á gjöld eins og þetta frv. gerir ráð fyrir. Það er hvergi reiknað út, hvað þau nema miklu, en ég held, að eftir okkar mælikvarða muni þau nema stórfé. Það getur enginn sagt fyrir, hvað kostnaðurinn muni verða mikill. Ég veit, að á næsta ári verður hann ekki eins mikill og næstu árin á eftir, að óbreyttri löggjöfinni. Ef litið er á, hvernig ástandið er í landinu, þá er það svo, að hæstv. atvmrh. hefir nýlega látið flytja frv. til hjálpar öllum bæjar- og sveitarfélögum, að einu undanskildu. En á hverju lifa bæjar- og sveitarfélögin? Þau lifa ekki á öðru en því skattgjaldi, sem þau fá hjá skattþegnum sínum. Og hvað þýðir það þá að hlaupa undir bagga með bæjar- og sveitarfélögum? Það þýðir, að hlaupa verður undir bagga með skattgreiðendunum, af því að gerðar eru of háar kröfur til þeirra. Ef þetta frv. til hjálpar bæjar- og sveitarfélögum á rétt á sér — og ég álít, að það eigi fullan rétt á sér — og það er athugað, að þar er flutt frv., sem hlýtur að byggjast á því, að bæjar- og sveitarfélögin geta ekki af skattgreiðendum sínum fengið nægilegar tekjur til þess að standa undir útgjöldum sínum, og þegar þess jafnframt er gætt, að með frv. því, sem nú liggur hér fyrir, eru lögð stórkostlega þung gjöld á þessa sömu gjaldendur, sem verið er að hjálpa til þess að standa í skilum við bæjar- og sveitarfélögin, þá get ég ekki skilið, að það sé réttmætt að koma með frv. eins og þetta. Á sama þinginu á þannig að leggja mikil gjöld á þá sömu menn, sem þingið er að reyna að hjálpa með löggjöf, sem nú er byrjað að vinna að. Þetta er sama og að reisa fallinn mann og hrinda honum síðan, svo að hann detti aftur. Mér finnst því, að þó að segja megi um þetta tryggingarfrv., að það sé æskilegt, að það sé gert að l., þá sé það eitt af þeim mörgu nauðsynjamálum, sem verða að bíða. Það er heimska að ætla sér að keyra í gegn nú mál, sem kosta stórfé, þegar svo er ástatt, að það þarf að hjálpa nálega öllum gjaldendum landsins. Það er búið að hlaupa undir bagga með landbúnaði og sjávarútvegi, og nú á að hlaupa undir bagga með nálega öllum gjaldendum landsins. Þegar þetta

er athugað, þá sýnist það vera næsta undarlegt að ætla nú að demba á löggjöf, þar sem verður að greiða eins há gjöld og gert er ráð fyrir í þessu frv. Ég hefði álitið fært að gera þetta, ef þannig væri ástatt, að framleiðendur landsins væru vel stæðir, eða að framleiðslan gengi vel. En er það svo? Það er viðurkennt af öllum, að bæði landbúnaður og sjávarútvegur bíða halla af framleiðslunni frá ári til árs. Ég sé, að það stefnir í ófæru, ef nú á að leggja nýjar álögur á þá sömu, sem nú verða að standa undir öllum gjöldum landsins. Annarsstaðar en frá framleiðslunni getur fé ekki komið, nema meðan verið er að eta upp það litla, sem safnað hefir verið fyrir frá fyrri árum.

Ef menn líta til ríkissjóðs, þá sést, að ástandið þar er þannig, að fjvn. hefir setið með sveittan skallann síðan í september og verið að reyna að færa niður útgjöldin, og hafði fært þau niður um eina millj., þegar boð komu frá stjórnarflokkunum um, að þeir hefðu gert sáttmála sín á milli um að eta upp aftur þessa einu millj., sem sparazt hafði. Ég er að hugsa um við 3. umr. fjárl. að lofa hv. þm. að heyra ágrip af ræðu, sem hv. form. fjvn. hélt 30—40 sinnum á fundum fjvn. Þetta ræðuágrip á ekki eins vel við hér, en þar á það sannarlega heima. (**SÁÓ**: Hver skrifaði þessa ræðu?). Ég get lært það utan að, sem ég heyri 30—40 sinnum, og þarf ekki að hafa það skrifað. — Ég álít, að þetta mál hefði átt að bíða, eins og svo mörg nauðsynjamál verða að gera, þegar fé vantar til að hrinda þeim í framkvæmd.

Ég skal svo láta þessi ummæli nægja að því er snertir grundvallarafstöðu mína til málsins, en get ekki látið hjá líða að fara nokkuð í gegnum frv., sumpart til þess að gera nokkrar fyrirspurnir, af því ég hefi ekki haft mikinn tíma til að athuga það, og líka til þess að benda á ýmsa galla, sem mér virðast auðsæir á frv.

Ég tel það til eins af göllum frv., að ekkert er ákveðið um laun þeirra manna, sem hér eiga að starfa. Hér eru sett á stofn mörg embætti og sýslanir og ekkert ákveðið um laun þeirra manna, sem þeim eiga að þjóna, heldur er aðeins sagt, eins og nú tíðkast hjá ríkisstofnunum, að launin skuli ákveðin í launalögum, en þangað til skulu þau ákveðin af ráðh. Nú veit enginn, hve há þessi laun verða sett, og þegar meta skal laun manna eftir störfum þeirra, þá getur það sannarlega orðið álitamál hve há þau eiga að vera, en hér er viðkomandi ráðh. af engu bundinn, svo hann getur hæglega sett launin of há í hlutfalli við laun annara embættismanna ríkisins, og þess vegna er það óviðkunnanlegt að láta ekki sjást strax, hvaða laun mennirnir eiga að fá. Og þótt launahæðin væri tekin upp í þessi lög, er jafnhægt að taka hana upp í launalögin, þegar þau koma, en það getur dregizt í mörg ár enn. Svo er hér gert ráð fyrir, að ríkissjóður greiði ¼ hluta kostnaðar af þessu nýja embættabákni. Mér finnst þetta undarlegt og skil ekki, hvers vegna tryggingardeildirnar geta ekki borgað þennan kostnað að öllu leyti. (**Forsrh.**: Það er heimilt að leggja þetta að öllu leyti á deildirnar). Já, það stendur, að það megi leggja kostnaðinn að öllu á tryggingardeildirnar, ef fært þyki, en þær eiga að vera þannig byggðar upp, að þær þurfi aldrei að vera ómagar á ríkissjóði.

Þá er það látið vera reglugerðaratriði, hve iðgjöldin séu há. Í stuttu máli sagt er það sérstaklega einkennandi fyrir þetta frv., að upp í það eru tekin fjöldamörg atriði, sem venja er að hafa í reglugerð, en aftur á móti sleppt mörgum atriðum, sem venja er að hafa í lögum, og ætlazt til, að um þau verði sett reglugerðarákvæði. Þetta gengur eins og rauður þráður í gegnum allt frv.

Í 7. gr. frv. er sagt, að reikningar tryggingarstofnunarinnar skuli endurskoðaðir á sama hátt og reikningar ríkisins og ríkisstofnana. Ég veit ekki, hvað þetta þýðir. Þetta er að vísu ekki stórt atriði, en ég nefni það vegna þess, að það ætti að ganga þannig frá lögunum, að þau væru skiljanleg. Það er sem sé kunnugt, að reikningar ríkisstofnana og reikningar ríkissjóðs eru ekki endurskoðaðir á sama hátt. Reikningar ríkisstofnana eru endurskoðaðir af ákveðnum mönnum úr ráðuneytinu, en reikningar ríkisins eru endurskoðaðir af mönnum, sem kosnir eru til þess af Alþ. En hver er þá meiningin með þessum ákvæðum 7. gr.?

Um 2. kafla frv., sem er 1. tryggingarkaflinn, er það að segja, að hann er lítið breyttur frá því, sem nú er í lögum, og mundi ekki hafa valdið miklum ágreiningi að taka hann upp með þeim breytingum, sem á honum eru gerðar. En það er næsti kaflinn, 3. kafli frv., sem fjallar um sjúkratryggingar, sem ég vil víkja að nokkrum orðum. Það er gert ráð fyrir, að allir menn á vissu aldursskeiði (að örfáum undanteknum) séu tryggingarskyldir, en það er ekki nema nokkur hluti þessara manna, sem getur öðlazt nokkur réttindi í þessu tryggingarfélagi. Þeir, sem hafa yfir 4500 kr. í skattskyldar tekjur, fá aðeins þá ánægju að greiða iðgjöldin, en engin réttindi í staðinn. Það er þess vegna alveg rangt, að taka svo til orða sem gert er í 23. gr. frv. Þar er sagt, að sérhver maður, karl eða kona, eldri en 16 ára, sem búsettur sé á samlagssvæðinu, hafi rétt og skyldu til að tryggja sig í samlaginu. Ég veit ekki, hver þessi réttur er hjá þeim, sem hafa yfir 4500 kr. skattskyldar tekjur. Það er réttur til þess eins að borga, og ekkert annað, en slíkt er vant að nefna skyldu, en ekki réttindi. Það er þess vegna í meira lagi undarlegt að tala hér bæði um rétt og skyldu.

Þá er hér eitt atriði, sem ég veit ekki, hvort getur staðizt, ef lögin eiga að öðlast gildi og koma til framkvæmda 1936. Það stendur í 26. gr. frv., að stjórn samlagsins skuli kosin af bæjarstjórn á sama hátt, samtímis og til jafnlangs tíma og fastanefndir bæjarins eru kosnar. Ég held, að fastanefndir séu venjulega kosnar fyrir allt kjörtímabilið, og nú stendur hér, að stjórn samlagsins skuli kosin samtímis fastanefndum, og það yrði þá sennilega að bíða til ársins 1938, því engar líkur eru til þess, að fyrr verði kosið. Þetta dæmi sýnir það vel, að það er ekki viðhöfð nein vandvirkni þegar frv. er samið, og það hefði sannarlega haft gott af að fara í gegnum slípandi hreinsunareld til að fá á sig betri áferð en það hefir nú að ýmsu leyti.

Maður skyldi halda, að í frv. eins og þessu

væri eitthvað ákveðið um það, hve há iðgjöldin ættu að vera; en það er ekki. Um þetta á að setja reglugerðarákvæði, og þetta sýnir, að það er rétt, sem ég sagði, að yfirleitt hefir verið skotizt fram hjá því að taka meginatriðin upp í frv., en aukaatriðin hafa verið tekin í stað þeirra.

Í 36. gr. er málvilla, en ég hleyp yfir hana, því að hún fæst ekki leiðrétt. Eitt atriði, sem kemur við efni frv., get ég ekki stillt mig um að nefna. Þegar menn eru í vinnu hjá öðrum, er ætlazt til, að þeir fái full laun í 14 daga eftir að þeir veikjast, en svo stendur sbr. 41. gr.: „Hafi tryggður aðaltekjur sínar af eigin atvinnurekstri eða eignum, skal hann ávallt talinn á launum hjá sjálfum sér fyrstu 14 dagana eftir að veikindi eða slys ber að höndum.“ Þetta þýðir, að þótt vitað sé, að atvinnan sé rekin með stórtapi, þá á sá, sem stundar eigin atvinnurekstur, að reiknast á launum hjá sjálfum sér, en hinn, sem vinnur hjá öðrum, á að fá full laun í 14 daga, þótt hann vinni ekki neitt. Mér finnst, að nokkuð sé misskipt sól og vindi í þessu efni.

Þá finn ég ekkert ákvæði í frv. um það, hver hafi innheimtu iðgjaldanna á hendi, en líklega á það að vera sú stj., sem bæjarstj. kýs fyrir þetta samlag. En það hefði verið skemmtilegra, að þetta hefði verið tekið fram. Í 42. gr. stendur, að vangoldin iðgjöld innheimtist af bæjar- og sveitarstjórnum. Ég skil ekkert í því, hvers vegna stjórnum samlaganna er ekki ætlað að annast þessa innheimtu að öllu leyti, því svo lítur út, að þær eigi þó að nokkru leyti að hafa hana með höndum. En um þetta vantar öll skýr ákvæði. Ég ætla líka, að ekkert sé tekið fram um það, hvenær gjalddagi þessara iðgjalda sé, en það verður líklega ákveðið með reglugerð um leið og gjöldin verða ákveðin.

Þá er enn ein grein, sem er full ástæða til að gera aths. við, og það er 45. gr., sem heimilar að leggja á alla vinnukaupendur nýjan skatt, sem nemur 1% af vinnulaunum, til að stofna jöfnunarsjóð til tryggingar fyrir sjúkrasamlögin. Reyndar er þetta ekki nema heimild, og ég geri ráð fyrir, að hún verði ekki notuð fyrr en það sýnir sig, að hennar þurfi með. En mér finnst það satt að segja næsta harðdrægt að gera ráð fyrir eilífum sköttum ofan á fyrrverandi skatta, sem framleiðendur eru að sligast undir, aðallega fyrir það, hve illt er að selja framleiðsluna. Á fyrirtæki, sem borga 1 millj. kr. í vinnulaun, er þetta skattur, sem nemur 10 þús. krónum.

Þá vil ég nefna 47. gr., um myndun lífeyrissjóðs, aðallega til að gera fyrirspurn um hana. Þar stendur svo: „Af sjóðum þeim, sem ræðir um í 62. gr. hér á eftir, þegar hlutverki þeirra samkv. þeirri grein er lokið, svo og af ellistyrktarsjóðum, þegar hlutverki þeirra er lokið samkv. VI. kafla þessara laga.“ Nú vil ég spyrja hæstv. ráðh. eða hv. frsm., hvenær hlutverki ellistyrktarsjóðanna sé lokið samkv. VI. kafla. Ég hefi lesið kaflann, en ekki fundið þetta út, og óska eftir að fá skýringu á því, hvenær talið er, að þeir hafi lokið hlutverki sínu. Ég skil ekki, eftir hverju þeir eiga að starfa framvegis, því í síðustu greininni eru lög um þessa sjóði numin úr gildi, og ég veit ekki, eftir hverjum skollanum þeir eiga að starfa þar á eftir. Þetta er í kaflanum um elli- og örorkutrygginguna.

Þá vil ég næst minnast á 49. gr. frv. Þar er ákveðinn 7 kr. nýr nefskattur á hvern mann í kaupstöðum, 6 kr. í kauptúnum og 5 kr. í sveitum, og svo 1% á skattskyldar tekjur. Þeir fara að verða æðimargir hundraðshlutarnir, sem þarf að greiða af skattskyldum tekjum, en það þykir lítið, þó 1% bætist við, og ég skal viðurkenna það, að 1% virðist ekki vera drepandi, en svo oft er hægt að bæta 1% ofan á, að þau verði að lokum orðin svo mörg, að það verði banvænt. Og minnir þetta á söguna um lestamanninn, sem lagði svo þungt á hestana sína, að þeir þróttminnstu drápust undir klyfjunum, en þá tók hann baggana af þeim og bætti ofan á klyfjar þeirra, sem eftir stóðu, og þyngdi á þeim unz allir hestarnir voru þrotnir að kröftum. Svipað þessu finnst mér aðferð hæstv. ríkisstj. vera. Smátt og smátt eru gjaldendurnir að heltast úr lestinni og geta þeirra fer minnkandi og þeir örmagnast á þessari erfiðu göngu, og svo er aðferð hv. stjórnarflokka sú, að bæta því, sem þeir báru, ofan á þá, sem ennþá rísa undir böggunum, og þar að auki er hlaðið á nýjum sköttum. (**Atvmrh.**: Bætti ekki lestamaðurinn húðunum af hestunum, sem drápust, við baggana?). Jú, hann mun hafa gert það, og þá er líkingin líka orðin rétt, því nýju skattarnir geta vel svarað til þess, að húð og hömsum af hestunum sem drápust, hafi verið bætt við klyfjarnar. En svo er þetta 7 kr. gjald. Það er búið vendilega um tekjuskattshlutann — hann á að innheimtast eins og hver annar tekjuskattur. En þessar 7 kr. — hvenær eiga þær að innheimtast? Hvað segir hæstv. ráðh. um það? Það stendur ekkert um það hér, og mun vera eitt af því, sem hefir gleymzt.

Svo er ennfremur fyrirspurn til hæstv. ráðh. út af 52. gr., um það, hvort þeir menn, sem nú eru öryrkjar, fái ekki styrk eftir þeim reglum, sem settar eru í 51. og 52. gr. Ég er ekki viss um þetta, en held samt, að það hljóti að eiga að skiljast þannig, þótt sum ákvæði séu, sem benda til þess, að eingöngu þeir, sem hér eftir verða öryrkjar, eigi kröfu til styrksins. Ég vona, að það sé ekki meiningin, heldur sé svo til stofnað, að þeir, sem þegar eru orðnir öryrkjar, hafi fullan rétt til styrks.

Svo er athugavert við 60. gr., að þar stendur, að lögreglustjóri annist innheimtu iðgjaldanna og af persónuiðgjöldum skuli innheimtumenn fá 2% fyrir innheimtuna. Ég tel ekki, að borgun fyrir þennan starfa sé áætluð of há hjá þeim, sem ekki fá skrifstofukostnað endurgreiddan eftir reikningi, en þegar starfið er unnið af þeim embættismanni, sem fær greiddan allan skrifstofukostnað, þá tel ég þetta ekki sanngjarnt. Laun lögreglustjóra, t. d. hér í Reykjavík, hafa verið ákveðin með það fyrir augum, að þau væru hæfileg og að þeir hafi ekki aukatekjur, en fái svo greiddan skrifstofukostnað eftir reikningi; en svo er þeim ætlað hér á ofan sæmileg upphæð, og það þótt þeir fái allan skrifstofukostnað greiddan. Undarlegt er og að fela þetta starf lögreglustjóranum í Rvík en ekki tollstjóranum.

Þá er 61. gr. Ég vil spyrja hv. frsm., hvort

fyrir 1. febr. næstk. eigi að gera skrá yfir alla þá, sem heimilisfastir eru í hverju sveitar- og bæjarfélagi. Ég veit ekki, hvenær þessi lög verða staðfest, en í 90. gr. stendur, að þau skuli öðlast gildi 1. apríl 1936. En svo stendur hér í 61. gr., að þessa skrá skuli gera fyrir 1. febr. ár hvert. Á þá að gera þessa skrá nú fyrir 1. febr. 1936, eða á það að bíða til ársins 1937? Ég skil ekki í, að það sé hugmyndin. En þetta er eitt af því, sem sýnir, að ekki hefði verið vanþörf á að athuga frv. betur en raun ber vitni um, að gert hefir verið.

Þá er ég kominn að 62. gr. frv., og er sú gr. einna ósanngjörnust af öllum gr. frv. Þar er svo ákveðið, eftir því sem ég fæ bezt séð, að sá hluti af lífeyrissjóði embættismanna, sem eftir verður, þegar allir þeir, sem nú eru tryggðir þar, eru dauðir, falli til lífeyrissjóðs Íslands. Nú er enginn sá spámaður til, sem getur sagt það með vissu, hve miklu þessi upphæð muni nema, en ég gæti trúað, efir því sem horfur eru nú, að það mundi ekki verða minna en 1—2 millj. kr., og þetta er sjóður embættismannanna sjálfra, skapaður með þeirra eigin fé, og samt á að taka hann af stéttinni og gera þannig þessa tryggingarráðstöfun þeirra að engu. Ég hefi minnzt á þetta við hæstv. atvmrh., og mér virtist hann vera mér sammála um, að þessu þyrfti að breyta, og hafði hann góð orð um, að það yrði gert á næsta þingi, en þessa breyt. mátti ekki gera nú fremur en aðrar breyt. En hér er bein hætta á ferðum, því það er annað atriði í 62. gr. en það, sem ég nefndi áðan, og það er um, að þeir embættismenn, sem eru undir 40 ára aldri, geti fengið útborgað allt það, sem þeir eiga inni í lífeyrissjóði embættismanna, með því að fara inn í þessa nýju tryggingu. Þetta er frá tryggingarlegu sjónarmiði séð alveg fráleitt og vinnur beint á móti tryggingarhugmyndinni, auk þess sem þetta ákvæði er lífeyrissjóði embættismanna fjárhagslega stórhættulegt. Þetta ákvæði er auðsjáanlega sett inn til þess að veikja lífeyrissjóð embættismanna sem fyrst. Það er auðvitað, að margur maður, sem þvingaður hefir verið með lögum til þess að leggja 7% af launum sínum í sjóðinn árlega, vill gjarnan fá 2000—3000 kr. útborgaðar í einu. Ég vil því taka hæstv. atvmrh. á orðinu um það, að þetta verði lagfært þegar á næsta þingi. Ég get skilið andstöðu hæstv. ráðh. gegn breytingum á frv. nú, þar sem um það mun hafa verið samið milli flokkanna, að það gangi í gegn. En hitt er vítavert, að hafa frv. ekki betur undirbúið en raun ber vitni um, eða að ætla ekki lengri tíma til meðferðar þess hér í deildinni. Lífeyrissjóður embættismanna, sem byrjaði 1. jan. 1920, mun nú vera orðinn um 1½ millj. króna. Verður ekki annað séð en að sjóðurinn geti vaxið stórkostlega í framtíðinni, aðeins af vöxtunum einum, og létt miklum byrðum af ríkissjóði á þann hátt að hjálpa þeim embættismönnum, sem ríkissjóður yrði annars að styrkja. Það er því alveg ósæmilegt að taka nú þenna sjóð, sem embættismenn hafa stofnað með eigin fé sér til tryggingar, og láta hann ganga til annara, sem embættismönnum hefir ekki dottið í hug að fara að tryggja.

En hvað er nú ellitryggingin há í frv.? Í aths. er einhversstaðar talað um 420 kr. á ári. Þetta þykir mér nú satt að segja nokkuð lágt. Þegar ferjumenn eða póstar fá eftirlaun í fjárlögum, er það næstum aldrei minna en 500—600 kr. Ég hefi ekki reynt að setja mig inn í þá flóknu útreikninga í frv., sem að þessu lúta, en ég vil spyrja þá, sem þetta eiga að vita, hversu há ellitryggingin sé. Í frv. er talað um fullan lífeyri, en hver hann er, sést hvergi. Ég get ekki skilið, að betra verði að ákveða þetta síðar.

Ég mun ekki dvelja lengi við atvinnuleysistryggingarnar. Árstillögin eru ekki ákveðin þar fremur en annarsstaðar, heldur eiga þau að vera reglugerðaratriði. Samt sem áður mega þau heita aðalatriðið í tryggingunum og það, sem allt byggist á.

Þá er skrítið að sjá það ákvæði í 69. gr., að styrkurinn megi ekki fara yfir ⅝ kaups, því að í 71. gr. stendur, að viðurkennt verkalýðsfélag skuli ákveða kaupgjaldið. Það er því alveg sama, hvort stendur, að greiða skuli ⅝ eða ½ af launum starfsgreinarinnar, því að alltaf er hægt að hækka kauptaxtann. (**Atvmrh.**: Ekki gengur það nú alltaf orðalaust).

Ég þarf ekki að ræða hér um atvinnuleysisstyrkinn sjálfan, enda mun það vera þýðingarlítið. Eins og frsm. sagði, á aðeins að koma inn litla fingrinum í þetta skipti og síðan að hækka þá og hækka á næstu þingum. (**SÁÓ**: Já, ef nauðsyn krefur). Nauðsynin vex eftir því, sem atvinnuvegirnir eru dregnir niður, og að því er nú unnið.

Þá verð ég að játa, að ég skil mjög lítið í 79. gr. Eftir henni lítur helzt úr fyrir, að ellilaunin eigi að verða kr. 52.50 á ári. Ég botna ekki almennilega í þessu, en trúi ekki stj. í neinni blindni og vona því, að hæstv. ráðh. gefi góð og gild svör. (**Atvmrh.**: Hví er hv. þm. að spyrja stj., sem hann ekki trúir?). Ég sagðist ekki trúa henni í blindni og heimta því skýr svör.

Þá er 84. gr. um sjóði, sem myndaðir eru af dánargjöfum. Þar er svo ákveðið, að allir slíkir sjóðir skuli renna inn í tryggingarstofnunina, þegar hið opinbera hefir tekið að sér hlutverk þeirra að öllu leyti. Ég ætla nú, að það geti verið álitamál, hvenær slíkt verður, en hvað sem því líður, tel ég ósæmilegt og óheimilt, að hið opinbera taki þessa sjóði í sínar hendur, þvert ofan í fyrirmæli gefendanna. Ég teldi réttara að draga styrki úr slíkum sjóðum frá opinberum styrkjum, því að á þann hátt yrði þó komizt hjá því, að vilji gefendanna yrði lítilsvirtur.

Ég hefi sýnt fram á það, að ekki er vanþörf á, að þetta frv. verði athugað betur, og vona, að stjórnarliðið taki þau atriði, sem ég hefi bent á, til athugunar þegar á næsta þingi. (**JBald**: Þetta frv. á oft eftir að koma til athugunar).

Þorsteinn Briem [óyfirl.]: Ég vil gera grein fyrir því, hvers vegna ég skrifaði undir nál. með fyrirvara, þótt ég hafi að vísu látið þess getið, að ég væri andvígur V. kafla frv., um atvinnuleysistryggingar. Afstaða mín til þeirra tryggginga byggist á þeirri skoðun minni, að ég tel það beztu vörn gegn atvinnuleysinu, að styðja sjálfa atvinnuvegina. Ef þeir bera sig, er ekki um neitt atvinnuleysi að ræða, og með því að stuðla að

því, að svo megi verða, er stemmd á að ósi hvað atvinnuleysi snertir. En þeirrar stefnu, að styðja sjálfa framleiðsluna, hefir einmitt gætt allt of lítið í athöfnum þings og stjórnar undanfarið. Hér er því, í þessu frv., farið öfugt að til þess að útrýma atvinnuleysinu, og kemur hér hið sama fram og gætt hefir um of í annari styrktarstarfsemi ríkisins, og á ég þá sérstaklega við berklavarnirnar. Þar hefir verið lögð aðaláherzlan á það, að gera vel við þá menn, sem berklaveikir eru orðnir, en miklu síður á hitt. að fyrirbyggja það, að menn verði veikir, og stemma þannig á að ósi. Þrátt fyrir það, að lofsvert sé að hlynna sem bezt að sjúklingunum, ætla ég, að flestum, bæði læknum og öðrum, sé nú orðið það ljóst, að heppilegra hefði verið að leggja aðaláherzluna á það, að byrgja brunninn, áður en barnið hefir dottið í hann. Sömu aðferð þarf að hafa í þessu máli. Atvinnuleysið er þegar orðið opið sár og sjúkdómur, sem aldrei læknast nema séð verði um það, að framleiðslan geti haldið uppi atvinnu. Atvinnuleysisstyrkirnir geta að vísu bætt úr brýnustu nauðsynjum þeirra, sem komnir eru út á hinn kalda klaka, en varnir gegn atvinnuleysinu felast vitanlega engar í þeim. Þvert á móti tákna þeir auknar álögur á hina þrautpíndu atvinnuvegi.

Af þessum ástæðum hefi ég ekki getað fylgt meiri hl. n. um afgreiðslu V. kaflans. Og auk þess verður að líta á fjárhagshlið málsins, sem að ríkissjóði snýr. Þó að hér sé fremur hógværlega af stað farið, má samt búast við því, að hér sé um byrjun að ræða, sem framvegis leiði af sér mjög aukin útgjöld fyrir ríkissjóð, alveg eins og raun hefir orðið á um hinn svokallaða berklavarnastyrk, sem bæði læknar og aðrir eru sammála um, að ekki hafi komið að tilætluðum notum.

Auk þess hefði ég ástæðu til að gera aths. við ýmsar einstakar greinar frv. Þannig þykja mér þau ákvæði 65. gr., að lögbjóða, að ekki megi stofna nema einn atvinnuleysissjóð í hverju kauptúni, mjög varhugaverð. Það hefir sýnt sig um löggjöfina um byggingarsjóði, að háværar óskir hafa komið fram um það, að mega stofna sérsjóði, og virðist engin ástæða til þess að meina mönnum slíkt.

Um 67. gr. er það að segja, að mér finnst, að ákvæðin um eign þá, er menn mega eiga án þess að missa réttindi til atvinnuleysisstyrks, vera í litlu samræmi við skattalögin. Þannig getur einhleypur maður fengið atvinnuleysisstyrk, þótt hann eigi 5000 kr. skuldlausa eign. Maður, sem á slíka eign, ætti þó að geta bjargazt nokkurn tíma án styrks, og sama er að segja um hjón, sem eiga 10 þús. kr. í góðri og gildri eign. Það skýtur nokkuð skökku við skattgreiðslu af eignum, að þeir, sem þó eru þessum efnum búnir, skuli fá opinberan styrk.

Það hefir verið bent á áður, að ósamræmi sé á milli þess ákvæðis í 69. gr., að atvinnuleysisstyrkur skuli ekki nema meiru en ¾ af venjulegu kaupi, og hins, að menn geti neitað vinnu, ef þeir fái ekki kaup í samræmi við kauptaxta verkalýðsfélags síns. Nú er þess að gæta, að kauptaxti er allmisjafn hér á landi, frá 80 aurum á klst. til kr. 1.36 nettó og 1.51 brúttó. Maður úr Reykjavík hefði því rétt til að neita atvinnu í sjóþorpi úti á landi, en heimta atvinnuleysisstyrk. Að vísu var því þó bætt inn í frv. í Nd., að *einhleypingar, sem eiga kost á því að vinna* sér fyrir lífsframfæri í sveit, skuli ekki fá atvinnuleysisstyrk. En kvæntur maður í Reykjavík getur neitað vinnu úti á landi, ef kaupið er undir taxta verklýðsfélaganna í Reykjavík. Ég vona, að hv. frsm. upplýsi, ef ég skil þetta ekki rétt.

Að vísu er í frv. ákveðin heildarupphæð sú úr ríkissjóði, sem verja má til trygginga ófaglærðum daglaunamönnum, 75 þús. kr. En hinsvegar eru engin hámarksákvæði um það, hvað greiða má úr ríkissjóði til annara atvinnuleysissjóða fyrir faglærða menn. Hinsvegar er hér í þessum kafla ákvæði, sem ég tel svo þarft, að ástæða hefði verið að hafa slík ákvæði algerlega almenn, því það gæti einnig átt við hina kafla þessa frv. Þetta ákvæði er um það, ef einhver gerist sekur um svik gagnvart sjóðunum. Það hefði þurft að hafa almenn ákvæði í frv. um slíkt, því það mun vera reynslan erlendis, að slíkt eigi sér oft stað, og því hefði þurft að hafa hér einhver viðurlög, ef gerðar eru tilraunir til þess að koma fram svikum, ekki síst ef þau *eru framkvæmd og mikil brögð eru að þeim.* — En svo er hvað þennan kafla snertir gert ráð fyrir því, að mér skilst, að öll stjórn á úthlutun atvinnuleysisstyrks sé í höndum þeirra félaga, sem þar um ræðir og í flestum tilfellum a. m. k. eru pólitísk. Ég verð að telja þetta nokkuð athugavert, jafnvel frá sjónarmiði þeirra félaga, sem hér eiga hlut að máli, því ætla má, að það skapi nokkra tortryggni, að félög, sem a. m. k. í aðra röndina eru pólitísk, hafi úthlutunina með höndum. Það mætti því teljast æskilegt, einnig frá þeirra sjónarmiði, að þar komi aðrir aðilar til.

Um hina kaflana vil ég taka það fram, að ég er alveg á því, að hugsunin, sem á bak við þá liggur, sé réttmæt. Ég álít, að það sé rétt að auka slysatryggingar og setja löggjöf um sjúkratryggingar, og þá ekki síður um ellilaun og örorkubætur. Hitt er annað mál, að á þeim köflum eru ýms vansmíði, sem ég þykist vita, að jafnvel meiri hl. í n. hefði verið fáanlegur til samkomulags um, ef ekki hefði staðið svo á, að *jafnlangt er liðið á þingtímann sem raun er á.* Það hefir verið gerð grein fyrir því um alla kaflana nema annan kaflann, hversu áberandi missmíði eru á þeim, og skal ég ekki fara frekar út í það mál. En jafnvel um þann kaflann, sem hv. minni hl. ræddi nú ekki um, kaflann um slysatryggingarnar, sem að vísu er ekki mikið breyttur frá núgildandi l., verð ég að segja það, að þar eru ýms ákvæði, sem ég ætla, að hefði farið betur á að lagfæra. Ég get svona af handahófi nefnt nokkur dæmi, sem sum eru að vísu ekki stórvægileg, en munu þó í framkvæmdinni geta sýnt nokkur göt á l. Í 8. gr. 2. b. er talað um það, að skylt sé að tryggja menn, sem vinna við bjargsig, en það er ekkert talað um, að mönnum, sem vinna að annari bjargfuglaveiði, sé skylt að tryggja sig. Nú hugsa ég, þó að ég sé ekki kunnugur þessum atvinnuvegi, að það sé engu minni hætta að klifra í björg heldur en síga; ég hugsa jafnvel, að það sé hættulegra

heldur en bjargsigið sjálft. En nú eru aftur á móti tekin upp ákvæði um skyldutryggingu manna, sem virðist vera miklu minni ástæða til að tryggja, svo sem eins og um tryggingu þeirra manna, sem fara til og frá vinnu. Ég veit ekki, hvort það er nokkuð meiri lífshætta eða slysahætta fyrir þá menn, sem fara frá og til þessarar vinnu, sem hér um getur, heldur en fyrir þá, sem fara frá og til vinnu sinnar almennt, því ég ætla, að slysahætta, t. d. hér á götunum í Reykjavík, sé ekki meiri fyrir eina stétt heldur en aðra. Mér virðist því hér vera um nokkurt handahófsverk að ræða. Sama gildir um innanhússmálningu, að menn, sem hana stunda, skuli vera slysatryggðir. Ég ætla þó, að það sé nokkuð minni hætta að mála stofu heldur en t. d. klifra í björg. — En ég hefi aftur á móti ekki getað komið auga á, að þeir menn skuli skyldutryggðir, sem vinna í þágu skipulagsbundinnar björgunarstarfsemi, og mætti þó ætla, að það starf væri a. m. k. eins hættulegt og algeng stofumálning og eins og algeng ganga hér um göturnar. Einnig virðist mér, að í slíku frv. sem þessu hefði ekki verið ástæðulaust að setja einhver ákvæði um tryggingu þeirra manna, sem bjóða sig fram til björgunar, jafnvel þó að það sé ekki í þágu skipulagsbundinnar björgunarstarfsemi. Mér virðist, að í þeim tilfellum, þegar menn af fúsum og frjálsum vilja leggja líf sitt í hættu til þess að bjarga öðrum mannslífum, þá eigi það opinbera vissulega að leggja þar fram til tryggingarbóta fyrir slíka menn. Ég hefði talið miklu meiri ástæðu til þess að hafa ákvæði um þetta heldur en um tryggingarskyldu þeirra manna, sem fara frá og til vinnu sinnar eða mála stofu innanhúss. En það má kannske vera, að mér hafi sézt yfir þetta.

Það eru ýms fleiri atriði, sem hefði mátt taka til athugunar í sambandi við þennan kafla, sem ekki hefir verið minnzt á sérstaklega, en þetta sýnir, að það hefir ekki verið lögð nægileg vinna í undirbúning frv. Þó náttúrlega segja megi, að tækifæri sé til þess síðar að bæta hér um, þá verður það að teljast allmikið mein, að ekki hefir verið svo frá gengið í fyrstu sem gera hefði mátt kröfu til um slíkt frv. sem þetta, þar sem það er undirbúið af sérstakri n. og hefir verið mjög lengi í undirbúningi. — Ég hafði hugsað mér að bera fram ýmsar brtt. við þá kafla frv., sem ég er fylgjandi, en eftir þeirri vitneskju, sem maður hefir fengið um það, hvernig haga eigi afgreiðslu frv., og nú síðast eftir þeirri yfirlýsingu, sem fram hefir komið frá frsm. frv., þá mun ekki vera um það að ræða, að það beri nokkurn árangur, og hefi ég því látið það vera, en aðeins gert grein fyrir mínum fyrirvara.

Atvmrh. (Haraldur Guðmundsson) [óyfirl.]: Ég vildi fyrst mega segja það í sambandi við þetta frv., að þar sem hér er um algerða nýsköpun að ræða, þá liggur það í augum uppi, að það er engan veginn hægt að ganga svo frá lagasetningunni nú, að það komi ekki ýmsir annmarkar í ljós, þegar til framkvæmdanna kemur, og að þá verði óhjákvæmilega að gera ýmsar breyt. á l. Svo hefir það alstaðar gengið og svo hlýtur það að ganga hér. Það er ekki hægt að sjá svo fyrir þau mörgu atvik, sem reynslan mun leiða í ljós, að hljóta að koma fyrir og benda til, að ýmsu verði að haga á annan veg heldur en frv. gerir ráð fyrir, þar sem engin starfsemi er til fyrir, sem hægt er að miða við. Á Norðurlöndum hafa þessi mál verið lengi á döfinni og allaf tekið stöðugum breyt., eftir því sem reynslan hefir sýnt, að betur mætti fara. Þess vegna má enginn láta sér detta í hug, að hægt sé að ganga svo frá þessari lagasetningu, að ekki þurfi að gera á henni ýmsar breyt., en einhverntíma verður að leggja grundvöllinn. Og þá kem ég að því, sem mér skilst vera aðalatriðið hjá hv. andmælendum þessa máls, sem sé því, hvort nú séu þeir tímar, að vert sé að ráðast í þessa löggjöf og taka þann kostnað, sem henni er samfara. Hv. 1. þm. Skagf. hélt því fram, að einmitt vegna þess, hversu tímarnir væru erfiðir, þá væri ekkert vit í að samþykkja slíka löggjöf. En ég er alveg á gagnstæðri skoðun. Ég tel, að einmitt vegna þess, hversu tímarnir eru erfiðir, sé nauðsynlegt að fá þessa löggjöf samþ., og miklu meiri nauðsyn nú heldur en á meðan tímarnir voru betri. Það segir sig sjálft, að einmitt á erfiðleikatímum, þegar atvinnuleysið steðjar að og hagur alþýðunnar er bágborinn, er erfiðast fyrir hana að mæta sjúkdómum, atvinnuleysi, slysum og öðru slíku. Því verra sem ástandið er, því meiri nauðsyn á slíkri löggjöf sem þessari.

Ég vil ekki segja, að það sé tilbúningur einn, að nokkur gjöld séu lögð á með þessu frv., en það er ákaflega mikið ýkt, vegna þess, að við erum þó ekki svo langt komnir niður, að ekki sé líknað sjúkum manni eða haldið lífinu í gömlum manni, eða reynt á einhvern hátt að bæta þeim, sem verða fyrir atvinnuleysinu. Allt kostar þetta fé. Og það er meiningin, að sjúkraútgjöldin verði minni, þegar tryggingarnar eru komnar á. Það, sem gert er með þessu, er það, að settar eru ákveðnar reglur um, hvernig þeim óhjákvæmilega kostnaði, sem leiðir af umönnun og hjálp sjúkra og gamalla og þeirra, sem verða fyrir atvinnuleysi eða slysum, skuli hagað. Það á að færa byrðarnar til, létta af þeim, sem verst eru úti, á kostnað hinna, sem betur mega, og jafnframt tryggja öllum að fá lágmark nauðsynlegrar hjálpar í þeim tilfellum, sem frv. ræðir um. Og ég verð að líta svo á, að einmitt vegna þess, hversu tímarnir eru erfiðir, sé ennþá brýnni ástæða til að fá þessa löggjöf samþ. nú. Það er líka í fullu samræmi við það, sem þingið hefir gert að undanförnu viðvíkjandi öðrum stéttum þjóðfélagsins. Hv. 1. þm. Skagf. minntist réttilega á það, að gripið hefði verið til stórvægilegra og mjög fjárfrekra ráðstafana til þess að hjálpa landbúnaðinum með kreppulöggjöfinni og því, sem henni fylgdi. Það hefir líka talsvert verið gert til þess með l. um skuldaskilasjóð og öðru svipuðu að létta af þeim hluta sjávarútvegsins, sem flestir menn eiga atvinnu sína undir. Á sama hátt liggur fyrir þessu þingi að hjálpa sveitar- og bæjarfélögum til þess að koma sínum fjárhag á sæmilegan grundvöll. Allt þetta hefir verið gert að undangenginni nokkurri rannsókn. Sérstakri mþn. var falið að

rannsaka hag landbúnaðarins, og niðurstaðan varð kreppulöggjöfin. Önnur mþn. rannsakaði hag sjávarútvegsins, og niðurstaðan varð sú löggjöf, sem þar um fjallar. Ennfremur hefir mþn. verið sett til þess að athuga kjör þess fólks, sem almennt er kallað verkafólk. Niðurstaða þeirrar rannsóknar sýndi, að þar væri engu síður þörf aðgerða heldur en hjá þeim stéttum, sem stunduðu atvinnurekstur, landbúnað eða sjávarútveg, en það þótti sýnt, að þar kæmu hliðstæðar aðgerðir ekki að notum. Að stofna til skuldaskilasjóðs væri þýðingarlaust, því eignir og skuldir væru í þessum tilfellum svo litlar. En sú hjálp, sem þess vegna þyrfti að veita þessari stétt manna og kæmi henni að beztu haldi, var að áliti þessarar n. að fá lögfestar alþýðutryggingar.

Þá vék hv. 1. þm. Skagf. að því, að ýmsum atriðum í smíði frv. væri mjög ábótavant og sumt byggt á misskilningi. Sumt af þessu kann að hafa eitthvað til síns máls, en um það atriði skal ég vísa til þess, sem ég sagði hér áðan, að slík löggjöf sem þessi verður aldrei samin svo, að ekki verði óhjákvæmilegt að gera á henni breyt. innan skamms. Það er ekki hægt að sjá svo allt fyrir. Hv. þm. sagði, að þessi löggjöf væri með þeim einkennilega hætti, að í frv. stæði það, sem venjulega er sett í reglugerð, en það, sem venjulega stæði í frv., ætti að standa í reglugerð. Ég hygg, að þessi ummæli hv. þm. byggist á fullkomnum misskilningi, þannig, að hann gangi út frá því, að í raun og veru sé hér um að ræða, að tryggingastofnun ríkisins annist um þessi mál samkv. frv. En það er fjarri réttu. Það er gert ráð fyrir því, að meginframkvæmdirnar í þessu efni, einkum hvað snertir sjúkratryggingar og atvinnuleysistryggingar, liggi hjá þeim félögum, sem mynduð verða á hverjum stað, sumpart með frjálsum samþykktum og sumpart með lagaboði. Meginframkvæmdirnar eiga að liggja hjá þessum félögum, sem eiga að hafa frjálsræði til þess að gera hjá sér samþykktir innan þeirra takmarka, sem ákveðið er í þessum l. Þess vegna er það eðlilegt, að ákvæði eins og um iðgjöld og annað slíkt eigi ekki að koma inn í þessi l. Þar tekur til frjálsræði sjúkrasamlaganna sjálfra. En það verður aðeins að vera tryggt, að lágmarksfriðindin séu þau, sem frv. ákveður, og að styrkur sá, sem ríkissjóður veitir, fari ekki upp fyrir það, sem hámarkið er sett í frv. Innan þessara tveggja takmarka eiga sjúkrasamlögin og atvinnuleysissjóðirnir að hafa rétt til að ákveða, hvernig hjálpinni skuli varið, hvað iðgjöldin skuli vera há og annað slíkt. Það er því alger misskilningur hjá hv. þm., að þetta sé nokkur missmíð á lagasetningunni; það stafar einungis af því, að gert er ráð fyrir, að meginframkvæmdirnar og ákvörðunarrétturinn liggi hjá félögunum sjálfum.

Ég held, að þetta nægi nú frá minni hálfu um það almennt, sem hv. andmælendur fundu frv. og framgangi þess til foráttu. — En það eru nokkur atriði, sem hv. 1. þm. Skagf. nefndi, sem ég get ekki alveg gengið framhjá. Hann taldi það ágalla á frv., að ekki skyldu vera ákveðin laun starfsmannanna. Það var með ráðnum hug gert, því það er ekki fullséð, hvernig störfum verður háttað þarna, hvort þörf sé á að taka alla deildarstjórana eða hvort hægt sé að sameina þá. Reynslan verður nokkuð að sýna í þessu efni, hversu mikið starfslið þarna þarf að hafa. Það má náttúrlega segja, að ákveða mætti laun forstjórans, en þó sé ég ekki neitt aðkallandi í því efni. Það fer eftir því, hvernig ræðst til um mannval og annað slíkt, en í þessu tilfelli er nauðsynlegt að fá mann, sem hefir alveg sérstaka „kvalifikation“ til að bera, og það væri slæmt, ef þau launakjör, sem sett væru í frv., yrðu því til fyrirstöðu, að hægt væri að fá þann mann, sem sérstaklega þætti leggjandi upp úr að fá, a. m. k. í byrjun, meðan verið væri að koma þessu í fast form.

Um endurskoðunina sagði hv. 1. þm. Skagf. það réttilega, að það væri sitt hvað að endurskoða ríkisstofnanir og reikninga ríkissjóðs. En það þarf ekki að rekast á ákvæði frv., því þar er gert ráð fyrir því, að reikningar hinna einstöku deilda verði endurskoðaðir á sama hátt og ríkisstofnanirnar, en framlög ríkissjóðs til trygginga og annað slíkt eigi að leggjast í heildarreikning, sem á að endurskoða ásamt landsreikningunum.

Þá taldi hv. þm. það galla á frv., að ekki skuli allir, sem iðgjöld gjalda til trygginga njóta styrks. Ég tel þvert á móti, að þetta sé kostur. Ég tel ekki ástæðu til, að menn, sem hafa yfir 4500 kr. skattskyldar tekjur, séu sérstaklega styrktir. Hv. þm. mun svara, að þeir eigi þá ekki heldur að greiða iðgjöld til trygginganna, en því er ég ekki sammála. Þó að einhver hafi 4500 kr. tekjur í ár, er ekki víst, að hann hafi þær að ári. Enginn veit, hvaða tekjur hann kann að hafa í framtíðinni, og ég get ekki hugsað mér, að nokkur maður tryggi sig aðeins fyrir eitt ár. Iðgjöldin dreifast á mörg ár. Eitt ár fara menn ef til vill yfir hámarkið, annað árið eru þeir undir því. Með þessu er hægt að létta nokkuð undir með þeim, sem eru neðan við hámarkið. Þeir, sem eru betur megandi, hjálpa þannig þeim, sem verr eru settir, og sá, sem ekki er í mikilli áhættu nú, tryggir sig fyrir áhættu, sem síðar kann að koma. Sumir munu ef til vill segja, að ástæðulaust sé fyrir þá, sem hafa háar tekjur, að vera að tryggja sig, enda er ákveðið, að menn fái ekki ellistyrk, ef þeir hafa tekjur yfir hámarki. Getur þá vel verið, að sumir greiði í mörg ár ellistyrksiðgjöld án þess að njóta neinna friðinda. Mér er kunnugt um, að í sumum löndum hefir þessu verið breytt í það horf, að allir ættu kost á friðindunum. En síðan hefir víðast hvar verið horfið frá þessu. Tel ég þetta kost, en ekki galla á frv.

Þá taldi hv. þm. vanta í frv. ákvæði um það, hvernig innheimta beri tillög til sjúkrasamlaganna. Ég býst við, að hér í Reykjavík og í öðrum kaupstöðum yrði þessu hagað svo, að höfð yrðu mánaðarleg iðgjöld. En í sveitum held ég, að það væri ekki heppilegt fyrirkomulag. Held ég því, að réttast væri að ákveða þetta með samþykkt í hvert sinn, en ekki með l. í eitt skipti fyrir öll.

Þá andmælti hv. þm. ákvæðinu um jöfnunarsjóð og taldi það harðneskjulegt gagnvart vinnukaupendum. Satt er það, að ekki er gott að

þurfa að leggja nýja skatta á einstaklinga eða fyrirtæki. En ef þessi l. eiga að verða að gagni, er nauðsyn á sameiginlegum varasjóði. Ef óvenjuleg veikindi steðja að á einhverjum stað, er gott að hafa slíkan varasjóð.

Hv. þm. spurði, hver ætlunin væri um elli- og örorkutryggingar, hvort öll gamalmenni kæmu undir þær nú þegar, eða smám saman. Ég lít svo á, að þær hljóti að eiga við þá eina, sem ná aldrinum hér eftir.

Hv. þm. spurði ennfremur að því, hvort skrá sú, sem sveitar- og bæjarstjórnir eiga að semja fyrir 1. febr. ár hvert, skuli samin fyrir þann tíma 1936, þar sem l. ganga ekki í gildi fyrr en 1. apríl. Þar er því til að svara, að ég álít, að örðugleikar verði á því að fá hana samda að þessu sinni.

Enn spurði hv. þm., hve miklu elli- og örorkutryggingarnar muni nema að lokum. Þessu get ég ekki svarað með vissu. Eftir útreikningi, sem miðaður er við skatttekjur 1933, þá nemur fullur elli- og örorkulífeyrir í Reykjavík 750 kr. fyrir einhleypa og 1125 kr. fyrir hjón. Í öðrum kaupstöðum greiðist til hjóna 750 kr. og 500 kr. til einhleypinga, en í sveitum 450 kr. til hjóna og 300 kr. til einhleypinga, að ég ætla. Annarst sést þetta allt í upphaflega frv. Tölur þessar byggjast á þeim grundvelli, að hlutfallið milli sveita og kaupstaða haldist óbreytt frá því sem nú er. Í Nd. kom það fram, að ekki sé heppilegt að miða við þennan grundvöll, þar sem hann geti breytzt á þeim 50 árum, sem eftir eru, þar til fullar tryggingar eru gengnar í gildi. Því var ákveðið að bíða í 10—12 ár, þar til hinir tryggðu hafa öðlazt rétt til 12½% af fullum lífeyri, og hefja ekki almennar lífeyrisgreiðslur fyrr en að þeim tíma liðnum.

Þá taldi hv. 1. þm. Skagf. í alla staði fordæmanlegt ákvæðið um lífeyri í 62. gr. og notaði um það mörg stór orð. Ég tel ástæðu til að taka það til athugunar, hvort ekki sé hægt að breyta þessum ákvæðum á næsta þingi og setja ný ákvæði til framhalds þeim, sem gilt hafa um embættismenn.

Þá drap hv. þm. á 79. gr. og kvaðst ekki sjá, eftir henni, annað en að ellilaun ættu að vera kr. 52.50 á mann. Þetta er misskilningur. Eftir upplýsingum, sem aflað hefir verið, mun tala gamalmenna á landinu nema ca. 7500. Nú á sjóðurinn að leggja fram á ári kr. 52.50 fyrir hvert gamalmenni, og nemur það sennilega um 350 þús. kr., sem lífeyrissjóður leggur þannig fram. Skilyrði fyrir þessu framlagi er það, að jafnmikið sé lagt fram af sveitar- og bæjarfélögum. Verða þá til styrktar ca. 750 þús. kr. á ári. Nú hefir nokkuð verið rannsakaður efnahagur gamals fólks hér á landi, þó að sú rannsókn sé enn ófullnægjandi, en hún hefir leitt til þess, að n. gizkaði á, að einungis um 3500—4000 manns kæmu undir ákvæði þessarar gr., eða um helmingur allra gamalmenna. Ef nú 750 þús. kr. er úthlutað, en aðeins 3500 manns, sem þessi laun taka, þá koma rúmar 200 kr. á hvern að meðaltali. En það svarar til 50% af fullum lífeyri. Hvort þetta næst, fer eftir því, hvernig efnahag þessa fólks verður háttað, og svo hinu, hve mikið bæirnir leggja fram á móti.

Þá var hv. 1. þm. Skagf. á móti efni 84. gr. Í því efni er ég á andstæðri skoðun. Það er vitað, að mestur hluti af skipulagsskrám þeirra sjóða, sem nú eru til, er úreltur, af því að þær eru miðaðar við ástand, sem ekki er sambærilegt við það, sem nú er. Það segir sig t. d. sjálft, að það er þýðingarlítið að hafa í einstökum héruðum sjúkrasjóði, sem eru að pína út 50—100 kr., eftir að hinar almennu sjúkratryggingar eru komnar á og alþýðutryggingarnar taka við því hlutverki meðal annars, sem sjúkrasjóðum er nú ætlað. Hitt er rétt, að það er óeðlilegt að láta menn borga til sjúkra- og ellitryggínga án þess að þeir hljóti sjálfir neinn styrk. — Hve miklu sú upphæð nemur, sem í gr. er nefnd, þori ég ekki að segja.

Ég held svo, að ekki hafi verið fleira, sem ég þarf að svara, og læt ég því þetta nægja.

Frsm. minni hl. (Magnús Guðmundsson): Það var ýmislegt, sem hæstv. ráðh. svaraði ekki af því, er ég spurði um, t. d. aths. minni við 49. gr. frv. Ég get vorkennt hæstv. ráðh., þó að hann sé ófús að viðurkenna gallana. Hann sagði, að frv. væri nýmæli og viðurkenndi, að það yrði að endurskoða. En ég hygg, að hægt hefði verið að fyrirbyggja ýmsa þessa galla, með því að leggja meiri rækt við samningu frv. Það er náttúrlega alltaf hægt að segja, að endurbæta megi samþykkt l. á næsta þingi. En ég sé hinsvegar ekkert vit í því að samþ. frv., sem viðurkenndir gallar eru á. Um þetta tjáir þó ekki að fást, því að það liggur hvorki meira né minna við en líf stj., að frv. þetta nái fram að ganga á yfirstandandi þingi.

Hæstv. ráðh. fullyrti, að þeir tímar, sem nú stæðu yfir, væru allra tíma bezt fallnir til að setja svona löggjöf, sem hefir í för með sér milljónaútgjöld. Ég þykist þess nú fullviss, að eftir fá ár er þessi löggjöf orðin einn af tilfinnanlegustu útgjaldaliðum ríkisins. Hefir sumstaðar verið gengið svo langt í þessum efnum, að taka hefir orðið í taumana. Þegar Snowden var fjmrh. í Englandi, sagði hann: Annaðhvort verður að takmarka tryggingarnar, eða ríkið fer á hausinn. Og hann tók það ráð að draga úr tryggingunum. Ég veit, að hér sækir í sama horfið, þegar fram líða stundir, þessi útgjöld vaxa, þangað til tekið verður í taumana. (**SÁÓ:** Hvað gerir stj. í Englandi nú?). Hún greiðir til þessara hluta minna en áður. (**SÁÓ:** Þeir lofa þó nú hækkuðum alþýðutryggingum). Þeir lofa a. m. k. ekki hærri tryggingum en áttu sér stað, þegar Snowden og Mac Donald fóru úr jafnaðarmannaflokknum vegna tryggingarmálanna ensku.

Ég hefi alltaf heyrt, að þegar lítið er um fé, þá eigi að reyna að eyða minnu en þegar nóg er af því. En hæstv. ráðh. kennir, að þegar lítið er um fé, þá eigi einmitt að nota mikið fé. Ég skil ekki þessa kenningu og get a. m. k. ekki álitið hana rétta.

Hæstv. ráðh. segir, að það sé mjög ýkt, hvað frv. muni kosta. Þar stendur orð á móti orði. Sjálf stj. er ósammála um þetta. Hæstv. fjmrh. vill fá 300 þús. kr. vegna aukinna útgjalda af þessum ástæðum, en hæstv. atvmrh. álítur það

of hátt áætlað. Ég held, að það sé rétt hjá hæstv. atvmrh., að útgjöldin á næsta ári verði ekki eins há og hæstv. fjmrh. álítur, þar sem l. koma ekki til framkvæmda fyrr en 1. apríl. Ríkið greiðir því ekkert til þessara hluta fyrr en 1. júlí, en 2. greiðsla fer fram 1. okt. og 3. greiðsla svo aftur 1. jan. 1937. Þá greiðslu ber því ekki að færa á árið 1936. En þó eru fleiri atriði en þetta, sem til greina koma. Allar þessar tryggingagreinar taka mikinn tíma, áður en þær eru að fullu komnar á stofn, svo að útgjöld af þessu verða á næsta ári að vísu ekki eins mikil og hæstv. fjmrh. gerir ráð fyrir. En í framtíðinni nægir ekki þessi 300 þús. kr. upphæð; það er ég viss um. Hún tvöfaldast og þrefaldast eða jafnvel margfaldast. Þegar berklavarnal. voru sett, staðhæfðu t. d. flm. frv., að þau gætu ekki valdið meiru en 100 þús. kr. útgjöldum. En nú, nokkrum árum síðar, eru þau útgjöld komin yfir eina millj. kr., sem er meira en tíföld sú upphæð, sem þeir gerðu ráð fyrir.

Það er rétt, sem hæstv. ráðh. sagði, að það er grundvöllur þessa frv., að þeir eigi að borga, sem geta. Auðvitað borgar enginn, nema hann geti. En það er þó alltaf varlegra að sýna þeim, sem undir byrðunum standa, nokkra miskunnsemi, svo að þeir örmagnist ekki, eins og hestar lestamannsins, sem bætti alltaf meiru og meiru á klyfjarnar. Og hvað verður þegar enginn stendur lengur upp úr og enginn getur greitt neitt? Að því hlýtur að draga að lokum.

Ég hjó eftir í fyrirlestri, sem ég hlustaði á hjá sænskum hagfræðingi, sem dvalið hefir hér til þess að leiðbeina stj. í fjármálum, að hann taldi það okkar mesta mein, hvað við hefðum lítið kapital. En hér á þingi er það skoðað sem versti djöfull og þjóðinni til niðurdreps, ef einhver reynir að leggja eitthvað til hliðar sér til tryggingar í ellinni. Þegar menn eru orðnir 67 ára, fá þeir ekki frá ellitryggingunni fullar bætur, eigi þeir einhverjar eignir. Er þá dregið frá það, sem þeir hafa upp úr þeim. Þeir eiga því ekki að fá nokkra viðurkenningu fyrir að spara til elliáranna, heldur þvert á móti refsingu. Og svo er verið að kalla þetta tryggingu, þar sem tekið er af mönnum svo eða svo hátt gjald, en engin fríðindi veitt á móti, nema undir vissum kringumstæðum. Þetta er skattur og ekkert annað, og væri réttara að kalla það sínu rétta nafni en vera að uppnefna það og kalla það tryggingu, vegna þess að það þykir fallegra nafn. (Atvmrh.: Það veit enginn, hvernig efnahagur hans verður þegar hann er 67 ára). Veit enginn! Þeir vita það þó nokkuð, sem hafa tryggt sig hjá öruggum stofnunum, eða embættismenn, sem sitja í föstum stöðum til æfiloka — en þessir menn eiga samt að borga. Mun hér um einstaka aðferð að ræða, sem að sumu leyti er byggð á misskilningi hjá hæstv. ráðh., en er e. t. v. að nokkru leyti rétt. Gallar frv. hafa verið viðurkenndir með þeirri játningu, að ýms atriði frv. þurfi endurskoðunar við svo fljótt sem unnt er. Ég mun því að mestu ganga framhjá einstökum atriðum frv., en víkja með nokkrum orðum að málinu almennt.

Ég sný ekki aftur með það, að ákvæðið um endurskoðun reikninganna er villandi, þó ég efist ekki um, að hæstv. ráðh. ætlist til, að hún sé framkvæmd eins og hann segir. En annars er það algengt, að reikningar, sem eiga að vera endurskoðaðir af yfirskoðunarmönnum landsreikninganna, eru sumir aldrei til þeirra sendir og því aldrei endurskoðaðir.

Mér þykir leitt, að hæstv. ráðh. skilur frv. svo, að þeir, sem nú eru öryrkjar, eigi ekkert að fá. Þeir eiga þá ekki að hafa neitt gagn af þessu frv., og hækkar það ekki álit mitt á frv. Ég vildi því spyrja hæstv. ráðh., hvort hann líti ekki svo á, að l. um ellistyrktarsjóðina falli úr gildi 1. apríl 1936. Ef svo er, verður margt af fólki, sem nú er 60 ára og notið hefir styrks úr sjóðunum, svipt öllum styrk eftir frv. og fær ekkert fyrr en það er orðið 67 ára. Hvernig verður þá um það fólk, sem nú er á árunum frá 60—67 ára, ef tekinn er af því rétturinn til þess að njóta styrks úr ellistyrktarsjóðnum? En mér þykir óeðlilegt og ekki líklegt, að til þessa sé ætlazt, þó í frv. hafi þetta orðið uppi á teningnum. En væri svo, kæmi mér ekki á óvart, þó frv. yrði tekið til lagfæringar strax á næsta þingi.

Að vísu lætur frv. skína í, að ellistyrktarsjóðirnir eigi að starfa áfram. En eftir hvaða reglum eiga þeir að starfa, þegar búið er að nema l. úr gildi? (Atvmrh.: 76. og 77. gr. kveða á um það). 76. gr. kveður aðeins á um, hvaðan það fé komi, sem árlega skuli varið til örorkubóta og ellilauna, og 77. gr., að ríkissjóður skuli leggja fram í þessu skyni 150 þús. kr. á ári í 50 ár. En hvar er heimild til þess að greiða af þessu fé fólki á aldrinum 60—67 ára? Úr því leysa þessar gr. ekki. Ég skil ekki, að athuguðu máli, annað en það sé útilokað, að fólk á þessum aldri fái nokkurn styrk samkv. frv. Vil ég skoða þetta sem óvandvirkni við samningu frv., en ekki ásetningssynd. Það kemur illa heim hjá hæstv. ráðh., sem í vondu árunum vill hjálpa vel og myndarlega, og meira að segja safna í sjóði, ef jafnframt á að kippa hjálpinni af gamla fólkinu og setja það hjá, sem notið hefir styrks á undanförnum árum. Það er með öllu óskiljanlegt.

Þá sagði hæstv. ráðh., að ég hefði verið harðorður um 62. gr. Þetta getur verið. En ég sagði ekki nema það, sem réttmætt var, enda er það viðurkennt af hæstv. ráðh., sem hefir lofað að breyta þessu ákvæði á næsta þingi. Það er sagt, að lífeyrissjóðir embættismanna og barnakennara eigi ekki að lifa lengur en þangað til hlutverki þeirra er lokið. Þetta er vitanlega alveg rétt. En hvenær er ætlunarverki þeirra lokið? Ekki þó þeir séu allir dauðir, sem nú greiða í sjóðina. Nei, það er ekki fyrr en enginn kennari eða embættismaður er lengur til hér á þessu landi.

Þessir sjóðir eru stórkostleg trygging fyrir ríkissjóð, sem alltaf verður fyrir miklum kröfum um ellistyrk frá þeim, sem hann hefir haft í sinni þjónustu, embættismönnum og barnakennurum.

Hæstv. ráðh. sagði, að ég hefði auðvitað misskilið 79. gr. En ég hvorki skildi hana né misskildi, því ég skildi hana alls ekki, vegna þess að þar vantaði allan grundvöll til þess að byggja á við að finna þá upphæð, sem ætti að úthluta.

Enda hefir nú verið upplýst, að þetta muni eiga að ákveðast í lögum síðar. En ég hjó eftir, að tryggingin muni eiga að byrja að starfa eftir 10 ár.

Um 83. gr. vil ég halda fast við það, sem ég hefi áður sagt, og endurtaka, að það er ekki sæmilegt að breyta með l. erfðaskrám manna. Það hefir allt af verið talið óheimilt nema annað væri ómögulegt, en sjálfsagt að fara eftir erfða- eða skipulagsskrá. Það er enginn kominn til að segja, hvort féð hefði verið gefið, ef gefandi hefði vitað, að það mundi renna í opinberan sjóð. Það er lítil hvöt fyrir menn að gefa í sérstöku augnamiði, ef þeir geta búizt við, að löggjafarvaldið breyti skipulagsskrá fyrir gjöfinni á næstu árum. Það þarf enginn að ætla, að það fé, sem í sjóðunum liggur, komi engum að gagni. Það starfar með fullum krafti í atvinnuvegum þjóðarinnar, jafnvel þó sjóðirnir sjálfir sýnist starfa lítið.

Frsm. meiri hl. (Sigurjón Á. Ólafsson) [óyfirl]: Herra forseti! Ég sé nú, að hvorugur þeirra manna, sem ég þurfti að svara, er hér mættur. Tel ég samt rétt, þar sem ég veit, að umræðupartur þingtíðindanna verður prentaður, að láta fram koma nokkrar aths. Ætla ég þá að svara hv. 10. landsk. nokkrum orðum. Sá hv. þm. byrjaði með því að segja, að bezta vörnin gegn atvinnuleysinu væri sú, að styðja sjálfa atvinnuvegina. Vitanlega verður ekki um það deilt, að atvinnuvegirnir eru undirstaða undir öllu lífi fjöldans. Ég hefi ekki dregið úr því, að þeim væri veittur stuðningur á þann hátt sem hægt er. En aðstaðan er nú hér sú, að hve vel sem reynt er að styðja þá, þá verður ekki hér fremur en í öðrum löndum hægt með öllu að útrýma atvinnuleysinu. Sá atvinnuvegur, sem er og hefir verið undirstaðan undir mörgum hinna, sjávarútvegurinn, hefir nú ekki möguleika til að auka sig, og getur því ekki tekið á móti fleira fólki en nú vinnur við hann. En þrátt fyrir það, þó að þessi atvinnuvegur hafi haldið öllu gangandi, þá hefir gætt hér, a. m. k. í Reykjavík, atvinnuleysis í stórum stíl. Möguleikarnir til þess að auka þennan atvinnuveg eru nú ekki ýkjamiklir, þar sem við vitum, að miklir erfiðleikar eru nú á því að selja okkur sjávarafurðir. Svo að það er sýnilegt, að á meðan svo stendur, þá verður eitthvað að gera fyrir það fólk, sem ekki getur komizt að þessum atvinnuvegi, og á meðan vinna við hann er mjög stopul.

Ég mótmæli því, sem hv. 10. landsk. leyfði sér að halda fram, að gerðir þessa þings hefðu ekki miðað til þess að styðja atvinnuvegina. Á það var bent af hæstv. atvmrh., hvað hér hefir verið lagt í sölurnar í þeim efnum, og þarf ég þar litlu við að bæta. Hygg ég, að atvinnuvegunum hafi á þessu þingi verið sýnd fyllsta sanngirni, eftir getu ríkisins.

Annars var þessi ræða hv. 10. landsk. að mestu um atvinnuleysistryggingarnar. Hann minntist á berklavarnalögin, sem við höfum nú átt við að búa um langt skeið, og sagði, að sú leið hefði verið farin um berklavarnir, að menn hafi verið styrktir í sjúkdómum þeirra. Sagði hv. þm., að hér ætti að sínu leyti að fara eins að með atvinnuleysistryggingunum, og að eins mundi fara í því efni og farið hefir viðvíkjandi berklavarnakostnaðinum, að á þennan styrk mundi hlaðast mikill þungi með þeim fjölda manna, sem kæmi til með að nota hann. Sagði hv. þm., að betra hefði verið að fyrirbyggja berklahættuna heldur en að taka við öllum barklasjúklingunum á hæli. Í sambandi við þessi orð hv. þm. vil ég benda á, hvaða flokkur það er, sem á undanförnum árum hefir í raun og veru barizt fyrir því, sem gæti verið til þess að draga úr berklahættunni, sem eru holl húsakynni og nokkurn veginn sæmilegt líf fyrir alla landsbúa.

Ég hygg, að hann fari þar fremur eftir sögusögnum manna heldur en hann hafi haft nokkuð fyrir sér í því, að slíku misrétti hafi verið beitt af verkalýðsfélögunum.

Ég sé ekki ástæðu til þess að segja margt við hv. 1. þm. Skagf. Flestar aths. hans voru út af byggingu frv., vegna ýmissa galla, er hann taldi sig finna þar af lögfræðingsreynslu sinni. Hæstv. atvmrh. hefir svarað honum, og hefi ég þar engu við að bæta. En heldur fannst mér anda kalt frá honum til frv., enda er slík andstaða engin nýjung í þeim flokki, er hann fylgir.

Hv. þm. varð einna tíðræddast um sjúkratryggingarnar. Eins og ég sýndi fram á í fyrri ræðu minni, byggjast þær á því, að hinir heilbrigðu greiði fyrir þá, sem fyrir því böli verða að verða veikir, alveg eins og það er viðurkennd regla í fjármálum siðaðra þjóðfélaga, að þeir, sem betur eru staðir, greiði fyrir þá, sem eru fátækir. — Hv. þm. sagði, að kostnaðurinn við tryggingarnar ætti að greiðast af framleiðslunni. En hvað kostnaðarhlið tryggginganna snertir, þá er þar aðeins um tilfærslu að ræða frá núv. fyrirkomulagi, tilfærslu, sem með tímanum verður áreiðanlega til stórsparnaðar. Útgjöld sveitar- og bæjarfélaga vegna sjúkra manna minnka stórum eða hverfa jafnvel að mestu, og því verður hægt að lækka útsvarsbyrðarnar að mun, bæði á framleiðendum og öðrum, og mun þess sízt vanþörf, því að það er víðar en hér í Reykjavík, sem menn stynja undir fátækraframfærslunni.

Þá vil ég víkja nokkuð að hv. 10. landsk. Hann talaði einkum gegn atvinnuleysistryggingunum á þeim grundvelli, að líkja þeim við berklavarnastyrkinn, sem hefði farið sívaxandi ár frá ári, án þess að stemma á að ósi og koma í veg fyrir útbreiðslu veikinnar. Hann hefði að vísu orðið til þess, að aðbúð hinna sjúku hefði batnað, en sú hlið málsins hefði verið vanrækt, að búa svo að hinum heilbrigðu, að þeir þyrftu ekki sjúkrastyrks með.

Allir, bæði lærðir og leikir, viðurkenna, að langsterkasta vopnið í baráttunni gegn berklaveikinni er bætt húsakynni. Og öllum hv. þm. er kunnugt, hvaða barátta hefir verið háð fyrir batnandi húsakynnum til sjávar og sveita hér á þingi og hvernig flokkarnir hafa skipzt í þeirri baráttu. Það eru jafnaðarmenn, sem í þessu efni sem öðrum hafa fyrst og fremst barizt fyrir því, að skapa fólki heilbrigt líf. Og þótt ekki hafi tekizt betur en raun hefir orðið á um útrýmingu veikinnar, m. a. vegna andstöðu íhaldsins gegn bættum húsakynnum fátæka fólksins og öðrum

hollustu- og menningarmálum, þá er auðvitað jafnmikil nauðsyn til að sjá hinum sjúku fyrir sjúkravist og allri umönnun. Annað gengi glæpi næst.

Og sama er að segja um þá, sem orðið hafa fyrir því böli að verða atvinnulausir. Hv. 10. landsk. játaði, að atvinnuleysið væri orðið sjúkdómur. Þetta er því miður rétt. Allar þjóðir heimsins eru nú að reyna að lækna þennan sjúkdóm. Harðasta baráttan í heimi stendur um það, að skapa þjóðfélag, þar sem atvinnuleysi sé ekki lengur til. Þetta er einmitt aðalatriðið og undirstaðan í kenningum jafnaðarmanna, og að þessu þykjast allir aðrir flokkar vilja vinna. — En á að láta „sjúklingana“, hina atvinnulausu, deyja drottni sínum á meðan á lækningatilraunum stendur?

Ég mun nú drepa á aths. hv. 10. landsk. við ýmsar einstakar greinar. — Fyrsta aths. hans var við 65. gr. Hann taldi ekki rétt, að ríkissjóðsstyrkurinn væri bundinn við einn sjóð á hverjum stað. Hann gaf í skyn, að notuð myndi óbilgirni gegn mönnum annarar skoðunar en þeirrar, sem ráðandi væri í verkalýðsfélagi því, sem færi með stjórn sjóðsins. Ég þekki þess engin dæmi úr öðrum löndum, að öðrum en verkalýðsfélögunum hafi verið falin slík úthlutun. Og til þess að forðast of marga sjóði og þann glundroða, sem af slíku kynni að leiða, er jafnan einu verkalýðsfélagi á hverjum stað falin úthlutunin. Annars gætu myndazt ótal smásjóðir með mismunandi háum tillögum o. s. frv. Aldrei hefi ég heyrt þess getið, hvorki erlendis né hérlendis, að verkalýðsfélögin hafi beitt pólitiskri hlutdrægni við úthlutun úr sjóðum, né þekki þess nein dæmi hér, að nokkur maður hafi verið sviptur réttindum í verkalýðsfélögunum, þótt ekki hefði hann þá ríkjandi skoðun. Ég hefi sjálfur verið í stjórn sjóðs, sem er eign verkalýðsfélaganna innan Alþýðusambandsins og úthlutað hefir um 15 þús. kr. árl., og hefi aldrei vitað til, að þar hafi verið hlutdrægni beitt, né að aðrir, t. d. endurskoðendur, hafi haft yfir slíku að kvarta. Verkalýðsfélögin geta átt menn af ýmsum flokkum í stjórnum sínum, enda vita allir, að þau eru opin fyrir fleirum en jafnaðarmönnum. Hætta á hlutdrægni er því engin, og það er ósæmileg aðdróttun til verkalýðsfélaganna, að þau muni níðast á atvinnulausum mönnum vegna pólitískra skoðana. Margir sjóðir valda aðeins glundroða og auka kostnað.

Þá vildi hv. 10. landsk. víta það ákvæði laganna, að hjón, sem ættu 10 þús. kr. eign, og einhleypur maður, sem ætti 5 þús. kr. eign, gætu fengið atvinnuleysisstyrk. Oftast nær er þessi eign í húsi, sem svo þungar byrðar hvíla á, að eigandanum veitist erfitt að standa undir þeim. Oft getur hér átt í hlut maður með barnahóp, sem er að basla við að hafa þak yfir höfuðið, og sýnist engin sanngirni í því að neita slíkum mönnum um styrk. Í löggjöf Dana gilda alveg sömu ákvæði.

Hv. þm. var að tala um ósamræmi á milli 69. og 71. gr. Í 69. gr. er gert ráð fyrir, að styrkurinn nemi ekki meiru en ⅔ af því, sem greitt er í starfsgreininni á sama tíma. En í 71. gr. segir, að fara skuli eftir taxta, sem viðurkenndur er af verkalýðsfélagi. Það er auðvitað kaupgjald eftir þeim taxta, sem átt er við í 69. gr. Ef ekki er unnið eftir taxta, verður verkfall, og í verkfalli fær enginn styrk. Atvinnuleysisstyrkurinn má ekki nema meiru en ⅔ af viðurkenndum taxta á hverjum stað. Þetta er svo ljóst sem verða má. Maður, sem kemur frá Ísafirði til Rvíkur, getur ekki fengið styrk þar, af því að hann er í atvinnuleysissjóði á Ísafirði. Hv. 10. landsk. harmaði það, að ekki væri hægt að neyða fjölskyldumenn til að fara upp í sveit, ef þeir gætu fengið þar lífsframfæri, eins og hægt væri að neita einhleypingum um styrk, ef þeir gætu fengið slíka atvinnu í sveit, samkv. ákvæði, sem sett var inn í lögin í Nd. Ég tel það ákvæði næsta óviðkunnanlegt, og veit, að það á eftir að vekja mikla andúð.

Hv. þm. kveið fyrir því, að tillag ríkissjóðs gæti með tímanum farið langt fram úr 75 þús. kr. Hvað sem því líður, er þó víst, eins og hv. 1. þm. Skagf. sagði, að árið 1936 nær framlagið ekki nærri því þessari upphæð. Nú eru til aðeins tveir atvinnuleysissjóðir, en það hlýtur jafnan að taka nokkurn tíma að koma slíkum sjóðum á fót. Auk þess eru félögin frjáls að því, hvort þau stofna slíka sjóði eða ekki. — Hv. þm. sagði, að þessar 75 þús. kr. væru miðaðar við verkamenn og sjómenn eina. Ég skil lögin svo, að þær séu miðaðar við alla, sem kunna að mynda atvinnuleysissjóði.

Þá sagði hv. 10. landsk., að ákvæði 74. gr. hefðu átt að eiga við allir tryggingarnar. Ég held, að þessi ákvæði séu í hinum dönsku tryggingalögum, sem þó þykja góð, ekki látin ná nema til atvinnuleysissjóðanna, eins og hér. Ákvæðið er til þess að leggja viti við því, að menn leyni vinnu, er þeir hafa, og taki fé úr sjóðnum. Sá, sem slíkt gerir, á að greiða sekt og missa réttindi um skeið. En fyrir hvað á að sekta í sjúkratryggingunum? Þar gilda læknisvottorð, og ekki er hægt að sekta fyrir þau.

Hann talaði loks um slysatryggingarnar og taldi, að þar þyrfti að bæta inn í nýjum ákvæðum t. d. um fuglaveiði í björgum, þótt ekki væri sigið. Ég held, að með orðinu „bjargsig“ sé átt við bjargferðir yfirleitt, þótt menn t. d. fari í bjarg af sjó, eins og ég man, að tíðkaðist fyrir vestan. Ég veit, að Slysatryggingin túlkar þetta með skilningi. Hann minntist einnig á tryggingu við innanhúsmálningu. Fyrir skömmu varð slys við þá iðn hér í Rvík, og virðist sjálfsagt, að menn við þann starfa séu tryggðir.

Þá sagði hann, að menn, sem vinna að björgunarstörfum, væru ekki tryggingarskyldir. Þetta er rétt. En mér lízt, að ekki sé gott að koma slíkri tryggingu við. Auðvitað á að greiða þeim drenglyndu mönnum, sem leggja sig í lífsháska fyrir aðra, bætur, ef illa fer, eða aðstandendum þeirra. En fyrir slíka menn er ómögulegt að finna ákveðinn tryggingatíma. Ég álít það því rétta stefnu í þessu máli, að greiða bætur fyrir slys í slíkum tilfellum, þótt menn séu ekki tryggingaskyldir.

Þetta frv. miðar sannarlega að því að draga úr þessum byrðum og léttir þess vegna nokkuð á hinum „breiðu bökum“.

Út af síðustu gr. ætla ég ekki að svara hv.

þm.; það hefir verið gert. Ég gat þess í minni fyrri ræðu, að e. t. v. mætti ýmislegt betur fara í frv. heldur en er, og því er hægt að breyta og því verður sjálfsagt breytt á næstu þingum, því að reynslan sker úr því, hvort það er ekki fleira, sem þarf að breyta, en það, sem hv. 1. þm. Skagf. hefir komið auga á, sem ég efast ekki um, að hafi að ýmsu leyti við rök að styðjast.

En eins og ég sagði í minni fyrri ræðu, er svo mikils um vert að fá þessa löggjöf, að þótt benda megi á, að eitthvað mætti öðruvísi fara, þá álít ég það ekki þröskuld fyrir því, að hægt sé að láta hana ná fram að ganga á þessu þingi. Ég tel, að með þessari löggjöf sé verið í þjóðfélagslegum efnum að stíga ef til vill eitthvert stærsta sporið, sem stigið hefir verið, a. m. k. á okkar æfi, sem nú lifum. Með þessari löggjöf er verið að forða hinum veiku og smáu frá því að vera byrði á þjóðfélaginu. Við erum sannarlega ekki of snemma á ferðinni með þessa löggjöf. Ég minnist þess, þegar slysatryggingarnar komust á árið 1921, ef ég man rétt, þá varð ég samferða frá þinghúsdyrunum einum virðulegum sjálfstæðismanni, sem nú er látinn. Það fyrsta, sem hann sagði við mig, var þetta: „Sigurjón, nú er næsta stigið að koma á sjúkratryggingu. Hún þarf að komast á.“ Svona hugsaði hann, þessi maður, og svona hafa menn hugsað um þetta og svona hefir verið skrifað af alþýðu manna öll þessi ár, a. m. k. síðan hafin var baráttan fyrir þessum málum árið 1915. Nú fyrst eftir 20 ár virðist sem þingið ætli að bera giftu til þess að leiða í höfn löggjöf, sem aðeins er byrjun á því, sem síðar á að verða, og í nokkurn veginn samræmi við það, sem aðrar menningarþjóðir hafa komið á hjá sér.

Frsm. minni hl. (Magnús Guðmundsson): Ég þarf aðeins að svara hv. frsm. meiri hl. með fáeinum orðum. — Það bar svo undarlega við, að hv. þm. sneri sér aðallega til hv. 10. landsk., sem er eiginlega samherji hans í þessu máli, en til mín sagði hann lítið. Mér finnst það heldur ósanngjarnt af hv. frsm. meiri hl., en hann um það.

Hv. frsm. meiri hl. sagði, að hér væri í raun og veru ekki um nein ný útgjöld að ræða. En þá vil ég spyrja: Hvers vegna á að leggja á skatta til þess að mæta þessum útgjöldum? Hvers vegna hefir hv. þm. og hans flokkur verið hálfan þingtímann að semja um, hvaða skattalöggjöf ætti að setja til þess að koma á móti þessum útgjöldum? Ef þetta eru ekki ný útgjöld, þá veit ég ekki, hvað það er. (**SÁÓ:** Ekki á einstaklingana). Jú, einmitt á einstaklingana, en auðvitað ríki og bæi líka. Ég sé ekki annað en að það séu ný gjöld á einstaklingana, þegar þeir eiga að leggja fram fé til þess að leggja í sjóði fyrir framtíðina, eins og t. d. með örorkutryggingarnar. Það er viðurkennt, að fyrst eftir tugi ára eigi að borga verulegan ellistyrk, og svo kemur hv. frsm. meiri hl. með miklum belgingi og segir, að ekki sé verið að leggja ný gjöld á, þetta sé það sama og verið hefir áður. Hvernig getur hv. þm. haldið þessu fram? Það er bert, að hér er verið að bæta við nýjum gjöldum, og það er einmitt gert á hinum óheppilegasta tíma, þegar bæði atvinnuvegirnir og einstaklingarnir eru í hinum mestu þrengingum. Ég segi, að þetta sé óheppilega valinn tími til þess að safna sjóðum til síðari ára, sjóðum, sem fyrst koma að gagni eftir tugi ára. Það er óheppilegt að gera það á hinum verstu tímum, bæði fyrir framleiðslu landsins og landsmenn alla.

Hv. frsm. meiri hl. sagði, að það væri bara verið að flytja til á milli manna í þjóðfélaginu. Það getur verið, að það sé aðeins það, en það er nú einu sinni svo, að það eru sumir menn í þjóðfélaginu, sem standa undir meiri byrðum heldur en aðrir, og ef alltaf er verið að þyngja á þeim, sem standa undir byrðunum, þá fer svo að lokum, að þeir geta það ekki lengur. Hverjir eiga þá að standa undir byrðunum? Hvar á þá að taka þetta fé, ef enginn stendur uppi? — Það vantar svar við því, og það er sannarlega ekki undarlegt, þó að manni detti þetta í hug nú, þegar það er viðurkennt, að aðalatvinnuvegir landsins eru reknir með tapi ár eftir ár og verða að ganga á þá tiltölulega litlu sjóði, sem hafa verið sparaðir á undanförnum árum. Er þá undarlegt, þó að maður leiði hugann í átt til þess tíma, þegar þessir sjóðir eru uppétnir og ekkert er til til þess að leggja fram til hjálpar öðrum? Hv. frsm. meiri hl. viðurkennir, að ýmislegt megi betur fara í frv. og sjálfsagt sé að bæta úr því mjög bráðlega. Það er einhver sú ömurlegasta játning, sem komið getur fram frá einum þm., sem er að því kominn að samþ. frv., að viðurkenna, að á því séu verulegir gallar, en vilja þó ekki bæta úr þeim. Sérstaklega er þetta heimskulegt nú, þegar komið er undir áramót og það er á almanna vitorði, að þing kemur saman aftur um miðjan febrúar næsta ár, en lögin, sem hér á að samþ., ganga ekki í gildi fyrr en 1. apríl. Hvað er það þá, sem rekur á eftir? Það er ekki annað en þessir samningar milli stjórnarfl., sem reka á eftir. Það er ekki umhyggja fyrir velferð fólksins, sem rekur á eftir á nokkurn hátt. Það er enginn velgerningur við gamla fólkið að firra það öllum möguleikum til þess að fá bætur úr ellistyrktarsjóði. Það hefir enginn gott af þessari löggjöf fyrr en eftir að næsta þing er tekið til starfa og kannske langt komið með störf sín. Það mundi því auðvelt á þessum tíma að lagfæra þá galla, sem á frv. eru. Ég veit, að það er ekki til neins að vera að tala um þetta, en þegar maður fær svona hreinskilnislega játningu um, að gallar séu á frv., þá er ekki hægt annað en að benda á þessa einkennilegu aðferð, að semja um framgang máls, sem ekki er búið að setja svo í letur, að víst sé, að það muni verða frambærilegt sem lög. Annars er ólíklegt, að samningar stjórnarflokkanna hafi verið þannig, að ekki mætti breyta neinu í þessu frv.

Ég er samþykkur hv. frsm. meiri hl. um það, að hér sé verið að stíga stórt spor. Ég held, að það sé rétt, að það sé verið að stíga mjög stórt útgjaldaspor.

Ég viðurkenni, að ýmislegt í þessu frv. hefir mikinn rétt á sér, en ég viðurkenni ekki, að það eigi einmitt nú að framkvæma þetta, þegar allra verst stendur á. Ég held það eina rétta hefði verið að draga þetta, en hafa undirbúna löggjöf þegar skánaði í ári og þyngja ekki byrðarnar, sem

nú hvíla á. Þær eru þegar of þungar, þó ekki sé bætt á þær.

Þorsteinn Briem [óyfirl.]: Ég heyrði því miður ekki síðasta hlutann af ræðu hv. frsm. meiri hl., en það, sem ég heyrði af henni, gaf mér tilefni til að segja nokkur orð.

Hv. frsm. meiri hl. var að vanda um við mig út af því, að ég hefði sagt eða fundið eitthvað að því, að svo væri ætlazt til eftir 5. kafla þessara laga, að öll stjórn á sjóðum, sem þar getur, væri í höndum félaga, sem gætu í allflestum tilfellum talizt pólitísk félög. Hann fullvissaði mig hátíðlega um það, að engri hlutdrægni yrði þar beitt og að hann mundi aldrei beita neinni hlutdrægni í því efni. Ég hefi ekki borið neinar slíkar getsakir á hv. frsm. meiri hl., og það er fjarri hug mínum að væna hann persónulega um slíkt. Hann sagði, hv. frsm. meiri hl., að ekki væri sæmilegt að láta sér þau orð um munn fara, sem ég hafði viðhaft. En hvað hafði ég sagt? Ég hafði tekið það fram, að það gæti verið æskilegt fyrir félögin sjálf að firra sig tortryggni um pólitíska hlutdrægni með því að hafa ákvæði um, að fleiri aðilar hefðu með að fara stjórn þessara sjóða og úthlutun úr þeim. Ég hygg, að í þessum orðum geti ekki falizt nein ásökun og því síður aðdróttun, en hinsvegar verður því ekki neitað, að með þessu er opnuð leið fyrir allmikla tortryggni í þessu efni. En ég er náttúrlega ekki svo kunnugur öllum hálfpólitískum og alpólitískum félagsskap hér, að ég geti fullyrt um, að þar ríki svo mikill hreinleiki eins og hv. frsm. meiri hl. vildi vera láta, að hlutdrægni væri alstaðar útilokuð. A. m. k. þykjast menn ekki vissir í þeim sökum í öðrum greinum, hvað sem þessu líður.

Hv. frsm. meiri hl. átaldi mig fyrir það, að ég hefði gert aths. við ákvæðin í 67. gr. frv., þar sem svo er ákveðið, að enginn geti orðið sjóðfélagi og haldið áfram að vera það, sem eigi eignir, sem nemi meiru en 5 þús. kr. fyrir einhleypa en 10 þús. kr. fyrir hjón. Hann vildi telja, að þetta væri ekki svo mikil upphæð. En ég hafði aðeins bent á það ósamræmi, að mönnum, sem lítið eiga, hefði verið og er enn gert þyngra fyrir um alla tolla og álögur. En í þessum orðum eru þeir taldir svo illa stæðir, sem eiga allt að þessari upphæð, að það þurfi að veita þeim opinberan styrk. En hv. þm. vildi telja, að slíkir aðilar sem þessir væru undanþegnir eignarskatti. En svo er a. m. k. ekki um hjón, sem eiga 10 þús. kr. eign. Hjón, sem eiga 10 þús. kr. eign, voru beitt því bragði með þeim skattalögum, sem nú gilda og samþ. voru á síðasta þingi, að skatturinn var, að mig minnir, sexfaldaður. Sá, sem átti 6 þús. kr. eignir, borgaði áður eignarskatt af einu þúsundi, því, sem var fram yfir 5 þús., en eftir þeim lögum, sem nú gilda, þá borgar hann, ef hann á 6 þús., skatt af 5 þúsundunum líka, svo skatturinn er sexfaldaður. Ég hygg því, að það hafi ekki verið að ástæðulausu mælt, að þarna skyti nokkuð skökku við, þar sem núv. stjórnarfl. hefði ætlað að leggja skatt á þessa menn, en ætla nú með þessum lögum að gera ráðstafanir til þess að veita þeim opinberan styrk. Það var þetta ósamræmi, sem ég benti á. En sér til varnar talaði hv. frsm. meiri hl. um, að þetta ákvæði væri tekið upp úr dönskum lögum. En ég hygg það ekki sambærilegt. Ég hygg, að almenningur í Danmörku eigi að meðaltali hærri eignir heldur en almenningur hér á Íslandi, svo að sá, sem á 10 þús. kr. þar, sé almennt álitinn fátækari en sá, sem á 10 þús. kr. hér.

Þá taldi hv. frsm. meiri hl., að ekkert ósamræmi væri milli ákvæða 69. gr. frv., þar sem gert er ráð fyrir, að menn fái ¾ af launum greidd úr atvinnuleysissjóði, og svo aftur ákvæði í 71. gr. frv., þar sem gert er ráð fyrir, að menn geti neitað að fara í atvinnu, sem býðst í öðru plássi, þar sem kaupgjald er lægra yfirleitt heldur en á þeim stað, sem þeir eiga heima. Ég hafði bent á það, að kauptaxtar væru mjög mismunandi á hinum ýmsu stöðum, þar sem fastir kauptaxtar eru, svo að það getur munað allt að ⅔. Það getur verið, að það eigi að koma skýringar á þessu eins og fleiru, eða það eigi annað að liggja í þessum orðum en þar stendur. En mér skilst samkv. þessu orðalagi, að maður, sem á heima hér í Reykjavík og fær í nettókaup kr. 1.57 um tímann, geti neitað að fara í vinnu í því plássi, þar sem ekki er borgað nema 80—90 aurar á tímann. Virðist mér þetta vera alleinkennilegt ákvæði, ef það á að skiljast svo, sem mér finnst liggja í orðalagi þessarar greinar. Það getur vel verið, að menn sjái sér hag í því að vera hér og gera ekki neitt, eða fá kannske einhverja hlaupavinnu, sem þeir þurfa kannske ekki að gefa upp, og fá fulla 80 aura í atvinnuleysisstyrk. Það skilst mér að menn muni fá, ef þeir eru búsettir hér í Reykjavík. Það virðist ekki vera heppileg leið að gera mönnum mögulegt að geta bjargað sér á opinberu fé með því að neita að taka vinnu, þó að hún sé borguð eftir almennu kaupgjaldi á einhverjum öðrum stað á landinu, hvort heldur það er til sveita eða við sjó. Hér eru að vísu þau ákvæði, að einhleypir menn eigi ekki að fá atvinnuleysisstyrk, ef þeir eiga kost á að fá venjulegt sveitakaupgjald, en kvæntur maður, þó að hann eigi ekkert barn og hafi engan ómaga að sjá fyrir, getur neitað að vinna, fái hann ekki fullan taxta, t. d. hér í Reykjavík. Ég er hræddur um, að mörgum sveitabóndanum blæði í augum, ef menn geta neitað að taka þeirri vinnu, sem almennt er boðin í sveitunum, aðeins af því, að þar er ekki goldinn verkalýðstaxti hér í höfuðstaðnum. Hv. frsm. meiri hl. talaði líka um það og harmaði mjög, að það væri kannske hægt eftir þessum lögum að þvinga einhvern einhleypan til þess að fara upp í sveit, og hann ætti þá engan styrk að fá, ef hann vildi ekki þiggja góða aðbúð í sveit með þeim kauptaxta, sem þar gilti. Honum fannst það mikill galli, ef menn yrðu að þiggja þá vinnu. En ég verð að líta öðruvísi á. Ég get ekki beint vorkennt einhleypum mönnum, þó að þeir verði að þiggja sæmilega vinnu við góða aðstöðu uppi í sveit og fái ekki atvinnuleysisstyrk hér fyrir að gera ekki neitt.

Hv. frsm. meiri hl. var að tala um það, sem ég hafði sagt um 72. gr. frv. Ég hafði skilið þá grein svo, að þessi 75 þús., sem þar er gert ráð fyrir sem hámarki á framlagi til atvinnuleysissjóða, næðu aðeins til ófaglærðra daglaunamanna og sjómanna. Það stendur svo í greininni, en hann vildi skilgreina það svo, að þetta ætti að skýrast

allt öðruvísi en orðin segja. En ég fæ ekki skilið greinina, ef hún á ekki að skiljast eins og ég sagði. Sé það ekki, þá er ekkert hámark sett um það, hvað greiða skuli til annara atvinnuleysissjóða en þeirra, sem nefndir eru í 1. málsgr. 72. gr., þar sem átt er við ófaglærða daglaunamenn og sjómenn. Ég geri ráð fyrir, að aðrir flokkar manna stofni einnig atvinnuleysissjóði, og ég hygg jafnvel, að einn flokkur þessara manna, faglærðra iðnaðarmanna, hafi orðið fyrstur allra til þess að stofna atvinnuleysissjóð. Og það veit enginn, hversu mikil þau útgjöld gætu orðið úr ríkissjóði til slíkra sjóða, því að mér virðist ekkert hámarkstakmark sett fyrir því í 72. gr., því að hinu geri ég ekki ráð fyrir, að hv. frsm. meiri hl. haldi fram, eftir að hann hefir athugað orðalag gr. betur, að þetta 75 þús. kr. hámark eigi við aðra sjóði en þá, sem nefndir eru í 1. málsgr. En hitt er allt annað mál og kemur ekki við því, sem ég sagði, að það geti vel verið, að sá spádómur rætist — og þykir mér líklegt, að hann geri meira en rætast —, að þetta fari ekki fram úr 75 þús. kr. á næsta ári, því að það kemur líklega ekki til framkvæmda nema fyrir hálft árið. En það er allt annað mál. Ég átti við framtíðarskipulagið.

Hv. frsm. meiri hl. vildi halda því fram, að það væri engin ástæða til þess að setja nein viðurlög við svikum og undanbrögðum hvað snerti aðra kafla en kaflann um atvinnuleysistryggingarnar. En það er engin fjöður dregin yfir það í ritgerðum erlendra fræðimanna um tryggingalöggjöf, að það sé einmitt gallinn á þeirri löggjöf, svo góð sem hún annars er, að menn noti sér af því, að það megi knýja út ýmiskonar styrk án þess að bein ástæða sé til, jafnvel ganga lengra en löggjöfin ætlast til.

Því, sem hann sagði um orð mín viðvíkjandi II. kafla frv., get ég að mestu leyti leitt hjá mér að svara. Það má fá allt mögulegt út úr frv., ef lagður er sá skilningur í orðalag þess, eins og hv. þm. vill vera láta. Hann sagði, að bjargsig væri sama og bjargganga eða bjargferð. Ég skal ekki deila um þessa hluti, en ég hygg þó, að fáir mæli þá tungu. Og lög eru þó skýrð eftir málvenju, en tæplega eftir því, sem kann að vera hægt að leggja í orðin, en taka fram annað og meira en lagagreinin segir.

Þá fann hv. þm. að því, er ég sagði, að innanhússmálning væri ekki eins hættuleg og bjargsig. Ég er ekki á móti ákvæðinu um tryggingarskyldu þeirra, sem við þessi störf fást. En ég held mönnum verði ekki talin trú um, að innanhússmálning sé yfirleitt talin hættumeiri en bjargsig.

Þá talaði hv. þm. um, að það eigi að tryggja menn skipulagsbundið. En þetta er ekki svo í frv. Að vísu er ákvæði í 8. gr. frv., að maður, sem slasast eða bíður líftjón við björgun, eða tilraun til björgunar manns í lífsháska, skuli eiga rétt til slysabóta eftir sömu reglum sem slysatryggðir menn. Það er að vísu svo, að ég benti á, að í sumum slíkum tilfellum ætti ríkið að hlaupa undir bagga. En það er ekki tekið fram, hvernig eigi að greiða þessar bætur. Ég býst við, að gert sé ráð fyrir, að þeir, sem borga í sjóðinn, greiði. En ég veit ekki, hversu sanngjarnt er, að leggja á atvinnurekendur slysabætur handa mönnum, sem leggja sig fram af frjálsum vilja til þess að bjarga öðrum, t. d. þegar um iþróttamenn er að ræða. Ég sé ekki ástæðu til að leggja þetta gjald á atvinnurekendur eina saman, heldur hefði ég talið heppilegra, að ríkið hlypi hér undir bagga og þetta væri greitt af öllum, en ekki þessari stétt einni. En það er hvergi sjálfsagðara,að bætur komi til aðstandenda fyrir slys en þegar menn af fúsum vilja leggja fram líf sitt til að bjarga mannslífum annara.

Hv. þm. mun hafa talað um, eða gert aths. við orð mín, að ég teldi margt annað þyrfti fremur tryggingarákvæði um en það, að tryggja menn, þegar þeir fara að og frá vinnu sinni. Ég held, að það megi benda á fordæmi í dönskum lögum, að þar séu ekki ákvæði í þá átt.

Svo sé ég ekki í þessum kafla nein ákvæði um tryggingarskyldu atvinnurekenda, sem standa *sjálfir í sjósóknum með hásetum sínum*. Ég geri ráð fyrir, að þeir séu oft efnalega ekki betur staddir en hásetarnir sjálfir, og finnst mér ætti að vera ákvæði um slíkt. Jafnvel gæti komið til mála um atvinnurekendur við ýmsa landvinnu, að gera þeim að skyldu að tryggja sjálfa sig, því að margir þeirra eru ekki betur staddir en þeir, sem hjá þeim þiggja laun.

Ég efast ekki um, að hv. frsm. myndi hafa verið fús til samkomulags um breytingar í þessa átt í mörgum atriðum, ef ekki þyrfti að hraða málinu, svo að hvorki má gera aths. við það né lagfæra það. Það er kannske afsakanlegt, þó slíkt megi ekki, því að líf stj. liggur við.

Frsm. meiri hl. (Sigurjón Á. Ólafsson) [óyfirl.]: Ég skal reyna að ljúka máli mínu á tímanum fyrir kl. 7. (**MG**: Það geta verið fleiri, sem vilja tala).

Frsm. minni hl. vildi meina, að ég hafi aðallega deilt á hv. 10. landsk. En það var reyndar ekki ádeila, heldur nokkrar aths. við frv., sem hann gerði. Að öðru leyti virtist mér hv. 1. þm. Skagf. ekki skilja, hvað ég átti við. Ég átti við Pétur og Pál. alla, sem háðir eru sjúkdómum, greiða til sjúkrahúsa, lyfja og lækna, en eiga að fá þetta ókeypis hér eftir fyrir greiðsluna. Ég átti ekki við, þó að ríkið leggi nokkuð fram, því að þátttaka þess í að styrkja bæjarfélög og einstaklinga *er í samræmi við það, sem gildir með flestum* þjóðum. Ég vona, að hv. þm. skilji þetta.

Í ellistyrktarsjóð verðum við nú að greiða gjald, sem hefir hækkað fyrir skömmu. Meiri hluti landsmanna nýtur ekki styrks úr honum, en við, sem ekki þurfum á honum að halda, greiðum fyrir hina. Og þetta er svo lítil upphæð, að það getur ekki heitið trygging, og hefir líka verið kallað jólaglaðning, nemur til einstaklinga oft 75 eða 100 kr., en er almennt um 35—40 kr. Þetta er aðeins jólaglaðning, sem reyndar mörgum kemur vel. En með hinu nýja skipulagi ætlumst við til, að myndaðir séu tryggingarsjóðir, sem geti orðið lífeyrir fyrir þessa menn, og ég efast ekki um, að þessi breyt. verði til að hækka framlagið; í framtíðinni verður þessi kafli um tryggingarnar til að hækka stórlega þennan lífeyri.

Þá spurði hv. þm., hverjir ættu að standa undir þessum byrðum. Þær koma auðvitað niður á

hverjum einstaklingi. En ég sé ekki, að hér sé um neinar nýjar byrðar að ræða, heldur aðeins um tilfærslu greiðslunnar. Viðvíkjandi því, að atvinnureksturinn standi undir byrðum þessum, þá hefi ég skýrt það, að hann ofhleðst ekki af þeim. Menn hafa hingað til orðið að standa straum af sinni greiðslu í sjúkra- og fátækrasjóði, meðan menn hafa nokkuð haft. Svo að þetta er ekki annað en hártogun.

Hv. þm. sagði, að horfði til uggs og óttа, þegar allir sjóðir eru étnir upp. En það er ekki meiningin, að hinir opinberu sjóðir verði étnir upp, heldur eru myndaðir varasjóðir. Ég veit ekki, hvaða aðra sjóði hann á við. Það er óskylt mál, ef hann á við skattabyrðarnar, sem þingið er með nú. En það er enginn vafi, að þessar tryggingar safnast í sjóði, sem verða síðar notaðir að nokkru leyti til að standa undir framleiðslu landsmanna. Sjóðirnir aukast og þar safnast fé, sem hægt verður að setja í rekstur eða fasteignir, sem þjóðin hefir gagn af. Ég sé svo ekki ástæðu til að elta meira ólar við hv. þm.

Þá vil ég víkja fáum orðum að hv. 10. landsk. Við erum ekki alveg sammála, sízt um kaflann um atvinnuleysistryggingarnar. Hann sagðist viss um, að hlutdrægni gæti orðið í veitingum styrksins. En ég er þar á annari skoðun. Ég óttast ekki, að félagsmenn njóti þar ekki fulls réttar. Eins og ég drap á áðan, er það annarsstaðar svo, að *þetta er falið verklýðsfélögunum án íhlutunar hins opinbera.* Enda er þetta eðlilegt, því að það hefir verið svo í öðrum löndum, að félögin sjálf hafa myndað sjóðina, en hafa síðan notið styrks frá því opinbera.

Þá talaði hv. þm. um mismunandi kaupgjald. Hann túlkaði það svo, að menn, sem kæmu utan af landi, *gætu ekki notið styrksins hér, og ef* þeir fengju ekki vinnu, yrðu þeir að lifa á hrá-ætinu, eins og kallað er. Tölurnar, sem hann nefndi í þessu sambandi, eru ekki annað en tilfærsla hjá bæjunum. Kaupgjaldið er kr. 1.36. Ef maður á kost á vinnu annarsstaðar, þá verður hann að velja, hvernig farið er með þetta kaupgjald, eða lúta því, sem hér gildir.

Ég ætla ekki að lengja mikið umr. með því að fara út í mismun á kaupgjaldi í sveitum og bæjum. En ég vil benda á, að það er ekki að ástæðulausu, þó að þeir, sem hafa fyrir nokkrum að sjá, séu tregir að leita til manna í sveitum, sem geta ekki borgað sæmilega, því að menn geta ekki framfleytt fjölskyldu fyrir það kaupgjald, sem er í sveitunum. En það þykist ég vita, að það er ekkert jafnmikil kvöl en heita að vera að vinna og vita heimili sitt svelta á meðan. Ég fer svo ekki ýtarlegar út í þetta.

Þá minntist hv. þm. á, að atvinnurekendum væri ekki gert að skyldu að tryggja sig. Í 8. gr. frv. er þetta ótvírætt um sjómenn. Ég hefi ekki leitað svo í frv., að ég viti, hvort sama gildir um menn, sem vinna í landi, t. d. við iðnað, eða menn, sem eiga fyrirtæki, en vinna með verkamönnum. En verði þeir skoðaðir sem verkamenn, þá verða þeir skyldir til að tryggja sig.

Nú sé ég ekki ástæðu til að fara lengra út í þær aths., sem hér hafa verið gerðar.

Það er ekki svo, að stj. sé hætt við falli, þó að frv. komist ekki fram. Hinsvegar er betra að fá þessa löggjöf nú heldur en að draga hana til næsta þings eða lengur. Menn vita ekki, hvernig þá yrði gengið frá henni. Það er alltaf hægara að koma fram með endurbætur. Og ég vil miklu heldur vera með í því að lagfæra þessa löggjöf síðar heldur en láta málið stranda nú á þinginu. En hver breyt., sem á því yrði gerð hér, verður sennilega til þess, að málið dagar uppi. En þetta er allt of mikið stórmál til þess að bíða hér. (**PM**: Þetta er fallegt fyrirkomulag!). Já, en hv. þm. ætti að vita, að þingið er orðið nógu langt og að margir vilja fara að ljúka því. (**PM**: En öll stærstu málin hefðu ekki þurft að koma í sömu vikunni).

Páll Hermannsson: Ég ætla ekki að taka þátt í almennum umr. um málið. En mér finnst eðlilegt, að þær fari fram við þessa umr., fyrst þær fóru ekki fram við 1. umr., en ég vil ekki tefja tímann.

Ég kvaddi mér hljóðs út af einu atriði í 72. gr. frv. Ég ætla það hafi verið hv. 10. landsk., sem benti á, að hámarksákvæðið, sem þar er 75000 kr., eigi við tillag til atvinnuleysissjóða ófaglærðra manna, sem sé, að þeir atvinnuleysissjóðir, sem talað er um á eftir, heyri ekki undir þetta. Ég get tekið undir með hv. þm., að þetta muni vera rétt skilið. Það lítur út fyrir, að þessar 75000 kr. hámarkstryggingar eigi við *atvinnuleysissjóði sjómanna og ófaglærðra verkamanna*, en ekki atvinnuleysissjóði hjá faglærðum mönnum.

Nú hafa menn tekið eftir því, að alstaðar er gengið út frá að setja hámark fyrir greiðslu úr ríkissjóði; svo er um sjúkratryggingarnar og elli-tryggingarnar, og þetta var líka meining *stjórnarflokkanna um allar alþýðutryggingarnar*. Ég geri ráð fyrir, að upphæðin hafi hér lent óviljandi á skakkan stað. Ég vil láta þess getið, að ég er óánægður með, að þetta sé látið standa eins og það er, nema fram komi yfirlýsing frá hæstv. ráðh., sem gengur í þá átt, sem ég hefi lýst viðvíkjandi skilningi á þessu atriði. — Það var *ekki annað, sem ég vildi benda á.*

Atvmrh. (Haraldur Guðmundsson) [óyfirl.]: Það er rétt hjá hv. þm., að það var samkomulag um það milli stjórnarflokkanna, að hámarkið væri hér 75000 kr. Það var ekki hærri upphæð í fjárl., sem varið skyldi til atvinnuleysissjóðsins yfirleitt. Og að því er til framkvæmda kemur, verður farið eftir þessu.

Ég hjó eftir einu atriði í ræðu hv. 1. þm. Skagf., sem ég svaraði ekki í fyrri ræðu minni. Ég ætla nú að drepa á það.

Hv. þm. taldi það rangnefni að nefna það ellitryggingar, sem menn eru látnir greiða, sem hafa yfir visst tekjuhámark og ekki hafa rétt til lífeyris, eftir að tekjur þeirra eru komnar yfir það. Ég get ekki verið hv. þm. sammála um það. Ég svara því sama og með slysatryggingarnar, að rétturinn er til handa öllum jafnt, sem tryggja sig, ef þeir búa við sömu kjör. Það veit enginn, þegar hann greiðir í sjóðinn, hvort efnahagur hans verður þannig eftir 50 ár, að hann fái þetta endurgreitt með lífeyri eða ekki. Þó að hann sé tekjumikill eitt árið, getur hann orðið tekjulítill

síðar og fær þá að njóta greiðslunnar, eða eitthvað getur komið fyrir, að hann eigi rétt til hennar. Það er alstaðar svo, að tekið er tillit til efnahags manna og tekjumunar.

Þá fann hv. þm. frv. til foráttu, að með stofnun ellistyrktarsjóðsins væru menn frá 60—67 ára sviptir rétti til að fá ellistyrk. Þetta er að nokkru leyti rétt. En að því er snertir meðferð á ellistyrktarsjóðnum fæ ég ekki séð, að leiki nokkur vafi, því þar um eru glögg ákvæði, m. a. í 76. og 77. gr. frv., og gilda þau ákvæði þar til lífeyrissjóður greiðir 50% eða helming af fullum ellilaunum. Þá renna ellistyrktarsjóðirnir inn í lífeyrissjóðinn, og er þetta mjög skýrt tekið fram.

Hitt er rétt, sem hv. þm. sagði, að menn á aldrinum 60—67 ára fá ekki ellistyrk samkv. frv. þessu, nema þeir hafi tapað helming starfsorku sinnar og fái örorkubætur, og hygg ég, að þeir séu fáir, sem nú fá greiddan ellistyrk, og halda meira en helmingi starfsgetu sinnar. Auk þess vil ég benda á, að þessar greiðslur hafa verið svo lágar, að engan hefir munað neitt um sem nemur, þar sem ellistyrkurinn hefir verið frá 30—60 kr. á ári, eða jafnað sig upp með 45 kr. einu sinni á ári.

Það kann að vera, að hv. þm. hafi innt eftir einhverju fleiru, en því miður varð ég að víkja frá og heyrði því ekki alla ræðu hans, svo það hefir þá farið framhjá mér.

Þorsteinn Briem [óyfirl.]: Ég skal reyna að vera stuttorður. Ég hygg, að hv. frsm. minni hl. hafi eitthvað misskilið orð mín. Ég tók eftir því í fyrri ræðu hans, að hann misskildi mig, og ég hygg, að svo hafi enn verið. Hann segir, að ég muni hafa átt við aðkomumenn hér í Rvík, en um það hefi ég alls ekki talað. Ég benti á, að það gætu komið fyrir menn hér, sem byðist vinna úti á landi fyrir 80 aura kaup á klst., en sæju sér ekki hag í að notfæra sér hana, því þeir gætu fengið styrk hér í Rvík, sem mundi nema svipaðri upphæð, þar sem kaupgjald hér er kr. 1.36 á klst. En þá segir hv. frsm., að svo standi á, að þessir menn eigi það við sjálfa sig, hvort þeir vilji heldur lifa á opinberum styrk eða vinna fyrir sér. Ég vil nú segja, að það eigi þeir ekki að eiga við sjálfa sig, ef þeim býðst vinna við almennu kaupgjaldi og vilja heldur lifa á jafnháum styrk. (SÁÓ: Vinnumiðlunarskrifstofan er þarna á milli). Já, að mér skilst hér í Reykjavík, en ég var að ræða um vinnu úti á landi, eins og t. d. algenga sveitavinnu, en honum virtust einhver ósköp, ef menn yrðu að þiggja sveitavinnu nokkurn hluta ársins.

Þá virtist hann misskilja orð mín um, að ríkið ætti að taka þátt í greiðslum, ef lífs- eða limatjón yrði við björgunarstarf. Ég veit ekki til, að ríkissjóður greiði nein iðgjöld í þessu skyni, en ég hygg, að það sé vafi eftir orðalaginu, hvernig beri að skilja þetta, hvort þetta sé skyldutrygging á atvinnugreinum eða einstökum stéttum, enda telur forstjóri tryggingarstofnunar ríkisins, að um þetta vanti skýrari ákvæði. Það var gott, að ég gerði aths. við 72. gr. frv., því orðalagið er ekki skýrt. Það á að leggja allt annað í greinina en orðin benda til. Ég hélt nú, að frv. þetta hefði fengið svo langan undirbúning, að orðalag þess gæti verið sæmilega ljóst, og því beindi ég þessari aths. til hæstv. atvmrh., sem nú hefir upplýst, hver er meiningin, og hún er allt önnur en hægt er að lesa út úr greininni. Það kann að vera, að yfirlýsing þessi sé ekki nægileg, því vafi er nú á því, hvort þingtíðindin verða prentuð, og auk þess hefi ég tekið eftir, að hæstv. ráðh. les ekki yfir ræður sínar. En það hefir þó a. m. k. komið í ljós, að átt er við allt annað. En má þá ekki breyta þessari gr. eða orðalagi, svo ljóst verði, við hvað er átt?

Mörg atriði í frv. orka nokkuð tvímælis, eins og t. d. að þeir eiga ekki rétt til sjúkrastyrks, sem hafa haft meira en 4500 kr. árstekjur skattskyldar. Ég hefði flutt brtt. við þetta o. fl., ef það þýddi nokkuð að koma fram með þær, og þá á þann veg, að draga mætti frá raunverulegan sjúkrakostnað, því sannarlega eru það ekki nettótekjur, ef í þessum 4500 kr. fælist svo sjúkdómskostnaður, við skulum segja t. d. 1000 kr., sem því miður er ekki hægt að segja, að sé óvenjulegt eða sjaldgæft, og yrði þá ekki eftir nema 3500 kr. Yrði því að teljast sanngjarnt, að tekið yrði tillit til þessara útgjalda, og brtt. í þá átt meira en sanngjörn. En það er bara ekki til neins að koma fram með neina brtt., því það er fyrirfram ákveðið að taka þær ekki til greina, hversu sanngjarnar sem þær kunna að vera.

Frsm. minni hl. (Magnús Guðmundsson): Ég tel mig hafa fengið staðfestingu frá hæstv. ráðh. um það, sem ég hélt, að menn á aldrinum 60—67 ára verði eftir frv. verr settir en þeir eru nú, þar sem þeir verða útilokaðir frá styrk úr ellistyrktarsjóði, nema þeir séu öryrkjar. Ég spurði hæstv. ráðh. áðan, hvort svo bæri að skilja frv., að þeir, sem hefðu orðið öryrkjar áður en lögin koma í gildi, yrðu styrks aðnjótandi, og svaraði hann því neitandi, eða m. ö. o.: þeir einir fá styrk, sem verða öryrkjar eftir að lög þessi öðlast gildi, hinir fá ekki neitt. Þeir verða þess vegna algerlega útundan, og er þetta spor aftur á bak. Það er ekki um svo litla fjárhæð að ræða, sem ellistyrktarsjóðirnir hafa úthlutað. Þeir nema á 2. millj. kr. og gefa árlega í vexti um 60 þús. kr. Það eru hundruð manna á landinu á aldrinum 60—67 ára, sem hafa notið styrks úr þeim, en verða nú útilokaðir. Þetta er ófært með öllu og algerlega óviðunandi, enda er ég viss um, að þessu verður breytt á næsta þingi, hvað sem nú er sagt.

ATKVGR.

Till. frá minni hl. allshn., á þskj. 846, um að vísa málinu til ríkisstj., felld með 8:5 atkv.

1. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
2.—7. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
8. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
9.—21. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
22. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
23.—45. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
46 gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
47.—61. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
62. gr. samþ. með 8:4 atkv.
63. gr. samþ. með 8:4 atkv.

64.—74. gr. samþ. með 8:5 atkv.
75. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
76.—83. gr. samþ. með 9:2 atkv.
84. gr. samþ. með 8:3 atkv.
85.—90. gr. samþ. með 8:1 atkv.
Fyrirsagnir frv. og kafla þess samþ. án atkvgr.
Frv. visað til 3. umr. með 8:2 atkv.

Á 99. fundi í Ed., 19. des., var frv. tekið til 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 8:5 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: SÁÓ, BSt, HG, IngP, JBald, JJ, PHerm, EÁrna.

nei: PM, ÞÞ[1]), JAJ,[2]) MG, MJ.

Þrír þm. (ÞBr, GL, HermJ) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (A. 911).

---

74. Iðnaðarnám.

Á 20. fundi í Nd., 5. marz, var útbýtt:

Frv. til l. um iðnaðarnám (þmfrv., A. 49).

Á 22. fundi í Nd., 7. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Emil Jónsson) [óyfirl.]: Lögum um iðnaðarnám hafði ekki verið hróflað frá því nokkru fyrir aldamót, eða frá 1893, til 1927, að núgildandi lög voru sett. Gömlu lögin voru þá ekki lengur nothæf, en lögin frá 1927 eru sæmilega vel gerð, og þær breyt., sem hér eru bornar fram í þessu frv., geta fallið inn í aðalramma þeirra laga.

Ég hefi undanfarin ár haft góð tækifæri til þess að fylgjast með framkvæmd þessara laga og rekið mig á ýmsa agnúa á þeim. Hefi ég oft haft hug á að gera breytingar á þeim, en ekki fengið tækifæri til þess fyrr en nú.

Aðalbreyt. er fólgin í því, að iðnnemar læri hjá starfandi meisturum á vinnustöðvunum, en ekki í skóla eingöngu. Við þetta nám hjá meisturum skal svo bætt hæfilegri bóklegri fræðslu í iðnskólum. Sú aðferð er af mörgum talin að hafa ýmsa kosti fram yfir hreina skólagöngu. Þessari aðferð hefir og verið fylgt hér á landi í framkvæmdinni, en hér er lagt til, að lögunum verði breytt í nokkrum atriðum, sem ég skal nú gera nánari grein fyrir.

Fyrsta breyt. er sú, að vinnutími iðnnema sé styttur úr 60 klst. á viku, sem hann nú er, að meðtöldum 6 klst. til bóklegs náms, niður í 48 klst., einnig að meðtöldum þeim tíma, sem fer til að inna af hendi lágmark hins bóklega náms, eins og það kann að verða ákveðið.

Ég hefi oft rekið mig á það, að þessi vinnutími, sem ákveðinn er í lögunum, er óhæfilega langur. Eftir 9 klst. vinnu á dag með meistara, sem oft er erfið, verða þeir að taka 2—4 klst. skólavist, og þar á eftir lesa undir næsta kennslukvöld, ef vel á að vera. Þeir þurfa því að vinna og lesa um 13—14 klst. á dag, og fyrir unga drengi er það allt of mikið erfiði. Í frv. er farið fram á, að vinnutíminn verði styttur um 2 klst. á dag. Ennfremur er gert ráð fyrir, að sett verði lágmark vinnutíma 36 klst. á viku, en það er ekki í gildandi lögum. Þetta er nauðsynlegt til þess að nemandinn virkilega læri iðnina á hinum tilskilda tíma. Það hefir oft komið fyrir, að iðnnemar hafa verið sendir til óskyldra verka á námstímanum, til sjóróðra o. fl. Afleiðingin hefir þá orðið sú, að þeir hafa ekki getað lært iðnina svo vel sem skyldi. Einnig er ætlazt til þess, að atvmrn. setji með reglugerð ákvæði um lágmark bóklegs náms fyrir iðnina, því þeim er nauðsynlegt að fá vissan forða af bóklegri þekkingu eins og verklegri, og þá menntun geta þeir fengið í iðnskólum kaupstaðanna.

Fimmta aðalbreyt. frv. er sú, að aldurslágmark iðnnema er hækkað um 1 ár, úr 15 árum í 16. Er þetta gert bæði með tilliti til þess, að 15 ára unglingar eru margir hverjir það óharðnaðir, að það getur orðið þeim ofraun að stunda alla iðnaðarvinnu svo ungir, og eins er þetta aldurslágmark miðað við það, að hægt sé fyrir unglinga að stunda nám í tvo vetur í héraðsskólum eða gagnfræðaskólum, að afloknu barnaskólanámi.

Þá er í frv. ákvæði um, að fulltrúar sveina- og meistarafélaga á staðnum skuli undirrita námssamninga, sem iðnaðarmenn gera við nemendur sína. Þetta er nýmæli og miðar að því, að hvorttveggja þessara aðilja, félög sveina og meistara, hafi hemil á því, að ekki séu of margir teknir í hverja iðngrein og að þau samningskjör, sem samkomulag verður um, fullnægi þeim skilyrðum, er iðnfélög á staðnum kunna að koma sér saman um.

Meistarar einir mega eftir frv. taka iðnnema; nú er það svo, að í kaupstöðum mega engir aðrir en þeir taka iðnnema, en utan kaupstaða dugir til þess iðnbréf. Þetta þótti sjálfsagt að leiðrétta. Enda nær það engri átt að gera upp á milli manna eftir því, hvar þeir eru búsettir á landinu. Að vísu er þess ekki krafizt, að forstöðumaður eða eigandi iðnfyrirtækis hafi meistararéttindi í iðninni, en þá skal fyrirtækið hafa í þjónustu sinni mann með meistararéttindum.

Sumarleyfi nemenda er ákveðið a. m. k. 12 virkir dagar, og má það ekki minna vera með tilliti til þess, að ýms iðnaðarvinna fer fram innanhúss, oft í óhollum og loftillum húsakynnum, enda mun þetta sumarfrí vera það styztza, sem nokkrir námsmenn hafa.

Gert er ráð fyrir, að iðnnemar hafi staðizt lágmarkspróf í bóklegum fræðum, til þess að

---

1) **ÞÞ:** Enda þótt ég sé þessu frv. samþykkur í ýmsum atriðum, þá eru hinsvegar í því mörg atriði, sem ég er mótsnúinn og að minu áliti gera frv. meingallað, og segi ég því nei.

2) **JAJ:** Ég er að ýmsu leyti samþykkur ákvæðum þessa frv., öðrum en atvinnuleysistryggingunum, sem ég tel, að eigi að haga á allt annan hátt en hér er gert ráð fyrir. En þar sem ég tel yfirstandandi tíma ákaflega óheppilegan til þess að drífa þetta mál í gegn nú, segi ég nei.

þeir geti fengið sveinsbréf, og skal ljúka því prófi í iðnskóla, sé hann til á staðnum, en ella hjá prófdómendum við hið verklega próf. Nú er í lögum gert ráð fyrir því, að meistarar kosti iðnnema í slíka skóla, en útkoman hefir orðið sú, að margir iðnnemendur hafa alls ekki í skóla komið.

Þá má að lokum nefna ýmsar smábreyt. t. d. að ef maður fellur við sveinspróf, þá má hann ekki ganga undir próf aftur fyrir en eftir hálft ár, og er það í samræmi við það, sem tíðkazt hefir. Ennfremur eru í frv. skýr ákvæði um það, að meistari hafi framfærsluskyldu við nemanda sinn að því er snertir slysa- eða sjúkdómstilfelli. Yfirleitt hefir þetta færzt í það horf í kaupstöðunum, að iðnnemar hafa orðið að sjá um sig sjálfir, og ef þeir hafa veikzt, þá hefir ekki verið til annara að leita um stuðning en framfærslusveitarinnar.

Úr lögunum er fellt ákvæði um, að nemandi geti krafizt skaðabóta af meistara sínum með málsókn, ef meistari hættir að reka iðn sína eða verður gjaldþrota o. s. frv.; um það skal fara eftir áliti gerðardóms. Slíkar skaðabótagreiðslur skulu vera forgangskröfur í bú viðkomandi meistara, eins og vinnulaunakröfur væru.

Þetta eru aðalbreytingarnar frá gildandi lögum, og miða þær allar að því að bæta kjör nemenda, svo að þeir læri iðn sína og fái meiri bóklega fræðslu en áður hefir tíðkazt. Við samningu frv. hefi ég stuðzt við till. Sambands ungra jafnaðarmanna, Iðnnemafélags Reykjavíkur, Félags járniðnaðarmanna í Reykjavík og margra fleiri. Ennfremur hefi ég borið það undir stjórn Landssambands iðnaðarmanna og stjórn iðnráðs Hafnarfjarðar, sem í aðalatriðum hafa lýst sig samþykka frv.

Legg ég til, að frv. verði, að umr. lokinni, vísað til 2. umr. og iðnn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 20 shlj. atkv. og til iðnn. með 21 shlj. atkv.

Á 77. og 78. fundi í Nd., 19. og 20. nóv., var frv. tekið til 2 umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 79. fundi í Nd., 21. nóv., var frv. enn tekið til 2. umr. (A. 49, n. 275 og 566).

Frsm. meiri hl. (Emil Jónsson): Iðnn. varð ekki sammála um afgreiðslu þessa máls. Meiri hl. leggur til, að frv. verði samþ. eins og það liggur fyrir óbreytt, en minni hl. vill gera á því nokkrar breyt. Ég sé ekki ástæðu til að hafa um þetta fleiri orð, en ég get sagt það fyrir mig persónulega, að ég get gengið inn á sumar brtt. minni hl., en alls ekki allar eins og þær liggja fyrir.

Frsm. minni hl. (Guðbrandur Ísberg) [óyfirl.]: Meiri hl. iðnn. afgr. þetta mál frá sér á fyrri hl. þingsins og lagði þá áherzlu á að afgr. málið þá þegar, en minni hl. vildi fá frekari umsögn meistara og iðnrekenda um frv. Nú var það vitað þá, að halda átti iðnaðarþing í sumar, og því vildi hann bíða með afgreiðslu frv. til þess að geta lagt það fyrir þá ráðstefnu. Iðnaðarþingið var svo haldið á Akureyri í sumar. Þar var þetta mál rætt og samþ. nokkrar brtt. við það, og eru þær teknar upp óbreyttar í nál. minni hl. á þskj. 566.

Hv. frsm. meiri hl. hefir tjáð mér, að hann hafi í rauninni ekkert sérstakt að athuga við tvær hinar síðasttöldu brtt., þ. e. brtt. við 11. og 12. gr., og get ég því sleppt að mestu að minnast á þær, enda má telja, að þar sé um sáralitla breyt. að ræða. En í brtt. við 8. gr. felst nokkur lenging vinnutímans frá því, sem er í frv. 8. gr. frv. gerir ráð fyrir, að vinnutími iðnnema megi ekki fara fram úr 48 stundum á viku, en á iðnaðarþinginu á Akureyri var samþ. sú brtt., að vinnutíminn skyldi vera allt að 60 stundum á viku, þ. e. a. s. þann tíma ársins, sem iðnnemar stunda ekki bóklegt nám samtímis verklega náminu. Frá þessum tíma á þó að draga kaffihlé, ½ stund á dag. Jafnframt er það ákvæði sett, að starfstíminn megi ekki fara niður úr 1800 stundum á ári, nema lögmæt forföll, svo sem veikindi, hamli.

Þegar um þessi mál er að ræða, þá er það ákaflega mikilsvert, að iðnaðarmenn og iðnnemar geti komið sér saman, og er sjálfsagt að taka yfirgnæfandi tillit til sameiginlegra till. í þessu efni. En minni hl. hafði ástæðu til að ætla, að hér hafi verið lagt meira upp úr till. iðnnema en meistara, og þótti rétt að finna jafnvægi með því að gefa iðnþinginu tækifæri til að fjalla um málið, þar sem meistarar gátu einnig látið til sín heyra og borið fram sínar till.

Ég hirði svo ekki að fjölyrða um þessar till. frekar, en vísa að öðru leyti til þskj. 566, nál. minni hl., þar sem brtt. eru teknar upp nákvæmlega eins og iðnaðarþingið gekk frá þeim.

Frsm. meiri hl. (Emil Jónsson) [óyfirl.]: Það er örlítil aths. — Hv. þm. Ak. sagði, að minni hl. hefði dregið að gera till. í málinu, þar til fyrir hefðu legið till. frá meisturum. (GÍ: Iðnaðarþinginu), því að ekki væri eins mikið tillit tekið til óska þeirra eins og iðnnema. Það er nú ekki nema að nokkru leyti rétt, að ekki hafi legið fyrir umsögn frá meisturum, því að áður en ég bar þetta frv. fram, bar ég það undir iðnráð Hafnarfjarðar, sem ég á sæti í. Þar eiga sæti 4 meistarar, en enginn sveinn. Ég bar það undir stjórn Landssambands iðnaðarmanna, en í þeirri stjórn eru 3 meistarar, en enginn sveinn. Þessir aðilar léðu frv. fylgi í höfuðatriðunum. Það er rétt hjá hv. þm., að málið var ekki borið undir iðnaðarþingið fyrr en þegar það var gert í sumar. Hann segir, að till. minni hl. séu þær till., sem hafi verið samþ. á því þingi, og er það rétt. En það vil ég þó, að komi skýrt fram, að þær áttu alls ekki óskiptu fylgi iðnaðarþingsins að fagna, heldur varð um þær talsvert hörð deila, og samþ. að ég ætla með aðeins 6 atkv. mun, en á þinginu sátu um 40 menn. Þegar þess er ennfremur gætt, að þarna voru næstum eingöngu meistarar, en því nær enginn sveinn, þá finnst mér það lítill meiri hl., sem meistarar hafa fengið

fyrir þessum till. sínum. Sýnist þeim því ekki vera það neitt sérstakt áhugamál að koma þeim fram.

Hv. þm. segir, að sjálfsagt sé að taka tillit til sameiginlegra óska meistara og nemenda, og er það alveg rétt. Ég leitaðist líka við að fara bil beggja við samningu frv. T. d. komu til mín iðnnemar bæði úr Reykjavík og Hafnarfirði og óskuðu eftir verulegum breyt. á frv. þeim til hagsbóta. Sömuleiðis hafa nokkrir meistarar tjáð mér, að þeir væru óánægðir með frv. frá sjónarmiði meistara, en í frv. er svo reynt að fara bil beggja, eins og líka hefir sýnt sig, þar sem þessar till. frá meisturum voru samþ. á iðnaðarþinginu með svo litlum atkv.mun sem ég gat um áðan.

Ég hefi nú borið mig saman við samnm. mína, og leyfa þeir mér að hafa það eftir sér, að þeir gætu fallist á 2. og 3. brtt. Þarf því ekki frekar um þær að ræða. En 1. brtt. vill færa vinnutímann úr 48 st. á viku og upp í 60 st., eins og það er í núgildandi löggjöf. Þó er sá munur, að í brtt. er tilskilið ½ st. kaffihlé tvisvar á dag, eða tilsvarandi stytting á vinnutímanum, en það er ekki tekið fram í frv., svo að mismunurinn er þá ekki nema 9 stundir á viku.

Ég vildi aðeins taka þetta fram til að sýna, að meðal meistara var ekki meiri eining um að koma þessu máli fram en ég hefi nú lýst.

Frsm. minni hl. (Guðbrandur Ísberg) [óyfirl.]: Hv. frsm. meiri hl. skýrir frá því, að till. hafi ekki verið samþ. einróma á iðnaðarþinginu. Það er nú sjaldgæft, að mál séu þannig, að allir séu sammála um þau, og það stendur þó eftir sem áður óhaggað, að meiri hl. iðnaðarþingsins féllst á, að rétt væri að gera þessar breyt.

Ég vil líka benda á, hversu óeðlilegt það er, þar sem menn, sem eru ekki yngri en 16 ára, eru að vinna með sveinum og meisturum, sem vinna í 10 tíma á dag, þann tíma, sem nemandinn gegnir ekki námi, að nemendurnir fari úr vinnu tveimur tímum á undan hinum. Það er óvíst, að þeim sé nokkuð betra að flækjast í þessa tvo tíma á götunni heldur en að vinna að sínu námi. Þetta mundi líka valda óánægju og glundroða hjá þeim, sem með þeim ynnu, ef þessir menn væru látnir hætta vinnu á undan þeim, og einnig alveg óvíst, að nemendum væri á nokkurn hátt greiði gerður með þessu. Annað mál er með námssveina; ef vinnutíminn er ekki nema 8 stundir á dag, þá er sjálfsagt að þeir vinni ekki lengur en hinir, en til þess þarf ekkert sérstakt ákvæði, því í brtt. er svo ráð fyrir gert, að vinnuvikan sé allt að 60 stundir, en ekki fastákveðið, að hún verði að vera svo löng.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
2.—7. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.
Brtt. 566,1 (ný 8. gr.) samþ. með 13:7 atkv.
9.—10. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.
Brtt. 566,2 samþ. með 17 shlj. atkv.
11. gr., svo breytt, samþ. með 20 shlj. atkv.
Brtt. 566,3 samþ. með 18 shlj. atkv.
12. gr., svo breytt, samþ. með 17 shlj. atkv.
13.—24. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 20 shlj. atkv.

Á 81. fundi í Nd., 23. nóv., var frv. tekið til 3. umr. (A. 595, 597).

Of skammt var liðið frá útbýtingu brtt. 597. — Afbrigði leyfð og samþ. með 18 shlj. atkv.

Frsm. minni hl. (Guðbrandur Ísberg): Við 2. umr. þessa máls var samþ. brtt. við 8. gr. frv., en þess þá eigi gætt, að með þeirri breyt. féll niður ákvæði um það, að setja skyldi reglugerð um bóklegt nám. Þetta ákvæði féll niður án þess að til þess væri ætlazt, enda mátti það ekki tapast úr lögunum, þar sem í nokkrum öðrum gr. frv. er vísað til þessarar reglugerðar. Ég hefi því flutt brtt. á þskj. 595 um að bæta þessu ákvæði um reglugerðina aftur inn í, og óska ég, að brtt. verði samþ.

Frsm. meiri hl. (Emil Jónsson): Ég er alveg samþ. þessari brtt., hún er sjálfsögð leiðrétting, því án hennar yrðu ýms önnur ákvæði í frv. meiningarlaus. Ég legg því til, að brtt. hv. þm. Ak. verði samþ.

ATKVGR.
Brtt. 595 samþ. með 18 shlj. atkv.
Frv., svo breytt, samþ. með 20 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 78. fundi í Ed., 25. nóv., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 611).

Á 80. fundi í Ed., 27. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv. og til iðnn. með 11 shlj. atkv.

Á 97. fundi í Ed., 17. des., var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 98. fundi í Ed., 18. des., var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 611, n. 834, 847).

Frsm. (Páll Hermannsson): Þetta frv. hefir þegar fengið afgreiðslu í Nd., og að ég ætla með sæmilegu samkomulagi. Í frv. eins og það er lagt fyrir þingið má sjá allglögga grg. fyrir málinu. Ég hirði því ekki um að lýsa því almennt, það yrðu aðeins endurtekningar. Iðnn. þessarar d. hefir athugað frv. og hefir rætt við ýmsa, sem málið snertir, t. d. allmarga meistara og iðnrekendur í ýmsum iðngreinum hér í bænum. Þeir hafa ýmislegt út á lagafrv. að setja, en n. hefir ekki sem heild getað fallizt á, að þær aðfinnslur væru á rökum byggðar.

Eins og sést á nál., vilja 2 nm. samþ. frv. óbreytt. Einn í n., hv. 5. landsk., vill að vísu samþ. frv., en með breyt. Þær breyt. eru á þskj.

847, og hirði ég ekki um að ræða þær fyrr en hv. þm. hefir mælt fyrir þeim, en ég get getið þess, að það sem þær ná, þá eru þær í samræmi við þær aðfinnslur, sem n. hafa borizt frá meisturunum. Ég geri ráð fyrir, að hv. 5. landsk. mæli fyrir brtt. sínum á þskj. 847, og mun ég taka þær til yfirvegunar að því loknu.

Guðrún Lárusdóttir: Það eru tvær brtt., sem ég hefi leyft mér að bera fram við frv. Viðvíkjandi fyrri brtt., við 10. gr. frv., þá legg ég þar til, að felld verði niður orðin„þar með talinn pappír, bækur og teikniáhöld, og annað það, sem námið óhjákvæmilega útheimtir". Lærimeistarinn á þannig bæði að kosta nemandann í skóla og leggja honum til áhöld og annað til námsins. Um þetta má segja, að það er yfirleitt ekki siður, að þessir hlutir séu látnir ókeypis í skólum landsins. Nemendur kosta þetta alstaðar sjálfir, eða aðstandendur þeirra, og virðist því einkennilegt og óeðlilegt að gera þessa breytingu við þennan eina skóla, og einkanlega, þegar tekið er tillit til þess, að þeir, sem stunda nám við þennan skóla, hafa kaup, misjafnlega mikið kaup að vísu, sem fer eftir því, hvað langt er liðið af námstímanum.

Um þetta urðu allmiklar umr. í n., og að vilja meistaranna, sem mest áttu tal við n., flyt ég þessa brtt. Ég vil, með leyfi hæstv. forseta, lesa upp úr grg. þeirra í bréfi, er þeir sendu til iðnn.:

„Sú hefir verið venja, að lærimeistari greiði kennslukostnað, þ. e. skólagjald, fyrir nemanda, en að nemandi beri sjálfur kostnað við kaup námstækja, svo sem bóka, teikniáhalda o. s. frv. Kostnaður við öflun og viðhald námstækja getur verið mjög breytilegur, og fer það að miklu leyti eftir því, hve hirðusamur nemandi er um viðhald og varðveizlu þessara hluta.

Eðlilegast er, að nemandinn eigi námstækin sjálfur, því það skapar honum heilbrigt aðhald um hirðusemi og nýtni, en eigi hann lögum samkvæmt aðgang að meistara sínum um ný tæki í stað þeirra, sem fara forgörðum fyrir illa meðferð, þá mundi það hafa spillandi áhrif á uppeldi hans, skapa lærimeistaranum óþarfa útgjöld og vera opin leið til misnotkunar".

Þannig er grg. þeirra manna, sem óskað hafa eftir því, að brtt. á þskj. 847 væru teknar upp í frv. Ég hygg, að í þessu felist mikill sannleikur. Auk þess hefi ég talað við fleiri menn, m. a. skólastjóra iðnskólans, og borið málið undir hann. Hefir þeim öllum borið saman um, að betra væri, að nemendurnir ættu bækurnar og áhöldin sjálfir, heldur en taka við gömlum áhöldum af öðrum. Mér þykir það því þess vert að taka þetta til greina.

Þá flyt ég brtt. við 12. gr. frv. Mér sýnist það muni vera skynsamlegri og eðlilegri leið, að binda þetta ákvæði í tryggingarlögum heldur en hafa það í frv., er lýtur að námi.

Ég ætla ekki að hafa fleiri orð um brtt.; hv. d. ræður, hvað hún gerir við þær, en að öllu athuguðu sá ég ekki annað fært en að líta á hag þeirra manna, sem kostnaðinn eiga að bera, engu síður en hinna, sem réttindanna eiga að njóta.

Frsm. (Páll Hermannsson): Út af fyrri brtt. hv. 5. landsk. vil ég segja það, að ég geri ráð fyrir, að slíkt ákvæði, um að meistararnir leggi til námsbækur og áhöld, sé sett til þess að tryggja það, að iðnneminn fái þessi áhöld og hafi þau. Það er nú svo, að þetta eru fátækir unglingar, er fá litla þóknun fyrir starf sitt, og gæti því farið svo, að þá vantaði þessi námstæki, ef ekki væri séð fyrir því af meisturunum, enda má og á það líta, að vanalega er samið um þóknun til iðnnemans í byrjun, og mætti þá taka tillit m. a. til þessa ákvæðis laganna. Ég játa, að það gæti viljað til, að nemandi færi verr með áhöldin, ef hann fengi þau ókeypis til afnota, en það færi eftir því, hvernig hver og einn er gerður, og mundi í mörgum tilfellum vera alveg sama, því sá, sem er nýtinn og hirðusamur, færi vel með þau, hver sem teldist vera eigandi.

Um síðari brtt. lít ég þannig á, að hún geti ekki náð samþykki. Tryggingarlöggjöfin nær ekki yfir þetta atriði, t. d. um fæði og aðhjúkrun, sem veikir menn skulu fá. Mér virðist líka, að ákvæðin eins og þau eru sett fram í 12 gr. frv. séu eðlileg, og og blátt áfram ætlazt til líks og fram að þessu hefir verið ætlazt til af meisturunum. Það er gengið út frá, að komi slík veikindi fyrir, standi meistari straum af nemanda í 6 mán. Þetta hefir verið svo um þá nemendur, sem hafa búið hjá meisturum, en það þykir rétt, að þetta gangi jafnt yfir alla nemendur, hvort sem þeir búa hjá meisturum eða ekki. Væri hálfóviðkunnanlegt, að þessir menn yrðu að gerast þurfalingar, ef veikindi bæri að höndum.

Aftur á móti um slysa- og sjúkratryggingu er gert ráð fyrir, að meistari tryggi sína nemendur, og geri því ekki annað en greiða tryggingargjöld eða iðgjöld, og tryggi á þann veg sjálfan sig fyrir áhættunni.

Ég sé ekki ástæðu til að fjölyrða frekar um þessar brtt., en get lýst því yfir, að meiri hl. n. fellst ekki á þær.

Guðrún Lárusdóttir: Ég skal ekki tefja fyrir hv. d. með karpi um málið. Það liggur ljóst fyrir. Viðvíkjandi áhöldum og bókum vil ég segja það, að öll sanngirni virðist mæla með því, að nemendur kosti það sjálfir, jafnt í iðnskóla sem í öðrum skólum. Mér er sagt, að í iðnskólanum séu um 200 nemendur, og að bækur og áhöld muni kosta um 40—50 kr. handa hverjum þeirra. Þegar þessum útgjöldum er bætt á fáa, verða þau tilfinnanleg, sem þau eru ekki, ef hver einstakur greiðir fyrir sig. Þess vegna álít ég það rétta leið, sem meistarar vilja fara.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.

2.—9 gr. samþ. með 9 shlj. atkv.

Brtt. 847,1 felld með 8:7 atkv.

10. gr. samþ. með 9:1 atkv.

11. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.

Brtt. 847,2 felld með 8:7 atkv.

12. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.

13.—24. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3 umr. með 9 shlj. atkv.

Á 100. fundi í Ed., 20. des., var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 8:5 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: BSt, HG, HermJ, IngP, JBald, PHerm, SÁÓ, EÁrna.
nei: ÞÞ, JAJ, MG, MJ, PM.
Þrír þm. (ÞBr, GL, JJ) fjarstaddir.
Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (A. 921).

75. Lýðskóli með skylduvinnu nemenda.

Á 56. fundi í Nd., 24. okt. var útbýtt:
Frv. til l. um heimild fyrir sýslu- og bæjarfélög til að starfrækja lýðskóla með skylduvinnu nemenda gegn skólaréttindum (þmfrv., A. 421).

Á 58. fundi í Nd., 28. okt., var frv. tekið til 1. umr.
Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 20 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

Flm. (Jóhann Jósefsson): Mál þetta er öllum hv. þdm. svo kunnugt, að ekki er ástæða til að hafa um það mörg orð nú. Hugmynd sú, sem liggur til grundvallar fyrir frv. þessu, er að sameina vinnu og nám hjá ungu fólki. Það er og þungamiðja frv. Úti um heim er þessi hugmynd farin að gera nokkuð vart við sig, og hefir sumstaðar verið tekin upp til framkvæmda. Ég býst nú við, að enda þótt Íslendingar hafi verið seinir að átta sig á þessu máli, þá muni þess ekki langt að bíða, að þeir sjái, að það sé bæði heilbrigt og merkilegt mál, sem eigi líf fyrir hendi. Mál sem eigi eftir að verða til gagns fyrir þjóðfélagið. Sá maður, sem hefir undirbúið mál þetta og ber það mest fyrir brjósti, er sýslumaðurinn í Rangárvallasýslu, Björgvin Vigfússon. Hann er kunnur að því að hafa barizt mjög mikið fyrir þessu máli og gert það að sínu lífsáhugamáli síðustu árin. Ég spái því, að það eigi eftir að halda uppi nafni hans, er fram líða stundir, meira en margt annað.

Sumir af þeim, sem nú flytja þetta frv., hafa gert það að skilyrði, að þeir hefðu óbundnar hendur um einstök atriði í frv., en hinsvegar eru þeir allir sammála um grundvallaratriði þess.

Ég vil svo að síðustu, með leyfi hæstv. forseta, lesa upp lokasetninguna í grg. höfundarins, sem fylgdi þessu frv. á Alþingi 1933: „Ef þingmenn aðeins geta komið auga á kjarna málsins, og gert rækar úr huga sínum allar grýlur, ætti það að taka lítinn tíma fyrir þinginu að afgreiða frv. sem lög, og þingmennirnir ættu þegar að geta ráðið það við sig, hvort þeir vilja vera þekktir að því að synja þjóðinni þess framtíðar verkefnis, sem í frv. felst".

Að svo mæltu vil ég mælast til þess, að frv. verði vísað til 2. umr. og menntmn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 19 shlj. atkv. og til menntmn. með 17 shlj. atkv.

Á 64. fundi í Nd., 4. nóv., var frv. tekið til 2. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 65. fundi í Nd., 5. nóv., var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 421, n. 450, 465).
Of skammt var liðið frá útbýtingu brtt. 465. — Afbrigði leyfð og samþ. með 18 shlj. atkv.

Frsm. (Eiríkur Einarsson): Frv. það, sem hér er til umr., hefir það til síns ágætis umfram annað frv., sem einnig er um skólamálefni og var rætt hér í hv. d. í gær, að hér þarf ekki að deila um faðernið, eins og ástæða var til um hitt. Það vita allir, að þetta er skilgetið frv. Björgvins Vigfússonar sýslumanns og hefir verið mikið áhugamál hans nú um langan aldur. (FJ: Er það ekki eingetið?). Það er skilgetið — hitt getur legið á milli hluta.

Það er óþarft, að ég tel, að fara mörgum orðum um þetta frv., af þeirri ástæðu, að frumkvöðull þess og hvatamaður hefir skýrt það svo vel og lengi fyrir hv. Alþingi, að þar þarf fáu einu við að bæta. Og ég geri ráð fyrir, að hv. dm. viti að öllu leyti og ótvírætt deili á þessu málefni eins og það liggur fyrir.

Það er það stóra nýmæli í þessu frv., sem Björgvin Vigfússon sýslum. stendur að, að hann vill útfæra hina gömlu reglu um, að menn skuli neyta síns brauðs í sveita síns andlitis, nokkru lengra og segja ennfremur og lögfesta á þessu sviði, að í sveita síns andlitis skuli menn einnig leita menningar sinnar og menntunar. Hann vill sem sagt, að réttindi og skyldur á þessu sviði fari sem næst því að svara hvort til annars.

Ég er þess vís, að þessi hugsun höfundar frv. er það góð, að margir þm. vilja ljá lið sitt til að þetta frv. nái fram að ganga á þessu þingi. En það kann að vera, að það finnist í frv. ýms atriði, sem mætti gagnrýna og betur mættu fara á annan veg en frvgr. segja til um. Enda orkar það ætíð tvímælis, hvort einstök atriði geta farið betur á annan hátt eða ekki, en það er stefnumið frv., sem er megin þess, og um það orkar eigi tvímælis.

Ég hygg, að þeir, sem aðhyllast þetta sjónarmið höfundar frv., telji hættuminna að samþ. það og lofa því að verða að lögum, vegna þess, að það eru reistar ýmsar ákveðnar hömlur í frvgr. sjálfum, sem taka af öll tvímæli um, að ekki verði rasað fyrir ráð fram um byggingu slíkra skóla, eða að ráðizt verði í byggingu þeirra fyrr en fjárhagur ríkis og önnur atvik segja til um.

Það er eins og frv. ber með sér, að það síast heima fyrir í sýslunefndum og leitar þar aukins meiri hl., og það verður ekki framkvæmt fyrr en fé er veitt til skólabygginga í fjárlögum og

þar fram eftir götunum. Svo að ef hið háa Alþingi telur frv. hættulegt að þessu leyti, er það vantraust á Alþingi sjálft, þar sem því er einmitt fenginn ákvörðunarrétturinn um það, sem mestu skiptir, — hvenær byrja skuli á að reisa þessa skóla.

Ég get reynt að láta þessi fáu orð nægja af hálfu n., sem hefir litið yfir frv., en vil þó bæta einu við frá mér sérstaklega. Og það er það, að *þó að menntamn. — og þá ég þar á meðal*, sem starfa í n. og er einn af flm. frv. — vilji ljá þessu málefni liðsyrði og stuðla að því, að það nái fram að ganga á þessu þingi eins og það horfir nú við, þá vil ég ekki þar með segja, að *þetta falli á hentugan hátt inn í skólakerfi* þjóðarinnar. Ég vil fremur segja, að það geri hvorki að bæta eða spilla skólakerfinu eins og það liggur fyrir í heild, heldur er sanngirni þess á sviði „principsins", sem vakir fyrir Björgvin Vigfússyni, *sem gerir það að verkum*, að frv. verðskuldar að ná fram að ganga. En þetta frv. og ýms önnur skólamál, sem hafa legið fyrir undanförnum þingum og liggja fyrir þessu þingi, eru sönnunargögn fyrir því, að skólakerfi landsmanna *er að ýmsu leyti á ringulreið*. Skólakerfi landsmanna vantar einmitt allra mála mest skipulagningu í þess orðs góðu merkingu. Þegar við litum til þess, hvernig er ástatt um fræðslumál í sveitunum og hugsum til búnaðarskólanna og héraðsskólanna, *einstakra sérskóla* og ýmissa sérgreina, svo sem kennaramenntunar með tilliti til prestmenntunar, og fleira mætti telja, þá er skipulagsleysið og ringulreiðin svo mikil um þessi fræðslumál, að ómögulegt er, að *líði á löngu áður en Alþingi sér nauðsyn* til þess að hefjast handa og breyta einhverju þar til, ekki á kostnað nemendanna, heldur með tilliti til þess, að þeim verði það til hagsbóta. Og til þess að þeir viti og finni, að það sé að einhverju *heilsteyptu og kerfisbundnu* að hverfa til almennrar menntunar æskulýðnum yfirleitt, og í trausti þess, að breyting á þessu sviði geti jafnframt því, að menntunin verður öruggari, komið fram sparnaði fyrir ríkissjóðinn sjálfan.

Þó að þetta *liggi* fyrir utan þetta sérstaka frv. og ég telji það hvorki mæla með því eða móti, vildi ég samt, úr því að um skólamál er að ræða, slá þessu fram sem veigamiklu atriði.

Ég vil svo láta máli mínu lokið með þeirri till., að hv. d. þóknist að ljá frv. samþ. sitt, með tilliti til þeirrar göfugu hugsunar, sem á bak við frv. liggur frá hálfu þess manns, sem barizt hefir fyrir því og er þess valdandi, að það er komið hér inn á þing.

Bjarni Bjarnason: Ég er, eins og nál. menntmn. ber með sér, einn í þeirra tölu, sem ekki ætla að bregða fæti fyrir þetta mál, en hefi þó komið með brtt. við tvö atriði.

Fyrri brtt. er þess *efnis*, að skólaskyldan komi ekki endilega niður á sama árið og skylduvinnan er unnin, heldur megi hlutaðeigandi nemandi velja um 4 næstu árin, ef honum þykir hentugra.

Hitt atriðið er, að *niður falli orðin „í annari sýslu"* í 2. málsgr. 1. gr. Ef héraðsskóli og skylduvinnuskóli eru í sömu sýslu, virðist ekki eiga að leysa menn undan skylduvinnu, enda þótt þeir hafi lokið námi í þeim héraðsskóla. En aftur á móti ef héraðsskóli er ekki í sýslunni, sem skylduvinnuskólinn er í, á samkv. ákvæðum frv. að undanþiggja þá nemendur, er þar hafa stundað nám, þeirri skyldu að inna þessa vinnu af hendi.

Ég veit, að menn sjá þetta, ef þeir athuga það. En það er óréttlátt, ef héraðsskóli er í sýslunni, að leysa ekki einnig nemendur, er þar hafa lokið námi, undan þessari skyldu.

Jóhann Jósefsson: Ég vil fyrir hönd okkar flm. frv. þakka hv. menntmn. fyrir góða og fljóta afgreiðslu á þessu máli, og þó einkum og sér í lagi þau sterku og eindregnu meðmæli, sem hv. frsm. n. hefir borið fram með frv. Hefi ég engu þar við að bæta öðru en því, að ég óska þess, að hv. d. taki til greina þau rök og þær óskir, sem hv. frsm. bar fram þessu máli til handa.

Að því er snertir brtt. hv. 2. þm. Árn., þá sé ég ekki ástæðu til þess að leggjast á móti þeim, hvorri sem er, og það sérstaklega eftir að hafa heyrt hans eigin skýringu á brtt. undir staflið a., þar sem hv. flm. skýrir það, sem mér var ekki ljóst fyrst, er ég las brtt. Í stað þess, sem í frv. er ákveðið, að kennslan, sem komur í endurgjald fyrir þá vinnu, sem af hendi er leyst, komi þegar á næsta vetri í 6 mánaða tíma, þá ætlast hv. flm. brtt. á þskj. 465 til, að hlutaðeigandi nemandi hafi óbundnar hendur um, á hverju af næstu 4 árum hann noti sér þessa kennslu. Sem sagt, ég sé ekki neina ástæðu til að vera á *móti* þessu og greiði því atkv. með brtt. Þó skal ég geta þess, að hér tala ég ekki nema fyrir mig einan af flm., því að ég hefi ekki haft tíma til að minnast á brtt. við þá, því að hún er svo nýkomin fram.

Önnur brtt. á þskj. 465, sem er merkt b, fjallar um 2. málsgr. 1. gr., og virðist mér hún eiga líka talsvert til sins máls og að réttara sé, að undanþágan gildi um þá, er tekið hafa próf í héraðsskóla, hvort sem hann er í sýslu, þar sem skylduvinna *er innleidd*, eða hann er utan þeirrar sýslu. Ég get mér þess til, að það hafi kannske legið til grundvallar þessu orðalagi hjá höfundi þessa frv., að í þeirri sýslu, sem hann hefir sérstaklega fyrir augum, að þetta skólafyrir*komulag verði hafið fyrst*, er enginn slíkur héraðsskóli, og að honum hafi orðið starsýnt á héraðsskóla nágrannasýslunnar, og e. t. v. að orðalagið af þessum ástæðum hafi fallið á þennan veg.

Ég verð að *segja*, að ég fellst á röksemdir hv. flm. brtt. á þskj. 465, og ég hygg, að ég hafi skilið þær rétt og sé því ekki ástæðu til að mæla á móti því, að brtt. verði samþ. Ég held, að svo sé ekki ástæða til, ef ekki gefast ný tilefni, að *lengja þessar umr.*, og vona ég, eins og allir velunnarar þessa máls, að það fái greiðan gang í gegnum þessa hv. d.

Jörundur Brynjólfsson [óyfirl.]: Það var réttilega fram tekið hjá hv. frsm. n., að þetta mál er hér ekki nýr gestur í þessari hv. d. Það er búið að flytja það á mörgum þingum og ekki

fengizt afgr. Það er að vísu nokkuð breytt frá því, að það var upphaflega borið fram. Það er búið að breyta allverulega til um efni þess, en eigi að síður heldur það sínum höfuðkjarna, sem það upphaflega hafði. Það er eins og hv. flm. sé líka ljóst, að það sé eitthvert vansmíði á þessu máli. Þeir skírskota að vísu í grg. fyrir frv. til þeirrar grg., sem áður fylgdi frv., og þá í öðrum búningi en það er nú í. En svo nægir þeim ekki slík röksemdafærsla til stuðnings málinu, svo að þeir taka fram, að einstakir flm. hafi óbundin atkv. um nokkur atriði frv. Ekki er þess getið, hver þessi „nokkur atriði" eru. Nefnd fær þetta mál til meðferðar, sem á að vera einhver virðulegasta n. þingsins, því að fyrst og fremst er þó það um málefni alþjóðar að segja, að menningarmál hennar hafa einna mest að segja um þroska og þrif þjóðarinnar. Það er því einhver virðulegasta n. þingsins, sem hefir fengið þetta mál til meðferðar. En þar sem svo er, skyldi maður ætla, að n. hefði tekið sér nægan tíma til að athuga það vendilega og íhuga. Álit þessarar virðulegu n. liggur nú fyrir, og mun ég lesa það upp, með leyfi hæstv. forseta. Það er stutt, og tekur ekki langan tíma að lesa það (ég sleppi formálanum):

„N. hefir athugað frv. þetta, og leggur hún til, að það verði samþ. Einstakir nm. áskilja sér þó, á sama hátt og flm. frv., óbundna afstöðu um nokkur atriði frv."

Svo er nú nál. ekki lengra. Bæði flm. frv. og n. hugsa sér auðsjáanlega til nokkurra breytinga á því. Aðeins einn þessara manna hefir þó sýnt nokkurn lit á því, að hann vilji í raun og veru hafa frv. öðruvísi en það er. Það er hv. 2. þm. Árn., og er mér ekki grunlaust um, að ég hafi flýtt nokkuð á honum með því að benda honum á, að þetta væri ósæmileg afgreiðsla á þingmáli, að eftir að n. hefir fengið málið til meðferðar, þá áskilji bæði nm. og flm. sér óbundnar hendur um nokkur atriði þess. Það getur verið, að þeir hafi borið saman ráð sín um það, hver þessi atriði skuli vera. En það er þó ónærgætni við okkur hina, sem ekki fluttum málið inn á þing og ekki höfum getað kynnt okkur álit nm., að bera þá ekki þær brtt. fram einmitt við þessa umr. En mér er annars ekki grunlaust um, að þeir vildu gjarnan hafa óbundnar hendur um öll atriði frv. Það hefir alltaf verið vilji flm. um þetta frv. Ég ætla ekki að fara að kasta steini á þann mann, sem hefir undirbúið þetta frv. og ætlað því að verða til góðs. Hann er nú ekki viðstaddur og getur ekki varið sig. Það er þeirra þm., sem tekið hafa málið að sér að bera af sér blakið.

Mín skoðun er sú, að þetta mál eigi ekki erindi til lögfestingar. Þetta skólafyrirkomulag myndi ekki bæta fræðsluástandið í landinu. Það má að vísu segja, að ekki sé mikið í hættu, þó að þetta nái hér samþ. En ég er viss um, að það kemur aldrei til framkvæmda. Þó að stjórnarvöld einhverrar sýslu vildu koma þessu fyrirkomulagi á, er ég viss um, að kjósendur myndu hvarvetna fella það. Sýnir allur flutningur þessa máls á þingum, ekki aðeins af hálfu þm., heldur og n., að menn hafa ekki trú á, að það komist fram. Það er af tillátssemi við mann þann, sem lagt hefir vinnu í málið og trúir á það, að þetta er flutt hér. En það getur ekki verið réttlætanlegt, að menn séu að flytja mál, sem þeir hafa enga trú á. Misréttið eitt, sem hér á að skapa, hlýtur að gera það að verkum, að menn geta ekki trúað á málið, því að hér er ekki um það eitt að ræða, að verið sé að skylda fjölda ungra manna til opinberrar vinnu, enda þótt þeir eigi að fá nokkra skólavist fyrir, heldur og hitt, að á engan hátt er leitazt við að fullnægja menntunarþörf ungra kvenna. Í frv. segir, að ekki skuli byggja þessa skóla fyrir stúlkur fyrr en reynsla sé fengin af piltaskólum.

Ég ætla ekki að rekja frekar, hversu ómögulegt þetta mál yrði í framkvæmd. En ég vona, að hv. þm. hafi þann trúleik til að bera, að þeir fari ekki að lögfesta hluti, sem þeir hafa enga trú á og leiða hljóta til misréttis gagnvart þegnum þjóðfélagsins.

Ég neyddist til að taka hér til máls, af því að mér sýndist sem Alþingi ætlaði að fara að samþ. þetta mál og af því að mér ofbauð óeinlægni menntmn. og flm., en ég vil ógjarnan verða bendlaður við slíka málsmeðferð á Alþingi.

Jóhann Jósefsson: Hæstv. forseti hefir fundið hjá sér hvöt til að tala um þetta mál og afgreiðslu þess á annan veg en hingað til hefir verið um það rætt á þessu þingi. Það er þá fyrst um ásakanir hans í garð okkar flm. að segja, að það er engin nýlunda og engin undantekning frá reglunni, að um frv., sem oft hefir legið fyrir Alþingi, sé vísað til grg., sem áður hefir verið lögð fram með frv., en ekki verið að prenta upp ár eftir ár sömu skjölin með sama málinu. Það skiptir engu máli, þótt nokkrar minni háttar breyt. hafi verið gerðar á málinu. Þær röksemdir, sem fram koma í hinum fyrri grg., gilda enn í dag. Ætti hæstv. forseti að telja það lofsvert, að ekki sé verið að prenta upp þessar röksemdir, sem allir hafa við hendina í þingtíðindunum, og auka þannig á óþarfa kostnað þinghaldsins. Þessar ákúrur í okkar garð hafa því ekki við nein rök að styðjast.

Þá hefir það oft komið fyrir, að menn hafi fylgzt að um flutning máls, þó að nokkrir flm. hafi áskilið sér rétt til að vera með breytingum, ef svo vildi verkast. Annars býst ég við, að óþarfi sé, að ég sé að svara f. h. n. Það getur hún eflaust sjálf.

Þá fullyrðir hæstv. forseti, að hann sé sannfærður um, að þó að frv. yrði að l., þá myndi það ekki koma til framkvæmda í héruðum. Unga fólkið myndi leggjast á móti málinu. Það er til lítils að fara að deila við hann um þetta, og sleppi ég því.

Þá kallaði hann það ókosti á frv., að það skerti frelsi fólksins. Nú ber þess að gæta, að hér er aðeins um heimildarl. að ræða. Ég þykist vita, að hann vilji láta telja sig með þeim mönnum, er hylla vilja lýðræði fólksins, og hér er það lagt í vald fólksins sjálfs, hvort það vill ganga þessa braut eða ekki, hvort það vill leggja á sig þá kvöð, sem hér um ræðir, til þess að geta fengið ókeypis kennslu á öðrum tíma ársins eða seinna. Ég get ekki séð, þegar málinu er haldið á þessum grundvelli, að meiri hluti kjós-

enda eigi að skera úr um það, að þá sé á nokkurn hátt verið að skerða lýðræðið.

Þá var það ein aðfinnsla hans, að hér væri gert upp á milli pilta og stúlkna, þar sem frv. ákvæði að stíga ekki þetta spor að því er stúlkur snertir, fyrr en fyrirkomulagið hefði verið prófað. Þetta finnst mér sízt ókostur á frv. Hér er gætt fyllsta hófs. Þó að þeir, sem að frv. standa, séu sannfærðir um, að málið sé til bóta, vilja þeir samt ekki í neinu rasa um ráð fram. Tilkostnaðurinn einn réttlætir þetta líka fullkomlega. Ef málið gæfist illa og þjóðin vildi ekki hafa það, væri illt að hafa lagt í mjög mikinn tilkostnað.

Það er ekki aðeins hér, að þessi hugmynd hefir stungið upp höfðinu, að sameina á þennan hátt vinnu og nám. Þetta fyrirkomulag hefir verið reynt í öðrum löndum, og þó að reynslan sé enn ekki löng, þá held ég ekki, að hún hafi sýnt, að þetta sé stórgallað fyrirkomulag.

Ég er sannfærður um, að þótt hæstv. forseti hafi farið hörðum orðum um frv., þá muni hann sjá við nánari athugun, að orð hans hafa ekki við rök að styðjast. Þykist ég vita, að svo mætur maður sem hann er muni viðurkenna grundvallarhugsjón þá, sem frv. byggist á, að sameina þarfir sýslnanna fyrir ýmiskonar vinnu og þarfir unglinganna fyrir menntun. Það verður enginn unglingur minni maður, þótt hann leggi nokkuð í sölurnar fyrir þau gæði, er honum falla í skaut. Meðal þessara gæða er námið, bóklegt og verklegt, sem er eitt af því bezta, sem unglingum verður í té látið. Og það minnkar ekki manndóminn, þó að þeir hafi sjálfir orðið eitthvað til að vinna að öðlast þetta hnoss. Ég efast ekki um, að hæstv. forseti er mér samdóma í því, að þetta er rétt hugsað. Mennirnir vaxa ekki við það, að allt sé lagt upp í hendurnar á þeim. Þeir þroskast á því að glíma við verkefnin. Því er það, að grundvallarhugsjón frv. mun snerta strengi í hjörtum margra landsmanna, sem óska þess, að heilbrigt þjóðlíf þroskist í landinu.

Ég skal ekki skipta mér af því, hvort hæstv. forseti hefir átt þátt í brtt. hv. 2. þm. Árn. eða ekki. Þær gætu verið jafnréttmætar, hvort sem væri. Ég vil aðeins skjóta því til hv. d., að ég vona, að hún taki ekki undir þann þunga áfellisdóm, sem hæstv. forseti kvað upp yfir frv., í óákveðnum orðum þó, heldur lofi því að fara gegnum þingið í þeim búningi, sem það hefir nú, eða lítið breytt.

Sigurður Einarsson: Ég skal ekki eyða miklum tíma í efni frv. Ég hefi ekki að svo stöddu hagnýtt mér þann rétt, sem ég hefi áskilið mér til að bera fram brtt. við það. Ég get ekki sagt, að ég geri mér miklar vonir um endurbætur í skólamálum þjóðarinnar, byggðar á þessu frv., en ég get ekki heldur séð, að það sé eins háskalegt og skilja mátti af orðum hv. 1. þm. Árn. Ég tel það ekki heldur neina ónærgætni gagnvart honum eða öðrum hv. þm., þó að brtt. kæmu fram við 3. umr. frá okkur nm. Ég veit ekki til, að nokkur þingsköp banni það.

En ég stend hér upp vegna orða hæstv. forseta í garð menntmn. Ég varð hissa, þegar ég heyrði hann hella sér yfir nm. með jafnsvæsnum áfellisdómi og raun bar vitni um. Auðvitað er honum velkomið að halda refsiræður, ef tilefni er til, en í þetta skipti hafði ekkert tilefni verið gefið. Hann benti á, að nál. væri stutt. Ef það er aðalhneykslunarhellan, þá er það sönnun þess, að hann hefir ekki athugað frv. nógu vel. En nál. var líka ódýrt. Ef til vill hefir það hneykslað hæstv. forseta.

Hæstv. forseti talaði um fáheyrða óeinlægni, sem fram hefði komið í flutningi þessa máls. Ég veit að vísu ekki, hvað vakir fyrir hv. flm. frv. En ég get sagt að því er til mín kemur, að þetta eru ekki annað en stóryrði, sem ekki hafa við nein rök að styðjast. Ég veit ekki, hvort hv. 1. þm. Árn. þarf öðruhverju að grípa til ákveðinna ráðstafana til að sýna kjósendum, að hann sé dyggari þm. en aðrir. En þessi ræða hans gæti gefið ástæðu til að ætla slíkt.

Ég álít, að n. eigi engin ónot skilið fyrir afskipti sín af þessu máli. Ég hefi ekki setið á þingi mjög lengi, en þó nógu lengi til þess, að ég hefi séð alvarlegri óeinlægni vera viðhafða í ýmsum málum, og hv. 1. þm. Árn. hefir þagað.

Jörundur Brynjólfsson [óyfirl.]: Það er vorkunn, þó að menn þeir, sem að frv. standa, reyni að klóra í bakkann og afsaka afslátt flm. og afgreiðslu n.

Ég ætla að fara aftan að siðunum og svara fyrst þeim, sem síðast talaði, hv. 9. landsk. Hann taldi afgreiðslu af hálfu n. ekki átöluverða. Hann hefir boðað brtt., er flutt skuli við 3. umr. Við það hefi ég ekkert að athuga. Það er heimilt. Hann hefir tekið þátt í afgreiðslu málsins í menntmn. Nú ætlar hann að bera fram brtt. við frv., svo að eitthvað hlýtur að vera í því, sem hann er ekki ánægður með. Ég býst við, að það sé eitthvað annað en það, sem hv. 2. þm. Árn. hafði við frv. að athuga, því að hans till. eru komnar. Ef hv. þm. hefði nú getið þess, hvaða atriði það eru, sem hann hefir hug á að breyta, þá hefðum við hinir átt auðveldara með að átta okkur á því, hvort málið myndi við þær breytingar taka þeim búningsbótum, að við gætum fallizt á þær. — Ég ætla, að ekki þurfi að fjölyrða frekar um hans ræðu, en það, að hann vildi mæla bót áliti menntmn., undraðist ég mjög, þar sem hann hefir lýst því yfir, að hann mundi flytja brtt. við frv. við 3. umr. Hlýtur frv. því að hafa eitthvað það í sér fólgið, sem hann telur athugunarvert og þurfi frekari breyt. en fram eru komnar í brtt. hv. 2. þm. Árn. Annars skiptir það litlu máli, en hitt er engin afsökun — og það veit ég, að hv. þm. mun samþ. með mér —, þó að hann kunni að vita einhver dæmi þess, að mál hafi fengið ennþá lélegri afgreiðslu í n. en þetta frv. hefir nú fengið hjá hv. menntmn. Ég veit, að hann er sammála um, að slíkan mælikvarða er ekki hægt að leggja á afgreiðslu mála.

Ég læt þetta svo nægja um ræðu hv. þm., en vitaskuld tek ég mér minn rétt til aðfinnslu, þegar eitthvað er vítavert.

Þá vil ég víkja að hv. 1. flm. þessa frv., hv. þm. Vestm. Vitanlega var ég alls ekki að víta, þó að frv. fylgdi ekki sú sama grg. og upphaf-

lega, en ég benti aðeins á, að frv. þetta er nú allmjög öðruvísi í búningi en þegar það kom hér fyrst fram. Hann gat þess, að það gæti verið gott fyrir sýslufélögin að hafa þessi lög til að koma fram umbótum í héraðinu, og unglingarnir hefðu gott af að vinna fyrir námi sínu, og um það atriði get ég verið hv. þm. alveg sammála, að unglingarnir hafa ekki nema gott af því að vinna fyrir sér. En ég hefi ekki trú á því, að bæjarfélögin innleiði þessa reglu hjá sér. Mér finnst sem ekkert bendi til þess. Og þá á þetta að vera fyrir sýslufélögin í landinu. Ég vil nú alls ekki ímynda mér, að ekki kunni að finnast sú sýslunefnd, er léti sér detta í hug að notfæra sér lög þessi, ef hún hefði hug á að framkvæma stórt og mannfrekt verk í héraðinu, en ég hefi miklu minni og enga trú á því, að kjósendurnir myndu vilja það. En setjum nú svo, að þetta yrði samþ. af ⅔ kjósenda, eins og frv. hefir ákvæði um, þá á ⅓ hluti kjósendanna að hlíta þeirri samþykkt. Ég held, að það sé meiri þvingun og ófrelsi en á sér nokkursstaðar dæmi í okkar löggjöf. Og mig hálfundrar á því, eftir öllu því lýðræðistali, sem á sér stað innan þingsins og utan, ef meiri hl. þm. vill leggja svo sterkar kvaðir á ⅓ hluta sýslubúa.

Viðvíkjandi námi unglinga hér yfirleitt í þessu landi, þá er það svo, að þeir vinna fyrir sér sjálfir að mestu leyti — og skal ég sízt lasta það eða finna að því, þó að þeir verði að vinna fyrir sínu brauði. Ekki sízt má segja það um þau ungmenni, er alast upp í sveit, þau eru vissulega ekki fleiri en svo, að nóg er handa þeim að starfa, og hélt ég, að þar væri frekar skortur á unglingum til vinnu heldur en hitt, að þau gengju atvinnulaus. Það gildir vissulega frekar um unglingana annarsstaðar en í sveitum landsins. Og ég hefi litla trú á, að þessi lög, þó samþ. yrðu, næðu til þeirra eða kæmu þeim að notum. T. d. þeir unglingar, sem eiga efnaða að, eru settir í skóla án þess að ákvæði þessa frv. nái til þeirra.

Þá sagði hv. þm., að brtt. hv. samþm. míns væru undan mínum rifjum runnar. Þetta er alls ekki rétt, en mér er ekki grunlaust um, að þær kunni að vera framkvæmdar svona fljótt m. a. vegna samtals, er við áttum í gærkvöldi út af afgreiðslu menntmn. á máli þessu. Er að þeim nokkur bót, en þær hreyfa þó ekki við aðalkjarna þessa frv., þeirri þvingun, sem samkv. frv. má beita og er óheyrð í okkar löggjöf.

Eftir því verðlagi, sem verið hefir á vinnu undanfarið, og þeim mælikvarða, sem er á vinnuafli nú, er fullgreitt með 7 vikna vinnu fyrir fæði og húsnæði yfir skólatímann, þar sem gert er ráð fyrir því, að öll kennsla sé ókeypis eða m. ö. o. kostuð af ríkinu. En þessar þvingunarráðstafanir koma harðast niður á þeim, sem meira en nægilegt verkefni hafa á heimilum sínum að vorinu til og oft eiga erfiðast um að sækja nám að vetrinum. Eins og sjá má af þessu frv., eiga svo þessir skólar alveg að vera á kostnað ríkisins, þar sem það á að byggja skólana, kosta kennsluna, og ef skólinn verður lagður niður, gefa sýslunum stofnunina.

Vel má vera, að mál þetta gangi nú til 3. umr., þar sem 9 manns eru nú orðnir við það riðnir, flm. og menntmn., sem nú hefir bætzt í hópinn. En ég vil beina því til hv. 9. landsk., ef hann flytur sínar brtt. og ætlast til, að málið nái hér fram að ganga, að hann geri þær rækilegar. svo rækilegar breytingar, að því sé gersamlega umturnað. — Ég vil svo gera það að till. minni, að málinu sé vísað til ríkisstj. Það er sagt, að þau mál, sem þangað komist, fái mjúka sæng, og þess ann ég frv. vel, það verðskuldar þá meðferð, og mun þá aldrei skjóta kollinum upp aftur.

Frsm. (Eiríkur Einarsson): Ég skal ekki hafa langt mál, ég vildi aðeins skjóta því til hv. 2. þm. Árn., hvort hann geti ekki fallizt á að taka brtt. sínar aftur til 3. umr. Ef fleiri kæmu fram með brtt. fyrir þann tíma, gæti vel svo farið, að okkur menntmn. — sem svo hefir verið að ágætum höfð fyrir afskipti sín af frv. — tækist að sameina þær brtt., er fram koma, og færi vel á því, að umr. færu nú að styttast.

Ég get ekki fallizt á að vísa máli þessu í hina mjúku sæng, heldur vil ég láta það ganga til 3. umr. Út af þeirri stóru ádeilu og miklu umvöndunum hv. 1. þm. Árn., sem hann hefir hér látið falla, held ég, að vandlætingarorð hans séu fleiri en svari réttu hlutfalli við þá kritik, sem kom fram á frv. Það, sem hann gerir mest úr, er misræmið milli þeirra, sem njóta, og hinna, sem einskis njóta, þeirra, sem á að knýja til náms, og hinna, sem sleppa, eins og t. d. stúlkurnar. Ég verð að segja það við aðalmótmælum hv. þm., um að hér sé þvingunarvinna, að það er ekki meira en aðrar skyldur, sem lagðar eru á menn, þó þeir séu látnir vinna fyrir námskostnaði. Er ekki lengra farið í þessu efni en þar, sem menn eru lögskyldaðir til að vinna þjóð sinni og héraði gagn, sem er grundvöllur allrar þegnskylduvinnu, og það er ekki einu sinni gengið eins langt, því þeir eiga að fá menntun í staðinn, ókeypis kennslu, fyrir að vinna að þörfum framförum innan sýslunnar, nauðsynlegum vegagerðum, brúarbyggingum eða öðru þ. u. l. Af þessum rökum, þó ekki væri annað, er fjarstæða að taka frv. þetta svo, sem hér sé um þvingunarráðstafanir að ræða.

Við vitum, að aðalhvatamaður þessa frv., margnefndur sýslum. Björgvin Vigfússon, leggur höfuðáherzluna á þá siðferðislegu tilfinningu, sem þurfi að glæða og hlúa að, og sem sé grundvöllur þessa frv. Þó ég á engan hátt vilji draga úr því, sem betur má fara, vildi ég mega vænta þess, að orð þau, sem hér hafa fallið, séu ekki öll út í bláinn, heldur verði þau tekin til athugunar af menntmn. og yfirvegunar til 3. umr.

Gísli Guðmundsson [óyfirl.]: Ég skal ekki lengja til muna þessar umr. Þar sem ég er einn þeirra þm., er gerzt hafa flm. þessa frv., verð ég að segja það, að mér finnst ekki fyllilega réttmæt þau ummæli, sem fallið hafa hér í deildinni í dag um flm. þessa frv.

Það er svo, eins og allir vita, að ekkert mál verður tekið til umr. á Alþingi, nema það sé flutt af einhverjum þm. Ég lít svo á, að

ef einhver utanþingsmaður ber mál fyrir brjósti, geti verið réttmætt, að þm. gerist til að flytja það inn í Alþ. og gefi á þann hátt þm. kost á að kynna sér málið og taka afstöðu til þess. Út frá þessu sjónarmiði er það ekki rétt að deila á þm., þó þeir flytji frv., sem þeir eru ekki alveg samþykkir út í yztu æsar og vilja hafa óbundnar hendur um, en ég get sagt fyrir mig, að ég tel, að í þessu frv. sé margt, sem sé þess vert, að koma fram.

Þá er það og heldur ekkert einsdæmi, þó að flm. frv. hafi eða áskilji sér í grg. óbundnar hendur um afstöðu til einstakra atriða, og er því algerlega óþarft að hneykslast á því, þó þetta sé áskilið í grg. þessa frv. Vil ég í því sambandi benda hæstv. forseta á, að í n. þeirri, er ég átti sæti í á þingi í fyrra, kom mál, sem n. var beðin að flytja, og hún flutti það með samskonar áskildum rétti í grg. sem við þetta frv.

Ég get tekið undir það með hæstv. forseta, að afgreiðsla þessa frv. hjá hv. menntamn. er allt of losaraleg; það er skylda þingnefnda að gera málunum sæmileg skil, enda betra, ef brtt. koma fram og klofningur verður í nefnd, að það sé þegar ljóst við 2. umr. málsins.

Ég skal ekki fara sérstaklega út í að ræða einstök atriði frv., en ég hefi í hyggju, í samræmi við yfirlýsta afstöðu mína, að flytja brtt. við frv. fyrir 3. umr. Þó vil ég andmæla því, sem komið hefir fram hér í d., að um þvingun sé að ræða. Ég get ekki sagt, að það sé mikil þvingun, þó unglingar eigi að vinna 7 vikur fyrir 6 mán. skóladvöl. Miklu fremur álít ég, að hér sé um of stuttan tíma að ræða, og mun ég m. a. flytja brtt. um að lengja þennan tíma.

Ég skal svo ekki hafa fleiri orð um þetta, en eins og öllum er kunnugt, er mál þetta aðallega upprunnið í einu héraði, nfl. Rangárvallasýslu, og ef ég man rétt, fór fram í því héraði atkvgr. um ýmiskonar skólafyrirkomulag, og ef rétt er munað, var þar á meðal vinnuskólahugmynd sú, sem liggur til grundvallar þessu frv., og var allmikill hópur manna, sem greiddi því atkv. Af því að uppruni þessa máls er úr þessu héraði, hefði ég vænzt þess, að heyra eitthvað frá hv. þm. Rang., sem sæti á í þessari hv. deild, um sögulegan uppruna þessa máls, er gæti orðið til nokkurra leiðbeininga um afgreiðslu málsins, og vildi ég mega vænta þess, að hv. þm. tæki því til máls áður en þessari umr. lýkur.

Bjarni Bjarnason: Ég skal vera mjög stuttorður um þetta mál. Ég skal viðurkenna, að þetta mál hefir ekki sérstaklega vakið áhuga minn. Málefnum má skipta í þrjá flokka. Í 1. flokk setjum við þau mál, er við viljum koma fram, í 2. flokk þau mál, er við látum afskiptalaus, og í 3. flokk þau mál, er við viljum fella.

Þá skal ég að gefnu tilefni taka það fram, að ég er vanur að taka tillit til samþm. míns, því ég met hann mikils og tel hann færari mér í ýmsum atriðum vegna kunnugleika hans í öllum formum og þingvenjum. En þó er það svo um brtt. þær, er ég hefi nú flutt við frv. það, er hér liggur fyrir, að þær lagði ég inn í skrifstofu Alþingis í gær áður en ég yfirgaf þinghúsið, svo að viðræður þær, er ég átti við samþm. minn um miðnætti í gærkvöldi, geta á engan hátt hafa haft nokkur áhrif á efni þeirra eða orðalag. Þetta skiptir að vísu litlu máli, því aðalatriðið er, hvert gildi frv. þetta hefir fyrir unga fólkið í landinu, sem það á að ná til, ef samþ. verður. Nú er svo um þessi mál, að þau eru komin undir atvinnulífinu, og þess vegna álít ég, að bezt sé að hafa þetta sem frjálsast, svo ekki verði árekstrar, ef atvinnulífið breytist og nóg yrði um vinnu, en eins og nú er, þá er ég viss um, að margur unglingurinn vildi feginn fá vinnu að vorinu til og borga með því húsnæði, fæði og kennslu í skóla að vetrinum, og ég álít rétt að benda fólki á þessa möguleika til að nota tímann til gagns. Hvort tími sá, sem ákveðinn hefir verið í frv., er hæfilegur, er vitanlega atriði, sem getur verið álitamál, og kemur þá m. a. til greina, hvort miða á við vorkaup, sem bændur greiða almennt, eða við kaupgjald það, sem tíðkast í kauptúnum og kaupstöðum. Við skulum segja, að unglingarnir vinni í 7 vikur, eins og ráð er fyrir gert í frv., og vinni sér inn svipaða upphæð og þeir þurfa nú að greiða fyrir sína skóladvöl í héraðsskólunum. Virðist og ekki þurfa að vera ósanngjarnt, þó ekki sé greitt eins hátt kaup og mundi vera, ef alstaðar byðist næg vinna, hvar sem er á landinu.

Þá vil ég benda á, að fjöldi fólks hefir lagt það á sig að vinna í 6—8 vikur fyrir engu eða mjög litlu kaupi til þess að komast niður í garðrækt og ýmiskonar jarðrækt. Enda er enginn efi á, að hægt er að finna margskonar vinnu fyrir fólk á þessum aldri, sem bæði eykur framleiðslu og um leið þekkingu eða fræðslu þeim, er njóta, og vil ég þar sérstaklega nefna garðrækt og jarðrækt. Ég tel það því alls enga fjarstæðu, ef eitt sýslufélag vildi, þá gæti það gripið til þeirrar heimildar, sem felst í frv., og gefið fólki kost á fræðslu, slíkri sem þessari. Það getur vel verið, að sumum finnist það koma hart niður, en ég get ekki fallizt á það, sem hv. 1. þm. Árn. sagði, að hér sé verið að beita þvingun, því það er ekki harðræði, ef ⅔ hlutar ráða, a. m. k. hefir það verið talið fullkomið lýðræði og frjálsræði til þessa.

Mjög víða er einfaldur meiri hl. látinn ráða, og mér finnst það töluverð trygging fyrir því, að það eigi að ganga fram í héraði, þar sem sýslunefnd og ⅔ allra kosningabærra manna vilji fallast á þetta. Ég vil geta þess að lokum, að það, sem ég legg til þessara mála, er alls ekki gert með það fyrir augum, að óhugsandi sé, að það komi til framkvæmda, og vil ég endurtaka það, að undir mörgum kringumstæðum í atvinnuleysi getur þetta verið blátt áfram hagkvæmt fyrir fólkið.

Hannes Jónsson [óyfirl.]: Ég álít, að það hafi ekki verið að ófyrirsynju, að hv. 1. þm. Árn. hreyfði andmælum gegn málinu og skýrði frá flutningi þess hér í þinginu, því að mér er óhætt að fullyrða, að aldrei hefir orðið vart við minnsta snefil af áhuga fyrir málinu sjálfu

hjá þeim, sem að því hafa staðið, og þótt hv. 6. flm. þess hafi verið að reyna að mæla þessu bót, þá var kunnugleiki hans á málinu ekki upp á sex, því að hann sagði, að þessi þegnskylduvinna nemandanna ætti að vera greiðsla á skólavist manna við skólann. Þetta er ekki ætlunin með frv., en hv. þm. stendur í þeirri meiningu og mun ætla að koma með brtt. í því efni. Það er ekki ætlunin með þessu frv., að vinnan gangi til greiðslu á öðru en húsvist og kennslu, en það er nokkuð annað en skólakostnaður nemendanna. Ég get ekki fallizt á, að þm. eigi að vera að taka upp mál hér á þinginu, sem þeir hafa ekki sannfæringu um, að eigi að ná fram að ganga. Hvaða þýðingu hefir slíkt fyrir þingið? Slíkir starfshættir eru vissulega ósamboðnir þinginu. Það má náttúrlega segja um þetta frv., að það muni ekki verða til mikils ógagns, vegna þess að það verði ekki notað. Ég vil benda á það, að í 1. gr. frv. er verið að reyna að gera tilraun til þess að láta þessa þegnskylduvinnu ekki koma óréttilega niður á ýmsum unglingum á þessum aldri, og eru undanskildir þeir menn, sem stundað hafa nám í gagnfræða- eða menntaskólum. En á þessum aldri eru menn t. d. að fara í búnaðarskóla, og þeir, sem þangað fara, eru ekki undanskildir frá þessari þegnskylduvinnu. Nemendurnir, sem kosta sig á búnaðarskóla, verða um leið að vinna þegnskylduvinnu og eiga svo að fá 6 mánaða ókeypis skólavist, sem litlar líkur eru til, að þeir þurfi á að halda. Þetta er galli á frv., sem ber vott um fljótfærni. Annars má segja, að það sé ekkert auðhlaupið að koma þessu öllu á laggirnar. Fyrst þarf að fá meiri hl. sýslunefndar eða bæjarstjórnar. En „það er ekki sopið kálið, þó í ausuna sé komið", því að málið þarf að gang til atkvgr. hjá öllum kosningabærum mönnum í sýslunni eða bænum; en ekki nóg með það, — það nægir sem sé ekki, að meiri hl. þeirra, sem kjósa mega, fáist, og ekki heldur að það fáist ⅔ af þeim, sem greiða atkv. málinu í vil, og það er meira að segja ekki nóg, þó að hver einasti maður, sem atkv. greiðir, vilji, að málið nái fram að ganga. Það þarf a. m. k. að fást fylgi ⅔ af öllum þeim, sem á kjörskrá eru, til þess að málið nái fram að ganga. Og sagan er ekki öll sögð enn, því að til þess að hægt sé að byrja á þessari skólabyggingu, þarf að vera fjárveiting fyrir hendi í fjárl., og þó það gengi fyrir sig í héruðunum, þá er hreint ekki þar með tryggt, að skólabygging yrði reist á kostnað ríkisins. Það er óhætt að segja, að ekki sé ein báran stök um framkvæmd þessa máls. En þetta er sniðuglega útbúið, og til þess gert, að málið næði alls ekki fram að ganga, hvernig svo sem að því væri unnið. Ég skal ekki átelja hv. menntmn. sérstaklega fyrir meðferðina á málinu frekar en flm. sjálfa. Þeir hafa ekki lagt það ómak á sig að reyna að lagfæra frv., ekki einu sinni í samræmi við till. hv. 2. þm. Árn., sem er þó ekki neitt sérlega flókin. Ég trúi ekki öðru en að þeir hefðu getað komið sér saman um slíkt samræmi. N. hefði átt að geta gert slíkt, ef hún hefði sinnt málinu, en það hefir hún ekki gert. Ég efast um, að á nefndarfundi hafi nokkurn tíma verið minnzt á þessi tvö örlitlu atriði. Það er óvenjulegt, að flm. frv. séu skyldugir til þess að tilkynna sérstaklega, að þeir séu óbundnir um einstök atriði þess máls, sem þeir flytja. Vitanlega geta flm. mála alltaf fallizt á breyt. á frv. sínum, þegar þeim er bent á, að eitthvað geti á annan hátt betur farið en þeir gerðu sjálfir ráð fyrir í frv., en að það sé fyrirfram ákveðið, að það gæti verið öðruvísi og betur farið og menn láti málið samt frá sér fara, það kalla ég óforsvaranlegt hirðuleysi í flutningi mála.

Ég mun nú ekki fjölyrða öllu meir um þetta, en ég verð að játa, að ég lít sömu augum á þetta mál og áður. Mér finnst það alls ekki þess vert, að rétt sé að láta það tefja störf þingsins meðan mörg önnur verkefni bíða úrlausnar, sem áreiðanlega eru miklu meira aðkallandi en þetta mál.

Gísli Sveinsson [óyfirl.]: Herra forseti! Það má þykja óviðkunnanlegt, að við sitjum hér margir úr þeirri stétt, sem upphafsmaður frv. telst til, og þegjum við þeim ákúrum, sem hér hafa flogið um frá þeim, sem nú vilja vera andstæðingar málsins, þegar það er komið í það horf, sem flestir gætu við unað.

Það er rétt, að Björgvin sýslumaður Vigfússon hefir barizt fyrir þessu máli um átta ára skeið. Það er ekki nýtt, að það kemur í þingið. Og hv. þm. V.-Húnv. hefir fyrr fengið tækifæri til þess að hella úr skálum reiði sinnar yfir þetta mál. Eins og ég hefi áður látið í ljós, hefi ég tilhneigingu til þess að fara vel með hæstv. forseta, en eftir það, sem nú hefir gerzt, verð ég að bæta því við, að ég kýs hann heldur sitjandi í sínum stól heldur en rjúkandi út í deild, þar sem hann fer svo að tala um mál eins og út úr hól, því að vissulega hefði hann haft tækifæri til þess að athuga málið og lagfæra það, ef hann hefði haft áhuga á því eða vilja til þess. Hann hefði getað reynt að koma vitinu fyrir flokksbræður sína í þessu efni, en hann hefir ekkert hirt um það. Allt í einu finnst honum þetta ekki mega svo til ganga lengur, og vill hann nú hætta sinni æru, sem hann áskilur sér sem forseti, til þess að vekja nokkra úlfúð um þetta frv., sem leit út fyrir um stund, að ná mundi fram að ganga með friðsemd.

Það má vitanlega segja, að hægt sé að deila um þetta mál, og sérstaklega mætti ég taka það fram frá mínum bæjardyrum, að ég kynni ekki að öllu leyti vel við það, hvernig frv. er úr garði gert, þar sem það gerir ráð fyrir nokkurri skylduvinnu. Ég hefi sem sé frá upphafi verið andmælandi þeirrar hugmyndar, sem felur í sér ótvíræða þegnskylduvinnu á öllu landinu á vissu árareki. Ég hefi ekki breytt um skoðun síðan, og tel ég ekki heppilegt að innleiða ótvíræða þegnskylduvinnu í landinu. Hinsvegar hefi ég grun um, að ýmsir þeir, sem nú telja sig þessu frv. andvíga, hafi áður fyrr verið ákafir í því að gera sitt til í því, að hugmyndin um almenna þegnskylduvinnu kæmist í framkvæmd, og er mér næst að halda, að hv. 1. þm. Árn. hafi einhverntíma fyllt þann flokk. Hann hefir sem sé verið með því fólki í stjórnmálum, sem hefir verið ginnkeypt fyrir þessari hugmynd í

öndverðu. Hann hefir bæði starfað með framsóknarmönnum, sem einu sinni tóku þetta mál að sér, og hann hefir einnig verið með sósialistum, sem líka hafa verið þessu máli hlynntir. Það er líklegt, að hv. þm. hafi breytt um skoðun á málinu, en þá vil ég mælast til þess, að hann greini frá því og segi ennfremur til um það, hvort þeir stjórnmálaflokkar, sem eiga þá menn, sem mest börðust fyrir þegnskylduvinnu áður, hafa alveg borið þetta fyrir borð, svo að það líðist ekki neinum í þeim flokkum að tala um skylduvinnu framvegis. En hér í þessu frv. er ekki um almenna þegnskylduvinnu að ræða. Hér er aðeins ætlazt til þess, að innleidd verði skylduvinna til þess að menn geti fengið að borga fyrir skólavist á eftir, þótt borgunin sé ekki greidd eftir kauptaxta eða í peningum, heldur í þess gildi. Eftir að frv. er orðið að lögum, ef það verður samþ., er hverju sýslu- og bæjarfélagi gefinn kostur á að koma á því fyrirkomulagi um lengri eða skemmri tíma, að unglingar vinni fyrir sér í skólanum. Því fer fjarri, að þetta sé almenn þegnskylduvinna. Þótt menn þykist hafa reist marga skóla, sem sumir eru náttúrlega þarfir, en aðrir ekki, að mínu viti, þá tel ég þetta ekki raska því fyrirkomulagi, sem skapað hefir verið á skólakerfinu í landinu. Þetta er sem sé sérstakt mál, sem nær ekki yfir allt landið, og kemur því ekki til mála, að þetta samræmist almennu skólakerfi. Frv. felur aðeins í sér heimild til þess, að einn og einn staður geti komið á hjá sér því fyrirkomulagi, sem frv. gerir ráð fyrir, og þessi heimild er frá upphafi fastskorðuð við það, að þetta geti ekki komizt á, nema því aðeins, að meiri hlutinn í hlutaðeigandi héraði vilji gefa samþykki sitt til þess. Það er ekki þvingun, heldur fyrirkomulagsatriði. Enda þótt héraðsskólar séu komnir á nokkrum stöðum, þá eru þeir ekki ennþá komnir í öllum sýslum, og verður þess vafalaust langt að bíða, virðist því ekki rangt, að einni og einni sýslu gefist kostur á að reyna aðrar aðferðir til þess að halda skóla —aðferðir, sem hafa í sér fólgið töluvert mikið af þeim hugmyndum, sem ýmsir gera sér um það að ala upp landslýðinn á siðferðilegum grundvelli með vakandi tilfinningu fyrir því, hvað sé réttmætt og hollt. Það er ekki úr vegi, að menn fái að reyna þetta í staðinn fyrir að reyna venjulega skóla dýrum dómum, sem reknir eru enn dýrari dómum fyrir fjármuni, sem útborgaðir eru úr ríkissjóði og sumpart frá einstaklingum. En það er ætlazt til þess, að þeir skólar sem þetta frv. gerir ráð fyrir, beri sig á fólkinu sjálfu, sem sumpart greiðir með sér og sumpart vinnur fyrir sér. Það er því út í hött og eins og hæstv. forseti, sem annars er vanur að fylgjast vel með málum í sínum stóli, tali út úr hól, þegar hann segir, að þetta þekkist hvergi. En sé þetta fyrirkomulag gott, þá gerir í rauninni ekkert til, þótt þetta þekkist ekki annarsstaðar. Hér er sem sé ekki verið að tala um að demba yfir fólkið einhverju, sem ekki aðeins kostar mikið fé, heldur þvingar einnig viðskipti manna að svo miklu leyti, sem um frjálsræði í þessu efni getur verið að ræða. Hér er ekkert slíkt á ferðinni. Hæstv. forseti getur því með sérstaklega góðri samvizku verið með þessu, því að hér er ekki um almenna skyldu að ræða, heldur aðeins það, sem á að verða tilraun, sem menn í hverju héraði eru sjálfráðir um, hvort þeir vilja koma á hjá sér eða ekki. Ég hygg því, að hæstv. forseti hafi hlaupið á sig, og hann gerði vafalaust bezt í því, ef hann tekur aftur til máls, að draga dálítið úr þessu, og bezt væri, að hann vildi aðhyllast þetta, að því undanskildu, sem hann hefir við ákvæði frv. að athuga, og féllist á að leyfa málinu að ganga fram. Þetta er aðeins tilraun, og betra væri, að hann kæmi með brtt., en reyndi ekki að koma málinu fyrir kattarnef. En hann vill heldur, að málinu sé vísað til hæstv. stj., til þess að það fái þar dauðdaga. En málið hefir verið hjá hæstv. stj., en það tókst ekki að svæfa það. Það er því ekki til neins að reka það þangað aftur. Ef til vill eykst því þróttur með hverri ferð þangað, og er þá ver farið en heima setið fyrir þá, sem vilja senda það þangað. Ég man eftir því, að ég leyfði mér að geta þess lauslega um mál, sem hæstv. forseti var við riðinn, að slíkt mál væri bezt komið hjá hæstv. stj. og í n., sem hefði það svo lengi, að það fengi þar hægan dauða. Hann átaldi þetta mjög og taldi, að slíkt gæti alls ekki komið til mála. Hann hefir nú vegið í sama knérunn, og er þó minni ástæða nú fyrir hendi. Ég vil vona, að hann skjóti geiri sínum þangað, sem þörfin fyrir meiri er, og leyfi þessu máli að ganga fram, að því leyti sem hann getur stuðlað að framgangi þess. Það eru ýms ákvæði í frv., sem vel mættu taka breytingum, og ég efast ekki um, að þeir, sem hafa kynnt sér málið, vilji styðja að því, að sú breyting kæmist á, sem menn geti fellt sig við. En það mun nokkuð hafa dregið úr hv. flm. og nm. í menntmn. að gera rask á ákvæðum frv., með því að höfundur þess hefir látið það í ljós, að hann óskaði eftir því, að hugmyndin næði fram að ganga sem mest í þeim búningi, sem hún nú hefir fengið, og er að vísu ekki alveg sá upprunalegi, en höfundur mun þó reyna að sætta sig við hann. Hvort sem menn hugsa sér að breyta frv. eða tefja fyrir því, þá má ekki raska höfuðtilgangi þess, því að annars brýtur það í bága við till. og óskir þess manns, sem er höfundur þessa máls og helzt hefir barizt fyrir því utan þings.

Ólafur Thors [óyfirl.]: Mig furðar stórlega á þessum umr. Ég væri ekkert undrandi, þótt menn, sem ekki eru þingvanir, hreyfðu andmælum gegn málinu á þessum grundvelli, en þegar hæstv. forseti þessarar deildar rýkur úr forsetastóli til þess að hallmæla flm. málsins og þeirri n., sem hefir það til meðferðar, með þeim rökum, sem hann beitti, þá get ég ekki annað sagt en að það sé að verða sér til athlægis. Þetta mál er búið að liggja fyrir þingi eftir þing. Sá maður, sem hefir hugsað þetta mál og er hvatamaður þess, hefir barizt fyrir því með óvenjulegum dugnaði. Hann hefir hvað eftir annað komið til viðtals við þm. og setið um hvert tækifæri til þess að skýra málið fyrir þeim. Hann hefir flutt útvarpsfyrirlestur um

málið milli þinga, og þeim fyrirlestri hefir nú verið útbýtt meðal allra þm. Ég get því ekki skilið, að á þingi sitji nokkur maður, sem á annað borð fylgist með þingmálum, sem ekki hefir fengið allar upplýsingar um þetta mál, sem hægt er að afla því til framdráttar. Þegar hæstv. forseti þessarar deildar gengur úr forsetastóli til þess að ámæla flm. fyrir það, að þeir hafi ekki prentað sérstaklega, langa grg. til ýtarlegrar skýringar á grundvallarhugsjón þessa máls og alla sögu þess frá öndverðu og allt til þessa dags, þó segi ég fyrir mitt leyti, að mig skortir orð til þess að lýsa sliku athæfi. Það ætti að vera hlutverk forseta að haga þannig þingstörfum, að málskraf yrði sem minnst. Þennan skilning lögðu hv. flm. málsins til grundvallar flutningi sínum, og það situr sízt á hæstv. forseta að ámæla þeim fyrir það. Það er jafnbroslegt, þegar hv. þm. V.-Húnv. rís hér upp og er með sömu andmæli í garð flm., því að hann er einnig maður, sem á langa þingsetu að baki sér, og veit hann því jafnvel og hæstv. forseti, hver er þingvenja í þessu efni. En þingvenja er náttúrlega bæði það, að leyfilegt er að flytja frv. greinagerðalítið, sérstaklega ef það hefir legið fyrir þinginu ár eftir ár, og eins hitt, að einstakir flm. og n. mælir með frv., hefir óskoraðan rétt um einstök ákvæði frv. Það hefir komið fyrir báða þessa þm., að þeir hafa áskilið sér fullan rétt til að bera fram brtt. Ég hefi setið með hv. þm. V.-Húnv. í fjhn., og þar skrifaði hann undir slíkt mál. Ég get leitað að þessu, ef hv. þm. vill, en ég býst ekki við, að hann reyni að halla þar réttu máli. Og þetta er því broslegra, sérstaklega um hæstv. forseta, sem hefir átt því að venjast þing eftir þing, að þorin hafa verið og þarin fram mörg mál algerlega rökstuðningslaust, og sem þjóðarsmán er að samþ., án þess að hin minnstu mótmæli hafi komið frá honum. Sem dæmi get ég nefnt frv. um einkasölu á rafmagnsvélum og bifreiðum, sem knúið var fram á síðasta þingi og framborið án þess að sýna fram á, hverra tekna mætti vænta ríkissjóði til handa, ef samþ. yrði, eða hitt, hver áhrif l. hefðu á hagsmuni þess fjölda manna í landinu, sem höfðu lífsframfæri sitt af sölu þessara vara. Og þetta var því verra fyrir það, að hér var ekki um skylduframkvæmd að ræða, heldur heimildarlög, þar sem það var háð geðþótta einstaks manns, hvort þau yrðu framkvæmd að miklu eða litlu leyti. Þessum eina manni var lagt það í sjálfsvald að svifta hundruð og þúsundir manna sinni atvinnu, ef honum svo sýndist. Slíkt órökstutt lagafrv. sem þetta sætti engum mótmælum hjá hæstv. forseta og að því er mig minnir, ekki heldur frá jafnnýtum stjórnarandstæðingi sem hv. þm. V.-Húnv., a. m. k. stóð hann þar ekki framarlega meðal þeirra, er á móti frv. mæltu. Hæstv. forseti gætti þess eins gagnvart þessu frv. að telja samvizkusamlega sitt atkv. með frv. við hverja atkvgr. Ég get ekki litið öðruvísi á en að hæstv. forseti sé hér að reyna að gera þessum þjóðkunna sæmdarmanni, sem er upphafsmaður þessa frv., hneisu með sínum andmælum gegn því. Það á hann sannarlega ekki skilið. Fyrir honum vakir ekki annað en göfug hugsjón, sem hann hefir mikið barizt fyrir af áhuga og óeigingirni. Og ef allir gerðu sér jafnmikið far um það og hann að skýra fyrir Alþingi þau mál, sem þeir vilja fá það til að fjalla um, þá vil ég fullyrða, að þm. hefðu betri kunnugleika á þeim málum, sem fyrir þinginu liggja, heldur en nú gerist. Ég hefði ekki átalið það, þó frv. þetta hefði sætt málefnalegum andmælum hér í hv. d. vegna galla, sem á því hefðu þótt vera, en þegar sjálfur hæstv. forseti hefur slíka árás á málið sem hann hefir nú gert, þá verður hún ekki til þess að kasta skugga á hv. flm. þess eða hv. menntmn., heldur á hæstv. forseta sjálfan. Það þarf ekki fleiri rök fyrir því, að framkoma hæstv. forseta er óskemmtilega lík því að vera tilraun til þess að kasta rýrð á höfund frv., tilraun, sem þó mun hvergi komast nærri marki. Það er enginn maður hér á þingi svo óþingvanur að vita ekki, að það er algeng venja, að frv. fylgja oft stuttar grg., sem enda þannig: Nánar í framsögu. Ef hæstv. forseti er einn allra hv. þdm. svo minnislaus, að hann minnist ekki þess, þá vil ég benda honum á eitt frv., sem lagt er fram í þessari hv. d. í dag, ég ætla nú ekki að fara lengra aftur í söguna, og flm. þessa frv. eru Bjarni Bjarnason og Jörundur Brynjólfsson, sem mun vera hinn sami Jörundur Brynjólfsson og skipar forsæti hér í hv. d. Þetta frv. er um breyt. á l. um skipun barnakennara. Það er ekki langt að lesmáli, en þó er það svo, að það kostar mig nokkra fyrirhöfn að afla mér þeirra upplýsinga, sem vel hefðu getað falizt í grg. frv., en grg. er aðeins þrjár línur, og hún er svo hljóðandi, með leyfi hæstv. forseta: „Frumv. þetta er flutt í samræmi við ályktanir síðasta fulltrúaþings Samb. ísl. barnakennara og flutt í samráði við stjórn S. Í. B.“ — Ég veit nú ekki einu sinni hvað það er. — „Frumvarpið sker úr og ákveður nánar um ýms atriði viðvíkjandi skipun barnakennara. Nánar í framsögu“. — Þetta litla frv. og grg. þess er nánari sönnun fyrir þeim skripaleik, sem hæstv. forseti leikur gegn því frv., sem hér er til umr. Frv., sem er með eindæmum vel undirbúið af hugsjónamanni, sem fyllilega á skilið, að mál hans fengi kurteisar viðtökur og málefnalega meðferð. Sá hugsjónamaður á að fá það viðurkennt, að mál hans er fram borið af óeigingjörnum áhuga, en það er annað og meira en hægt er að segja um mörg þau mál, sem verið er að smeygja inn í þingið. Í staðinn fyrir það, að unna þessum heiðursmanni þessa sannmælis, fer hæstv. forseti að ómaka sig úr forsetastólnum til þess aðeins að varpa rýrð á þennan heiðursmann.

Sigurður Einarsson: Hæstv. forseti flutti í seinni ræðu sinni áskorun til mín um að gera grein fyrir þeim brtt., sem ég hefi boðað, að ég mundi flytja við 3. umr. Þetta get ég gjarnan gert, þó orðalag brtt. sé ekki ákveðið enn, því ég hefi ekki talað við þá menn, er ég ætla að ráðfæra mig við um þessar brtt. — Ég skal þá geta þess fyrst, að í 3. gr. tel ég vanti nánari ákvæði. Þegar eftir 3. gr. fé hefir verið veitt úr ríkissjóði og skóli byggður í einhverju sýslu-

eða bæjarfélagi, tel ég, að vanti ákvæði, er tryggja það, að viðkomandi sýslu- eða bæjarfélag haldi skólanum gangandi, og að hann verði látinn bera sig. Í frv. eru engar ráðstafanir gerðar til þess, hvorki með stofnun sjóðs eða á annan hátt, að skólinn geti orðið fjárhagslega örugg stofnun, svo að tryggt sé, að hér verði ekki aðeins um vindbólu að ræða, sem hjaðnar þegar ríkissjóður hefir gert sína skyldu með því að leggja fram fé til byggingar skólahúss. Mér finnst vanta í frv. ákvæði til þess að tryggja þetta, og mun flytja brtt. þar um.

Að því er snertir áframhaldandi ónot í garð menntamn. nenni ég ekki að svara þeim, hvorki hæstv. forseta eða öðrum hv. þm.

Hannes Jónsson [óyfirl.]: Ég hefi enga hvöt til þess að fara að bera blak af hæstv. forseta fyrir árásum hv. þm. G.-K., nema að því leyti, sem þær árásir ná einnig til mín. Ég veit, að hæstv. forseti er sjálfur fullkomlega fær um að standa fyrir sínu máli.

Ég lagði enga áherzlu á það, að mér þætti nál. ekki vel orðað; ég benti að vísu á, að mér þætti það nokkuð stutt og að ágreiningur milli einstakra nm. um einstök atriði frv. mundi vera svo lítill, að n. hefði líklega getað sameinað sig um brtt. við frv., ef hún hefði reynt það. Það kemur oft fyrir, að n. geta ekki orðið sammála um hin stærri atriði mála, þó þær séu óskiptar um nál., og er þá sjálfsagt, að einstakir nm. gefi til kynna, að þeir ætli að flytja brtt. við málin. Hitt lagði ég áherzlu á, að flm. frv. — og ég hygg, að hv. þm. G.-K. hafi einhverntíma verið í þeirra hóp, ef mig minnir rétt. (**ÓTh**: Nei). Jæja, hann er þá meiri maður en ég hélt. (**ÓTh**: Ég er stuðningsmaður frv.). En ég deildi á flm. frv. fyrr og nú fyrir að hafa gerzt flm. þess án þess að hafa nokkurn áhuga fyrir málinu, þó þeir ekki vændu höfund frv. um að beita sér fyrir málinu gegn betri vitund eða í eiginhagsmunaskyni. Það er nú svo um þessar hugsjónir, að þær eru ekki allar framkvæmanlegar, og um sumar þeirra má segja, að bezt væri, að þær yrðu aldrei framkvæmdar.

Hv. þm. G.-K. talaði um, að aðfinnslur okkar við frv. væru broslegar. En úr því hann skilur hugsjónirnar, má ég þá spyrja hann, í hverju þær felast. Ekki felast þær í því, að hér á að koma upp skólum. (**ÓTh**: Er hv. þm. blindur á hugsjónir?). Nei, ég ætla að vita, hvort hv. þm. G.-K. er ekki litblindur á hugsjónir. Eru hugsjónirnar fólgnar í því, að nemendurnir vinni fyrir skólakostnaðinum? Eða eru þær fólgnar í því, að ríkið byggi skólana? Nei, hvorttveggja á sér þegar stað. Ég sé ekki annað í þessu frv. en lítilfjörlegar tilfærslur á gjöldum frá því, sem er í gildandi l. um héraðsskóla. Það er létt af sýslufélögunum kostnaði við byggingu skólahúsanna. Aftur fá þau eða skólarnir greiðslu fyrir vinnu nemendanna. Hinsvegar missa þeir af skólagjöldunum ca. 100 kr. fyrir hvern nemanda, sem mun fyllilega vega á móti vöxtum af því fé, sem sýslufélög þurfa að leggja til stofnunar héraðsskólanna eftir gildandi l. Ég hefi átt tal við höfund þessa frv., Björgvin Vigfússon, og mér hefir skilizt hann leggja mest upp úr góðum áhrifum af því fyrir nemendurna að fá að vinna fyrir skólaverunni. Þar kemur raunar það sama fram og í gömlu þegnskylduvinnuhugmyndinni. Ég væri kannske ekki alveg ófáanlegur til þess að vera með þegnskylduvinnu í einhverri mynd, en ég vil ekki, að sú þegnskylda gildi aðeins fyrir eitt hérað, heldur allt landið í heild. Mér þætti það mjög æskilegt, úr því hv. þm. G.-K. hefir tekið sér fyrir hendur að ráðast á okkur hæstv. forseta fyrir að sjá ekki hugsjónirnar í þessu máli, að hann skýri það, í hverju þær eru fólgnar og hvað við vinnum með því að samþ. þetta frv., miðað við þá löggjöf, sem við höfum. Ég hefi ekki getað sannfærzt um það, hvorki af þeim grg., er frv. hafa fylgt, eða af þeim ritlingi, sem útbýtt hefir verið um það, að ástæða væri til þess að eyða dýrmætum tíma þingsins vegna þessa máls. Maður má ekki alténd taka það svo alvarlega, þó jafnvel ágætir menn beri eitthvað mjög fyrir brjósti, meira að segja þó það sé orðið þeim nokkurskonar trúarjátning. Slíkt hefir oft hent góða menn, og aðrir ekki getað orðið þeim sammála. Ég minnist þess, að fyrir nokkru síðan barst þingmönnum bæklingur frá manni, sem taldi sig vera frelsara mannkynsins. Ég er hissa á því, að hv. þm. G.-K. skyldi þá ekki taka því alvarlega, að þessi maður ætlaði að frelsa allt mannkynið. Það væri þó ólíkt mikilsverðara heldur en þó eitt lítið sýslufélag á Íslandi frelsaðist. (**ÓTh**: Ég tel þennan hv. þm. frelsaðan). Það er sýnilegt, að enginn maður á þingi hefir áhuga fyrir þessu máli eða trú á því, og ekki einu sinni hv. þm. G.-K., því hann hefir aldrei verið flm. þess, — eða hugsar hann aldrei um þau mál, sem mestu skipta fyrir landið?

Bjarni Ásgeirsson [óyfirl.]: Ég hafði hugsað mér að leiða hjá mér umr. að þessu sinni. Það er kunnugt, að hv. frsm. hefir gert því svo góð skil, að ég hefi þar engu við að bæta, en ég get ekki látið vera að undrast þær umr., sem hér hafa farið fram. Það er kunnugt, að þingsköp ætlast ekki til, að 2. umr. um frv. snúist um málið almennt, heldur um einstakar gr. þess. En nú bregður svo út af þessari reglu, að sjálfur hæstv. forseti ríður á vaðið og ræðir um málið almennt, og það er nú svo, að sjaldan þarf nema einn gikk í hverri veiðistöð, ef svo mætti að orði komast, en síðan standa hv. þm. á fætur hver af öðrum og vaða elginn fram og aftur, ekki einasta um þetta frv., heldur og um önnur mál. Úr því ég stóð á fætur, get ég ekki stillt mig um að benda á það, hvernig rök andstæðinga frv. stangast. Þetta er af þeim talið mesta skaðsemdarmál, en þó segir hv. þm. V.-Húnv., að það komi aldrei til framkvæmda, þó frv. yrði að l. (**HannJ**: Ég hefi aldrei talið þetta skaðsemdarmál). Ég get ekki séð, að málið geti verið afarháskalegt, ef það verður aldrei framkvæmt.

Þá er það annað, að hæstv. forseti taldi það afarháskalegt, að tveir þriðju héraðsbúa ættu að geta ákveðið það gegn einum þriðja hluta, að l. skuli koma til framkvæmda í héraðinu. Ég skil ekkert í þeim manni, sem daglega sér

fram á það, að mál eru hér í þinginu samþ. með eins atkv. mun, og það eru l., sem öll þjóðin á að beygja sig undir. Ég sé ekki, hvernig hann fer að telja það þvingun, að tveir þriðju hlutaðeigenda fái hér að ráða, og hvaða hætta á að vera í því fólgin.

Þá eru það þær árásir, sem gerðar hafa verið á okkur flm. fyrir það, að við höfum engan áhuga fyrir málinu, okkur sé engin alvara með það, heldur sé öll okkar framkoma fals eitt. *Ég vildi bara spyrja þessa menn, hvaða vald* þeir hafa til þess að koma með slíkar fullyrðingar. Mér er ekki kunnugt um, að þeir séu gæddir þeim hæfileikum að geta rannsakað hjörtu og nýru, geta lesið í hug manna. Slíkar fullyrðingar hljóta að falla um sjálfar sig. Hefðu þeir þessa hæfileika, þá þyrfti hæstv. forseti ekki annað en að hvessa augun fram í deildina til þess að ganga úr skugga um, hverjum væri alvara í því og því máli, og ef hann væri ekki alveg viss í sinni sök, þá gæti hann leitað til hv. þm. V.-Húnv. Nei, slíkar fullyrðingar ganga ekki í neinn, þær eru engin rök. Ég hefi frá því fyrsta séð, að málið er gott mál, og þó ég hafi e. t. v. ekki sýnt þann áhuga fyrir því, sem hefði átt að vera með því að berjast fyrir því, þá tel ég mig hafa fulla heimild til þess að stuðla að því, að þau héruð, sem mundu vilja nota þá heimild, sem frv. gerir ráð fyrir, *fengju rétt til þess.*

Ólafur Thors: Ég hefi fallið frá orðinu af þeirri ástæðu, að ég hefi fundið, að hv. þm. V.-Húnv. er búinn að finna hugsjónina. — Þetta óska ég að verði bókað.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 66. fundi í Nd., 6. nóv., var fram haldið 2. umr. um frv.

ATKVGR.

Brtt. 465 teknar aftur.

Till. um að vísa frv. til ríkisstj. felld með 14:7 atkv.

1. gr. samþ. með 13:4 atkv.

2.—5. gr. samþ. með 15:2 atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 19:6 atkv., að viðhöfðu *nafnakalli, og sögðu*

já: JJós, JÓl, JónP, JG, ÓTh, PZ, PHalld, SigfJ, SE, SK, ÞorbÞ, BÁ, BB, EE, EmJ, GÞ, GG, GSv, GÍ.

nei: JakM, MT, PÞ, StJSt, HannJ, JörB.

HV greiddi ekki atkv.

Sjö þm. (JS, PO, TT, ÁÁ, BJ, EystJ, FJ) fjarstaddir.

Á 68. fundi í Nd., 8. nóv., var frv. tekið til 3. umr.

Sigurður Einarsson: Vegna þess að menntmn. *hefir ekki unnizt tími til að taka til meðferðar* brtt. þá, sem hér liggur fyrir, vil ég mælast til þess, að málið verði tekið út af dagskrá og menntmn. gefinn tími til að athuga brtt.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 71. fundi í Nd., 12. nóv., var frv. aftur tekið til 3. umr. (A. 421, 465, 487, 502, 526).

Frsm. (Eiríkur Einarsson): Menntmn. hefir athugað brtt. þær, sem fram hafa komið við frv., og jafnframt því hefir hún sjálf gert lítilsháttar breytingar á þskj. 526.

Er þá fyrst að geta þeirra atriða, sem hafa orðið að ágreiningslausu samkomulagi innan n. Eru þær breyt. smávægilegar og báðar við 1. gr. frv. Eru þær nokkurskonar miðlunartill. milli frv. og þeirra brtt., sem komnar voru áður frá einstökum dm. Er þá fyrst að geta þess, að í fyrstu málsgr. 1. gr. í stað orðanna „næsta vetur" komi: annanhvorn næsta tveggja vetra. — Eins og kunnugt er, var komin fram brtt. frá hv. 2. þm. Árn. um, að rýmka skyldi þennan skólarétt, að hann skyldi notaður á einhverjum næstu 4 árum, í stað þess, sem stendur í frv., að hann skuli notaður veturinn eftir að skylduvinnan er innt af hendi. Hér vildi menntmn. fara bil beggja. Henni þótti það annarsvegar of þröngt að einskorða það við næsta vetur, en hinsvegar óþarflega langdrægt, að þessi réttur skyldi notaður innan fjögra vetra.

Önnur smávægileg breyt. er, að 2. málsgr. 1. gr. frv. skuli orðast þannig:

„Þó skulu undanþegnir skylduvinnu allir þeir, er innan 18 ára aldurs hafa stundað a. m. k. eins vetrar nám við annan skóla en barnaskóla".

Eins og hv. þdm. er kunnugt, gerir sjálf frvgr. ráð fyrir því, að þeir séu undanþegnir skylduvinnu, sem hafa stundað nám í héraðskóla í annari sýslu, í menntaskóla eða gagnfræðaskóla. Þetta þykir of þröngt takmark, og ætti kannske ekki við á þeim tíma, sem lögin koma til framkvæmda. En hinsvegar þykir sú upptalning, sem á sér stað í brtt. hv. 2. þm. N.-M. á þskj. 487, einnig takmarka þetta á óeðlilegan hátt. Það þykir sanngjarnt að láta það sem opnast, hverskonar skólavist önnur en í barnaskólum skuli veita undanþágu frá þessari skylduvinnu. Því *að ef ætti að tilgreina skólana og einskorða* við einhverja vissa skóla, sem veittu undanþágu frá vinnuskyldunni, þá veit maður ekki, hvort hægt er að tilgreina takmarkið á þessu stigi málsins, því að ef dregst langt fram í tímann, að þessi heimild verði framkvæmd, er óséð, hvernig skólafyrirkomulagið verður þá. Þessvegna er engin ástæða til að vera að nefna sérstaka skóla, heldur yfirleitt, að skólavist önnur en í barnaskólum veiti undanþágu frá þessari skylduvinnu, ef menn stunda þar nám innan 18 ára aldurs.

Þetta eru að vísu ekki nema smávægilegar breyt., og menntmn. hefir orðið ásátt og einhuga um þær og væntir, að þær séu til bóta og nái samþykki hv. d.

Þá er að minnast með fáum orðum á brtt. einstakra hv. þdm. Ég var búinn að geta um fyrri lið brtt. hv. 2. þm. Árn. á þskj. 465, og það varð að samkomulagi innan menntmn., að hún yrði færð í það horf, sem ég hefi þegar getið um, á hvaða tíma eigi að inna þessa vinnu af hendi. Og b-liður brtt. á sama þskj. fellur að sjálfsögðu í burt með brtt. n.

Þá er að segja um afstöðu n. til brtt. á þskj.

487, frá hv. 2. þm. N.-M. Í fyrri brtt. hans, við 1. gr. frv., fer hann fram á að lengja vinnuskyldutímann og breyta nokkuð um, á hvaða tíma skuli unnið. Hann vill láta vinna 10 vikur að vor- og sumarlagi í staðinn fyrir að frv. gerir ráð fyrir 7 vikna vinnu að vorlagi. Vildi n. ekki fallast á þessa brtt. Þykir það eðlilegra og sanngjarnara, eins og stendur í frv., að tíminn sé ekki lengri en 7 vikur og vinnan látin fara fram að vorlagi, en ekki um háþjargræðistímann. — Um 2. lið brtt. við 1. gr. frv. frá sama hv. þm. er ég búinn að tala í sambandi við brtt. n. um það, hvaða skólavist nægi til þess að veita undanþágu frá skylduvinnu. Þá er það loks brtt. á sama þskj. við 3. gr. frv., þar sem hv. þm. vill, að í stað þess, að í frv. er gert ráð fyrir, að ⅔ atkvæðisbærra manna þurfi til þess að samþ. að stofna slíkan skóla komi ⅘ — N. varð einnig ásátt um að mæla á móti þessari brtt., því að henni þykir sæmilega í hóf stillt að takmarka þessa heimild við, að ⅔ samþ. hana.

Þá er að geta um brtt. á þskj. 502, frá hv. þm. N.-Þ. og hv. 9. landsk. Þær snerta mest sjálft efni frv., og verð ég því sér á parti að geta um afstöðu n. til þeirra.

Till.menn vilja, að 1. gr. frv. sé orðuð um, og kemur þar fyrst og fremst til greina sú breyt., að þeir vilja lengja vinnuskyldutímann upp í 4 mánuði að sumarlagi. N. sá sér ekki fært að mæla með þessari brtt., og hefi ég áður getið um ástæðuna.

Þá er það 2. málsgr. við sömu lagagr., sem n. hefir aftur á móti mælt með og tekið þá málsgr. nokkurnveginn orðrétta upp í sína brtt., sem er b-liður í brtt. n. sjálfrar, og þykir sú breyt. sanngjörn, að þeir, sem hafa stundað nám í öðrum skólum en barnaskólum, skuli undanþegnir þessari skylduvinnu.

Þá er sérstaklega að geta um 3. og 5. brtt. á nefndu þskj. frá þessum hv. þdm. Það eru einmitt verulegustu brtt., sem hafa komið fram í þessu máli og skipta ærið miklu. Meginatriðið er, að þeir vilja, að ríkissjóður greiði ekki nema helming stofnkostnaðar slíkra skóla. Eins og frv. ber með sér, er gert ráð fyrir, að stofnkostnaður allur greiðist úr ríkissjóði. Þetta er því veruleg breyting. Meiri hl. menntmn. féllst á þessa breyt., en a. m. k. einn nm. þ. e. a. s. ég treysti mér ekki til að ljá henni samþykki mitt. Ég álít, að eins og sakir standa nú, mæli engin sanngirni með því og ekki rétt að ákveða möguleika til svona skólabygginga með svona þungu stofnfjárframlagi af hálfu héraðanna. Það má að vísu spyrja sem svo, hvort fremur sé ástæða til að ákveða heimild til slíkrar skólastofnunar með þeim mun þyngri stofnkostnaði af hálfu ríkissjóðs.

Er ekki óeðlilegt, að svona sé spurt. Þó horfir þarna ólíkt við. Svo sem högum sýslu- og bæjarfélaga er háttað, er ófært, að Alþingi fari að semja heildarl., sem leggi þeim á herðar aukinn kostnað. Ég segi fyrir mitt leyti, en ekki n., að á meðan þeim er ekki séð fyrir auknum gjaldstofnum, þykist ég hafa sterk rök fyrir þeirri afstöðu, sem ég hefi tekið. Öðru máli gegnir um ríkið, því að þó að það hafi ekki úr miklu að spila, þá er þó meira svigrúm þar, og Alþingi getur þá líka alltaf sagt: Hingað, og ekki lengra, fjárhagurinn leyfir það ekki, og verða þá ekki slíkir skólar stofnaðir, nema hægt sé.

Ég treysti hv. d. til að samþ. þá gr., að þessir skólar skuli stofnaðir af ríkinu. Ég greiði því atkv. gegn þeim brtt., sem ég hefi verið að lýsa og meiri hl. n. tjáði fylgi sitt.

Ég verð svo að lokum að lýsa því sem minni skoðun, og ég hygg það muni vera skoðun n.-manna yfirleitt, að frv. þetta ber einungis að skoða sem umgjörð um framtíðarskipulag, sem á rétt á sér. Meginhugsun höfundarins er góð og siðferðisleg, og Alþingi ber að veita hugmynd hans stuðning sinn. — Ég get þar með lokið máli mínu, ég vona fyrir fullt og allt, en verð þó að áskilja mér rétt til að taka til máls, ef brtt. um stofnkostnaðinn sætir miklum andmælum.

Sigurður Einarsson: Eins og frá hefir verið skýrt, hefir menntmn. haft til meðferðar allar brtt., sem fram hafa komið við frv. Um nokkrar hefir orðið algert samkomulag í n. í þá átt, að hún skuli mæla með þeim. Hinsvegar er n. ekki sammála um 1. brtt. á þskj. 502. En sem flm. hennar legg ég áherzlu á það, að okkur tveimur flm. og einstökum mönnum í menntmn. þykir mikilsvert, að hún nái fram að ganga. Ef unglingar vinna 7 vikur fyrir húsavist og kennslu, er kennslan goldin of háu verði, miðað við vorkaup unglinga. Hinsvegar teljum við hæfilegt, að menn vinni 4 mánuði og fái fyrir það, sér að kostnaðarlausu, vist og kennslu annaðhvort næsta vetur eða þá síðar. Ef þessi till. okkar nær fram að ganga, féllst ég á það í menntmn., að till. á þskj. 526 komi fram sem brtt. við okkar brtt., þannig, að í gr. standi næstu 2 vetur í staðinn fyrir næsta vetur, eins og er í frv.

Þá höfum við gert þá brtt. við 2. gr. frv., að orðin „fyrir karlmenn“ falli niður.

3. brtt. okkar er á þá leið, að sýslun. og bæjarstj. skuli heimilt að láta reisa skólahús á kostnað sýslu eða bæjar, og greiði þá ríkissjóður helming kostnaðar, þegar fé er til þess veitt í fjárl. Okkur þykir ekki rétt að láta ríkissjóð standa einan undir þeim kostnaði, sem af byggingu slíkra skólahúsa leiðir. Sömuleiðis þótti okkur rétt að binda framlög ríkissjóðs því skilyrði, að sæmilega sé hugsað fyrir öllum útbúnaði skólanna. Gæti farið svo, að hlaupið yrði í þetta og allt reyndist svo illa undirbúið, að ríkinu þætti ekki ástæða til að henda miklu fé í húsabyggingar. Allir nm. féllust á þetta, nema einn.

Þá er 4. brtt. B-liðurinn er um það, að ríkisstj. skipi skólastjóra, og séu laun hans ákveðin í launal., en ríkið skal greiða þau. Annan kostnað við rekstur skólans, þ. á. m. laun annara kennara, greiði sýslan eða bærinn. Ég er ekki í vafa um, að það er minni byrði og áhætta fyrir ríkissjóð að greiða laun skólastjóra en taka á herðar sér annan kostnað fyrir viðkomandi sýslu eða bæ, sem upprunalega stóð í frv. og stendur þar enn.

A-liður 4. gr. segir, að námsgreinar skuli vera þær sömu og í öðrum héraðskólum, en erlend mál skuli þó ekki vera skyldunámsgrein. Enn

fremur skuli verklegri kennslu hagað, eftir því sem við verður komið, sem undirbúningi undir þau lífsstörf, sem aðallega eru stunduð í viðkomandi sýslu eða bæ. Í nokkrum skólum hérlendis hefir þetta verið reynt og gefizt vel, og sama er að segja um erlenda skóla, þar sem þessi tilhögun hefir verið höfð.

Af 3. brtt. okkar leiðir þá 5., að í stað orðsins „byggingarkostnaðinn" komi: ríkisframlagið til húsbyggingarinnar.

Þar sem við álítum 7 vikna skylduvinnu of mikla borgun fyrir húsnæði og kennslu, höfum við ekki getað fallizt á brtt. hv. 2. þm. N.-M. á þskj. 487. Hann vill hafa 10 vikur í stað 7.

Ég held, að óhætt sé a. m. k. að segja, að 1. brtt. okkar sé til bóta. Hún gerir frv. líklegra til að geta komið að liði þeim æskumönnum, er þetta vilja nota sér, og 3. og 5. brtt. um kostnaðinn virðast mér vera sjálfsagðar. — Að öðru leyti mæltist ég til þess f. h. n., að frv. verði samþ.

Frsm. (Eiríkur Einarsson): Þar sem nú hv. 9. landsk. hefir lýst brtt. þeim, sem hann og annar þm. eiga á þskj. 502, vil ég taka það fram, til áréttingar því, sem ég sagði áðan, að þó að það væri mikilsvert að fá ókeypis vist og kennslu, þá er þó breytingin, sem í þessu felst, of mikil. Það er sitt hvað, að fá ókeypis húsavist og kennslu eða vist og kennslu. Þó að þessi breyt. væri æskileg með tilliti til fátækra manna, þá er hún þó of dýru verði keypt með öðru ákvæðinu í sömu málsgr., þar sem skylduvinnutíminn er lengdur upp í 4 mánuði að sumarlagi, í stað 7 vikna að vorlagi. 4 mánuðir að sumarlagi er of langur tími fyrir heimili, sem senda ef til vill öflugasta starfsmanninn frá bænum, langt fram á slátt, til þess að ég geti léð þessari till. fylgi mitt. Ég veit, að almenningur bænda, sem vera myndi þessari hugmynd hlynntur, hlyti að snúast gegn henni, ef þetta yrði samþ. Þetta er svo mikilsvert atriði fyrir mér, að ég veit ekki, hvort ég gæti léð frv. fylgi mitt, ef þessi breyt. yrði á því gerð.

Í viðbót við það, sem ég sagði áðan, vil ég benda á það, að ég álít skynsamlegra, að ríkið greiði stofnkostnað og rekstrarkostnað en hitt, líka af því, að það mun að jafnaði vera bezt, að Alþingi skeri á hverjum tíma úr því, hvort til sé fé til þessara framkvæmda. Álít ég, að bezt fari á því, að þetta sé sem mest í höndum löggjafarvaldsins. En ef stofnkostnaður fellur að hálfu leyti á ríkissjóð, en að hálfu leyti á sýslu- eða bæjarfélög, þá er meiri hætta á ýmsum töfum um framgang málanna. Eftir öllum grundvallarreglum um meiri háttar aðgerðir sýslu- og bæjarfélaga, er það löggjafarregla, að þau sæki upp fyrir sig til löggjafarvaldsins. sem á að skera úr um það, hvort framkvæmdin er möguleg eða ekki.

Þetta er mér svo mikils virði, að ef samþ. verður þessi mikla lenging skylduvinnunnar og það, að helmingur stofnkostnaðar falli á bæjar- og sýslufélög, þá er ég óviss um, að ég geti greitt atkv. með frv.

Gísli Guðmundsson: Ég hefi, ásamt hv. 9. landsk., flutt nokkrar brtt. á þskj. 502. Hv. 9. landsk. hefir nú skýrt frá viðhorfi okkar flm. og svo menntamn. við till. þessum, og eins og hv. dm. hafa tekið eftir, virðist meiri hl. menntamn. meðmæltur þessum till. okkar. Aðeins hv. 11. landsk. hefir lýst sig mótfallinn þeim, og hefir hann gert grein fyrir sinni afstöðu. En ég vona, að þar sem meiri hl. n. hefir veitt þeim samþ. sitt, þá muni þær einnig ná samþ. hér í hv. d.

Það vakti fyrir okkur hv. 9. landsk., að við vildum gera þessa löggjöf svo vel úr garði, að hún gæti orðið að raunverulegu liði. Því fórum við nánar út í sum atriði, sem frv. gerir litla grein fyrir. T. d. töldum við óhugsandi, að ríkið legði fram allan kostnað. Við álítum, að ef ríkinu væri gert að bera þennan kostnað, þá yrði aldrei neitt um framkvæmdir, því að í fjárl. myndi aldrei verða samþ. svo mikill kostnaður. Ég held að hv. 11. landsk. fari villur vegar, ef hann hyggur sig greiða fyrir málinu með því að berjast fyrir, að ríkið greiði allan kostnað. Við viljum hinsvegar láta skipta stofnkostnaði milli ríkis og héraða, og eins álítum við rétt, að ríkið beri nokkuð af rekstrarkostnaði.

Ég hefi höggið eftir því, að ýmsir hv. þm. hafa talað um þetta mál eins og það væri eingöngu mál sýslufélaga. En það gæti ekki síður komið til mála, að bæirnir notuðu sér þessa heimild. Þetta er því alveg eins þeirra mál.

Jörundur Brynjólfsson: Við 2. umr. lét ég orð falla nokkur ummæli til andstöðu við þetta mál. Eftir að ég hafði lokið ræðutíma mínum, gengu nokkrir hv. dm. í skrokk á mér. Fannst þeim óþarfi af mér að tala í þessu máli, töldu það ekki vera í mínum verkahring og kölluðu það illa varið tíma þingsins. Ég skal játa það hreinskilnislega, að ég mundi ekki hafa tekið til máls, hefði mér ekki sýnzt, sem málið ætti að senda til Ed. þegjandi og hljóðalaust.

Hv. þm. G.-K. sagði, að ég hefði ekki átt annað erindi upp á ræðupallinn í þessu máli en það, að óvirða þann mann, sem borið hafði málið fyrir brjósti. Þetta kalla ég furðuleg ummæli hjá hv. þm. Til þess að fyrirbyggja misskilning, tók ég það fram strax, að ég ætlaði mér síður en svo að gera hugsjónir þessa höfundar málsins að umtalsefni. Ég vildi aðeins benda á nokkur atriði, sem sýndu, að þetta mál ætti ekkert erindi til okkar.

Af því að þannig féllu til mín orð hjá hv. þm. G.-K., að ég hefði gert lítið úr höf. þessa frv., skal ég taka fram, að ég reyndi að haga orðum mínum svo, að segja sem minnst um þau atriði frv., sem áfátt er af hálfu höfundar. Vildi ég ógjarnan lengja umr. að óþörfu, og ég vona, að hv. dm., og þar með talinn hv. þm. G.-K., geti ekki borið það, að ég geri svo mjög oft að því. Getur að vísu vel verið, að ég eigi einhverja sök, en þá held ég, að sumum öðrum hv. dm. verði hætt.

Ég hefi eiginlega fáu að svara, en skal víkja að hv. þm. V.-Sk., sem mér fannst gera ráð fyrir, að af því ég hefði verið í ungmennafél. mundi ég hafa fylgt þegnskylduvinnuhugmyndinni. Vissulega er þetta á annan hátt, og er ekki sambærilegt; hér er aðeins að ræða um

fyrirkomulag, er snertir bæjar- og sveitarfélög, en ekki landið allt. Annars get ég upplýst það, þó ekki komi þessu máli við, að ég talaði gegn þegnskylduvinnufrv. hér í Rvík, þegar það kom fyrst fram. En ég vil minna hv. þm. V.-Sk. á það, sem var mjög nákominn vinur þess manns, er bar það frv. fram, að hann var ekki með frv., og datt engum í hug að álykta þrátt fyrir vináttuna, að hann væri því fylgjandi.

Þá kom það fram hjá einum hv. þm. hér áðan, að þetta væri hugsjónamál eins manns, og þess vegna bæri þinginu að samþ. frv. Þetta eru engin rök. Ég hefi aldrei efazt um, að hv. höf., Björgvini Vigfússyni, væri þetta hugsjón. En hinsvegar er það ofboð einfalt mál að leyfa aldrei, að það rætist, og það mun margur verða að sætta sig við um sínar hugsjónir. En um orð þessa hv. þm. er það að segja, að þau get ég ekki fallizt á, enda hæpið að halda því fram. að frv. eigi að samþ. eingöngu af því, að það er hugsjón einstakra manna. Við getum tekið dæmi t. d. frá Þýzkalandi. Ég efast ekki um, að ýmsum stórmennum þar er það hugsjón að uppræta kaþólska trú, en það efast ég ekki um, að fjöldi Þjóðverja er á móti aðferð Rosenbergs og afneita henni. Ég er neyddur til að taka það fram, vegna þess að mér hefir verið brugðið um, að ég væri að ráðast á hugsjón þess manns, sem er höf. þessa frv., að ég veit, að þessi maður hefir trú á málinu. En við skulum virða fyrir okkur þetta skólafyrirkomulag, sem höf. hefir ekki trú á, að verði framkvæmt nema samþ. verði slík löggjöf. Þá hefir hann auðvitað trú á að þetta komist upp. En hver er grundvöllurinn? Hann er sá, að héruð eða kaupstaðir eins og hv. þm. N.-Þ. hefir réttilega bent á, að þyrftu þess engu síður — komi á hjá sér skylduvinnu eftir nánari ákvæðum, sem fram eru tekin í frv. Og hlunnindin fyrir 7 vikna skylduvinnu er skólavist — frítt húsnæði og kennsla — næsta vetur. Lengra nær það nú ekki, því ef viðkomandi getur ekki sinnt því næsta vetur að dvelja í skólanum, þá er ekki eftir frv. að því er séð verður ætlazt til, að hann njóti neinna hlunninda síðar. Þó skyldi maður ætla, að frv. gerði ráð fyrir skólaskyldu, er nemendur ættu að inna af hendi, en svo er alls ekki; skólaskylda er engin, en vinnan er skylda. Að það sé hagkvæmt fyrir sýslu- eða bæjarfélagið að fá ódýra vinnu til að koma fram umbótum, það efast ég ekki um og dettur ekki í hug að neita. Nú væri hægt að ætla, að vinna sú, er vekti fyrir höf., væri áður óþekkt í landinu, en svo er ekki. Fyrir honum vakir vegavinna, garðrækt, plæging og ýmiskonar jarðrækt; yfirleitt venjuleg vinna í þessu landi, algeng vinna, sem nú er stjórnað af góðum mönnum, þeim beztu sem völ er á í þann starfa. Ég efast því um, að aðrir mundu stjórna þessu betur en þeir, er nú inna verkstjórn af höndum við þessa vinnu. Þá er gert ráð fyrir því í frv. þessu, að ef einhver hindrar annan frá því að mæta til skylduvinnunnar, skuli hann sæta refsingu. En þó nemandi sé hindraður af einhverjum frá því að mæta í skóla næsta vetur, er ekki gert ráð fyrir neinni refsingu honum til handa. Þá er síður en svo, að ætlazt sé til, að þetta nái til allra unglinga á aldrinum 16-18 ára í þeim héruðum, er þó kynnu að samþ. þetta fyrirkomulag, þar sem ekki er gert ráð fyrir, að unglingarnir eigi að hafa sjálfir neinn atkvæðisrétt um, þó þeir séu fyllilega komnir til vits og ára og þessi ákvörðun snertir þá fyrst og fremst. Ef nemandi hefir gengið í vissa tiltekna skóla áður, þá er hann undanþeginn skylduvinnunni. Eftir þeirri oftrú, sem hv. höf. virðist hafa á þessu skólafyrirkomulagi, þá hefði það átt að vera vilji hans að gera þessa skyldu almenna fyrir alla. En undanteknir eru þeir, sem hafa gengið í héraðsskóla annarsstaðar, gagnfræða- eða menntaskóla. En nemendur úr öðrum skólum, eins og t. d. vélstjóraskóla, verzlunarskóla, iðnskóla eða búnaðarskóla, þeir eru skyldir að hlíta þessum kvöðum, eða a. m. k. er engin undanþága gerð um þá í frv. þessu. Er þó nám í þessum skólum sízt minna virði, og m. a. gerir höf. ráð fyrir, að þeir, sem stjórni þessum verkum, eigi að vera búfróðir menn.

Þá gerir höf. og ráð fyrir, að heimilt skuli að stofna skóla fyrir stúlkur á sama aldri, þó ekki fyrr en reynsla sé fengin um piltaskólana. Nú skulum við segja, að þeir gefist vel, og skóli sé settur fyrir stúlkur með þessu fyrirkomulagi, sömu skyldum og réttindum, þá eru heldur ekki undan þegnar skylduvinnu þær stúlkur, sem hafa sótt t. d. verzlunarskóla, kvennaskóla eða húsmæðraskóla, sem maður skyldi þó ætla, að hefði mátt, heldur nær undanþágan yfir sömu skóla og fyrir piltana. Og hvað er þeim svo ætlað að læra? Prjóna, sauma, tæja og líklega taka ofan af eða yfirleitt tóskapar- og heimilisstörf, sem nú eru almennt unnin eftir því sem við verður komið, á flestum sveitaheimilum landsins.

Af því, sem ég hefi stuttlega drepið á, verður ljóst, að það, sem fyrst og fremst vakir fyrir höf. frv., er skylduvinnan, en ekki lögð nein áherzla á málið sjálft eða að nemendur njóti þess.

Eins og ég vék að áðan, efast ég ekki um, að höf. gengur gott eitt til., en maður hefir ekki aðeins rétt, heldur líka skyldu til að líta á allar hliðar þessa máls.

Höf. hefir trú á því, að uppskera unglinganna af þessari skylduvinnu verði hverskonar dyggðir, og í stað leti, ómennsku, óráðvendni og annara ókosta verði þeim ekki aðeins útrýmt, heldur líka vaxi upp nýjar dyggðir, eins og árvekni trúmennska, skyldurækni, hlýðni og hverskonar manndyggðir. Og allar þessar dyggðir á fólkið að öðlast fyrst og fremst fyrir það, að vinna í 7 vikur að ýmsum daglegum störfum, sem allur þorri þessara unglinga vinnur nú um land allt, ekki aðeins í 7 vikur, heldur líka mikinn hluta sumars og ár eftir ár.

Ég verð að segja það, ef nokkur von væri um, að þetta frv. bæri þann árangur, sem höf. þess ætlast til, þá ættu þetta ekki að verða heimildarlög, heldur blátt áfram skylda á herðar héruðum að koma upp slíku skólafyrirkomulagi.

Ég ætla svo ekki að fjölyrða frekar um þetta mál, og ekki ræða um þær brtt., sem hér liggja fyrir og margar eru til bóta. En ég vil benda

á, að í rauninni nær það engri átt að afgr. svo þetta frv., að ekki sé athugað um fyrirkomulag á bóklegu kennslunni eins og þeirri verklegu, en eins og frv. er nú, er það algerlega ómótað. Það er vitaskuld aukaatriði, hvernig skólabyggingar skuli afhenda o. s. frv., en hitt er ekki aukaatriði, hvernig verður byggt. Ég vonast til, að hv. d. beri gæfu til að samþ. þær brtt., sem eru til bóta, en vitanlega, ef mönnum er alvara um að þetta verði framkvæmt, þarf að undirbúa málið betur. Menningarmál þjóðarinnar eru það mikilvæg, að ég er hissa, ef hv. dm. halda, að hér sé um smámál að ræða; þó við höfum komið upp alþýðuskólum, þá er ekki svo, að ekki megi betur fara enn, en til þess skortir okkur nú getu og aðstöðu. En hugmynd höf. er að mínum dómi allsendis ófullnægjandi til að koma lagi á þessi mál.

Ummæli mín byggjast í máli þessu aðeins á þeirri umhyggju, sem ég ber fyrir menningarmálum þjóðarinnar, en til höf. frv. hefi ég ekki annað en gott eitt að segja.

Ég mun svo ekki taka oftar til máls, þó einhver kunni að segja eitthvað til mín út af ummælum þessum, þá læt ég mig það engu skipta.

ATKVGR.

Brtt. 487,1.a felld með 19:2 atkv.
— 487,1.b tekin aftur.
— 465,a—b teknar aftur.
— 502,1 felld með 15:7 atkv.
— 526,a samþ. með 17 shlj. atkv.
— 526,b samþ. með 20 shlj. atkv.
— 502,2 samþ. án atkvgr.
— 487,2 felld með 13:8 atkv.
— 502,3 felld með 13:13 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: JónP, JG, PZ, PHalld, SigfJ, SE, StJSt, ÞorbÞ, BB, EystJ, FJ, GÞ, JörB.

nei: HannJ, JakM, JJós, JÓl, JS, MT, ÓTh, PO, SK, BÁ, EE, EmJ, GSv.

Sjö þm. (ÁÁ, BJ, GG, GÍ, HV, PÞ, TT) fjarstaddir.

Brtt. 502,4.a felld með 14:11 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: EystJ, FJ, GÞ, JónP, PZ, SigfJ, SE, StJSt, BB, EmJ, JörB.

nei: GSv, HannJ, JakM, JJós, JÓl, JS, JG, MT, ÓTh, PO, SK, ÞorbÞ, BÁ, EE.

Átta þm. (GG, GÍ, HV, PÞ, PHalld, TT, ÁÁ, BJ) fjarstaddir.

Brtt. 502,4.b tekin aftur.
— 502,5 tekin aftur.

Frv., svo breytt, samþ. með 15:10 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: SK, ÞorbÞ, BÁ, BB, EE, EmJ, EystJ, GÞ, GSv, JJós, JÓl, JónP, JS, JG, ÓTh.

nei: SigfJ, SE,[1]) StJSt, FJ, HannJ, JakM, MT, PZ, PO, JörB.

HV greiddi ekki atkv.

Sjö þm. (TT, ÁÁ, BJ, GG, GÍ, PÞ, PHalld) fjarstaddir.

Frv. afgr. til Ed.

Á 68. fundi í Ed., 13. nóv., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 532).

Á 70. fundi í Ed., 15. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 71. fundi í Ed., 16. nóv., var frv. aftur tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 8:1 atkv. og til allshn. með 8:2 atkv.

Á 96. fundi í Ed., 16. des., var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 98. fundi í Ed., 18. des., var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 532, n. 784 og 786).

Frsm. meiri hl. (Guðrún Lárusdóttir): Það er nokkuð langt síðan þetta frv. kom fyrst fram. Það hefir nú legið fyrir menntamn. þessarar hv. d., og hún hefir skilað áliti á því, að nokkru leyti í tvennu lagi, þar sem minni hl. er með brtt. Mér fannst samt, þegar n. sat á fundi um þetta mál, að það væri sameiginlegt álit nm., að hugmynd sú, sem fólgin er í frv., ætti mikinn rétt á sér. Með því að gert er ráð fyrir, að ungir menn taki að sér störf fyrir sýslu- eða bæjarfélag sitt kauplaust, en eiga svo að uppskera launin á sínum tíma með því að fá ókeypis skólavist, þá má segja, að dálítil kvöð sé lögð á þá. En við mennirnir erum nú einu sinni svo gerðir, að okkur þykir vænna um þá hluti, sem við höfum eitthvað fyrir, heldur en þá, sem koma svo að segja upp í hendurnar á okkur fyrirhafnarlaust eða fyrirhafnarlítið. Sérstaklega á þetta við um ungt fólk og duglegt. Það er ekki lítilsvirði, ef hugmynd frv., þegar hún kemur í framkvæmd, gæti orðið til þess að efla hjá ungu, íslenzku fólki rækt til átthaga sinna eða sveitar þeirrar, sem það er borið og barnfætt í. Ég hygg að ræktin til átthaganna myndi vaxa, þegar ungu fólki gefst kostur á að starfa gegn skólaréttindum að þeim störfum, sem að dómi héraðsbúa eru þörf og nauðsynleg fyrir héraðið. Ég held, að það megi til sanns vegar færa, að það, sem Íslendingar þurfa að hlúa einna mest að, þar sem alltaf er verið að kvarta um los á fólkinu og þann fólksstraum, sem átt hefir sér stað til kaupstaðanna, er að festa huga fólksins við eitthvað, sem bundið gæti einstaklinga við átthaga sína. Ég held, að sá, sem búinn er að vinna eitthvað fyrir sveit sína, sé tengdur henni sterkari böndum en sá, sem ekkert hefir fyrir hana gert. Mér finnst, að þessi hugmynd felist á bak við frv., og hún er alltaf þess virði, að að henni sé hlynnt. Aftur hafa heyrzt einstaka raddir um það, að þetta fyrirkomulag hefði í för með sér nokkurskonar þvingunarráðstafanir, sem

1) SE: Þar sem þessi hv. deild hefir ekki getað fallizt á gagngerðar till. til bóta, sem ég og annar hv. þm. höfum flutt, og vegna þess, að mér hefir yfirleitt fundizt það hafa komið fram við atkvgr., að menn álita málið ekki þess vert, að gerðar væru breyt. á því til bóta, ætla ég, enda þótt ég mælti fyrst með því, að málið yrði lagt fyrir d., að greiða atkv. á móti því og segi nei.

ungt fólk muni ekki vilja gangast undir. En þegar þetta er borið saman við frv., þá sé ég ekki, að það þurfi að óttast þetta mikið, þar sem aðeins er um heimild að ræða í frv. fyrir sýslu- og bæjarfélög til þess að taka þetta skólafyrirkomulag upp, og sú heimild takmarkast af atkvgr., þeirra, sem eiga við fyrirkomulagið að búa, og það verður aldrei reynt nema mikill hluti kjósenda komi sér saman um það. Ég held því, að út frá þessu sjónarmiði sé það alveg hættulaust að samþ. þetta frv. En frá hinu sjónarmiðinu er það fullkomlega þess virði, að það sé reynt. Setjum svo, að þetta fyrirkomulag gæti skapað þann hugsunarhátt hjá ungu fólki, að það yndi betur hag sínum heima í sveit sinni, þá er það heillavænlegt spor, sem stigið er með því að samþ. frv. Það er mörgum áhyggjuefni, að svo virðist, sem kjarni þjóðarinnar, sem talið hefir verið, að sé í sveitunum, sé nú að flytja sig úr stað, af því að hann uni ekki hlutskipti sínu og kringumstæðum. Þetta verður að teljast skaðlegt, ef það hefir verið réttmæli — en það álíta margir —, að sveitafólkið sé kjarni þjóðarinnar.

Ég ætla svo ekki að fjölyrða meira um frv. að sinni, heldur heyra fyrst, hvað hv. þm. S.Þ. hefir að segja um brtt. sínar. Ég vona hinsvegar, að hv. d. verði mér sammála um, að það sé engin hætta á ferðum, þó að frv. verði samþ. eins og það liggur nú fyrir, sem sem annarsvegar er aðeins um heimild að ræða, sem hinsvegar er takmörkuð af atkvgr. þeirra, sem eiga í hlut. Það má vel vera, að þrátt fyrir það, þó að aðrir skólar séu frjálsari, þá séu margir svo settir eða þannig gerðir, að þeir vilji heldur fara þessa leið en hinar venjulegu leiðir. Ég hygg því, að þeir muni verða margir, sem vilji fara þessa leið. Ég hefi orðið þess vör, að með vaxandi ungmennafélagastarfsemi hefir viðhorfið í þessu efni dálítið breytzt. Ég hygg, að ungmennafélögin séu líkleg til þess að taka upp svona mál.

Ég ætla svo ekki að ræða það meira að sinni, en sjá til, hvað hv. þm. S.-Þ. hefir að segja.

Frsm. minni hl. (Jónas Jónsson): Eins og hv. frsm. meiri hl. menntmn. hefir tekið fram, þá var lítilsháttar meiningarmunur um þetta frv. í n., þó ekki um það, hvort það ætti að ganga fram eða ekki, heldur var það svo, að minni hl. taldi rétt að binda ákvæði frv. við það hérað, þar sem mestur áhugi hefir verið á þessu máli. Brtt. mínar eru á þskj. 786, og eru þær nærri orði til orðs endurprentun á till., sem núv. hv. 1. þm. Reykv. flutti á Alþ. 1929, og þess vegna verða mín rök að mestu leyti hin sömu og hans.

Ég vil benda á, að það er engin ástæða til þess, að þetta frv. sé látið ná til nema Rangárvallasýslu, því sú nýung, sem frv. fer fram á, hefir hvergi gert vart við sig nema í þessu eina héraði, og því er ekki sanngjarnt að lögfesta þetta fyrir hin önnur héruð, sem eru annars búin að sjá fyrir þörf sinni í þessum efnum, eða þannig er ástatt um, að þetta á ekki við hjá þeim. Það má t. d. benda á, að í frv. er gert ráð fyrir því formi, að þetta fyrirkomulag geti átt við í kaupstöðunum. Nú sjá allir, að Reykjavík og Hafnarfjörður hafa ekki þessa vinnuþörf á sama stigi og þá, sem sýslumaðurinn í Rangárvallasýslu fann til, að væri fyrir hendi þar. Það er í raun og veru misskilningur hjá aðalhöfundi þessa frv. og fullhæpið hjá flm. þess, að það er beinlínis gert ráð fyrir því, að bæjarfélögin noti þetta fyrirkomulag, og að það eigi við hjá þeim, en það er í rauninni eins fjarstætt og það, að byggður væri unglingaskóli í Reykjavík með heimavist í miðjum bænum. En slíkt hefir aftur á móti verið gert í ýmsum héruðum landsins. Það eru býsna mörg héruð, sem eru búin að sjá fyrir skólaþörf sinni. Ég vil benda á Austfirði, sem hafa Eiðaskóla og gagnfræðaskólann á Norðfirði. Það eru því ekki líkur til þess, að Austfirðingar hafi neitt með þessa heimild að gera. Þingeyjarsýslur hafa einn skóla, Eyjafjarðarsýsla hefir ekki beinlínis neinn héraðsskóla, en það eru tveir almennir skólar á Akureyri. Skagafjörður hefir Hólaskóla, Húnavatnssýslur hafa tvo skóla og Vestfirðir hafa sína skóla. Borgarfjarðarsýsla og Árnessýsla hafa sína héraðsskóla. Frá skynsamlegu sjónarmiði er því till. hv. 1. þm. Reykv. frá 1929 eðlilegt svar í þessu máli. Þó að Rangárvallasýsla, sem engan héraðsskóla hefir, vilji fá þessa heimild, þá er engin þörf á því að binda hana við önnur héruð landsins. Ég furða mig á því, að hv. meiri hl. hefir ekki viljað ganga inn á það, að svara þeim áhuga, sem komið hefir fram í Rangárvallasýslu á þessu máli, með því að veita þeirri sýslu einni þetta leyfi.

Ég vil nú spyrja hv. frsm. meiri hl. að því, hvernig beri að skilja þetta fyrirkomulag, sem frv. gerir ráð fyrir, þegar til framkvæmda kemur. Ég hefi nú bent á, að það er óeðlilegt að blanda kaupstöðunum inn í þetta mál, því fyrirkomulag það, sem frv. gerir ráð fyrir, á ekki við þar. Nú vil ég spyrja hv. frsm. að því, hvort ætlunin sé sú, að reistir séu sérskólar fyrir stúlkur. Og ef svo er, þá verður í hverju héraði að reisa tvo skóla, annan fyrir pilta, en hinn fyrir stúlkur. Það er að vísu sagt í frv., að fyrst eigi að reyna með piltaskólana, og ef þeir reynast vel, þá lítur út fyrir, að það eigi að reisa aðra skóla fyrir stúlkur. En þegar þar að kemur, hlýtur sú spurning að vakna, hverning þær eigi að vinna fyrir skólavistinni. Í 1. gr. frv. segir: „Heimilt skal sýslunefndum og bæjarstjórnum að ákveða það lýðskólafyrirkomulag innan sýslu eða bæjarfélagsins, að allir ungir menn verkfærir á aldrinum 18 ára vinni kauplaust líkamleg störf í þarfir síns sýslu- eða bæjarfélags, þar sem þeir eiga heimili, 7 vikur að vorlagi, gegn ókeypis húsavist og kennslu við verklegt og bóklegt nám í skóla í 6 mánaða tíma næsta vetur eftir að vinnan hefir farið fram". Nú vil ég fá að heyra það frá hv. frsm. meiri hl., hvaða líkamlega vinnu stúlkur myndu geta unnið fyrir hérað sitt fyrir skólavistina. Ég veit, að piltar geta t. d. unnið í vegavinnu. En ætlast hv. meiri hl. n. eða ætlast sýslumaðurinn í Rangárvallasýslu til þess, að stúlkur séu látnar vinna í vegavinnu, eða kannske hlaða fyrir Markarfljót eða gera aðra slíka gagnlega

hluti? Í frv. vantar ákvæði um þetta. Ég veit, að hv. frsm. meiri hl. sér, að það er nógu slæmt að lögleiða svona frv. fyrir eina sýslu, þó það sé ekki lögleitt fyrir allar sýslur, þar sem ríkissjóður á að kosta byggingu skólanna. Og þegar búið væri að byggja einhvern slíkan skóla, þá gæti svo farið, að héraðið vildi ekkert með hann hafa og mundi hann þá skella yfir á ríkissjóð. En þegar búið væri að byggja slíkan skóla, þá er ég viss um, að menn teldu það ekki viðeigandi að svipta þá skólavist, sem ekki vildu vinna. Í 3. og 4. gr. frv. er sagt, að þessa skóla eigi að byggja fyrir ríkisfé. Nú er komið það lag í kaupstöðunum og sveitunum, að þar er lagt fram mikið fé á móti því, sem ríkissjóður leggur fram. Það er t. d. svo um hinn nýja Flensborgarskóla, og þar leggur ríkið fram 2 hluta á móti 3 hlutum frá bænum. Framlagið frá kaupstöðunum og sveitunum á að vera trygging fyrir því, að slíkar byggingar séu ekki knúðar fram nema vilji héraðanna sé fyrir hendi. En þegar búið er að lögleiða þetta fyrirkomulag, sem frv. gerir ráð fyrir, þá getur Rangárvallasýsla samþ. það, að hún vilji fá slíka skóla. Og þegar það er búið, þá skulum við segja, að sá flokkur, sem hv. frsm. meiri hl. telst til og fulltrúar Rangárvallasýslu og sýslumaðurinn í Rangárvallasýslu tilheyra einnig, setti það á oddinn, þar sem hann hefir meiri hl. í sýslunni, að slíkur skóli væri byggður í Rangárvallasýslu. En svo þegar skólinn væri kominn, þá vildi unga fólkið kannske ekki sækja hann. Þá kæmi fram sama spurning eins og um spítalann á Eyrarbakka á sínum tíma: Hvað á að gera við bygginguna? Það má alveg búast við því, að unga fólkið vilji ekki gangast undir þetta, enda hefir mikið verið talað um þrældóm í sambandi við þetta mál. En ég vil nú ekki nota svo stórt orð um þetta. En ég vil benda á, að það væri hægt fyrir lagna sýslunefnd að nota þessi ákvæði, sem í frv. eru, til þess að koma upp skóla í sýslunni, þó að bak við það kynni að liggja sá tilgangur, að skólinn yrði starfræktur á nokkuð annan hátt en gert er ráð fyrir í frv. Það hefði verið hægt fyrir sýslunefnd Hafnarfjarðarkaupstaðar að viðhafa slíka aðferð með Flensborgarskólann, og heimta það af þm. kjördæmisins, að hann fengi þann þingmeirihl., sem hann tilheyrir, til þess að samþ. að veita fé til slíkrar byggingar. En þegar búið væri að byggja skólann, þá vildi fólkið ekki sækja hann, ef hann væri rekinn með þessu fyrirkomulagi, og yrði þá að starfrækja hann á annan hátt. Ég tek þetta fram til þess að sýna, að það getur orðið sama spursmálið eins og var með spítalann á Eyrarbakka, sem aðeins var búið að gera fokheldan, en svo varð að taka húsið og breyta því og nota það til annars, til þess að láta það ekki standa autt. Það er ómögulegt að neita því, að það er bæði skrítið fyrirkomulag á kennslunni samkv. þessu frv. og þessari skiptingu á piltum og stúlkum, og það gerir það sérstaklega óaðgengilegt að samþ. frv. sem landslög í heild.

Af kurteisi við höfund og flm. frv. höfum við ekki lagt til, að frv. verði fellt, heldur takmarkað þannig, að það nái ekki nema til eins héraðs, Rangárvallasýslu. Nú vildi ég óska, að hv. frsm. meiri hl. menntamn. eð hv. 2. þm. Rang. útskýrði, hvernig hægt er að hindra það, að ríkið yrði hreinlega að gefa viðkomandi héraði það hús, sem ríkið væri þar búið að byggja, og hvers vegna þá ekki er réttara að gefa Rangárvallasýslu einni það leyfi, sem felst í frv., heldur en fara að leiða önnur héruð í þá gildru, sem lögð er með þessu frv. og sett er til þess að eyðileggja það skipulag, sem komið er í skólamálum alþýðu bæði í sveitum og kaupstöðum.

Frsm. meiri hl. (Guðrún Lárusdóttir): Það eru aðeins örfá orð til hv. þm. S.-Þ., frsm. minni hl., sem ég ætla að segja. Hann var að spyrja um það, hvað stúlkurnar ættu að starfa. Ég skal svara því, að þær þurfa ekki endilega að moka mold. Það er kvartað yfir kvenfólksleysi í öllum sveitum. Það er ekki endilega bundið við það, að þær vinni í opinberri vinnu, heldur gætu þær unnið bara venjuleg heimaverk. (**JJ:** Á að leigja þær út?). Það er algengt, að stúlkur vinni hjá öðrum, þó það sé ekki algengt að kalla, að þær séu leigðar. Ég sé ekkert á móti því, þó þær vinni þörf störf á heimilum og taki fyrir það út sína skólaveru. Svo var hv. þm. að tala um ógurlegan kostnað fyrir ríkissjóð. Ég skal benda honum á það, sem stendur í þriðju línu í 3. gr., að fé skuli veitt úr ríkissjóði til bygginga þessara aðeins í fjárl. Nú sem stendur er þessi hv. m. sjálfur form. fjvn., og ég býst við, að hann hugsi sér að verða það framvegis. Ég býst því við, að hann reyni að passa dyrnar á ríkissjóðnum. En hvort sem hann eða aðrir verða í þessu sæti í framtíðinni, þá þarf þó alltaf samþykki Alþingis, svo ég fæ ekki séð, að hér sé sérleg hætta á ferðum.

Þá var hv. þm. að spyrja um, hvað ríkissjóður ætti að gera, þegar búið væri að byggja skóla og enginn vildi í hann fara. (**JJ:** Já, ef). Já, ef, — þá á héraðið að endurgreiða ríkissjóði á vissu árabili það, sem ríkissjóður hefir lagt fram. Ég sé því ekki, að hér sé um stóra hættu að ræða. Mér skildist á hv. þm., að hann héldi, að hér ætti að lögbjóða þessa skóla í kaupstöðum og héruðum, en það þarf miklu meira til. Mikill meiri hl. í héruðunum þarf að samþ. þetta, svo hér er ekkert að óttast. Mér finnst broslegt að vera að binda þessi lög við eitt sýslufélag. Því ekki, ef þetta er þarft og gott mál, að leyfa fleiri héruðum að reyna það, og þó ekki hafi komið óskir um þetta nema úr einni sýslu, þá sannar það ekkert.

Pétur Magnússon: Ég vildi segja aðeins örfá orð um brtt. hv. þm. S.-Þ. Aðalbrtt. er sú, að láta heimildina til þess að stofna slíkan skóla, sem frv. gerir ráð fyrir, aðeins ná til Rangárvallasýslu. Þá till. rökstyður hv. þm. með því, að því er mér skildist, að í þeirri einu sýslu hefði komið fram einhver áhugi fyrir þessu máli. Það liggur ekkert fyrir, sem sýnir, að í Rangárvallasýslu sé meiri áhugi fyrir þessari hugmynd en annarsstaðar, þó sá maður, sem frumkvæði á að þessu máli, sé sýslumaður í þeirri sýslu. Það hefir að vísu verið leitað hófanna um

undirtektir við þetta mál innan Rangárvallasýslu, og get ég upplýst það, að æðimargir áhrifamenn þar eru hugmyndinni fylgjandi, en slíkt mun ekki vera neitt einsdæmi um Rangárvallasýslu. Ýmsir menn víðsvegar á landinu eru hugmyndinni fylgjandi, og það er augljóst, ef hér er um að ræða breytingu til bóta á skólafyrirkomulaginu, að þá getur það vitanlega átt víðar við en í Rangárvallasýslu.

Það hefir vakað fyrir höfundi frv., að skylduvinna veiti ekki aðeins aðgang að skólavist, heldur yrði vinnan líka uppeldismeðal, sem þroskaði unglingana ekki aðeins líkamlega heldur og andlega. Náttúrlega fer slíkt mest eftir því, hvernig menn veljast til að veita þessu forstöðu, en ef til þess veljast góðir menn, orkar það ekki tvímælis, að vinnan verður ekki ómerkilegur þáttur í uppeldi unglinganna.

Það er að vísu svo, að þegar eru komnir héraðsskólar í mörgum sýslum, og þarf ekki að búast við, að þær sýslur noti þetta fyrirkomulag, en hinar eru líka margar, sem engan skóla hafa, og hafa þær eins mikla ástæðu og Rangárvallasýsla til þess að vilja notfæra sér þetta frv., þegar það er orðið að lögum. Það er því hrein og bein fjarstæða að binda þetta frv. við Rangárvallasýslu eina, því ekkert bendir til þess, að sú sýsla byggi slíkan skóla á undan öðrum.

Hitt aðalatriðið í ræðu hv. þm. S.-Þ. var sú hætta, sem hann taldi á því, að þrátt fyrir það þó ríkissjóði yrðu bundnir óhæfilegir baggar með byggingu skólahúsanna, þá gæti farið svo, að skólarnir yrðu ekki starfræktir. Það má segja, að sú hætta sé samfara öllum skólum, því það er aldrei hægt að lofa því fyrirfram um einn skóla, að hann standi um aldur og ævi. Það má því segja, að ríkissjóður eigi alltaf nokkuð á hættu, er hann leggur fé í byggingu skóla, hvort sem fyrirkomulag hans er á þennan eða annan hátt. Hitt liggur í augum uppi, að ekkert hérað leggur í þann kostnað að reisa skóla nema að það ætli sér líka að reka hann. Nú getur maður auðvitað gert ráð fyrir þeim möguleika, að fyrirkomulagið reyndist ekki vel, en þá eru þó mestar líkur fyrir því, að skólahúsið yrði notað áfram fyrir skóla með breyttu fyrirkomulagi. Mér sýnist sem sé, að það sé ekki meiri hætta á því, að hætt verði að nota þessi hús til skólahalds fremur en önnur skólahús. Auk þess er eins og hv. 5. landsk. tók fram, í 4. gr. frv. gert ráð fyrir því, að sýslu- eða bæjarfélag endurgreiði framlag ríkissjóðs á 40 árum, ef hætt er að nota skólann. Það má náttúrlega segja, að þetta ákvæði sé ekki mikils virði, því héruðunum mundi slík endurgreiðsla ofvaxin, en það mætti þá í raun og veru segja hið sama um aðra skóla.

Ég hefi þá minnzt á þessi tvö atriði, sem hv. þm. minntist á. Hann sagði, að ekki mundi verða hægt undir neinum kringumstæðum að framkvæma þetta skólafyrirkomulag í kaupstöðunum. Það hygg ég, að sé mjög vafasöm staðhæfing. Ég hygg, að ekki muni frekar verða vandræði að finna verkefni fyrir unglinga í kaupstöðum enn í sveitum, svo margt er eftir ógert hér í þessu landi.

Einar Árnason: Það er nú orðinn alllangur ómagahálsinn á þessu frv. frá því það kom fyrst fram hér á Alþingi. Satt að segja hefi ég ekki nennt að hyggja að því, hve langt er síðan, en ég hygg, að það sé ekki ofmælt, þó sagt sé, að það sé búið að liggja fyrir einum 10 þingum. Það er nú ekki orðið að lögum enn, en sennilega á nú yfir að ljúka með það nú, svo þjóðin geti nú fengið þetta ágæta mál til afnota. Ég ætla ekki að lengja mikið umr. um það, enda mun það hafa litla þýðingu, en ég vildi ekki láta það fara svo í gegnum hv. deild, að ég ekki gerði grein fyrir afstöðu minni til þess. Ég get sagt það, að öll þau ár, sem þetta frv. hefir legið fyrir þinginu, hefi ég átt tal um málið við mjög marga hv. þm., og ég verð að segja það, að ég hefi ekki fyrirhitt einn einasta, sem hefir trúað því, að það yrði að nokkru gagni eða að það kæmi nokkurn tíma til framkvæmda, þótt að lögum yrði. Þegar þetta mál hefir verið rætt og fram hafa verið færð rök á móti því, hafa svörin verið þau, að ekki væri mikið að óttast, þó frv. yrði samþ., af því það þyrfti svo mikinn meiri hl. atkv. heima í héraði til þess að þetta skipulag næði að koma til framkvæmda. Það er eins og þó leynist einhver ótti á bak við hjá formælendum frv. við það, að einhvert sýslu- eða bæjarfélag hlypi nú í það að samþ. þetta skipulag. Ég segi fyrir mig, að ég er alveg sannfærður um, að ekkert sýslu- eða bæjarfélag lítur við því. En þegar menn hafa þá vissu, eins og jafnvel flm. frv. hafa, hvað þá aðrir, þá er það alveg dæmalaus hégómi að samþ. það.

Hv. frsm. meiri hl. menntmn. var að tala um þá rækt, sem unglingarnir fengju til sinnar sveitar fyrir það, að þeir fengju að vinna fyrir ekki neitt. Þeir mundu við það festast þar. Ég held þetta sé hreinasti misskilningur. Allir vita, að mikill skortur er á vinnukrafti í sveitunum, svo að ekki er hægt að framkvæma nauðsynlegustu störf á heimilunum. Það er svo með mörg hjón, sem búa í sveit, að einasta hjálp þeirra við búskapinn eru börn þeirra á unglingsaldrinum. Þessa einu stoð á nú að taka af foreldrunum, þegar unglingarnir eiga að fara að moka skít fyrir ekki neitt, og fara síðan í skóla innan sýslunnar. Ef þessa unglinga skyldi nú langa til að fara í skóla í öðrum landsfjórðungum, þá á að fara svo með þá, að fyrst eiga þeir að fá að vinna fyrir ekki neitt í heimahéraðinu og svo að fara á skóla í öðrum héruðum án nokkurrar hjálpar. Ég hygg, að þetta stuðli ekkert að því, að unglingarnir festi rætur í sínu héraði. Nú er þetta frv. ekki svo yfirgripslítið, þar sem það nær til kaupstaðanna líka. Hv. þm. S.-Þ. hefir sýnt fram á, hvílík fásinna það er að hugsa sér, að það geti nokkru sinni orðið, og skal ég ekki fjölyrða um það.

Nú, ungu stúlkurnar eiga líka að fá að komast í þessa paradís, en þó ekki fyrr en drengirnir eru búnir að reyna sig. Það er eins og einhver ótti sé þarna á bak við. Hv. þm. S.-Þ. spurði að því, hvað ungu stúlkurnar ættu að vinna, en það var lítið um svör. Ég býst ekki við, að nokkrum detti í hug, að þær verði látnar vinna að vegagerð. Hv. frsm. meiri hl. sagði,

að hægt væri að láta þær stunda innivinnu, ganga milli bæja, spinna og prjóna og kannske hannyrða fyrir sýsluna, kannske sjóða einn allsherjar graut fyrir alla sýslubúa.

Mér finnst eins og hv. þm. S.-Þ., að með frv. þessu sé farið út á hálfgerða fjárglæfrabraut viðvíkjandi byggingu skólanna. Frsm. meiri hl. taldi, að í frv. væru sett svo greinileg takmörk fyrir framlögum ríkissjóðs, þar sem ekki mætti byggja slíkan skóla nema þingið samþ. til þess sérstaka fjárveitingu; þess vegna væri ekkert í hættu. Það á að varpa öllum áhyggjum upp á þingið; það er vonað, að það grípi í taumana og sjái um, að ekki verði flanað út í þá vitleysu að framkvæma ákvæði laganna. En ég verð að spyrja, ef Alþingi gengur inn á að samþ. frv., getur þá ekki eins verið hætta á því, að það samþ., að farið verði eftir lögunum? Sem sagt, það er engin trygging í frv., af því það er ekki trygging fyrir því, að Alþingi felli frv.

Þá var hv. frsm. meiri hl. að tala um það, að sýslan ætti að endurgreiða tillag ríkissjóðs á 40 árum, ef skólinn yrði ekki starfræktur. Ég segi: „Mikil er trú þín, kona". Við, sem búin erum að starfa hér í mörg ár, vitum það vel, að ekki mundi endurgreiðast einn einasti eyrir af tillagi ríkissjóðs í slíkum tilfellum. Það er því engin trygging í 4. gr. frv. fyrir því, að ríkissjóður fái nokkuð af sínu tillagi endurgreitt, þó illa færi. Ég verð að segja það, að mér þætti leiðinlegt, ef frv. þetta verður samþ., þar sem ég veit, að ekki einn einasti þm. innan þessara veggja hefir trú á því, að það komi nokkru sinni til framkvæmda, þó það verði að lögum. Það sýna bezt þær ástæður, sem færðar eru fram með frv., að það sé ekkert að óttast.

Ég skal að lokum taka það fram, að ég mun greiða atkv. með brtt. hv. þm. S.-Þ., en svo að lokum gegn sjálfu frv. Ég ætla ekki að sýna því neina hræsni, hefi hingað til verið á móti því, og læt hug minn í ljós skýrt og skorinort. Annars ætla ég ekki að fara að deila um þetta mál, en ég vildi, að það sæist í þingtíðindunum, að ekki líta allir hér í hv. d. með jafnmiklum hátíðleik til þessa máls og hv. frsm. virðist gera.

Magnús Jónsson: Ég held, að þetta frv. eða þessu svipað hafi fyrst komið fram á þinginu 1929. Menntmn., sem fékk frv. til athugunar, lagði til, að því væri vísað til stj. til nánari athugunar. Ég held, að ég hafi verið einn um að gera ágreining, og gerði þá brtt., að þessi heimild yrði eingöngu bundin við Rangárvallasýslu. Mér finnst ekki nema rétt, ef áhugi væri í einni sýslu fyrir slíku, að Alþingi gengi frá heimildarlögum í þessa átt. En það er hinsvegar engin ástæða til að gefa þá heimild fyrir allt landið. Síðan þetta mál kom fram, hafa menn jafnan skipzt í 3 hópa um það. Einn hópurinn hefir viljað samþ. það, annar hópurinn hefir viljað takmarka heimildina við eina sýslu, og loks þriðji hópurinn, sem hefir viljað fella frv. Ég get sagt það fyrir mitt leyti, að ég er enn á sömu skoðun og þegar málið kom fyrst fram, að ég tel rétt að takmarka heimildina við eina sýslu, sem sýnt hefir áhuga á þessum málum, en láta það ekki ná lengra. Ég verð að segja, að mér finnst það kannske lítil vinnuvísindi í n., að hún skuli vera með þetta mál þing eftir þing, í stað þess að samþ. þessa heimild einu sinni, þó að hún yrði gagnlaus. Mín skoðun á þessari hugmynd er sú, að þetta gæti verið prýðilegt fyrirkomulag, ef nógur áhugi stæði á bak við, en það er sem sagt skilyrðið. Ég er sannfærður um, að ef hreyfingin gripi um sig að koma þannig upp skólum, sem menn borguðu skólagjaldið með vinnu, þá mætti þetta fara prýðilega fram. Það er ekkert farið fram á annað en að þar, sem slíkur áhugi er fyrir hendi, sé lögheimilað, að það megi setja slíka skóla á stofn. Ég mun því verða meðmæltur þeirri till., sem liggur fyrir frá hv. þm. S.-Þ., um að Rangárvallasýsla fái þessa heimild til að byrja með. Ég skal ekki segja neitt um það, en ég er hræddur um, að þetta komist aldrei í framkvæmd, en það eru þá vissulega fleiri slíkar heimildir, sem aldrei komast í framkvæmd. Ég veit, að á þessu þingi og öllum öðrum er keyrður áfram mikill fjöldi mála, sem eru miklu meiri hégómi en þetta mál, t. d skotvopnafrv. Og vera svo að tala um þetta mál sem hégómamál, það nær engri átt. Ég skal annars ekki orðlengja um þetta frekar; það getur vel verið, að ég hafi ekki farið nákvæmlega yfir till. hv. þm. S.-Þ., en við skjótan yfirlestur virðist mér hún stefna í svipaða átt eins og fram hefir komið áður, þar sem þetta er fært í það horf, að veita Rangárvallasýslu einni þessa heimild. En sérstaklega vildi ég leggja áherzlu á, að ef þessar breyt. verða felldar og frv. sjálft samþ., þá sé það hreinn hégómi að taka bæina með. Þetta er ennþá meiri hégómi fyrir bæina, af því að það er víst, að þeir notfæra sér þetta aldrei.

Frsm. minni hl. (Jónas Jónsson): Síðan ég talaði hér áðan hafa ýmsir tekið til máls, þar á meðal frsm. meiri hl. Frsm. gerir ráð fyrir því, að þegar farið verði að byggja yfir stúlkurnar og þegar þær eigi að fara að vinna, þá verði þær ekki settar í vegavinnu, frekar en hingað til, og mundi því ekki vera um annað að tala heldur en innanhússtörf. Er þá komið að því, að sýslun. eða héraðsstj. yrði að lána þessar stúlkur á þau heimili, sem vantaði stúlkur á, og ég efast ekki um, að þau yrðu mörg, en ég vil segja hv. frsm. sem dæmi um, hvað svona ráðagerðir eru á móti skapi kvennfólksins: Það var samkomuhús nálægt skólahúsi, og einu sinni þegar átti að vera þar ball, þá voru þar margir ungir menn, en nokkuð fáar dömur til að dansa við. Þá kemur einn þessara ungu manna heim í skólahúsið og segir við forstöðukonuna, hvort hún vilji ekki lána sér fáeinar dömur. En aumingja maðurinn fékk ekki eina einustu dömu, en var rekinn öfugur til baka. Ég býst þó við, að kvenfólkið sé fúsara til að fara á svona samkomur heldur en að fara að vinna. Það er fullvíst, að svo illa sem það gengi að fá pilta til að vinna í þessu efni, þá yrði ómögulegt að framkvæma þetta, að lána stúlkur á heimili, þar sem mest þörfin er, og stundum þar, sem menn vilja sízt vera. Þá talaði hv.

frsm. um það, að það yrði að gera ráð fyrir, að ef þessi heimild yrði ekki notuð, þá fengist húsið endurgreitt, ef það væri hætt við að nota það í þessu skyni. Ég heyrði það á ræðu hv. þm. Rang., að hann skyldi það, að þessi endurheimta mundi verða hæpin. Ég benti á það áðan, og um það er hv. 1. þm. Reykv. mér í sjálfu sér sammála, að ef einhver bær notaði þessa heimild, þá væri það bara til þess að koma upp skólahúsi, og láta svo málið stranda, en semja á eftir við ríkissjóð. Eina afleiðingin af þessari heimild yrði sú, að það yrði notað til þess að leika á Alþingi af kaupstöðunum. Af þessum ástæðum finnst mér, að hv. meiri hl. gæti gert sig vel ánægðan með, eins og við hv. 1. þm. Reykv. viljum hafa það, að það hérað, sem hefir sýnt áhuga fyrir þessu máli, fái þessa heimild, en hitt er í rauninni of mikið, þar sem miklir erfiðleikar eru að framkvæmd þess og mætti misbrúka það.

Hv. 2. m. Rang. vék nokkuð að áhuga Rangæinga fyrir þessu máli, en sagði líka, að það væri áhugi fyrir því annarsstaðar. Ég held, að hv. þm. geti ekki komið með önnur rök fyrir áhuga annarsstaðar en það fylgi, sem frv. hefir í þinginu og þessa 7—8 flm. Fyrir utan þessa flm. held ég að frv. hafi mjög lítið fylgi. Mér þætti mjög gaman, ef hv. þm. vildi benda á dæmi um fylgi við frv. annarsstaðar. Hv. þm. sagði, að þetta gæti verið uppeldismeðal fyrir unglinga. Það er nú svo, að fyrir piltana yrði þetta bara eins og hver önnur vegavinna, en fyrir stúlkurnar yrði þó a. m. k. að tiltaka, hvað þær ættu að vinna. Hv. þm. sagði, að aðsókn að öllum skólum væri mjög óviss. Þetta er ekki alveg rétt, því að þegar hvert hérað hefir lagt fram mikið fé og mikla fyrirhöfn við að koma upp skólunum, eins og t. d. Laugaskóla og Reykholtsskóla, og þar, sem unga fólkið hefir sýnt áhuga fyrir málefninu, þar verður aðsóknin tryggari. Ég veit til, að áhuginn hefir verið svo mikill við byggingu eins héraðsskólans, að stúlkurnar unnu að því að grafa fyrir vatnsleiðslunni, og sýnir það, að konur geta unnið moldarvinnu annarsstaðar. En ég hygg, að þeim verði ljúfara að gera það eftir eigin vilja heldur en eftir valdboði. (**MJ**: Alveg eins og með dansinn). Já, ef á að lána þær til þess að dansa. Það efast enginn um það, að ef hætt verður við að reka þessa skóla, þegar búið er að byggja yfir þá, þá verði hægt að nota húsin, en það verður bara notað eins og ég sagði áðan, til þess að blekkja Alþingi. Það yrði auðvitað að gera annað við húsin, alveg eins og spítalann á Eyrarbakka, af því að hann reyndist ekki nothæfur sem spítali. Ég er ákaflega hræddur um, að það sé ástæða til að ætla, að unga fólkið sætti sig ekki við þetta fyrirkomulag.

Pétur Magnússon: Ég skal ekki teygja umr. um þetta mál mikið. Ég veit ekki, hvaða rétt menn hafa til þess að segja, að þetta mál hafi ekkert fylgi. Meðferð þess hér í þinginu sýnir, að þetta er alveg rangt. Það hefir ekki enn fengizt úr því skorið í Nd., en hér í d. er mér óhætt að fullyrða, að það eru margir, sem hafa þá skoðun, að þessi breytta tilhögun, sem frv. gerir ráð fyrir, geti orðið til góðs og fylgja því af því, að þeir hafa trú á málinu, en ekki af því, að það sé ekkert að óttast. Hv. þm. S.-Þ. talaði um, að það mundi ekki verða vinsælt í mörgum sveitum, að unglingarnir ættu að vinna fyrir ekki neitt. Þetta er alls ekki rétt, því eins og frv. ber með sér, þá eiga þeir að fá fría kennslu og húsnæði. Ég vil leggja áherzlu á viðvíkjandi því, sem hv. þm. sagði, að það er alls ekki meiningin með þessu, að höfuðtilgangurinn sé að fá einhver ákveðin verk í framkvæmd, heldur að þeir, sem þarna eiga að vinna, fái tilsögn og kennslu í vinnubrögðum og líkamsmennt. Þetta nýja fyrirkomulag leiddi mikið gott af sér, þó að ekki væri annað en unglingarnir lærðu betur að vinna. Auk þess er ekki þýðingarlaust fyrir unga menn að halda félagsskap með glaðværð og öðru, sem slíkum félagsskap fylgir, einmitt að vorinu til, þegar okkar íslenzka náttúra hefir upp á flest að bjóða. Ég ber ekki miklar áhyggjur út af því, að það sé ekki hægt að finna eitthvað handa ungum stúlkum að gera að vorlagi til, þó þær verði ekki lánaðar út til innanhússstarfa. Það væri t. d. ekkert á móti því fyrir ungar stúlkur að vinna nokkra vikur að garðrækt eða skógrækt. Ég ímynda mér, að margar konur myndu mega þakka fyrir ef þær hefði lært meira að garðrækt í æsku sinni heldur en þær hafa gert. Auðvitað kemur ekki annað til mála en að þessum skólum verði valdir hæfir menn, sem geta fullkomlega kennt sína grein.

Út af því, sem hv. 1. þm. Reykv. sagði, vildi ég segja það, sem ég hefi áður tekið fram, að þetta kemur því aðeins til framkvæmda, að almennur áhugi sé fyrir því í héraði, að nota þessa heimild, og á það alveg eins við um Rangárvallasýslu og aðrar sýslur. En ef þessi áhugi kemur fram, á hann þá ekki að fá að njóta sín jafnvel, hvar sem er? Mér sýnist bein mótsögn í því, að gefa einstökum héruðum þessa heimild, en varna öðrum héruðum að njóta sömu réttinda, ef þau vildu taka upp þessa aðferð. Mér sýnist ekki, að það geti komið til mála, og mér liggur við að segja, að hjá þeim, sem slíku halda fram, sé ekki ástæða til að halda, að mikil alvara sé fyrir málinu. Hv. þm. S.-Þ. sagði, að minni hætta væri á, að almennir unglingaskólar legðust niður heldur en þeir, sem reistir væru á þessu fyrirkomulagi. Ég held, að þetta sé misskilningur. Hann sagðist ekki vita til, að unga fólkið hefði sýnt áhuga fyrir þessu eða að það langaði mikið til að vinna kauplaust. Ég vefengi þetta á engan hátt. — En kynslóðir koma og kynslóðir fara, og þótt sú kynslóð, sem nú er uppi, hafi sýnt einhverju ákveðnu máli velvild, þá er engin vissa fyrir því, að kynslóðin, sem á eftir kemur, sýni því samskonar velvild. Auk þess er svo þess að gæta, að til þess að sú tilhögun verði upp tekin, sem hér er talað um, þá er það skilyrði, að almennur áhugi komi fram, og er ekki síður ástæða til, að sá áhugi haldist, svo framarlega sem þessi aðferð sýnir það, að hún gefi góðan árangur. En ef hún gefst ekki vel, þá má búast við, að fyrirkomulaginu verði breytt og þau

skólahús, sem reist hafa verið í þessu skyni, verða þá notuð til þess að reka í þeim almenna skóla með venjulegu fyrirkomulagi. Það má segja, að þá geti komið fram vandkvæði á að fá það tillag, sem héruðum er ætlað að leggja fram til slíkra skóla, en samt sé ég ekki neina ástæðu til að óttast það frekar í þeim héruðum, sem stofna þessa skóla, heldur en þar, sem skólar hafa verið stofnaðir eða verða stofnaðir samkv. eldra fyrirkomulagi.

Fleira hefi ég svo ekki ástæðu til að taka fram og vil ekki tefja umr.

Frsm. minni hl. (Jónas Jónsson) [óyfirl.]: Mér finnst hv. 2. þm. Rang., sem er þm. fyrir það kjördæmi, sem hér á sérstaklega hlut að máli, þurfa að gera betur grein fyrir fjárhagslegum möguleikum með þessa skóla heldur en hann hefir gert. Mér finnst, að hann hafi sneitt hjá því að tala um, hvers vegna hann er á móti brtt. minni um að þessi heimild nái ekki til bæjanna. Ég geri ráð fyrir, að bæirnir komi ekki til greina, og þessi skoðun mín hefir verið studd af hv. 1. þm. Reykv., sem hefir fullkomlega tekið í þann streng, að ekki sé sýnilegt, að bæirnir hafi nokkuð með þessa heimild að gera, en það er til skaða fyrir málið, að heimildin sé veitt lengra en eðli máls stendur til. (**PM**: Það kostar ekkert að hafa heimildina). En það er tilgangslaust að byggja lögin þannig upp, það er eins og okkur fyndist ekki nóg að gera lög fyrir þennan hnött, en færum líka að gera lög fyrir tunglið og sólina. En við höfum sannarlega nóg með að sjá um okkur. Þessi löggjöf getur ekki náð til bæjanna vegna þess, að það er óhugsandi, að þeir notuðu hana, þótt heimildin væri látin ná til þeirra. Eðli málsins er þannig háttað.

Þá hefi ég spurzt fyrir um það, og ekki fengið nægilega skýr svör, hvernig er hugsað að kosta þessa skóla. Það er sagt, að 7 vikna vinna að vorlagi eigi að borga húsaleigu og kennslu heilan vetur á eftir. Nú eru ekki fengnar nokkrar sannanir fyrir því, að þetta fé sé nándar nærri nóg. Ég vil því snúa mér til hv. 2. þm. Rang. til þess að fá skýr svör og útreikning fyrir því, hvernig á að sjá fjárhag þessara skóla borgið. Ef teknir eru ungir menn í sýslu, sem hefir 4 þús. manns — það mun vera nærri því í Rangárvallasýslu — og þessum ungu mönnum er reiknað það kaup, sem venja er að borga í sveitum að vorlagi, þá mun sú upphæð verða litlu meiri en það, sem yfirleitt er borgað í unglingaskólum fyrir húsaleigu og upp í kennslu, en fyrir utan þetta er svo mjög stór partur kennslugjaldsins, sem hv. þm. segir, að sýslan eigi að standa undir, en það hefir ekki reynzt ennþá ein einasta sýsla, sem gæti staðið undir slíkum kostnaði. Múlasýsla hefir lítilsháttar gert það, þar sem Eiðaskóli er, en það er sýnt, að þar er alveg nóg að standa undir kostnaði við húsið. Ég vil fullyrða, eftir þeirri reynslu, sem fengin er, að þá er kennslugjald við 40 manna skóla að meðatali alveg ofvaxið sýslunum. Það verður því að gera ráð fyrir, að kennslukostnaðurinn leggist helzt allur á landið, þótt það sé ekki sagt hér, og fer þá eins og þegar lagt var í brimbrjótinn í Bolungavík, að eftir að hann var kominn af stað, þá hefir alltaf verið krafizt, að ríkið héldi áfram að leggja fé til hans.

Hvernig leysir hv. þm. úr þeirri spurningu, hvort Rangárvallasýslu sé fært að greiða úr sýslusjóði 12 þús. kr. á ári til kennslugjalda við þennan fyrirhugaða skóla? Af því að hér er staddur sá maður, sem þessum málum er kunnugur (þ. e. hv. þm. Dal.) þá langar mig til þess að heyra, hvort hann álítur, að Dalasýsla gæti lagt fram 10 þús. kr. á ári til kennslugjalda í viðbót við annað það, sem sýslan þarf nú að greiða, og með núverandi fjármálaástandi, sem ég veit, að ekki er lakara í Dalasýslu en annarsstaðar. (**ÞÞ**: Ég skal taka það fram við 3. umr.). Það gæti haft áhrif nú við atkvgr. að fá upplýsingar um þetta frá fyrstu hendi. Ennfremur finnst mér standa upp á hv. 2. þm. Rang. um að veita þær upplýsingar, til þess að skýra málið, hvort Rangæingar muni hugsa sér að setja á stofn tvo skóla, annan fyrir pilta, hæfilega stóran, og svo annan jafnstóran fyrir stúlkur. Því þar mun tekjuhallinn verða ennþá meiri, vegna þess að kaup kvenna er lægra en karla, hvort sem það er nú réttmætt eða ekki. Ennfremur vil ég spyrja hv. 2. þm. Rang. um það, hvort hann álítur, að ef Rangárvallasýsla fengi svona skóla — sem við unnum henni að fá —, væri líklegt, að sýslan gæti endurborgað þá peninga. Ég tel ekki, að það sé mögulegt að gera ráð fyrir, að það yrði minna en 150 þús. kr., sem sá skóli kostaði, sem sýslan gæti sætt sig við.

Að síðustu vil ég svo svara þeirri einu röksemd, sem kom fram hjá hv. 2. þm. Rang., þar sem hann hélt því fram, að það væri svo mikil trygging fyrir starfrækslu þessara skóla í atkvgr. í sýslunni, vegna þess almenna áhuga, sem þar yrði að koma fram. Ég get alls ekki sannfærzt um, að þetta sé rétt, því þessi áhugi getur verið algerlega fölsk mynd. Ef það er rétt, sem hv. 2. þm. Eyf. hélt fram, að það sé óeðlilega lítill áhugi á bak við þetta mál, eftir því sem ætla mætti, þegar á það er litið, hve oft það hefir komið fram, og að ekki sé að marka þann atkvæðastyrk, sem það virðist hafa, þá getur alveg það sama átt sér stað innan sýslunnar. Það er vel hugsanlegt, að eldra fólk vildi fá peninga frá ríkissjóði til að byggja skólahús, og unga fólkið er ekki nema lítill hluti af atkvæðisbærum mönnum sýslunnar, og er þá vel hugsanlegt, að eldra fólkið samþ. þetta skólafyrirkomulag án tillits til þess, hvað framkvæmdamöguleika snerti, og unga fólkið væri svo á móti því. Svo það er ekki sýnt, að þessi áhugi hefði nokkra þýðingu fyrir starfrækslu og lífsmöguleika skólans, og það verður því miður að játast, að þegar þegnskylduvinnuhugmyndin kom fram, þá var unga fólkið á móti henni.

Ennfremur vil ég skjóta því til hv. frsm. meiri hl. og óska skýringar á því, hvernig muni standa á því, að hv. 1. þm. Rang. hélt ákaflega kröftuga ræðu um það, hve upphafsmaður þessa máls hefði verið lítið heppilegur fyrir Rangárvallasýslu. Það vildi svo til, að sýslu-

maður Rangæinga var staddur í ráðherraherberginu og hv. 1. þm. Rang., sem nýtur afarmikils trausts hjá meiri hl. kjósenda í þessu kjördæmi, hélt því fram, að þessi mikli og gáfaði hugsjónamaður hefði verið beinlínis skaðlegur fyrir héraðið. Ég vil ekki halda þessu fram, en þessi ummæli hv. 1. þm. Rang. hygg ég, að séu í Alþt. frá árinu 1929. (MJ: Var þetta rætt í n.?). Nei, þetta var ekki rætt þar, sú hlið lá ekki fyrir. En þegar talað er um aðstöðu Rangárvallasýslu, þá verð ég að telja, að það spái ekki góðu fyrir framkvæmd málsins, þegar yfir þessa hugsjónahetju er steypt svona kaldri vatnsgusu, og það af þeim manni, sem mest fylgi hefir í Rangárvallasýslu. Ég gat ekki skilið þetta öðruvísi en hv. 1. þm. Rang. áliti, að þetta hugsjónamál væri þess eðlis, að það stafaði af því alvarleg hætta fyrir sýslufélagið. Þessi mæti maður hefði aldrei haft svo sterk orð sem hann hafði, ef hann hefði ekki álitið, að í þessu máli væri stefnt á villigötur.

En ástæðan til þess, að ég nú fylgi þeirri leið, sem hv. 1. þm. Reykv. sló inn á árið 1929, er sú, að ég virði þann áhuga, sem ég held, að hv. 1. þm. Rang. hafi áfellzt. Ég veit, að upphafsmaður þessa máls hefir virðingarverðan áhuga fyrir því, að það komist til framkvæmda, og fyrir þeim áhuga vil ég beygja mig, og þess vegna legg ég til, að gerð sé undantekning með þetta eina hérað. — En mér finnst, að hv. frsm. ætti að óska eftir því, að málinu væri frestað, svo honum gæfist tækifæri til þess að tala við hv.1. þm. Rang. og vita, hvað fyrir honum hefir vakað, þegar hann mælti svo kröftuglega á móti þessu máli.

Páll Hermannsson: Það er búið að benda á það réttilega, að þetta frv., eða frv. um sama efni, er búið að liggja fyrir mörgum undanfarandi þingum, en ég man ekki eftir, að það hafi fyrr legið fyrir þessari hv. d., og finnst mér þess vegna ekki óeðlilegt, þótt hv. þdm. vilji lýsa skoðun sinni á þessu máli, sem svo lengi hefir legið fyrir til meðferðar í hv. Nd.

Eftir því sem mér skilst, er þungamiðja málsins sú, að það á að láta unga menn — á aldrinum 18 ára — vinna í þágu sveitar- og bæjarfélaga í því augnamiði, að vinnan verði þeim skóli, og jafnframt á þessi vinna að skaffa unglingunum aðgang að sex mánaða skóla að vetrinum, svo kennslan verður þannig bæði verkleg og bókleg, því það er meiningin, að þessi vinna, jafnframt því að vera skóli, eigi líka að greiða skólagjald og húsaleigu á sex mánaða skóla veturinn eftir. Mér þykir alls ekki ólíklegt, að svo vel megi vanda fyrirkomulag á þessari vinnu, og líka á þessum skóla, að þetta verði gagnlegt fyrir þá nemendur, sem þetta vilja nota. Ég álít, að reynslan ein skeri úr því til fulls, en tel ekki ólíklegt, að þetta gæti orðið gagnlegur skóli. En það er önnur hlið þessa máls, sem ég vil vekja athygli á. Það er nú þegar búið að reisa hér á landi marga skóla fyrir þetta sama fólk, og þessir skólar eru teknir til starfa. Þessir skólar munu vera um 20. Ég þarf ekki að telja þá upp; ég hygg það muni vera a. m. k. 6 unglingaskólar og auk þess 2 bændaskólar, sem sóttir eru af mönnum á sama reki, og svo man ég eftir 4—5 húsmæðraskólum. Ég vil vekja athygli á því, hvort ekki sé nokkur ástæða til að óttast það, ef þetta frv. kæmist til framkvæmda, að þá yrði fólki almennt ýtt á nýja skólafyrirkomulagsbraut, og að viljað gæti til, að það yrði til þess, að reistir yrðu fleiri skólar en þörf er fyrir. Mér finnst, að hv. þdm. eigi líka að gefa þessu gaum. Mér hefir fundizt stundum undanfarið, áð svo væri komið, að hingað og þangað væri búið að reisa nægilega marga skóla. Nú má ekki gleyma því, að til viðbótar við þá skóla, sem ég taldi upp áðan, eru líka unglingaskólar í bæjunum og gagnfræðaskólar, sem líka taka fólk á sama aldri. Mér hefir stundum dottið í hug, hvort ekki væri jafnvel búið að stofna fleiri skóla heldur en þörf er fyrir; en það má vera, að þetta sé ekki rétt. Ég mun hafa fengið þessa hugmynd af því að ég hefi veitt því eftirtekt, að bæði húsmæðraskólar og líka sumir hinna skólanna hafa ekki verið fullskipaðir, en það getur hafa stafað af fleiru en því, að fólk hafi ekki verið til til þess að sækja þá. Það getur líka hafa stafað af því, að fólk hafi vantað peninga til þess að sækja skólana, því nú á undanförnum árum hefir almenningur ekki gengið með fulla vasa af peningum. En vegna þess að ég hygg, að til séu nægilega margar námsstofnanir, sem hafa það hlutverk að taka á móti ungu fólki, þá tel ég ekki víst, að það sé hættulaust að opna nú nýja braut með nýju fyrirkomulagi, sem kannske er betra en það, sem nú er, en hvorki verður betra né verra, nema það sé notað.

Brtt. frá hv. þm. S.-Þ. verður til þess að beina málinu inn á ákveðna braut, og ef um er að ræða hættu af of mikilli skólafjölgun, þá er sú hætta að mestu útilokuð, ef gengið er inn á brtt. hv. þm. S.-Þ. og heimildin ákveðin í sambandi við eitt sýslufélag. Ég hafði ekki veitt því eftirtekt, hvernig málið lítur út, ef það er athugað frá þessari hlið, en það er rétt að vekja athygli á þeirri hlið málsins.

Sigurjón Á. Ólafsson: Ég skal taka það fram, að ég kvaddi mér hljóðs m. a. vegna þess, að mér finnst málið nokkuð reikult á milli flokka, og er þá gamall siður, að menn geri grein fyrir atkv. sínu, og vil ég nú gera grein fyrir atkv. mínu, en ég get huggað hv. þdm. með því, að það hefir aldrei verið mín tilætlun að hefja neitt málþóf. Það er sú aðferð, sem hvorki ég né mínir flokksmenn hafa við afgreiðslu mála, þótt þeim séu þau ógeðfelld.

Mín afstaða til þessa frv. er sú, að ég er því andvígur, og aðallega af þeirri ástæðu, að hér er ætlazt til þess, að komið sé á þegnskylduvinnu fyrir unglinga, og það um land allt, jafnt í sveitum og bæjum. Þessi stefna er ekki ný, en hversu mikið fylgi hún hefir í landinu, er ekki hægt að dæma um, en það er skoðun mín, að slíka löggjöf eigi ekki að setja nema atkvgr. hafi farið fram og skorið úr málinu.

Ég hygg jafnvel, að í þessu héraði, Rangárvallasýslu, hafi alls ekki verið leitað álits sýslubúa um þetta mál. (BSt: Jú, það var einu sinni gert). Ég hefi ekki heyrt þess getið. Og hvernig

fór það? (BSt: Það var samþ.). Ég ætla ekki að rengja hv. 1. þm. Eyf. En mér skilst, að þetta mál hafi verið aðaláhugamál sýslumanns Rang., sem eitt sinn bauð sig fram til þingmennsku fyrir þetta hérað. Og þar sem hann féll við þær kosningar, hygg ég, að m. a. vegna þessa máls hafi fylgi hans ekki verið mikið. (BSt: Þetta mál kom ekkert þeim kosningum við). Ég álít, að þingið eigi ekki að samþ. slíka löggjöf sem þessa, fyrr en fullvíst er, að unga kynslóðin í landinu sé því fylgjandi, að þessi þegnskylda komist á í einhverri mynd.

Þar sem lýðræði er efst á baugi hjá þjóðunum, er þegnskylduvinnan skoðuð sem kvöð á þjóðinni. Að vísu geta svona skólar og þegnskylduvinnu haft nokkurt uppeldislegt gildi. En vitanlega fer slíkt eftir því, hvernig svona stofnunum er stjórnað. Á það hefir verið bent af hv. þm., að e. t. v. yrði svona skólafyrirkomulag til þess, að unglingar hrektust úr sveitum til kaupstaða, vegna þess að þeim fyndist þessi þegnskylda vera ok á hálsi þeirra.

Á það var bent hér af hv. 1. þm. N.-M., að sjálfsagt væri meiri vöntun á öðru en skólum í landinu. Þetta hygg ég, að rétt sé. Ef hér væri aðeins um verklegt nám að ræða og mál þetta væri flutt hér eftir vilja æskunnar í landinu, þá væri allt öðru máli að gegna.

Í 2. lið 1. gr. er ákvæði, sem mér virðist óviðfelldið í þessu frv. Þar eru undanþegnir þessari þegnskyldu unglingar, sem hafa haft efni á því að fara í skóla eftir fermingu, og nær þetta undanþáguákvæði þá til barna efnaðri manna. Það lítur út fyrir, að þegnskylduákvæði þessi séu eingöngu stíluð upp á börn fátækara fólksins. Þessi stefna frv. gerir það óalandi í mínum augum, að það er eins og verið sé með ákvæðum þess að tyfta fátæklingana fyrir það, að þeir geti ekki látið börn sín ganga í skóla. Það er þó nokkur bót á þessari ósniðsflík, að undanskilin þessum tyftunarákvæðum frv. eiga að vera bæjarfélög. Mun ég greiða því undanþáguákvæði atkv. mitt, en mun að lokum leggja mitt lið til að fella frv.

ATKVGR.
Brtt 786,1 felld með 7:5 atkv.
— 786,2—6 teknar aftur.
1. gr. samþ. með 8:3 atkv.
2.—5. gr. samþ. með 8:2 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 9:2 atkv.

Á 100. fundi í Ed., 20. des., var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 9:3 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 922).

---

76. Siglingalög.

Á 69. fundi í Ed., 14. nóv., var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á og viðauka við siglingalög, nr. 56 30. nóv. 1914 (þmfrv., A. 543).

Á 71. fundi í Ed., 16. nóv., var frv. tekið til 1. umr.
Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 9 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 9. shlj. atkv. og til sjútvn. með 9. shlj. atkv.

Á 81. fundi í Ed., 28.nóv., var frv. tekið til 2. umr. (A. 543, n. 617).

Frsm. (Ingvar Pálmason): Eins og tekið hefir verið fram við 1. umr. þessa máls, þá er efni 1. gr. þessa frv. það, að rýmkaður sé réttur þeirra, sem hafa sjóveðskröfu fyrir kaupi í skipi, þannig að kröfurétturinn nái einnig til vátryggingarfjár, ef skip ferst. Sjútvn. hefir athugað þetta og telur sanngjarnt, að það verði samþ. En þar sem svo er ákveðið í greininni, að vátryggingarsala sé ekki heimilt að láta af hendi vátryggingarfé fyrr en eftir 3 mánuði, þá telur n. óþarft að hafa tímann svo langan, og telur, að frestur kröfuhafa sé nægilega langur, ef hann er 2 mánuðir, því 3 mánaða frestur geti verið bagalegur þeim, sem rétt hafa til vátryggingarfjárins. N. leggur því til, að hann sé styttur niður í tvo mánuði.

2. gr. kveður á um það, að fyrirfram gefið afsal skipshafnar eða einstakra skipverja á sjóveðrétti skuli vera ógilt. Meiri hl. n. þykir með þessu nokkuð langt gengið á samningafrelsi manna, og getur því ekki samþ. þetta. Meiri hl. n. leggur því til, að þetta verði fellt úr frv.

Þá hefir n. borizt, eins og getið er um í nál., frv. til l. um breyt. á sömu l., og er gerð nokkur grein fyrir því í nál. Eru þær brtt. nokkuð annars eðlis. 1. brtt. var eins eða um það, að rýmkaður væri réttur kröfuhafa. En 2. brtt. fer í þá átt, að undanþiggja sjóveðskröfurétti úttekt til skipa, sem notuð eru til fiskiveiða hér við land, en hún nær ekki til skipa, sem sigla til annara landa. Ástæðan fyrir þessari brtt. er sú, að reynslan hefir sýnt, að með því að láta þennan sjóveðskröfurétt fylgja úttekt skipanna, þá er veðgildi þeirra það mikið rýrt, að það er lítt mögulegt að fá lán út á skipin. Það hlýtur að baka þeim mönnum, sem þurfa að fá lán út á skipin, mikla erfiðleika, hversu erfitt er að fá lánin gegn veði í skipunum. N. fellst því á, að þessi brtt. sé réttmæt. Hér innanlands eru ekki þeir erfiðleikar á að ná til útgerðarmanna, að af því þurfi að hljótast töf fyrir veiðar skipanna. Hinsvegar er rétt að taka það fram, að af þessari breyt. leiðir, að það er nokkrum meiri erfiðleikum bundið fyrir skipin að afla sér nauðsynja utan heimilis en áður hefir verið. N. játar,

að það er í mörgum tilfellum kostur að geta fengið úttekt vara án allra vífilengja. En það er oft á kostnað þeirra aðilja, sem engan kost eiga þess að gæta sinna hagsmuna. Sérstaklega með tilliti til þess ástands, sem nú ríkir, að það er svo miklum erfiðleikum bundið að fá hæfileg lán út á skipin vegna sjóveðskröfuréttarins, þá hallast n. að því að gera þessa breyt. Eins og tekið er fram í fylgiskjalinu, sem fylgir nál. sjútvn. og var grg. með brtt. frá bönkunum, þá hafa Norðmenn fyrir allmörgum árum breytt sjóveðskröfuréttinum einmitt í þessa átt, og sennilega af sömu ástæðu, sem lá til grundvallar fyrir því, að þessi brtt. er flutt. — Ég þarf ekki að lýsa þessu nánar, því ég geri ráð fyrir, að margir af hv. dm. hafi haft kynni af verkun þessa ákvæðis á útgerðina, og sé því ljóst, að það er ekki ástæðulaust að breyta til. Því verður ekki neitað, að einhver óþægindi kunni að verða af þessari breyt. fyrir hina stærri útgerð hér á landi, sérstaklega síldarútveginn. En þegar á það er litið, að brtt. er fram komin til þess að koma meiri festu og öryggi í útveginn, þá hygg ég, að afstaða n. verði viðurkennd af hv. dm. að vera rétt. Ég vil benda á, að n. taldi nauðsynlegt að setja inn ákvæði, sem er undir stafl. s. um það, að ákvæði 2. og 3. gr. gildi ekki um kröfur, sem stofnaðar eru eingöngu vegna úttektar nauðsynja til heimferðar skips. N. lítur svo á, að þetta ákvæði sé ekki hættulegt, og að það sé í þágu veðhafa skipsins, að það komist heim.

Að endingu skal ég geta þess viðvíkjandi c-lið 3. brtt., að þar á að standa „vegna úttektar“, en ekki „vegna greiðslu“, og hefir n. orðið ásátt um að flytja skrifl. brtt. við þetta, svo að það verði fært til rétts máls. Mun ég svo afhenda hæstv. forseta þessa skrifl. brtt.

ATKVGR.
Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 648) leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

Sigurjón Á. Ólafsson: Það eru aðeins örfá orð. Ég mun ekki bæta við það, sem hv. frsm. hefir sagt, því mál hans var mjög ýtarlegt. Ég lét þess getið við meðnm. mína, þegar þetta mál var til meðferðar í n., að ég væri ekki sammála þeim um að fella niður 2. gr. frv. En til þess að 1. gr. frv. nái fram að ganga, þá vinn ég það til samkomulags, að 2. gr. sé felld niður. En ég tel, að hún hefði mátt standa, til þess að taka af allan vafa um þetta efni. En af því að það er svo mikil réttarbót í 1. gr., þá vil ég, til þess að hún verði samþ., vinna það til samkomulags, að 2. gr. verði felld niður. Þetta vildi ég taka fram.

ATKVGR.
Brtt. 617,1 samþ. með 11 shlj. atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 9 shlj. atkv.
Brtt. 617,2 (2. gr. falli burt) samþ. með 9:1 atkv.
— 617,3.a (ný gr., verður 2. gr.) samþ. með 9 shlj. atkv.
— 617,3.b (ný gr., verður 3. gr.) samþ. með 9 shlj. atkv.
Brtt. 648 samþ. án atkvgr.
— 617,3.c (ný gr., verður 4. gr.), svo breytt, samþ. með 9 shlj. atkv.
3. gr. (verður 5. gr.) samþ. með 10 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 10 shlj. atkv.

Á 83. fundi í Ed., 30. nóv., var frv. tekið til 3. umr. (A. 651).

ATKVGR.
Frv. samþ. með 9 shlj. atkv. og afgreitt til Nd.

Á 87. fundi í Nd., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 651).

Á 89. fundi í Nd., 3. des., var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 17 shlj. atkv. og til sjútvn. með 17 shlj. atkv.

Á 102. fundi í Nd., 18. des., var frv. tekið til 2. umr. (A. 651, n. 877).
Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 17 shlj. atkv.

Frsm. (Finnur Jónsson): Þetta mál er komið hingað frá Ed. — Það er lögð áherzla á það af bankanna hálfu, að það nái fram að ganga nú, þar sem það gengur í þá átt að tryggja veðhæfni skipa. — N. leggur einróma til, að frv. verði samþ.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
Brtt. 877,1 samþ. með 17 shlj. atkv.
2. gr., svo breytt, samþ. með 17 shlj. atkv.
3. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
Brtt. 877,2 samþ. með 17 shlj. atkv.
4. gr., svo breytt, samþ. með 17 shlj. atkv.
5. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 18 shlj. atkv.

Á 103. fundi í Nd., 19. des., var frv. tekið til 3. umr.
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 17 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 17 shlj. atkv. og endursent Ed.

Á 99. fundi í Ed., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 902).

Á 100. fundi í Ed., 20. des., var frv. tekið til einnar umr.
Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

Sigurjón Á. Ólafsson: Þetta frv. hefir tekið örlitlum breyt. í hv. Nd. Bætt hefir verið inn í 2. gr. ákvæði, sem ekki var tekið með hér, og orðalagi hefir verið vikið við víðar og gert fyllra, t. d. tekið af skarið um, að það skuli ekki telja heimferð, ef skipið fer til veiða. Sjútvn. telur rétt að samþ. frv. með þessum litlu breytingum.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 10 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 923).

77. Fangelsi.

Á 21. fundi í Ed., 9. marz, var útbýtt:
Frv. til l. um fangelsi (þmfrv., A. 91).

Á 23. fundi í Ed., 12. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Þorsteinn Þorsteinsson): Frv. shlj. þessu lá fyrir hér í d. á síðasta þingi. Flm. voru þá þeir sömu og nú, sem sé fjárveitinganefndarmenn efri deildar.

Á síðasta þingi lágu fyrir ýmsar fjárbeiðnir frá hinum stærri kauptúnum og kaupstöðum landsins í því skyni að koma upp hjá sér fangelsum. N. varð að viðurkenna nauðsyn margra af þessum fangelsum. Varð það úr, að við 3 nm. hér í Ed. flyttum þetta frv. í samráði við aðra nm. fjvn. Leikur ekki á tveim tungum um það, að víða um land er mikil vöntun á fangelsum, og er ástand margra þeirra ekki í slíku lagi sem vera þyrfti. Oft er það, ef afbrot eiga sér stað og menn eru úrskurðaðir í gæzluvarðhald, að ekki er hægt að einangra þá, vegna þess að hús skortir. Gæzluvarðhald kemur því óvíða að fullum notum, nema fangelsi séu til.

Við ætlumst ekki til, að miklu fé verði eytt í fangelsisbyggingar. Okkar hugsun er sú, að veitt verði fé í fjárl., eftir því sem hægt er, gegn því, að hlutaðeigandi kaupstaður leggi fram jafnmikið fé. Fer það þá líka eftir því, hvað kaupstaðirnir og kauptúnin eru áhugasöm um þetta mál, hvað til þess verður lagt.

Enda þótt frv. sé komið frá okkur í fjvn., legg ég til, að því verði vísað til allshn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 9:1 atkv. og til allshn. með 9 shlj. atkv.

Á 33. fundi í Ed., 23. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 91, n.227).

Frsm. (Magnús Guðmundsson): Þetta frv. var flutt á síðasta þingi, og öll fjvn. stóð óskipt á bak við það. Frv. náði ekki fram að ganga, og er því nú flutt aftur á sama hátt og í fyrra, af þeim meðlimum fjvn., sem sæti eiga hér í deildinni.

Ástæðan til þess, að n. sá nauðsyn til að flytja þetta mál, var sú, að það hafa borizt til hennar víðsvegar af landinu áskoranir og beiðnir um styrk til að reisa fangahús. Það er hvorttveggja, að ómögulegt er fyrir lögreglustjóra að halda uppi lögum og reglu, þar sem engin fangelsi eru til að stinga afbrotamönnum inn í, og að í löggjöf okkar eru engin ákvæði um, hvernig greiða eigi kostnað við slík hús. En þar eð vitað er, að þau eru allmikið notuð í þágu kaupstaðanna sjálfra og þeim ber að réttu lagi að halda uppi lögunum í sínu umdæmi, þá þótti n. rétt, að kostnaður við fangahús skiptist til helminga milli ríkissjóðs og kaupstaða eða kauptúna.

Ennfremur er tiltekið í frv., að ríkisstj. ráðstafi því fé, sem veitt er í fjárl. hvers árs í þessu skyni, en fjárveitingavald ræður þeirri upphæð.

Allshn. sá ekki ástæðu til að breyta frv. að öðru leyti en því, er við kemur rekstrarkostnaði fangelsa í 8. gr. frv. Vill hún, að ákvæði gr. nái einnig til hegningarhússins í Reykjavík, en það gat verið vafi á, hvort svo væri eftir frv. áður.

Ég ætla, að kostnaður við fangelsið hér í Reykjavík sé um 15 þús. kr. á ári. Hefir hann hingað til verið greiddur úr ríkissjóði, en hér eftir ætti hann þá að greiðast að hálfu leyti úr bæjarsjóði og að hálfu leyti úr ríkissjóði.

Sigurjón Á. Ólafsson [óyfirl.]: Ég hefi skrifað undir nál. með fyrirvara, og vil ég gera hér grein fyrir honum.

Ég verð að játa, að ég álít tilefni þessa frv. í öllum aðalatriðum réttmætt, þar sem ákveðnar kröfur liggja fyrir úr ýmsum héruðum, þó að ég verði hinsvegar að játa, að ríkissjóður hafi á þessum tímum annað við fé sitt að gera heldur en verja því til fangelsisbygginga.

En það mun m. a. hafa vakað fyrir fjvn., þegar hún flutti frv. á síðasta þingi, að rýmkun áfengislöggjafarinnar gæfi tilefni til þessa. Meiningin mun hafa verið sú, að í öllum stærri kauptúnum gæfist færi á að bjóða ölóðum mönnum inn í þægileg húsakynni. Við þessu er ekkert að segja, úr því sem komið er, að okkur hefir tekizt að búa löggjöfina svo úr garði. Þetta er þá sennilega nauðsynlegt framhald.

En ég gerði fyrirvarann sérstaklega við brtt., sem hér liggur fyrir. Í frv. var ekki skýrt ákveðið, hvort fangelsið í Reykjavík gæti heyrt undir ákvæði þess. Því vildi n. kveða hér skýrar að orði. Frá því fangelsi hefir verið til í Reykjavík, hefir ríkið haft allan kostnað þess. Það var upphaflega byggt af ríkinu, og það hefir verið rekið af ríkinu. Með þessari brtt. er ótvírætt sett það ákvæði, að Reykjavíkurbær greiði helming rekstrarkostnaðar, meðan ekki þarf að byggja nýtt fangahús. Sá kostnaður nemur ekki minna en 8000 kr., og sé ég ekki ástæðu til að láta þann kostnað lenda á Reykjavík, m. a. af því, að ég hygg, að fangelsið hér í Rvík megi skoða sem ríkisfangelsi, því það hefir tekið við föngum víðsvegar af landinu. Ég tel því ekki rétt að koma kostnaðinum á Rvíkurbæ, frekar en áður hefir verið, og meðfram af því, að ég hygg, að Rvíkurbær leggi

fyllilega sinn skerf fram til ríkissjóðsins, og því er óþarft að hlaða á Rvík byrðum, sem hún hefir ekki áður haft. Ég mun því greiða atkv. gegn brtt. þessari, en láta frv. hlutlaust að öðru leyti, af því mér skilst, að eitthvert húsnæði þurfi yfir óróaseggina, a. m. k. þá ölóðu.

Pétur Magnússon [óyfirl.]: Frv. þetta er kallað frv. til l. um fangelsi, og eitt höfuðatriði þess er fólgið í 1. gr., þar sem segir svo, að í öllum kaupstöðum og kauptúnum, þar sem eru yfir 700 íbúar, skuli reisa fangelsi, til að geyma í gæzlufanga og aðra, sem teknir hafa verið fastir um stundarsakir. Í rauninni er hér um þrennskonar stofnun að ræða, — í 1. lagi „detentionslokale", í öðru lagi gæzluvarðhald og í 3. lagi hegningarhús, samkv. 7. gr., sem mælir svo fyrir, að fangar megi afplána þar sektir við venjulegt fangaviðurværi. Ég verð að segja það, að eins og ástandið er núna í þessu landi, þá hefði ég haldið, að eitthvað væri nauðsynlegra við fé ríkissjóðs að gera en að verja því til að koma upp fangelsum í öllum kaupstöðum og kauptúnum, sem hafa yfir 700 íbúa, þó að óknyttir, og þá sérstaklega þjófnaður og ýms afbrot, hafi farið vaxandi á síðari árum. Þá hefði ég samt haldið, að ástandið væri ekki þannig, að ástæða væri til að koma upp hegningarhúsum í öllum kaupstöðum og öllum kauptúnum, sem hafa yfir 700 íbúa. Ég veit ekki, hve margir þeir staðir eru, og hv. allshn. hefir ekki séð ástæðu til að upplýsa um það, — en þeir eru eitthvað milli 10 og 20, og það er ekki svo lítil fjárupphæð, sem þarf til að koma upp sæmilegum fangelsum á öllum þeim stöðum. Ég held, að á flestum þessum stöðum væri hægt án mikilla vandkvæða að fá húsnæði leigð til að geyma í t. d. dauðadrukkna menn um stundarsakir, sem nauðsynlegt þykir að taka fasta, svo þeir valdi ekki óspektum á almannafæri, eða þá menn, sem grunaðir eru um glæpi og ástæða þykir til að setja í gæzluvarðhald. En um hitt atriðið, að láta menn afplána sektir o. þ. h., held ég, að það sé engum vandkvæðum bundið um pláss, síðan Litla Hraun var gert að fangahæli fyrir þá, sem afplána þurfa sektir eða annað því um líkt. Þó að komið geti fyrir, að þeir þurfi að bíða eitthvað, sem afplána sektir sínar í hegningarhúsinu hér í Rvík, þá er það ekki tilfinnanlegt, þar sem öll stærri afbrot eru afplánuð á Litla-Hrauni. Annars held ég, að ekki sé tilfinnanleg vöntun á fangahúsum. Þó getur verið að full þörf sé á slíkum húsum í stærri kaupstöðum, eins og Vestmannaeyjum, Ísafirði, Akureyri og Siglufirði, af því þar er svo fjölmennt á sumrin. Væri e. t. v. ástæða til, að ríkið legði fram fé til að tryggja húsnæði handa þeim, er setja þarf í gæzluvarðhald, og um stundarsakir, en að þessu undanteknu held ég, að ríkissjóði séu bökuð alóþörf útgjöld með samþ. þessa frv. um byggingu slíkra fangahúsa og þeim kostnaði við rekstur þeirra, sem mun á eftir fylgja.

Þá er annað ákvæði í frv. þessu, sem er einkennilegt og mjög varhugavert, og ég efast um, að samhliða dæmi finnist í nokkru landi. Í 8. gr. frv. er sem sé gert ráð fyrir því, að rekstrarkostnaður þessara stofnana greiðist að hálfu af bæjar- eða sveitarsjóðum, þar sem ætlazt er til, að hús þessi séu notuð handa mönnum, er þurfa að taka út refsingu.

Ég held, að því ætti að halda óbreyttu, að ríkissjóður beri kostnað af framkvæmd refsilaganna, og það eigi ekki aðrir en ríkisvaldið að hafa íhlutun um þau mál, eða bera afleiðingar af því, að borgararnir sæti refsingu. Ég held, að það sé mjög varhugavert að draga þetta vald úr höndum ríkisins, en ef ekki á svo að fara, verður þessi kostnaður óhjákvæmilega að hvíla á ríkissjóði, en ekki bæjar- eða sveitarfélögum. Það sama má segja að svo miklu leyti, sem nota skal hús þessi til gæzluvarðhalds, sem ekki er annað en undirbúningur að þeirri refsingu, sem ríkisvaldið vill koma fram á hendur einhverjum borgara, sem álízt brotlegur við landslög eða sterkur grunur hvílir á. Er því þetta ákvæði um kostnaðarskyldu bæjar- eða sveitarfélaga einungis réttlátt að því leyti, er snertir notkun þessara húsa sem „detentionslokale". Ég mun því, hvernig sem fer um frv. að öðru leyti, greiða atkv. gegn 8. gr., af þeim ástæðum, er ég hefi gert grein fyrir, þó líkur séu til, að frv. þetta nái fram að ganga, þar sem að því standa svo sterkar stoðir. En ég er á móti frv. í heild og tel, að úr þessu hefði mátt bæta á ódýrari hátt.

Forsrh. (Hermann Jónasson) óyfirl.]: Ég held, að frv. það, sem hér liggur fyrir, sé að ýmsu leyti til bóta frá því, sem nú er. Það er að vísu alveg rétt, sem hv. 2. þm. Rang. sagði, að hér er um 3 tegundir fangelsa eða fangagæzlu að ræða í einu og sama húsi, en það hefir nú verið svo um okkar fangelsismál frá byrjun, að við höfum ekki getað greint eins mikið á milli og aðrar þjóðir, af því erfitt er að koma því svo fyrir í okkar fámenni.

Ég viðurkenni, að það er alveg rétt, að meiri þörf er fyrir fé ríkissjóðs annarsstaðar en í fangelsi, en því er ekki hægt að neita, að með frv. er leitazt við að bæta úr brýnni þörf í kaupstöðunum, sem umkvartanir hafa komið um, t. d. á Akureyri, þar sem er gamall hriplekur timburhjallur. Á Eskifirði hefir verið notaður gamall geymsluskúr, þar sem geymt hefir verið allskonar skran. Á Ísafirði eru sömu vandræðin. Kvartanir hafa líka komið frá Sauðárkróki, að þar vantaði hús til slíkra nota, er sé til baga við málsrannsóknir.

Eftir frv. þessu er ekki gert ráð fyrir, að byggja eigi fleiri fangahús á hverjum tíma en samþ. er fjárveiting til í fjárl. og má því fyllilega gera ráð fyrir, að ekki verði hart af stað farið, a. m. k. til að byrja með. Viðvíkjandi 8. gr., um að kostnaður skiptist jafnt milli ríkis og bæjar- eða sveitarfélaga, held ég, að það sé sanngjarnt að því sé hagað á þann hátt, sérstaklega þegar gert er ráð fyrir, að hús þessi skuli og megi nota sem „detentions — eða arrestlokale" — ef ég má nota svo leiðinlegt orð. Það er alstaðar svo, að því er mér er bezt kunnugt, að bæirnir kosta rekstur slíkra stofnana, og það er rétt, þó að afplánaðar séu þar

smærri sektir, sem eru dæmdar vegna brota á lögreglusamþykktum og renna í bæjarsjóð eða sveitar, og held ég því, að þau hlutföll séu rétt, sem gert er ráð fyrir í 8. gr. Viðvíkjandi fangahúsi Rvíkur er það að vísu rétt, að bærinn er hættur að greiða helming kostnaðar, en telur sér þó til eignar hálft fangahúsið, vegna þess að bærinn hefir til þess lagt stofnkostnað og rekstrarkostnað, sem ég veit ekki, hvenær hefir verið. En þetta er gömul regla, og eðlilegt, að bærinn kosti gæzlu og varðhald fyrir minni háttar sektir. Það er rétt, að á síðari árum hefir bærinn ekki greitt þennan kostnað, og við það munu styðjast þau ummæli, sem voru viðhöfð áðan hér í hv. deild, að fangahúsið hér hefir verið notað til að afplána sektir og dóma fyrir menn af öllu landinu. Nú mundi þetta breytast, þegar önnur fangahús rísa upp, er sinntu sama hlutverki, en öll stærri brot yrðu afplánuð á Litla-Hrauni, svo það kemur ekki til greina, að menn víðsvegar af landinu verði sendir hingað til að afplána brot sín. Er nú gersamlega horfið frá því að láta menn afplána stærri brot í fangahúsinu hér. Mér finnst frv. eins og það liggur fyrir vera mjög sanngjarnt og legg með því, að það verði samþ.

Frsm. (Magnús Guðmundsson): Ég þarf ekki að svara hv. 2. þm. Rang. nema fáeinum orðum, því að hæstv. forsrh. hefir svarað honum að nokkru. Ég get ekki neitað því, að ég er hissa á þessum undirtektum hjá hv. 2. þm. Rang. Ég fer nú að skilja, hvers vegna mál þetta náði ekki fram að ganga á síðasta þingi þrátt fyrir sterka aðstandendur. Það er auðvitað vegna þess, að þá átti hv. 2. þm. Rang. sæti í allshn. Ástandið er verra um fangelsi nú en áður. Það voru byggð fyrir löngu smáfangelsi hingað og þangað, sem ekki hefir verið haldið við, og er því ástandið orðið svo, að ekki nema á örfáum stöðum utan Rvíkur er hægt að fangelsa mann. Það eru ekki til nein ákvæði um rekstur og viðhald þessara húsa í löggjöf vorri og þess vegna er rétt að setja lög í þessu efni.

Það er sjálfsagt rétt hjá hv. þm., að margt er nauðsynlegra en fangelsi. En það stendur líka í frv., að ekki skuli byggja meira en ákveðið er í fjárlögum hvers árs. Hér er því fullt frelsi til þess að taka tillit til annara þarfa. Hann fann að því, að við höfum ekki nefnt, hve margir staðir það eru, sem til mála getur komið að reisa fangelsi á, en það getur hver og einn fundið út sjálfur, þar sem miðað er við ákveðna íbúatölu. Það er sjálfsagt rétt, að þeir staðir eru milli 10 og 20, en eins og tekið hefir verið fram, verður ekki allt byggt í einu, og eftir því sem staðirnir eru fleiri, eftir því dregst það lengur. Hann sagði, að það mundi fáanlegt húsrúm til að setja inn í fulla menn, þegar á liggur, en ég held, að þetta sé alveg rangt. Menn eru ekki fúsir á að taka slíka menn í híbýli sín og þola þau ólæti, sem því fylgja. Ég hefi verið lögreglustjóri og reynt þetta og komizt í vandræði, og það er þó nokkuð oft sem það kemur fyrir, að fangelsa þarf menn, sérstaklaga í kaupstöðum og stórum kauptúnum. Hv. 2. þm. Rang. þarf ekki að vera hræddur um að fé verði lagt til þessa að ófyrirsynju, í fyrsta lagi vegna þess, að fjárveitinga- og löggjafarvaldið hér á Alþingi ákveður framlagið í hverjum fjárl., og í öðru lagi af því, að helmingur fjárins á að koma frá hlutaðeigandi héruðum, og það er sannarlega mælikvarði á þörfina, ef héruðin vilja binda sér þann fjárhagsbagga. Hv. þm. viðurkenndi þörfina, sem væri í kaupstöðunum. Hér er því til að svara, að fyrst mundi verða byggt þar, sem þörfin er mest, og í kauptúnunum e. t. v. ekki fyrr en efir 10—15 ár, og sé ég þá ekki, hvað það gerir til, þó þetta ákvæði sé í lögunum um 700 íbúa, en annars er hverjum frjálst að gera brtt. þar um, og verður hún þá tekin til athugunar.

Um 8. gr. frv. get ég tekið í sama streng og hæstv. forsrh. Mér finnst kostnaðinum sanngjarnlega skipt til helminga. Húsnæði þetta mun verða notað í þágu bæði ríkis og bæjar- og sveitarfélaga. Það getur að vísu farið svo einstök ár og á einstaka stað, að ekki verði rétt hlutföll, en ég er sannfærður um, að ekki er yfirleitt hægt að finna réttlátara hlutfall. Það mun líka sannast, að kostnaður við rekstur þessara húsa verður miklu minni, ef bæjar- og sveitarfélögin bera hann að hálfu, en ef ríkissjóður ber kostnaðinn einn. Ég vænti því, að frv. þetta fái að ganga áfram, en náttúrlega mun n. taka til athugunar brtt., sem fram kunna að koma.

Pétur Magnússon óyfirl.]: Það er náttúrlega af eðlilegum ástæðum af því, að hér er blandað saman þremur óskyldum stofnunum, að þegar ég tala í austri, þá svara þeir í vestri hæstv. forsrh. og hv. 1. þm. Skagf. Ég neita því ekki, að ástæða geti verið til að koma upp í stærri kaupstöðunum geymsluplássi fyrir menn, sem geyma þarf um stundarsakir, t. d. vegna ölæðis, eða þá brjálsemi. En ég álít það hlutverk hlutaðeigandi sveitar- eða bæjarfélaga, og ég veit ekki betur en svo sé álitið í öðrum löndum, að það sé þeirra hlutverk að koma upp „detentionslokölum". Ég sé ekki ástæðu til að hjálpa sveitarfélögunum til að koma upp slíkum húsum, þar sem það er í þeirra verkahring. En það tel ég óþarft að koma upp hegningarhúsum í öllum stærri kaupstöðum og kauptúnum, og óþarfa fjáreyðslu úr ríkissjóði.

Það getur vitanlega verið fullkomin ástæða til að setja menn í gæzluvarðhald um stundarsakir vegna þess að grunur leikur á um, að þeir hafi framið afbrot. En mér þykir ólíklegt, að ríkisstj. geti ekki komizt að samkomulagi við bæjar- eða sveitarfélögin um að taka slíka menn til geymslu um stundarsakir gegn hæfilegri þóknun. Mætti semja um vissa greiðslu fyrir slíka fanga eða gera samning til eins árs í senn. En eins og ég hefi tekið fram, tel ég nægilega séð fyrir fangahúsum hér á landi eins og nú er.

Út af því, sem hæstv. forsrh. sagði um 8. gr. frv., vil ég aðeins segja það, að ég tel eðlilegt, að sveitar- og bæjarfélög greiði kostnað þann, sem leiðir af fangageymslu um stundarsakir. en hitt tel ég óeðlilegt, að þau greiði kostnað fyrir gæzlu til að afplána stærri sektir eða refsingar vegna afbrota gegn ríkisvaldinu, sem

er réttur og skylda ríkisstj. eða ríkisvalds að framkvæma gegn þeim borgurum, sem brotlegir gerast við landslög.

Hæstv. forsrh. lét það í ljós við mig áðan í „privat" samtali, að því færi ekki fjarri, að kostnaður við geymslu fanga um stundarsakir og úttekt refsinga stæðist á. Þetta getur vel verið rétt — ég veit það ekki —, en þó er það svo, að ef tíðkast að láta menn taka út refsingu fyrir almenn smærri brot, þá trúi ég ekki öðru en sá kostnaður verði meiri en við einangrun. Ég hefi haldið, að það muni ekki vera algengir viðburðir í kauptúnum með 700—1000 íbúa að taka menn fasta, þó að það geti komið fyrir, að taka þurfi ölóða menn nótt og nótt. Virðist mér, að það mundi verða ódýrara fyrir slíka staði að leigja 1 eða 2 herbergi í þessu skyni en að byggja og reka stór fangahús til að geyma í einn og einn mann stöku nótt. Ég verð að segja það — og ég held, að svo muni flestir álíta —, að ekki þurfi að vanda slíka klefa svo mjög eða hafa skrautleg hibýli handa ölóðum mönnum næturstund, og mætti vel komast af með ekki merkilega kompu til slíkra hluta.

Ég hefi ekki heyrt nein rök, hvorki frá hæstv. forsrh. né hv. frsm., sem liggja til þess eða gera mér ljósa nauðsyn þess að leggja í þann kostnað, sem frv. fer fram á.

Forsrh. (Hermann Jónasson) [óyfirl.]: Ég ætla ekki að lengja mikið umr. um þetta mál. Ég held, að það sé þó rétt að bæta fáum orðum við þau rök, sem ég færði fram áðan, að sanngjarnt sé að skipta kostnaðinum á þann hátt, sem um ræðir í 8. gr.

Ég færði fyrst og fremst þau rök, sem hv. 2. þm. Rang. gat um, að það mundi verða álíka mikið, sem bæirnir þyrftu að nota þessi fangahús fyrir gæzluvarðhald og ríkið þyrfti að nota þau til þess að afplána refsingu.

Ég held, að rétt sé að taka það fram, svo að það liggi ljóst fyrir þeim, sem eiga að taka þátt í afgreiðslu þessa máls, að það fer fjarri því, að bæirnir hafi kostað fangahúsin hingað til. T. d. hefir Reykjavíkurbær neitað að taka þátt í kostnaði við fangahúsið í Reykjavík, svo að ríkið hefir rekið það á sinn kostnað. Þetta hefir líka við nokkra sanngirni að styðjast. Meðan dæmt var eftir lögreglusamþykkt Reykjavíkur um óspektir á almannafæri og brot á umferðareglum, þá var það jafnframt í l., að sektir fyrir brot á lögreglusamþykktum skyldu renna í bæjarsjóð. Það er sanngjarnt, að bæirnir í þessum tilfellum sjái um afplánun þessara refsinga, þar sem þeir taka við þeim sektum, sem fást greiddar. En nú hefir þessu algerlega verið breytt með breyt. á bifreiðalögunum. Þessi breyt. er þannig, að brot á umferðareglum á nú að dæma eftir bifreiðal., og þær sektir renna í ríkissjóð. Sektir fyrir brot á áfengisl. eiga einnig að renna í ríkissjóð. Það skiptir nokkrum tugum þúsunda á ári, sem hér er tekið af bæjunum. Þess vegna mælir öll sanngirni með því, að ríkissjóður sjái um afplánun þessara refsinga, þar sem hann fær nú tugi þúsunda árlega greidda í sektir, sem áður runnu í bæjarsjóð. Að vísu er nokkur hluti sekta, sem enn þá rennur í bæjar- og sveitarsjóði, þar sem lögreglusamþykktir eru til fyrir sveitir, en það er aðeins fyrir minni háttar umferðarbrot, sem eru eingöngu brot á lögreglusamþykktinni, en ekki á umferðareglum, t. d. brot á ákvæðum um ljósatíma.

Þessar sektir, sem bæirnir fengu áður, en ríkissjóður nú, skipta tugum þúsunda, hafa stundum orðið 40—50000 kr., svo að það er ekki hægt að neita því, að það eru nokkur rök fyrir því, að ríkissjóður taki þann þátt í þessum kostnaði, sem ráð er fyrir gert í 8. gr. Það er ekki ósanngjarnt gagnvart ríkissjóði, nema síður sé.

Frsm. (Magnús Guðmundsson): Um kostnað af fangelsunum nægir að benda á, að bæjar- og sveitarsjóðum er ofvaxið að reisa einir og standa straum af rekstri þessara húsa. Kostnaðurinn verður því að skiptast í sem réttustu hlutfalli við það hlutverk, sem hvorir aðiljar um sig inna af höndum, og ég held, að ekki sé hægt að komast nær því en að skipta kostnaðinum til helminga, sökum þess að það eru bæirnir, sem eiga að borga, ef menn eru settir inn um stuttan tíma fyrir óspektir, en úttekt refsinga á ríkið að borga, en gæzluvarðhaldskostnað eiga ýmist bæirnir eða ríkið að borga. Og þegar maður ber þetta saman, þá er ekki hægt að finna réttlátari grundvöll en helmingaskipti.

Svo hneykslast hv. 2. þm. Rang. á því, að heimilt sé að láta menn taka út refsingu um stuttan tíma í þessum húsum. Þetta ætti þó ekki að vera nein hneykslunarhella. Þetta ákvæði er sett í frv. vegna þess, að þegar refsitíminn er stuttur, er það hlutfallslega afardýrt fyrir hið opinbera að senda hinn dæmda mjög langar leiðir til að taka út refsingu, auk þess sem það er mikil röskun á högum manna að flytja þá, kannske á mesta annatímanum, langan veg til að taka út fárra daga refsingu. Það er sanngjarnt af því opinbera að taka tillit til slíkra ástæðna, t. d. ef maður á Norðfirði á að taka út 5 — 10 — 20 daga refsingu, og þar á staðnum eða annarsstaðar utan Reykjavíkur er ekkert fangahús. Þá verður að flytja hann alla leið til Reykjavíkur og svo kannske á Litla-Hraun til að taka út þessa refsingu. Þetta ferðalag er svo mikil viðaukarefsing fyrir manninn, að það getur t. d. eyðilagt fyrir honum heila vertíð. Það er því stórkostlegur aukabaggi, sem þarna er lagður á manninn, og oft líka á það opinbera.

Þetta eru ástæðurnar til þess, að ákvæði 7. gr. voru sett. En því má ekki gleyma, að það er því skilyrði bundið, að ráðh. leyfi í hvert sinn, að svona megi fara að, og að fangelsin séu þannig útbúin, að mönnum sé hættulaust að taka þar út refsingu, því að þótt það sé eins og hv. 2. þm. Rang. sagði, að ekki þurfi að byggja nein skrauthýsi, þá verða fangelsin samt að vera svo, að heilsu manna sé þar ekki hætta búin, t. d. verður að vera hægt að hita upp, og einnig verður að vera þannig frá þeim gengið, að menn geti ekki farið sér þar að voða.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 9:1 atkv.
2.—7. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
Brtt. 227 samþ. með 9:1 atkv.
8. gr., svo breytt, samþ. með 9:1 atkv.
9. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 9 shlj. atkv.

Á 34. fundi í Ed., 25. marz, var frv. tekið til 3. umr. (A. 268).
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 8:1 atkv. og afgr. til Nd.

Á 37. fundi í Nd., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 268).
Á 39. og 40. fundi í Nd., 27. og 29. marz, var frv. tekið til 1. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 43. fundi í Nd., 2. apríl, var frv. enn tekið til 1. umr.

Jónas Guðmundsson óyfirl.: Þetta frv. var flutt í fyrra af fjvn. þingsins, en náði þá ekki afgreiðslu. Fyrir fjvn. liggja árlega beiðnir um styrk til byggingar fangahúsa. Engin ákvæði eru til í lögum um það, hvernig rekstri þeirra skuli hagað, en hingað til hefir það verið svo, að ríkissjóður ber kostnaðinn, og utan Rvíkur getur varla heitið, að til séu fangahús. — Þarf ég svo ekki að mæla frekar með frv. þessu. Held ég, að öllum hv. þdm. sé það kunnugt, hvílíka þörf kaupstaðirnir hafa fyrir slík hús, og er því gert ráð fyrir, að sveitar- og bæjarfélög greiði helming kostnaðar við byggingu og rekstur slíkra húsa móti ríkissjóði. Hér í Rvík hefir þetta ákvæði þá breyt. í för með sér, ef frv. þetta verður að lögum, að Rvíkurbær greiðir eftirleiðis helming kostnaðar við rekstur hegningarhúsins hér, í stað þess að nú er hann greiddur að öllu leyti úr ríkissjóði. Er hér um tiltölulega lítil útgjöld að ræða, og er því smávægilegt atriði fyrir bæinn. Hv. Ed. hefir gengið frá frv. eins og það liggur hér fyrir. Vil ég mælast til þess, að því verði að lokinni þessari umr. vísað til allshn., og vænti þess, að það fái greiða og góða afgreiðslu á þinginu.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 17 shlj. atkv. og til allshn. með 17 shlj. atkv.

Á 100. fundi í Nd., 16. des., var frv. tekið til 2. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 101. fundi í Nd., 17. des., var frv. aftur tekið til 2. umr.(A. 268, n. 799).

Héðinn Valdimarsson: Ég vildi aðeins óska þess, að frv. fengi að fara áfram til 3. umr. Hv. frsm. er ekki viðstaddur, en n. er sammála um frv., að undanskildum hv. þm. Snæf.

Ólafur Thors: Ég vildi aðeins vekja athygli á því, að mér finnst óviðfelldið, að þetta mál verði rekið fram svo síðla kvölds að hv. frsm. fjarverandi. Eins og hæstv. forseti sér, vantar mikið á, að hv. d. sé fullskipuð. Ég vildi því mælast til þess, að málið fengi að bíða þangað til hv. frsm. og hv. þm. Snæf. eru viðstaddir, og finnst mér það meiri sanngirni.

Héðinn Valdimarsson: Ég vildi heldur, að málið gengi til 3. umr. Það er flutt af þremur mönnum úr hv. fjvn., þeim hv. þm. Dal., hv. 1. þm. Skagf. og hv. þm. S.-Þ., og lítur því ekki út fyrir, að málið sé flokksmál.

Ólafur Thors: Það er nú upplýst, að hv. frsm. er fjarverandi. Í allshn. er einn maður, sem hefir sérstöðu, hv. þm. Snæf., og eins og hæstv. forseta er kunnugt, þá hefir hann verið á fundi í dag, þó hann sé ekki heill heilsu, en hefir ekki komið núna í kvöld. En núna í þessu er ég að heyra það, að hv. þm. Snæf. sé á leiðinni hingað, og ef svo er, að hann kemur, þá óska ég eftir því, að hv. frsm. verði líka viðstaddur, svo við getum heyrt eitthvað um málið frá báðum hliðum.
Það er sagt málinu til framdráttar, að það sé flutt af hv. 1. þm. Skagf., hv. þm. Dal. og hv. þm. S.-Þ. Það er alkunnugt um börn, að þau geta verið hið versta úrhrak, þó annað foreldrið sé mannvænlegt, ef hitt er illt. Og ég treysti því aldrei, að frv. séu góð, sem komin eru frá hv. þm. S.-Þ., enda þótt ágætir menn, eins og hv. 1. þm. Skagf. og hv. þm. Dal., standi að þeim með honum. Ég vil a. m. k. heyra einhverja aðra, sem ég met eins mikils, færa rök fyrir þessu máli.

Forseti (JörB): Þetta er nú óviðkomandi meðferð þessa máls. — Ég get frestað málinu um stundarsakir, og sér maður þá síðar, hvernig skipast um frh. umr.

Umr. frestað.

Á 102. fundi í Nd., 18. des., var fram haldið 2. umr. um frv.

Bergur Jónsson: Hv. 1. landsk., sem er frsm. þessa máls, er nú fjarstaddur. Ég ætla nú ekki að fara að hlaupa í skarðið fyrir hann, en ég vil taka það fram, að eftir að búið var að leyfa mér að fara burt af fundi í nótt eð var, þá var gerð leit að mér til þess að hafa framsögu í máli. Ég get aðeins tekið það fram, að allir nm. nema einn, hv. þm. Snæf., eru sammála um, að frv. verði samþ., og mun hann gera grein fyrir því, hvers vegna hann er því mótfallinn að fylgja meiri hl. í þessu máli.

Forseti (JörB): Það er rétt, sem hv. þm. Barð. sagði um þetta atriði, og ég á víst alla sök á því. Ég hefi sennilega litið á annað þingskjal og vil biðja hv. þm. afsökunar á því.

Thor Thors: Það lýsti sér í ræðu hv. síðasta ræðumanns, að það er ekki mikil hrifning á

þessu máli hjá meiri hl., sem þó hefir lagt til, að frv. verði samþ. En ég hefi ekki getað verið þeim samferða, af þeirri ástæðu fyrst og fremst, að eins og komið er hag ríkissjóðs, þá virðist annað þarfara við fé hans að gera heldur en að leggja það í tugthús. Ég vil ekki taka þátt í tugthúspólitik þeirra, sem þetta frv. flytja. Ég tel og af annari ástæðu ekki rétt að taka þetta til meðferðar nú, því að einmitt nú stendur yfir endurskoðun á refsilöggjöfinni, og er ekki vitað, hverjum eða hve margvíslegum refsitækjum verður þar komið upp. Ég tel rétt að bíða með að afgr. þetta frv. þangað til séð verður, hvaða stefna verður ráðandi í þeirri refsilöggjöf. Ég tel sennilegt, að það verði aðrar stefnur, sem hin nýja refsilöggjöf álítur nauðsynlegri en tugthús, sem hafi það fremur með höndum að koma mönnum burt af glæpabrautinni en að útvega mönnum vist í tugthúsi. Það er af þessum ástæðum, að ég hefi neitað að taka þátt í þessari tugthúsaviðleitni meiri hl. n.

Pétur Ottesen: Hv. þm. Snæf. talaði mikið um tugthúsapólitik, og skal ég láta honum það eftir. En ég skal reyna að upplýsa þetta mál nokkuð. Það er fram komið út af þeim erindum, sem hafa borizt fjvn., bæði nú og 1934, utan úr kaupstöðum landsins, þar sem ákaflega mikið er kvartað um það, að ómögulegt sé að halda uppi reglu á þessum stöðum, vegna þess að ekki sé til neitt hús á staðnum, þar sem hægt sé að setja menn inn, sem valdir eru að vandræðum á almannafæri, og séu ekki tök á því að gera þá óskaðlega fyrir skikkanlegt fólk, sem verður á vegi þeirra. Það hefir náttúrlega ýtt undir þessa þörf, sem verið var að tala um áðan, hinn nýi vínstraumur til landsins, sem hefir skapað mikla óró og erfiðleika, sem hafa gert þörfina fyrir þetta miklu brýnni en áður var. Menn ættu því ekki að vera að tala um þetta í hæðnistón. Þetta er fram komið af þörf, sem er fyrir hendi víðsvegar í kauptúnum landsins og kaupstöðum. Ég vildi bara láta þetta koma fram, af því að enn hefir ekkert verið upplýst um þetta, og meiri hl. n., sem að þessu stendur, fylgir þessu máli ekki eftir eins og ástæða væri til. Þetta mál gekk í gegnum Ed., og að því er ég held andmælalaust þar. Ég man, að fjvn. stóð að því óskipt, að rétt væri að koma þessu máli fram og greiða þannig úr þeim erfiðleikum, sem kvartað var um utan af landi, að slík hús væru ekki til, til þess að geyma menn í, þangað til þeir væru komnir í það ástand, að þeir væru hæfir til að vera á almannafæri.

Thor Thors: Það má vel vera rétt hjá hv. þm. Borgf., sem nú hefir tekið upp vörn fyrir þetta frv., að það sé víða þörf fyrir tugthús. Ég skal ekki mótmæla því. En það er svo ákaflega margt, sem þörf er fyrir í okkar þjóðfélagi, og það miklu meiri en tugthús. Ég er á þeirri skoðun, að það sé margt annað, sem sé heillavænlegra fyrir þjóðfélagið að koma sér upp á undan tugthúsunum.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 103. fundi í Nd., 19. des., var enn fram haldið 2. umr. um frv.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 16:2 atkv.
2.—9. gr. samþ. með 16:2 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 20:2 atkv.

Á 104. fundi í Nd., 20. des., var frv. tekið til 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 19 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 16:1 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 924).

---

78. Bráðabirgðatekjuöflun til ríkissjóðs.

Á 80. fundi í Ed., 27. nóv., var útbýtt:
Frv. til l. um bráðabirgðatekjuöflun til ríkissjóðs (þmfrv., A. 631).

Á 82. fundi í Ed., 29. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 10 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

Frsm. (Jón Baldvinsson): Frv. það, sem hér er borið fram af meiri hl. fjhn., gerir ráð fyrir um liðl. 900 þús. kr. tekjum í ríkissjóð, og er ætlazt til, að það gildi aðeins fyrir árið 1936. Er það ætlað til alveg sérstakra ákveðinna framkvæmda, svo sem sagt er í 1. gr. frv. og nánar er lýst í grg.

Ef við athugum ástandið í heiminum umhverfis okkur, þá er ekki glæsilegt um að litast. Styrjaldir geisa víðsvegar og minni máttar þjóðir eiga á hættu, að hinar stærri leggi þær undir sig og hafi til þess eitt og annað yfirskyn. Svipað er um viðskipti og verzlun milli þjóða að segja. Þar er allt bundið í hina römmustu fjötra.

Hin afskekkta íslenzka þjóð hefir ekki farið varhluta af þessu ástandi í heiminum, og þótt við séum ekki í stríði við neinn og ætlum okkur ekki að eiga illt við neina þjóð, þá má í raun og veru samt segja, að við séum í umsátursástandi, ekki þannig að skilja, að herskip liggi á siglingaleiðum vorum og teppi ferðir vorar til annara þjóða eða herskip varni siglinga á hafnir Íslands, heldur er okkur meinað að selja aðalframleiðsluvörur okkar í mörgum löndum, sumpart með algerðu innflutningsbanni á þeim og sumpart eru lagðir á þær svo háir tollar, að ekki er viðlit að selja þær, og loks höfum við sjálfir neyðzt til þess að gera samninga um að minnka innflutning vorn til margra landa.

Þó við gætum selt sumar aðalframleiðsluvörur okkar og vildum jafnvel færa þær niður í verði,

þá er víða bann við því að flytja þær inn þar, sem til eru kaupendur og neytendur að framleiðsluvörum okkar. Þetta ástand gerir það að verkum, að aðalframleiðsluvörur vor Íslendinga hafa sumpart verið seldar mjög lágu verði og sumpart verið erfitt að selja þær, og jafnvel má búast við, að svo geti farið, að ekki verði hægt að selja þær allar.

Þetta verzlunarástand í heiminum hefir þau áhrif, að við getum ekki látið allt reka á reiðanum og hagað okkur eins og engar tálmanir væru á sölu íslenzkra vara. Við verðum að haga okkur eftir þeim kringumstæðum, sem við lifum undir. Við verðum að takmarka það, sem við kaupum frá útlöndum, vegna þess að við getum ekki selt framleiðsluvörur okkar til þess að greiða allt það, sem við kynnum að þarfnast eða vildum kaupa.

Verzlunarjöfnuðurinn 1934 var mjög svo óhagstæður, og hefir varla verið minni halli á viðskiptum við útlönd það ár en um 10 millj. kr. Slíkt getur ekki haldið áfram, og í rauninni eru allir sammála um það. Jafnvel þær stéttir, sem þetta tekur til, eins og t. d. verzlunarstéttin, hefir lýst því yfir, að hún telji það óhjákvæmilegt, að kaupum á erlendum vörum sé hagað eftir kaupgetu íslenzku þjóðarinnar, það er eftir útflutningnum.

En af takmörkun innflutningsins leiðir aftur það, og einnig vegna erfiðleika á sölu afurða okkar, að vandkvæðin aukast innanlands, og þá verður ríkissjóður að hlaupa í skörðin til uppfyllingar á þeim eyðum, sem verða í atvinnunni, a. m. k. á meðan ekki tekst að veita útflutningnum og verzluninni í annað horf og nýrra markaða er ekki aflað fyrir verulegan hluta af afurðum landsmanna. Meðan þannig stendur á, að atvinnuleysið helzt, þá þarf ríkissjóður fé til þeirra framkvæmda, sem eiga að einhverju leyti að bæta upp það atvinnutjón, sem verður við sjálft atvinnuleysið, þótt rétt sé að játa það, að ef að syrtir enn meira, þá getur ekkert sem heitir komið í staðinn fyrir sjálfar aðalatvinnugreinar landsmanna, ef salan á framleiðslu takmarkast stórkostlega frá því, sem nú er.

En þótt ískyggilegt sé með sumar framleiðsluvörur okkar, þá er óþarfi að örvænta. Tilraunir með nýja framleiðslu sjávarafurða í eigi allsmáum stíl hafa fært okkur heim sanninn um það, hversu mikil og margvísleg auðlegð felst í hafinu við strendur landsins, ef við aðeins getum fært okkur þá auðlegð í nyt á réttan hátt.

En til þess að halda uppi framkvæmdum meðan breytt er til, verður ríkið að afla sér nýrra tekna, ef ekki er búizt við nægilega miklum tekjum af þeim tekjustofnum, sem nú eru á fjárl. ríkisins. Og með því að flokkar þeir, sem nú fara með völd, telja rétt að fylgja þeirri stefnu að reyna að hafa jafnvægi á útgjöldum ríkissjóðs og tekjuöflun, þá hefir það ráð verið tekið að flytja tekjuaukafrv. þau. sem hér liggja nú fyrir.

Um hátekjuskattinn er það að segja, að deila má um það, hvort hann sé of hátt settur. Um þetta hefir verið mikið mál skrifað, og hefir margt af því verið fjarstæða. Sumir hafa ímyndað sér og jafnvel sagt opinberlega, að það sé enginn vandi að afla ríkissjóði tekna með stórlega auknum hátekjuskatti. Hjá manni, sem hefði t. d. 10 þús. kr. tekjur, mætti taka allt, sem væri fyrir ofan 6 þús. kr., í ríkissjóð; þá mætti segja, að ríkissjóði hefði hér verið aflað 4 þús. kr. tekna. Og væri þannig reiknað, mætti sjálfsagt fá út háa reikningslega fjárhæð í ríkissjóð. En þá er ekki gert ráð fyrir neinum gjöldum til þarfa bæjar- og sveitarfélaganna, en allir vita þó, að bæjarfélögin þurfa sinna muna með, og ríkissjóður má ekki ganga svo nærri tekjum, að bæjarfélögin hafi ekkert svigrúm til gjaldaálagningar.

Væri sú leið farin að taka allar tekjur fyrir ofan tiltekið launahámark, þá er hætt við, að þær tekjur kæmu aldrei í ríkissjóð, í fyrsta lagi af því, að launin yrðu ekki ákveðin hærri en svo, að hæfilegur skattur yrði greiddur af þeim, og það er hætt við, að svo geti farið, að þessar tekjur hverfi, eða yrðu þá mjög lítilfjörlegar. Þess vegna verður að ákveða skattinn svo, til þess að hann verði tekjustofn handa ríkissjóði, að skattþegnar hafi þó eitthvað eftir af hverju þúsundi, þar sem skatturinn verður hæstur. Og þá verður að taka tillit til þess, að sami skattþegn á einnig að greiða útsvar til opinberra þarfa síns hrepps eða kaupstaðar.

Í þessu frv. er ætlazt til þess, að bæjar- og sveitarsjóðir fái nokkuð af tekjuskattinum, eða helming, ca. 180 þús., af viðaukanum.

Tollar eru að vonum óvinsælir. Alþfl. hefði kosið aðrar leiðir til tekjuöflunar en þá, að leggja vörugjald á nokkuð af innfluttum vörum, en eins og tekjum ríkissjóðs er nú háttað, hefir ríkissjóður allverulegan hlut af tekjum sínum af vörugjaldi og verðtolli. Og miðað við árið 1933 var það að upphæð 3320 þús., eða 27,5% af tekjum ríkissjóðs, en með þeirri viðbót, sem hér er hugsuð, verða tolltekjur ríkissjóðs þó eigi nema 3 millj. króna, eða 20% af tekjum ríkissjóðs. Nú þegar innflutningurinn minnkar, þá þarf ríkissjóður samt að halda tekjum sínum óskertum, til þess að halda uppi framkvæmdum, eins og að undanförnu, og til þess að geta veitt atvinnuvegunum stuðning og jafnframt auknar tekjur, til þess að geta aukið framkvæmdir í landinu og til styrktar alþýðu í landinu, eins og framlag í alþýðutryggingarnar. En landsfólkið í heild greiðir, þrátt fyrir þá gjaldaaukningu, sem felst í frv., minni fjárhæð í ríkissjóð í vörugjaldi og tollinn en t. d. bæði 1933 og 1934. Og vert er að geta þess, að allar þær vörur, sem notaðar eru til framleiðslu til lands og sjávar, eru undanþegnar þessu gjaldi, og einnig helztu og óhjákvæmilegustu nauðsynjar.

Þetta frv. er samkomulagsleið um tekjuöflun milli stjórnarflokkanna, og það er sjálfsagt hvorugur ánægður yfir því að þurfa að leggja á nýja skatta; en það liggur í hlutarins eðli, þegar samið er, að þá getur hvorugur farið þá leiðina um tekjuöflun, sem hann hefði farið, ef flokkurinn hefði einn haft hreinan meiri hl. til þess að skipa þessum málum að sínum vilja. Og við Alþýðuflokksmenn myndum, ef við hefð-

um haft til þess atkvæðamagn í þingi, farið aðra leið en þá í tekjuöflun að leggja á þetta gjald, þótt ekki hefði verið í einu hægt að aflétta öllum tollum. Athugandi er, að langmestar þær tekjur af innfluttum vörum, sem frv. gerir ráð fyrir, er sumpart á lúxusvörur eða ekki bráðnauðsynlegar vörur, en þó er á nokkrar nauðsynjar lagt gjald, en það er sáralágt.

Sjálfsagt verður einhver til þess að segja, að kaffi og sykur séu tollað og það séu nauðsynjar. Og má að sumu leyti segja, að svo sé, og sumu leyti ekki.

Fyrir 15 árum var kaffi í raun og veru óhjákvæmileg nauðsyn þurrabúðarfólks, sem ekki átti kost á málnytu, en þetta hefir nú breytzt, sem betur fer. Þeir, sem muna 10—20 ár aftur í tímann, vita það, að víða í sjóplássum hér á landi voru það aðeins örfáir menn, sem höfðu kýr og gátu veitt börnum sínum og heimilisfólki mjólk, þessa óhjákvæmilegu nauðsynjavöru. Það var skoðað sem sérstök náð, ef fátæka þurrabúðarfólkið gat kriað út pela og pela af nýmjólk handa sjúklingum og ungbörnum.

Fyrir aukna ræktun er þetta gerbreytt. Í flestum eða öllum sjóplássum og kaupstöðum hefir aukizt gífurlega framleiðsla á mjólk, jafnvel svo, að á sumum tímum árs er hún lítt seljanleg. Og það getur enginn neitað því, að þegar nægilegt er til af mjólk, þá er kaffi ekki orðin jafnóhjákvæmileg nauðsynjavara eins og það áður var, og allra sízt ef tekið er tillit til hins alvarlega ástands.

Þetta gildir að nokkru leyti um sykur. Og þótt ég hafi fyrir 10—15 árum talið t. d. kaffi nauðsynjavöru, af ástæðum, sem þá voru fyrir hendi, en þegar þær breytast, væri það heimskulegur einstrengingsháttur að halda því sama fram endalaust.

Sama gildir um gjald af aðfluttum iðnaðarvörum. Á síðustu árum hefir vaxið upp í landinu á okkar mælikvarða stórfelldur iðnaður. Það væri á sama hátt heimskulegur einstrengingsháttur að halda fram tollfrelsi á aðfluttum iðnaðarvörum, þegar þær er hægt að búa til í landinu sjálfu.

Íslendingar verða sjálfir að greiða fyrir þær framkvæmdir, sem þeir vilja gera, og sjálfir að greiða þau framlög til atvinnuveganna, sem til þeirra er beint og óbeint lagt. Við höfum hingað til getað tekið lán til slíkra framkvæmda, og það er líklegt, að við getum fengið lán til sérstaklega arðvænlegra fyrirtækja, sem þá er ætlað að standa sjálfum undir rekstri sínum, en það er hvorki ráðlegt nú né æskilegt að taka lán til almennra þarfa ríkissjóðs. Það kemur aftur að skuldadögum, og gjöld ríkissjóðs vegna erlendra lána eru nú það há, að geta ríkissjóðs að óbreyttu leyfir ekki hærri greiðslur í vexti og afborganir af skuldum. Svo að þessar leiðir til tekjuöflunar fyrir ríkissjóð má segja, að séu lokaðar. Þá er ekki annað fyrir hendi en að ná þessum tekjum inn með gjöldum ár frá ári, ef ekki á að slá af kröfum um framkvæmdir. Það, sem hv. þm. verða því að meta við sig, þegar þeir greiða atkv. um þetta frv., er þetta: Vilja menn hafa þær framkvæmdir, sem gert er í frv. ráð fyrir, að hin nýju útgjöld beri uppi, eða vilja menn það ekki?

Fjmrh. (Eysteinn Jónsson): Ég tel rétt að gera nokkru nánar grein fyrir tildrögum þess, að frv. þetta er fram komið, en þegar hefir verið gert af frsm., þar sem frv. þetta er flutt að minni tilhlutun. Það, sem ég segi hér um þetta mál, mun að nokkru leyti verða skýring á afstöðu Framsfl. til málsins. Hv. frsm. hefir, eins og eðlilegt er, nokkuð horfið að því að skýra afstöðu Alþfl. til þessa frv. Tel ég þess vegna rétt að miða mál mitt nokkuð við hinn flokkinn, af þeim tveim flokkum, sem að þessu frv. standa, og því samkomulagi um afgreiðslu fjármála, sem frv. byggist á.

Í gildandi fjárl. er gert ráð fyrir því, að útgjöld ríkissjóðs verði nálægt 14 millj. kr. árið 1935 og að tekjurnar muni nema svipaðri upphæð. Nú hefir það komið í ljós, eins og vitanlegt var fyrirfram að nokkru leyti, að ýmsir óviðráðanlegir útgjaldaliðir fara fram úr áætlun. Og það mun láta nærri, þegar tekið er tillit til þessa, að frv. það til fjárl., sem nú er á ferðinni fyrir árið 1936, mundi hafa í för með sér ca. 15 millj. kr. útgjöld úr ríkissjóði, ef það væri samþ. óbreytt eins og það nú er.

Tekjur ríkissjóðs í ár munu fara nokkuð fram úr áætlun, þó að ekki sé hægt að segja með vissu, hve mikið. Get ég því ekki að þessu sinni gefið endanlegar upplýsingar um mismun á tekjum ríkissjóðs og gjöldum í ár. En það, sem hér kemur einkum til athugunar, þegar um afkomu ríkissjóðs árið 1936 er að ræða, er það, hvort búast megi við, að tekjur ríkissjóðs fari einnig það ár fram úr áætlun, og hvort búast megi við, að núv. tekjustofnar muni bera uppi greiðslur þær, sem gert er ráð fyrir í frv. til fjárl. fyrir árið 1936. Eftir mjög nána athugun hefir verið komizt að þeirri niðurstöðu, að mjög óvarlegt sé að gera ráð fyrir því, að svo verði. Miðað við útflutningshorfur á næsta ári og innflutning í ár, þykir ekki varlegt að reikna með því, að tekjur ríkissjóðs af núv. tekjustofnum verði hærri að upphæð en 14 millj. kr. Þar sem hinsvegar búast má við um 15 millj. kr. greiðslum, að öllu óbreyttu, þarf að mæta allt að einnar millj. kr. væntanlegum halla.

Þegar þetta lá nokkurnveginn ljóst fyrir, kom það fyrst til álita af hálfu Framsfl., hve mikið hægt væri að spara á fjárl. með niðurfærslu á útgjaldaliðum og hvort mögulegt væri að komast hjá því að hækka skatta á landsmönnum. Að þessari athugun hefir Framsfl. unnið, með góðu samstarfi við Alþfl. Niðurstaðan af því starfi mun verða sú, að niðurfærslumöguleikarnir séu sem næst 1 millj. kr. Vitanlega verður þessi sparnaður ekki sársaukalaus. Hann hlýtur að snerta þá liði fjárl., sem menn helzt hefðu viljað halda óbreyttum, eins og t. d. ýms fjárframlög til atvinnuveganna, þó ekki sé um verulega lækkun á þeim að ræða.

Síðan fjárlagafrv. fyrir árið 1936 var samið, hafa verið ákveðin af Alþingi fjárframlög í ýmsu skyni með löggjöf. Ennfremur ber að geta þess, að stjórnarflokkarnir hafa komið sér saman um að vinna að afgreiðslu ýmissa nýmæla á

Alþingi, sem kosta greiðslur úr ríkissjóði. Í því sambandi vil ég sérstaklega nefna nýbýlalöggjöfina, sem nú liggur fyrir þinginu, og lög um alþýðutryggingar, þó að önnur smærri mál komi þar einnig til greina.

Eftir að ég nú hefi lýst væntanlegum útgjöldum ríkissjóðs eftir gildandi lagafyrirmælum og að framkvæmdum óbreyttum og tekjuvonum hans á næsta ári, þá sjá menn, að um tvennt var að velja í sambandi við þau nýmæli, sem ég hefi getið um. Annað úrræðið var að færa útgjöld ríkissjóðs til annara hluta enn frekar niður en um þessa 1 millj. kr., sem fyrirhugað er að spara. Hitt að afla nýrra tekna fyrir ríkissjóðinn til að standast hinar nýju greiðslur. Eftir að þetta mál var þaulathugað, þótti það liggja ljóst fyrir, að ef gera ætti frekari niðurfærslur á fjárl., en að framan er lýst, þyrfti að ganga svo mjög á framlög til hinnar smærri framleiðslu í landinu, að slíkt þótti ekki fært. Þegar sú niðurstaða lá fyrir að dómi flokkanna, var enn um tvennt að ræða: Annaðhvort að láta þessi nýmæli falla niður, öll eða flest af þeim, eða hitt, að afla nýrra tekna til þess að standast útgjöld í sambandi við framkvæmd þeirra. Þegar athuguð eru þessi nýmæli, þá vænti ég, að menn muni geta orðið sammála um, að þau séu þess eðlis, að þau þoli í raun og veru ekki neina bið, en að stjórnarflokkarnir hafi farið rétta leið, þar sem þeir ákváðu að afla nýrra tekna til þess að standast kostnað af þessum nýmælum.

Þá kem ég nokkuð að þeim leiðum til þess að afla tekna í þessu skyni, sem til greina hafa komið.

Hv. 4. landsk. minntist hér á það, að þegar tveir flokkar stæðu að því að afla tekna, þá mundi val tekjustofnanna yfirleitt ekki verða hið sama og verða mundi, ef annar flokkurinn kæmi fram sinni stefnu að öllu leyti. Þetta geta menn vitanlega skilið, að er eðlilegt, þar sem allt samstarf flokka hlýtur að byggjast á því, að menn verða að jafna saman málum og finna niðurstöður, sem báðir aðilar geti sætt sig við.

Hv. 4. landsk. minntist á, að Alþýðuflokksmenn hefðu viljað fara aðra leið til tekjuöflunar en till. eru gerðar um í frv., nefnilega þá, að ríkið tæki undir sig meira eða minna af utanríkisverzlun landsins. Á þetta var nokkuð minnzt í þeim flokki. En Framsfl. gat ekki fallizt á að fara þessa leið. Sú afstaða byggist á því, að stefna Framsfl. í verzlunarmálum er og hefir verið sú, að verzlunin eigi að vera sem mest í höndum samvinnufélaga, en að ríkið eigi ekki að fara inn á verzlunarsviðið, nema þá til þess að verzla með **einstöku** vörutegundir til tekjuöflunar. Framsfl. vill ekki, að gengið sé inn á þá braut, að ríkið taki í sínar hendur meiri hl. af verzluninni í því skyni að afla ríkissjóði tekna. Hinsvegar er það vitað, að undir sérstökum kringumstæðum, eins og t. d. á ófriðarárunum, barðist Framsfl. fyrir, að landsverzlun yrði upp tekin á mörgum vörutegundum. En það var aðeins gert vegna sérstakra kringumstæðna. Slíkt eða hliðstætt ástand verður að vera fyrir hendi til þess að Framsfl. geti fylgt eða beitt sér fyrir almennri landsverzlun.

Þá er að nefna aðrar leiðir.

Eins og vitanlegt er af frv., er þar í fyrsta lagi farin sú leið, að leggja á hátekjuskatt, þ. e. skatt, sem leggst á skattskyldar tekjur, sem nema 6 þús. kr. og þar yfir. En það þýðir, að þessi skattur hittir ekki aðra en þá, sem hafa um 7500 kr. laun eða atvinnutekjur og þar yfir, þó að einhleypir séu. Verður því að telja þennan skatt **hátekjuskatt** og eðlilegan, eins og á stendur hjá okkur nú.

Framsfl. hefði viljað láta allan þennan skatt renna í ríkissjóð. En til samkomulags við Alþfl. hefir Framsfl. gengið inn á, að helmingur hans renni til bæjar- og sveitarfélaga. Í reyndinni þó aðeins bæjarfélaga, þar sem um hátekjuskatt þennan verður eigi að ræða í sveitum. Þetta þýðir auðvitað það, að ríkissjóður fær af þessum hátekjuskatti minni tekjur en ella hefði orðið, ef Framsfl. hefði einn ákvarðað. Verður því að afla þeim mun meiri tekna með öðru móti.

Þegar vitanlegt var, að ekki var hægt að nota verzlunarleiðina og ekki var heldur með beinum sköttum einum hægt að afla þeirra tekna, sem þurfti til þeirra nýmæla, sem lýst hefir verið, þá varð að skyggnast eftir öðrum leiðum. Þá var, eins og eðlilegast var í þessu máli, litið til þess, hvernig farið hefði verið að meðal annara þjóða undir svipuðum kringumstæðum. Í Noregi eru ástæðurnar líkastar og hjá okkur í þessu efni. Beinir skattar háir þar eins og hér. Þar komst til valda vinstrimannastjórn bænda og verkamanna, sem vildi halda uppi verklegum framkvæmdum og framlögum til smáframleiðslu. Þá var þar lagður skattur á alla vörusölu verzlana, sem mætti (á lélegri íslenzku) nefna umsetningarskatt. Þessi leið var töluvert mikið athuguð hér í þessu sambandi. En eftir að hafa athugað hana og borið hana saman við þá leið, sem farin er í frv. því, sem hér liggur fyrir, sem sé að leggja gjald á vörur, þegar þær koma til landsins, þá urðu flokkarnir sammála um, að betra mundi vera að nota þá leiðina, sem við höfum farið hér í frv., miðað við okkar ástæður. Skal ég færa nokkur rök fyrir þessari niðurstöðu. Það gæti kannske orðið til þess, að menn yrðu okkur sammála um, að þessi leið eigi betur við okkar staðhætti.

Með því að leggja skatt á vöruumsetningu almennt í landinu, þá hefði varla orðið hjá því komizt, að gjaldið hefði líka komið á innlendar vörur, sem seldar eru í búðum. En eins og nú er háttað um gjaldeyrisástandið hér hjá okkur og viðskiptasambönd við önnur lönd, þá er eitt af þeim aðalatriðum, sem taka verður til greina við afgreiðslu skattamála, að reyna að skapa innlendu framleiðsluvörunum betri aðstöðu á innlenda markaðinum heldur en útlendri vöru, bæði framleiðsluvörum bænda og innlendri iðnaðarvöru. Meðal annars af þessari ástæðu var valin sú leið, að láta vörugjaldið eingöngu hitta útlenda vöru, en ekki koma jafnt niður á útlendri og innlendri vöru.

Ef „umsetningargjald“ hefði verið lagt á, þá hefði það orðið að koma jafnt niður á allar vörur, til þess að framkvæmdin yrði ekki of flókin.

Með því hinsvegar að taka gjaldið af vörunum strax og þær koma til landsins er hægt að hafa það misjafnt, eftir því hve nauðsynlegar vörurnar eru og hvort hægt er að nota innlendar vörur í þeirra stað. Með þeirri aðferð einnig, eins og frv. ber með sér, að undanþiggja gjaldinu þær vörur, sem beinlínis eru nauðsynlegar vegna framleiðslunnar, bæði til lands og sjávar, og einnig þær vörur, sem nauðsynlegar eru neytendum.

Vitanlega hefðu báðir flokkarnir helzt kosið, að hægt hefði verið að sinna nýmælunum, sem nefnd hafa verið, án þess að hækka skattana, en þess var enginn kostur. Var því ekki annað fyrir hendi en láta þessar framkvæmdir niður falla, eða afla nýrra tekna til þess að standa undir þeim.

Því hefir verið haldið fram undir umr. um þetta mál, að skattur þessi yrði til að íþyngja atvinnuvegunum, sem vitanlega verða að standa undir öllu hér eins og annarsstaðar, og því væri hér verið að leggja inn á hættulega leið. Þar sem þetta atriði er einmitt aðalatriði þessa máls, mun ég fara um það nokkrum orðum og sýna fram á, að skattur þessi hittir einmitt ekki framleiðsluna, heldur er miklu frekar til þess að létta undir með henni.

Ef við tökum hátekjuskattinn til athugunar, þá verkar hann ekki fyrr en atvinnutekjurnar eru komnar upp í 7—8000 krónur, að frádregnum öllum kostnaði, en því miður mun reynslan vera sú, að framleiðendur hafa yfirleitt ekki haft svo háar tekjur eða hærri árið, sem er að líða, og því hittir skatturinn þá yfirleitt ekki. Að öðru leyti vil ég benda á, að ef einhver framleiðandi hefir nú haft meiri tekjur en þetta, þá eru ákvæði í núgildandi skattalögum um það, að framleiðendur megi draga töp sín á framleiðslunni síðastl. 2 ár frá gróðanum. Kemur þetta atriði því alveg í veg fyrir, að skattur þessi komi þungt niður á framleiðslunni. Með öðrum orðum, smáframleiðendurna hittir skatturinn ekki, en stórframleiðendurnir mega draga töp síðustu ára frá gróðanum, samkv. lögum frá 1934, og hlífa sér með því móti, ef sæmilega hefir gengið í ár.

Þá er viðskiptagjaldið. Undanþegnar því eru allar vörur, sem notaðar eru beint til framleiðslunnar. Íþyngir sá skattur því ekki framleiðslunni.

Þegar rætt er um þessa nýju skatta og aftöðu framleiðendanna til þeirra, vil ég biðja menn að athuga einnig gaumgæfilega, til hvers þeir eiga að notast. Af þeim rúmlega 900 þús. kr., sem gert er ráð fyrir, að skattur þessi nemi, gengur meiri hlutinn beinlínis til þess að styrkja framleiðsluna. Þar er upphæð, sem á að ganga til skuldaskila smáútvegsmanna, upphæð, sem á að ganga til nýbýla í sveitum, sem á að stuðla að því, að menn geti byrjað þar framleiðslu. Þá á og nokkur upphæð af þessu að ganga til vaxtaívilnunar fyrir bændur. Þá á að styrkja kartöflurækt. Þá á að nota nokkuð af þessari upphæð til þess að styrkja mjólkurbú og frystihús. Þá á ennfremur að verja nokkru af þessu fé til þess að styrkja iðnaðarmenn, til þess að þeir geti fengið lán úr iðnlánasjóði. Á þessu sést, að yfirgnæfandi meiri hluti af þessu fé á að ganga til styrktar framleiðslunni og atvinnuvegunum. Hér er því stefnt að því að skattleggja þær stéttir þjóðarinnar, sem hæstar hafa tekjur og mest nota erlendar vörur, til þess að styrkja smáframleiðendur og verkamenn. Sannleikurinn er því sá, að enda þótt mönnum hætti til í fljótu bragði að halda, að gjöld þessi verði til að íþyngja atvinnuvegunum, þá eru þau þvert á móti þeim til stuðnings á lögð. Auk þess ber að minnast þess gagns, sem framleiðendum, einkum landbúnaðarvara og iðnaðarvara, verður vitanlega að þeirri bættu aðstöðu, sem afurðir þeirra fá í samkeppninni við ýmsar af erlendu vörunum vegna gjaldsins, sem lagt er á hinar síðarnefndu.

Af því, sem ég nú hefi sagt, ætti öllum að vera það ljóst, að hér er ekki verið að afla tekna til venjulegrar eyðslu, eða til þess að auka kostnað við rekstur ríkissjóðs, heldur eiga tekjurnar þvert á móti að ganga til hagsbóta smáframleiðendum og verkamönnum. Tekjuöflun til slíkra hluta verður að teljast í fullu samræmi við stefnuskrár stjórnarflokkanna og hagsmuni umbjóðenda þeirra, þar sem Alþfl. fer fyrst og fremst með umboð, fyrir launaverkamennina, en Framsfl. fyrir smáframleiðendur til sveita og við sjó.

Magnús Jónsson [óyfirl.]: Ég held, að það hafi verið á þriðjudaginn var, að hv. 4. landsk., sem er form. fjhn., boðaði okkur á fund og lagði fyrir fundinn frv. það, sem nú er hér til umr., en þá var í handriti. Ég sá þegar, að hér var á ferðinni merkilegt og stórt mál, og fór því fram á, að frestað yrði eitthvað að taka ákvörðun um það, svo mér gæfist kostur á að ræða það eitthvað við flokksmenn mína. Mér var samt þegar ljóst, að ég myndi ekki geta fylgt frv. fram, eða a. m. k. ekki sumu í því, en mér virtist ekki nema sanngjarnt, að við fengjum þó ekki væri nema 4—5 klst. til þess að athuga það, þar sem mér líka var vitanlegt, að þetta var margra mánaða verk stjórnarflokkanna. En það var ómögulegt að gefa mér þennan frest. Hvers vegna þessari sjálfsögðu og meinlausu beiðni minni var neitað, sá ég fljótlega. Stjórnarblöðin komu nefnil. út bæði alveg rétt á eftir og lýstu þessu frv., og annað þeirra var með letrið úr skjalaparti þingtíðindanna. Þau kváðu upp úr með það, að stjórnarflokkarnir væru búnir að ákveða að leggja þessa skatta á. Ég vil nú spyrja: Er þetta lýðræðisframkvæmd þeirra hæstv. fjmrh. og hv. 4. landsk., að lýsa því yfir, að búið sé að taka ákvörðun um þetta og hitt, áður en farið er að sýna það þinginu, hvað þá meir? Ég veit t. d., að þessir háu herrar hneykslast á Hitler, þegar hann boðar þingið saman aðeins til þess að samþ. boðskap hans. En þeir gera bara alveg það sama.

Ég hefi ekki mætt hér með vandlega undirbúna, skrifaða ræðu, eins og hæstv. fjmrh. og hv. 4. landsk. Munu það því aðeins verða lausir punktar, sem ég segi. Það er auðséð, að hér hefir verið birt hið stóra samkomulag, sem sáttanefnd stjórnarflokkanna hefir unnið að nú um langan tíma. Það er alkunnugt, að nokkur sundr-

ung hefir verið innan stjórnarflokkanna nú upp á síðkastið, og munu sósialistar hafa lofað að sundra ekki flokkunum núna um háveturinn, þegar erfitt er fyrir framsóknarmennina að sækja kosningar. Og þetta er svo árangurinn. Traust fulltrúanna til hvors annars var þó ekki meira en það, að báðir mæta hér með skrifaðar ræður, orði til orðs.

Ég get ekki annað en þakkað hv. 4. landsk., að hann sló með öllu niður hátekjuskattsvitleysu þá, sem þm. S.-Þ. hefir verið að burðast með hér á undanförnum þingum. Þá þótti mér líka gaman að heyra hann taka upp röksemdir mínar frá í fyrra um kaffi- og sykurtollinn. Hann sagði, að kaffið væri ekki svo nauðsynlegt, að ekki mætti spara það þegar herti að. En það var bara annað hljóð í þessum strokki í fyrra, þegar rætt var um afnám gengisviðaukans af kaffi- og sykurtollinum. Þá var kaffi og sykur sú lífsnauðsyn, sem ekki var hægt án að vera fyrir alþýðuna. Hver þessi nýi kaffi- og sykurtollur verður, veit ég ekki ennþá, því að ég hefi ekki reiknað það út, en ég býst við, að hann nemi þó allt að helmingi af þeim gengisviðauka af kaffi- og sykurtollinum, sem felldur var niður í fyrra vegna nauðsynjar alþýðunnar.

Þá er ég alveg á sama máli og hv. þm. um ástandið í veröldinni, en ég held, að þetta frv., þó viturlegt eigi að vera, breyti ekki miklu til um það. Annars held ég, að það sé bezt að kenna ástandinu í veröldinni ekki allt of mikið um, hvernig ástatt er hér. Ég átti kost á að ferðast um Norðurlönd í sumar og kynntist dálítið ástandinu þar, og það verð ég að segja, að enda þótt ástandið í fjármálum sé erfitt þar, þá er það ekkert svipað og hér, enda er örðugleikunum mætt þar með ólíkt meiri skynsemi en hér. Slíkt eymdarástand sem hér er á fjármálum þjóðarinnar mun, sem betur fer, hvergi að finna hér í nálægum löndum.

Þeir, sem með völdin hafa farið hjá okkur nær eingöngu síðastl. 8 ár, hafa beitt allri sinni heimsku — við skulum segja litlu vitsmunum — við stjórn fjármálanna, og því er komið sem komið er. Því neitar vitanlega enginn, að fyrir okkur hafa komið ýmsir örðugleikar á sviði þjóðmálanna, en þeim hefir bara ekki verið mætt á réttan hátt.

Hvað snertir þetta nýja samkomulag stjórnarflokkanna, þá er ég ekki viss um, að allir aðstandendur séu ánægðir með það, en vel má vera, að þeir geti skrifað og talað sig upp í það. Ég get þó tæplega trúað því, að allir jafnaðarmenn séu glaðir yfir því að hækka verðtollinn eða bæta nýjum verðtolli ofan á þann, sem fyrir er, því að ég minnist þess, að þessir sömu menn héldu því einu sinni fram, að það væri ekkert nema ósvífni, sem engum væri samboðin nema illmennum einum, að bæta tolli á fatnað, skófatnað, kaffi, sykur o. fl.

Ég þykist líka skilja það ofurvel, þó að allir framsóknarmenn séu ekki ánægðir í hjarta sínu yfir því að fara nú að leggja nýja skatta á umbjóðendur sína til þess að koma í höfn tryggingarmálunum, sem eru mestu stefnumál jafnaðarmanna.

Þá er dálítið gaman að samkomulaginu hjá þessum herrum. Þeir kenna hverjir öðrum um. Hafa sér til varnar, að allt hið vonda sé hinum að kenna. Hv. 4. landsk. segir t. d.: Við vorum nú ekki einir um þetta. Við ætluðum ekki að hafa verðtollinn, en urðum að gera það fyrir félaga okkar. Aftur á móti fengum við því ráðið, að nokkur hluti hans skyldi ganga til bæjarfélaganna. — Svo kemur hæstv. fjmrh. og segir: Við erum ekki fyllilega ánægðir með þetta svona, en við urðum að taka tillit til — ja, ekki sagði hann ólukku jafnaðarmannanna, en tónninn var í þá áttina — jafnaðarmanna, sem vildu hafa þetta svona. — Þá var dálítið gaman að heyra þá báða segja, að það væru aðallega lúxusvörurnar, sem hái verðtollurinn lenti á, því að í öðru orðinu segja þeir, að það verði að banna allan innflutning á lúxusvörum. Annað komi ekki til greina. Þessu lofa þeir almenningi. Ef þessir góðu menn vilja nú, svona einu sinni á ævinni, ekki svíkja öll loforð sín, þá væri gaman að vita, hvað yrði eftir til kartöfluverðlauna, alþýðutrygginga o. fl.

Þá undraðist ég, hvernig hæstv. fjmrh. getur endurtekið sömu firrurnar þing eftir þing. Það er alveg hámark ósvífninnar, hvernig hann getur tuggið sömu blekkingarnar upp hvað eftir annað, og það á meðan svikin eru alveg glóðvolg. Það, sem hann segir nú, er nákvæmlega það sama og hann sagði í fyrra, að hér væri í raun og veru ekki um nýja skatta að ræða, heldur væri verið að víkja við tekjunum.

Þá er óneitanlega gaman að heyra hann tala um stefnu Framsfl. í verzlunarmálum. Ef hægt er að fá góða lýsingu á setningunni: „Það góða, sem ég vil, geri ég ekki“, þá er það í þessari framkomu ráðh. Hann segir, að stefna flokksins sé sú, að láta samvinnufélögin annast nær alla verzlun, aðeins geti þeir gengið inn á, að í einkasölu séu teknar einstöku vörutegundir til þess að afla ríkissjóði tekna. En hvað skeður? Undir forystu hæstv. ráðh. er svo hver vörutegundin á fætur annari tekin í einkasölu, sem hann svo ver í líf og blóð. Í blaðadeilum við mig hefir hann svo a. m. k. haldið því fram, að þetta væri einhver bezta leiðin til þess að afla tekna.

Annars vil ég nú spyrja hæstv. ráðh., hvort hann sjái ekki, hvert stefnir, ef ríkið tekur einkasölu á öllum þeim vörum, sem eitthvað er upp úr að hafa að verzla með. Ef þessari stefnu væri haldið út í æsar, þá yrði ríkið annaðhvort að taka með þær nauðsynjavörur, sem illa borgar sig að verzla með, allar neyzluvörur, sem ekki má leggja mikið á, eða þá að þessar vörur hljóta að hækka í verði. M. ö. o.: Verzlanirnar verða að tapa þeim ágóða, sem þær hafa af því að verzla með ágóðameiri vörur.

Hæstv. ráðh. var að lýsa bollaleggingum um það, hvernig stjórnarflokkarnir ætluðu að ná inn þeim tekjum, sem þeir telja nauðsynlegt að afla, en ekki er hægt að ná með nógu háum tekjuskatti, af því að nokkuð af tekjuskattinum á að renna til bæjarsjóða. Hann sagði, að þeir hefðu athugað, hvort gerlegt væri að leggja á umsetningarskatt, en þó hallast heldur að þeirri leið, sem farin er í frv., af því að hinn skatturinn mundi hafa lagzt á innlendar vörur að ein-

hverju leyti. En hann sagði, að það bæri að greiða sem allra mest fyrir sölu innlendra vara á innlendum markaði, vegna þess hve örðugt væri að afla markaða fyrir þær erlendis. Mér duttu þá í hug ummæli sænsks sérfræðings, sem skipulagsnefnd atvinnumála, „Rauðka" svokallaða, hafði fengið til þess að rannsaka fjármálaástandið í landinu. Honum þótti ekki hafa verið farin sem réttust leið í þessum efnum hér, og vildi ekki viðurkenna, að ef menn óskuðu að fá hærra verð fyrir vöru, þá væri það nóg bara að hækka verðið. Hann sagði, að leið sú, sem Svíar hefðu farið í þessum sökum, væri mótsett þessu. Þeir hefðu farið þá leið að skapa landbúnaðinum möguleika til þess að geta lækkað verðið á landbúnaðarafurðum. Við þetta jókst svo neyzlan á þessum afurðum. Svo sýndi hann fram á með hagfræðilegum tölum, að neyzla á mjólk og kjöti í landinu væri alveg óeðlilega lítil, miðað við það, sem framleitt væri hér af þessum vörum. Svo að hér er geipimikið land eftir að vinna.

Svo kom hæstv. ráðh. síðast að því, sem var bezt og skemmtilegast í hans ræðu. Það var þessi fagnaðarboðskapur, sem ég hefi ekki heyrt fyrr, að þessi nýju álög, hin mikla hækkun tekjuskattsins og nýr verðtollur, væri svo fjarri því að íþyngja framleiðslunni. Þennan boðskap ætti hæstv. ráðh. að koma með til hinnar aðþrengdu veraldar.

Hann fór svo að reyna að sýna fram á, að mjög fáir framleiðendur hefðu yfir 6 þús. kr. skattskyldar tekjur. En mér sýnist þessi stighækkun á skattinum strax byrja, þegar skattskyldar tekjur eru orðnar yfir 2 þús. kr. Hæstv. ráðh. sagði, að fáir framleiðendur hefðu yfir 6 þús. kr. skattskyldar tekjur. Hann hefir þá sjálfsagt bændur í huga. En það eru nú fleiri tegundir framleiðslu til en landbúnaður. Það þarf líka að styðja iðnaðinn í landinu og aðrar atvinnugreinar.

Dettur nú ekki hæstv. ráðh. í hug, að það muni íþyngja atvinnuvegunum með hækkuðu kaupgjaldi, ef tollaðar verða ýmsar nauðsynjavörur almennings? Og hvar heldur hæstv. ráðh., að skattar og gjöld yfirleitt komi að lokum niður annarsstaðar en á framleiðslunnni? Það er alveg ómögulegt að heimta inn skatta án þess að þeir komi niður á framleiðslunni. Þurfa ekki einnig framleiðendur að kaupa þær vörur, sem 10—25% verðtollurinn er lagður á? Þurfa þeir ekki að kaupa t. d. fatnað og búsáhöld? Vitanlega, af þeirri einföldu ástæðu, að framleiðendur hafa mannlegar þarfir eins og aðrir, kemur þessi tollur niður á þeim. Getur hæstv. ráðh. ekki skilizt, að bóndi, sem áður komst af með t. d. 3 þús. kr. hreinar tekjur, komist bara síður af með þær tekjur, þegar búið er að tolla þær vörur, sem hann verður að kaupa? Ef hæstv. ráðh. vill halda því fram, að framleiðendur borgi ekki þennan skatt, þá skora ég á hann að standa frammi fyrir þeim og reyna að telja þeim trú um, að þeir geri það ekki.

Þá sagði hæstv. ráðh., að þessu fé, sem fengist með ýmsum þessum nýju álögum, ætti að verja til þess að hjálpa framleiðslunni, en hann gat þó ekki um tölurnar. Hæstv. ráðh. nefndi í því sambandi t. d. styrk til frystihúsa og framlög til fóðurtrygginga og kartöfluverðlauna og til iðnlánasjóðs. Þessi framlög eru áætluð aðeins 20 þús. kr., 25 þús. kr. og 30 þús. kr. En fyrsti liðurinn í upptalningunni í grg. frv., þar sem talin eru þau framlög, sem tekjuöflun frv. er ætluð til, er alþýðutryggingarnar með 300 þús. kr. framlagsáætlun og þriðji liðurinn nýbýlamyndanir, og til þeirra eru áætlaðar 200 þús. kr. Hvernig ætlar nú hæstv. ráðh. að fara að sanna, að framlag til alþýðutrygginga sé stuðningur við framleiðsluna? Vitanlega er það fyrst og fremst framleiðslan, sem verður að borga þetta framlag. Það eru og falsrök, þegar því er haldið fram, að það sé til hagsbóta fyrir landbúnaðinn að stuðla að nýbýlamyndun með þessum 200 þús. kr. Það er dálítið undarlegt, þegar hv. 4. landsk. og hæstv. fjmrh. eru að skýra frá því í öðru orðinu, hversu vont sé að koma í verð landbúnaðarafurðum, en í hinu orðinu vilja þeir gera ráðstafanir, sem hljóta að leiða til þess að auka samkeppnina um markaðinn fyrir sömu afurðir.

Það er vitanlegt, að tillög bæði til alþýðutrygginga og nýbýlamyndunar eru peningar, sem framleiðslan á að borga, en fær ekki að neinu leyti endurgreitt, miðað við árið 1936. Það má náttúrlega segja, að alþýðutryggingar séu í sjálfu sér þarft og gott mál. En vegna þess, hve mikilla framlaga þær krefjast úr ríkissjóði, þá held ég, að það hefði verið betra að velja einhvern hentugri tíma til þess að koma þeim á heldur en einmitt yfirstandandi tíma.

Nei. Ég held, því miður, að þessi eindæma fagnaðarboðskapur hæstv. fjmrh. um að þessi 1 millj. kr. skattaukning verði bara til þess að styðja framleiðsluna, yrði hvergi tekinn gildur í neinu landi, og fyrir hæstv. ráðh. þýði þess vegna lítið að koma með hann neinstaðar fram.

Þetta frv. grípur inn á það svið, þar sem grundvallarmismunur er á stefnu þeirra flokka annarsvegar, sem með völdin hafa farið frá því árið 1927, og Sjálfstfl. hinsvegar, sem verið hefir í stjórnarandstöðu. Þessi ágreiningur hefir verið um það, hvort hægt sé að lækna okkar fjárhagsörðugleika með því bara að hækka gjöldin. Þegar nú stjórnarflokkarnir standa saman um þetta spursmál: Á að skera niður og spara, eða á enn að hækka skatta og gjöld á þjóðinni? — þá hafa þeir verið trúir sinni stefnu og farið þá leiðina að hækka gjöldin. Það er að segja, þeir bregða út af þeirri stefnu fyrir hverjar kosningar. Þá segjast þeir ætla að spara og afnema tolla af nauðsynjavörum. Ef þeir fái að vera áfram, þá á ekki að sverfa að mönnum með því að leggja á þá mikil útgjöld o. s. frv. o. s. frv. Svo þegar til þess kemur að efna þessi fögru loforð, þá hefir það alltaf verið einkenni þessara flokka, þó að það hafi verið óskráð regla, að svíkja alltaf sín loforð. Þeir ættu bara að skrifa það á stefnuskrár sínar, að þeir svíki alltaf gefin loforð um þessa hluti. Eftir kosningarnar 1927 voru mál málanna ekki snert, sem búið var að tala svo mikið um, að koma þyrfti í rétt horf, svo sem gengismálið og tóbakseinkasölumálið. Það er eðlilegt, að þessir flokkar svíki nú gefin loforð, þegar kjósendur

þeirra taka þá alltaf jafngilda, þó að þeir séu búnir að standa þá að sínum fyrri svikum.

Þessari stefnu, að hækka jafnan útgjöldin, auka jafnan fjárþörfina eftir því sem fjárhagsvandræðin sverfa meira að þjóðinni, henni er trúlega fylgt af núv. stj. Hæstv. fjmrh. er nú í þann veginn að leggja fram tekju- og gjaldahæstu fjárlög, sem nokkru sinni hafa verið lögð fyrir hæstv. Alþ. Hæstv. ráðh. sagði, að nú hefði verið gerð rétt áætlun í fjárl. þessa árs. Ég ætla nú að svara honum með hans eigin orðum. Ég hefi áður gert það með minum eigin orðum. Nú skal svarið til hæstv. fjmrh. vera hans eigin orð, sem lesa má snemma í grg. frv., með leyfi hæstv. forseta:

„Reynsla ársins, sem er að líða, sýnir það, að ýmsir liðir fjárl. fara fram úr áætlun. Má þar til nefna aðallega jarðræktarstyrkinn, rekstrarkostnað landhelgisgæzlu, berklavarnakostnaðinn, viðhaldskostnað vega, kostnað vegna samninga við önnur ríki og rekstrarhalla sjúkrahúsa.“

Þetta eru nú fjárlögin, sem hæstv. fjmrh. sagði, að væru áætluð alveg rétt. En nú segir hann, að ýmsir liðir fjárl. hafi viljað teygja sig fram úr áætlun. Já, það er nú svo. Það vilja ýmsir liðir fjárl. teygja sig fram úr áætlun. Hæstv. ráðh. skilst mér að hafi nú lýst því yfir, að loforð hans í fyrra um að fjárl. mundu standast áætlun hafi verið ómerk og innantóm orð. Það er eðlilegt, að menn taki minna mark á því nú, eftir að þetta er fram komið, þó að hæstv. ráðh. tali um áreiðanleik áætlana í fjárl.-frv. nú.

Þessi mál, sem talin eru upp í grg. frv., þessi stefnumál stjórnarflokkanna, sem gert er ráð fyrir að kosti 1 millj. kr., eru að vísu ekki öll ný. En langmestan hluta þeirra mætti skera niður án þess að nokkur brestur yrði af, og þá þyrfti enga nýja skatta.

Slíkan formála og þann, sem prentaður er fyrir þessu frv., man ég ekki eftir að hafa séð fyrir nokkru frv. fyrr. 1. gr. frv. er bara agitation. Slíkt er svo ótrúlega lítilfjörlegt, sérstaklega þegar ég hygg, að það sé verið að skrökva þessu, sem tekið er fram í 1. gr. Þar stendur, að þessir skattar séu lagðir á til þess að greiða með þeim framlög til verklegra framkvæmda, nýbýlamyndunar og alþýðutrygginga. Ég vil a. m. k. fá að heyra yfirlýsingu um það frá hæstv. ráðh., hvort það sé meiningin að stofna með tekjunum af þessum sköttum sérstakan sjóð, sem varið verði svo til þessara framkvæmda. Sé ekki svo, þá eru þetta bara venjulegar ríkistekjur, sem fara þá alveg eins til þess t. d. að launa embættismönnum og nefndum og annars slíks, alveg jafnt og aðrar tekjur ríkissjóðs. En sé það meiningin að verja þessum tekjum til þess að stofna sérstakan sjóð til þessara framkvæmda, — hvers vegna er þá þessi skattur ákveðinn aðeins til eins árs? Eiga framlög til alþýðutrygginga, fóðurtrygginga, nýbýlamyndunar og annars slíks að hætta eftir eitt ár? Greiðslur ofviðristjóns á Norðurlandi má vitanlega segja, að sé það eina af því, sem þessum skatti á að verja til, sem aðeins er bundið við eitt ár. Ég sé, að til þess á að verja 60 þús. kr., sem er rétt mátulegt handa fiskimálanefnd.

Ef ekki á að stofna sérstakan sjóð með tekjunum af þessum skatti til þessara framkvæmda, sem getið er í grg., þá er 1. gr. frv. ekkert annað en lýðskrum af lökustu tegund, sem stjórnarflokkarnir hafa sett þar til þess að reyna að dylja þann hroll og ótta, sem þeir finna til í sambandi við að bera fram þetta frv., því að með því er svikizt aftan að þjóðinni.

Á bls. 5 í grg. er þessi tekjuskattur kallaður hátekjuskattur og sagt, að hann byrji fyrst á 6000 kr. skattskyldum tekjur. (**Fjmrh.**: Vegna 10% viðaukans). Ég tek fúslega fræðslu um þetta. En mér hefir virzt hann byrja strax þegar skattskyldar tekjur eru orðnar yfir 2 þús. kr. eða í mesta lagi 3 þús. kr. Eftir því sem ég fæ bezt séð, lendir þessi svokallaði „hátekjuskattur“, sem stjórnarflokkarnir eru hér með, á öllum verkamönnum, sem hafa nokkurnveginn atvinnu, öllum sjómönnum, öllum búðarmönnum, öllum skrifstofumönnum, jafnvel hinum lægst launuðu, og líklega á sendisveinum líka, á öllum þeim mörgu, sem tekjur hafa sem nokkru nemur. Og þar með lendir hann á þeim mönnum, sem þessir menn hafa á sínu framfæri. Af þessu sjá allir, að hér er ekki um hátekjuskatt að ræða, því að þessi skattur grípur yfir alla þá, sem nokkurnveginn atvinnu hafa sem óbreyttir verkamenn. Þegar þetta er svo tekið í sambandi við útsvörin og miðað við þann skala, sem hafður var við niðurjöfnun þeirra síðast, þá er þetta farið að ganga svo nærri tekjum manna, að það er bersýnilegt, að ef slíkar skattaálögur eiga að standa nokkra stund, þá hlýtur hitt að koma á eftir, að stórkostlegar kröfur verða gerðar um hækkun kaups almennt. Ég þekki svo vel líf manna hér í Reykjavík og hvernig þeir komast af með tekjur sínar, sem hafa 8000—9000 kr. í tekjur, með þeim kröfum, sem gerðar eru til þeirra um lífnaðarhætti, en ekki endilega þeim kröfum, sem þeir gera sjálfir um lífsþægindi, — ég þekki þetta svo vel, að ég veit, og það vita aðrir hv. þm. líka, að það er ekkert annað en lýðskrum að kalla þá menn hátekjumenn, sem hafa laun upp undir 10 þús. kr. Menn geta vel lifað af minni launum. En að af minni launum megi taka gjöld sem af hátekjum væri, það er hrein og bein fjarstæða.

Ég hefi nú minnzt dálítið á verðtollinn nýja, sem mér finnst, að hv. stjórnarlið hefði átt að nefna sínu rétta nafni og kalla bara verðtoll. En það ber ótvírætt vott um þann ótta og hroll, sem gripið hefir stjórnarliðið út af því að svíkjast aftan að þjóðinni með þennan toll, að það nefnir hann ekki sínu rétta nafni, vegna þeirra stóru orða, sem margir hv. stjórnarliðar hafa haft um þesskonar tollastefnu. Nei, þeir nefna þetta ekki verðtoll, heldur „gjaldið“.

Ef maður lítur á, hvaða reikninga yfir vörur á að stimpla með 5%“, þ. e. a. s. hvaða vörur á að leggja á 5% toll, sem er hreint ekki lítill tollur, þegar hann kemur ofan á annað, þó að hann væri lítill, ef hann einn væri lagður á þessar vörur, — þá sér maður, að þar eru m. a. talin búsáhöld allskonar, eldhúsáhöld allskonar, hreinlætisvörur, kaffi, sykur, olíulampar og tilheyr-

andi, ræstiduft, allskonar sápa og annað þessu líkt. Auðvitað lagar verðið á þessum vörum hér í útsölu sig eftir því, hvað vörurnar kosta frá útlöndum, að viðbættum tolli.

Svo kemur líka löng upptalning á vörum, sem eru tollaðar með 10% tolli. Þar er talinn allskonar fatnaður, band, garn og tvinni allskonar, kakaó, kryddvörur, sagó, skófatnaður, annar en gúmmiskófatnaður, smávarningur á og til fata, svo sem tölur, krókapör — já, kannske að fátæklingarnir eigi nú ekki að fá að hneppa upp um sig buxunum, og þó að þeir spanderi krókapörum efst í buxnaklaufina, að það eigi þá að kalla það lúxus. Ég get skilið, að hv. flm. og stjórnarflokkarnir, sem að þessu standa, séu ekki alveg ánægðir með þetta fyrsta afkvæmi sitt.

Í grg. fyrir frv. er komið inn á innflutninginn — og viðurkennt, að þar hafi ekki náðst sá rétti jöfnuður. Ég spurði hæstv. ráðh. á síðasta þingi, hvenær greiðslujöfnuður myndi verða kominn á. En Magnús Guðmundsson spurði annarar spurningar: hvenær myndi verða búið að rétta við fjárhag landsins. Hans spurningu kvaðst hæstv. fjmrh. ekki geta svarað. En minni svaraði hann á þá leið, að greiðslujöfnuður yrði kominn á um næstu áramót. Í grg. segir hann þó: „Þrátt fyrir þennan árangur er það þó svo, að lækkunin á innflutningnum hefir ekki náð að rétta greiðslujöfnuðinn við, eins og reiknað var með, þegar ákveða þurfti um úthlutun meginhlutans af innflutningsleyfunum.“ En um það er ekkert sagt, hve miklu hafi skeikað. Innflutnings- og gjaldeyrisn. hefir reiknað út, að innflutningurinn mætti ekki nema meiru en 32 millj. kr., en ég veit ekki betur en að hann sé kominn 4 millj. kr. fram yfir þá upphæð, þó að enn sé eftir *nokkur hluti af árinu og ýmislegt eigi eftir* að bætast á enn. Hann telur í milljónum það, sem skorið hafi verið niður, en honum láist að geta þess, hve margar milljónir vanti á, að sparnaðarspár hans rætist.

Þá segir í grg.: „Er þó ráðgert að nota álagningarmöguleika á óþarfa varning, sem ríkið verzlar með, svo sem unnt er.“ Það á að hækka verð á þeim vörum, sem þeir telja óþarfar. Hversu mikið? Hér er um raunverulegan skatt að ræða, sem leggst á tóbaksvörur, vín og fleira. Og ef til vill telja þeir allt óþarfa varning, sem ríkið verzlar með. svo sem bifreiðar, gúmmí, útvarpstæki o. s. frv. Svo kemur aðalatriðið. Þeir standa frammi fyrir því vandamáli „annaðhvort að færa niður útgjöld fjárl., til þess að mæta óhjákvæmilegum hækkunum á áætlunarliðum, *eða afla nýrra tekna til þess að standast þær*“, eins og í grg. segir. Og þá er spurningin, hvort rétt sé að taka upp milljónaaukningu á fjárl., þegar fjvn. hefir sýnt, hvernig hægt er að færa niður umframgreiðslu að miklum mun.

Hæstv. fjmrh. og hv. 4. landsk. hafa skýrt frá því, hvers vegna frv. er fram komið. En hvorugur þeirra hefir þó tekið fram hina raunverulegu ástæðu. Stj. og stjórnarflokkarnir hafa ætlað að halda uppi þeirri venju sinni að eyða miklu fé og slaka hvergi til; þeir vonast til að geta á þennan hátt náð handa ríkissjóði tekjum, til þess að þurfa ekki að koma alveg slyppir fram fyrir kjósendur sína, þegar að kosningum kemur. Þetta er pólitísk ástæða, en engan veginn stjórnmálamannsleg eða heiðarleg.

Fjmrh. (Eysteinn Jónsson) [óyfirl.]: Hv. 1. þm. Reykv. hefir nú borið fram andmæli á víð og dreif gegn frv. Hann fann að því, að stjórnarflokkarnir skyldu hafa leyft sér að semja um málið, áður en það var komið alllangt áleiðis í þinginu, eða jafnvel áður en það var komið inn í þingið. Þetta er auðvitað misskilningur á þingræði og lýðræði, eins og það er framkvæmt í sérhverju lýðræðislandi. Slík afgreiðsla mála sem þessi er svo áberandi í þeim löndum, sem lengst eru komin í þessu efni, að þingin geta afgr. málin á mjög skömmum tíma, af því að flokkarnir voru áður búnir að semja um þau. Þessi vinnubrögð ein megna að viðhalda þingræðinu. Ef flokkarnir geta ekki á þennan hátt *komið sér saman um málin, þá getur þingræðið* ekki haldið áfram að starfa.

Hv. þm. talaði nokkuð um einstök atriði frv. Hann sagði, að Framsfl. hefði alltaf barizt fyrir haftastefnunni, mér skildist af heimsku forráðamanna hans, og aðrir hefðu svo dregið dám þar af. Sjá allir, hverja þýðingu svona röksemdafærsla hefir. Allir vita, að Framsókn ein hefir í mörg ár haldið því fram, að hafa beri hömlur á innflutningnum. En hvernig er komið? Báðir hinir flokkarnir eru búnir að ganga inn á þessa stefnu. Verzlunarþingið síðasta gekk líka út frá þessu sem sjálfsögðum hlut. M. ö. o., innflutningshömlurnar, sem hv. 1. þm. Reykv. hefir verið að rakka niður nú um mörg ár á Alþingi, eru nú svo viðurkenndar, að hans flokkur hefir líka orðið að viðurkenna nauðsyn þeirra. Sterkasta *stoð hans og hans nóta, verzlunarstéttin, er nú* fallin, því að hún sér, að þessum málum verður að skipa með valdboði ofan frá. Það er e. t. v. ekki þægilegt fyrir hv. 1. þm. Reykv. að fá þessa ályktun frá verzlunarþinginu, og ég er hissa á því, að hann skyldi vera að minnast á þetta.

Þetta er nú ekki einsdæmi um mál, sem Sjálfstfl. berst á móti. Þegar þau eru orðin almennt viðurkennd, snýst hann að jafnaði, til þess að láta fenna yfir, að hann hafi áður verið þeim andvígur.

Þá sagði hv. þm., að við hv. 4. landsk. hefðum haldið því fram, að þessi tollur væri lúxusskattur. Ég hefi nú aldrei sagt það. Ég sagði, að eftir frv. væri hægt að leggja misjafnt á vörurnar, eftir því, hvort þær væru nauðsynlegar eða ónauðsynlegar. Hv. þm. veit, að verzlunarstaða okkar *er þannig, að á ýmsum sviðum* getum við ekki komið innflutningshömlunum við. Sumar vörur, sem hljóta að teljast óþarfar, verður að flytja inn, vegna þessarar verzlunaraðstöðu okkar gagnvart öðrum löndum. En þá getur það ekki talizt óeðlilegt, þó að þær séu tollaðar.

Þá sagði hv. þm., að ég hefði í fyrra haldið því fram í blekkingarskyni, að tekjurnar í ár myndu ekki verða minni en verið hefði, til þess að ginna þm. til að fallast á till. mínar. Ég sagði í fyrra, að ég gæti ekki sagt, hve innflutningurinn yrði í ár miklu lægri en í fyrra, en bjóst við, að upphæðin myndi nema 6—7 millj. kr. En þegar inn-

flutningurinn var ákveðinn, var reiknað með því, að við myndum t. d. selja meiri fisk til Spánar en raun varð á. Voru það talin full rök fyrir því, að reikna mætti með meiri útflutningi en orðið hefir. Þá var líka reiknað með því, að í ár yrði meðalsíldveiði fyrir norðan, þannig, að síldarsalan gæfi af sér meiri gjaldeyri en hún hefir gert. Þess vegna var, þegar innflutningsleyfin voru ákveðin fyrir 1935, litið bjartari augum á þetta en reynslan hefir réttlætt. Þess vegna hefir ekki náðst greiðslujöfnuður á þessu ári. Hv. þm. sagði, eins og ég nefndi áðan, að ég hefði í fyrra lofað greiðslujöfnuði í árslok 1935. Þetta er ekki annað en útúrsnúningur. Ég sagði, að stefna bæri að því, að þessi greiðslujöfnuður næðist, og það hefir verið gert. En hvorki ég eða aðrir geta vitað fyrirfram, hvernig sölumöguleikar verða. Í þessu efni verður að ráða allt af líkum.

Horfurnar fyrir næsta ár eru nú ekki svo glæsilegar, að fært sé að reikna með sömu tekjum af innflutningnum. Því hefir þetta samkomulag orðið milli flokkanna. En um þetta er, sem sagt, vitanlega ekki hægt að vita neitt ákveðið fyrirfram. Við getum t. d. ekkert um það sagt, hvernig síldveiðin gengur næsta ár. Það verður allt að ráða af líkum. Til þess að vera ekki of bjartsýnir, hafa stjórnarflokkarnir komið sér saman um, að ekki beri að reikna með meiri tekjum næsta ár en ca. 14 millj. kr. Við vitum báðir, að þó að hægt sé að komast misjafnlega nálægt þessu, þá er ekki hægt að vera viss. Yfirleitt vilja liðir fremur teygjast fram úr áætlun en að afgangur verði. Því má aldrei tefla á tæpasta vaðið um þessar áætlanir.

Hv. þm. taldi sig hafa góð rök til að ná sér niðri á mér, er hann hélt því fram, að ég hefði sagt, að landsreikningarnir færu ekki fram úr áætlun; því væri óhætt að treysta. Þetta er rangfærsla á orðum mínum. Ég sagði, að áætlunin væri hærri nú en áður og að reynt hefði verið að tryggja það betur en áður, að ekki yrði farið fram úr áætluninni. Við hv. 1. þm. Skagf. ræddum um þetta, og okkur kom saman um, að um slík atriði væri ekkert hægt að segja með vissu fyrirfram. Og ég vil taka það fram, að þegar fram verður lögð útkoma þessa árs, þá mun það sýna sig, að komizt hefir verið nær en áður því marki, að samræma landsreikninga og fjárl. Ég get ekki sagt, hve mikill munurinn verður, en hann skal verða minni en áður. Mun verða unnið að því að þoka áætlunum sem næst þessu marki. En hvorki ég eða aðrir geta tekið ábyrgð á því, að ekki verði í neinu farið fram úr áætlun. Eftir á getum við svo deilt um það, að hve miklu leyti þetta hefir tekizt.

Þá minntist hv. þm. á innlendu vörurnar og féllst á, að rétt væri að hlífa þeim við álagningu. En þar fann hann sér annað til. Sagði hann, að nær væri að stefna að því, að menn gætu selt þessar afurðir ódýrari. Þetta kemur nú ekki skattaálagningunni beinlínis við, en ég get þó ekki stillt mig um að benda á, að ýmsar þær ráðstafanir, sem gerðar hafa verið til að afla ríkissjóði tekna, miða að því að minnka framleiðslukostnað þessara vara. Má þar nefna styrk til mjólkurbúa og frystihúsa og til kartöfluframleiðslunnar. Eða heldur hv. þm. ekki, að stj. sé með þeim ráðstöfunum að framkvæma hluti, sem hann telur sjálfur æskilega? Með þessu frv. eru teknir skattar aðallega af öðrum stéttum en framleiðslustéttunum og verkamönnum, til þess að létta fyrir þeim síðarnefndu.

Hv. þm. sagði, að þessir skattar lentu aðallega á framleiðslunni. Tekjuskatturinn kæmi á launamennina og leiddi til þess, að hækka yrði laun þeirra, en það myndi þyngja á fyrirtækunum og þannig koma niður á framleiðslunni. En eftir því hækkar skatturinn þá fyrst, er komið er fram yfir 6000 kr. skattskyldar tekjur. Hann hækkar ekki nema um 1—2 kr. þar fyrir neðan. Þetta svarar til 7000—8000 kr. launa. Framleiðendur eru þá ekki svo þjakaðir sem af er látið, ef þeir þurfa að láta undan kaupkröfum þessara manna, sem hafa 7000—8000 kr. laun og þar yfir. Ég er í engum vafa um, að þetta eru ekki annað en falsrök hjá hv. 1 þm. Reykv. Ekkert fyrirtæki mun láta undan þessum kröfum, og því mun ekki eyrir af þessum skatti lenda á framleiðslunni. Hv. þm. reyndi að gera sér mat úr því, að skattur þessi lenti á 3000 kr. tekjum og myndi þannig koma niður á sendisveinum. Í frv. eru felldir saman þrír skattstigar: fyrst upphaflegi skattstiginn, þá 10% viðbótin og loks þessi skattstigi, sem hér um ræðir. Þegar þrír skattstigar eru felldir saman á þennan hátt, er ekki hægt að hnitmiða allt upp á krónu. Af 4000 kr. skattskyldum tekjum er skatturinn t. d. 155 kr., í stað 154 kr. Þetta er aðeins tekniskt atriði og leiðir af því, að skattstigunum er steypt saman. Á 5000 kr. skattskyldum tekjum hækkar skatturinn um 2 kr. Það er svo sem ekki þýðingarlítið að geta upplýst það, að hér hafi verið sagt ósatt um 2 kr. Í sambandi við sendisveinana vil ég benda hv. þm. á það, að það er misskilningur hjá honum, ef hann heldur, að sendisveinar hafi yfirleitt 3000 kr. skattskyldar tekjur. Það svarar venjulega til 6000 kr. launa ef maðurinn hefir fjölskyldu. Það er misskilningur, að sendisveinar hafi það kaup og að þeir hafi yfirleitt fjölskyldu.

Hv. þm. talaði um, að núv. stjórnarflokkar færu alltaf sömu leiðina. Ef tekjurnar brygðust, gripu þeir alltaf til þess ráðs að hækka skattana. Hann gekk framhjá því, sem ég hefi bent á, að hér er farinn meðalvegur. Útgjöldin eru færð niður um nokkrar milljónir, en hinsvegar er aflað nokkurra millj. kr. nýrra tekna. Þessu verða menn að muna eftir. Á fjárl. er skorið niður það, sem nálega nemur tekjurýrnun þeirri, sem gert hafði verið ráð fyrir á þessu ári, en nýjum útgjöldum er mætt með skattaálagningu. Ég get vel trúað því, að honum sé illa við 1. gr. frv., vegna þess að hún tekur það fram, að verja á þessum nýju skattaálögum til verklegra framkvæmda, til framlaga til atvinnuveganna og alþýðutrygginga. En þetta er sett inn í frv. til þess að taka af allan vafa um það, að þessir nýju skattar eru lagðir á til þess að mæta þessum fjárframlögum, en ekki til þess að mæta þeim fjárframlögum, sem nú þegar eru á fjárl. Til þess að mæta þeim útgjöldum var fært niður um 1 millj. kr. Það er því algerlega rangt hjá hv. þm., að þessar nýju skattálögur séu til

þess að borga embættislaun og annað slíkt, því þær eru einungis til þess að standast nýmælin. En ég get vel hugsað, að hv. þm. sé illa við þetta, vegna þess að það kemur ljóst fram, að hver sá, sem beitir sér gegn þessu frv., beitir sér um leið gegn því, að þau nýmæli verði framkvæmd, sem peningarnir eiga að renna til. Og hv. þm. þykir það slæmt, að málið skuli vera sett þannig upp, að ekki sé hægt að þyrla upp um það moldryki og segja, að þessar nýju skattaálögur fari í venjuleg útgjöld og eyðslu. Honum þykir eðlilega slæmt, að þetta vopn skuli vera slegið úr hendi hans. En þeir, sem greiða atkv. á móti 1. gr. frv., eru mótfallnir því, að þessum málum sé hrundið í framkvæmd, nema þá því aðeins, að þeir geti sýnt fram á lækkun á öðrum liðum fjárl. til þess að mæta þeim. Og sú skylda hvílir á andstæðingum þessa máls, því þá fyrst er hægt að rökræða þetta mál fram og aftur. En meðan hv. stjórnarandstæðingar gera ekki annað, eins og hv. 1. þm. Reykv., en að teygja út úr einstök atriði og gagnrýna þau, er ekki hægt að rökræða þetta mál. Sannleikurinn er vitanlega sá, að þeir hafa ekki trú á því sjálfir, að mönnum falli betur þeirra leið, ef sýnt er, hvernig hún er, og þess vegna taka þeir það ráð að snakka um það vítt og breitt, að þetta séu voðalegar álögur, sem bezt sé að vera laus við. En þeir benda bara ekki á, hvaða ráðstafanir þurfi að gera til þess að losna við þessar skattaálögur. Nei, sú skylda hvílir á hv. stjórnarandstæðingum að gera hreinlega grein fyrir sinni stefnu, og ef þeir ekki gera það, þá er það viðurkenning á því, að þeir hafa enga trú á því, að fólkið fallist á, að þeirra stefna sé réttari, ef sýnt er framan í hana eins og hún er. Það er náttúrlega vinsælt að segja: Við skulum ekki hafa neina skatta og við skulum styrkja landbúnaðinn og sjávarútveginn. — En þetta er bara fíflaskapur, ef ekki er jafnframt gerð grein fyrir því, hvar peningana á að taka. Ég vil þess vegna vænta þess, að næstu ræður hv. stjórnarandstæðinga snúist einmitt um það að leggja málið glöggt fyrir, svo að okkur syndugum mönnum gefist kostur á að sjá, hver hin eina rétta leið er í þessu máli, sem þeir eru alltaf að tala um. Hana höfum við ekki fengið að sjá. En ég sé nú, að hv. 1. þm. Skagf. er búinn að biðja um orðið, og hann hefir verið mjög órór undir þessari ræðu, svo ég þykist viss um, að hann ætlar sér nú að sýna fram á, hver hin eina rétta leið er.

Frsm. (Jón Baldvinsson): Þegar hv. 1. þm. Reykv. var að tala, datt mér í hug samtal milli tveggja bænda í ungdæmi mínu. Þeir voru að tala um nágranna sinn, eins og gerist og gengur, og sögðu: „Hann er ekki lyginn, hann Guðmundur á Eyri; hann er bara svona smáskreytinn, þegar það dettur í hann.“ Svipað er hægt að segja um hv. 1. þm. Reykv. Helztu reipin í ræðu hans voru smáskreytni, auk þess sem hann hafði buxnatölur og eina krónu til þess að fleyta sér á.

Hv. þm. var að tala um hroll í stjórnarflokkunum, en ef hrollur er í okkur, þá er áreiðanlega galsi í honum. Hann hefir út af vonbrigðum sínum verið að reyna að gera sér upp gleði, og úr því hefir orðið þessi galsi. Þeir finna ekki til mikillar gleði núna, sjálfstæðismenn og bændaflokksmenn; þeir hafa beðið og vonað meðan „sáttanefndin“ hefir starfað. (**MG:** Var það ekki ósáttanefnd?). Ef ég má ekki taka upp orð hv. 1. þm. Reykv. án þess að hv. 1. þm. Skagf. hneykslist, þá þykir mér nú orðið vandlifað.

Þá var hv. þm. að bera það á okkur í stjórnarflokkunum, að við værum tómir svikarar. Þar brauzt fram hið rétta hugarfar, sem undir niðri ríkir hjá sjálfstæðismönnum. Hann sagði sem sé, að Framsfl. og Alþfl. hefðu alltaf verið að svíkja síðan 1927. Þá lofuðu þeir öllu fögru fyrir kosningarnar, en sviku allt og hafa síðan alltaf verið að lofa og svíkja. En hvernig er þetta annars? Hvað hafa verið margar kosningar síðan 1927? Ég held, að þær hafi víst verið einar þrjár. Og hvernig í dauðanum stendur á því, að kjósendur í landinu hafa ekki rekið þessa svikara frá völdum og falið hinum ágætu sjálfstæðismönnum að fara með völd? (**MG:** Það var gert á tímabili). Já, hv. 1. þm. Skagf. er ánægður yfir því, að Framsóknarfl. lofaði honum að grípa í stjórnartaumana, aðeins til þess, að hann gleymdi ekki að sitja í stjórnarráðinu. En hvað skeði þá? Það, að Sjálfstfl. tapaði svo við það, hvað hann stýrði klaufalega þessi hv. þm. og fyrrv. ráðh., að hann fékk ekki þau völd, sem hann hafði vonazt eftir. Helzta afrekið frá þessu tímabili er það, að stofnuð var fjölmenn ríkislögregla, sem þó varð ekki eins fjölmenn og til var ætlazt, og svo gleymdist að borga henni. Það var eins og með síldarbraskarann, sem ekkert átti, þegar hann byrjaði, og tapaði á öllu síldveiðitímabilinu, svo að hásetarnir urðu að selja skipið fyrir kaupi sínu. Það var kannske einhverjum borgað úr ríkislögreglunni, en skuldin var skilin eftir um áramót í ríkissjóð, bætt við sem halla á fjárl. Það var þetta stjórnarfar, sem gerði það að verkum, að þjóðin var ekki fíkin í að fela sjálfstæðismönnum að fara með völdin í landinu. Og þess vegna er það, að þessum „svikurum“, sem hv. 1. þm. Reykv. var að tala um, hefir aukizt fylgi ár frá ári, eins og greinilegast kom í ljós við síðustu kosningar. Margir höfðu samt álitið, að Sjálfstæðisfl. hefði meira fylgi heldur en raun varð á, en það eru verk hans, sem hafa talað meðal þjóðarinnar, og þau hafa hvíslað því að kjósendum, að ekki væri ráðlegt að fela þeim að fara með völdin framar.

Í ræðu hv. 1. þm. Reykv. gegn þessu frv., sem hér er um að ræða, voru bókstaflega engin rök. Og hvers vegna? Vegna þess, að hann þorir ekki að svo stöddu að ganga á móti þeim málum, sem framkvæma á fyrir þessa tekjuöflun. Sjálfstæðismenn hafa enn ekki þorað að rísa upp gegn þessum málum, en mér þætti sennilegt, eftir framkomu flokksins fyrr og síðar, að ef hann réði, þá mundu þessi mál ekki komast í gegn. (**MJ:** Hvar eru peningarnir til trollaranna?). Mér heyrist nú, að sjálfstæðismenn hafi ekki tekið sterklega í það mál, og það er ekki auðvelt fyrir Alþfl. að koma fram málum, sem kannske Framsfl. og Sjálfstfl. eru á móti. Annars ætti þessi hv. þm. ekki að tala í glensi um þessi mál, því það er eitt af alvarlegustu málum okkar, hvernig við eigum að endurbyggja skipastólinn. Útgerðar-

menn hafa ekki verið þess megnugir á undanförnum árum, og enginn hefir lýst skipastólnum í landinu verr heldur en hv. þm. G.-K., sem í fyrra kallaði togarana okkar ryðkláfa. Hv. 1. þm. Reykv. ætti því ekki að hafa það að glensi hvernig fara eigi að því að endurbyggja togaraflotann; hann og hans flokkur stendur á móti því að það sé gert af því opinbera, þegar togaraeigendur eru ekki færir um að gera það.

Hv. 1. þm. Reykv. byrjaði ræðu sína með smáskreytni. Hann sagðist hafa farið fram á það í fjhn. að fá dálitinn frest til þess að athuga þetta stóra mál, en ekki fengið hann. Sannleikurinn er sá, að á þriðjudaginn var haldinn fundur í fjhn., að afloknum stuttum deildarfundi, og var þá málið tekið fyrir. Þá bað hv. þm. um frest, og ég sagði, að hann gæti fengið hann til kl. 5, til þess að hægt væri að útbýta málinu daginn eftir. En hv. þm. taldi sér ófullnægjandi að fá þennan 4—5 tíma frest, sem hann segist nú hafa beðið um og ekki fengið.

Þá var hv. þm. að tala um það, að það væri ekkert lýðræði, að flokkar, sem færu með stjórn, kæmu sér saman um mál og kæmu þeim þannig fram. Ég veit nú ekki betur en að svona gangi það til í öllum lýðræðislöndum, þar sem fleiri en einn flokkur fer með völd. Stjórnarflokkarnir koma sér saman um þau mál, sem eiga að ganga fram, og ef þeir hafa ekki atkvæðamagn til þess að koma þeim gegnum báðar d. þingsins, eins og stundum kemur fyrir, þá verða þeir að taka upp samninga við fleiri flokka. En ef stjórnarflokkar geta komið fram málum, þá semja þeir aðeins sín á milli um þau mál, sem þeir ætla að koma fram. Það er ekki þar fyrir, ég gæti vel hugsað mér þá leið, að þegar stjórnarflokkarnir væru búnir að koma sér niður á eitthvað, þá væru teknir upp samningar við andstöðuflokkana. En Sjálfstæðisfl. hefir ekki hagað sér þannig í samvinnu um mál, að mér finnist sérstök ástæða til að gera ráð fyrir því, að hann taki því á þinglegan hátt. Ég gæti bezt trúað því, að hann notaði sér það til þess að byrja „agitation" á móti þeim málum, sem þá væru í samningum milli flokka. Enda hefir Sjálfstæðisfl. gengið út úr samvinnu um ein allra mikilvægustu málin, sem fyrir liggja, svo það er síður en svo nokkurt brot á lýðræði, þó þeim flokki, sem þannig hagar sér, sé ekki boðin samvinna um mál. Þar að auki gat hv. þm. fengið þennan frest til þess að athuga málið, og ef hann að þeim tíma liðnum hefði komið með ærleg skilaboð frá Sjálfstfl. um það, að hann vildi um þessi mál fjalla, þá tel ég víst, að undir það hefði verið tekið.

Hv. 1. þm. Reykv. gerði sér, eins og vænta mátti, gott af kaffi- og sykurtollinum, sem felst í þessu frv., sem hér liggur fyrir. Það var um þetta eins og aðra smáskreytni hjá hv. þm., að hann gerði meira úr þessu 5% gjaldi, sem nú er gert ráð fyrir í frv., samanborið við þann gengisviðauka, sem létt var af kaffi og sykri í fyrra. 5% gjaldið er tæpir 4 aurar á kg. af kaffi, en gengisviðaukinn var 15 aurar á kg. Á strausykri yrði þetta gjald ¾ úr eyri á kg., en hér um bil 1 eyrir á kg. af höggnum sykri, en gengisviðaukinn var um 4 aurar á hverju kg. Það er því mikill munur á því, hvað þetta gjald er miklu minna heldur en gengisviðaukinn var. (MJ: Ég er nú hræddur um, að þessi reikningur sé ekki alveg nákvæmur).

Þá kom hv. 1. þm. Reykv. inn á vandræðin hér, og hann vildi ekki ganga inn á það, að við værum neitt snertir af því ástandi, sem í kringum okkur væri, það þyrfti a. m. k. ekki í raun og veru að koma við okkur. Mér finnst þetta vera nú nærri því stórskreytni hjá hv. þm., — því hvers vegna getum við ekki selt okkar vörur? Er það ekki af utanaðkomandi áhrifum? Það strandar allt á því, að þjóðirnar hafa girt sig með háum tollum eða þá algerðu innflutningsbanni. Og þessi vandræði eru því að kenna, að við erum ekki frjálsir að selja né kaupa þá vöru, sem við þurfum. Ef við getum ekki selt, þá höfum við ekki heldur peninga til að kaupa þær vörur, sem okkur vantar. Um allt þetta vildi hv. þm. kenna stríðinu; það var alveg eins og hv. 1. þm. Reykv. vildi kenna stjórnarflokkunum hér um stríðið milli Ítalíu og Abessiníu. Ég skil ekki, hvernig þessi hv. þm. hugsar, ef hann fær ekki séð, að það komi neitt við okkur, hve mikinn markað við höfum misst fyrir okkar afurðir. Við höfum misst helminginn af því, sem við áður höfum selt til Spánar, ¼ af markaðinum í Englandi, um helming af markaði okkar í Ítalíu o. s. frv. Sér þessi hv. þm. ekki eða skilur, hve mikinn hluta við höfum misst af sölu okkar til annara landa? Hv. þm. komst einu sinni svo að orði í ræðu sinni, að formælendur þessa máls, þ. e. ég og hæstv. fjmrh., hefðum sagt, að þetta væri lúxusskattur. Þetta er smáskreytni hjá hv. þm. Hæstv. fjmrh. er búinn að reka þetta ofan í hann fyrir sitt leyti. Ég vil gera hið sama og leyfi mér því að lesa upp þann kafla í ræðu þeirri, er ég flutti áðan, sem hv. þm. reynir að finna út úr orðið lúxusskattur.

„Athugandi er, að langmestar þær tekjur af innfluttum vörum, sem frv. gerir ráð fyrir, er sumpart á lúxusvörur eða ekki bráðnauðsynlegar vörur, en þó er á nokkrar nauðsynjar lagt gjald, en það er sáralágt."

Ég veit ekki, hvernig hv. þm. getur fundið það út úr orðum mínum, að ég hafi sagt, að gjald þetta væri lúxusskattur, því það hefi ég aldrei sagt.

Þá var það ein smáskreytni hjá hv. þm., að sendisveinar hefðu 3000—4000 kr. árslaun og kæmust því undir hátekjuskatt.

Þá kom hv. þm. að því, að þetta væri enginn stuðningur við framleiðendur, þó til þessa væri veitt fé. Það er nú svo, að hlutverk ríkisstj. og Alþingis er að veita stuðning þeim atvinnugreinum, sem líklegar eru til þess að verða þjóðinni að gagni og veita nokkrum hluta hennar lífsuppeldi. Þess vegna gera stjórnarflokkarnir tilraun til þess að flytja fé í slíkar atvinnugreinar eða þær framkvæmdir, sem létta byrðarnar og lífsbaráttu þeirra fátækustu. Má þar nefna t. d. nýbýlamálið, þar sem á að skapa atvinnu fyrir fólk, sem ekki kemst nú að í sveitinni og annars mundi flytja á mölina, en með þessu gefst kostur á að framleiða sér til lífsframdráttar. Er hér verið að ganga inn á brautir, sem verður að fara, hvort sem mönnum líkar betur eða verr. Eða þá alþýðutryggingarnar, sem ekki

eiga síður að létta lífsbaráttu fátæka fólksins. Að vísu er því gert að leggja nokkuð fram á móti, en það er verið að skapa því öryggi um afkomumöguleika.

Ég skil það ósköp vel, að þessi mál o. fl., sem nú eru borin fram, eru þyrnir í augum sjálfstæðismanna og þar með hv. 1. þm. Reykv. Og það er þess vegna, sem bræðin brýzt út og veldur ósæmilegum málflutningi og smáskreytni, eins og varð hjá hv. 1. þm. Reykv. Það er vonzka yfir því, að stjórnarflokkarnir eru að koma fram þessum málum til bjargar þjóðinni.

Ég skil vel, að sjálfstæðismenn langi til að vera á móti þessum málum. Þeir hafa sýnt það í verkinu, þegar þeir hafa átt kost á að ráða málum, að þeir eru á móti málum eins og alþýðutryggingum og nýbýlum, sem skapa alþýðustéttinni betri kjör, og það er þessi mótstaða þeirra, sem hefir gert það að verkum, að þeir fengu ekki völdin hjá þjóðinni við síðustu kosningar, eins og þeir sárvonuðust þó eftir, og þeir hefðu áreiðanlega fengið, ef það væri rétt hjá hv. 1. þm. Reykv., sem hann sagði, að stjórnarflokkarnir hefðu verið að svíkja síðan 1927. En það er af því, að það hafa þeir ekki gert. Þeir hafa haldið loforð sín, og fara þess vegna nú með völdin í landinu.

Magnús Guðmundsson: Hæstv. fjmrh. beindi til mín nokkrum orðum í ræðu sinni í dag, þar sem hann var að segja frá því, hvað okkur hefði farið á milli, mér og honum, í eldhúsumr. í fyrra. En af því frásögn hans var ekki alveg rétt, verð ég að leiðrétta hann nokkuð. Hann hélt því fram, ekki einungis í eldhúsumr., heldur alltaf á því þingi, að hann áætlaði gjöldin þá í fyrsta sinn eins og þau mundu verða; því væri það alveg rangt af okkur að finna fjárl.frv. það til foráttu, að það væri hátt. Ég svaraði honum því, að það væri ekki í fyrsta sinn, sem þetta væri reynt, og það er satt. Það hefir jafnan verið regla allra fjmrh. að halda því fram, að tekjurnar væru áætlaðar svo gætilega og gjöldin svo hátt, að allt mundi standast, en fyrir öllum þeim 9 fjmrh., sem ég hefi verið samtíða á þingi, hefir farið svo, að áætlun þeira hefir ekki staðizt, og því sagði ég, að það væri barnaskapur, að nú væri fremur en áður fenginn ábyggileg fjárl. Hæstv. ráðh. þótti þetta ósvífni af mér, en nú verður hann þó að viðurkenna, að áætlanir hans hafa ekki staðizt. Ég er ekki að ásaka hann fyrir þetta; það sér enginn heilt ár fram í tímann. En ég ásaka hann fyrir þann gorgeir, er hann sýndi þá með því að þykjast vitrari en allir aðrir.

Það er alveg rétt hjá honum, að fjvn. hefir nú fært allmikið upp áætlun fjárl., en þrátt fyrir það, þó gjöldin séu nú áætluð svo há sem fært er, þá er ég ekki í neinum vafa um það, að greiðslurnar muni fara fram úr þeirri áætlun. Það getur vel verið, að hæstv. fjmrh. haldi því enn fram, að nú séu gjöldin áætluð rétt, en ég er viss um, að sá spádómur hans rætist ekki. Fjárl. nú munu ekki reynast réttari en þau reyndust á yfirstandandi ári. Hann sagði, að Framsfl. væri sá eini flokkur, sem vildi hafa hagstæðan greiðslujöfnuð við útlönd, og þess vegna hefði sá flokkur barizt fyrir innflutningshöftum. Ég vil minna hann á það, að ég varð fyrstur manna hér á þingi til þess að bera fram frv. um að takmarka innflutninginn. Það frv. var samþ. á þinginu 1920, og giltu þau l. til ársins 1933. Sannleikurinn er sá, að engum dettur í hug, að það geti blessazt til lengdar, að halli sé á viðskiptunum við útlönd, en um hitt hefir ágreiningurinn staðið, á hvern hátt koma ætti í veg fyrir þann halla. Hæstv. ráðh. fór alveg rangt með í þessu efni. Hann sagði, að þegar Framsfl. væri búinn að berjast fyrir einhverju máli í mörg ár, þá færi oftast svo, að hinir flokkarnir féllust á hans málstað að lokum. En hann verður bara að finna eitthvert annað dæmi en þetta, ef hann ætlar að sanna þá fullyrðingu. (**Fjmrh.**: Ég geri mig ánægðan með þetta dæmi og mun endurtaka það). Hæstv. ráðh. getur það ekki. Þingtíðindin frá 1920 sýna sig. Þau sanna, að ég hefi fengið samþ. l. um að takmarka innflutning, og hefi ég þó aldrei verið í Framsfl. Og ef hann heldur samt áfram að nota þetta sönnunargagn, þá má hann það; ég öfunda hann ekki af því. Annars ætla ég ekki að fara langt út í þetta atriði, það er hv. 1. þm. Reykv., sem hér stendur fyrir svörum fyrir hönd sjálfstfl., og ég þarf ekki að hjálpa honum, en af því það stendur í aths. hæstv. ráðh. við þetta frv., að tekjunum sé ætlað að mæta gjöldum, sem nefnd eru hér á bls. 5 og eru kartöfluverðlaun, skuldaskilasjóður vélbátaeigenda, til iðnlánasjóðs, ofviðristjónið og ýmislegt fleira, þá vil ég geta þess, að þetta er ekki rétt, því fjvn. hefir einmitt unnið að því að lækka gjöld fjárl. til þess að hægt sé að mæta þessum liðum. Það, sem vantar nýjar tekjur fyrir, er því aðeins tvennt, en það er Alþýðutryggingarnar og nýbýlamálið, ef þau frv. eiga fram að ganga. Stjórnin veit það vel, og var það strax ljóst eftir að hún fékk skýrslur frá hæstv. ráðh., að það þurfti að afla tekna vegna þeirra liða, sem nefndir eru í grg. þessa frv., og hún hefir fyrir löngu tekið upp það ráð, að lækka ýms útgjöld fyrir þeim. Ég vissi ekkert um það fyrr en ég las það í blöðum stj., að von væri á frv. um nýja tekjuauka og ný gjöld önnur en þau, sem leitt gat af nokkrum frv., sem liggja fyrir þinginu og óvíst var um, hvort næðu fram að ganga. Fjvn. hefir setið með sveittan skallann við að reyna að lækka útgjöld ríkisins á meðan stjórnarflokkarnir hafa verið að gera samninga um nýjar álögur og ný gjöld. Ég ætla, að það sé nokkurn veginn rétt hjá hæstv. ráðh., að fjvn. hafi nú lækkað fjárl. um eina millj. kr., og móti þeirri lækkun ætlaði hún að taka flesta þá gjaldaliði inn í fjárl., sem nefndir eru í grg. þessa frv. Hér er því á ferðinni hrein og bein svikamylla gegn fjvn., a. m. k. minnihl. hennar, því við hana hefir aldrei verið talað um nýja tekjustofna nema e. t. v. benzínskatt, sem nú er sagt, að eigi líka að koma, og á það að vera helmingshækkun á þeim skatti, sem nú gildir, en út í það ætla ég ekki að fara hér.

Þá var hæstv. ráðh. að segja, að við sjálfstæðismenn mundum hvorki þora að vera með eða móti frv. um alþýðutryggingarnar og um nýbýlin, af því það væru svo góð mál. Ég ætla nú

að segja honum það hreinskilnislega, að jafnvel þó *þetta séu góð mál, þá sé ég ekki*, að landsmenn hafi ráð á því, eins og nú standa sakir, að taka á sig nýja bagga þeirra vegna. Það er öllum ljóst, að allar tekjur í ríkissjóðinn hljóta að koma eingöngu frá framleiðendunum. Annarsstaðar frá geta þær ekki komið. Það er ekki nóg að segja, að þetta séu nauðsynleg mál; það þarf líka að vera hægt að framkvæma þau, ef þau eru samþ., og það þarf að athuga, hvort ekki er slegið meira í stykki með því að framkvæma heldur en að láta það vera. Margar þjóðir hafa eyðilagt fjárhag sinn með því að færast það í fang, sem geta þeirra hefir ekki þolað, og margir efnilegir bændur hafa sett sig á höfuðið með því að framkvæma meira en þeir voru menn fyrir. Það þarf að vera hóf í því eins og hverjum öðrum hlut. Það er líka auðséð, að jafnvel *stjórnarflokkunum sjálfum er farið að ofbjóða*; ég ræð það af því, að jafnaðarmennirnir í fjvn. hafa gengið inn á að lækka framlagið til verkamannabústaða um 70 þús. kr., og framsóknarmenn hafa fallizt á að lækka framlagið til byggingar- og landnámssjóðs. Og þetta hvorttveggja eru mál, sem þessir flokkar hafa barizt fyrir. Ég viðurkenni, að alþýðutryggingarnar og nýbýlin eru vissulega nauðsynjamál, en það er bara ekki hægt að gera allt í einu. Og svo vil ég spyrja hv. stjórnarflokka, hvað þeir ætli til bragðs að taka eftir eitt ár. Frv. það, sem hér liggur fyrir, á aðeins að gilda eitt ár. Alþfl.-mennirnir segjast vera óánægðir með það, því það sé kominn í það óhreinn andi frá framsóknarmönnum, og framsóknarmenn segjast líka vera óánægðir, því illur andi frá jafnaðarmönnum *sé kominn í frv. En móti þessu bráðabirgðatekjufrv.* á svo að samþ. frv., sem hafa í för með sér varanleg útgjöld, hver veit hve lengi. Hvaða tekjur ætla þessir flokkar sér að útvega næst móti þeim gjöldum? Það væri æskilegt að heyra. Jafnaðarmaður, sem stendur framarlega í sínum flokki, sagði við mig í gærkvöldi, að hann gæti ekki hugsað til, að þetta frv. gilti nema fyrir næsta ár, og mér skildist það á hv. 4. landsk., að kaffi- og sykurtollurinn væri ekki hugsaður nema til allra stytztu bráðabirgða. Hvað hugsa þeir sér á næsta ári? Væntanlega dettur þeim ekki í hug, að hægt sé að komast hjá því, að semja fjárl. fyrir árið 1937. Ég vona, að þeir hv. þm., sem hafa tekið að sér að verja þessi mál, svari því, hvar á að taka tekjur framvegis upp í þessi nýju gjöld. Það lítur ekki út fyrir, að þetta frv. eigi að gilda til langframa, en með hverju á að borga? Svo heyrði ég ekki betur en að hæstv. fjmrh. væri að tala um tekjurýrnun á árinu 1936 frá því, sem er á yfirstandandi ári. Það eru ekki beinlínis meðmæli með því að skapa ríkissjóði ný varanleg útgjöld. Hæstv. fjmrh. *veit, að fjvn. er búin að búa til áætlun* um tekjuliði fjárl., og það voru ekki nema örfáir liðir, sem hann gerði aths. um, að væru of háir. Ég gat ekki fundið annað en fjvn. áætlaði tekjurnar mjög varlega, og get ekki búizt við, að sú áætlun svíki, nema óvenjuleg óhöpp komi fyrir.

Það væri dálítið freistandi að tala um lýðræðishliðina á þessu máli, sem hæstv. ráðh. var að minnast á. Það væri kannske ekki fráleitt að minna hann á það, að ekki helmingur kjósenda í landinu stendur að baki þessu frv., nema telja eigi með nasista og kommúnista. En að baki andstöðuflokkum stj. stendur talsvert stærri hópur kjósenda en stjórnarflokkarnir hafa, og svo má bæta því við, að bæði hæstv. ráðh. og hv. 4. landsk. hafa lýst því yfir, að þeir væru óánægðir með frv. Ef þeirra flokkar væru ekki bundnir meirihlutasamþykkt, sem gerð hefir verið bak við tjöldin, þá mundi þetta frv. eflaust falla, en vegna meirihlutasamþykktar standa þeir nú saman að öllum ákvæðunum, sem þeir eru þó allir að einhverju leyti óánægðir með. Þar fyrir utan eru svo 20 sjálfstæðismenn, sem ég geri ráð fyrir, að allir séu móti frv.

Þá var hv. 4. landsk. að hreyta til mín ónotum út af slæmu stjórnarfari á árunum frá 1932 til 1934. Ég hirði ekki um að svara honum, þar sem hann er ekki viðstaddur, en ég get bent á það, að árið 1933, sem var eina heila árið á því tímabili, sem ég var nú síðast í stjórn, sker sig alveg úr hvað snertir rekstrarreikning ríkissjóðs, því þegar hann kom, var hann hagstæðari fyrir ríkissjóð heldur en fjárlög þess árs eins og Alþingi lagði þau í hendur stj. M. ö. o. það var minni rekstrarhalli á reikningnum heldur en tekjuhalli fjárl.

Ég ætla svo ekki að fara hér um fleiri orðum, og líklega tek ég ekki aftur til máls við þessa umr., þar sem ég þarf að sitja á fundi fjvn. það sem eftir er í kvöld.

Magnús Jónsson [óyfirl.]: Það er í raun og veru ákaflega lítið, sem ég þarf að segja, þó ég kunni betur við að kveðja mér hljóðs, af því hæstv. ráðh. og hv. 4. landsk. eru báðir búnir að svara mér, en sannleikurinn er sá, að ekkert nýtt kom fram í ræðum þeirra, sem ekki hafði verið í þeirra frumræðum. Auk þess hefir hv. 1. þm. Skagf. svarað þeim rækilega, einkum hæstv. fjmrh., svo ég býst ekki við að bæta miklu við.

Hæstv. ráðh. vildi alveg mótmæla því, sem ég sagði, að það væri einræðisblær á framkomu stjórnarflokkanna í þessu máli, og vitnaði í önnur lönd, þar sem flokkar kæmu sér saman um afgreiðslu mála. Mér kemur ekki til hugar að átelja það, þó stjórnin leitaði samkomulags, ekki aðeins við sína stuðningsmenn, heldur meira að segja við þm. annara flokka, um framgang góðra mála, eins og gerðist í Danmörku þegar kreppulöggjöfin var þar sett með samvinnu allra flokka. Slíkt er ekki nema eðlilegt. En það, sem hér ber einræðisblæ, eru vinnuaðferðir stjórnarflokkanna, þessi sérstaklega lýðræðislega framkoma, sem lýsir sér í því, að hæstv. ráðh. og hv. 4. landsk. skirrast ekki við að lýsa því yfir við 1. umr. máls, að þetta og þetta verði *nú samþ. í þinginu, sem væri bara nefnt í grg.* og ætti að ganga fram, en ætti ekki að sjást í frv. Og þeir ættu sóma síns vegna að leggja niður að tala um lýðræði, því mál þetta er samið af nefnd og samþ. innan stjórnarflokkanna, vegna þess að þeim er sagt að samþ. það. Það er nákvæmlega sami blærinn og hjá Hitler, sem kveður saman þing til að hlusta á eina ræðu, og sendir þm. síðan heim.

Hv. 1. þm. Skagf. hefir bent á, hve sterkir stjórnarflokkarnir eru þarna á svellinu. Þeir hafa látið heita svo, að þeir hefðu meiri hl. kjósenda á bak við sig í landinu, en það er nú bara ekki svo; þeir sitja í stjórn með minni hluta kjósenda að baki. Það er þess vegna ákaflega óviðfelldið, að þeir skuli ganga framhjá Sjálfstfl., sem hefir eins marga kjósendur og báðir þessir flokkar til samans. (**JBald**: Ekki er það rétt). Jæja, það minnir mig samt. Að þeir skuli hafa gengið framhjá honum, þar sem hann hefir alls ekki sýnt það í starfi sínu t. d. í fjvn. eða öðru, sem gæfi stjórnarflokkunum neitt tilefni til slíkrar framkomu. Náttúrlega verður ríkisstj. að grípa til sinna ráða, ef nauðsyn krefur, eða hún getur ekki tekið tillit til annara flokka, en það er ekkert tapað við að gefa andstöðuflokkum kost á að fylgjast með.

Ég skal lofa hæstv. fjmrh. að vera montnum af sinni haftastefnu; e. t. v. hefir það mistekizt mest allra mála. Ég held nærri því mér sé óhætt að fullyrða, að síðan ég kom fyrst á þing, þá hafi ég varla nokkru sinni séð takast svo óhöndulega um nokkra framkvæmd. Það hafa verið sett ný og ný lög og reglugerðir um ný og ný höft, og nú þykjast þessir menn geta sagt, að nú séu þeir búnir að sigra, og mér skildist hæstv. ráðh. meina það, að þessi stefna væri svo sigurvænleg, að aðrar þjóðir væru búnar að taka hana upp eftir okkur.

Ég vil í þessu sambandi minna á, að það er náttúrlega allt annað að standa á móti stefnu eða standa eins og eintrjáningur eða glópur, sem ekki sér, hvað er að gerast í kringum okkur. Það hefir verið lýst hér samþ. verzlunarþingsins. Ég held, að hún sé ekkert annað en heilbrigð játning þess, að við verðum nauðugir viljugir að dansa með. En það er nú dálítið annað, að dansa með eða byrja á að espa upp á móti okkur viðskiptaþjóðir okkar; við sem erum sú þjóð, er mest allra þjóða eigum undir utanríkisverzlun, og þess vegna þurfum allra þjóða helzt að njóta frjálsrar verzlunar og eigum því sízt að ganga á undan með höft.

Það er einnig af öðrum ástæðum, sem samþ. var gerð á verzlunarþinginu og ég hélt, að aðaláherzlan hefði verið lögð á, eftir því, sem fram hefir komið í blöðum. Það hefir sem sé komið fram megn grunur um, að beitt sé hlutdrægni við úthlutun innflutningsleyfanna. Það er eðlilegt, ef kaupmenn sjá hlutdrægni í þessum úthlutunum, að þeir segi, að höftin séu til lítils, ef önnur verzlunarstefna fær innflutningsleyfi eftir vild.

Ég skal ekkert um dæma, hvort svo hefir verið, en mér virðist, eftir ræðu hæstv. fjmrh., að ef hann réði úthlutuninni, þá væri hann hlutdrægur, eða ég get ekki annað fengið út úr orðum hans um, að samvinnufélögin ættu að fá sín leyfi eftir þörfum, en um hitt gerði hreint ekkert til. Auðvitað álítur sá maður, sem þannig talar, að innflutningurinn eigi ekki að vera annað en brennivín og tóbak, sem ríkið þarf að græða á, og svo til uppáhalds Framsfl., samvinnufélaganna. Það fer því að verða skiljanlegt, að nefnd sú, sem starfar í jafnnánu samstarfi við fjmrh. og innflutningsnefnd gerir, hafi dálitla tilhneigingu til þess að vera ekki sem réttlátust.

Þegar hæstv. ráðh. talar um árangur innflutningshaftanna, þá talar hann um, hvað innflutningurinn hafi hækkað frá næsta ári á undan, en ekki hvort innflutn. haldi í horfinu við það, sem var áætlað; en það er einmitt það, sem maður þarf að vita. Samanburður milli ára er algerlega gagnslaus og óábyggilegur, enda kemur ekki við neinum höftum, því hann hækkar eða lækkar eftir árferði; það er fjölda margt, sem kemur þar inn í, þó engin höft komi til greina, t. d. fallandi verðlag innlendra afurða o. s. frv. Þá eru það sviknir útreikningar, sem gefnir eru fyrir þetta ár; t. d. er Sogið alltaf dregið frá. Ég veit ekki, hvaða sérstöðu það hefir í innflutningnum. Það mætti alveg eins taka eitthvað, t. d. byggingarefni til Rvíkur eða eitthvað annað, og segja svo, að innflutningurinn sé þetta mikill að frádregnu því.

Sogsvirkjunin er ekki annað en stórbrotin framkvæmd, eins og stöðugt er verið að vinna að á hverju ári alstaðar, þar sem þjóðirnar eru ekki dauðar úr öllum æðum.

Auðvitað á að reikna innflutning til Sogsins með, þó til virkjunarinnar hafi verið tekið erlent lán og gjaldeyririnn sé því nú í svipinn utanlands.

Þ. e. annar samanburður, sem hæstv. fjmrh. á að hafa, og þ. e. samanburður á því plani, sem hann og form. gjaldeyrisnefndar gerði í byrjun ársins. Ég hefi nú ekki fundið þessar greinar, en ég man ekki betur en formaðurinn gerði ráð fyrir, eftir áætluðum útflutningi, að ekki mætti flytja inn meira en fyrir 32 millj. En nú lítur út fyrir, að hann verði 45—46 millj. kr., og ekki kæmi mér á óvart, þó upphæðin yrði nokkru hærri, þegar gefnar verða út verzlunarskýrslur fyrir árið 1935.

Þetta kalla ég, að framkvæmd innflutningshaftanna hafi brotnað niður.

Þá var hæstv. ráðh. að tala um, að útflutningurinn hefði brugðizt. Það kemur þessu máli ekkert við, en það er nú svo gott að vita, að hann verður heldur meiri en gert var ráð fyrir í áætluninni. Það er vitanlega gott að áætla varlega, en það er ekki yfir miklu að gorta, ef langt fer fram úr áætlun. Hæstv. fjmrh. hefir nú fengið tvær kennslustundir í lífsreynslu. Honum hafa brugðizt vonir um að koma á greiðslujöfnuði fyrir næstu áramót, þó að hann þræti nú fyrir að hafa haft þessi orð í fyrra, því það getur vel verið, að því hafi verið breytt. Ég spurði hann þá ákveðið um þetta, og tók hann einmitt sérstaklega fram, að minni spurningu væri auðvelt að svara, að það mundi verða um næstu áramót. Ég er ekki að segja, að þetta séu nein ósköp, að geta ekki við þetta staðið, en mér þykir undarlegt að geta ekki við þetta kannazt, þó honum tækist ekki að hefta gang lífsins.

Hin kennslustundin, sem hæstv. ráðh. hefir fengið, er sú, að honum hefir ekki tekizt að búa til fjárl., sem stóðust, en það leit út fyrir við útvarpsumr. hér í fyrra, að hæstv. fjmrh. væri ákaflega fastur á því, að sér mundi takast það. Og hann varð þá feikilega hneykslaður, af því að ég sagði í stuttri ræðu, sem ég flutti

þá, að ég væri ekki trúaður á, að þessar áætlanir hans stæðust. Ég hafði borið saman fjárl. og LR. undanfarinna ára, og leyfði mér því að halda þessu fram. Við sjálfstæðismenn sögðum þá, eins og sjá má í grg. eða nál. minni hl. fjvn., að fjöldi liða mundi fara fram úr áætlun. Nú verður hæstv. ráðh. að játa, að þetta hefir sannazt, sem við héldum þá fram, og útgjöldin í fjárl. fara fram úr áætlun.

Hæstv. ráðh. leyfði sér að segja, að Framsfl. væri fylgjandi því, að verzlunin væri sem mest í höndum samvinnufélaga, en ekki ríkis, og að þeir væru móti viðtækri ríkisverzlun. Það var gott að fá þessa játningu skjallega, og þykir mér vænt um, að hún skuli nú koma í þingtíð. eftir okkur báðum. En þetta sannar ekkert annað en það, að Framsfl. hefir verið kúskaður af samstarfsflokki sínum til að fylgja ríkiseinkasölum. Ég vil því gjarnan, að þetta sé staðfest eftir okkur báðum, og getur vel verið, að hann verði minntur á þetta síðar, þessa játningu, sem hann hefir gert.

Ég skal ekki fara út í samanburð hæstv. ráðh. um skattstigann, en það er eins og hann haldi, að skatturinn hækki aldrei, þrátt fyrir hverja hækkunina á fætur annari, en hann játaði, að hækkunin byrjaði undir eins og komið væri yfir 2 þús. kr. skattskyldar tekjur, enda sér það hver heilvita maður, þar sem grunnskatturinn er sá sami, 30 kr., en í stað 4% af afgangi, sem áður var, koma nú 5%. Svo verð ég að segja, að það er dálítið einkennilegt að bera alltaf saman gamla skattinn að viðbættum 10% viðaukaskatti, sem var settur með sérstökum lögum. En ef skattalögin sjálf eru borin saman, er munurinn alveg geysilegur, hvað eldri skattstiginn er lægri.

Hæstv. ráðh. sagðist vera hissa á því, að mér væri illa við 1. gr. frv. Mér er ekkert illa við þessa grein, en mér þykir hún nauðaómerkileg, að vera að telja upp, til hvers eigi að nota þetta fé. Það er alveg eins og þegar menn eru beðnir um að kaupa hitt eða þetta í kaupstað; margir kvabba, og maðurinn lætur peningana sitt í hvert hólf í buddunni, til þess að þeir ruglist ekki saman. Stj. getur haldið þessu áfram; það má alveg eins taka jarðræktarstyrkinn út úr og segja, að þessir peningar eigi að ganga til hans, til að gera þessa peninga vinsæla.

Þetta er ekkert nema heimska. Vitanlega ganga þessir skattar eins og aðrir í hinn sameiginlega sjóð, ríkiskassann, og eru greiddir þaðan aftur.

Ég verð að segja, að mér finnst það einkennilegt, þegar hæstv. ráðh. segir, að þessir peningar eigi ekki að fara til venjulegrar eyðslu. Hvað er eyðsla? Hvað er það í fjárl., sem er eyðsla sérstaklega fram yfir annað? Ég veit ekki betur en allir útgjaldaliðir fjárl. séu eyðsla. En hver er sá liður, sem hæstv. ráðh. þykir svo mikil skömm að, að hann kallar það eyðslu? Því sker hann ekki niður slíka eyðsluliði? Er það berklavarnastyrkurinn, styrkur til atvinnubóta eða jarðræktarstyrkurinn, eða er það styrkur til Búnaðarfél. Íslands, Fiskifél., eða hver er þessi óþarfi, sem hæstv. ráðh. finnst, að sé sérstök eyðsla og þessir peningar megi því ekki fara í? Ég býst við, að þessi útgjöld séu jafnheilög og aðrir liðir, og ekkert þar fram yfir.

Hv. 4. landsk. þarf ég ennþá minnu að svara en hæstv. ráðh. Hann byrjaði á að atyrða einhvern látinn merkismann, fyrir austan eða vestan. Ég held, að hann hafi nefnt hann Guðmund, eða eitthvað svoleiðis, og þessum manni hefði verið ákaflega gjarnt til að skrökva. Ég veit ekki, hvað hann hefir meint með þessari sögu, en hann fékk svo mikla ást á þessum skröksögum, að ræða hans snerist mest um eitthvert skrök. Ég tek þetta satt að segja ekkert nærri mér, á meðan hann hefir ekki sannað eða sýnt fram á, að ég hafi farið með ósannindi, þó að hann með góðlátlegu brosi sínu sé að draga einhvern látinn utanþingsmann hér inn í umr. Það kemur mér ekki við.

Hann var að tala um, að það hefði verið gleði í mér yfir þessum umr. Það er fjarri því, að í mér sé nokkur gleði; hitt getur verið, að ég hafi látið einhver orð falla hér í beiskju, og hlegið í beiskju, því það hendir margan engu síður. Ég þekki ákaflega marga menn, og ekki sízt úr embættismannahóp, og ég veit ekki betur en margir þeirra, þó þeir hafi 6—8 þús. kr. í árslaun, eigi ákaflega erfitt með að láta endana ná saman. Og það er skiljanlegt, því þeir verða að svara meiru í sköttum, og það er ætlazt til meira af þeim. Þetta veit hv. 4. landsk. ósköp vel. Hann er bankastjóri, og það er ætlazt til þess af honum, að hann gefi 50 kr. í þessi samskot o. s. frv. Reynsla mín er því sú, að þessir menn, sem hafa hærri tekjur, verða að svara meiri kröfum, og þeir, sem ég þekki, allir með tölu, eiga mjög erfitt með að láta endana mætast. Það er hægt að ganga hér út um sveitir landsins og segja, að þetta séu hátekjumenn, og af þeim þurfi að taka skatta, fyrir þá, sem vilja leggja sig niður við slíkan rógburð. Ég lítilsvirði þá menn, sem gera þetta. En við hv. 4. landsk. vitum það báðir ósköp vel, að það er alveg satt, að í erfiðleikum eiga þessir menn margir hverjir, og þá safna þeir skuldum og taka lán til að greiða opinber gjöld; þessar skuldir smáhækka svo, og ég þekki fjölda slíkra manna, sem ekki greiða sín opinberu gjöld með öðrum hætti. — Þetta eru nú hátekjumennirnir, sem heilir flokkar lifa á að fara út um sveitir landsins og segja, að séu hátekjumenn, sem megi og geti greitt háa skatta.

Ég verð að segja, að þessir flokkar eiga skilið að súpa í botn. Það hafa margar kosningar farið fram síðan þessir flokkar tóku við völdum, sagði hv. 4. landsk., og það er dálítið einkennilegt, að kjósendur skuli fela þeim völdin hvað eftir annað. En sannleikurinn er sá, að það er hægt að afla kjósendafylgis á tvennan hátt. Það er hægt með því að fylgja fram góðum málum, og það er hægt með agitation, með því að tala svo, að gangi í fólkið, og það getur vel verið, að þessir flokkar séu lagnir á það. En það vill nú svo vel til, að Íslendingar eru ekki mjög ginnkeyptir fyrir þessum flokkum. Þeir sitja nú við stjórn með færri atkvæðum samanlagt en Sjálfstfl. einn. Það má heita, að Sjálfstfl. hafi haldið í horfinu með atkvæðamagn; ekki gengur nú skrumið betur en þetta í þjóðina.

Hv. 4. landsk. var dálítið að gotta sér yfir því, að útgerðarmönnum væri um megn að endurnýja togaraflotann. Þetta er sorglegur sannleikur. En heldur hv. 4. landsk., að sú rétta leið til að gera þetta fært sé að hækka skattana? Heldur hann, að þeim skapizt möguleikar við það að hækka tekjuskattinn og tolla á nauðsynjum? Nei, það er ekki leiðin. Ég hélt einmitt, að þessi sorglega reynsla, sem allir eru farnir að játa, — líka þeir, sem héldu því fram, að á togurunum græddist stórfé, ekki þyrfti annað en eignast togara, þá græddu menn voðalega, — ég hélt, að reynslan um tap útgerðarinnar hefði sýnt mönnum fram á, að takmörk eru fyrir því, hvað leggja má háa skatta á framleiðsluna.

Ég ætla ekki að fara út í skálda- og ímyndunarflug hv. þm., eins og það, að ég hefði sagt, að Íslendingar hefðu orsakað stríð milli Ítalíu og Abessiníu. Ég hefi náttúrlega aldrei sagt neitt í þá átt.

Eins og hv. 1. þm. Skagf. hefir réttilega tekið fram, þá er ekki nóg að segja og vitna í, að málin séu þörf og góð; þau verða ekki framkvæmd af engu. Ég treysti mér vel til að bera fram hér á Alþingi dag eftir dag, a. m. k. í heila viku, mál, sem tvímælalaust eru góð mál. Það er enginn vandi í landi, þar sem lítið hefir verið gert, en þessi mál kosta kannske 200—300 þús. kr. hvert. Hvernig væri t. d. að bera fram frv. um nýja vegi, brýr, nýjar hafnir og nýja radiovita? Eins og þetta sé ekki allt þarft og gott, og margt, ótalmargt fleira.

Hv. þm. ætlaði að verða svarafátt, jafnþaulvönum ræðumanni og hann er, það stóð í honum að svara, þegar ég spurði hann, hvernig á því hefði staðið, að ekki hefði verið tekið inn í þetta samkomulag stjórnarflokkanna og nýju málaskrá fjárveiting til að byggja nýja togara. Um þetta hefir hans flokkur borið fram frv., sem vitanlega á að hampa framan í kjósendur. Hann svaraði á þá leið, að einhversstaðar yrði að nema staðar, þar sem smáágreiningur væri milli flokka, og það er einmitt þetta, sem höfuðágreiningurinn er um, hvar á að nema staðar. —

Það eru ósannindi, að ég eða nokkur úr minum flokki hafi sagt, að tryggingafrv. t. d. væri ógagnlegt. Ég hygg, að það hafi tekizt að mörgu leyti vonum framar með samningu þess frv. En það er ekki hægt að neita því, að það þarf mikla peninga til þess að koma því í framkvæmd. Og ég álít, að ekki sé tími til þess að fara að grípa inn í einmitt nú, þegar sérstök nauðsyn er að halda sem sparlegast á öllu, með framkvæmdir, sem orðið hafa að bíða svo lengi. Nei, þær verða að bíða enn, og það verður bezt fyrir þá sjálfa, sem þeirra eiga að njóta. Hvað stoðar þá að fá tryggingalöggjöf, ef atvinnuvegirnir sligast? Hvað yrði lengi hægt að halda tryggingunum uppi, ef atvinnuvegirnir halda áfram að dragast saman? Hvað mundi endast lengi gjaldþol hinna svokölluðu hátekjumanna, sem draga fram lífið á 6 til 7 þús. kr. á ári, handa öllum þeim sæg, sem tryggingarnar eiga að ná til? Stefnumunurinn liggur ekki í því, hvort menn álíta þessi mál þörf, heldur greinir á um það, hvað hratt er óhætt að halda áfram. Stjórnarflokkarnir halda fram, að það sé hægt að halda svo og svo hratt áfram. Hvenær sem kemur í ljós, að skattar eru orðnir svo háir, að þeir hætta að koma inn, þá halda þeir, að ekki þurfi annað en bæta ennþá ofan á nýjum sköttum. Þetta er stefna, sem bæði hv. 4. landsk. og hæstv. fjmrh. vita, að ekki er hægt að halda lengi án þess að allt nemi staðar. En þeim virðist mikið í mun að fleyta sér yfir nokkra mánuði án þess á því beri, að allt er stopp. Þess vegna bera þeir fram þetta frv., sem m. a. er svo fáránlega úr garði gert, eins og hv. 1. þm. Skagf. hefir einnig bent á, að það á að afla tekna til eins árs handa fyrirtækjum, sem eiga að starfa og þurfa á fé að halda áfram. Hvað á að ske á þessu eina ári? Kannske þeir hafi von um að fara frá völdum á þessu ári og telji, að þá séu hinir skrattarnir ekki of góðir til þess að taka við öllu í feninu. (**JBald**: Þeir fást víst ekki til þess!). Fást ekki til þess, já. Ég verð nú að segja, að hver flokkur er skyldur til að taka við völdum, ef honum er falið það af kjósendum. En persónulega fyndist mér núv. stjórnarflokkar réttir til að hafa völdin áfram, úr því sem komið er. (**JBald**: Þá er bezt að styðja þá til þess). Draga sjálfir ályktanir af því, sem þeir hafa áður gert, og horfa á, þegar afleiðingarnar af þeirra stjórnmálastefnu fara að koma alvarlega í ljós. Hitt er annað mál, að slíkur hugsunarháttur er ekki réttur, því mönnum ber vitanlega að hugsa meira um þjóðfélagið heldur en stjórnarherrana, þó freistandi væri að sjá þá horfa upp á þær rústir, sem þeir sjálfir hafa skapað.

Ég get svo látið máli minu lokið, og býst ekki við að hafa ástæðu til að tala meira um þetta mál. Það er aðeins eitt atriði í ræðu hæstv. fjmrh., sem mér finnst svo merkilegt, að ég verði að segja frá því áður en ég sezt niður. Og það er það, þegar hæstv. fjmrh. segir alveg skýrum orðum, að sá tekjuskattur, sem hér er um að ræða, komi ekki til með að lenda á framleiðendum, vegna þess, að það séu svo að segja ekki til í landinu framleiðendur, sem komist upp í 6000 kr. skattskyldar tekjur. Jafnhliða heldur svo sami ráðh. því fram, að það sé alveg óhætt að kalla inn á einu ári 15 millj. kr. fyrir útgjöldum ríkissjóðs. Hvernig ætlar hæstv. ráðh. að standast þennan dóm sjálfs sín, sem veit eins og aðrir, að öll gjöld til ríkissjóðs hvíla að lokum á framleiðendunum. Hvernig ætlar hæstv. ráðh. að standa við það, jafnhliða því, að hann slær föstu, að enginn framleiðandi komist upp í 6 þús. kr. tekjur, þá sé samt forsvaranlegt að heimta inn í ríkissjóð 15 millj. kr. Ég ætla að lofa hæstv. fjmrh. að glíma við þessa hnot í næstu ræðu sinni. Þetta sýnir, að ég hygg, betur en nokkuð annað, hvað gersamlega viti firrt er þessi fjármálastefna, að ætla að hækka ennþá skattana, ofan á það, sem fyrir er.

Fjmrh. (Eysteinn Jónsson) [óyfirl.]: Hv. 1. þm. Skagf. er því miður ekki viðstaddur, en ég verð þó að svara honum nokkrum orðum í þeirri von, að hv. sessunautur hans (MJ) taki það

upp, sem hv. 1. þm. Skagf. kynni að þykja ástæða til að gera aths. við.

Hann byrjaði á því að halda fram, eins og raunar hv. 1. þm. Reykv. gerði líka, að ég hefði eitthvað sérstaklega brugðizt loforðum, er ég hefði gefið í fyrra, þar sem lægi fyrir, að útgjöld fjárl. færu fram úr áætlun á þessu ári. Þeir halda fram, að í orðaskiptum á þinginu í fyrra hafi ég slegið föstu, að útgjöld fjárl. gætu ekki farið fram úr áætlun, þau væru svo há vegna þess, að þau væru áætluð eins hátt og þau gætu frekast farið, og út af því gæti ekki brugðið. Ég hélt fram, þegar fjárlfrv. var lagt fyrir, að útgjaldahliðin væri hærri en árið áður vegna þess, að þeir liðir, sem eru óbundnir, væru hærra áætlaðir heldur en áður hefði verið. En mér datt vitanlega ekki í hug að taka ábyrgð á, að þessir liðir væru svo hátt áætlaðir, að ekki gæti farið fram úr því. Þessu vilja hv. þm. snúa út úr þannig, að ég hefði lofað, að gjöldin skyldu ekki fara fram úr áætlun. Til þess að taka af allan vafa um þetta vil ég, með leyfi hæstv. forseta, lesa upp ummæli, er ég viðhafði, er fjárl. voru til 1. umr. Ég sagði m. a. um þetta atriði: „Kemur hér enn í ljós það, sem ég hefi drepið á fyrr í ræðu minni“ — en þar var ég að tala um, hvað útgjöldin hefðu reynzt undanfarin ár, samanborið við áætlun fjárl. —, „að bundin útgjöld hafa yfirleitt verið of lágt áætluð í fjárlögum. Með því að hafa áætlanir sínar lægri gat stj. vitanlega lagt fyrir þingið frv., sem sýndi lægri heildarútgjöld en frv. það, sem hér liggur fyrir. En stj. tók þann kost að áætla bundin útgjöld, sem hún ekki treystist til þess að breyta, svo nærri sanni sem unnt var, til þess að tryggja það sem bezt, að útgjöld færu ekki fram úr áætlun. Við það hækkuðu útgjöldin í frv., eins og rakið hefir verið, en jafnframt jukust líkurnar fyrir því“ — þetta eru nú loforðin —, „að frv. stæðist í framkvæmd, og er slíkt fyrir miklu. Nái þetta frv. samþykki Alþingis og takist vel um framkvæmd þess, ættu endanleg útgjöld ársins 1935 sízt að verða hærri en útgjöld undanfarandi ára, þó þau séu hærri samkv. frv. en í fjárl. fyrir þessi ár.“ Hvort svo reynist, ætla ég, að verði nógur tími að tala um, þegar þar að kemur.

Í orðaskiptum við hv. þm. Skagf., þar sem hann kom með þetta sama, að ekki væri víst, að útgjöldin færu ekki fram úr áætlun, þó þau væru hærra áætluð en vant var að gera, sagði ég á þessa leið:

„Hv. þm. spurði, hvort ég væri það barn að halda, að raunverulegar greiðslur ársins 1935 færu ekki fram úr áætlunum frv. Ég held, að þessi hv. þm. þurfi ekki að setja sig á háan hest yfir mér í þessu máli, hann hefir verið forystumaður flokks hér á þingi, sem afgr. fjárl. svo, að gjöldin hafa verið áætluð vísvitandi of lágt á mörgum liðum, og þegar svo er, getur ekki Alþingi horft fram á rétta mynd af fjármálunum.“ — Ég ætla, að þessi ummæli víðvíkjandi því, hvernig málið var lagt fram í fyrra, taki af öll tvímæli um það, að skraf þeirra sessunautanna (MG og MJ) um, að einhver loforð hafi verið gefin um, að útgjöld ríkissjóðs skyldu ekki fara fram úr áætlun, er gersamlega út í bláinn. Það, sem hér kemur til með að skipta máli, er það, hvort tilraun stj. til þess að minnka mismuninn milli fjárl. og landsreiknings ber árangur eða ekki. En um það er ekki fyllilega hægt að segja fyrr en LR. liggur fyrir.

Þá var hv. 1. þm. Skagf. að tala um, að allir nýir fjmrh. segðu á Alþingi það sama og ég, að þeir ætluðu gjöldin svo hátt til þess, að þau færu ekki fram úr áætlun. Þetta er ekki rétt. Það hafa margir fjmrh. ekki lagt neina verulega vinnu í að áætla gjöldin eins hátt og líkindi eru til, að þau geti orðið. Þvert á móti hafa margir áætlað tekjur og gjöld mikils til of lágt, jafnvel vísvitandi. En það gefur vitanlega rangari hugmynd um, hvað stjórnirnar ætla fyrir sér í fjármálunum, heldur en sú leið, sem núv. stj. er að reyna að fika sig eftir.

Þá kvartaði sami hv. þm. undan því, að lítið væri gert úr starfi fjvn. með frv. því, sem fyrir liggur. Þetta er byggt á herfilegum misskilningi. Ég hélt, að ég hefði gert nægilega skýra grein fyrir því í fyrstu ræðu minni, að þó farið verði eftir þeim till., sem fjvn. hefir nú orðið sammála um, sem sé að færa niður útgjaldahlið fjárlfrv. um nálægt eina millj. kr. frá því, sem útgjöldin virðast ætla að reynast yfirstandandi ár, þá nema útgjöldin, sem gert er ráð fyrir í frv., með þeirri leiðréttingu, á móti þeim tekjuvonum, sem ég vil áætla fyrir næsta ár. Niðurfærslur fjvn. geta þannig ekki gefið rúm þeim framlögum, sem talað er um í grg. þess frv., er hér liggur fyrir. Þær fara allar til þess að mæta þeim hækkunum á útgjaldahlið fjárl., sem óhjákvæmilegar eru til þess að auka líkurnar fyrir því, að áætlanir þeirra standist í framkvæmdinni.

Hv. 1. þm. Skagf. og hv. 1. þm. Reykv. undrast mjög yfir því, að frv. það, sem hér er borið fram, miðar aðeins að því að afla tekna til eins árs. Ég er hissa á þessum látalátum þeirra. Eru þeir nokkuð óvanir því, að bornar séu fram till. hér á Alþingi um tekjuöflun eitt ár í senn? Þetta er mjög venjulegt, þegar þröngt er um öll viðskipti og tekjustofnar ríkissjóðs dragast saman, að gripið er til þess að afla tekna til bráðabirgða með öðru móti og gert ráð fyrir, að þegar viðskiptin færast aftur í betra horf, þá falli það niður. Hitt er annað mál, að ef útlitið yrði þannig þegar gengið verður frá fjárl. fyrir árið 1937, að ekki mætti búast við, að tekjurnar dygðu, þá yrði vitanlega annaðhvort að hverfa að því ráði að framlengja þessa tekjuauka á næsta þingi, eða finna í staðinn aðra leið til tekjuöflunar, ef það þætti betur henta. Vegna þess, hvað óvíst er um öll viðskipti og að menn hafa alltaf ástæðu til að vona, að úr rætist, er ekki slegið föstu, að tekjuöflunin skuli gilda nema fyrir næsta ár. Tel ég það skynsamlegt og ekki beina ástæðu til að heimila á þessu þingi sömu tekjuöflun t. d. fyrir árið 1937; til þess er nógur tími á næsta þingi, ef þá lítur út fyrir, að hjá því verði ekki komizt.

Hv. 1. þm. Skagf. sagðist ekki vita betur en fjvn. væri búin að ganga frá till. um tekjuhlið fjárl., þar sem gert væri ráð fyrir meira en 14

millj. kr. tekjuöflun, en þeirri upphæð vildi ég áætla, að tekjurnar mundu nema næsta ár. Hv. þm. veit vel, að þessar till., sem samdar voru snemma á starfstíma n., voru gerðar með þeim fyrirvara, að ekki þyrfti frekar að fara í niðurfærslu innflutnings á næsta ári en árinu, sem er að líða. Það var greinilega fram tekið, bæði af mér og fulltrúum stjórnarflokkanna í fjvn., að ef það kæmi fram við þá rannsókn á verzlunarmálunum, sem þá stóð yfir, að óhjákvæmilegt væri að færa innflutninginn lengra niður heldur en tekizt hefir í ár, þá yrði líka að breyta tekjuáætluninni. Og ég veit ekki annað en að fullt samkomulag sé um það, a. m. k. hjá fulltrúum stjórnarflokkanna í fjvn., að eins og útlitið er nú, sé ekki varlegt að áætla tekjurnar hærri en 14 millj. kr.

Þá kem ég að hv. 1. þm. Reykv. Hann talaði raunar svo vítt og breitt, eins og fyrri daginn, að hann kom lítið inn á frv. sjálft. Hann fór m. a. að tala um innflutningshömlur og reyndi að klóra í bakkann og halda fram, að með till., sem samþ. voru á kaupmannaþinginu, væri ekkert sagt um það út af fyrir sig, hvort innflutningshömlur væru réttmætar eða ekki. En það er þýðingarlaust fyrir hv. þm. að halda fast við þetta, því það kemur skýrt fram í þessum till., að það er gengið út frá því sem sjálfsögðum hlut, að eins og viðskiptaörðugleikarnir eru nú, verði innflutningshömlurnar að haldast. Ég skil náttúrlega, að það er leiðinlegt fyrir þennan hv. þm. að verða að fá slíka viðurkenningu frá verzlunarstéttinni. Það er vitanlega verzlunarstéttinni til hróss að viðurkenna þetta, en þeim mun leiðinlegra er það fyrir hv. 1. þm. Reykv., sem hefir ímyndað sér, að hann væri í umboði hennar að berjast gegn öllum viðskiptahöftum hér á Alþingi, að fá þetta í bakseglin. En hann verður nú að sætta sig við það eins og hvert annað mótlæti, sem fyrir kemur á lífsleiðinni.

Hv. þm. vildi halda fram, að það hefði komið fram í ræðu minni, er ég vék að innflutningshöftunum og verzlunarmálum, að ég væri fús að beita hlutdrægni í úthlutun innflutningsleyfa. Mig furðar á þessu og óska, að hv. þm. tilfæri ummæli eftir mér, sem benda á þetta. (MJ: Ég gerði það). Hann tilnefndi, að ég hefði nefnt samvinnuverzlanirnar og ríkisverzlanirnar, en ekki kaupmannaverzlanir samhliða. Ég nefndi ekki þessar verzlanir vegna þess, að ég teldi, að aðrar verzlanir ættu engan rétt á sér. Ég sagði, að það væri stefna Framsfl. að viðhalda samvinnufélögunum og færa verzlunina sem mest í hendur þeirra. En ég sagði alls ekki, að flokkurinn ætlaði að vinna að þessari stefnu með því að beita hlutdrægni, þó hann hefði aðstöðu til þess. Hann hefir unnið að henni með samvinnufélögunum og ýmsum öðrum löglegum ráðstöfunum, sem ekki koma fram sem hlutdrægni gagnvart einum öðrum aðila. Ég mótmæli harðlega að það hafi verið beitt hlutdrægni í úthlutun innflutningsleyfa til framdráttar einum né neinum.

Þá kom hv. þm. inn á það, að ég hefði átt að dvelja við það í ræðu minni, í stað þess hvað áunnizt hefði í því að laga verzlunarjöfnuðinn, hvað árangurinn væri mikill, samanborið við áætlun innflutnings- og gjaldeyrisnefndar. Því er nú fyrst til að svara, að hv. þm. hirðir ekki um að vita nánar um það, sem hann talar um, heldur en það, að hann sagði, að innflutningsnefndin hefði einhverntíma gefið út einhverja áætlun um, að hún vildi færa innflutninginn niður í 32 millj. kr. En það hefir aldrei komið fram nokkurt orð um það frá innflutningsnefnd, að færa ætti innflutninginn niður í 32 millj. Hitt var gerð nokkur áætlun um, hvernig koma ætti því fyrir, ef það þyrfti að færa innflutninginn niður í 37—38 millj. kr. Hvað því viðvíkur, að innflutningurinn verði meiri en þessari upphæð nemur, þá mun svo verða af ýmsum ástæðum, sem of langt yrði upp að telja. M. a. vegna þess, að þegar innflutningsnefndin úthlutaði meginhluta innflutningsleyfanna, þá hafði hún ástæðu til að líta bjartari augum á útflutningsmöguleikana heldur en jafnvel þegar hún gerði umrædda áætlun, og áreiðanlega heldur en nú eru ástæður til. Eins og ástandið var, þegar n. þurfti að ákveða um þessi mál í aðalatriðum, lá fyrir, að til þess að koma innflutningnum niður fyrir 40 millj. kr. þurfti að takmarka innflutning á byggingarefni, kaffi, sykri, hveiti og fleiri vörutegundum, sem ekki hefir ennþá verið farið í að takmarka. Eins og útlitið var þá, taldi n. ekki rétt að leggja út á þá braut. Hinsvegar er ekki útlit fyrir nú, að hægt verði að gera ráð fyrir öðru en þessi varningur hljóti að verða takmarkaður á næsta ári.

Það var einkennilegt, þegar hv. þm. fór að tala um, hver innflutningurinn mundi verða á þessu ári, og sýnir vel, á hvílíku hundavaði hann fer í ræðum sínum. Hann sagði, að sennilega færi innflutningurinn yfir 48 millj. kr., — jæja, svona 45 til 46 millj., skulum við segja, bætti hann svo við. Jafnóðum og hann sleppir orðunum tekur hann þau aftur og segir annað. Þetta er laglegur ræðumáti, þegar um mál eins og þessi er að ræða. Annars verð ég að segja það, að störf innflutningsnefndar eru þannig, að alltaf má um þau deila, og það er ómögulegt að inna þau þannig af hendi, að ekki megi að finna, jafnvel með einhverjum rökum. En eins og nú lítur út um árangurinn síðari hluta ársins, þá get ég ekki annað en verið með hann sæmilega ánægðan. Innflutningurinn er að vísu of hár, miðað við það, sem útflutningurinn ætlar að reynast. En miðað við horfurnar, þegar meginhluti innflutningsins var ákveðinn, finnst mér ekki hægt að áfella innflutningsn. fyrir það, því þá hafði hún rökstuddar vonir um frekari gjaldeyrisöflun heldur en raun hefir orðið á. Ef það tekst á þessu ári að lækka innflutninginn um 6—7 millj., eða 15% frá því, sem hann var í fyrra, þá verð ég að telja það mikið átak, og meira heldur en gert hefir verið nokkru sinni áður í þessum málum. Þó innflutningurinn færi einu sinni, árið 1932, niður fyrir 40 millj., þá þurfti ekki til þess eins mikið átak þá. Byggist það á því, að árin 1930 og 1931 voru svo miklar vörubirgðir í landinu, að hömlurnar 1932 komu miklu minna við almenning heldur en nú. Það er vitanlega mjög miklum erfiðleikum bundið að koma innflutningnum neðar, en þó er ekki fyrirsjáanlegt annað en að því verði að stefna

og að það verði að reikna með því, þegar áætlaðar eru tekjur ríkissjóðs, ef varlega á að fara.

Hv. 1. þm. Reykv. var ennþá að endurtaka það, að ég hefði lofað að vera búinn að koma á greiðslujöfnuði í árslok 1935. Þetta er vitanlega sagt út í loftið, eins og ásakanir hans og sessunautar hans út af loforðum, sem þeir telja mig hafa gefið í sambandi við fjárlögin. Ég sagði, að stj. vildi vinna að því af fremsta megni að koma á greiðslujöfnuði við útlönd, alveg á sama hátt eins og hún vill vinna að greiðslujöfnuði ríkissjóðs. Hinu þýðir engum að halda fram, að nokkur fari að lofa, að þetta skuli vera komið í kring ákveðinn dag, því slíkt er ómögulegt að segja um fyrirfram. En ég get ekki annað en glaðzt yfir því, að hv. þm. taka upp á að halda þessu fram, því það sýnir, að þeir treysta sér ekki að halda fram, að lítið hafi unnizt í þessu efni, heldur grípa þetta hálmstrá, að minna hafi verið aðgert heldur en talað var um að gera ætti. Hv. 1. þm. Reykv. og sessunautur hans hafa verið að halda því fram í sambandi við þetta mál, að ég hafi getað svarað fyrirspurn hv. 1. þm. Reykv. um það, hvenær greiðslujöfnuður skyldi verða kominn á, en ekki fyrirspurn hv. 1. þm. Skagf. um, hvenær yrði búið að rétta við fjárhag landsins. Vitanlega eru þessar spurningar báðar sama eðlis, og ég svaraði hvorugri beint, sem ekki er heldur hægt. Einmitt það, að ég tók fram, að ég gæti ekki svarað spurningu hv. 1. þm. Skagf. um, hvenær yrði búið að rétta við *fjárhag landsins, var nægilegt til að sýna*, að ég vildi ekkert um þetta segja, sem heldur ekki var von, því um slíkt getur enginn sagt fyrirfram. Óviðráðanleg atvik koma þar til greina, þó misjafnlega sé að þessum hlutum unnið af stjórnarvöldunum á hverjum tíma.

Mér finnst það skoplegt hjá 1. þm. Reykv., er hann sagði, að þeir flokkar, sem nú fara með völd, væru réttir til að fara með þau áfram. Það er ekki hægt að skilja öðruvísi en hv. þm. sé að gleðjast yfir hinum erfiðu tímum, gleðjast yfir því, hvað erfitt sé að fara með stjórnarvöld nú, bara til þess að fá tækifæri til að koma fram með árásir á stj. Það er ekki karlmannlegt af hv. þm. Og það felst í þessu yfirlýsing hjá honum um það, að það sé ekki meðfæri *Sjálfstfl.* að fara með völd nú. Þetta verður alls ekki skilið á annan veg en þann, að hann hrylli við að taka völdin vegna erfiðleika í landinu, þyki því auðveldast að vera í stjórnarandstöðu og skamma allt og alla. Þetta er ekki karlmannlegt, en það er ef til vill mannlegt, eins og hefir stundum verið sagt í svipuðum kringumstæðum.

Þá var hv. þm. að tafsa á því, að till. stjórnarflokkanna væru ekki annað en skattaaukningar. Hann gengur enn framhjá því, sem ég *hefi skýrt áður, að hér er einmitt farin millileið*, að jöfnu aflað nýrra tekna og skorið niður á útgjöldunum, — það er aflað nýrra tekna um 1 millj. og skorið niður um 1 millj. Hér er því farin millileið, en alls ekki verið að bæta við nýjum sköttum.

Í lok ræðu sinnar talaði hv. þm. um það, sem ég sagði, að tekjuskatturinn kæmi ekki niður á framleiðendum, því þeir hefðu svo lágar tekjur. Hann spyr, hvort ég ímyndi mér, að þeir geti þá staðið undir 15 millj. kr. greiðslu í ríkissjóð. En ég vil biðja hv. þm. að kynna sér fjárlagafrv., hvert framlögin fara, hvað gert er ráð fyrir í frv. umfram beinan rekstur ríkissjóðs. Ég held, að mikill meiri hluti framlaganna fari til styrktar atvinnuvegunum. Ef ætti að fara eftir till. þessa hv. þm. og skera niður þessi framlög, þá er ekki framleiðendum gert léttara fyrir, heldur þvert á móti erfiðara. Þeir missa þá mikil framlög, *sem framleiðsla þeirra byggist á nú*. Vil ég þar nefna framlögin til landbúnaðarins og til sjávarútvegsins. Hin nýju, auknu framlög eftir till. stjórnarflokkanna eru einmitt framlög til atvinnuveganna, til framleiðenda að langmestu leyti.

Í ræðu sinni sagði hv. 1. þm. Reykv., að ég hefði gleymt að gera grein fyrir, hvað mikill hluti af þessum 950 þús. færi til framleiðenda. Ég vil þá gera það nú. Af þeim tekjum, sem aflað er að nýju, renna 600—650 þús. beint til *framleiðenda, allt nema* það, sem fer í tryggingarnar, en tryggingarnar koma líka framleiðendum til góða, beint og óbeint, a. m. k. þeim smærri. Sannleikurinn er sá, að með því að leggja á gjöld eins og gert er með þessu frv., þá er verið að færa verðmætin frá öðrum stéttum til framleiðslustéttanna, tekið frá launamönnum og þeim, sem mest kaupa af erlendum vörum, og fært yfir til framleiðenda.

Hv. þm. virðist alltaf ganga út frá, að tekjur í ríkissjóð fari allar til almennrar eyðslu, sem ekki komi borgurum landsins að gagni. Þetta er þvert á móti, ef hv. þm. athugar, hvaða framlög þarf að fella niður til að lækka skattana, þá eru það framlög til atvinnuveganna.

Hv. þm. sagði í fyrri ræðu sinni, að boðskapur sá, sem ég flytti, væri nýstárlegur og þekktist ekki annarsstaðar: að létta á framleiðendum með því að leggja á skatta. En hann þarf ekki að fara langt til að sjá þetta. Það er bæði gert í Danmörku, Noregi, Svíþjóð og Englandi. Þetta er alstaðar það sama, sú stefna, að taka með skattaálagningu fé og verja því til styrktar framleiðslunni. Það er gert um öll þessi lönd, það sama og verið er að gera hér. Þetta er því engin ný kenning, heldur er það í anda þeirrar stefnu, *sem uppi er í öllum þingræðislöndum*: að reyna með aðstoð löggjafarvaldsins að færa þau verðmæti, sem lent hafa of mjög hjá launamönnum, kaupmönnum o. fl., yfir í vasa framleiðenda. Þetta er alveg sérstaklega gert hér, þessu beitir Framsfl. sér aðallega fyrir, einkum með tilliti til smáframleiðenda.

Ég er hissa á því, að sjálfstæðismenn skuli tala um þetta sem fjarstæðu, því að ég veit ekki betur en það rigni yfir till. frá þeim flokki (vegna ábyrgðarleysis þeirra, því að þeir hafa ekki stjórnaraðstöðu) um allskonar hjálp úr ríkissjóði til sjávarútvegsins o. fl. En þeir gera aldrei grein fyrir, hvernig á að afla fjárins.

Ég nenni svo ekki að stangast frekar við orð hv. þm. En eins og nú er um afstöðu framleiðenda og verkamanna og launamanna hinsvegar, þá er það réttmætt að færa fjármagnið yfir til smáframleiðenda og efla með því hag verklegra framkvæmda.

Frsm. (Jón Baldvinsson) [óyfirl.]: Það er að bera í bakkafullan lækinn að flytja fleiri rök gegn því, sem þeir hafa haldið fram, hv. 1. þm. Skagf. og hv. 1. þm. Reykv. Hæstv. fjmrh. hefir þegar svarað flestu, sem þeir komu með. En mér þykir rétt að taka það til athugunar, sem þeir báðir spyrja um (og ég skal viðurkenna, að hv. 1. þm. Skagf. hélt uppi meiri rökræðum um málið en hv. 1. þm. Reykv.), og gefa svar við spurningu þeirra: Hvaða tekjur á að finna, þegar þetta ár er liðið? Hv. 1. þm. Reykv. hefir bent á, að ekki muni allt standa áfram, sem talið er í grg. frv., t. d. ekki þau 60 þús. út af óveðursskaðanum á Norðurlandi. Það er að vísu ekki há upphæð, en þetta er ekki heldur nema eitt dæmi. Og þá má sjálfsagt finna ýmiskonar réttmætan sparnað, ef tími er til, til að draga úr útgjöldunum. Alþfl. er reiðubúinn til að benda á tekjuöflunarleiðir, og skal ekki á þeim standa.

Hv. 1. þm. Skagf. lagði á móti þessu frv. á þeim grundvelli, að ekki mætti ráðast í framkvæmdir eða samþykkt þeirra mála, sem gert er ráð fyrir í frv. og talið er í grg.; það væru að vísu góð mál, en það væru þeir tímar nú, að hafa yrði hemil á framkvæmdum. Þetta er sama svarið, sem ég hefi heyrt á þingi í 15 ár frá sjálfstæðismönnum, þegar komið hefir verið með mál, sem eiga að vera almenningi til hjálpar. Þetta er alltaf svarið: Það sé að vísu gott mál, en það séu ekki tímar til að framkvæma það. Þetta er svar íhaldsins um allan heim við hverju nytjamáli almennings. Sjálfstæðisflokksmennirnir koma og segja, eins og hv. 1. þm. Skagf. og hv. 1. þm. Reykv. nú: Alþýðutryggingarnar eru ágætt mál; það er æskilegt að koma á nýbýlarækt, auka kartöflurækt o. s. frv., en það eru bara ekki tímar til að koma þessu fram nú. Ískyggilegast er þó þetta svar, þegar athugað er, að það er alltaf sagt, jafnt í góðæri og illæri.

Hv. 1. þm. Skagf. sagði, að það hefði margur efnilegur maðurinn sett sig á höfuðið með því að ráðast í of miklar framkvæmdir, og eins gæti farið fyrir ríkinu. En hvers vegna var það? Var það ekki af því, að hann sá sér ekki fyrir nægilegu fé til að standast útgjöldin í bili? En þetta á ekki við hér, því að það er séð fyrir nægum tekjum til að koma framkvæmdunum í verk. Það má ekki gleymast.

Ef ekki er komið á alþýðutryggingum, ef ekki er komið á nýbýlum, þá fellur niður annarsvegar möguleikinn til að tryggja mönnum afkomu til sveita og lífsviðurværi af ræktun á hæfilega stórum býlum, þar sem menn lifðu sem unnt væri af íslenzkri framleiðslu, og hinsvegar, ef alþýðutryggingunum er ekki komið á, þá er slegið á frest, að almenningur eignist meira öryggi gegn sjúkdómum og elli. Ef ekki er komið á sjúkratryggingum, þá verður það til þess, að meira öngþveiti helzt í fjármálum kaupstaða og sveitarfélaga, sem nú sligast undir skuldum, sem fátækraframfærslan hefir komið þeim í.

Þó að séu bein útgjöld til alþýðutrygginganna, þá létta þær á margan hátt undir fjárhag bæjar- og sveitarfélaga. Framlag þeirra kemur að sumu leyti í staðinn fyrir það, sem bæjarfélögin leggja nú fram til styrktar sjúkum mönnum og gömlum. Þessa þýðingu hafa tryggingarnar; reyndar minni fyrst í stað, en aftur meiri síðar. En ef aldrei er á þessu byrjað, þá er heldur aldrei von um létti af þessu fyrir bæjar- og sveitarfélögin. Hjá hv. 1. þm. Skagf. er það svo, að hann lítur ekki nægilega á það gagn, sem leiðir af tryggingunum fyrir landið í heild og fyrir sveitar- og bæjarfélögin. Hann sér ekki þetta, þegar hann ber till. frv. saman við athafnamanninn, sem ráðizt hefir í of mikið, og hann athugar heldur ekki, að hér hefir verið séð fyrir tekjum fyrir útgjöldunum, sem af framkvæmdunum leiðir.

Hv. 1. þm. Reykv. talaði mjög langt mál um tekjuskattinn. Ég ætla, að þó hann brillieri reyndar meira á tollunum, þegar hann er að klingja með buxnatölum, þá sé honum nú sárara um tekjuskattinn. Hann sagði, að menn með 6—8 þús. kr. tekjur ættu bágt með að komast af. Og á öðrum stað í ræðu sinni talaði hann um „þessa menn, sem draga fram lífið á 6000 kr.“. En ég spyr: Hvað er þá um hina, sem hafa 15—1700 kr. tekjur? Þeir hljóta þó að eiga bágara með að draga fram lífið. Þegar hér er verið að tala um þessa aukning útgjaldanna, þá er verið að tala um að styrkja sérstaklega þá menn, sem eru fyrir neðan þann tekjuflokk, sem hv. þm. lætur sér annast um.

Hinsvegar veit ég, að það er rétt hjá hv. þm., að þessir menn eiga oft bágt með að komast af. En hvernig er lífið, sem þeir lifa? Þeir lifa einmitt jafnt fyrir það mjög góðu lífi, eiga ef til vill dýrt hús, búa í nýtízku íbúðum með öllum þægindum, halda sig vel í klæðaburði, geta veitt sér skemmtanir, fara ef til vill í ferðalög, sem menn telja sér nauðsynleg. (**ÓTh**: Lúxusferðalög). Létta sér upp á sumrin, sem sé, lifa þessu þægilega og notalega lífi, og með því móti eiga þeir oft bágt með að láta endana koma saman á tekjum sínum og útgjöldum. En þá vil ég spyrja hv. 1. þm. Reykv.: Er ekki rétt að styðja hina, sem eru svo langt fyrir neðan hvað tekjur snertir, að vart er hægt að bera tölurnar saman?

Hv. 1. þm. Reykv. talaði langt mál um það, hvernig flokkar öfluðu sér fylgis, og taldi það vera aðallega á tvennan hátt, með því að bera fram góð mál, eða með agitation, eða m. ö. o. lýðskrumi. Ég fékk ekki annað skilið af ræðu hans en hann héldi því fram, að Sjálfstfl. aflaði sér fylgis á þennan betri hátt, með góðum málum, en hann héldi því fram um rauðu flokkana, að þeir notuðu agitationina og héldu uppi tómu snakki um málin. En þá má kalla þá hafa verið duglega að agitera, ef þeir eiga að hafa getað með tómu snakki haldið trausti þjóðarinnar síðan 1927, en Sjálfstfl. með alla sína baráttu fyrir góðu málunum kemst ekkert áfram. Það er eitthvað bogið við kjósendur, ef svo væri, — en það er reyndar ekki.

Ég ætla, að vöxtur Alþfl. hafi verið af því að hann hefir haft mörg góð mál, sem almenningur vildi fá fram. Mig grunar hinsvegar, að Sjálfstfl. hafi ekki haft nógu mörg góð mál til að berjast fyrir. (**MJ**: Því hefir hann svo fáa kjósendur?). Og því hefir hann ekki náð völd-

um í 8 ár, nema hvað hann um tíma fékk að skríða undir pilsfaldinn hjá Framsókn. (ÓTh: En hver er þar undir pilsfaldinum nú? — MJ: Sjálfstfl. hefir nú samt hærri atkvæðatölu en hinir flokkarnir báðir til samans). Þetta er rangt. Sjálfstfl. hefir ekki hærri atkvæðatölu en stjórnarflokkarnir báðir. Fylgi Sjálfstfl. hefir ekki aukizt mikið, þó það hafi fjölgað um nokkra kjósendur. Aftur á móti hefir Alþfl., sem hv. þm. sagði, að hefði haldið í horfinu síðan 1927, bætt við sig um síðustu kosningar 5000 atkv., sem er tiltölulega miklu meiri fjölgun en fjölgun kjósenda nam. Hann hefir því bætt við sig miklu fylgi, svo að það er smáskreytni hjá hv. þm., eins og oftar vill verða. (MJ: Ég sagði, að fylgi stjórnarflokkanna samanlagt hefði staðið í stað, svo það er líka smáskreytni þarna megin). Og enn er á það að líta, að Sjálfstfl. hefir ekki tekizt að ná neinum vexti, jafnvel þó hann hafi gleypt heila flokka; t. d. gleypti hann 1929 Sjálfstfl. gamla, en samt hefir það ekki hjálpað honum til að vaxa og ná völdunum í landinu. Og ég heyri hann sé tilbúinn að gleypa ennþá nýjan flokk, Bændafl., og er spursmál, hvort hann gengur ekki á einhvern hátt upp í Sjálfstfl. Form. Sjálfstfl. gerist a. m. k. oft æði umsvifamikill innan Bændafl. og hefir sagt honum fyrir verkum, a. m. k. einu sinni á ári. En þó Sjálfstæðisfl. gleypi þannig heila flokka, þá fóðrast hann ekki að sama skapi vel.

Hv. 1. þm. Reykv. vitnaði í bibliuna, sem hans er von og vísa, því hann er mikill lærdómshestur og fluggáfaður og vísindamaður í biblíunni, en ég hefi aðeins lært biblíusögurnar, en ég ætla samt líka að vitna í dæmi úr þeim. (MJ: Um kýrnar hans Faraós?). Já, einmitt um kýrnar hans Faraós, mögru kýrnar, sem voru jafnmagrar eftir, þó þær hefðu gleypt margar kýr, og eins er um Sjálfstfl., að hann er jafnmagur eftir, þó hann hafi gleypt annan flokk og sé í þann veginn að gleypa Bændafl.

Hv. 1. þm. Reykv. ræddi um endurnýjun togaraflotans. Honum fannst ég hafa tekið þetta með glettni, þegar hann skaut því fram í síðustu ræðu sinni. En ég vil þá segja, að ég tel þetta vera eitthvert mesta mál, þó ekki séu líkur til að geta komið því fram nú. Ég tel það hið mesta nauðsynjamál að endurnýja togarana með tilstyrk hins opinbera, ef atvinnurekendur geta ekki sjálfir komið því í verk.

Hv. 1. þm. Reykv. spurði, hvort ég héldi, að útgerðarmenn gætu frekar endurnýjað togaraflotann, þegar búið væri að hækka skattana. Ég býst ekki við þeir geri það frekar né síður. Þeir hafa ekki gert það hingað til, þó að betur hafi látið í ári, og þeir myndu hafa látið það vera, þó þessi frv. hefðu ekki komið fram, hvort sem skattahækkun yrði eða ekki. Meðan er eins og nú, að útgerðin er rekin með tapi, þá greiða þeir ekki tekjuskatt, enda kemur hann ekki til á fyrsta ári, heldur er honum jafnað á þrjú ár. Það kemur því lítið þessu máli við, því þessi skattur er hvorki til né frá. En ef ríkissjóður aflar sér nýrra tekna, þá er frekar hægt að finna leiðir til þess að útgerðarmenn geti endurnýjað togarana eða ríkissjóður gert út sjálfur, sem getur orðið mikilsvert atriði til að hafa jafnvægi á ríkisbúskapnum.

Annars skilst mér, þó að hv. þm. spyrji um þetta mál, þá sé hann og Sjálfstfl. fjandsamlegur því, að ríkissjóður hafi hér nokkur afskipti, og vilji fela útvegsmönnum forsjá þessara mála, þó hann viti, að þeir geta ekki komið endurnýjunum fram.

Hv. þm. sagði nokkuð seint í ræðu sinni, að hann treysti sér til að bera fram eitt nauðsynjamál á hverjum degi í heila viku. Það má vel vera, að þetta sé rétt, og mér þykir það satt að segja nokkuð lítið, að það skulu ekki vera nema aðeins 7 mál, sem hann treystir sér til að finna og telur nauðsynjamál. Ég held helzt, að það séu miklu fleiri mál, sem land vort og þjóð hefir þörf fyrir. En ég vil nú spyrja þennan hv. þm., hvort hann hafi gert þetta, spyrja hann, hvað hann hafi flutt fram af góðum málum og nytsömum. Ég er svo sem ekkert að vantreysta því, að hann geti komið með ýms góð mál, en ég man ekki eftir því nú í svipinn, að hann hafi gert það. Mér er ekki kunnugt um, að hann hafi lagt sig í líma til þess að taka upp stórmál eins og t. d. alþýðutryggingar eða önnur slík mál, sem varða velferð alþjóðar. Ég man alls ekki eftir því, að hann hafi gert þetta. Hv. þm. segist geta komið með góð mál, og hann getur það kannske, en það er aðeins þessi ljóður á því, að hann gerir það ekki. Og þetta er í samræmi við það, sem hv. 1. þm. Skagf. sagði um tryggingarlöggjöfina, að hún gæti verið góð, en hún væri ekki tímabær. Sjálfstæðismenn hafa kannske vitað um góðu málefnin, en þeir hafa ekkert gert að því að flytja þau fram, og það er sennilega af þeirri ástæðu, sem þeir hafa ekki náð því trausti kjósendanna í landinu eða þeim völdum, sem þeir óska eftir.

Magnús Jónsson [óyfirl.]: Hv. 1. þm. Skagf. er nú bundinn á nefndarfundi, en hann bað mig að skrifa niður fyrir sig, ef á sig yrði yrt, og geri ég ráð fyrir, að hann muni nú vilja svara með fáeinum orðum einhverju af því, sem ég hefi skrifað; og get ég þá, á meðan beðið er eftir honum, fyllt út með nokkrum orðum um sumt af því, sem hér hefir borið á góma við þessar umr., sem nú virðast vera að fjara út, þótt hér sé um stórt mál að ræða.

Ég setti hér fram í minni fyrri ræðu þá spurningu, sem hvorki hæstv. ráðh. né hv. 4. landsk. hafa svarað. Spurningin var sú, hvort þeim dytti í hug, að það væri rétt stefna að bera fram hvert mál sem væri, bara ef það gæti talizt þarft, alveg án þess að taka til athugunar, hvað framkvæmd þess kostaði og hve mikla skattahækkun það hefði í för með sér, og alveg án þess að athuga, hvernig gjaldþoli skattþegna væri háttað. Á hvergi að nema staðar, — eða hvar á að nema staðar? Það er um þetta, sem deilan stendur, og það er þetta, sem verður að vega og meta.

Hv. 4. landsk. tók t. d. bónda, og eftir því sem hann sagði, þá var þessi feill á, að hann sá sér ekki fyrir tekjum. Ja, það væri nú ekki mikill vandi að komast af í henni veröld, ef ekki væri annað en sjá sér fyrir tekjum. Það er eins og

hv. 4. landsk. gangi út frá því, að það sé ekkert annað en sjá sér fyrir tekjum. En hvernig á nú efnalítill bóndi að sjá sér fyrir tekjum? Hann þarf að kaupa jörð, hann þarf að kaupa bústofn, byggja útihús, rækta tún og slétta, byggja vörzlugarða, gera áveitu, byggja íbúðarhús og svo fjöldamargt fleira. Hvernig á hann svo að sjá sér fyrir tekjum til allra þessara framkvæmda? Ef hann þyrfti ekki annað en sjá sér fyrir tekjum, þá myndi hann sennilega sjá sér fyrir svona 100 þús. krónum í tekjur. — Þetta er einmitt sú hættulega pólitíska stefna, að leggja sí og æ í nýjan og nýjað kostnað, eins og ekkert sé annað að gera en sjá sér fyrir tekjum, og þetta er því hættulegra í pólitísku lífi heldur en fyrir bóndann, að bóndinn hefir takmarkaðar tekjur og getur ekki séð sér fyrir öðrum tekjum; en ríkisvaldið hefir þetta leynda vald til þess að fara ofan í vasa skattþegnanna. Þess vegna verða þm. að meta það vandlega, hve mikið af þessum þörfu málum eigi að taka til þess að framfarirnar geti orðið sem jafnastar. Hve mikið af þeim megi taka án þess að gjaldþoli skattþegnanna verði ofboðið og allar framfarir hljóti að stöðvast. Það er auðvitað hægt að gera miklar framfarir á 4 árum, t. d. ef því er til kostað að tæma alla gjaldstofna í landinu. En sá hyggni maður virðir, hvað miklu honum sé óhætt að kosta til, með það fyrir augum, að hann geti risið undir því og framfarirnar geti orðið sem jafnastar og öruggastar. Alveg á sama hátt er það um þá, sem stjórna þjóðarbúinu. Þeir verða að virða það, hve mikið megi leggja á gjaldþol þegnanna án þess að atvinnulíf landsins og heilbrigðir framfaramöguleikar bíði við það hnekki, og um þetta er það, sem á greinir milli sjálfstæðismanna og stjórnarflokkanna.

Hv. 4. landsk. sagði um Sjálfstfl., að þetta væri sá stóri feill á honum, að þegar komið væri með góð mál, — jú, þá viðurkenndi hann að vísu, að málið væri gott, en tímarnir væru bara svo vondir, að það væri ómögulegt að framkvæma það. Svona vigorðum má auðvitað sleppa út úr sér, en þau hafa bara ekki við nein rök að styðjast.

Ég vil aðeins benda á þann tíma, sem Sjálfstfl. var við völd. Þegar hann tók við völdum, var allt í hyldýpis skuldafeni. 5 millj. króna voru lausaskuldir á víxlum, og skrifstofustjóri varð á hverjum degi að fara í bankann til að bjarga þessum víxlum. Skuldirnar máttu teljast alveg óbærilegar, en Sjálfstfl. tókst á þessum 4 árum — þótt hann hefði við veikan meiri hl. að styðjast, og yrði að njóta stuðnings þm., sem ekki voru flokksmenn — að lækka skuldir ríkissjóðs um ⅓, og hafði þó lækkað að mun skatta á landsmönnum. Samt má benda á frá þeim tíma fjölda af þörfum málum, sem komust til framkvæmda, eins og t. d. jarðræktarlögin og mörg fl. Ég hefi ekki skrá yfir þessi mál hér við hendina, en það hefir oft verið á þau bent bæði í blöðum flokksins og á þingmálafundum hér og úti um land. Það þýðir ekkert að vera með vigorð eins og það, að Sjálfstfl. hafi aldrei beitt sér fyrir þörfum málum. Ég get þá alveg eins sagt, að Alþfl. hafi aldrei komið með almennilegt mál. Það er auðvitað hægt að láta svona vigorð út úr sér, ef menn krefja sjálfa sig engrar hugsunar, en eru ánægðir með að kvaka eins og páfagaukar í búri. Og svo sagði hv. 4. landsk., að það væri af þessari tregðu Sjálfstfl. til fylgis við góð málefni, að flokkurinn væri svona lítill. En við skulum nú hugsa okkur, að þessi hv. þm. sæi sinn flokk orðinn jafnstóran; hann myndi alveg rifna af monti, fyrst hann er nú svo stoltur af honum eins og raun ber vitni um, og hefir þó sá flokkur ekki helming af því trausti kjósendanna í landinu, sem Sjálfstfl. hefir. Sjálfstfl. hefir unnið sér það traust, að hann er hér um bil jafnfjölmennur eins og báðir stjórnarflokkarnir til samans, og það munaði nú ekki nema þessu eina hlutkesti, að hann færi með völdin í landinu. (**Rödd af þingbekkjum**: Það er þá víst, að Bændafl. hefir átt að vinna með Sjálfstfl.). Ég geri ráð fyrir, að það hefði fengizt samvinna við hann um það að standa á móti þeim ófögnuði, að núv. stjórnarflokkar færu með völd. Hv. 4. landsk. tekur ekki eftir því, hve harðan dóm hann fellir yfir sínum eigin flokki, þegar hann er að tala um, að Sjálfstfl. vilji ekki beita sér fyrir góðum málefnum og njóti þess vegna ekki trausts kjósendanna í landinu. Reynslan hefir sýnt, að flokkur þessa hv. þm. er svo bölvaður, að kjósendurnir treysta Sjálfstfl. betur til þess að fara með mál þjóðarinnar, þó hann eigi nú að vera svona bölvaður eftir dómi hv. 4. landsk., dómi, sem fyrst og fremst verður þó áfellisdómur á hans eigin flokk.

Ég vissi svo sem, hverju hv. 4. landsk. mundi svara því, sem ég sagði um erfiðleikana á því að láta endana mætast fyrir þá menn, sem hefðu þetta frá 5 til 6 og allt upp í 7 þús. kr. tekjur á ári. Ég vissi, að hann mundi svara með því, að það væru ýmsir, sem yrðu að lifa á minni tekjum. En ég veit nú samt, að hv. þm. verður að viðurkenna, að þegar hann gerir launakröfu sína sem bankastjóri, þá verður hann að miða við, að það eru gerðar kröfur til hans um, að hann lifi dýrara lífi en almennir verkamenn, og það alveg án tillits til þess, hvort hann sjálfur kærir sig nokkuð um það eða finnst sér líða nokkuð betur með því. Það getur vel verið, að honum líði alveg eins vel þótt hann væri ekki í eins fínum fötum eða þótt hann byggi í minni íbúð og hefði yfirleitt minna af því, sem almennt eru kölluð lífsþægindi. Það er ekkert víst, að hann kæri sig um það. En hann veit það sjálfur, að við breytum ekki svo hugsunarhætti þjóðarinnar, að ekki verði gerðar um þetta mismunandi kröfur.

Ég bjó eitt sumar í litlu húsnæði. Það stóð þannig á því, að maðurinn, sem átti húsið, sem ég bjó í, ætlaði að selja það, og ég gerði það fyrir hann að flytja úr íbúðinni og flutti mig í lítið bakhús. Það hefir líklega verið álíka og venjuleg verkamannaíbúð, og mér leið þarna alveg prýðilega og mig hefir alltaf síðan hálflangað til að eiga heima í svona húsi. Ég varð veikur þá um sumarið og lá nokkuð lengi. Rúmið mitt var undir súð, og það var svo lágt undir súðina, að ég gat varla risið upp; en mér leið

svo prýðilega, að mig hefir beinlínis langað til þess síðan að eiga heima í svona húsi, en ég veit, að það mundu allir líta svo á, að ég væri að gera þeirri virðulegu stofnun Háskóla Íslands — og þjóðinni í heild — skömm með því að búa í svona húsi. Svona er hugsunarhátturinn, og fyrir honum beygja menn sig. Það er ekki af því út af fyrir sig, að það séu lífsþægindin, sem menn þrá. Ég skil ekki í því, að hv. 4. landsk. og fleiri flokksmenn hans væru ekki tregir að þiggja þau háu laun, sem þeir fá, ef þeim fyndist, að allir ættu að hafa jafnt; en ég veit, að hv. þm. finnur, að þetta, sem ég segi, er rétt. Það eru gerðar mismunandi kröfur, og hin mismunandi laun stafa miklu meira af því, að látið er undan þessum kröfum, heldur en af því, að menn séu ágjarnir og vilji draga til sín og telji sig eiga að hafa betra en aðrir.

Ég veit ekki, hvort ég á að fara að tala um þetta pólitíska fóður, sem hv. 4. landsk. var að ræða um. Hann sagði, að Sjálfstfl. væri alltaf að gleypa aðra flokka, og væri þó alltaf jafnhoraður eftir. *Ég er nú búinn að sýna fram á* það, að Sjálfstfl. er langfeitasti flokkurinn í landinu og ólíku saman að jafna honum og Alþfl., og veit ég þó ekki betur en hann sé si og æ að naga utan úr sambýlisflokki sínum — Framsóknarfl. Annars þótti mér gaman að því, að hv. þm. skyldi vera með þessar skáldlegu líkingar, og stöðu minnar vegna þótti mér mjög vænt um að heyra, að hann er svona vel að sér í helgum fræðum og gat farið svona vel með jafnvandasama sögu og söguna um kýrnar hans Faraós.

Hv. 4. landsk. snéri út úr því, sem ég sagði um að ég gæti komið með gott mál á hverjum degi í heila viku. Sagði hann, að það væru þá aðeins 7 góð mál, sem ég vissi af. Hann vissi vel, að ég var að segja, að það væri enginn vandi að koma með góð mál, ef ekkert þyrfti að hugsa um möguleikana fyrir því að koma þeim í framkvæmd, annað en það eitt að heimta sífækkaða tolla og skatta, og ég nefndi ýms dæmi, og auðvitað er hægt að nefna mörg fleiri. Ef ekki er annar vandinn heldur en sá, að sjá sér fyrir tekjum, því þá ekki t. d. að leggja malbikaða vegi um allt land og byggja hafnir bæði hér og þar, og svo ótal margt fleira? M. ö. o., því eru framfarirnar þá ekki margfalt, margfalt stórstígari? Það er af því, að allir vita, að regla okkar sjálfstæðismanna er laukrétt. Það verður að fresta góðum málum, þegar ekki er geta til að framkvæma þau.

Hæstv. fjmrh. var *mjög hneykslaður* á, að ég skyldi nefna það, að ef hann réði um innflutningsleyfin, þá mundi hann verða hlutdrægur í veitingu þeirra. Hann sagðist ekki vita, á hverju ég hefði byggt þessi ummæli mín. Ég sagði það í ræðu minni, að þetta væri byggt á hans eigin ummælum, og svo bætti hann nú um þau með því að segja, að það væri stefna Framsfl. að færa verzlunina frá kaupmönnum til samvinnufélaganna. Fyrst það er yfirlýst stefna að færa verzlunina frá kaupmönnum til samvinnufélaga, því þá ekki að nota þetta dæmalausa tækifæri, — og kannske það hafi verið notað? Hafi samvinnufélögin átt erfitt uppdráttar, því þá ekki að nota þetta eindæma tækifæri og nota það vald, sem einni vissri stjórnardeild er fengið í hendur? Hæstv. ráðh. hefir beinlínis gefið ástæðu til þess, að það vakni grunur á honum um, að hann beiti rangindum í úthlutun leyfanna. Hann hefir beinlínis gefið tilefni til þess.

Ég veit naumast, hvort ég á að fara út í það, hvernig innflutningsnefndinni og hæstv. ráðh. hefir mistekizt, með niðurfærslu innflutningsins. Hann sagði, að aldrei hefði verið um það rætt að koma innflutningnum neðar en 37—38 millj. kr. Ég hafði nú skrifað hér eftir honum 36 millj., en það getur verið, að hann hafi meint hitt.

Það er lítið búið að prenta af umr. frá síðasta þingi, og ég get ekki fundið í því þau ummæli hæstv. fjmrh., sem mig rekur minni til, að hann hefði hér í fyrra, að innflutningur þyrfti að komast niður í 32 millj. kr. En við skulum halda okkur við þessar 37 millj. Nú er innflutningurinn, að því er séð verður á bráðabirgðayfirliti, kominn upp í þetta, og þegar þetta yfirlit er gert, er eftir sá hluti árs, sem samkv. venju skilar ekki minni innflutningi en 8 millj. Auk þess er þetta aðeins bráðabirgðayfirlit, og reynslan hefir sýnt, að raunverulegur innflutningur er alltaf um 10% meiri heldur en slík yfirlit sýna, og er þá, að þessu hvorutveggja töldu, innflutningur ársins orðinn 47—48 eða jafnvel allt að 49 millj., í staðinn fyrir 37, og ef hæstv. fjmrh. er ánægður með þetta, þá er svo sem ofur auðvelt að ímynda sér, hvernig fara muni á næsta ári.

Ég get ekki heldur fundið þau ummæli, sem hann bar á móti, að hann byggist við að verða búinn að koma á greiðslujöfnuði um áramót; og ég man ekki, hvort hann sagði þetta beint. Ég man, að hann svaraði hv. 1. þm. Skagf. út af og sagði, að hans spurning væri svo vitlaus, að hún væri ekki svaraverð, en minni spurningu tók hann miklu skár og sagði, að það væri þó vit í henni og hann vildi svara henni, og svarið var á þá leið, að hann byggist við, að um næstu áramót yrði kominn á greiðslujöfnuður. Að öðru leyti get ég svo látið útrætt um þetta atriði.

Ég sagði, að eins og nú væri ástatt væri ekki skemmtilegt að taka við völdum. Ég vil nú spyrja hæstv. ráðh., hvort honum finnist þetta ekki á rökum reist. Við skulum taka til dæmis fyrirtæki, sem upphaflega hefði verið gott, en búið væri að fara verulega illa með, jafnvel svo, að ekki væri sýnilegt, að því yrði bjargað frá gjaldþroti. Gæti þá ekki vel farið svo, að *margur hygginn maður* segðist ekki treysta sér til að taka við því, jafnvel þótt hann hefði áhuga fyrir fyrirtækinu og vildi því allt hið bezta? Þegar þannig er búið að fara með fjárhaginn, getur vel verið, að það sé allt eins heppilegt, að þeir, sem leitt hafa út í ófæruna, fái að fara með málin til enda. Það getur vel verið, að þjóð, sem er jafnóþroskuð í stjórnmálum og okkar þjóð er, þurfi jafnvel á svo ströngum skóla að halda til þess að augu hennar opnist. Ef aðrir tækju við og leiddu þjóðina út úr ógöngunum, þá gæti svo farið, að sumt af þeim ráðstöfunum, sem nauðsynlegar væru til bjargar, yrði skoðað sem óþarfa harð-

ýðgi og að þjóðin lærði minna á því en hún myndi ella gera.

Fjmrh. (Eysteinn Jónsson) [óyfirl.]: Ég skal ekki verða langorður, enda er hv. 1. þm. Reykv. farinn að koma alllítið inn á málið. (**MJ**: Ég elti hæstv. ráðh.). Það er ég, sem elti hv. 1. þm. Reykv. og svara því, sem hann er að deila á mig fyrir. Hann er nú farinn að linast allmikið með að halda því fram, að ég hafi sagt, að greiðslujöfnuður yrði kominn á í árslok 1935. Hann sagði nú, að orð mín hefðu verið þau, að ég byggist við, að greiðslujöfnuður yrði kominn á, — og þetta kalla ég mikla endurbót, því það er töluvert annað, hverju er lofað eða hverju er búizt við.

Þá var hv. þm. að tala um, að sig minnti, að ég hefði sagt í fyrra, að innflutningurinn þyrfti að komast niður í 32 millj. Það getur verið, að ég hafi sagt, að þetta kynni að koma fyrir einhverntíma í framtíðinni. En að það hafi legið fyrir að koma því á á þessu ári, er alveg misskilningur, sem betur fer. Enda yrði, ef svo mikið ætti að takmarka innflutninginn, að fylgja því gerbreyting á lífnaðarháttum þjóðarinnar, eftir því hve mikið er nú notað af erlendum vörum. En það hefir ekki legið fyrir, að þess þyrfti.

Það var í raun og veru aðeins eitt atriði, sem ég þurfti að svara, og það var um hina væntanlegu hlutdrægni, sem ég mundi beita í úthlutun innflutningsleyfa. Hann byggði þetta á því, sem ég sagði í ræðu minni hér í dag, að Framsfl. vildi hlynna að samvinnu í verzlun. Af þessu dregur hann svo þá ályktun, að ég muni vilja nota aðstöðu mína á óheiðarlegan hátt til framdráttar fyrir samvinnufélögin. Ég veit ekki, á hverju hann getur byggt þetta, nema ef það væri á því, að hann myndi sjálfur, ef hann fengi slíka aðstöðu, nota hana á óheiðarlegan hátt til framdráttar fyrir kaupmennina á kostnað samvinnufélaganna.

Þá skildist mér á hv. þm., að hann teldi ekki trútt um, að komið hefði fram hlutdrægni, sem átti að vera fólgin í því, að samvinnufélögunum hefði verið veitt ríflegri innflutningsleyfi en öðrum að tiltölu við innflutning fyrri ára. Þessu hefir einnig verið haldið fram í blöðum Sjálfstfl. Ég man ekki eftir neinu í málflutningi sjálfstæðismanna, sem hneykslaði menn eins gífurlega úti í byggðum landsins eins og þetta. Þegar menn koma í búðirnar og sjá þær hálftómar og ekkert í þeim annað en brýnustu nauðsynjar, þykir þeim nokkuð einkennilegt að sjá því haldið fram, að stj.flokkarnir beiti hlutdrægni við innflutninginn, kaupfélögunum og sveitunum í vil. Sjálfstæðismenn ættu að láta af slíkum málflutningi, því fjöldi þeirra eigin flokksmanna blygðast sín fyrir þá, enda margir félagar í kaupfélögum, og vita manna bezt, hve rúmt er um innflutninginn.

Þetta er líka greinilega hægt að sjá, ef borinn er saman innflutningur til kaupfélaga og kaupmannaverzlana. Þá sést, að kaupmennirnir flytja inn miklu meira af þeim vörum, sem höftin ættu fyrst og fremst að ná til. Ég vil því algerlega vísa þessu til föðurhúsanna, og ætti hv. þm. að spyrja flokksmenn sína, sem eru í kaupfélögum, hvort þau muni hafa hlutfallslega hærri innflutning en aðrir. (**MJ**: Hlutfallslega við hvað?). Hlutfallslega við verzlunarmagn og þau viðskipti, sem félögin hafa haft á undanförnum árum.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 8:3 atkv.

Á 84. fundi í Ed., 2. des., var frv. tekið til 2. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 9:7 atkv.
2. gr. samþ. með 9:6 atkv.
3. gr. samþ. með 9:7 atkv.
4.—5. gr. samþ. með 9:2 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 9:6 atkv.

Á 86. fundi í Ed., 4. des., var frv. tekið til 3. umr. (A. 631, 674, 687).

Fjmrh. (Eysteinn Jónsson) [óyfirl.]: Það er aðeins til að mæla með einni brtt., sem ég flyt við frv., á þskj. 674. Eins og hv. þdm. munu sjá, þá er hún við 2. gr. frv., þar sem gert er ráð fyrir, að mismunur á skattstiga þess og hinsvegar á skattstiga tekju- og eignarskattslaganna frá 9. jan. 1935, að viðbættum 10% viðaukanum, renni að hálfu í ríkissjóð og að hálfu til bæjar- og sveitarsjóða, þar sem skatturinn er á lagður. Nú er það svo, að þetta er ekki teljandi fyrr en komið er yfir 6000 kr. skattskyldar tekjur. En þegar felldir eru saman skattstigi frv. og skattstigi að viðbættum 10% viðaukanum, þá er ekki hægt að hnitmiða þá svo saman, að engin breyting verði á skattstiganum neðan við 6000 kr. skattskyldar tekjur. Þess vegna er brtt. flutt á þskj. 674, og ef hún verður samþ., mundi málsgr. hljóða svo: „Sá skattauki, sem lagður kann að verða á 6000 kr. skattskyldar tekjur eða þar yfir samkvæmt þessum lögum, skiptist í tvo jafna hluta“ o. s. frv.

Þetta er einungis gert til þess að forða skattanefndum frá þeirri fyrirhöfn að hafa tvöfaldan útreikning á öllum skattinum niður í 500 kr. skattskyldar tekjur. En mismunurinn er aðeins 1—2 kr. á 4000—5000 kr. tekjum o. s. frv. Ég álít, að slíkur útreikningur sé allt of mikil fyrirhöfn vegna þeirra smámuna. Ég vona, að hv. þd. geti fallizt á þetta; það munar ekkert um 1—2 kr. til eða frá, en þetta léttir til muna framkvæmd laganna.

Jón Auðunn Jónsson [óyfirl.]: Um nýbýlamálið hefi ég nokkuð aðra skoðun en ýmsir hv. þdm., þar á meðal ýmsir flokksbr. minir. Framsókn flaggar með, að framkvæmd þessa máls létti undir með smáatvinnurekendunum, þ. e. smábændum. Ég er þar á annari skoðun og skal í sem fæstum orðum rökstyðja hana. Þegar frv. um það mál kemur hér til d., skal ég gera betri

skil. Í fyrsta lagi er stefnt til stóraukinnar framleiðslu með nýbýlastofnun í stórum stíl. Öllum er kunnugt um það, að við erum langt frá því samkeppnisfærir á heimsmarkaðinum með okkar landbúnaðarafurðir, og þó allra sízt með mjólkurafurðir, en það er sú framleiðsla, sem nýbýlamenn munu einkum stunda. Innanlandsmarkaðurinn er meira en yfirfullur af þessari vöru, einkum meðan verðlagið og framleiðslukostnaðurinn er jafnhátt og nú er, en horfur á getu til niðurfærslu engar. Af þessu leiðir, að nýbýlamenn verða að keppa við bændur þá, sem nú eru, um hinn allt of takmarkaða innlenda markað. Í öðru lagi mun framleiðsla nýbýlamanna verða þeim mun ódýrari en bændanna, vegna hinna stórfelldu styrkja, sem nýbýlamenn njóta frá ríkissjóði umfram bændur, en af því leiðir, að þeir standa mun betur að vígi með sölu á hinum yfirfyllta markaði. Í þriðja lagi hlýtur nýbýlastofnun á þeim grundvelli, sem lagður er með frv., óhjákvæmilega að verðfella þau býli, sem nú eru fyrir, því að flestir munu kjósa að stofna nýbýli fremur en kaupa eða taka til ábúðar þær jarðir, sem nú eru í byggingu. Þegar á þetta er litið, tel ég, að ekki sé rétt að stofna til nýbýla í stórum stíl með því fyrirkomulagi, sem ráð er gert fyrir, þó með því verði skipulagðir afkomumöguleikar fyrir nokkrar fjölskyldur á ári. Eins og nú er, er fyllsta þörf fyrir miklu fleira fólk til vinnu í sveitum landsins. Bændurnir verða að vinna nálega sem ófrjálsir menn vegna þess, að þeir fá ekki fólk til að vinna fyrir það kaup, sem framleiðsla þeirra getur goldið. Af þessum ástæðum er margt vanrækt á sveitaheimilum, sem gæti gefið búunum arð, svo sem garðræktin. Tel ég skynsamlegra að veita styrk til kaupbætis fólki, sem vinna vill að sveitastörfum, og hjálpa með því bændum til sjálfsbjargar og létta undir með atvinnulausu fólki og þar með draga úr þörfinni fyrir atvinnubótastyrk. Stjórnarflokkarnir eru að reyna að bera á móti því, að hátollar og háskattar hnekki atvinnuvegunum og skapi þar með atvinnuleysi. Þetta er þeim um megn. Öllum er ljóst, að það fé, sem gengur til starfrækslu ríkisbúskaparins og ekki er notað til arðberandi framkvæmda, eyðist og kemur ekki að notum öðrum en þeim, sem taka laun úr ríkissjóði. Þetta fé hverfur úr umferðinni jafnskjótt og því er eytt. Hinsvegar er allt það fé, sem landsfólkið sparar, ýmist lagt beint í atvinnufyrirtæki eða þá lagt í peningastofnanirnar sem lánsfé, eða þá keypt fyrir það fasteignalánafé, og á þann hátt kemur það atvinnuvegunum til góða; t. d. kaup veðlánabréfa veitir fé til húsabygginga, jarðræktar eða annara starfa þjóðfélagsborgaranna. Sparifé lána bankarnir beint til atvinnuveganna. Til þess að atvinnuvegirnir hafi nóg veltufé, er fjársöfnun einstaklinganna nauðsynleg og eftir því sem ríkisvaldið er vægara í fjárkröfum til borgaranna, safnast meira fé. Þegar tollar og skattar eru lágir, eykst sparnaðarlöngun fólksins, því að þá sér það, að til einhvers er að vinna, en þegar tollar og skattar eru orðnir eins háir og hér hjá oss, þá þverr áhugi manna til sparnaðar. Það er líka margsannað, að opinber eyðslusemi leiðir af sér eyðslusemi hjá almenningi. Hver hefir verið krafa þjóðarinnar á undanförnum árum? Hún hefir verið og er sú, að fyllsta sparnaðar sé gætt í ríkisbúskapnum. Það mun langsamlega almennasta skoðunin, að fjárhagsleg viðreisn þjóðarinnar lánist því aðeins, að hins fyllsta sparnaðar sé gætt í fjárreiðum hins opinbera. Það er og upplýst, að fjvn. þingsins hefir verið að vinna að niðurfærslu útgjaldanna; hún virðist á sömu skoðun og allur almenningur um nauðsyn sparnaðar. Ríkisstj. ein og aðalstoðir hennar á þingi eru á annari skoðun. Hún heimtar stóraukna tolla og skatta, ekki til að safna í kornhlöður, enda er ekki slíkt árferði hjá atvinnuvegunum, að það sé forsvaranlegt eða fært. Hvað veldur? Þeir, sem bezt til þekkja segja, að mikið ósamkomulag hafi verið milli þeirra flokka, sem standa að ríkisstj., og til þess að brúa það ósamkomulag hafi orðið að grípa til þess að leggja milljóna bagga á þjóðina. Þessi stj., sem búin er að fá 3 millj. í auknum sköttum, tollum og öðrum tekjum hjá þinginu á einu ári, og á auk þess að fá milljón kr. niðurfærslu á útgjöldum ríkisins innan fárra vikna, hún heimtar nú 1 millj. í viðbót til þess að brúa með ósamkomulag stjórnarflokkanna. Hvílík óskammfeilni.

Einasta verðmæti, sem þjóðin hefir til að greiða með innfluttar vörur og afborganir og vexti af erlendum lánum, eru útflutningsvörurnar.

Það er því rétt að bera saman verðmæti útfl. vöru við hin beinu útgjöld ríkisins, eins og þetta hefir verið undanfarin ár. Það eru takmörk fyrir því, hversu miklum hluta útflutts verðmætis má verja til ríkisþarfa. Ef farið er of langt í því, verða ríkisútgjöldin of þungur baggi á framleiðslu landsmanna.

Rétt er að athuga, hver hlutföll hafa verið milli ríkisútgjalda og útflutnings síðustu tólf ár. Í ríkisútgjöldunum eru hér ekki teknar með afborganir lána. Þessi hlutföll líta þannig út:

Árið	1924	ca. 10%
—	1925	— 12—
—	1926	— 21—
—	1927	— 19—
—	1928	— 16—
—	1929	— 21—
—	1930	— 36—
—	1931	— 35—
—	1932	— 25—
—	1933	— 26—
—	1934	— 30—
—	1935 áætlað	— 32—

Það má telja alveg víst, að til þess að atvinnuvegunum sé ekki ofþyngt með útgjöldum til ríkisþarfa, þá megi þessi gjöld ekki fara yfir 20%.

Ég veit, að öllum er ljóst, að tollhækkanir valda vöruhækkun og þar með aukinni dýrtíð. Ég hygg, að verzlanir verði ekki skaðlausar af innheimtu tolla, vaxtatapi og vangreiðslum tollskyldra vara, ef þær leggja minna á tollinn en sem nemur 50% af tollfjárhæðinni. Tollvörur eru oft lánaðar og lánin greiðast oft illa; þess vegna hygg ég, að álagningin þurfi að vera svo há sem ég hefi nefnt, og er þá sjáanlegt, að tollhækkunin veldur verulegri verðhækkun.

Framsóknarmenn hafa viljað kenna sjálfstæðismönnum í Reykjavík um dýrtíðina hér í bænum og vilja telja mönnum trú um, að vegna dýrtíðarinnar í þessum bæ verði verkalaun að vera há og önnur héruð landsins verði svo að fylgja að mestu kaupgjaldinu hér, og þess vegna séu erfiðleikar framleiðenda meiri en vera þyrfti. Þessir menn vita, að ásökun á hendur sjálfstæðismönnum í Rvík er alröng, en hitt er aftur á móti augljóst öllum, að með skatta- og tollahækkun þeirri, sem þeir ætla nú að samþ. og áður hafa í samvinnu við jafnaðarmenn fengið lögfesta, bæði 1928 og á tveim síðustu þingum, eru þeir að auka dýrtíðina í Reykjavík og annarsstaðar, og jafnframt að torvelda eða gera ómögulega skattheimtu bæjanna til eigin þarfa. Þeir eru því í félagi við jafnaðarmenn, nú og áður, að vinna þau óþurftarverk, sem þeir, með röngu, hafa kennt sjálfstæðismönnum um.

Allir vita, að erfiðleikar bæjarfélaganna til tekjuöflunar eru slíkir, að ekki er fyrirsjáanlegt, hvernig þau komast fram úr erfiðleikunum. Til þess að sýna fram á, hversu útsvörin eru orðin há og taka mikinn hluta aflatekna manna í bænum, skal aðeins tekið eitt dæmi, sem sýnir glöggt, að hér eru meir en litlir erfiðleikar á ferðum.

Árið 1933 var tekju- og eignarskattur til ríkissjóðs frá bæjarfélögunum, en þau eru þessi: Reykjavík, Ísafjörður, Siglufjörður, Akureyri, Seyðisfjörður, Neskaupstaður, Vestmannaeyjar og Hafnarfjörður: um 1 milljón 260 þús. kr. Á sama tíma voru útsvörin hjá þessum sömu bæjarfélögum: um 3 millj. 650 þús. kr. eða um 290% hærri en tekju- og eignarskatturinn.

Í þremur þeirra, Ísaf., Seyðisf. og Neskaupstað, voru útsvörin um 8—900% hærri en tekju- og eignarskatturinn til ríkissjóðs.

Nú kemur öllum saman um, að hækkun tekjuskattsins komi harðast niður á bæjarfélögunum og torveldi þeim alveg sérstaklega að afla tekna með útsvörum. Sjá þá allir, að slík hækkun sem farið er fram á með frumv. þessu mun auka stórkostlega á vandræði bæjarfélaganna.

Ég vil enganveginn neita því, að ástæður geti verið til að leggja á hátekjuskatt eitt og eitt ár í bili, en eina ástæðan, sem getur heimilað slíkt er, að fé, sem inn kemur með slíkum skatti, sé notað til þess að leysa varanleg vandræði ríkissjóðs, svo sem til þess að borga af skuldum meira en gert er í venjulegum árum. Jafnframt verður að velja sæmilegt árferði til slíkrar aukaskattheimtu.

Flutningsmenn segja í greinargerð fyrir frumv., að tekjur þær, sem það færir ríkissjóði, eigi að nota í sérstökum tilgangi, þar á meðal þessa: Til skuldaskilasjóðs vélbátaeigenda 160 þús., mjólkurbúa 55 þús., greiðslu vaxta af fasteignalánum bænda 75 þús., greiðslu vegna ofviðristjóns á Norðurlandi 60 þús., til iðnlánasjóðs 25 þús., frystihúsa 20 þús. og fóðurtrygginga 20 þús. krónur. Þetta er og í beinu sambandi við 1. gr. frumv. (skrumauglýsinguna).

Í þær var útbýtt í þinginu brtt. fjvn. við fjárlfrv. stj. fyrir árið 1936, og kemur þá í ljós, að nefndin hefir tekið allar þessar fjárhæðir í tillögur sínar. Hér er því um að ræða alveg einstæða og í mesta máta óskammfeilna blekkingartilraun frá hendi flm. frumv. Ef fjvn. hefði skilað fjárlfrv. með tekjuhalla, þá hefðu flm. haft tylliástæðu fyrir þessari staðhæfingu, en nú, þegar nefndin skilar fjárlfrumv. með um 130 þús. kr. tekjuafgangi, þá er ekki einu sinni tylliástæða fyrir þessari einstæðu blekkingartilraun.

Ég er viss um, að enginn þingnefnd hvað þá ríkisstjórn, í neinu hjáleigulandi, hvað þá ríki, sem hefði fjárhagslegt sjálfsforræði, annarsstaðar en hér á Íslandi, hefði gert sig seka um slíka pretti gagnvart löggjafarþingi. Með þessu er fallinn sá grundvöllur, sem flm. hafa byggt á tekjuaukaþörf frumv. að mestu leyti.

Ein af tilraunum frumvarpsflytjenda til þess að dylja, hversu þungbær tollahækkun frumv. er öllum almenningi í landinu og hversu dýrtíðin eykst við tollhækkunina, er sú, að þeir segja, að tollarnir verði þrátt fyrir hækkunina ekki meiri að hundraðshluta af tekjum ríkissjóðs en þeir hafi verið á undanförnum árum. Ég veit ekki, hvað þeir meina með þessu annað en það að fá fólk til að trúa því, að dýrtíðin aukist ekki við tollhækkunina, eða að vöruverðið hækki ekkert við tollahækkanir.

Þetta er röksemd, sem engan getur blekkt. Allir vita, að verzlanirnar verða að leggja tollinn á vöruna og vexti af tollfjárhæðum og verzlunarkostnað, ekki einasta tollinn, heldur einnig um 50% álag á tollinn, til þess að vera skaðlaus af innheimtu hans og áhættu við að lána tollvöruna til viðskiptamanna.

Er þá rétt að athuga, hvað aðflutningstollarnir hafa numið miklu hundraðsgjaldi af innfluttum vörum síðan 1923, en þá var samþ. talsverð tollahækkun, sem á næstu árum, 1924—1927, var varið til þess að afborga ríkisskuldirnar og til þess að safna í sjóð til verri áranna, 1924 var því lofað af þeim flokkum, sem stóðu að tollahækkuninni, að tollarnir skyldu lækkaðir aftur þegar búið væri að koma fjárhag ríkissjóðs á réttan kjöl, en að tollhækkuninni 1924 stóðu núv. sjálfstæðismenn með aðstoð Framsfl.

Þegar kom fram á árið 1927 lækkuðu sjálfstæðismenn, sem þá fóru með völdin, tollana sem nam um 800 þús. kr. á ári, enda hafði verið bættur svo fjárhagur ríkissjóðs, að afborganir skulda og sjóðsöfnun nam um 9 millj. króna. Tollar á aðfluttum vörum höfðu fyrir 1924 numið um 6% af verðmæti innfl. vöru, en eftir tollahækkunina, sem að nokkru leyti kom á vörurnar 1924, varð hundraðshluti innflutningstollanna, þ. e. vörutolls, verðtolls, tóbakstolls, áfengistolls, kaffi- og sykurtolls, og annað aðflutningsgjald svo sem hér segir:

Árið 1924	um	7 %
— 1925	—	11 —
— 1926	—	10 —
— 1927	—	10,5—
— 1928	—	10 —
— 1929	—	11 —
— 1930	—	11 —
— 1931	—	13 —
— 1932	—	10 —
— 1933	—	13,5—
— 1934	—	19 —

Með þeim tollahækkunum, sem gert er ráð fyrir í frumv., er það sýnilegt, að á árinu 1936 verður þessi hundraðshluti milli 21 og 23%.

Bæti maður við tollinn álagningu verzlana, eins og að framan greinir, virðist auðsætt, að landsmenn verði að borga til jafnaðar 30 til 35% af andvirði allrar innfluttrar vöru árið 1936 í toll og verzlunarkostnað af tolli. Ég býst við, að einhverjum komi til hugar að spyrja: Loftarðu þessu, Pétur? Loftar þjóðin þessum böggum?

Er ekki afkomu bæjarfélaganna og hreppsfélaganna stefnt í voða með svo freklegri skattheimtu, tolla og skatta til ríkissjóðs? Er mögulegt, að atvinnuvegirnir, sem beint og óbeint eiga að inna þessi gjöld af hendi til ríkisþarfa, og að auki viðlíka byrðar til bæjar- og sveitarfélaga, geti staðið undir þeim klyfjum?

Umr. frestað.

Á 87. fundi í Ed., 5. des., var fram haldið 3. umr. um frv. (A. 631, 674, 687, 693).

Guðrún Lárusdóttir: Ég hefi borið fram nokkrar brtt. við frv., og vona ég, að menn fallist á, að þær séu ekki óþarfar. Fyrst eru allskonar búsáhöld og eldhúsáhöld. Finnst mér óþarfi að vera að auka tolla á þessum hlutum. Það má reyndar segja, að nokkuð af þessu megi smíða hérlendis, en þó að svo væri, myndi hár tollur verða til þess að halda uppi verðinu innanlands. Hér er um vörur að ræða, sem menn eru komnir upp á að nota og geta ekki verið án, og er eftir litlu að seilast, ef fara á að hækka tolla á þeim.

Þá eru nefndar greiður, og býst ég við, að átt sé við hárgreiður. Enda þótt kvenfólk sé nú farið að klippa af sér hárið og margir karlar séu sköllóttir, held ég, að greiður verði að teljast með nauðsynlegum hlutum.

Þá kem ég að kaffinu. Ég skil ekki, hvernig mönnum dettur í hug að fara að auka tollinn á þessari vöru, sem fólk getur alls ekki án verið nú á tímum. Það er ekki til neins að segja, að mjólk geti komið í staðinn fyrir kaffi a. m. k. ekki í kaupstöðunum. Til þess er mjólkin þar allt of dýr vara. Kaffið er nú orðið einskonar þjóðardrykkur hjá okkur Íslendingum, og nærri því það eina, sem heimilin hafa sér til hátíðabrigðis og hressingar.

Þá held ég, að ennþá beri að telja olíulampa til nauðsynja. Ef rafmagn væri orðið svo algengt hér á landi, að olíulampar væru óþarfir, þá væri ekkert við þessum tolli að segja. En svo er ekki. Reyndar má segja, að þessi tollur sé ekki ýkjahár, en betra væri þó að hafa hann engan, og óviðfelldið að auka verð á jafnnauðsynlegum varningi.

Þá er stívelsið. Ég veit ekki, hvort efnagerðir hér framleiða það. En það er varningur til iðnaðar. Hafa allmargar stúlkur atvinnu af því að stífa og sterkja lín, og þær þurfa á þessum varningi að halda. Þetta er auk þess dýrt efni. Straukonur segja mér, að þær þurfi að nota allmikið af þessari vöru. Sama er að segja um straujárn. Þó að sumstaðar sé hægt að nota rafmagnsjárn, verða menn samt víða enn að notast við tungujárnin gömlu, eða þá pönnujárn. Því sting ég upp á, að þessir hlutir verði ekki tollaðir meira en orðið er.

Þá held ég, að telja verði sykur svo mikla nauðsynjavöru, að óhætt sé að segja, að ekkert heimili geti án þeirrar vöru verið.

Um tauvindu er sama að segja og um straujárn, að allar þvottakonur þurfa á þeim að halda. Auk þess gera vindurnar mikið gagn með því að spara slit á þvottinum. Það, sem undið er í tauvindu, slitnar ekki eins illa og það, sem undir er í höndunum. En það er ekki von, að karlmenn viti þetta almennt. Svipað er að segja um þvottabretti og þvottaefni. Þetta eru allt nauðsynjar til daglegrar iðju og hreinlætisnota. Hér í bæ er stétt kvenna, sem lifir á því að þvo þvotta, og finnst mér ekki rétt að seilast eftir lífsviðurværi þeirra, með því móti að auka verð vörunnar, er þær þurfa svo mjög að nota til starfa sinna.

Þá er hér talið tau og tvinni, band og garn. Ég skil ekki, hvi mönnum er svo uppsigað við tvinnann. Hann er sem sé nefndur tvisvar í frv. En það er um tvinnann að segja, að án hans kemst ekkert heimili af, hvort heldur það er efnað eða efnalaust. Sú tíð kemur ekki aftur, að konur spinni saumþráð, enda væri ekki hægt að nota slíkan þráð á saumavélar. Annars get ég hryggzt yfir því, að hætt skuli vera að spinna þráð; það var veruleg list. En eins og nú er komið, er tvinninn orðinn okkur ómissandi til að viðhalda fötum og sauma föt. Ég býst ekki við, að hv. þdm. viti, að eitt tvinnakefli kostar 25—30 aura, svo lítið sem á því er (150—200 yards). Þetta munar þar að auki svo litlu fyrir ríkissjóðinn, en fátækar konur munar mikið um það, þegar allt hækkar í verði. Ég geri það því að till. minni, að tollur falli niður á öllu þessu. Það má segja, að band og garn sé framleitt í landinu. Þó freistast menn oft til að kaupa heldur það erlenda, því bæði þykir það fallegra í lykkju, og eins er það sterkara. Ég vonast til þess, að íslenzkar verksmiðjur geti bráðum framleitt eins gott garn. En þangað til er ekki rétt að leggja svo mikið á það útlenda, að fólk geti yfirleitt ekki veitt sér það.

Það mætti e. t. v. segja, að við gætum verið án þriggja vörutegunda, sem nefndar eru í 3. tölul., en það er kakó, kryddvörur og sagó. Þó þykir mér undarlegt að reynt skuli vera að ásælast toll af þessum vörum. Sagó er sjúklingafæða og smábarna. Kryddvörur eru til bragðbætis, og þykir öllum þær góðar í munni, og sama er að segja um kakó, sem þar að auki er heilnæmur drykkur og handhægur.

Þá legg ég áherzlu á, að ekki verði bætt við toll á skófatnaði, sem verður að teljast til lífsnauðsynja allrar þjóðarinnar. Hér þýðir ekkert að segja eins og konan, sem kom í skóbúðina á dögunum. Þar fengust ekki skór, og búðarstúlka kenndi yfirvöldunum um, að skórnir fengjust ekki innfluttir. Konan sagði, að þá væri ekki annað en að sauma sér íslenzka skó. Þetta er hægt að segja, en síður hægt að framkvæma, og hrædd er ég um, að okkur brygði við, ef við þyrftum að fara að gera okkur á fæturna að gömlu lagi. Skófatnaðurinn er þegar mikið toll-

aður. Skófatnaðarkaup eru með stærstu útgjöldum margra fjölskyldna. Þá eru buxnatölur, krókapör, smellur, leggingar, snúrur og teygjubönd. Sumt af þessu þyrfti kannske ekki að vera til, frá sjónarmiði karlmanna. En sú saumakona verður vandfundin, sem ekki telur þetta nauðsynjar.

Mestum tolli gerir þó frv. ráð fyrir á grænmeti, sem sé 25%. Nú er lögð mikil áherzla á bætiefni í fæðu manna. Virðist því vera nokkuð úr vegi fyrir löggjöfina að fara að tolla þessar vörur svo mjög, að það verður ofurefli annara en efnaða fólksins að kaupa þær. Hefir mikið verið talað um, að auka beri grænmetis- og kartöflurækt hér á landi. Það er gott og blessað. En hér eru stutt sumur, og getur oft farið svo, að lítið verði til af innlendu grænmeti eftir sumarið. Hvað ciga menn þá að gera, ef ekkert er hægt að fá af því tægi annað en uppskrúfaða ávexti, sem fáir geta keypt?

Þá eru þurrkuðu ávextirnir. Þeir eru að vísu ekki eins hollir og þeir nýju, en þó er gott að geta gripið til þeirra, þegar annað fæst ekki. Þeir eru nú þegar orðnir fulldýrir, svo að fæstir geta lagt sér þá til munns. T. t. sveskjupundið komið upp í kr. 1.50. Trúi ég því ekki öðru en að hv. þdm. sjái sér fært að fella niður með öllu þennan toll.

Loks hefi ég lagt til, að tollur falli niður af hljóðfærum og músíkvörum. Mér er reyndar ekki ljóst, við hvað átt er með músíkvörum, en líklega er það helzt grammófónar, nótnabækur og þess háttar. Músík er einhver fegursta list, sem menn geta notið og er leiðinlegt að torvelda mönnum með lögum að njóta þeirrar listar.

Ég legg brtt. þessar hér fram og vona, að einhver af þeim fái að lifa, en legg sérstaka áherzlu á ávextina. Margt er það, sem er nytsamt, en fátt þó nauðsynlegra en það að geta keypt ávexti handa ungum og gömlum, og lítið gagn að því, að þeir séu til í búðum, ef þeir eru svo dýrir, að fólk geti ekki keypt þá.

Magnús Jónsson [óyfirl.]: Ég ætla ekki að hefja almennar umr. um þetta frv., vegna þess að bæði hefi ég gert það nokkuð hér við fyrri umr. og einnig í eldhúsumr. En ég hugsaði mér að bera fram hér eina brtt., sem flutt er fyrir tilmæli rafmagnsstjóra og bæjarstj. Rvíkur, og ég hefi talað við hæstv. fjmrh. og form. fjhn., og þeir eru því alveg samþykkir. En brtt. er um það, að í þann kafla 3. gr., þar sem tilgreindar eru vörur, sem undanþegnar eru þessu nýja gjaldi, að taka þar undir vörur, sem fluttar eru inn vegna Sogsvirkjunarinnar, því líklega er það af athugunarleysi, að þetta er ekki undanskilið í frv. Það stendur svo á um þessa virkjun, að mjög mikill hluti af því, sem til hennar þarf, mun verða fluttur inn á næsta ári og Sogsvirkjunin yrði væntanlega að greiða 100 þús. kr. í innflutningsgjöld. Sogsvirkjunin hefir verið undanþegin ýmsum gjöldum. Allir útreikningar um þetta fyrirtæki eru gerðir án tillits til þessa nýja gjalds, og þess vegna ekki nema eðlilegt, að þessar vörur séu undanþegnar því.

Ég býst ekki við að þurfa að tala meira um þetta, vegna þess að hæstv. fjmrh. og form. fjhn. hafa tjáð sig hlynnta því.

Hv. 2. þm. Rang. bað mig, svo brtt. hans færu ekki svo frá umr., að um þær yrði þagað, að skýra þær með fáeinum orðum, ef hann yrði ekki sjálfur viðstaddur. Fyrsta brtt. hans er um að breyta til um ákvæðin um það, hvaða partar af tekjuskattinum skuli ganga til bæjarsjóða og sveitarsjóða. Það er svo ákveðið í frv., að helmingurinn af skattaukanum skuli ganga til bæjar- og sveitarsjóða, en í brtt. hv. 2. þm. Rang. er svo ákveðið, að 1/10 af skattinum skuli ganga til bæjar- og sveitarsjóða. Þetta er fyrirkomulagsbreyting, sem ég hygg hentuga. Þetta kostar samkv. frv. tvöfalda reikninga. Annarsvegar að reikna tekjuskattinn fyrst og síðan tekjuskattaukann og hvað mikið af honum kemur til bæjar- og sveitarsjóða, en þetta verður einfaldara með brtt. hv. 2. þm. Rang., en hann miðar við það, að nákvæmlega sama upphæð komi út til bæjar- og sveitarfélaga. Skatturinn er áætlaður 400 þús., og helmingurinn er þá 200 þús., en allur skatturinn er áætlaður um 2 millj. og 1/10 af því er líka 200 þús., svo sama upphæð gengur til bæjar- og sveitarsjóða, en munurinn er sá, að þetta er einfaldara í útfærslu.

Um a-liðinn í brtt. þarf ég ekki að tala hér; ég held að hann sé fólginn í öðrum brtt., sem talað var um hér næst á undan mér. Um b-lið till. býst ég við, að allir geti orðið sammála, en það er um að undanþiggja fiskipressur. Það er áhald, sem er nauðsynlegt að hafa, þegar flytja á út harðfisk, til þess að pressa fiskinn saman, svo hann rúmist betur í skipum. Þetta er í samræmi við mörg önnur áhöld, og eitt af mörgu, sem alltaf hlýtur að vanta í slíka upptalningu.

Ég hefi afhent hæstv. forseta afrit af þessari brtt., sem ég mælti hér fyrir fyrst, og vil óska, að hann leiti um hann afbrigða, svo þetta gæti komizt til ákvörðunar nú.

Forseti (EÁrna): Mér hefir borizt skrifl. brtt. frá hv. 1. þm. Reykv., svo látandi: [Sjá þskj. 704]. Þarf tvenn afbrigði til þess að brtt. þessi geti komizt að nú.

ATKVGR.

Afbrigðin leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

Fjmrh. (Eysteinn Jónsson) [óyfirl.]: Ég ætla að fara örfáum orðum um þær brtt., sem hér liggja fyrir. Ég hefi þegar mælt fyrir brtt. á þskj. 674. Þá er brtt. á þskj. 687, frá hv. 2. þm. Rang. Um fyrri till. vil ég segja það, að ég sé ekki ástæðu til þess, að hún sé samþ., og legg á móti því, af þeirri ástæðu, að eins og gengið er frá frv. nú, er það ljóst tekið fram, að bæjar- og sveitarsjóðir fái aðeins helming af þeim viðauka, sem næst með frv. þessu. En með brtt. er gengið inn á þá braut, að bæjar- og sveitarsjóðir skuli fá vissan hluta af öllum tekjuskattinum, og af því ég vil ekki ganga inn á það, að bæjar- og sveitarsjóðir fái einn eða neinn hluta af þeim tekjuskatti, sem áður var, þá legg ég á móti þessari brtt. hv. 2. þm. Rang. Brtt. á þskj. 674 á að verða til þess að gera miklu auðveldari framkvæmd skiptingarinnar heldur en hún var eins og frv. er í fyrstu. Við höfum athugað þetta hér í skattstofu Rvíkur, og ég

held, að ekki verði mikil aukavinna við útreikning þessa nýja skatts og skiptingar hans.

Að a-lið 2. brtt. kem ég síðar, en b-liður þeirrar till. legg ég til, að verði samþ.

Þá kem ég að brtt. á þskj. 693, frá hv. 5. landsk., sem er um að ýmsar vörur verði felldar undan gjaldinu, og færði hv. þm. ýms rök fyrir þessum brtt. Ég veit ekki, hvort ég endist til að fara yfir alla liðina, en mun þó minnast nokkuð á flesta þeirra.

Um fyrstu tvo liðina er það að segja, að þeir eru hafðir í þessum 5% flokki vegna þess, að þó ýmsar vörur, sem þar eru taldar, séu nauðsynlegar, þá er innkaupum þeirra þannig háttað, að tiltölulega lítið er keypt árlega og kemur létt niður, þótt lítið gjald komi á þær. Um hreinlætisvörurnar er það að segja, að ýmsar þeirra eru framleiddar í landinu sjálfu, og virðast góðar. Um kaffið og sykurinn vil ég vísa til þeirra röksemda, sem komu frá hv. 4. landsk., þegar málið var til 1. umr. Það verður að teljast, í þeim gjaldeyrisvandræðum, sem nú eru hér, að eðlilegt sé, að innlendar vörur komi að einhverju leyti í staðinn fyrir þessa vöru og þess vegna sé ekki eins slæmt, þó innflutningsgjald sé sett á hana. Núv. stjórnarflokkar lækkuðu kaffitollinn í fyrra, svo að hann verður nú með þessari viðbót lægri en hann var áður. Ég man ekki, hvort hv. 5. landsk. var með því í fyrra að fella þetta gjald niður, en yfirleitt voru stjórnarandstæðingar á móti því. Ég er meðmæltur því, að olíulampar séu felldir niður, og mun stafa af vangá, að það hefir ekki verið gert. — Um þvottaefni og annað tilheyrandi þvottinum vil ég segja svipað og ég sagði um a- og b-liðina; sumpart kaupir almenningur lítið af þessari vöru *og sumpart eru þær innlend framleiðsla.*

Um 2. tölul., þar sem talað er um fatnað, band, garn o. fl., get ég ekki verið sammála því, að þetta sé fellt niður, m. a. vegna þess, að ef á að leggja á aðflutningsgjald, þá er ekki ósanngjarnt, að það komi á þennan varning, vegna þess að nú er hægt hér í landi að framleiða mikið af *þeim fatnaði, sem nauðsynlega þarf. Þó menn* vilji kaupa sér tízkuföt úr útlendu efni, þá er hægt að mestu að komast hjá slíku, ef menn vilja. — Sama er að segja um band og garn.

Um tvinnann er það að segja, að þar get ég mælt með því, að hann sé felldur undan. Það er rétt, að þó menn saumi úr innlendu efni, þá verður að næla því saman með tvinna. — Um *d-liðinn er sama að segja; ég get fallizt á,* að þær smávörur, sem þar um ræðir, falli niður, með tilliti til þess, að þær þarf að nota þótt saumað sé úr innlendu efni. Kakaó, krydd og sagó tel ég hliðstætt við kaffi og sykur.

Um skófatnað er það að segja, að eins og frv. ber með sér, er færður yfir í 2% flokk allur skófatnaður úr gúmmí, sem vinnandi fólk notar *mest, en um annan skófatnað vil ég segja* það, að eftir því sem verzlunarálagningin er á skófatnaði, þá er ekki óeðlilegt, þó ríkisstj. sumpart vilji ná hluta af þeirri álagningu til ríkissjóðs og sá skófatnaðurinn, sem fátæka fólkið notar mest, er gúmmískófatnaður.

Þá kem ég að 4. tölul., sem er um ávexti og grænmeti. Ég er mjög eindregið á móti þeim till. öllum, sem þar eru bornar fram, því ég sé ekki, að nauðsyn sé fyrir landsmenn að kaupa eins mikið inn af ávöxtum og gert er. Þeir, sem vilja kaupa þá, verða að greiða þetta gjald. Hv. 5. landsk. talaði um þá miklu hollustu í sambandi við notkun þeirrar vöru. Ég efast ekki um, að þeir eru hollir, en það má fá marga innlenda fæðu eins holla og þessa ávexti og nota hana í staðinn, ef menn vilja koma sér hjá að greiða þetta gjald. — Ég sé ekki ástæðu til að fella niður grænmeti, eins og nú er háttað hér, því grænmeti er hægt að rækta hér á landi, og þetta gjald mundi geta orðið til þess, að menn hættu að kaupa útlent grænmeti og ykju því framleiðsluna í landinu sjálfu.

Þær vörur, sem nefndar eru á 5. tölul., get ég ekki fallizt á, að séu felldar niður. Ég get sagt það, að þó það sé að sumu leyti nauðsynlegt að flytja inn músikvörur og hljóðfæri, verður að telja, á þessum tíma, annað nauðsynlegra, og er rétt, að þeir, sem geta veitt sér slíkan innflutning, greiði um leið gjald til opinberra þarfa.

Það eru þá tveir liðir, sem ég legg til, að verði samþ.: d-liður í 1. till. og d-liður í 2. till. En nú er það eins og hv. 5. landsk. sagði, að tvinninn er í tveimur stöðum í frv., en í till. þessum aðeins tekinn burt á öðrum staðnum. Það þarf því að flytja brtt. við 3. málsgr. um það, að orðin „tvinni allskonar" falli burt, og leyfi ég mér að flytja skrifl. brtt. um þetta, til þess að tryggja, að allur sá smávarningur náist út úr frv. Ég mun afhenda hæstv. forseta þessa till., þegar ég hefi lokið máli mínu.

Um hina skrifl. till. hv. 1. þm. Reykv. skal ég taka það fram, að ég vil leggja til, að hún verði samþ. Ég tel sjálfsagt að fella undan gjaldi þann varning, sem til Sogsvirkjunarinnar fer samkv. fyrir fram gerðum samningi.

Þá vil ég minnast á ræðu hv. þm. N.-Ísf. Hún var mjög almennt um málið eins og það liggur fyrir, og ætla ég ekki að fara út í það að rekja hana, en hann sagði, að sér virtist af þeim gögnum, sem fyrir lægju, að verulegur hluti af þessum *gjöldum væri lagður á að óþörfu,* því eftir afgreiðslu á fjárlagafrv. væri gert ráð fyrir 145 þús. kr. tekjuafgangi, og þá mundi ekki þurfa að fá þetta gjald. Út af þessu vil ég taka það fram, eins og tekið er fram á áliti fjvn., að það er álit mitt, að það þurfi að lækka tekjuáætlunina a. m. k. um 300 þús. kr., og hefir mikið verið um það rætt í fjvn. Þá vil ég og benda á, *að ekki var búið að taka inn ný framlög,* sem samþ. verða á þessu þingi, og tel ég, að þau muni verða um 855 þús. kr., og er þá 710 þús. kr. halli á frv., sem ég held, að þurfi að vega upp. Auk þess koma þar hækkanir, sem verða á frv. við 2. og 3. umr., og mun ekki of í lagt, að það verði á milli 1—2 hundr. þús. kr., og útkoman er þá sú, að það vantar tekjur fyrir *þeim gjöldum, sem sett verða í frv.* Að öðru leyti ætla ég ekki að fara út í ræðu hv. þm. N.-Ísf.; hún var almenn ádeila á þá fjármálastefnu, sem fram kemur í frv. Því hefi ég svarað á öðrum vettvangi, og það er komið í þingtíðindin, svo ég sé ekki ástæðu til þess að endurtaka nokkuð af því.

Þorsteinn Þorsteinsson: Það er nú þegar búið að ræða mikið um frv. þetta. Ég sé ekki ástæðu til þess að fara nú út í það almennt, en lýsi því yfir strax, að ég er mótfallinn 3. gr. frv. að öllu leyti, en þar sem ég geri ráð fyrir, að búið sé að ákveða að samþ. frv. þetta af stjórnarflokkunum, þá vildi ég samt sem áður koma fram hér með brtt., sem ég hefi þegar afhent hæstv. forseta og beðið hann að bera undir hv. d. á sínum tíma. Sú brtt. er aðeins til leiðréttingar, að mér skilst, á frv. þessu. Það hafa fallið undan einstaka tegundir, sem ég geri ráð fyrir, að sé af gleymsku. Ég hefi viljað bæta úr þessu, en ég hefi ekki tekið upp nema lítinn hluta af því, sem hefði átt að lagfæra. Það eru baunir, hveiti og svo trjáviður og þakjárn. Eftir því, sem frv. þetta er nú, skilst mér, að þessar fjórar tegundir falli undir 2% gjaldið. Ég hefi ekki rekið mig á, að þær séu neinstaðar teknar undan hér í frv. Ég tel þessar vörur svo nauðsynlegar, að ekki sé ástæða til þess að setja á þær verðtoll. Nú nýlega var borið fram frv. um styrk til byggingar á járnvörðum heyhlöðum, og í þær þarf bæði járn og timbur. Þetta frv. er nú búið að fella, og ég get tæplega trúað því, að því verði nú ennfremur svarað með því að setja toll á það efni, sem þarf til þessara bygginga. Annars vænti ég þess, að hv. stjórnarflokkur taki þessa till. mína til athugunar og samþ. hana.

Þorsteinn Briem [óyfirl.]: Ég ætla ekki að tala um afstöðu mína til frv. í heild. Ég hefi átt þess kost á öðrum vettvangi, en ég vildi víkja nokkrum orðum að einstökum atriðum í 3. gr. Eins og menn munu hafa tekið eftir, er í frv. gert ráð fyrir, að jafnalgengt verkfæri eins og skóflur falli undir þá tollálagningu, sem hér um ræðir. Ég vildi leyfa mér að flytja skrifl. brtt. um þetta efni og jafnframt að í undanþáguákvæðunum í sömu gr. komi ákvæði um það, að landbúnaðarverkfæri allskonar séu undanþegin þessum tolli. Ég hefi ekki talið ástæðu til þess að telja upp öll þau mörgu verkfæri, sem þar koma til greina og ekki eru talin í frv., en þau eru margbreytileg, sérstaklega þau, sem notuð eru til garðyrkju. Í 3. lagi gengur mín skrifl. brtt. út á það, að á eftir orðinu „rúgur" komi: og fóðurvörur allskonar. Ég veit vel, að það er rétt stefna að takmarka hæfilega innflutning á fóðurvörum, svo þær séu ekki notaðar meira en þörf krefur. En við þekkjum öll svo mörg ný og gömul dæmi þess, að það hefir orðið óhjákvæmilegt að flytja inn fóðurvörur. Venjulega er verðlaginu þannig hagað á markaðinum, að maís er nokkru ódýrari en rúgur til fóðurbætis. Það, sem vakti fyrst og fremst fyrir mér, er, að menn yrðu ekki skattlagðir í harðærum. Jafnframt er þess að gæta, að þær fóðurvörur, sem við getum framleitt og er sjálfsagt að nota, koma ekki að fullum notum handa sumum tegundum búpenings, nema útlendur fóðurbætir sé gefinn með. Síldarmjöl og fiskimjöl hefir ekki inni að halda þau réttu hlutföll efna, sem þurfa til mjólkurframleiðslu. Ég vænti þess, að með innflutningsnefnd, sem nú er, sé vel hægt, þó þetta gangi fram, að tryggja það, að ekki sé flutt inn um of, og það má ekki minna vera en að kosti bænda sé ekki þröngvað, þegar búrekstur þeirra krefst þess, að þessar vörur verði að nota. Ég vil því bera fram skrifl. brtt. í þá átt, og ætla hér með að afhenda hæstv. forseta hana, ef hann vill leita um hana afbrigða, svo að hún megi koma til umr.

Magnús Guðmundsson: Hæstv. fjmrh. fór að svara hér nokkrum orðum því, sem hv. þm. N.-Ísf. hafði vikið að þessu frv., og gefur það mér tilefni til, af því að það er að nokkru leyti það sama, sem ég sagði við 1. umr., að rifja það mál upp.

Ég sagði þá, það sem nú er séð að var satt, að fjvn. hefði tekið inn í till. sínar marga af þeim gjaldliðum, sem hér er stungið upp á að afla tekna fyrir, og þó hafði fjvn. eftir till. sínum nokkurn tekjuafgang. Eftir þessu ætti að vera augljóst, að það þarf ekki eins miklar tekjur eins og hér er gert ráð fyrir, svo framarlega sem till. fjvn. verða samþ., en um það veit enginn enn. Það eru ekki nema 4 liðir, sem ekki eru tekjur fyrir, og þó ekki að öllu, eingöngu eru það ekki nema tveir liðir, 300 þús. og 200 þús. krónur, því þó samþ. verði frv. um fóðurtryggingar og kartöfluverðlaun, sem er vafasamt, þá er tekjuafgangur fyrir því. En hæstv. ráðh. segir, að hann telji, að tekjuáætlun sé of há, og kemur mér það á óvart, því hæstv. ráðh. var með í því, fyrst þegar nefndin byrjaði starf sitt, að áætla þessar tekjur, og ég veit ekki betur en að hann hafi fengið till. sínum framgengt þá. Hann kom svo á fund og sagði, að það yrði að lækka ýmsa áætlunarliði um hálfa millj. kr., en var aftur á móti fús til að hækka ágóða vínverzlunarinnar um 200 þús. kr., og mig undrar það ekki, því tekjur af vínverzluninni voru áætlaðar 200 þús. kr. lægri en þær sjáanlega verða þ. á. Því hefir verið lýst yfir, að ætlunin væri að hækka verð vínanna, og ætti þetta því að vera óhætt. Ég kæri mig ekki um það nú að fara nákvæmlega út í þetta; ég geri ráð fyrir, að tækifæri verði til þess við umr. um fjárlög, en ég er hræddur um, að hæstv. ráðh. hafi gleymt einum verulegum tekjulið, sem kemur nú á þessu ári, sem sé tollum af efni og vörum til Sogsvirkjunarinnar. Ég hefi útvegað mér upplýsingar um þetta, og það er ekki smáræði, því það, sem flutt hefir verið inn á þessu ári, er ekki nema brot af því, sem flutt verður inn næsta ár, ég hygg ekki meira en ⅕ af því. Ég hefi eftir góðum heimildum, að tollar af þessum vörum muni nema ¼ millj. alls. Ég vildi, að þetta kæmi fram hér, en ég mun nánar koma að því undir umr. um fjárl. í Sþ.

Ég sagði hér nokkur orð við 1. umr. málsins, en varð þá að fara á fjvn.fund og veit því ekki vel, hverju hæstv. ráðh. hefir svarað þá. Ég hefi þó fengið útdrátt úr svörum hans, en ég bið afsökunar, ef ekki er rétt með farið; ég svara eftir því, sem í útdrættinum stendur. Hann sagðist ekki hafa tekið á byrgð á því, að áætlunarliðir fjárl. stæðust. Ég hefi aldrei sagt, að hann hafi gert það. Hitt sagði ég, að hann lýsti yfir í fyrra, að ástæðan til þess, hve fjárl. voru áætluð há, væri sú, að hann hefði áætlað

í fyrsta skipti rétt liði fjárlaganna. Ég sagði honum það þá, og segi það aftur nú, að þetta er viðleitni, sem alltaf hefir verið viðhöfð og alltaf hefir mistekizt, eins og líka hefir komið fram nú. Hans áætlanir í fyrra reyndust of lágar, svo nú hefir orðið að hækka stórlega hans eigin áætlun.

Ég talaði nokkuð um það, að bak við fjvn. sé komið með nýja skatta og ný aukin gjöld, því það var aldrei orðað í fjvn., að ríkisstj. væri að koma með nein aukin tekjuöflunarfrv. nema aukinn benzínskatt. En ég sé ekki, að það frv. hafi komið fram, og mér er nær að halda, að það eigi ekki að koma fram. Er það kannske nýr samningur á milli stjórnarflokkanna, sem ég veit ekki um.

Mér virðist það ákaflega ógætilegt að demba á gjöldum, sem eiga að standa til langframa, en koma með tekjuauka, sem allir viðurkenna, að ekki geti staðið nema eitt ár. Ég gerði fyrirspurn um það, hvað væri hugsað um tekjuöflun í stað þessara bráðabirgðatekna, þegar næsta ár væri liðið. Ég veit ekki til, að það hafi komið nokkurt svar; ég sé, að hér í því, sem hv. 1. þm. Reykv. hefir ritað niður eftir hv. 4. landsk., er það sagt, að ekki skuli standa á tekjuöflunartill. frá hans flokki, en engar upplýsingar um það, hvaða tekjur það séu, svo ég skoða þetta því ekki svar.

Bernharð Stefánsson: Ég skal ekki lengja þessar umr., en það var út af skrifl. brtt. frá hv. 1. þm. Reykv., um það, að undanskilja þessu gjaldi vélar og annað efni til Sogsvirkjunarinnar, sem ég vildi upplýsa, að það stendur ákaflega svipað á um rafveitu, sem fyrirhuguð er á Siglufirði. Ég býst við, að þessi till. hv. 1. þm. Reykv. sé byggð á því, að samningar hafi farið fram um þetta verk nú þegar og áður en gjaldið er lögleitt, og að leggja það á þessar vörur mundi því koma í bága við þessa samninga. En að þessu leyti stendur alveg eins á með rafveituna, sem er fyrirhuguð á Siglufirði. Nú þessa dagana hefir verið gengið frá samningum milli bæjarstj. Siglufjarðar og útlends firma, sem hefir fengið sérleyfi til rafvirkjunar á Siglufirði með nánari ákvæðum um sölu rafmagns til bæjarins o. s. frv. Ég hefi því leyft mér að afhenda hæstv. forseta brtt. við brtt. hv. 1. þm. Reykv., um það, að sama skuli gilda um þær vörur, sem nauðsynlegar eru til rafvirkjunarinnar á Siglufirði. Er till. mín svo hljóðandi: „Við till. bætist: svo og tæki og efni til rafveitu á Siglufirði, samkv. þegar gerðum sérleyfissamningi.“ Þó einhver vildi halda því fram, að þetta væri fordæmi og þá teygjanlegt, og vildu fara að setja inn í frv. fleiri svipuð ákvæði, þá álít ég, að ekki sé annað sambærilegt en það, þar sem samningar hafa farið fram og allt er afráðið manna á milli um framkvæmdirnar.

ATKVGR.

Afbrigði um 4 skrifl. brtt. (sjá þskj. 705, 706, 707 og 708) leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

Fjmrh. (Eysteinn Jónsson) [óyfirl.]: Ég vil leyfa mér að minnast á skrifl. brtt. frá tveimur hv. þm. Till. þessar hafa komið fram síðan ég talaði áðan; er önnur þeirra frá hv. 10. landsk., og er 1. liður hennar um það, að úr 5% flokki falli orðið „skóflur“, og get ég fallizt á þá till. Ennfremur get ég fallizt á 6. lið þeirrar till., því það var meiningin, að landbúnaðarverkfæri væru undanþegin, en af því ekki er ljóst, hvort tekizt hefir að telja þau öll upp, er gott á þennan hátt að taka af öll tvímæli. — Í c-lið till. er talað um fóðurvörur allskonar og sement. Það er gert ráð fyrir, að á allar byggingarvörur sé lagt 2% gjald, og það er með ráði gert. 2% gjaldið er lagt á ýmsar nauðsynjavörur og er haft svo víðtækt til þess að það geti orðið sem lægst og komið sem léttast niður á hvern vöruflokk. Af þessum ástæðum get ég ekki gengið inn á, að einstakar tegundir af byggingavörum verði undanþegnar þessu gjaldi, sem er svo sáralágt, að þegar það er lagt á innkaupsverð þessarar vöru, munar ákaflega lítið um það. T. d. hefir fróður maður sagt mér, að gjaldið á járnplötum, sem munu reiknast til þessa gjaldflokks, nemi ekki nema örfáum aurum, hve mörgum veit ég þó ekki, en ég get ekki verið með því og sé ekki ástæða til þess að kippa út úr nokkrum vöruflokkum, því ef sömu tekjur eiga að nást, þá leiðir það aðeins til þess, að þyngra gjald leggst á annan vörning.

Ég sé ekki heldur ástæðu til að fella fóðurvörur undan, því það er ekki æskilegt, að fóðurbætir sé fluttur inn nema mjög í hófi, eins og hv. 10. landsk. tók fram, og það vegna þess, að mikinn fóðurbæti má fá innanlands, og má nota hann meira en gert er, svo ef fóðurbætir er notaður í hófi og innlendur fóðurbætir notaður svo sem mest verður við komið, þá verður þessi innflutningur svo sáralítill, og er æskilegt, að hann sé sem minnstur. Ég hygg það á misskilningi byggt, að þetta komi hart niður. Harðindi koma venjulega mest við sauðfé, og þá er bezt að grípa til innlenda fóðurbætisins.

Um hveiti og baunir vil ég segja það, að það er ekki óviljandi látið falla undir þennan flokk. Það er nú almennt litið svo á, að hveiti sé ekki eins nauðsynleg vara eins og aðrar vörur, sem eru í 2% flokki, og það er svo sáralítið gjald, að ákaflega lítið munar um það, þegar gerð eru innkaup, einmitt af því að það er látið falla í þennan flokk. En ef fella á undan stóra vöruflokka, en ná samt sama gjaldi, þá yrði að taka því meira af þeim vörum, sem gjaldið væri lagt á, og kæmi það á engan hátt betur við. Það eru þannig tvær eðlilegar breyt., sem ég get fallizt á, í þessum till., og eru það a- og b-liður í till. hv. 10. landsk.

Þá eru aðeins örfá orð um það, sem hv. 1. þm. Skagf. sagði hér áðan, að honum hefði komið það á óvart, að ég væri óánægður með áætlun fjárl., af því ég hefði talað um hana og samþ. hana. En þetta er misskilningur, því það var allt með þeim fyrirvara gert, að ef athugun á innflutningi sýndi nauðsyn þess, að horfið yrði að þessu ráði, þá yrði það gert.

Ég ætla ekki að fara að karpa um það nú, hvort ég hafi lofað því, að enginn liður fjárl. færi fram úr áætlun, að gerð hefði verið tilraun til þess að áætla réttar en áður hefði verið og

það yrði sennilega minni munur á fjárl. og landsreikningum heldur en áður. Frekar var ekki farið út í það af minni hálfu.

Guðrún Lárusdóttir: Hæstv. fjmrh. fór mjög hógværum orðum um brtt. mínar, þó hann vildi þær flestar feigar, eins og ég gat búizt við. En mér fannst, að það byggi í orðum hans hlýr hugur til þeirra og að hann hefði ekkert góða samvizku af aukatollinum, sem nú á að demba á, á þessum vandræðatímum.

Hann sagði, að *lítið* væri keypt af hreinlætisvörum, en ég vil ekki samþ. það, og allra sízt, að lítið sé keypt af útlendum hreinlætisvörum, því þær bera ómótmælanlega mikið af þeim innlendu, og allir vilja kaupa þá vöru, sem þeir álíta bezta. Það er slæmt, ef beztu vörurnar hækka svo í verði, að fólk getur ekki keypt þær. Hann sagði, að innlend fæðuefni gætu komið í staðinn fyrir kaffi og sykur. Ég gleðst af því, ef hann gerir mjólkina, með sínum sykurefnum, svo ódýra, að almenningur geti veitt sér hana. Því miður hagar svo til hér í Reykjavík, að mjólk er allt of dýr til þess að fólk geti almennt veitt sér hana í stað kaffis og vafalaust verður þess langt að bíða, að svo verði.

Ráðh. var þá ekki heldur alveg á því að rýmka til um tollinn á fatnaðinum. Það skal játað, að það er leitt að íslenzka þjóðin skuli ekki geta unnið í og saumað sjálf þann fatnað, sem hún þarf að nota. En nú í áratugi hefir verið fluttur inn fatnaður til notkunar innst sem yzt, og hinn létti, mjúki útlendi nærfatnaður hefir náð *þeim vinsældum*, að yngri kynslóðin er orðin alveg afvön prjónafötunum, og mun eflaust eiga mjög erfitt með að sætta sig við þau. Auk þess má benda á það, að útlendi nærfatnaðurinn er helmingi ódýrari en hinn innlendi, sem ég skal þó játa, að er miklu vænni. Það væri æskilegt, að okkur tækist að gera þessa vöru samkeppnisfæra, en eins og stendur er hún allt of dýr, jafnvel þótt fólk sætti sig við hana að öðru leyti.

Um skófatnaðinn sagði hæstv. ráðh., að fátæka fólkið notaði nær eingöngu gúmmískó. Þetta er hin mesta fjarstæða, sem betur fer, því að gúmmískófatnaður er af öllum viðurkenndur að vera óhollastur af öllum skófatnaði. Seinast í dag kom kona til mín, sem sagði mér, að barnið *sitt þyldi ekki að ganga á gúmmiskóm og þyrfti* að fá aðra tegund skófatnaðar. Læknar viðurkenna allir óhollustu þessa skófatnaðar, og sumir halda því jafnvel fram, að notkun hans spilli sjóninni. Þótt slíkur skófatnaður geti verið góður á votengjum, er hættuleg fjarstæða að ætla að þröngva honum upp á fólk til daglegrar notkunar.

Þegar að ávöxtunum kom, sagði hæstv. ráðh., að við hefðum nóga ávexti. Ja, hvaða ávextir eru það nú eiginlega? Hvað ræktum við t. d. af eplum? Epli eru af læknum talin einhver hinn allra hollasti ávöxtur, og þeir ráðleggja foreldrum að láta börn sín borða sem allra mest af honum. (**Fjmrh.:** Ég hugsa, nú að flestir verði nú samt að vera án þess). *Já, en af hverju? Af því*, að eplin eru alltof dýr. Enskur læknir frægur hefir sagt, að börnin fengju sólskin úr eplunum, og margar mæður hafa sagt mér, að kirtlaveik börn þeirra hafi tekið miklum stakkaskiptum eftir að þau fóru að borða epli. Við þurfum að fá nóg af góðum og ódýrum ávöxtum. Við getum ekki framleitt þá ennþá, en þegar það verður, skal ég greiða atkv. með tolli þeim, sem hæstv. fjmrh. vill leggja á aðflutta ávexti.

Þorsteinn Þorsteinsson: Hæstv. fjmrh. hefir nú lýst skoðun sinni á brtt. mínum. Má segja um hann eins og þar stendur: Hann talaði, og það varð, en hvort allt verður harla gott að lokum, er annað mál.

Hann sagði, að þakjárn væri verðlagt í innkaupi og einstaklingana munaði ekki um að greiða þennan litla toll. En munar þá ríkissjóð nokkuð um hann? Ég þykist vita, að hæstv. ráðh. segi, að safnist, þegar saman kemur. En eftir því sem hann hefir lýst hinum glæsilega hag ríkissjóðs undanfarið, er ástæða til að ætla, að hann muni minna um þennan toll en fátæka einstaklinga. (**Fjmrh.:** Hann er illa staddur líka). Ekki peningalega, eftir yfirlýsingum hæstv. ráðh., og ég vil ekki fara að koma með aðdróttanir um það, að hann sé illa staddur vegna illrar stjórnar.

Eins og bent var á hér í gær, sverfur kreppan nú svo mjög að mönnum, að þeir byggja ekki nema það allra nauðsynlegasta, hvort heldur um nýbyggingar eða endurbætur er að ræða. Þetta er því allt annað en að skattleggja efni í lúxusbyggingar, svo sem marmaraflísar o. þ. h. Það er því réttlátt og sjálfsagt, að þessar vörutegundir séu tollfríar.

Magnús Jónsson: Ég vil aðeins taka það fram út af ummælum hæstv. ráðh. um það, hvernig reikna ætti út hluta sveitar- og bæjarfélaga af skattaukanum, að ekki er hægt að tala um „princip“ í lögum, sem aðeins eiga að gilda eitt ár. Hér er ekki verið að krefjast neinnar yfirlýsingar um þetta af hæstv. ráðh., þótt hann hafi að vísu komið með slíka yfirlýsingu. Ég skal ekki segja um, hve miklum erfiðleikum þetta er bundið að reikna þennan hluta af skattaukanum sérstaklega, í stað þess að reikna hann af öllum skattinum.

Þorsteinn Briem: Ég þakka hæstv. fjmrh. fyrir það, að hann tók vel í þá brtt., að láta tollinn ekki ná til landbúnaðarverkfæra, enda hafði hann áður lýst yfir því, að það, sem sérstaklega snerti framleiðsluna, skyldi undanþegið þessum bráðabirgðatolli. En fóðurbætirinn snertir líka framleiðsluna, þótt hann sé útlendur. Hann sagði, að ekki væri verið að leggja neinn skatt á menn í harðindum með þessum tolli, en það er ekki á rökum byggt. Þegar sauðfé er í langri innistöðu, nægir ekki eintómt síldarmjöl, a. m. k. ekki, ef hey eru lítil. Þegar svo stendur á, spöruðu gömlu mennirnir töðuna við kýrnar og gáfu hana fénu, en kúnum aftur fóðurbæti. En það er margsannað með tilraunum, að síldarmjöl, sem gefið er kúm, þarf helzt að vera blandað með ⅔ af öðrum fóðurbæti, t. d. maís, og jafnvel þótt það væri ekki blandað nema til helminga, er augljóst, að talsvert þarf að kaupa inn í landið af erlendum fóðurbæti, og þegar út í neyð er komið,

munar um hverja krónuna, sem gjalda þarf í viðbót fyrir þá vöru.

Út af ummælum hæstv. ráðh. um brtt. hv. þm. Dal. verð ég að segja, að mér fannst þau satt að segja talsvert furðuleg. Ríkið hefir undanfarið styrkt byggingar í sveitum og hjálpað fátækum mönnum í kaupstöðum til að byggja yfir sig, og jafnvel efnuðum mönnum (sbr. samvinnubyggingar). En nú bregður svo við, að þessi styrkur til sveitanna og fátækra manna í kaupstöðum er lækkaður og jafnframt lagður skattur á hin frumstæðustu efni til bygginga. Enginn er að hafa á móti því, þótt lagður sé skattur á flísar og því um líkt, sem teljast má notað til lúxusbygginga eingöngu. En okkur finnst sanngjarnt, að hin fyrstu og nauðsynlegustu byggingarefni séu undanþegin. Byggingar vorar eru yfirleitt illa á vegi staddar, nema að nokkru leyti í Rvík, og í sveitunum a. m. k. er það miklum erfiðleikum bundið að bæta úr þeim vandræðahúsakosti, sem þar er víða. Þetta svar stj., að skattleggja í stað þess að styrkja, er því næsta illa viðeigandi. Og mér finnst, að till. sú, er hér var borin fram um styrk til bygginga í þágu framleiðslunnar, til súrheystófta og hlöðugerðar, hafi fengið nógu köld svör, þótt þetta bætist ekki ofan á. En þetta er svo sem eftir öðrum velvilja stj. í garð framleiðslunnar.

Jón Auðunn Jónsson: Hv. 4. landsk. fór hér með þær blekkingar, að tollarnir yrðu ekki hærri eftir en áður, þótt frv. yrði samþ. Þetta rökstuddi hann með því, að tollarnir næmu ekki hærri hundraðshluta af ríkistekjunum heldur en áður. En auðvitað er það öllum heilvita mönnum ljóst, að auknir tollar hækka vöruverðið, og ekki aðeins sem svarar því, er tollinum nemur, heldur kemur einnig álagning á tollinn, vegna áhættu við að lána tollskyldar vörur, innheimtu o. s. frv. Ég hefi sýnt, að ef þetta nær fram að ganga, kemur 20% tollur á allar innfluttar vörur, og þegar þar við bætist 50% álagning, nemur þetta 30% á öllum innfluttum vörum.

Og svo er bætt gráu ofan á svart með þeirri ósvífni í grg., að halda því fram, að þessu fé eigi að verja til atvinnuveganna, þótt fjvn. hafi þegar tekið upp í fjárlfrv. öll áætluð útgjöld til þeirra. Ég vék nokkuð að þessum ósvífnu blekkingartilraunum í gær, og mun það koma fyrir almenningssjónir. Hæstv. fjmrh. og hv. 4. landsk. fundu, að þeir gátu ekki svarað rökum mínum og flúðu því inn í Nd. Ég hefi því viljað endurtaka þetta í fám orðum nú, af því að ég sé, að þessir herrar eru nú hér í deildinni.

Fjmrh. (Eysteinn Jónsson): Ég ætla ekki að fara að elta ólar við stóryrði hv. þm. N.-Ísf., því að þau hafa þegar öll verið rekin ofan í hann. Hann segir, að það sé tóm blekking, að þessi toll- og skattauki fari til atvinnuveganna, af því að fjvn. hafi gert ráð fyrir öllum útgjöldum til þeirra. En ég hefi einmitt tekið fram áður og marglýst yfir því, að ég teldi, að hinn gamli tekjuskattur og verðtollur væru áætlaðir of hátt hjá fjvn., og því þyrfti þessa viðbót, ef áætlunin ætti að standast. Ég vísa því ósannindum hv. þm. N.-Ísf. algerlega á bug. Skattaukinn er byggður á því, að hann renni til þeirra framkvæmda, sem greindar eru í grg., en eldri skattar beri uppi önnur útgjöld.

Jón Auðunn Jónsson: Hæstv. ráðh. getur ekki snúið sig út úr þessu með neinum ósannindum, því að í frv. er talið upp, til hvers fé eigi að fara. Þótt það kunni að vera rétt, að skattar þeir, sem fyrir eru, reynist ekki nógu háir til að mæta áætluðum útgjöldum, var opin leið til niðurfærslu á útgjöldunum, sem stór hluti af fjvn. hefir gengið inn á. Afsakanir hæstv. ráðh. eru því aðeins ný undanbrögð og ný ósannindi, sem að engu haldi koma.

ATKVGR.

Brtt. 687,1 felld með 9:6 atkv.
— 674 samþ. með 10 shlj. atkv.
— 693,1.a—b felld með 9:6 atkv.
— 693,1.c felld með 9:6 atkv.
— 693,1.d samþ. með 11:3 atkv.
— 693,1.e felld með 9:6 atkv.
— 705,A samþ. með 11:2 atkv.
— 693,1.f felld með 9:6 atkv.
— 693,1.g felld með 9:6 atkv.
— 693,2.a felld með 8:5 atkv.
— 707 samþ. með 12 shlj. atkv.
— 687,2.a felld með 9:6 atkv.
— 693,2.b—c felld með 9:6 atkv.
— 693,2.d samþ. með 10 shlj. atkv.
— 693,3 felld með 8:4 atkv.
— 693,4.a—d felld með 8:4 atkv.
— 693,5 felld með 9:3 atkv.
— 687,2.b samþ. með 11 shlj. atkv.
— 706 felld með 9:6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: MG, MJ, ÞBr, ÞÞ, GL, JAJ.
nei: PHerm, SÁÓ, BSt, HG, HermJ, IngP, JBald, JJ, EÁrna.

Einn þm. (PM) fjarstaddur.

Brtt. 705,B samþ. með 9:3 atkv.
— 705,C felld með 9:6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: MG, MJ, ÞBr, ÞÞ, GL, JAJ.
nei: JBald, JJ, PHerm, SÁÓ, BSt, HG, HermJ, IngP, EÁrna.

Einn þm. (PM) fjarstaddur.

Brtt. 708 samþ. með 13 shlj. atkv.
— 704, svo breytt, samþ. með 14 shlj. atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 9:6 atkv. og afgr. til Nd.

Á 92. fundi í Nd., 6. des., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 709).

Á 93. fundi í Nd., 7. des., var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 18 shlj. atkv.

Fjmrh. (Eysteinn Jónsson): Þetta mál hefir nú verið rætt allmikið í hv. Ed. og ennfremur hefir það atvikazt þannig, að í umr. um fjárl. hefir verið komið talsvert inn á þetta mál almennt. Ég ætla því ekki að hafa fyrir því neina verulega framsögu núna, heldur vísa til þess, sem ég hefi áður sagt, sérstaklega í þeim umr., sem fram hafa farið um fjárl. Og vildi ég mæl-

ast til þess, að hv. þm., þó þeir kunni að hafa eitthvað frekar við þetta mál að athuga heldur en enn er komið fram, vildu fallast á það að geyma þær almennu aths. þangað til við 2. umr. málsins. Ástæðan til þess, að ég fer fram á þetta, er sú, að fjárl.frv. kemur nú til umr. og menn verða uppteknir við það, og þess vegna hentar betur, að sú n., sem fær málið til meðferðar, geti fengið það áður en þær umr. hefjast. — Ég hefi vikið að þessu við fulltrúa Sjáfstfl. í fjhn., og hann tók líklega í þetta gegn því, að það yrði þá leyft af forseta að tala líka almennt um málið við 2. umr. Sömuleiðis hefi ég átt tal við hv. þm. V.-Húnv., og mér virtist sem hann gæti líka fallizt á þetta. — Ég vil svo leyfa mér að leggja til, að málinu verði vísað, að lokinni þessari umr., til fjhn.

Hannes Jónsson: Ég vil aðeins geta þess, að ég gerði mitt til þess í gærdag að flýta störfum þess fundar, og í gærkveldi gerði ég ákveðna ósk til forseta um afgreiðslu þess máls, sem þá var tekið fyrir, og mér var sýnd hin mesta óbilgirni í þeim efnum. Það er því full ástæða fyrir mig að verða ekki við þeim óskum, sem hér hafa fram komið um það að taka ekki til máls, þar sem fullkomin ástæða er til þess að ræða þetta mál strax við þessa umr. Ég mun þó ekki nota mér þessa afstöðu, þrátt fyrir þá óbilgirni, sem mér hefir verið sýnd nú alveg nýverið.

Jakob Möller: Hv. fjmrh. minntist á það við mig áðan, hvort við mundum vilja falla frá því, að nokkrar verulegar umr. yrðu um þetta mál við þessa umr. Hvað mig snertir, sem á sæti í í fjhn., sem fær þetta mál til meðferðar, stendur nokkuð sérstaklega á. Það er yfirleitt ekki siður, að þeir nm., sem eiga að fá mál til meðferðar, ræði þau mikið við 1. umr. Í annan stað hefir nokkuð verið rætt um þetta mál í sambandi við eldhúsumr., svo það er í sjálfu sér óþarft að ræða það við þessa umr. Hinsvegar get ég ekki gefið neitt fyrirheit um það af hálfu Sjálfstfl., að engar umr. hefjist nú, og hafa sjálfstæðismenn því óbundnar hendur um það, hvernig þeir haga sér í þessu efni. En ef umr. verða um málið á annað borð við þessa umr., þá áskil ég mér rétt til þess að taka þátt í þeim.

Thor Thors: Eins og hv. 3. þm. Reykv. gat um, þá hefir ekkert samkomulag milli flokka átt sér stað um það að hleypa þessu máli, sem skv. eðli sínu er eitt af stærstu deilumálum þingsins, gersamlega umr.laust framhjá 1. umr. Mér finnst það algerlega óverjandi af stjórnarandst. að hleypa þessu máli umr.-laust framhjá þessari umr., og ætla ég því að fara nokkrum orðum um það almennt, en þar sem ég geri ráð fyrir, að það taki nokkra stund, ætla ég fyrst að spyrja hæstv. forseta, hvort ég eigi að halda áfram nú eða ekki.

Forseti (JörB): Þar sem fundur hefir verið boðaður í Sþ. kl. 2 og rétt er komið að þeirri stundu, er engin leið til þess að hefja neinar umr. um málið, og verður því þá frestað og tekið út af dagskrá.

Ég vildi þá svara ummælum hv. þm. V.-Húnv. Hann kvartaði undan því, að sér hefði verið sýnd óbilgirni í gærkveldi, með því að ekki var látið að ósk hans um að hætta umr. um málið strax og hann bar þá ósk fram. En ósk hv. þm. svaraði ég á þá leið, að ég vildi reyna að flýta einhvað fyrir málinu og umr. yrði ekki slitið. Á þetta gat hv. þm. ekki fallizt og hagaði sínum orðum og ræðumennsku þannig, að fáheyrt er. Honum kann að hafa fundizt ég ekki taka á þeirri málfærslu eins og verðugt var, og því einu hefir hann yfir að kvarta, en þá sök ber hann sjálfur, og get ég ekki að gert.

Umr. frestað.

Á 94. fundi í Nd., 9. des, var fram haldið 1. umr. um frv.

Thor Thors: Mér þykir ekki ólíklegt, að hæstv. fjmrh. verði, hvort sem valdaferill hans verður lengri eða skemmri, lengi minnzt með þjóðinni. Það er löngu orðið ljóst, þrátt fyrir það, að hæstv. fjmrh. er yngstur maður, sem með slík völd hefir farið hér á landi, þá er hann stórtækastur allra, sem með fjármálin hafa farið, að því leyti, að hann er óskammfeilnastur að seilast eftir nýjum tollum og sköttum í vasa almennings.

Á því 1½ ári, sem hann hefir farið með fjármál landsins, á ábyrgð Framsfl. og sósialista, hefir hann hækkað álögur skattborgaranna um 3 millj. og 200 þús. kr. Það er býsna vel að verið á einu og hálfu ári.

Á fyrsta þinginu, sem þeir voru við völd, haustþinginu 1934, fannst þessum flokki hlýða að leggja nýjar álögur á þjóðina, allt að 2 millj. kr. Þá var tekjuskattur stórkostlega hækkaður, áætlað að hann gæti gefið 950 þús. kr. meira en áður. Þá voru aukatekjur ríkisins nokkuð hækkaðar, skellt var á nýju stimpilgjaldi, sem áætlað var 150 þús. kr. Tollur á tóbaki var stórlega hækkaður og ennfremur var verðtollur hækkaður. Allar þessar álögur áttu að gefa ríkissjóði samtals um 2 millj. kr. Nú hlýtur hæstv. ráðh. að vita, svo oft hefir honum verið bent á það á þessum árum, að þjóðin getur ekki risið undir þessum gjöldum. Þó virðast þessar bendingar hafa farið framhjá hæstv. ráðh., því að hann hefir ekki tekið afleiðingum af þeim, heldur hefir hann stigið nýtt spor í sömu átt og áður. Nú eru það hvorki meira né minna en 1 millj. og 200 þús. kr. í nýjum álögum, eða samtals á þessu 1½ ári 3 millj. og 200 þús. kr.

Það er athyglisvert, ef tekið er til samanburðar, að á fyrstu fjárlögum hins fullvalda íslenzka ríkis, 1918 og 1919, námu tekjurnar 2 millj. og 490 þús. kr. og útgjöldin 2 millj. og 400 þús. kr., þ. e. a. s. miklu minni upphæð en hinar nýju skattaaukningar þessa unga fjmrh. á 1½ ári. (GG: Voru þetta hin endanlegu útgjöld?). Það er rétt, að gjöldin reyndust nokkuð hærri, en fjáraukalögin nema þá ekki nema um einni millj., eða útgjöldin urðu samtals 3600000, það er örlítið hærra en hin nýju skattaukalög ríkisstj.

Þegar athugaðar eru ástæður ríkisins, þá er vafasamt, hvort fjárhagur þjóðarinnar hefir

batnað síðan 1918 og hvort gjaldgetan er meiri en þá. En þá hljóta allir að sjá, hvað viðsjárverða og hættulega stefnu hér er um að ræða, og ég álít að reynslan muni skera úr þessum deilumálum, og þjóðin muni lengi gjalda afhroð af slíkri fjármálastjórn sem þessari.

Sú skattaaukning, sem ég gat um og samtals nemur á þessum fjárl. 1200000 kr., er að lang verulegustu leyti tekin með tollum. Tekju- og eignarskattur hefir þó verið verulega hækkaður, og er þessi hækkun á tekjuskattinum áætluð samtals 380 þús. kr.

Þá er einnig eftirtektarvert, ef maður ber saman fyrstu fjárlög hins íslenzka ríkis og fjárl. nú, að 1918 og 1919 gaf tekju- og eignarskattur 50 þús. En á síðasta fjárlagafrv. er þessi skattstofn hækkaður um 950 þús.. og nú á ný um allt að 400 þús. Þessar tölur tala nokkuð greinilega sínu máli. Það er svo komið, að tekju- og eignarskattur er hærri hér en nokkursstaðar annarsstaðar, og hærri en þar, sem sósíalistar hafa meiri ráð, ef miðað er við styrkleika flokkanna innan þingsins hér.

Það er látið svo í veðri vaka af stjórnarflokkunum, að þessi nýi skattur geri þjóðinni ekkert, hann komi bara niður á hinum breiðu bökum peningamannanna. En það sýnir sig, ef skattstiginn er athugaður, að hækkunin gerir strax vart við sig við 2 þús. kr. tekjur, en segir verulega til sín eftir að tekjurnar eru komnar upp í 6 þús. En það þekkja allir, að 6 þús. kr. skattskyldar tekjur eru engin ósköp til að lifa af fyrir fjölskyldu, t. d. hér í Reykjavík. Ég geri ráð fyrir, að a. m. k. ráðherrarnir, með 10 þús. kr. tekjur, hafi ekki fundið mjög mikinn afgang, ef þeir eiga að lifa eins og staðan útheimtir.

Þetta er vitanlega gott vígorð, að þeir ríku eigi að borga, en það stenzt ekki til lengdar, því að stórkostleg hækkun á skatti hlýtur að hafa í för með sér lækkandi tekjur. — Öllu þarf að vera í hóf stillt, og ef ríkisvaldið ætlar að hremma allt í ríkissjóð, þá hætta menn að keppast við tekjuöflun. Þegar þessi skattur hefir staðið í eitt ár, þá lækkar skattstofninn fyrir ríkissjóð eða rýrnar. Það er einkennilegt, að stjórnarflokkarnir skuli leyfa sér að leggja á nýja skatta eða bera slíkt frv. fram, eftir að bert er orðið, og meira að segja viðurkennt í ummælum sósíalista sjálfra hér á þingi, að sveitar- og bæjarfélögum verður ekki séður farborði nema með nýjum sköttum. Svo koma þeir hér, þessir menn, með ný viðskiptagjöld, þegar viðurkennt er, að sveitar- og bæjarfélögin fá ekki undir risið, og hafa engir fært fyrir því fyllri né gleggri rök en einstaka þm. sósíalista. Hv. 6. landsk. hefir sýnt með glöggum dæmum og rökum, hve brýn nauðsyn er til, að sveitar- og bæjarfélög fái nýja tekjustofna. Það er komið að því, sem við Sjálfstæðismenn spáðum og höfum hverju sinni varað við og bent á, þegar ríkisvaldið hefir verið með skattahækkunum að seilast æ lengra ofan í vasa borgaranna. Nú hefir það verið viðurkennt, að þessar spár okkar hafa verið réttmætar og eru að koma fram, og það er svo einkennilegt, að einmitt einstaka sósíalistar hafa undirstrikað réttmæti þeirra fyllilega.

En svo ég víki almennt að tekju- og eignarskatti eða beinum álögum, þá er það bersýnilegt, að mjög er varhugavert í þjóðfélagi, þar sem auðsöfnun er svo skammt á veg komin og hjá okkur, að teygja sig svo langt að draga alveg úr allri löngun manna til að spara, en það er almennt vitað og viðurkennt, að þungar beinar álögur verka þannig. Þetta er öðrum þjóðum fyrir löngu orðið ljóst, og þær reyna að haga álögum sínum þannig, að alltaf sé lifandi hvöt manna til að spara.

Andstæðingar okkar sjálfstæðismanna reyna alltaf að gera gys að okkur, þegar við erum að tala um sparnaðarþörf einstaklinga og ríkis. En ég bendi þeim á ummæli þess erlenda hagfræðings, sem stjórnarliðar — af því þeir treystu engum innlendum hagfræðingi — þurftu að sækja til Svíþjóðar til þess að kenna skipulagsnefnd atvinnumála sjálfri skipulagningarfræðin. Þessi sérfræðingur hefir nýlega látið hafa eftir sér viðtal, sem birtist í Nýja dagbl., blaði hæstv. fjmrh. Er býsna eftirtektarvert, hvað hann leggur áherzlu á, að Íslandi beri að gera. Hann segir svo — með leyfi hæstv. forseta. — Fréttaritari blaðsins spyr:

„Hvað getum við þá gert annað til þess að auka innlendu framleiðsluna?“ Og sérfræðingur stj. svarar: „— Versti örðugleikinn hér er féleysið, ef framleiðslan á að aukast fljótt. Íslendingar spara allt of lítið.“

Þetta er nú svo sem enginn sérstakur vísdómur, sem hagfræðingurinn segir. Það hefir margsinnis verið á þetta bent af okkur sjálfstæðismönnum; við höfum ætíð haldið því fram, að bein þjóðarnauðsyn bæri til að hvetja einstaklinginn til að spara, koma á auðsöfnun, og að við eigum að auka framleiðsluna. Þá háir féleysið okkur mest, segir sænski sérfræðingurinn.

Það hefir varla verið hleypt svo fyrirtæki af stokkunum, að ekki hafi verið leitið erlendra lána, og það sjá allir, hvað þetta er háskaleg braut, sérstaklega gagnvart sjálfstæði landsins, því hvað hátt sem um það er galað, næst það aldrei í raunveruleikanum, nema við séum efnalega sjálfstæð þjóð. Það helzta, sem dugir, er að glæða hvötina til að spara, auka auðsöfnun í landinu, keppa að því, að öll fyrirtæki og stofnanir séu rekin fyrir innlent sparifé. Ég skal eftirláta hæstv. fjmrh. og öðrum stjórnarsinnum að geta sér til, hvort þessi áníðslustefna sé líkleg til að auka sparnaðinn, þann sparnað, sem er nauðsynlegur til þess að auðsöfnun geti myndazt í þjóðfélaginu.

Það er eftirtektarvert, að þegar fer að rofa til í fjármálum Englendinga — undir ráðuneyti Chamberlain fjmrh. í þjóðstjórninni —, þá er þeirra fyrsta verk að grípa til þess að lækka tekju- og eignarskattinn, og orð fjmrh. féllu á þá lund, að þessir skattar væru óréttlátastir allra skatta og brýn nauðsyn væri að stilla þeim í hóf. Jafnframt hefir enska þjóðstjórnin lagt áherzlu á að fá menn til að spara. Nú hefir líka farið svo, fyrir ötula baráttu þjóðstjórnarinnar, þó að stjórnarferill hennar sé ekki langur, að atvinnuleysingjum hefir fækkað um 864 þús., en fjölgað hefir mönnum í atvinnu um 1,4 millj. Síðan hefir þessi framkvæmd þjóð-

stjórnarinnar verið borin undir dóm ensku þjóðarinnar, sem hefir sýnt, að hún kann að meta gætilega fjármálastjórn. Úrslitin urðu þau, sem kunnugt er, að stjórnin fékk 250 þm. meiri hluta í neðri málstofunni.

Ef til vill má segja, að beinar álögur kæmu þjóðinni ekki á óvart frá hendi þeirra manna, sem fara með völdin. Þeir hafa haldið því fram í kýðskrumi sínu, af því það hefir þótt vænlegt til kjörfylgis, að það ætti að skatta hátekjumenn. En aðalþátturinn í þessari tekjuöflun er nú auknir tollar, og það hefir vissulega komið mörgum á óvart.

Sósialistar hafa meðan þeir voru í minni hluta gasprað um það, að tollar væru ranglátir og þeir vildu leggja þá niður. Þetta atriði var letrað skýrum stöfum í 4 ára áætluninni, og um kosningar, er þeir hafa verið að deila við andstæðinga sína, hafa þeir látið það hljóma hátt og snjallt, að þeir væru andvígir tollum og vildu afnema þá, en afla tekna með beinum sköttum. Þetta var einnig aðalatriðið í samningi stjórnarflokkanna, en framkvæmdin er nú þessi. En vissulega má þjóðinni ekkert koma á óvart frá þessum mönnum.

Það má minnast þess, þegar sósialistar hafa hér á þingi barizt gegn tollaálögum, þá hafa þeir notað hin sterkustu orð. Ég man eftir því, að einu sinni heimtuðu þeir útvarpsumr. um, hvort framlengja ætti verðtollinn. Aðalræðuskörungur þeirra sósialista, núv. hæstv. atvmrh., átti þá ekki nógu sterk orð til að lýsa því, hversu þetta væri ranglátur tollur. En svo snýst þetta rækilega við, þegar þeir eru sjálfir komnir að völdum, að það er ekki aðeins, að framlengt sé verðtollinum, heldur er hann hækkaður stórkostlega, og nú með þessu frv. lítur út fyrir, að auka eigi þessar álögur á þjóðinni um 800 þús. kr.

Það er dálítið gaman að rifja upp ýms ummæli sósialistanna á þingi áður. Þannig segir forseti flokksins og núv. forseti Sþ., Jón Baldvinsson, á þinginu 1933 — bls. 1076 í umr. um verðtollinn. Með leyfi hæstv. forseta: „Þessi verðtollur verður ekki til annars en að auka dýrtíðina í landinu og viðhalda erfiðleikum þeirra stétta, er nota vöruna, sem þessi tollur er lagður á.“ Og enn segir hann: „Það verður til þess að gera ennþá erfiðara þeim, sem nú eiga erfiðast. Ég og flokksbræður mínir greiða atkv. á móti frv. **af prinsipástæðum.**“ Og á bls. 1094: „Þetta frv. gengur á móti þeirri stefnu, sem við viljum hafa um öflun tekna. — Það er svo mikið af nauðsynjavörum í frv., að við erum andvígir stefnu þess.“

Núv. hæstv. atvmrh. segir á sama þingi, bls. 1103: „Við Alþýðuflokksmenn munum greiða atkv. á móti frv. nú sem fyrr, og get ég látið mér nægja að vísa til þess, sem áður hefir fram komið í málinu um okkar afstöðu.“ Og enn verð ég, með leyfi hæstv. forseta, að lesa upp kafla úr umr. frá 1932, sem er í B-deild Alþt., bls. 836. Ég sé nú, að hv. þm. sósialista eru að flýja burt úr deildinni, en ekki er ólíklegt, að hægt sé að rifja upp enn fleira úr ummælum þeirra. T. d. sagði núv. atvmrh.: — „Við Alþýðuflokksmenn erum andvígir þessu frv. og rök okkar gegn því marg kunn. Ég vil í þessu sambandi rifja upp fyrir deildinni, um hve háan toll er hér að ræða. Árið 1930 nam hann 2338 þús. kr., og þetta hvílir á vörum, sem tollaðar eru fyrir með vörutolli, sem gaf þetta sama ár 1950 þús. kr. Þessir tollar hafa því gefið h. u. b. 4 millj. og 300 þús. kr., sem svarar til, auk álagningar á tollinn, 220 kr. á hvert 5 manna heimili. Eftir rannsókn skattanefndar hvílir ekki meira en ⅕ hluti tollanna á ónauðsynlegum vörum, en hitt á algengum fatnaði, búsáhöldum og þess háttar“.

Ég vil nú biðja menn að taka vel eftir, — „almennum fatnaði, búsáhöldum o. þ. h.“ Hér sjá menn, hvílíka andstyggð hæstv. ráðh. hafði á þessum tollum, og hann notaði hin sterkustu orð til að benda á þá hættu, sem af þeim stafaði. Nú er hann kominn í ríkisstj. og í valdaafstöðu. Nú nema þessir tollar um 6200 þús. kr., auk hagnaðs þess, sem ríkissjóður hefir af einkasölum. Nú á ekki að lækka tollana á fatnaði, búsáhöldum o. þ. h., sem hæstv. ráðh. talaði þá um, nú á að hækka þá um 800 þús. kr. Nú á að leggja 5% toll til viðbótar á búsáhöld og nú á að leggja 10% viðbótartoll á almennan fatnað, sem hæstv. ráðh. var að fárast um, þegar hann var í stjórnarandstöðu, að hækkaði verð á hverjum buxnahnapp.

Við sjálfstæðismenn höfum haldið því fram, að beinir skattar væru ekki einhlítir og að ýmsu leyti varhugaverðir vegna þeirrar þarfar, sem hér er fyrir auðsöfnun, sem er mjög skammt á veg komin. Og þess vegna væru tollar nauðsynleg tekjuöflun. Framsfl. hefir líka haldið þessu fram áður en hann komst í náin kynni við sósialistana og samband við þá og tók upp þeirra vígorð. En afstaða okkar sjálfstæðismanna til þessarar nýju hækkunar er sú, að við teljum nóg komið af tollum, svo það sé bókstaflega ekki kleift að seilast lengra ofan í vasa fólksins. Við teljum einnig, og viljum benda á það nú, að þetta sé mjög varhugavert, þar sem nú er svo komið, að bersýnilegt er, að sinna verður kröfu sveitar- og bæjarfélaganna, og þá sennilega einna helzt veita þeim fjárhagsstuðning með vörugjöldum o. þ. h. Verður viðskiptagjaldið því enn tilfinnanlegra fyrir allan almenning.

Ég hefi nokkuð bent á, hversu óhyggilegt er að ganga jafnlangt á skattabrautinni og hér er gengið. Út af ummælum blaða ríkisstj., sem þora ekki að nefna þessa nýju tolla réttu nafni, heldur kalla þá „viðskiptagjald“, vil ég leyfa mér að lesa upp nokkrar vörutegundir, sem þau telja, að ekki séu nauðsynjavörur, heldur lúxusvörur.

Í 3. gr. 1. lið er ákveðið, að stimpla skuli reikninga fyrir allar vörur, sem ekki eru tilgreindar í 2., 3. og 4. tölul. eða undanþegnar gjaldi, með 2%, og eru það allmargar nauðsynjavörur. Með 5% gjaldinu ber að stimpla búsáhöld, eldhúsáhöld, bifreiðar, glervarning, hreinlætisvörur, kaffi og sykur, og ýmsar fl. vörutegundir, sem almenningur álítur nauðsynjavörur. Og með 10% á að stimpla þessar nauðsynjavörur m. a.: Buxur fátæklinganna, sem hæstv. atvmrh. talaði mest um meðan hann var stjórnarandstæðingur, garn og vefnaðarvörur, skófatnað og vörur til fatnaðar. Af þessari upptalningu er alveg augljóst, að hér er tekinn tollur af mestu nauðsynjavöru, sem allur almenningur þarf að nota.

Ég hygg, að margir hafi glæpzt til að ljá stjórnarflokkunum atkv. sitt við síðustu kosningar vegna þess m. a., að þeir lofuðu að létta af sköttum og tollum. Þeir menn, sem þannig hafa látið glepjast, sjá nú, hvernig efndirnar eru. Stjórnarflokkarnir hafa ekki vilað fyrir sér að reiða skattasvipuna á loft á bak við þjóðina, bara til þess að geta sjálfir enn um stund setið rólegir á valdastólunum. Þeir hafa á þennan hátt tekið sér frest, sem ég er sannfærður um, að verður aðeins gálgafrestur.

Óánægja fólksins er þegar risin, og hún fer dagvaxandi, því eins og þeir hafa sáð, svo munu þeir og uppskera. Óánægjuöldurnar verða sterkar, og þeim verður ekki eins auðsætt í ráðherrastólunum og hingað til hefir verið.

Það er hægt að blekkja í bili — jafnvel heila þjóð —, en til lengdar er það ekki hægt.

Ég vil láta þess getið, að hins unga fjmrh. verður lengi minnzt, en aðeins sem einsdæmis. Hans verður minnzt aðeins fyrir það, að á skattabrautinni hefir hann farið hraðar en nokkur annar fyrirrennari hans, því hann hefir farið með 10 mílna hraða, þar sem aðrir hafa farið fetið.

Ég vona, að hann haldi þessu meti. Ég vona, að það verði enginn, sem komist með tærnar þar, sem þessi ungi fjmrh. hefir hælana. Ég óska stjórnarflokkunum til hamingju með nýja samninginn, en ég veit, að hæstv. ráðh. finnur ekki alstaðar sama fögnuðinn og meðal þm. og nánustu aðstandenda ríkisstjórnarinnar.

Jóhann Jósefsson: Ég get verið fáorður eftir það, sem hv. þm. Snæf. hefir nú tekið fram, þar sem hann hefir komið við öll þau höfuðatriði í þessu frv., sem af hálfu okkar sjálfstæðismanna helzt þykja athugaverð.

Ég skal játa það, að mér kom mjög á óvart, þegar sá varð uppi fyrir nokkrum dögum síðan, að í stað þess að reyna að jafna á annan hátt fjárl., þá yrði horfið að því að stórhækka bæði þá beinu og óbeinu skatta, sem á landsmönnum hvíla, og ég hygg, að fleiri en ég hafi undrazt það. Bæði ég og fleiri bjuggust við því, þegar sú ráðstöfun var gerð, að kalla fjvn. saman mörgum vikum áður en þing kom saman, að það hefði verið gert til þess að gefa þessari n. enn betra tækifæri til að koma við sparnaði á fjárl., meira en ella hefði orðið, ef henni hefði verið ætlaður nákvæmlega sami tími og þingið stendur, eins og verið hefir ávallt endranær. Maður skildi þessar ráðstafanir þannig, að þær væru til þess, að n. gæfist betra tækifæri til þess að koma við sparnaði. Síðan heyrðist ekkert um það; það virtist ekki koma nokkrum manni í hug fram að þessu, að stj. hefði í hyggju að auka á skattaálögur, og allra sízt svo mjög sem hér gefur raun vitni um.

Þetta er kallað bráðabirgðatekjuöflun, frv. heitir það. Og svo er í 1. gr. farin sú óvenjulega leið að lýsa því, til hvers eigi að verja þessu fé, en þar er sagt svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Til þess að greiða með sérstök framlög úr ríkissjóði til atvinnuveganna, verklegra framkvæmda, nýbýlamyndunar og alþýðutrygginga er ríkisstjórninni heimilt að afla tekna á þann hátt, er hér fer á eftir". Og síðan kemur lýsing á því, hvernig teknanna skuli aflað, sem sagt með aukningu á tekju- og eignarskatti og gífurlegri hækkun tolls á nauðsynjavörum almennings. Þetta er kallað bráðabirgðatekjuöflun.

Ég vil nú vekja athygli hv. þdm. á því, að það, sem sagt er í 1. gr. að gjald þetta eigi að renna til, þar virðist ekki vera um þau verkefni að ræða, sem maður gæti kallað bráðabirgðaframkvæmdir eða að hægt væri að framkvæma það á mjög skömmum tíma. Hér er þvert á móti um þau útgjöld að ræða, sem mundu verða fastur liður í fjárl. framvegis, en ekki neinar bráðabirgðaframkvæmdir. Hvers vegna er þá stj. að blekkja bæði þing og þjóð með því, að þessar skattaálagningar séu aðeins til bráðabirgða? Ég álít, að hæstv. fjmrh. eigi að gefa skýringu á því fyrst og fremst, hvers vegna hann kallar þetta bráðabirgðatekjuöflun og tekur það svo fram í 1. gr., að þessar tekjur eigi að fara til verkefna, sem sýnilega eru engin bráðabirgðaverkefni.

Ég skal nú ekki fjölyrða um það „princip"-brot, sem jafnarmenn eru komnir inn á hér. Það er búið að taka það hér fram, og greinilega búið að benda á það, en það er svo sem engin nýlunda, þó að þeir brjóti þessi svokölluðu princip sín, því að þeir hafa áður fyrr á þingi aukið við þessa óbeinu skatta, þó að þeir hafi fordæmt þá niður fyrir allar hellur, þegar við sjálfstæðismenn höfum borið þá fram. Þá hafa óbeinu skattarnir verið óalandi og óferjandi, og þá hefir verið sagt, að verið væri að skattleggja hvern kaffisopa og brauðbita, sem fólkið legði sér til munns, og skattleggja hverja spjör, sem fólkið klæðist. Nú er annað hljóð komið í strokkinn, nú berjast þeir fyrir mikilli hækkun á þessum óbeinu sköttum.

Mér þykir ekki undarlegt, þó að jafnaðarmönnum þyki leiðinlegt að heyra þetta dregið fram, enda var það sýnilegt, að þegar hv. þm. Snæf. fór að lýsa þessum svikum sósíalista við þjóðina, þá drógu þeir sig allir út úr þessari d. (**JakM:** Og eru ekki komnir enn). Ég geri ráð fyrir, að þessi skattur, sem hér er lagður á, reynist nokkuð þungur, a. m. k. á sumum vörutegundum, sérstaklega vegna þess, að þessar vörutegundir, sem hér eru tollaðar, eru nú þegar mjög hátt skattaðar. Í Ed. var af hálfu Sjálfstfl. gerð nokkur tilraun til þess að undanskilja allra nauðsynlegustu vörutegundirnar þessu svokallaða viðskiptagjaldi, en ég sé ekki, að þær tilraunir hafi borið neinn árangur, eða þær verið teknar til greina.

Ég ætla ekki að fara í neinn spárðatíning í þessu máli, en ég vil þó benda á það, að þeir, sem heilbrigðismálunum stjórna, hafa haldið því fram, að þjóðin eigi að neyta grænmetis og ávaxta, því að það sé svo hollt, og efast ég ekki um, að það sé rétt. En hér eru stjórnarvöldin að því er virðist að gera grænmeti og ávexti að lúxusvöru, sem ég get ekki ímyndað mér, að nokkur maður geti keypt, ef þetta frv. verður samþ., svo hár er tollurinn, sem gert er ráð fyrir, að lagður verði á þessa fæðutegund. Hér er gert ráð fyrir, að 25% tollur verði á nýjum ávöxtum, en sá tollur, sem nú er á þeim, er 20%

vörutollur af því algengasta af þessum vörum, svo sem eplum og appelsínum. Þegar þessum 25% tolli er svo bætt þarna við, þá vantar lítið á, að ríkið taki 50% af innkaupsverði þessarar vöru. Sjá þá allir, hversu líklegt það er, að menn geti veitt sér þessa fæðu, sem læknar eru alltaf að ráðleggja og halda fram, að sé mjög svo holl.

Ég verð að segja það, að þegar jafnþunglega er tekið í nauðsynlegustu fjárframlög eins og nú á sér stað hjá hæstv. stj. um fjárframlög til þeirra staða, þar sem framleiddur er stór hluti af útflutningsvöru landsmanna, eins og á sér stað í minu kjördæmi, þá eru það harðar búsifjar, að verða að horfa á það, að um leið sé afkoma þess fólks gerð eins erfið og hér á að gera með þessum nýju skattaálögum ofan á allt, sem fyrir er.

Ég get ímyndað mér, að spádómur hv. þm. Snæf. reynist réttur, sá spádómur, að hér muni fólkinu þykja vera farið langt yfir það mark, sem hæfilegt er á hvorumtveggja þessum skattaleiðum, sem frv. fjallar um, því þótt þeir séu margir, sem ímynda sér, að þessi svokallaði hátekjuskattur komi ekki niður á verkamönnum og sjómönnum, þá mættu þó a. m. k. sósíalistar vita, að það er óhrekjanleg staðreynd, að því meir sem skattaboginn er spenntur á því sviði, því erfiðara er um allar atvinnuframkvæmdir, og því tregari eru menn til að láta fé sitt, lánstraust og þrek til að brjótast í framkvæmdum, sem hafa mikla áhættu í för með sér, þegar svona þungur skattur er yfirvofandi, ef eitthvað skyldi vera í aðra hönd. Atvinnulífið stendur svo höllum fæti, að flestum verður miklu vísara tap en gróði, en ef svo vill til, að einhversstaðar kynni að vera um gróða að ræða, þá eru gerðar ráðstafanir til þess, að hann verði í öllu falli burt numinn. Hvernig ætlast menn til, að framtakslöngun manna og framtaksþrek til að brjótast í framkvæmdum geti haldizt við á þennan hátt?

Nei, það er alveg áreiðanlegt, að eins og nú er komið, þá er hér verið að kippa fótunum undan því, að menn yfirleitt ráðist í nokkuð, sem kostar þá persónulega ábyrgð, og tel ég það mjög illa farið. Það er t. d. dálítið eftirtektarvert tímanna tákn, að það var dregið fram í eldhúsumr. hér af hæstv. atvmrh. sem einhver sérstaklega merkilegur viðburður, að nokkrir menn hefðu tekið sig saman um að ráðast í að kaupa einn gamlan togara. Fyrir nokkrum árum var það þannig hér, að það var nærri því kapphlaup um að komast í að leggja fé fram til þess að kaupa þessi skip. En misjafnt árferði og skattastefna valdhafanna hefir komið því til leiðar, um leið og þrengzt hafa útlendir markaðir, að nú er það talinn stórviðburður af atvmrh. sjálfum, ef einhver ræðst í að kaupa eitt skip, jafnvel þó að það sé gamalt.

Ég ímynda mér því, að þessi skattastefna, gangandi út í þær öfgar, sem hún gerir með þessu frv., auki aðeins á framtaksleysi manna og auki þar með á atvinnuleysið.

Ég gat um það í sambandi við annað mál í þessari d., að það, sem stj. gæti bezt gert þjóðinni til handa, væri að rýmka, auka og glæða atvinnuskilyrðin í landinu. En með því, sem hér er haft með höndum, en þó einkum og sér í lagi með þessu tekjuaukafrv., sem hér er kallað til bráðabirgða, er unnið að því að atvinnuframkvæmdir minnki í landinu, en atvinnuleysi stórum aukist. Um leið er svo stillt svo til af hálfu hæstv. stj., að þeir, sem eiga nú við atvinnuleysi að búa, verða að gjalda drjúgum meira gjald fyrir flestar lífsnauðsynjar á komandi erfiðum tímum en þeir hingað til hafa átt að greiða.

Ég tel mér skylt f. h. þeirra manna, sem hafa kosið mig á þessa virðulegu samkomu, að mótmæla þessu skattafyrirkomulagi stj. og stjórnarflokkanna. Ég mótmæli auknum skattaálögum og tel, að það sé algerlega spor í öfuga átt á þessum tímum að ganga þá leið. Ég krefst þess f. h. minna kjósenda, að létt verði af atvinnuvegunum gjöldum, en ekki þyngt á þeim, og ég krefst þess fyrir hönd fólksins, að nauðsynjavörur verði ekki hækkaðar í verði með auknum tollum og sköttum. Það er engin bót í máli í því efni, þó að þessir auknu tollar séu kallaðir nýju nafni og nefndir viðskiptagjald, og það er heldur engin bót í máli, þó að sé flaggað með því hér, að þetta sé aðeins til bráðabirgða, þar sem það er augljóst af efni frv. sjálfs, að það er ekkert annað en blekking.

Fjmrh. (Eysteinn Jónsson): Það er að vísu svo, að í þessum ræðum andstæðinganna, sem hér hafa nú talað, hefir örlítið komið fram, sem ekki hefir komið fram áður í Ed. eða þeim umr., sem hér fóru fram á eldhúsdaginn í útvarpinu. Þess vegna er það svo, að ég hefi þegar svarað þeim ávítum eða gagnrýni, sem hefir komið fram hjá þessum hv. þm. En af því þessi gagnrýni, hefir komið hér fram við 1. umr. málsins í þessari d., þá tel ég skylt og rétt að koma hér fram með nokkrar aths.

Hv. þm. Snæf. lagði áherzlu á það, að ég væri stórtækastur og óskammfeilnastur af öllum þeim mönnum, sem hafa farið með fjármálastjórn á þessu landi, í því að seilast niður í vasa borgaranna. Ég ætla, að hv. þm. verði að færa rök að þessu. Hann segir, að ég hafi hækkað gjöld til ríkissjóðs um 2 millj. kr. í fyrra og vilji hækka þau um 1 millj. nú. En ef hann athugar betur, þá hlýtur hann að sjá, að þrátt fyrir hækkun á ýmsum tollum og sköttum, þá er nú ekki tekin í ríkissjóð samtals hærri upphæð en að undan förnu. Þess vegna er það ekki svo, eins og hv. þm. vill vera láta og hvað eftir annað hefir verið haldið fram, að með þessu væri meira fé tekið úr vösum manna en áður hefir verið gert, heldur er verið að miða gjöldin við annað en áður hefir verið miðað við. (GÞ: Vegna þess að menn geta ekki borgað lengur). Vegna þess að það, sem hefir verið miðað við áður, sem er mest vöruinnflutningur, hefir dregizt saman. Það skaut einhver því fram, sem hefir verið mikið haldið fram, að þetta væri gert af því, að menn gætu ekki borgað, gjaldstofnarnir hafi rýrnað vegna of mikillar álagningar. Þetta er blekking, og af þeirri ástæðu, að lækkunin hefir aðallega orðið vegna samdráttar á innflutningi til landsins, en samdrátturinn hefir stafað af erfiðleikum í utanríkisverzluninni, en ekki af því, að

menn vegna tolla hafi ekki getað keypt þær vörur, sem inn eru fluttar.

Þá var hv. þm. Snæf. að tala um útgjöldin 1918, og mér skildist á honum, að það væri eðlilegt, að fjárlög og landsreikningur væru jafnhá nú og 1918. Ég fer ekki langt út í að benda á, hver fjarstæða þetta er. Þeir, sem eitthvað þekkja til fjárl., geta ekki látið sér detta í hug, að hægt sé að færa svo mikið niður á fjárlfrv., að það verði eins og 1918. Ég hygg, að hv. þm. Snæf. mundi reynast slíkt erfitt, þó að hann sé að kasta slíku fram hér í d.

Þá fór hv. þm. að loknum þessum inngangi að ræða þær leiðir, sem hér á að fara. Það er nú eins með það og það, sem hann sagði um málið almennt, að því hefir verið svarað áður, en ég vil þó svara því örfáum orðum.

Hann minntist fyrst á tekjuskattinn, vitnaði þar líka til 1918 og sagði, að þá hefði hann verið 50 000, en nú væri hann áætlaður 1940000 kr. Ég get ekki skilið þetta öðruvísi en svo, að honum hafi þótt ástandið æskilegt eins og það var 1918, sem sé að það væri æskilegast, að tekjur af þessum skatti væru ekki meiri en 50000 kr. Ég verð að segja, að ég get ekki annað en glaðzt yfir þessari yfirlýsingu hv. þm., því að þeir hafa þó annað slagið haldið því fram, að þeir væru ekki á móti beinum sköttum, en nú skaut því upp hjá honum, sennilega óvart, að hann vilji afnema þá, eins og gert væri með því að færa tekju- og eignarskattinn niður í það, sem hann var 1918.

Þá var hann að tala um, hvað þessi hækkun kæmi þungt niður á þeim, sem hefðu lágar tekjur. Ég var búinn að gefa upplýsingar í Ed., en ég veit ekki, hvort hv. þm. hefir fylgzt með því. Þessi hækkun nemur nú hvorki meira né minna en því, að sá maður, sem hefir 4000 kr. skattskyldar tekjur, á að borga eina krónu, og svarar það því, að hann hafi 6000 kr. laun. Þessi hækkun, sem er í raun og veru engin hækkun, er til komin af því, að þegar felldur var saman eldri skattstiginn við þá viðbót, sem er eftir sérstökum l., og hátekjuskatturinn, þá var þessi hækkun gerð líka, af tekniskum ástæðum. Mér finnst þessi gagnrýni hv. þm., að gera sér tal út úr þessari einu krónu, satt að segja heldur lítils virði.

Þá skal ég víkja að því, sem hann minntist á, hvernig þessi skattur hittir þá menn, sem hafa þær tekjur, sem má telja nokkuð almennar meðal hátekjumanna í Reykjavík. Ætla ég svo hv. þdm. að dæma um það, hvort það sé með þessum skatti verið að íþyngja þeim, sem ætla má, að berjist í bökkum, eins og hv. þm. vill vera láta, því að hann vildi láta skina í það, að þótt menn hefðu 9—10000 kr. tekjur, þá berðust menn í bökkum að komast af. Þetta er vitanlega rangt hjá honum, því að hver, sem hefir 8—10000 kr. laun og kemst ekki af með þau, hann hagar þá sínu lífi þannig, að til slíks er engin ástæða. Ég veit ekki, hvernig hv. þm. ætlar þeim mönnum, sem hafa 2—3000 kr. laun, að lifa, ef hann heldur, að menn geti ekki lifað á 10000 kr. launum.

Ég skal nú taka nokkur dæmi til að sýna, hvernig skatturinn kemur niður hér í Rvík.

Sá maður, sem hefir 8000 kr., greiðir samtals í tekjuskatt samkv. þessum ákvæðum og útsvar samkv. gildandi útsvarsstiga hér í Reykjavík tæpar 600 kr., og er þar miðað við 5 manna fjölskyldu. Þetta byggist á því, að áður en skatturinn er lagður á manninn, fær hann frádrátt fyrir skatti og útsvari frá fyrra ári og persónufrádrátt 3000 kr. Ef maður hefir 12000 kr., þá verður hann að greiða í skatt og útsvar 1785 kr. M. ö. o., að maður, sem hefir slíkar tekjur, hefir afgangs rúmlega 10200 kr., eftir að hann hefir gert skil til ríkis og bæjar. (**JakM**: Þeir verða fyrir léttu útsvari). Útsvarið er reiknað eftir útsvarsstiganum hér í Reykjavík, og get ég lánað hv. þm. þetta ef hann vill. Sá maður, sem hefir 15000 kr. laun, greiðir 3000 kr. og hefir þá eftir 12000 kr. til eigin afnota. Sá, sem hefir 20000 kr. atvinnutekjur, borgar 5000 kr., og hefir þá eftir 15000 kr. til ráðstöfunar. Sá, sem hefir 25000 kr. laun, á að greiða 7200 kr., og hefir hann eftir 17800 kr. Þetta er nú allt það, sem mönnum er gert að greiða til bæjarins samkv. útsvarsstiganum í Reykjavík og hátekjuskattinum eins og gert er ráð fyrir í þessu frv., og er miðað við, að frá launununum er fyrst dregið útsvar og tekjuskattur frá fyrra ári og svo persónufrádráttur. Þess vegna er það ekki annað en blekking, þegar verið er að taka út úr frv. lágmarksupphæð skattskyldra tekna, sem þar er ákveðin, og sagt, að 6000 kr. séu ekki meiri tekjur en svo, að þeir, sem hafi það í árslaun, geri ekki betur en að berjast í bökkum. Þessi umsögn getur náttúrlega litið vel út í augum þeirra manna, sem ekki gera sér grein fyrir og hafa ekki aðstöðu til að vita, hvað t. d. 6000 kr. skattskyldar tekjur samsvara háum nettótekjum eða árslaunum hjá skattgreiðanda.

Þá er því haldið fram af stjórnarandstæðingum, að með þessu frv. sé mjög gengið á hlut bæjar- og sveitarfélaga og tekjustofnar þeirra skertir. Ég skal ekki fara langt út í það atriði, en samkv. málamiðlun við Alþfl. var gengið inn á, að tekjuskatturinn skyldi skiptast að helmingi til bæjar- og sveitarfélaga, þar sem skatturinn fellur. Þá fer auðvitað mest til þeirra bæjar- og sveitarfélaga, sem hafa mestar skattskyldar tekjur, eða tekjuhæsta gjaldendur. — Þá sagði hv. þm. Snæf., að það mætti ekki skerða eða draga úr sparnaðarhvöt einstaklinga, með því að ganga of langt í skattaálögum gagnvart þeim, og get ég verið honum sammála um það. Vitanlega er ekki sama, hversu langt er gengið í því efni. Hv. þm. kom inn á umsögn sænska hagfræðingsins, sem hér hefir dvalið um tíma á vegum skipulagsnefndarinnar í atvinnumálum, sem gaf bendingar um það, að einstaklingarnir þyrftu að spara. En hv. þm. dró ekki rétta ályktun af þeirri umsögn. Íslendingum hefir ekki verið bægt með of háum sköttum frá því að spara eða safna fé. En sparnaðarhneigð er tiltölulega lítil hjá Íslendingum; það er, því miður, inngróin lífsvenja hjá flestum að eyða jafnóðum því, sem þeir afla. Annars er svo stutt síðan almenningur hér á landi fór að hafa peninga undir höndum, að eigi verður með sanngirni um þetta dæmt; en það tekur alltaf nokkuð langan tíma fyrir flestum mönnum að læra þá

list, að fara vel með peninga. Hv. þm. Snæf. sagði, að sjálfstæðismenn hefðu alltaf viljað sparnað í fjármálum. Það er að vísu rétt, að þeir hafa viljað spara á fjárl. ríkisins, sérstaklega framlög til verklegra framkvæmda. En ég hefi aldrei getað komið auga á, að sjálfstæðismenn væru nokkur fyrirmynd annara í því að spara tekjur sínar og leggja þær fyrir í sjóði, eða forðast eyðslu og óhóf í lifnaðarháttum. Þvert á móti. Í flokki þeirra og umhverfis þá hafa safnazt menn, sem hafa talið sér skylt að eyða öllu, sem þeir hafa aflað, og jafnvel meiru.

Þá kom hv. þm. Snæf. að því, hversu mikið brot það væri á stefnuskrám stjórnarflokkanna í skattamálum að leggja aðflutningsgjöld á vörur. Ég ætla nú ekki að svara fyrir jafnaðarmenn í þessu efni, en f. h. framsóknarmanna vil ég svara því, að þegar þeim var það ljóst, að ekki var hægt að ganga lengra í skattaálögum með beinum sköttum — þ. e. hækkun tekju- og eignarskatts —, þá höfðu þeir um tvær leiðir að velja, annaðhvort að afla ríkissjóði tekna með ríkisverzlun á einstökum vörutegundum, eða með aðflutningsgjöldum af vörum. Og þeim hefir þótt bezt henta að nota báðar leiðirnar þannig, að taka einkasölu á þeim vörum, sem teljast ekki til brýnna nauðsynja, en eru heppilegar til þess að gefa ríflegar tekjur í ríkissjóð, og leggja aðflutningstolla á aðrar vörur, misjafnlega háa, eftir því hvers eðlis þær eru. Ég mun við 2. umr. víkja nánar að því, hvernig þetta viðskiptagjald kemur niður á hinar einstöku vörutegundir.

Þá sögðust þessir hv. þm. Sjálfstfl., þm. Snæf. og þm. Vestm., að þeir gætu ekki verið með þessu tekjuaukafrv., af því að það væri nú gengið of langt út á þá braut að afla ríkissjóði tekna. Og hv. þm. Snæf. bætti því við, að það hefði þegar verið gengið of langt í því efni á síðasta þingi. Hv. þm. Vestm. gerði ennfremur þá kröfu f. h. sinna kjósenda, að það yrði nú þegar létt af gjöldum og tollum. Og hygg ég, að hann hafi þar haft í huga afnám útflutningsgjalds af sjávarafurðum. Nú er rétt að athuga, hvaða afleiðingar yrðu af þessari stefnu hv. Sjálfstfl.þm., ef þessum kröfum þeirra yrði fullnægt. Nú vilja þeir áætla, að fjárl. nemi ca. 15 millj. króna. Þeir segjast vera algerlega mótfallnir tekjulögum er samþ. voru á síðasta þingi, og þessu frv., sem áætlað er, að gefi 3 millj. kr. í ríkissjóð, og auk þess vilja þeir lækkun á tollum og gjöldum; við skulum segja t. d., að þeir vilji afnema útflutningsgjald af sjávarafurðum, um það hafa þeir flutt frv. á þinginu. Samkv. þessari stefnu eða kröfum hv. sjálfstm., ef þeim væri framfylgt, mætti búast við, að ríkissjóður hefði úr að moða á næsta ári ca. 11300 þús. kr., í stað 15 millj. kr., sem stjórnarflokkarnir gera ráð fyrir. Hvað þýðir nú þetta, ef slík umskipti yrðu gerð? Og ef þessar yfirlýsingar þm. Sjálfstfl. eiga að gilda, þá verður fyrst og fremst að færa niður útgjöldin í fjárlfrv. um 4 millj. kr., því að með öðru móti er ekki hægt að komast hjá því að bæta við einhverri tollahækkun.

Það er ákaflega auðvelt fyrir hv. stjórnarandstæðinga að segja: við erum á móti öllum skattahækkunum, við erum á móti þessu og þessu, — en það er bara ekki nóg fyrir þá að segja þetta. Þeir verða líka að sýna fram á, hvað á að gera. Ef tekjuhlið fjárl. yrði nú færð niður um 4 millj. kr., þá hljóta vitanlega allar verklegar framkvæmdir að falla niður. Það er einmitt þetta, sem hér er verið, með þessu frv., að taka afstöðu um: Hvort það eigi heldur að lækka skatta og tolla, og fella þar af leiðandi niður verklegar framkvæmdir, eða hinsvegar að halda núv. tekjustofnum og auka heldur við þá, fyrir rýrnun, og reyna svo að halda uppi verklegum framkvæmdum og atvinnu í landinu, eins og stjórnarflokkarnir leggja til. Ég er ekki í vafa um það, að flestir muni í hjarta sínu fallast á að stefna stj. sé rétt. Og ég er viss um, að það rætast ekki spár þessara hv. þm. um, að almenningur áliti hið gagnstæða, ef málin eru lögð rétt fyrir og skýrð óhlutdrægt. En ef einn og einn maður yrði hinsvegar spurður að því, hvort hann vildi greiða einn og annan toll eða skatt, þá mundi hann eðlilega svara því neitandi. Væri spurningin lögð fyrir á réttan hátt, þannig að kjósandinn ætti um það tvennt að velja, að verklegar framkvæmdir yrðu lagðar niður, svo fremi að hann eigi greiddi skatta til ríkissjóðs, þá er ég viss um, að hann mundi játa gjöldunum. — Ég efast ekki um, að við næstu kosningar muni hv. þm. Snæf. og félagar hans belgja sig út og tala um skattarán ríkisstj. o. s. frv.; en ég verð hinsvegar að lýsa því yfir, að ég hræðist ekki slíkt slagorð og hika ekki við að mæta á kosningafundunum. Ég vil bæta því við, að ef sjálfstm. hefðu kiknað á því að fella niður tekjuaukalögin frá 1934, eftir öll þau stóryrði, sem þeir höfðu þá um þau á þinginu, þá hefði ég ekki öfundað þá á kjósendafundum á eftir. En vitanlega mundu þeir ekki hafa lækkað skattana; þeir hefðu að vísu ekki innheimt þá af tekjum og eignum gjaldenda, né með einkasölum, heldur eingöngu með tollum. (TT: Hver er meginstofn þessa frv.?). Meginstofn þessa frv. er viðskiptagjaldið. En meginstofn tekjuaukalaganna á síðasta þingi voru beinu skattarnir, eða hækkun á tekju- og eignarskattinum.

Ég held, að ég þurfi þá ekki fleiru að svara hv. þm. Snæf. — En hv. þm. Vestm. sagði, að fjvn. hefði verið kölluð saman áður en þing var sett í haust, til þess að reyna að koma fram sparnaði á fjárl. næsta árs. Það er alveg rétt. Enda hefir árangurinn af því starfi hennar verið lagður fyrir þingið. Og hann er sá, að það hefir tekizt að spara ca. 1 millj. kr. á núv. gjaldaliðum ríkissjóðs. Hér hefir verið farinn meðalvegur, bæði sparað á gjöldum og tekjuliðir auknir. Það skorti 2 millj. kr. til þess að afgr. fjárl. fyrir næsta ár þannig, að vel væri við þau unandi. Önnur millj. fékkst með sparnaði á gjaldaliðum fjárl. og niðurfærslu á frv., en hin millj. á að fást samkv. þessu tekjuöflunarfrv.

Þá spurði hv. þm. Vestm., hvernig á því stæði, að þetta frv. væri kallað bráðabirgðatekjuöflunarfrv. og taldi, að mér væri skylt að gera grein fyrir því. Ég get sagt þessum hv. þm., að það eru ýmsar ástæður fyrir því. Í fyrsta lagi má vænta þess, að í venjulegu árferði geti hinir föstu tekjustofnar ríkissjóðs staðið undir þeim gjöldum, sem nú verða á fjárl., þó að ég búist ekki við, að það megi vænta þess á næsta ári, og

þess vegna verður að sjá ríkissjóði fyrir bráðabirgðatekjum, á meðan svo stendur. Í öðru lagi þykir rétt, að þessi lög komi af sjálfu sér til meðferðar á næsta þingi, þó að þess sé varla að vænta, að viðhorfið um tekjuöflun ríkissjóðs verði þá breytt til muna frá því, sem nú er. En á þinginu í vetur verður hægt að taka afstöðu til þess, hvort þessi bráðabirgðatekjuöflun á að standa áfram í gildi, og ég get búizt við, að það fari svo, a. m. k. að einhverju leyti.

Þá þótti hv. þm. Vestm. það allhart, að um leið og fjárframlög til ríkissjóðs væru aukin svo stórlega, þá skyldi vera dregið úr fjárframlögum ríkisins til síns kjördæmis. Hann var eitthvað að tala um það í ræðu sinni síðastl. laugardag, að hann hefði þá nýlega átt fund við ríkisstj., og að stj. hefði tekið vel málaleitunum hans fyrir kjördæmið. Ég skil ekki, hvers vegna þessi hv. þm. fer svo að blása sig hér upp í þd. á mánudag, og brigzla stj. um, að nú vilji hún ekkert gera fyrir sitt kjördæmi. Mér er ekki kunnugt um, að það hafi neitt farið á milli stj. og hv. þm. í þessum efnum síðan á laugardag.

Thor Thors: Það er ekki ýkjamargt, sem ég þarf að svara hæstv. fjmrh. — Það er rétt, sem hann tók fram, að það hefir oft verið deilt um þessi mál á Alþ., og nú nýskeð um þetta frv. í Ed.

Það er eins og fyrri daginn, að þessi hæstv. ráðh. sér ekki aðrar leiðir til úrræða heldur en að leggja stöðugt ný og ný gjöld á þjóðina. Og þegar honum er bent á alvarlegu hliðina á því máli og afleiðingarnar af þessari skattpíningu ríkisstj., þá talar hæstv. ráðh. með gleiðgosalegu brosi og grini og gamanyrðum um ástandið. Það er varla hægt að beita meiri óskammfeilni heldur en fram kemur í þessum endurteknu herferðum hæstv. fjmrh. á hendur skattborgaranna í landinu. Ég þarf ekki að færa fleiri rök að því, tölurnar tala þar sínu máli, og halda áfram að tala. Hæstv. ráðh. getur ekki neitað því, að á síðasta þingi voru skattar og tollar hækkaðir um 2 millj. kr., og nú er hér á ferðinni frv. um 1200 þús. kr. hækkun á sköttunum. Ég þarf ekki að benda á önnur rök fyrir óskammfeilni hæstv. ráðh. um fjársókn í vasa skattborgaranna. Hæstv. ráðh. sagði, að tölurnar á tekjuhlið fjárl. væru ekkert hærri en áður. Það er af því að tekjustofnarnir eru að þverra, og ríkissjóður fær ekki þær tekjur, sem til er ætlazt samkv. tekjuöflunarlögum. En hvað tekur hæstv. ríkisstj. þá til bragðs? Með flutningi þessa frv. beitir hún samskonar kurteisi eins og aðkomumaður, sem barið hefir að dyrum hjá nágranna sínum og beðið hann um fjárhagslegan stuðning, en ekki fengið úrlausn. Hann kveður brosandi og segir, að þetta skipti nú annars ekki miklu máli. En stundarkorni síðar kemur hann aftur, fer þá inn um glugga hjá nágranna sínum og tekur á brott með sér það, sem hann áður hafði beðið um. Hæstv. ráðh. talaði um, að tekjur ríkissjóðs hefðu minnkað og því yrði að finna nýja tekjustofna. En af hverju hafa þær minnkað? Af því gjaldgeta borgaranna hefir minnkað. Af hverju þarf hv. fjvn. að færa tekjuskattinn og eignarskattinn svo mikið niður í fjárlfrv. næsta árs, frá hinni upphaflegu áætlun fjmrh., eða úr 1950 þús. kr. niður í 1550 þús. kr.? Vissulega af því, að tekjur manna hafa minnkað.

Hæstv. fjmrh. hélt því fram, að ég hefði verið að óska eftir því, að fjárl. væru nú ekki hærri en þau voru 1918. Hvílíkur útúrsnúningur! Ég gerði samanburð á niðurstöðutölum tekna og gjalda, í fjárl. 1918 og í fjárlfrv. því, sem nú liggur fyrir, og einnig á nokkrum einstökum liðum þeirra fjárl. Út af þessu segir hæstv. ráðh., að ég hafi viljað setja fjárl. í sama farið og þau voru þá. Þetta er ekkert annað en hans eigin hugarburður og tilgátur. Ég benti aðeins aftur í tímann til samanburðar á því, hvert nú væri stefnt um tekjuöflun til ríkissjóðs og eyðslu á opinberu fé, og til þess að undirstrika það, að þessa stefnu yrði að stöðva. Það er þjóðarnauðsyn, og að því hlýtur að koma fyrr eða síðar. Ég skal ekkert um það segja, hvort það verður í stjórnartíð þessa hæstv. ráðh., en býst síður við því. Ég hygg, að hann hafi ekki viljaþrek til þess að stöðva ógæfuna; hann lætur stöðugt undan kröfum sósialista, sem sífellt þurfa að veifa í kringum sig ýmiskonar skrumauglýsingum til þess að tapa ekki lýðhylli sinni. En það sjá allir skynbærir menn, að íslenzka þjóðin er ekki svo efnum búin, að hún geti fullnægt öllu skrumi og slagorðum þeirra þjóðmálaskúma, sem mest slá um sig í þjóðmálunum. — Það væri náttúrlega mjög æskilegt, ef alltaf væri hægt að afla ríkissjóði nýrra tekna til sífaukinna framkvæmda. En allir vita, að tekjuöflun er svo takmörkuð hér á landi og gjaldgeta einstaklinga þverrandi á þessum síðustu og verstu tímum. Það er því fyllsta ástæða til þess að nema staðar í þessu efni og líta á þær staðreyndir, sem við blasa. Og þeir menn, sem það vilja gera, láta vissulega stjórnast af meiri þjóðhollustu heldur en hinir, sem láta einskis ófreistað til að fullnægja kröfum lýðskrumaranna.

Hæstv. fjmrh. sagði, að þessi nýi tekjuskattsviðauki, sem búizt er við, að nemi um 400 þús. kr., kæmi aðeins niður á örfáum stórefnamönnum. Þetta eru sömu slagorðin og hljómuðu á þinginu 1934, þegar tekjuskatturinn var hækkaður um 950 þús. kr., og alltaf var látið klingja, að sú skattahækkun kæmi aðeins niður á örfáum stórlöxum í Reykjavík. Nú er hér enn um 400 þús. kr. hækkun að ræða, og allt á þetta að leggjast á örfáa stórefnamenn í Reykjavík. — Ég hygg nú, að öllum hljóti að vera það ljóst, að hér þarf fleiri til að bera þessar álögur en örfáa menn í Reykjavík. Slagorð eins og þessi eru einskis virði. Það er augljóst, að 1350 þús. kr. upphæð er ekki lögð á örfáa, breið bök, heldur þarf fjöldamörg bök íslenzkra skattborgara til þess að rísa undir þeirri upphæð. — Það vill nú svo til, að hvorki ég né hæstv. fjmrh. höfum aðstöðu til að segja neitt afgerandi um þetta, né svara því, hversu margir komi til með að greiða skattaukann. Það eru einungis skattaskrárnar á næsta ári, sem skera úr því, hvort það verða aðeins hin örfáu breiðu bök, sem bera þessa nýju skatta. Við sjáum, hvað setur. — Hæstv. fjmrh. var að reyna að sýna fram á það með tölum, að skattaukinn kæmi aðeins niður á breiðu bökin. Ég náði ekki þeim tölum, sem hann fór með, en lofa því, að það skal verða sýnt fram á það við

2. umr. með tölum, hvernig skattstiginn verkar. En ég hygg, að hæstv. ráðh. hafi ekki skýrt allskostar ráðvandlega frá því. Hv. 2. þm. N.-M. skaut því fram í ræðu hans, að hann hefði sleppt því að reikna með útsvari af eignum. (**Fjmrh.**: Hvað kemur það við útsvarsgreiðslu af launum?). Ég hygg, að flestir af þeim, sem hafa ríflegar tekjur, eigi líka eignir. (**Fjmrh.**: Hvað á hv. þm. miklar eignir?) Ég hygg, að ég eigi fullkomlega eins mikið og hæstv. ráðh. En ef á að gera hér að umtalsefni eignir einstakra þingmanna, þá skal ég ekki telja eftir mér að benda á efnahagsástæður ýmsra sósialista og einnig samflokksmanna hæstv. ráðh. — Þá talaði hæstv. fjmrh. mikið um eyðsluvenjur þjóðarinnar og hélt því fram, að ríkisvaldið hefði ekki seilzt svo langt, að það bannaði einstaklingum að spara; ennfremur sagði hann, að sjálfstæðismenn hefðu ekki sýnt neina sparnaðarhneigð öðrum fremur. Ég hygg, að það hafi verið alveg upp og ofan. Ég skal fúslega játa það, að enginn stjórnmálaflokkur hefir gætt þess svo sem vera ber. En ég vil spyrja hæstv. fjmrh., hvort hann líti svo á, að slík skattalög, sem hér um ræðir, skerpi hvatir manna til þess að spara af tekjum sínum, þegar ríkisvaldið tekur allan kúfinn af tekjum þeirra, og miklu meira, með sköttum til ríkissjóðs.

Hæstv. ráðh. sagði, að við sjálfstæðismenn töluðum mikið um það, að við vildum létta af þjóðinni útgjöldum, en ef farið væri að okkar ráðum, þá mundi það leiða til algerðs ábyrgðarleysis, skildist mér, eða a. m. k. til mjög verulegs niðurskurðar. Flokksmenn hans hafa og haldið þessu mjög á lofti í stjórnmálabaráttunni að undanförnu; en þeir gleyma að geta þess, að sjálfstæðismenn hafa margsinnis lýst því yfir á þingi, að þeir væru reiðubúnir til samvinnu um fjármálin. En þeirri samvinnu hefir alla tíð verið hafnað. Og ég geri ráð fyrir, að henni sé neitað vegna þess, að það hæfi ekki sósialistum að nema staðar á þeirri óheillabraut, sem nú er farin. Ég veit, að ýmsir framsóknarþm. óska þess í rauninni, að numið sé staðar á þessari braut og tekin upp ný stefna í fjármálunum, en þeir fá ekki þeirri ósk sinni framgengt, fremur en fjölda mörgum öðrum, fyrir yfirgangi sósialista. Hæstv. ráðh. sagði, að þegar almenningur væri farinn að kynna sér þessa stefnu stj., þá yrðu menn í hjarta sínu þakklátir fyrir þessar ráðstafanir. Hvílík einfeldni! Ég er sannfærður um, að því fleiri sem kynna sér þessar ráðstafanir, því fleiri mótmæla þeim, því lengur sem hæstv. núv. stj. situr við völd, því greinilegar koma fram afleiðingar verka hennar á þjóðinni, illu heilli. Og þær afleiðingar leiða áreiðanlega til vaxandi óánægju og mótmæla, og ég efast um, að þegar stundir líða fram og hæstv. fjmrh. þarf að líta yfir farinn veg, þá geti hann verið þakklátur þeim mönnum, sem keyrðu hann áfram á þessari óheillavænlegu braut.

Jakob Möller [óyfirl.]: Ég þarf sem nm. í fjhn. að fá upplýsingar viðvíkjandi þessu frv. Og það er vegna þess, að við athugun þykist ég sjá, að frv. sjálft sé ekki í samræmi við það, sem gefið er upp af hæstv. fjmrh. í grg. þess. Viðvíkjandi tekjuskattshækkuninni segir í grg. frv., sem mér skilst vera samin af hæstv. fjmrh. eða einhverjum fyrir hans hönd, að þessum skatti sé þannig háttað, að hækkunin byrji fyrst á 6000 kr. skattskyldum tekjum. En við samanburð á skattstiga frv. við skattstiga gildandi laga kemur í ljós, eins og í rauninni hefir verið drepið á, að skatturinn fer að hækka miklu fyrr heldur en þarna er gefið upp. Samanburðurinn á skattstigunum er sem sé þannig, að af 2000 kr. skattskyldum tekjum greiðist 30 kr. samkv. báðum, en af því, sem þar er umfram, greiðist eftir gildandi l. 4%, en samkv. frv. 5%. Af 4000 kr. skattskyldum tekjum verður skatturinn 80 kr. samkv. frv., en 70 kr. samkv. gildandi lögum, og þannig heldur þetta áfram, að í stað þess að skatturinn er 7% af því, sem er fram yfir 3000 kr., á hann að verða 7½%; af 4000 kr. 155 kr. í stað 144 kr., o. s. frv. Mér heyrðist hæstv. fjmrh. segja, að þetta væri einnar krónu munur, eða svo. (**Fjmrh.**: Það gerir 10% viðaukinn á skattinum nú). Hann er bráðabirgðaákvæði, sem alls ekki hefir verið fast, og hefði væntanlega þurft að fá samþ. á þessu þingi, ef hann hefði átt að gilda áfram. Svo skatthækkunin frá gildandi l. er þetta, sem ég hefi greint, á þessu lága skattsviði, 3—6 þús. kr. skattskyldum tekjum, eða m. ö. o. um og yfir 10%. Út af þessu vil ég spyrjast fyrir um það, hvort það mundi verða samþ. af hæstv. fjmrh., ef fram kæmi frá fjhn. till. um að lækka skattstigann sem þessu svarar.

Annað er það, að ég sé, að í frv. hefir upphaflega verið gert ráð fyrir, að allri skatthækkuninni samkv. frv. yrði skipt milli ríkissjóðs og bæjar- og sveitarfélaga. En við meðferð málsins í Ed. hefir þessu verið breytt þannig, að mig minnir samkv. till. hæstv. fjmrh., að skiptingin komi aðeins til greina um hækkun skattsins af hærri en 6000 kr. skattskyldum tekjum. Mér er ekki vel ljóst, hvernig á þessari breyt. á frv. stendur. Það er eins og hæstv. fjmrh. hafi ekki gert sér grein fyrir því, þegar hann samdi frv. og lagði það fram, að um tekjuauka samkv. því yrði að ræða af lægri en 6000 þús. kr. skattskyldum tekjum, eða þá að hann hefir af ásettu ráði reynt að leyna því, í hvaða tilgangi sem það kynni að hafa verið gert. En hitt er víst, að frá frv. er gengið þannig, að skattaukinn ætti allur að skiptast að jöfnu milli ríkissjóðs og sveitar- og bæjarfélaga, og auðvitað er ekki síður ástæða til að skipta þeim skattauka, sem tekinn er af lágum tekjum, milli þessara aðilja, heldur en þeim, sem tekinn er af háum tekjum. Því vitanlega eru miðlungstekjurnar einmitt tryggasti tekjustofninn, og ef gengið er meira á þær til að afla ríkissjóði tekna heldur en góðu hófi gegnir, þá verður það sannarlega jafnvel ennþá tilfinnanlegra fyrir sveitar- og bæjarfélögin heldur en þó gengið sé nokkuð á hátekjurnar með hátekjuskatti, því hann mun nú úr þessu fara að reynast mjög ótryggur gjaldstofn hvort sem er.

Að öðru leyti hefi ég ekki miklu við það að bæta, sem flokksmenn mínir hafa sagt um þetta tekjuöflunarfrv. Hæstv. ráðh. gaf í skyn, að það fyrirbrigði, að tolltekjur ríkissjóðs fara nú svo minnkandi, að ár frá ári verður að gera leið-

réttingu á fjárl.áætlun þeirra til lækkunar, stafaði af innflutningshöftunum. Hann virðist ekki vilja viðurkenna, að þessi lækkun stafi af því, að kaupgeta almennings í landinu minnkar, svo hann getur ekki keypt þær vörur eins og áður, sem tollaðar eru, heldur telur, að það séu aðeins innflutningstakmarkanirnar, sem skera niður ríkistekjurnar. Þar við er það að athuga, að enn þá hefir ekki komið til þess samkv. innflutningsskýrslum, að innflutningurinn hafi rýrnað til neinna verulegra muna. Innflutningur yfirstandandi árs virðist jafnvel ætla að komast yfir það mark, sem hann áður hefir verið lægstur á seinni árum. Í októberlok var innflutningurinn sem sé kominn upp í 36 millj., en árið 1932 var innflutningurinn allt árið ekki nema 37 millj. 351 þús. kr. Svo það verður a. m. k. ekki séð, að innflutnurinn þetta ár verði lægri en áður eru dæmi til. Hinsvegar brygði mjög undarlega við, þegar vitað er, að atvinnuleysi meðal almennings fer vaxandi ár frá ári, svo að hér í Reykjavík eru t. d. að staðaldri um og yfir 1000 atvinnulausra manna, sem er miklu hærri tala heldur en áður hefir þekkzt, ef kaupgetan í landinu væri þrátt fyrir það hin sama og áður, meðan atvinna var meiri og afkoma fólksins þar af leiðandi betri. Það liggur í augum uppi, að kaupgeta almennings hlýtur að fara minnkandi ár frá ári, og það hlýtur að hafa aftur áhrif á tekjuöflun ríkisins; þ. e. a. s., kaup almennings á þeim vörum, sem tolllagðar eru, fara minnkandi. Þær leiðréttingar, sem orðið hefir að gera á tolltekjuáætlun fjárl., bæði í fyrra og aftur núna, stafa þannig að svo og svo miklu leyti beinlínis af því, að almenningur verður að draga við sig kaup á þessum vörum. T. d. má taka, að nú er gerð leiðréttíng á tóbakstolltekjunum til lækkunar, og er þó ekki kunnugt, a. m. k. neinar hömlur séu á innflutningi tóbaks eða skortur á þeirri vöru í landinu. Ef tolltekjur af tóbaki minnka, þá er það vitanlega af því, að minna er keypt af því og notað í landinu. (Fjmrh.: Það hefir líka hækkað í verði). Já, við vorum einmitt að segja hæstv. ráðh. það í fyrra, sjálfstæðismenn, þegar hann lagði fram till. um mikla hækkun á tóbakstollinum, að hún mundi aðeins hafa áhrif í þá átt að minnka sölu á þessari vörutegund. Og það er alveg sama, hvort lagður er aukinn tollur á einhverja vöru eða verð hennar hækkað með einkasölu, hvorttveggja hefir áhrif í þá átt að auka dýrtíðina í landinu og að almenningur getur minna keypt en ella. Allt styður þetta að því, að það er ekki allskostar rétt hjá hæstv. fjmrh., að þetta fyrirbrigði, hvernig tekjustofnar ríkissjóðs vilja nú bregðast, stafi af innflutningshömlunum eingöngu, heldur stafar það af hinu, að kaupgeta almennings svarar ekki til hins hækkaða vöruverðs, af hvaða ástæðum svo sem sú hækkun er.

Það er því fyrirsjáanlegt, að sú hækkun, sem nú á að gera á tollum, þó hún sé að miklu leyti á nauðsynjavörum, mun verka á móti tilgangi sínum, þannig að tekjurnar í ríkissjóð verða minni heldur en gert er ráð fyrir. Yfirleitt er nú svo komið fyrir hæstv. ríkisstj., að hún er líkt stödd eins og maður, sem gengur eftir svo veikum ís, að hann þá og þegar stígur niður úr í hverju spori. Á þessari braut síhækkandi tolla og skatta fer hæstv. stj. að stíga niður úr í hverju spori; þ. e. a. s. gjaldstofnarnir fara að láta undan, og að lokum hlýtur allt að bresta undan þessari skattaherferð. Þetta gildir jafnt um tekjuskattshækkanirnar, sem framkvæmdar eru hver ofan á aðra, eins og tollhækkanirnar, sem ár frá ári er bætt á neyzluvörur almennings, hvort sem þær nú eru kallaðar nauðsynjavörur eða munaðarvörur.

Það er leiðinlegt, að svo skuli vera um þetta samkomulags- eða samningsmál hv. stjórnarflokka, að þegar það er til 1. umr. hér í d., þá skuli aðeins vera nokkrir menn, sem verða að taka á sig allan þungann af þeirri ábyrgð, sem fylgir þessu frv. og virðist eiga að hvíla sameiginlega á báðum flokkunum. Það hefir áður verið drepið á það við umr., að það var eins og einhver bráð nauðsyn á að verða á burt úr salnum kæmi yfir alþýðuflokksmennina hér í d., þegar þetta mál var tekið fyrir, því skömmu eftir að umr. hófst voru þeir allir horfnir. Síðan hefir að ég hygg aðeins einn þm. úr þeim flokki látið sjá sig í d., a. m. k. við og við; hinir virðast gersamlega hafa horfið, og má mikið vera, ef ekki þarf að gera gangskör að því að hefja leit að þeim þegar að atkvgr. kemur, ef málið á að bjargast til 2. umr. á þessum degi. Að vísu er hér viðstödd sú hjálparhella, sem allt veltur á nú, líf hæstv. stj. a. m. k. (MT: Þetta er nú oflof!). En hún er ekki einhlít að þessu sinni. Hitt mætti virðast, að það væru ekki málsvarar Framsfl. fyrst og fremst, sem hér þyrftu að vera til andsvara, þegar um er að ræða þá hækkun á nauðsynjavörum, sem gera á með þessu frv. Það hefir að vísu verið reynt í blöðum hæstv. stj. að telja mönnum trú um, að hér væri ekki um toll af nauðsynjavörum að ræða. En við nánari athugun er enginn vafi á því, að helmingurinn af þeim tekjum, sem ætlunin er að afla með þessu frv., er einmitt tekinn af brýnustu nauðsynjavörum. Hvað mikill meiri hluti væntanlegs tekjuauka er gert ráð fyrir, að tekinn verði af nauðsynjavörum, kemur ekki ljóslega fram að vísu, en hinsvegar má ætla, að gert sé ráð fyrir, að allar tekjurnar náist af þremur fyrstu tollflokkunum, sem taldar eru í frv., því væntanlega verður að mestu leyti bannaður innflutningur á þeim vörum, sem falla undir síðasta flokkinn, 25% flokkinn, sem að miklu leyti grípur yfir ýmiskonar lúxusvörur svokallaðar, þó skiptar séu sjálfsagt skoðanir um það, hvort allt, sem talið er í þeim flokki, er hreinn óþarfi. Ætla má, að a. m. k. 500 þús. kr. verði innheimtar í þessu viðskiptagjaldi af tveimur fyrstu flokkunum, 2% og 5% flokkunum, sem eingöngu taka til fullkominna nauðsynjavara. Nú, í 3. flokki eru auðvitað margskonar vörur, sem fluttar verða inn og nauðsynlegar eru almenningi, og má því búast við, að hann fylli nokkuð þá áætluðu upphæð, sem ætlunin er að afla með þessum tolli.

Málsvarar þessa frv. eru í rauninni hættir að halda því fram, að þessi tollur lendi ekki að neinu leyti á framleiðslu landsmanna, enda er það tilgangslaust, því hver maður, sem les yfir-

litið yfir þær vörutegundir, sem hér er um að ræða, sér í hendi sér, að þessar vörur eru allar beinlínis eða óbeinlínis nauðsynlegar til framleiðslunnar. Þess vegna er hér ekki aðeins verið að leggja skatt á allan almenning, heldur líka á sjálfa framleiðsluna, þó deila megi um það, sem að vísu verður ekki deilt um með rökum, að allir tollar af nauðsynjavörum hljóta að lokum að lenda á framleiðslunni, því framleiðslan er það vitanlega, sem ber uppi alla framfærslu manna í landinu. Og um leið og framfærslukostnaður almennings hækkar eru vitanlega þar með lögð ný útgjöld á sjálfa framleiðsluna. Ef nokkuð liggur á bak við þá staðhæfingu stjórnarflokkanna, að þessi tollur lendi ekki á framleiðslunni, þá getur það ekki verið neitt annað en það, að það sé ekki þeirra tilætlun, að hinn vinnandi lýður í landinu, sem fyrst og fremst á að greiða þennan skatt til ríkissjóðs, eigi að fá það upp bætt með kauphækkun. Það hefir verið litið svo á almennt af hinum vinnandi lýð, að ef verðbreyting yrði í landinu á almennum nauðsynjavörum, af hverju sem það stafaði — en sérstaklega hefir verið um þetta rætt í sambandi við breytingar á verðgildi peninga —, þá hlyti að leiða af því, að kaupgjald í landinu yrði að hækka. Þegar nú slíkur tollur er lagður á, sem leiðir af sér allsherjar verðhækkun á nauðsynjum fólksins, þá er auðsætt, að ekki er í rauninni um neitt annað að ræða heldur en lækkun á verðmæti gjaldmiðilsins. Það, sem hér er um að ræða, er því í raun og veru gengislækkun á íslenzkri krónu. En ef stjórnarflokkarnir standa við það, að afleiðingarnar af þessari breyt. á verðgildi krónunnar eigi ekki að koma niður á framleiðslunni í kauphækkun, þá ganga þeir með því tvímælalaust á móti þeim kröfum, sem haldið hefir verið fram af öllum verkalýð í landinu. Og get ég hugsað mér, að verkafólkinu þyki það allþungar búsifjar, ef nú á að fara að hækka þannig vöruverðið ár frá ári án þess að það fái nokkrar bætur fyrir. Hinsvegar hlýtur afleiðingin af þessu hvorutveggja, tollhækkuninni og skatthækkuninni, að verða vaxandi erfiðleikar við atvinnuframkvæmdir einstaklinga, og þar af leiðandi hlýtur líka að fara vaxandi atvinnuleysið í landinu, svo mönnum verður minna úr þeim tekjumöguleikum, sem menn annars hafa. Hefir fylgt listi yfir þær framkvæmdir og þau mál, sem þessum sköttum er ætlað að hafa stuðning sinn í, og er hann prentaður í grg. fyrir frv. Þar eru fyrst ætlaðar til alþýðutryggingar 300 þús. kr. Það er vissulega athugavert fyrir allan landslýð, hvort það borgar sig á þessum tímum að fá slíkar tryggingar og kosta til þess þessari 300 þús. kr. upphæð, sem beinlínis er tekin úr vörzlum almennings, auk þess sem þar á ofan á að bæta nýjum gjöldum á allan almenning, iðgjöldunum. Þessi gjöld geta sem sé orðið allt að 300 kr. á einstakling. Að vísu má segja, að menn eigi að fá nokkur hlunnindi fyrir þetta, en skyldu þeir þó ekki verða fáir, sem fá hlunnindi, er því svara, sem þeir verða að greiða beint eða óbeint? Beint eiga menn að greiða iðgjöldin, sem ég nefndi áðan, en óbeint verða teknar af einstaklingunum þessar 300 þús. kr. Og hér við bætist, að einn aðalþáttur tryggingarnna á ekki að koma til framkvæmda að svo stöddu, heldur á að byrja á því að safna iðgjöldum almennings í sjóð, sem á að verða nokkrar miljónir, áður en farið verður að nota hann. Nú má spyrja: Er hagur almennings í landinu þannig, að hann megi við því að leggja mikið fé í slíka sjóði? Ef til vill má segja, að einstaka menn megi við þessu, en áreiðanlega ekki þorri manna. Virðist því auðsætt, að tími til slíkrar fjársöfnunar er illa valinn, þegar allur þorri manna til sjávar og sveita hefir ekki tekjur fyrir brýnustu þörfum.

Þá er gert ráð fyrir því, að mikið fé verði lagt til landbúnaðar í ýmsum myndum, þar á meðal 200 þús. kr. til nýbýlamyndunar. Eftir því, sem hljóðið hefir verið undanfarið í forsvarsmönnum landbúnaðarins, hlýtur mönnum að koma það undarlega fyrir sjónir, að nú eigi að fara að stofna til stórkostlegra útgjalda úr ríkissjóði til þess að auka landbúnaðinn. Yfirleitt hefir það verið á þeim að heyra, að mesta ólán landbúnaðarins sé það, að hann getur ekki komið afurðum sínum í verð. Það hefir verið rannsakað, hvert er framleiðsluverð hérlendra landbúnaðarafurða, og allir vita, að það er hærra en gangverð þeirra vara hér innanlands nú á tímum. Til hvers er þá að auka framleiðsluna, sem ekki getur leitt til annars en þess að auka meðalverð afurðanna og gera landbúnaðinum erfiðara að komast af? En nú á að fara að verja 200 þús. kr. til aukningar þessari framleiðslu, sem bætist þá við það, sem nú er óseljanlegt eða verður að selja undir verði. Ég sé ekki, að þetta mál sé svo nauðsynlegt hæstv. stj., að það geri óhjákvæmilega slíka skattaálagningu sem þessa, því að það er gífurleg tollahækkun að bæta nú 800 þús. kr. ofan á allt það, sem reytt er af mönnum nú þegar með hverjum bita. Svipað má segja um flest það, sem ráðgert er að verja þessu fé til. Ég get ekki fallizt á, að nauðsyn þess sé svo mikil, að forsvaranlegt sé að leggja á þennan skatt þess vegna.

Fleira hefði verið ástæða til að athuga af því, sem hæstv. fjmrh. sagði, t. d. það, er hann sagðist ekki hafa tekið eftir því, að sjálfstæðismenn temdu sér sérstaka sparsemi. Þetta er óneitanlega í nokkru ósamræmi við það, sem maður er vanastur að heyra úr herbúðum stjórnarflokkanna. Við erum vanir að heyra það, að við séum málsvarar auðsöfnunarinnar á þessu landi og stöndum sem grimmir varðhundar hvenær sem seilzt er í þennan uppsafnaða auð til handa ríkissjóði. Ég býst við, að stjórnarsinnum þyki þetta sanni nær um okkur en það, sem hæstv. fjmrh. sagði. Þá er líka vert að athuga í sambandi við orð hans, hvernig sparnaði hefir miðað áfram í landinu. Ég er viss um, að það gefur mikilsverðar upplýsingar, ef það er athugað í sambandi við þetta mál. Það er rétt, sem haft er eftir sænskum hagfræðingi, er skipulagsn. fékk sér til aðstoðar, að sparifjársöfnun er skammt komið hér á landi. Sparifé Svía nemur ca. 1500 kr. á mann, en Íslendinga ekki nema 650 kr., eða tæpum helmingi. Sparifjársöfnun er hafin fyrir tiltölulega skömmum tíma á Ís-

landi. En þessi maður benti líka á það, hve öllum framkvæmdum er skammt komið hér á landi, en það skýrir líka, hve sparifjársöfnun er komin stutt á leið, því að þeir einstaklingar, sem haft hafa nokkurt fé til umráða, hafa heldur kosið að leggja það í fyrirtæki ýmiskonar. Hér var um eitt skeið beinlínis kapphlaup um að leggja fé í togaraútgerð. Allir vita, hvað orðið hefir um það fé. Það hefir sokkið. Ef því hefði verið haldið föstu í sparisjóðum, væri þar meiri upphæð á mann en nú er. Annars er gleðilegt að fá viðurkenningu á því úr stjórnarherbúðunum, að æskilegt sé, að menn spari fé, því að í rauninni finnst manni forsvarsmenn stjórnarflokkanna hafa beitt sér fyrir að magna það almenningsálit, að öll starfsemi, sem lyti að því að safna auði, væri svívirðilegt athæfi. Þessi hugsunarháttur hefir sérstaklega verið studdur af Alþfl. Er það tvímælalaust, að þessi hugsunarháttur er að eyðileggja fjárhagsaðstæður þjóðarinnar. Er því gleðilegt að heyra úr þessum herbúðum slík viðurkenningarorð. Efast ég um, að við hefðum fengið að heyra þau, ef ekki hefði farið svo, að við urðum að fá hingað erlendan fræðimann, sem er úr bróðurflokki annars stjórnarflokksins, því að svo mjög fer skoðun hans í bága við kenningar þeirra.

Jóhann Jósefsson [óyfirl.]: Mig langar til að svara hæstv. ráðh. fáum orðum. Honum þóknaðist að vera með skæting gagnvart mér og öðrum fyrir að hafa mælt gegn frv. Það heitir á hans kurteisa máli að „blása sig upp“, ef þm. láta í ljós skoðun sína á málum. Ég ætla nú ekki að fara að gjalda honum í sömu mynt. En þar sem hæstv. ráðh. sagði, að ég væri í ósamræmi við sjálfan mig, er ég í ræðu minni annarsvegar taldi tormerki á því, að áhugamál míns kjördæmis fengju framgang hjá stj., en sagðist hinsvegar hafa átt tal við hæstv. ráðh. og þeir hefðu sagt, að málinu yrði frestað til 3. umr., þá svara ég því, að reynslan verður að skera úr því, hve örlátir stjórnarflokkarnir verða við þetta mikla framleiðslufélag landsmanna.

Þá heyrðist mér á hæstv. fjmrh., að hann áliti, að eftir okkar till. ættu fjárl. að nema 11 millj. í stað 15 millj., og dró hann af þessu þá ályktun, að við vildum stöðva allar opinberar framkvæmdir. Ég hefi nú mælt í móti þessu frv., og það er krafa mín og allra útgerðarmanna, að útflutningsgjaldi af sjávarafurðum verði af létt. Segir hann, að ég vilji þannig hafa af ríkissjóði 4 millj. kr. Þetta er nú rangt reiknað. Þó að löng sé nú orðin stjórnartíð hæstv. ráðh. og hann virðist farinn að gleyma því, að aðrir hafi nokkurn tíma komið nálægt fjármálum ríkisins, þá er það nú samt svo, að sjálfstæðismenn hafa líka afgr. fjárl., en ekki með þessum hætti. Sjálfstæðismenn stóðu að fjárl. 1924, en lögðu samt ekki niður verklegar framkvæmdir, heldur juku þær þvert á móti.

Viðvíkjandi aths., sem ég gerði um fyrirsögn frv. og efni, heyrðist mér á hæstv. ráðh., að hann gerði ráð fyrir, að þetta yrði alls ekki bráðabirgðatekjuöflun. Hann talaði um, að í venjulegu árferði myndi einhver hluti af þessu fé nást inn á venjulegan hátt. Þetta er nú mjög teygjanlegt orðalag. Hinsvegar kannaðist hann við, að mestur hluti þess myndi halda áfram að nást inn á þennan óvenjulega hátt. Þessi tekjuöflun verður eftir því framhaldandi gjaldstofn, og á því ekki að vera að flagga með því að þetta sé bara til bráðabirgða.

Um hina fullyrðingu hæstv. ráðh., að meiri hluti þessa gjalds snerti ekki þarfir almennings, er það að segja, að hún hefir verið greinilega afsönnuð. (**Fjmrh.**: Ég hefi ekki talað um það). Ég hefi skrifað þetta upp eftir honum, en mér þykir vænt um, ef hæstv. ráðh. vill falla frá því nú.

Nú er þetta ekki eina álögufrv. frá þessum mönnum. Hér á dögunum var á ferðinni annað frv. hér á þingi, og hafði það einnig í för með sér aukna skatta á nauðsynjar almennings, en það hverfur þó alveg í skuggann, þegar þessi stóri skattur kemur. Það frv. var lagt fram í vor, og tel ég víst, að það eigi að verða að l. Þar eru margar nauðsynjavörur tollaðar fram yfir það, sem nú er, og þó að það sé í orði kveðnu gert til þess að bæta aðstöðu innlends iðnaðar, verður árangurinn sá, að þeir, sem eiga að nota þessar vörur, verða að kaupa þær dýrara verði.

Hæstv. ráðh. miklaði það fyrir sér, að ég færi fram á 4 milj. kr. tekjulækkun með því að leggja til, að frv. yrði felllt. Samkv. því, sem upp er gefið í forsendum frv., er ætlazt til, að þetta verði 1 millj. kr. tekjuöflun. Nú er á fjárl. gert ráð fyrir 130 þús. kr. tekjum umfram gjöld. En til þess að vera öruggur, vill hæstv. ráðh. fá samþ. þennan tekjuauka, sem nemur 1 millj. Jafnvel þó að allar þessar framkvæmdir væru nauðsynlegar, sem ekki er hægt að segja, eins og nú árar, þá þyrfti ekki heila milljón til að vinna upp á móti hallanum. Það, sem vantar inn í frv., eru 300 þús. kr. til alþýðutryggingganna, 200 þús. kr. til nýbýlamyndunar og 55 þús. kr. til kartöfluverðlauna, samtals 555 þús.

Það getur verið, að hann og aðrir í stj.flokkunum megi gera ráð fyrir því, að einhversstaðar muni ísinn bresta undan hælum þeirra, eins og hv. 3. þm. Reykv. orðaði það. En þeir eru þá ekki í vandræðum, þeir góðu menn. Þverrandi gjaldgetu þjóðarinnar svara þeir sí og æ með auknum sköttum og tollum. Það er með þessa menn eins og sagt er í ritningunni, að konungur kom eftir annan, og þótti sá fyrri hafa verið strangur í því, að leggja álögur á fólkið, en sá, sem á eftir kom, sagði við fólkið: „Faðir minn refsaði yður með svipu, en ég mun ekki refsa yður með svipu, heldur mun ég refsa yður með skorpionum“. Þessi aðferð er viðhöfð hér, því eftir því sem þjóðin á verra með að greiða skatta og tolla, þeim mun meira eru þeir hækkaðir af stj.

Jakob Möller: Það var aðeins út af innskoti hæstv. fjmrh. inn í ræðu mína áðan, þar sem ég var að bera saman skattstigann samkv. núgildandi l. og samkv. þessu frv. á tekjum frá 2000 kr. og upp í 6000 kr., og sagði hæstv. ráðh., að munurinn á þessu tvennu væri 10% viðaukinn, sem leyft hefði verið að leggja ofan

á skattinn. Ég sagði, að til þess að leggja hann ofan á þyrfti sérstaka heimild í l., en ég hafði þá ekki tíma til þess að fletta þessu upp, svo að ég gæti sýnt það svart á hvítu. En nú hefi ég gert þetta, og vil ég biðja hv. þm. að veita því athygli, að í tekjuskattslögunum frá 9. jan. 1935, síðast í kafla VI. í 55. gr., stendur þetta ákvæði til bráðabirgða: „Ríkisstj. er heimilt að innheimta tekju- og eignarskatt álagðan 1935 með 10% viðauka". Það þurfti því að endurnýja hann, en það hefir ekki verið gert. Það þurfti sérstaka lagasetning til þess að fá þessa heimild. Hæstv. ráðh. virðist þá fullkomlega hafa fylgt dæmi vissrar persónu, sem hann virðist hafa tekið sér til fyrirmyndar. En um þá persónu er það sagt, að hún hafi það fyrir sið, þegar henni er réttur litli fingurinn, að taka alla höndina. Hæstv. ráðh. var það ekki nóg að taka litla fingurinn, sem honum var réttur með tekjuskattsl. frá síðasta þingi, heldur tók hann alla höndina, með því að færa þetta í nýtt frv. og stórhækka skattinn. Ég býst því við, að það verði ekki annað sagt heldur en hæstv. fjmrh. standi þessari fyrirmynd sinni fyllilega á sporði.

Fjmrh. (Eysteinn Jónsson): Ég ætla ekki að lengja umr. En út af því, sem hv. 3. þm. Reykv. sagði síðast, þá vil ég taka það fram, að þessi heimild, sem hann var að tala um, er í l., sem samþ. voru á fyrri hluta þessa þings um það, að á árinu 1936 megi innheimta tekju- og eignaskatt með 10% viðauka. Allt það, sem hv. þm. hefir sagt um vissa persónu, á ekki við í þessu sambandi.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 16:1 atkv. og til fjhn. með 17 shlj. atkv.

Á 98. fundi í Nd., 13. des., var frv. tekið til 2. umr. (A. 709, 758, n. 760 og 787).

Frsm. meiri hl. (Stefán Jóh. Stefánsson): Um þetta mál hafa þegar orðið allmiklar umr. bæði í Ed. og einnig í blöðum og manna á meðal. Má því segja, að það sé að bera í bakkafullan lækinn að bæta nokkru verulegu þar við, enda mun ég láta mér nægja að láta fáein orð fylgja þessu frv. af hálfu okkar meiri hl. fjhn., sem leggjum til, að frv. verði samþ. með nokkrum smávægilegum breyt.

Það er fyrir löngu orðið kunnugt, hvað þetta mál fjallar um. Það er farið fram á að afla ríkissjóði tekna til þess sérstaklega að standa straum af vissum útgjöldum, sem er ákveðið, að komi til framkvæmda á næsta ári í samræmi við væntanlega löggjöf, sem sumpart hefir þegar verið ákveðin af Alþingi og sumpart gert ráð fyrir, að verði samþ. á þessu þingi.

En það má öllum vera ljóst, að ef lagt er í ný veruleg fjárútlát, þá verður það einnig að fylgja því, að sjá fyrir tekjum til þess að bera uppi útgjöldin. Hér er fyrst og fremst farið fram á að fara tvær tekjuöflunarleiðir. Annarsvegar er það allveruleg hækkun á tekjuskattinum frá því, sem hann er nú, aðallega á skattskyldum tekjum, sem eru yfir 6000 kr., og hinsvegar er farið fram á, að lagt sé gjald á vissar tegundir af vörum, sem fluttar eru til landsins. Er þeim skipað í flokka og lagt misjafnlega hátt hundraðsgjald á vörurnar, eftir því sem flokkarnir tilgreina.

Um fyrri tekjuöflunarleiðina, sem er að finna í 2. gr. frv., er það að segja frá sjónarmiði Alþfl., að hann telur, að þegar þurfi að afla tekna handa ríkissjóði, þá sé fyrst á það að líta, hverju verði náð með beinum sköttum eða öðrum tekjuöflunarleiðum, sem Alþfl. telur réttastar eins og nú standa sakir, svo sem einkasölum á vissum vörutegundum, sem geta aflað ríkissjóði tekna án þess að landsbúum sé að því nokkurt óhagræði.

Um tekjuskattinn er því það að segja, að bæði frá sjónarmiði meiri hluta fjhn. og einnig frá sjónarmiði míns flokks verður hann að teljast rétt leið til tekjuöflunar. Hann kemur ekki að neinu verulegu leyti við þá menn, sem hafa lágar tekjur, því að aðalhækkunin samkv. þessu frv. leggst á tekjur manna, sem eru allverulega tekjuháir á íslenzkan mælikvarða. Því að hækkun sú, sem nokkru nemur, þegar miðað er við gildandi tekjuskattsl., er þá sú heimild, sem hefir verið samþ. um álagningu 10% gjalds þar á, en hækkunin fyrir neðan 6000 kr. er sama sem engin, aðeins til samræmis, til þess að fá eðlilegan skattstiga, og því er hækkunin örlítil á lágtekjur frá því, sem nú gildir, að viðbættri 10% álagningunni, sem heimild er til samkv. núgildandi l. að leggja ofan á tekjuskattinn almennt. En þegar kemur upp fyrir 6000 kr. skattskyldra tekna, þá hækkar skatturinn verulega, en það er aðgætandi, að 6000 kr. skattskyldar tekjur og þar fyrir ofan svara yfirleitt til brúttótekna sem væru 8—11000 kr., og má segja, að þeir menn, sem hafa 10 þús. kr. tekjur og þar fyrir ofan, séu menn-irnir, sem frekast geta byrðarnar borið í þjóðfélaginu. Eftir því sem tekjurnar hækka, fer gjaldið hlutfallslega hækkandi, svo að segja má, að þegar komið er upp í 28000 kr. skattskyldar tekjur, þá sé hann orðinn mjög hár, en hann er þá líka tekinn af mönnum, sem hafa svo háar tekjur, að þeim ætti að vera útlátalítið að gjalda það til ríkis og bæja.

Ég tel því, að þessi tekjuöflunarleið sé þess eðlis, að frá sjónarmiði þeirra, sem fyrst og fremst leggja áherzlu á, að tekna sé aflað hjá þeim, sem mestar hafa tekjurnar og mest umleikis, þá sé hún mjög í samræmi við skoðanir stjórnarflokkanna á skattamálum, einkum Alþfl., en þó einnig Framsfl.

Hitt kann að þykja nokkru undarlegra, að Alþfl. hefir einnig horfið að því ráði, að lagt verði gjald á nokkrar innfluttar vörur meira en nú er gert. En til þess liggja þau rök, eins og fram hefir verið tekið við umr. um þetta mál í Ed. og einnig í blöðum Alþfl. og víðar, að Alþfl. álítur, að þar sem hann stendur að stj. og vill stuðla að því að koma í framkvæmd ýmsum málum, sem hafa í för með sér verulegan kostnaðarauka fyrir ríkissjóð, þá sé það skylda hans sem stuðningsflokks stj., sem vill vinna að framkvæmd nauðsynlegra mála, sem

óhjákvæmilega hafa í för með sér allveruleg útgjöld, þá sé honum nauðsynlegt að finna tekjuöflunarleiðir til þess að vega á móti útgjöldunum.

En þar sem ekki náðist fullkomið samkomulag milli Alþfl. og Framsfl. um það, hvernig skyldi afla teknanna, lengra en það, sem tekjurnar af tekjuskattsaukningunni náðu, þá varð það ofan á af þessari brýnu nauðsyn, að Alþfl. mælir með því að leggja þetta gjald á þær aðfluttu vörur, sem eru tilgreindar í frv.

Það má segja um þetta gjald, að það sé ekki í anda Alþfl., svo að ég minnist fyrst og fremst á sjónarmið þess flokks. Það er að því leyti gagnstætt anda Alþfl., að það er mjög nálægt skattamálastefnu sjálfstæðismanna, sem vilja fyrst og fremst afla tekna með tollum af aðfluttum vörum og telja, að fyrir löngu sé komið of langt í álagningu beinna skatta hér á landi. Það hefir líka verið fundið þessari tekjuöflunarleið til foráttu, að með henni væri lagt gjald á þær nauðsynjavörur, sem hingað eru fluttar. Því verður ekki heldur neitað, að hér er farið fram á að leggja gjald á nauðsynjavörur. Mönnum hefir orðið tíðræddast um kaffið og sykurinn, sem lagt er til, að gjald verði lagt á. Gjaldið, sem lagt er á sykurinn, er 5% af innkaupsverði, en þegar það er aðgætt, að það var Alþfl., sem kom því beinlínis til leiðar, að á Alþingi 1934 var lækkaður til stórra muna tollur á kaffi og sykri, þá er varla hægt um að sakast, þó að nú sé lagt gjald á þessar vörur, sem er ekki nema örlítið brot af þeirri lækkun, sem Alþfl. kom á 1934.

Þegar samsteypustjórnin var við völd undir forustu hv. þm. V.-Ísf. og Sjálfstfl. átti þar einn maður, var hnigið að því ráði að leggja 25% gengisviðauka á kaffi og sykur, og var það veruleg hækkun. Alþfl. stóð þá gegn þessu, en nú hefir hann neyðzt til að ganga inn á að leggja örlitið gjald á þessar vörur, en þetta gjald er svo lítið, að segja má, að það geti vart orðið tilfinnanlegt fyrir alþýðu manna, sem þessarar vöru neytir. Eftir núv. verðlagi á þessum vörum mun hækkunin nema 4 aurum á kg. af kaffi, en tæplega 1 eyri á kg. af sykri. Og þegar athugað er, að á ¼ kg. pakka af kaffi leggst 1 eyrir, þá er sannarlega ekki hægt að segja, að hér sé að ræða um stórkostlega hækkun á vöruverði.

Um þetta gjald af innfluttu vörunum er það annars yfirleitt að segja, að undanþegnar gjaldinu eru fyrst og fremst allar vörur til framleiðslunnar sjálfrar, bæði landbúnaðar og sjávarútvegs, því að í undantekningarákvæðum 3. gr. eru taldar upp allrækilega þær vörur, sem notaðar eru til framleiðslu til lands og sjávar, og þær allar undanskildar þessu gjaldi. Töldu stjórnarflokkarnir, að nauðsynlegt væri að undanþiggja þessar vörur gjaldinu. Það er aðgætandi líka, að ekkert gjald er lagt á þær vörur, sem samkv. viðskiptasamningi milli Íslands og Stóra-Bretlands frá 1933 var samið um, að ekki skyldi leggja hærra gjald á, eftir að sá samningur öðlaðist gildi, en þar á meðal er mestur hluti af allri ódýrari vefnaðarvöru, t. d. karlmannafataefni úr ull, kjólaefni úr baðmull, tvisttau og rifli úr baðmull, gluggatjaldaefni úr baðmull, léreft úr hör eða hampi, sokkar, nærföt, önnur en úr silki eða gervisilki, línfatnaður, regnkápur, enskar húfur o. s. frv. Hér er talinn upp mestur hluti af ódýrari vefnaðarvöru, sem almenningur kaupir, og er hann því undanskilinn þessu gjaldi. Einnig er rúgur og rúgmjöl undanskilið þessu gjaldi sem óhjákvæmileg neyzluvara almennings. Þannig er það auðsætt, að með frv. er þess gætt að undanskilja frá vörugjaldinu flestar þær vörur, sem einkum eru notaðar til allrar framleiðslu, bæði til lands og sjávar og einnig þær vörur, sem alþýða manna má ekki án vera.

Svo að ég hverfi að lokum örlitið að því, sem hefir verið varpað að okkur Alþfl.-mönnum út af þessu máli, þá er það kunnara en frá þurfi að segja, að það er stefna allra jafnaðarmanna um allan heim, að tekna til ríkis og bæjarfélaga sé fyrst og fremst aflað með beinum sköttum, og þá frá þeim mönnum, sem bezta hafa afkomuna og mestar tekjur, en vilja hinsvegar, að sem minnst hvíli á nauðsynjum manna, og helzt ekkert, en þó megi gjarnan leggja gjald á svokallaðar lúxusvörur eða það, sem aðallega er keypt af þeim, sem meiri efni hafa, en þeir fátækari verða að neita sér um, vegna þess hvað þeir hafa úr litlu að spila og lítil föng á að afla tekna fyrir sig og sína.

En þó að þetta sé stefna jafnaðarmanna, þá hafa þeir með þátttöku í stjórnum landa orðið að nokkru leyti vegna aðstæðnanna að víkja frá þessu í sambandi við þá flokka, sem þeir hafa unnið með að umbótamálum við stjórnarframkvæmdir. Ég vil þar minna á það, að 1932 var aflað tekna í ríkissjóð Dana til atvinnubóta og verklegra framkvæmda vegna atvinnuleysis, og þessara tekna var aflað með 40% álagi á tekjuskattinn og einnig með auknum tolli af kaffi og nokkrum öðrum vörutegundum. Annað samkomulag náðist ekki við þá flokka, sem þeir hafa þurft að hafa samvinnu við. Fyrir tæpu ári síðan var í Noregi lögleitt, undir forustu jafnaðarmanna, viðskiptagjald af allri vöruumsetningu í landinu, og þessu fé var varið til þess að bæta úr atvinnuleysinu í landinu. Þannig hafa jafnaðarmenn vegna þeirra neyðartíma, sem yfir hafa staðið, og vegna samvinnu sinnar við aðra flokka, orðið að ganga inn á tekjuöflunarleiðir, sem þeir telja ekki allskostar heppilegar og að sumu leyti ranglátar. En síðustu og verstu tímar hafa alstaðar fært mönnum heim sanninn um það, að óhjákvæmilegt er að víkja í bráð frá þráðbeinum leiðum að settu marki og hnika til, vegna aðstæðnanna, frá sumum kennisetningum. Íslenzkir Alþfl.menn hafa og neyðst til þess að fara inn á þær tekjuöflunarleiðir, sem að sumu leyti eru ekki í fullu samræmi við stefnu flokksins í skattamálum, og ekki þyrfti að gripa til, ef ástandið í atvinnuháttum og viðskiptum þjóðanna væri ekki eins úr fornum skorðum fært eins og nú er. Ef við hefðum getað gert ráð fyrir, að hægt hefði verið að flytja inn til landsins allar þær vörur, sem landsmenn vilja kaupa og álíta sig þurfa með, þá hefði ekki þurft að gripa til þess gjalds, sem nú er lagt til, að lögfest

verði. En það er miðað við það í þessu frv., að vegna þeirra erfiðleika, sem að okkur steðja sökum örðugleika á sölu afurða okkar á erlendum markaði, neyðumst við til, til þess að geta haldið þjóðarbúskap okkar í sæmilegu lagi, að takmarka svo allan aðflutning til landsins, að hann verði skorinn niður í 38 millj. kr. á næsta ári. Flokkarnir, sem standa að núv. stj., sjá sér ekki annað fært en að reikna með því, að ekki verði flutt meira til landsins en sem nemur þessari upphæð. Það eru því miður ekki líkur til þess, að gjaldeyrir fyrir seldar íslenzkar afurðir nemi meira en sem verður til þess að greiða innflutningsvörur fyrir 38 millj. kr., auk hinna alkunnu duldu greiðslna, sem árlega teljast nema um 7 millj. kr., svo að það verður samtals um 45 millj. kr. útgjöld, sem verður að fást á móti, til þess að fullkominn greiðslujöfnuður verði út á við. Við getum kannske komizt af í 2—3 ár með því að safna skuldum erlendis og hafa innflutninginn miklu meiri en útflutninginn, en þeim búskap verður ekki haldið áfram til lengdar. Þess vegna er þetta frv. miðað við þær sorglegu staðreyndir, sem ástand umheimsins hefir skapað okkur og þær sorglegu afleiðingar, sem þetta hefir í för með sér, að það verði að takmarka verulega allan innflutning á vörum til landsins, öðrum en þeim, sem fullnægja brýnustu nauðsynjum fólksins til þess að það geti lifað og rekið framleiðsluna í landinu. Þess vegna hefir orðið að fara inn á þessa leið, sem er síður en svo geðþekk, að leggja gjald á þessar vörur, sem a. m. k. frá Alþfl. sjónarmiði er mjög óviðfelldið. Þess vegna er líka lagt til, að þetta gildi aðeins eitt ár, því að hugsast mætti, að annað tveggja skeði, að ástandið batnaði svo, að hægt væri að einhverju leyti að hverfa frá þessu gjaldi, og ef ástandið skánaði eitthvað verulega, að hægt væri að auka magn allra útfluttra íslenzkra afurða. Þá yrði bæði útflutningur og innflutningur meiri, og kæmu því þar auknar tekjur í ríkissjóð.

Þó það sé næsta ólíklegt að skyndilega og fljótt rakni úr viðskiptaörðugleikum okkar, virtist stjórnarflokkunum samt réttara að lögfesta ekki þessa tekjuöflun að sinni nema fyrir árið 1936, ef ske kynni að þá yrði hægt að hverfa að einhverju leyti frá þessu neyðarástandi.

Ég vil svo að síðustu leggja það til f. h. meiri hl. fjhn., að þær breyt. verði gerðar á frv., að undanþiggja frá þessu gjaldi blöð, bækur, tímarit og bjórgunartæki. Það er talið, að gjald af þessu muni ekki nema yfir 4 þús. kr. Er því hér um svo litla fjárhæð að ræða, að ríkissjóð munar hana litlu, en hinsvegar er óviðfelldið að leggja aukagjald á þessa hluti. Að öðru leyti en þessu legg ég til, að frv. verði samþ. óbreytt, vegna þeirra ástæðna, sem ég hefi tekið hér fram og teknar hafa verið fram í blöðum stjórnarflokkanna og hv. Ed.

Frsm. minni hl. (Ólafur Thors) [óyfirl.]: Fjhn. hefir ekki orðið á eitt sátt um afgreiðslu þessa frv., eins og nál. ber með sér. Hv. frsm. meiri hl., 1. landsk., hefir gert grein fyrir afstöðu meiri hl. n., en ég mun nú með nokkrum orðum lýsa afstöðu minni og hv. 8. landsk., sem erum minni hl. fjhn. Eins og upplýst hefir verið, felur þetta frv. í sér nýjan skatt, sem á að leggja á þjóðina og áætlað er, að nemi samtals 1200000 kr. Þar af er nýr tekju- og eignarskattur, sem nemur væntanlega um 400000 kr., svokallaður hátekjuskattur, og á helmingur hans að renna til sveitar- og bæjarfélaga, en helmingur í ríkissjóð. Auk þess felur frv. í sér 800000 kr. skatt, sem á að taka með verðtolli. Frv. þetta fékk enga athugun í n., og þess vegna er ekki hægt að fullyrða, að hve miklu leyti tekjuáætlun sú, sem hæstv. fjmrh. lætur fylgja frv., er rétt eða ekki rétt, en minni hl. fjhn. hefir látið það í ljós í sínu nál., að hann telji vafasamt, að áætlunin sé rétt. Ég játa, að mig brestur að vísu heimildir til að slá nokkru föstu um þetta, en ég vil leyfa mér að viðhafa þau ummæli, að áætlun hæstv. fjmrh. sé vafasöm. Í skýrslu, sem annar hæstv. ráðh., atvmrh., hefir birt í blaði sínu, Alþýðublaðinu, segir fyrir stuttu, að útflutning megi áætla á næsta ári fyrir 38 millj. kr. Muni 17 millj. af þeirri upphæð verða undanskildar tolli þessum, en tollurinn muni lenda á vörur, sem keyptar verði fyrir 21 millj. kr. Af þessari 21 millj. kr. muni 14 millj. kr. lenda undir 1. flokk tollsins, eða 2% gjaldið. Tekjur af þessum 14 millj. kr. yrðu því 280000 kr. Af þeim 7 millj. kr., sem þá eru eftir, segir hæstv. atmrh., að 3,6 millj. komi undir 5% gjaldið, og gefur sá flokkur þá af sér 180000 kr. Þessir tveir flokkar með 2% og 5% gefa þá af sér 280 + 180 þús. kr. = 460000 kr. Eru þá eftir af þessum 21 millj. kr., sem hæstv. ráðh. talar um, 3,4 millj. kr., og ef gert er ráð fyrir, að sú upphæð öll komi undir 10% flokkinn, gefur sú upphæð af sér 340000 kr. til viðbótar við það, sem áður er talið, og yrði þá tollurinn samtals 800000 kr. En það liggur í hlutarins eðli, að ekki getur öll hin síðasttalda upphæð, 3,4 millj. kr., fallið undir 10% gjaldið, því með því væri gert ráð fyrir, að af vörum í 4. flokki, sem á að stimplast með 25% tolli, yrði ekkert flutt inn, og í þessum flokki eru ýmsar mjög nauðsynlegar vörutegundir, svo sem ávextir og grænmeti allskonar, leður o. m. fl., sem þjóðin þarf á að halda. Af þessu er augljóst, ef treysta má skýrslu hæstv. atvmrh., að þá er skýrsla hæstv. fjmrh. röng, þ. e. a. s. áætlun hans er of lág.

Það verður út af fyrir sig að víta það, að fjhn., hvorki Ed. né Nd., skuli ekki fá aðstöðu til þess að skoða þau gögn, sem stj. hefir byggt tekjuáætlunina á samkv. þessu frv. Þótt hæstv. fjmrh. telji, að þessi skattur eigi ekki að nema meiru en 1,2 millj. kr., þá finnst mér vel geti komið til mála, að það sé miklu hærri skattur, sem hér eigi að leggja á þjóðina. — Það hefir að vonum allmikið verið rætt um þetta skattfrv. í báðum d. og á eldhúsdegi, því sannast sagna, þá er ekki nema eðlilegt, að mál eins og þetta valdi allmiklum deilum. Á síðasta þingi voru lagðir nýir skattar á þjóðina, sem námu nokkuð á 3. millj. kr., og ef nú á að bæta við sköttum á 2. millj. kr., þá verða þessir nýju skattar svo þungbærir, að það er ekki nema eðlilegt, að

það risi eindregin mótmæli gegn slíkri álagningu. Þessir nýju skattar frá í fyrra og í ár nema a. m. k. 160 kr. á hvert 5 manna heimili í landinu, ofan á þá skatta, sem fyrir eru, og með hliðsjón af allri afkomu almennings, þá verða það að teljast ákaflega þungbærar klyfjar. — Það er látið í veðri vaka, að nokkur hluti þessa skatts eigi að takast eingöngu af þeim, sem hafa há laun. Og þetta styðst að því leyti við nokkur rök, að tekju- og eignarskatturinn lendir allþunglega á mönnum, sem hafa frá 6 upp í 10 þús. kr. skattskyldar tekjur. Það má náttúrlega mikið um það deila, hvort það séu há laun, miðað við það, hvað það kostar að lifa, t. d. hér í Reykjavík. En hvað sem um það verður sagt, þá er hitt víst, að þessi skattur lendir fyrr en síðar á öllum almenningi í landinu, af ástæðum, sem öllum eru kunnar, þ. e. a. s. af þeim ástæðum, að því lengra, sem gengið er í því að beita beinu sköttunum ríkissjóði til framdráttar, því erfiðari aðgöngu eiga bæjar- og sveitarfélög að skattþegnum til útsvarsálagningar. Að þetta sé svo, má m. a. rökstyðja með þeirri staðreynd, að sósialistar hafa í þessari d. á mjög áberandi hátt viðurkennt þetta með því að bera fram frv. um nýja tekjuöflunarleið fyrir bæjar- og sveitarfélög með þeim rökum, að búið sé þegar að ganga svo langt í beitingu tekjuskatta, að útsvörin séu þegar hrunin sem gjaldstofn fyrir bæjar- og sveitarfélög, og að ekki verði hjá því komizt að afla nýrra tekna með nýjum leiðum. Það er vitanlega ekki annað en hrein blekking við almenning í landinu að halda því fram, að þessi skattur komi ekki öðrum við en hátekjumönnum, þar sem skatturinn færist strax yfir á almenning eftir að hátekjumennirnir eru brostnir sem tekjustofn, vegna þess, að ríkissjóður hefir beitt beinu sköttunum svo óþyrmilega gegn þeim. En annars er það eftirtektarvert, eins og það er líka mikið áhyggjuefni, að við Íslendingar erum þegar farnir að beita, og höfum raunar gert um nokkurt skeið, hinum beinu sköttum hærra heldur en nokkur önnur þjóð í heimi. Og þetta er vitanlega þeim mun varhugaverðara sem við Íslendingar erum fátækari heldur en flestar aðrar þjóðir. En hitt er viðurkennd staðreynd, að óeðlileg beiting hárra skatta hlýtur beinlínis og óbeinlínis að draga úr framtakinu í landinu og allri viðleitni til fjáröflunar. Og af þessu leiðir svo vitanlega líka aukið atvinnuleysi og örbirgð meðal þjóðarinnar. Sannast sagna hefir þetta gengið svo langt, að hver hugsandi maður veit þetta. Þess vegna er þessi nýja skattaöflun gerð gegn betri vitund hvað þetta snertir. Hæstv. fjmrh. skilur það vel, að það er hægt að beita svona skattaaðferð í eitt ár, en þegar búið er að beita henni í eitt ár, þá stórrýrnar tekjuskatturinn sem tekjustofn fyrir ríkissjóð, þó ekki væri fyrir annað en skattfrádráttarheimild skattlaganna. Það er náttúrlega líka ákaflega varhugavert að gera leik að því ár eftir ár, eins og gert var í fyrra og gera á nú, að koma til skattþegnanna eftir að þeir eru búnir að ráðstafa árstekjum sínum og gera til þeirra allt aðrar og miklu hærri kröfur um skattgjald til ríkisins af þessum tekjum heldur en þeir gerðu ráð fyrir meðan þeir voru að eyða tekjunum. Slík innheimtuaðferð — hvað sem öðru líður — er vítaverð. Og ég hefði gaman að því, að hv. frsm. n. eða hæstv. fjmrh. vildi upplýsa okkur um það, hvar þeir ætli að taka tekjurnar til þess að standast kostnaðinn af þeim framkvæmdum, sem gert er ráð fyrir í 1. gr. frv., þegar það eftir eins árs gildi slíkra fyrirmæla kemur í ljós, að tekju- og eignarskatturinn skilar ekki lengur því, sem ætlazt er til, að hann skili á fyrsta ári. Ég vænti, að hæstv. fjmrh. muni játa það með mér, eins og hver annar þm. mundi neyðast til að gera, að það er ekki minnsta von til þess, að tekju- og eignaskatturinn skili svipað því eins hárri upphæð á öðru ári eins og á fyrsta ári. En hvaðan ætlar þá stjórnarliðið að taka tekjurnar á eftir? — Hv. frsm. meiri hl. lýsti þeirri skoðun sinni, að hann og hans flokkur vildi helzt taka allar tekjur ríkissjóði til handa með því fyrst og fremst að beita beinu sköttunum og svo í öðru lagi með lúxussköttum á vörur, en þeir hafi ekki séð sér fært að ganga lengra heldur en gert er í frv. með beitingu beinna skatta, og þess vegna hafi þeir neyðzt til þess að brjóta sína stefnuskrá og leggja nýjan verðtoll á nauðsynjar almennings. Það er eftirtektarvert, að þessi hv. þm. skuli gefa alveg beina játningu fyrir því, að nú sé búið að beita beinu sköttunum svo hátt, að lengra megi ekki fara. En þó dregur það nokkuð úr gildi þessarar yfirlýsingar, að slíkar yfirlýsingar hafa fallið frá báðum stjórnarflokkunum að undanförnu, að nú sé það í síðasta skipti, sem eigi að hækka skattana, því það verði að játast, að ekki sé hægt að beita þeim meir, en svo er bara alltaf komið aftur og heimtaðir nýir skattar. En annars er það í sjálfu sér mjög undarlegt, að jafnaðarmannaflokkurinn skuli sjá sér fært að lýsa því yfir, að hann telji, að hér á Íslandi, eins og háttað er okkar atvinnulífi, eigi allar ríkistekjur að takast með beinum sköttum eða með sköttum á lúxusvarningi. Það er nefnilega alveg víst, að í landi, þar sem atvinnuárferði er eins og hér á Íslandi — þ. e. a. s. að það er eins víst eins og nótt fylgir degi, að hallæri fylgir góðæri —, er það varhugavert að ætla sér að byggja tekjur ríkissjóðs fyrst og fremst á tekju- og eignarskattinum og lúxusskatti, vegna þess að um leið og misæri skellur á, hrynja báðar þessar stoðir að mestu leyti undan tekjum ríkissjóðs. Tekju- og eignarskatturinn hlýtur alltaf að vera mjög rýr árið eftir lélegt árferði, og sama er að segja um lúxusskattinn, því þegar almenningur hefir lítið fé handa milli, neitar hann sér um allar lúxusvörur. Af þessu leiðir svo það, að hér á landi verður ekki komizt hjá því að hafa allþunga skatta á nauðsynjum almennings. Ég viðurkenni, að svo er. Og einmitt af því að sósialistar vita þetta, þá er undarlegt, að þeir skuli vera að flagga með hinu, sem eru bara staðlausir stafir. En það er hinu vitanlega óskylt, að það má ganga svo langt í að leggja á nauðsynjar almennings, að ekki sé fært að ganga lengra.

Hv. frsm. sagði svona til afsökunar á því, að sósialistar hefðu svikið stefnu sína, að þetta

hefðu sósialistar gert í Danmörku og Noregi. Og mér skildist á hv. þm., að af þessu leiddi eiginlega það, að sósialistaflokkurinn hér teldi sér ekki fært að vera eftirbátar frændanna í nágrannalöndunum, og þess vegna yrði hann líka að svíkja. En sósialistar hér hefðu nú náttúrlega getað lifað á gömlum svikum, þótt þeir færu ekki að svíkja sína 4 ára áætlun.

Það var eftirtektarvert, að mestur hlutinn af því, sem hv. frsm. fræddi okkur um skattastefnu nágrannaþjóðanna, var á mjög misjöfnum rökum byggt. Og ég hefði gaman af því, ef hv. þm. vildi fræða okkur á því, þegar hann talar næst, hvað langt sósialistar í Svíþjóð, Noregi og Danmörku hafi gengið í því að afla tekna með tekju- og eignarskatti. Úr því að hann vill taka þessar þjóðir sér til fyrirmyndar, þá er fróðlegt að fá upplýsingar um það, hvaða ákvæði gildi í þessum löndum um tekju- og eignarskatt. En ég vænti, að menn hafi það hugfast, að það er óhætt að beita tekju- og eignarskattinum djarflegar þar, vegna þess hvað þær þjóðir eru betur stæðar efnalega heldur en við. Mig minnir, þó að ég þori ekki að fara með það fyrir víst, að samkv. opinberum skýrslum, þá sé meðaleign á hvert mannsbarn í Danmörku 4—5 sinnum meiri heldur en hér, en af því leiðir, að minni áhætta er að beita beinu sköttunum þar heldur en hér. Ég hygg, að það sé ekki ofmælt, að eins og nú horfir með atvinnumöguleika fyrir allan almenning í landinu, þá sé það mikið hardræði að leggja nú 1,5 millj. kr. nýja skatta á þjóðina. Þessi nýja skattálagning er í sjálfu sér ekkert annað en gengislækkun, þ. e. a. s. rýrnun á verðgildi peninganna fyrir almenning. Og þegar það er gert rikissjóði til framdráttar og eingöngu í því skyni, þá hygg ég, að skakkt sé stefnt. Sú eina krónulækkun, sem hægt er að mæla bót, er sú, sem kæmi atvinnulífinu beint til framdráttar, m. a. af þeim ástæðum, að sú krónulækkun mundi þá samtímis skila almenningi í öðru formi fullkominni uppbót fyrir þá rýrnun á kaupgjaldi almennings, sem af þessu leiddi, þ. e. a. s. með aukinni atvinnu.

Því var haldið fram af hv. frsm, meiri hl., og hefir áður verið haldið fram af hæstv. fjmrh. hvað eftir annað, að þessi skattur lenti ekkert á framleiðslunni. Það er náttúrlega ekkert annað en barnaskapur að halda, að hægt sé að leggja skatt á þjóðina án þess að það komi nærri framleiðslunni. Allir skattar hljóta að takast af framleiðslunni. Þessi milljón eða hvað það nú er, sem á að ná með hinum nýja verðtolli og mest hefir verið rætt um af hv. frsm. og hæstv. fjmrh., er lögð á margvíslegar notaþarfir framleiðslunnar. Þeir láta eins og þeir viti það ekki að framleiðendur hafa oft ákaflega marga menn á framfæri sínu í þágu sinnar framleiðslu, bæði til sjávar og sveita. Öll stærri útgerð a. m. k. geldur verkalýðnum nokkurn hluta vinnulaunanna í fæði, og þessi verðhækkun lendir að nokkru leyti á því fæði og er þess vegna beinn skattur á framleiðslunni.

Það er ákaflega eftirtektarvert og ber í raun inni vott um vonda samvizku hjá stjórnarflokkunum, hvernig þeir tala um þessi mál. Þeir reyna að færa fram einhver rök til afsökunar þessum þungu sköttum, og sterkasta haldreipið á að vera það, að með þessum sköttum eigi að leysa brýnustu nauðsynjar almennings, og er þá mest hampað nýbýlunum og tryggingarmálunum. En ég er alveg sannfærður um það, að allur almenningur í landinu, sem á að borga þessa skatta, vildi heldur fresta framkvæmd þeirra mála heldur en að taka á móti þessum nýju sköttum. Ég er ekki í neinum vafa um það, að bændur landsins munu heldur kjósa, að nýbýlunum sé slegið á frest heldur en að þurfa að taka á móti hækkun á sínum lífsnauðsynjum, enda er það sannast sagna a. m. k. hæpinn vinningur fyrir allan þorra bænda, þó hér sé komið á fót nokkrum nýbýlum með framlagi úr rikissjóði. Og ég er alveg jafnviss um hitt, að verkalýðurinn í landinu vill ekki kaupa atvinnutryggingarnar með nýjum sköttum. Sósialistaforingjarnir munu vita það af þeirri reynslu, sem þeir nú eru búnir að fá, að fólkið er ekkert sérstaklega ginnkeypt fyrir þeim tryggingum, sem það ýmist borgar beinlínis sjálft úr sínum vasa, eða að svo miklu leyti sem ríkissjóður greiðir þær, þá er það gert á þann hátt, að ríkissjóður tekur samtímis þá peninga aftur með tollum á nauðsynjum almennings. Ég er alveg sannfærður um það, að þessar tryggingar kærir fólkið sig nauðalitið um, og ég veit það fyrir víst, að forystumenn sósialistanna hér í bæ hafa rekið sig á, að það er lítil hrifning meðal verkalýðsins út af tryggingunum eins og þær nú liggja fyrir.

En annars kemur fram í þessu máli mjög áberandi stefnumunur milli Sjálfstfl. og stjórnarflokkanna. Stjórnarflokkarnir telja sig neydda til þess að gera margvíslegar ráðstafanir til að mæta því atvinnuleysi, sem þeir nú eru að verða varir við að fer í vöxt í þjóðfélaginu, og til þess að koma þeim í framkvæmd telja þeir sig neydda til að leggja nýja skatta á þjóðina. Við sjálfstæðismenn lítum hinsvegar svo á, að vaxandi atvinnuleysi sé a. m. k. að einhverju leyti ávöxtur af því, hvernig hið opinbera hefir búið að einkaframtakinu í landinu á undanförnum árum, og þá fyrst og fremst af skattþunganum. Og við ályktum því þar af leiðandi, að auknir skattar muni ekki draga úr atvinnuleysinu og ekki vera rétta ráðið til þess að mæta þessu vaxandi böli, heldur þvert á móti muni það verða til þess að auka bölið, en rétta ráðið sé að reyna að gefa einkaframtakinu nauðsynlega örvum til aukinnar starfrækslu með því að létta sköttunum, en ekki með því að leggja nýja skatta á þjóðina. Og ég er ekki í neinum vafa um það, að þessi stefna okkar sjálfstæðismanna á rætur í sjálfum staðreyndunum og lífsins lögmáli, og því fyrr sem sú skoðun nær fram að ganga, því fyrr mun af létt atvinnuleysinu, en því lengur sem það dregst, að hún fái að njóta sín, því meir mun aukast atvinnuleysið hér á landi.

Ég vona, að hæstv. fjmrh. geri okkur grein fyrir því, þegar hann svarar mér, sem ég sé, að hann ætlar að gera, hvar hann hyggst að taka tekjur til þess að koma í staðinn fyrir tekju- og eignarskattinn, þegar hann á öðru ári hryn-

ur, ef það þá ekki er meiningin, að nýbýlastarfsemin og tryggingarstarfsemin eigi að vera til bráðabirgða eins og skattaöflunin, samkv. fyrirsögn frv., sem reyndar er ákaflega undarleg. Og út af því, sem hv. frsm. n. sagði, að hann vænti þess, að hægt væri að aflétta tollinum eftir að næsta ár væri liðið, þá vil ég leiða athygli að því, að eftir því, sem horfur eru nú um sölu á íslenzkum afurðum, þá benda engar líkur til þess, að þessi skattur, ef hann einusinni er kominn á, verði afnuminn, nema því aðeins, að niður verði felld sú starfsemi, sem honum er ætlað að standa undir. Og það er vítavert ofan á þessa skattálögu að vera sí og æ að reyna blekkja þjóðina um það, hvað valdhafarnir hafa í hyggju í þessu efni gagnvart almenningi í framtíðinni. Það er skakkt að telja almenningi trú um það, að eftir eitt ár skuli hann njóta þeirra framfara, sem tekjustofninum er ætlað að standa undir, en hins vegar ekki þurfa að greiða skattinn nema þetta eina ár. Þetta er skakkt, segi ég, af því að hver einasti hugsandi maður, sem eitthvað veit um það, hvernig horfurnar eru fyrir okkar þjóðlífi, veit líka, að þetta er ómögulegt.

Ég skal svo ekki að þessu sinni nota fleiri orð til að andmæla þessu frv. Ég segi eins og ég meina það, að ég er sannfærður um, að þeir, sem hafa borið þetta fram, vita vel, að það er ekkert vit í því, sem þeir eru að gera. Þetta er lausnargjald, sem stjórnarflokkarnir hafa greitt gegn betri vitund, til þess að fá að lafa áfram við völd. Þetta vita allir og að þeim er ljóst, að þjóðin rís ekki undir því nema nokkra mánuði. Stjórnarflokkarnir segja: Það, sem við lofuðum í fjögra ára áætlun sósíalista og í samstarfssamkomulagi flokkanna, var gott frá okkar sjónarmiði og við höfum kosið að efna þau loforð, en aðstaðan leyfir það ekki. Því miður veit stj. þetta, og fjmrh. er það glöggur maður, án þess að ég ætli að fara að bera á hann lof, að hann skilur, að tekju- og eignarskatturinn getur ekki komið að notum fyrir ríkissjóð lengur en eitt ár, og hann veit, að almenningur rís ekki undir þessum tollum; hann veit það, að þetta leiðir af sér atvinnuleysi og örbirgð fyrir almenning í landinu. Það er þess vegna ekki ofmælt, að þessi ungi ráðh. sé sá dýrasti ráðh., sem setið hefir í þeim stól, og hlutfallslega sá dýrasti fjmrh., sem nokkur þjóð hefir átt því óláni að mæta að eignast. — Það, sem mér þykir verst, er það, að stjórnarflokkarnir, og sízt fjmrh., vita, hvað þeir eru að gera. Ég myndi heldur sætta mig við þetta frv. og álögur, ef ég héldi, að stj. vissi ekkert, hvað hún væri að gera. Í því tilfelli er þó alltaf von til, að hægt sé að koma viti fyrir menn. En ef menn skilja, hvað þeir eru að gera, og vilja ekki taka neinum afleiðingum af því, sem þeir eru að fara út í, þá er alveg vonlaust að glima við þá, og þá verður þjóðin að taka þeirri óhamingju, sem leiðir af því, að þeim hefir verið tyllt upp í valdastólinn. (**Fjmrh.**: Ég hugsa, að hv. þm. hafi ekki stuðlað að því). Nei, ég hefi ekki stuðlað að því, og mun ekki gera það. En út í þetta hefir þjóðin nú samt gengið og verður öll í heild að taka afleiðingunum, líka þeir, sem ekki hafa stuðlað að því. Og ég verð að segja eins og er, að ég myndi gleðjast, ef ég gæti losað almenning, jafnt andstæðinga stj. sem stuðningsmenn, og jafnvel hann sjálfan, við þær afleiðingar, sem leiðir af stj. þessa hv. ráðherra.

Magnús Torfason: Eins og mönnum er kunnugt, þá hefi ég fylgt þeim umbótum, sem þessu frv. er ætlað að útvega fé til að framkvæma. Ég hefi getað fylgt þeim umbótum að flestu leyti, en af því leiðir aftur, að ég tel það skyldu mína að hjálpa stj. til að ná inn fénu, sem til þess þarf. Ég ætla mér ekki á neinn hátt að skorast undan þeirri skyldu, en sé ekki betur en að í þessu frv. sé farið lengra heldur en skyldan býður og þörf er á. Verð ég þó að vera á þeirri skoðun, að álögur á þessa þjóð séu orðnar það miklar, að það sé a. m. k. óþarfi að fara lengra í því efni en þörf krefur. M. ö. o., menn láti hverjum degi nægja sína þjáningu. Ég á við það, að í lok 2. gr. er sagt, að þessum tekjuauka, sem fæst með þessu frv., eigi að skipta í tvo jafna hluta: helmingurinn eigi að renna til ríkissjóðs og helmingurinn til bæjar- og sveitarfélaga. Það er þetta, sem hneykslar mig, því að ég sé ekki annað en að það, að vera að innheimta tekjuskatt handa einstökum sveitarfélögum, sé blátt áfram að taka að sér hlutverk niðurjöfnunarnefndar á hverjum stað. Niðurjöfnunarnefnd á hverjum stað getur gert þetta, og ég sé ekki heldur, að þetta hafi í sjálfu sér neina þýðingu, því að vitanlega verður við niðurjöfnun að taka tillit til þess, hvað þessi aukaskattur rýrir tekjur manna. Hinsvegar er líka að gætandi, að það er annað ákvæði í niðurlagi þessarar gr., sem gerir það að verkum, að þessi tekjuöflun sveitarsjóða kemur áreiðanlega skakkt niður. Það er gert ráð fyrir því, að helmingurinn af skattaukanum eigi að ganga til sveitarsjóða. Þá er það víst að því er mitt umdæmi snertir, að þessi skattalög snerta það afarlítið. Eftir því, sem ég veit bezt, er það aðeins einn einstaklingur og eitt einasta félag, sem kemur til með þar að súpa seyðið af þessari skattaálagningu. Báðir þessir aðilar eru búsettir í ríkustu sveit sýslunnar, og það þýðir, að ríkasta sveitin í sýslunni verður þessa aðnjótandi, sem sízt þurfti þess við. Ég sé ekki betur en að þessu leyti sé frv. skakkt byggt upp. Það hefði verið miklu réttara að láta þetta fé renna beint í sýslusjóð, því að hann myndi geta miðlað því þannig, að það rynni til þeirra hreppsfélaga, beint eða óbeint, sem mesta hafa þörfina fyrir það. Í sambandi við þetta vildi ég taka það fram, að mér virðist satt að segja þessi hátekjuskattur byrja nokkuð lágt, og samkv. þessu frv. kemur skatturinn sérstaklega illa niður á þeim, sem hafa föst laun, og þá vitanlega ekki síður embættismönnum heldur en öðrum. En með því að færa upp þetta lágmark tekjuskattsaukans, þá myndi verða synt nokkuð fyrir að auka byrðar slíkra manna. Ég tel, að réttara hefði verið að láta þennan skattauka ekki koma niður á öðrum en þeim, sem hafa minnst 8000 kr. tekjur. Þá væru bæði vel flestir embættismenn og aðrir þeir, sem hafa sæmileg föst laun, undanþegnir þessu. Ég hefði því óskað

þess, að þessi ákvæði um skiptingu þessa skattauka hefðu verið látin niður falla úr l. og fjmrh. hefði látið sér nægja að afla þessa fjár, sem hann með þarf til að mæta útgjöldum ríkissjóðs, á þennan hátt. — Ég þarf svo ekki í sjálfu sér að tala meira um þetta mál. Ég get lýst því yfir, að ég mun ekki koma sem einstæðingur hér á þingi með brtt. í þessu efni. Ég lít svo á, að ef einhver miðlun á að fást í þessu, þá séu það stóru flokkarnir í þinginu, sem um það eiga að kljást. En út af því, sem fram hefir komið í sambandi við þessi stórmál — alþýðutryggingarnar og þetta mál, sem nú er á dagskrá —, þá ætla ég með nokkrum orðum að skýra frá hvernig ég lít á mína aðstöðu í þinginu. Ég hefi heyrt utan að mér og því hefir verið lýst í ræðu og riti, að ég sé ráðandi maður í þinginu og hjálparhella stj. Vitaskuld er ekki ástæða fyrir mig að ýfast við öðru eins og því, að menn séu að auka minn hróður, ef það gæti þá vegið dálítið upp á móti því, sem kemur í hinn sarpinn. En samkv. stöðu minni hefi ég aldrei lagt í vana minn að ágirnast það, sem ég í raun réttri ekki á. Og ég á þetta ekki. Nú geri ég þetta ekki að umtalsefni mín vegna, heldur vegna vinnubræðranna hér í d. Mér skilst satt að segja, að hér riki nokkur misskilningur um það, hve miklu þeir þm., sem ekki eru í stjórnarflokkunum, geti áorkað. Er þá fyrst að geta þess, að það er vitanlega hægt eins og stendur að fella mál hér í d., en þessi hv. d. getur ekki ráðið einstökum atriðum mála. Að því er þetta þing snertir, þá skal ég lýsa því yfir hreint og beint, að ég veit ekki til þess, að það hafi nokkurntíma fallið í mitt skaut að ráða niðurlögum máls. — Til þess þurfa allir þeir, sem ekki eru í stj.flokkunum, að vinna saman sem einn maður, en það hefir, eins og menn vita, alls ekki átt sér stað, jafnvel ekki í hinum mikilvægustu málum. Þeir hafa tvístrazt í hverju einasta máli, og í einstökum atriðum er það vitanlegt, að menn hafa skotið sér undan að greiða atkv. Það kann að kosta eitthvað dálítið fyrir stj.-flokkana, en 3000 silfurpeningar eru nú engin ósköp á þessum tímum. Ég tek það til dæmis; ég er ekki að sneiða neinn mann með þessu. Ég vil með þessu hafa sagt af mér þeirri ábyrgð, sem ég er talinn að hafa á framgangi mála. (GSv: Og yfir á hvern?). Á íhaldið. (GSv: Stóra eða litla?). Íhaldið. Ég lýsti því yfir á fundi nýlega, að það væri samnefnari minn fyrir Sjálfstfl. og Bændafl. Mín ábyrgð er því miklu minni en menn telja. Að því er sérstaklega snertir þetta mál, þá mætti e. t. v. með lagi fá nokkra bót á því, en til þess þarf vitanlega samvinnu, og þá fyrst og fremst samvinnu við stjórnarflokkana. Og ég skal lýsa því yfir, að ég er ekki í vafa um það, að stj.flokkarnir vilja talsvert til þess vinna að geta átt samvinnu við jafnstóran flokk og Sjálfstfl. um málefni. Og frá sjónarmiði íhaldsins er aldrei nema gott að draga úr helztu ágöllunum, sem þeim þykir á málunum. En aftur á móti gera þeir ekkert annað með því að berja höfðinu við steininn en að sjá svo um, að þeir hafi engin áhrif í þinginu. — Svo ætla ég nú að gera það, sem ég hefi aldrei gert fyrr, en það er að taka til athugunar orð, sem standa í dagblaði. Í skemmtilegri skopgrein í Alþýðublaðinu 7. desember, sem þó er sett í öndvegissæti, standa nokkur orð, sem ég vil, með leyfi hæstv. forseta, lesa upp:

„Alþýðuflokkurinn hefir lagt svo mikla áherzlu á það, að frumvarpið um alþýðutryggingar óskert næði fram að ganga á þessu þingi, að hann mun ekki hika við að gera það að samvinnuslitum um ríkisstjórnina, ef frumvarpið yrði svo limlest, að heill kafli þess félli niður, og gildir það ekki sízt um atvinnuleysistryggingarnar".

Ég vil undirstrika þetta, sem hér stendur, að Alþfl. muni ekki hika við að gera þetta mál að samvinnuslitum. Nú standa þessi orð væntanlega á ábyrgð ritstjórans, og ég býst við, að það sé ekki svo ákaflega mikið að marka þau. Þetta er ungur maður, og ég býst við, að þessi „hrútur" þeirra alþýðuflokksmanna sé hálfgerður „vatnshrútur". En þetta hefir þó komið þarna fram, og sérstaklega ef annað frekar ætti að liggja á bak við, þá vil ég mótmæla öðru eins og þessu. Ég veit ekki til, að hæstv. atvmrh. hafi samþ. þetta a. m. k. ekki við mig. Hann hefir alls ekki tekið sér neitt slíkt í munn í minni áheyrn. Samt sem áður þótti mér rétt að athuga þetta dálítið, og þá datt mér í hug, hvaða ástæður gætu verið fyrir Alþfl. til að fara að slíta stj.samvinnunni, þó að einn kafli þessarar tryggingarlöggjafar næði ekki fram að ganga á þessu þingi. Ég get ekki séð, að það hafi við neitt að styðjast. Ef við athugum, hverju jafnaðarmenn hafa fengið framgengt síðan þessi stj. komst til valda, þá er það vissulega mikið — svo mikið í ýmsum greinum, að þá hefir alls ekki sjálfa órað fyrir, að þeir fengju svo miklu framgengt. Og hvað þetta mál sérstaklega snertir, þá er það svo stór sigur fyrir þá, þó að atvinnuleysistryggingarnar hefðu ekki náð fram að ganga, að það hefði ekki einungis verið ósæmilegt, heldur blátt áfram heimskulegt að gera það að samvinnuslitum. Yfirleitt má segja, að það sé hreint og beint kraftaverk, að jafnaðarmenn, sem hafa ⅓ þm., skuli hafa komið svo miklu fram, enda hefi ég heyrt, að einn þeirra beztu manna hefði látið sér um munn fara á flokksfundi, að það væri síður en svo, að ástæða væri til að vera óánægður með stj., því að það væri hreint og beint kraftaverk, sem hún hefði til vegar komið. Nú verð ég að játa, að ég trúi ekki á kraftaverk, en þar fyrir, þó að þeir séu miklir menn fyrir sér og hyggnir menn að mörgu leyti, vil ég þó ekki, að þeir ofmetnist og haldi, að þetta sé allt þeirra dyggð að þakka. Nei, það er vissulega ekki þeirra dyggð einni að þakka. Þeir eiga sér liðsmann svo góðan, að hann er áreiðanlega eins mikils virði eins og þessir 10 menn Alþfl. til samans. Og þegar menn fara að athuga þetta, þá býst ég við, að mönnum fari að skiljast það, að það kunni að koma fyrir, að mönnum finnist, að Framsfl. verði undir í reipdrættinum, sem áreiðanlega á sér stað milli stjórnarflokkanna, jafnvel þó að hann sterki Hermann sé þar í flokki. (GSv: Er hann sterkur?). Þessi liðsmaður, sem Alþfl. á, það er formaður Sjálfstfl. Ég segi honum þetta ekki til lasts. Þvert á móti. Ég er sannfærður um,

að á komandi árum muni þetta verða hans mesta hrós. Þetta kemur af því, að enn hefir hann ekki þá foringjahæfileika, sem nauðsynlegir eru til að gegna svo virðulegu starfi. Nú vil ég vera sanngjarn og játa, að honum hefir farið fram síðan hann varð formaður flokksins. Hann gerir sýnilega virðingarverðar tilraunir til að standa eins og vera ber í þessari stöðu. Þó verð ég hinsvegar að segja, að framfarir hans eru ekki hraðfara. En ég vil ekki taka frá honum móðinn. Ég vil að hann haldi áfram á þessari braut. Því lýsi ég yfir því, að ég get hugsað, að hann verði með tímanum sæmilegur flokksforingi, til dæmis á því herrans ári 2935. (ÓTh: Verður það í himnaríki?). Ætli það verði ekki einhversstaðar nálægt fordyri helvítis.

Sigurður Kristjánsson [óyfirl.]: Það er með hálfum huga, að ég tek til máls eftir svona merkilega ræðu. Ég komst reyndar ekki að neinni niðurstöðu um það, hvaða afstöðu hv. ræðumaður tók til málsins. Ég býst við, að hann verði að standa upp aftur til þess að skýra það.

Ég hefi borið fram fjórar brtt. við frv. Ég tek það fram, að það er ekki af því, að ég telji bót sæmandi þeirri flík, heldur af hinu, að ef svo skyldi til takast, að þjóðinni yrði sniðinn þessi fíni stakkur, þá vildi ég, að einhversstaðar mætti sjást sæmilegur litur.

Fyrst er nafn frv. Það heitir „Frv. til l. um bráðabirgðatekjuöflun til ríkissjóðs". Látum nú þetta vera, ef áframhaldið væri í samræmi við það. En svo kemur 1. gr.: „Til þess að greiða með sérstök framlög úr ríkissjóði til atvinnuveganna, verklegra framkvæmda, nýbýlamyndunar og alþýðutrygginga er ríkisstj. heimilt að afla tekna á þann hátt, er greinir hér á eftir".

Ég held, að það sé einstakt í löggjöfinni, að slíkt frv. byrji með rammfalsaðri agitation fyrir málinu. Þetta er hreinasta löggjafarhneyksli, ef það verður að l. En þetta segir, í sambandi við nafn frv., að þessar umbætur eigi ekki að vera til frambúðar. Ef einungis á að afla bráðabirgðatekna, eru umbætur þær, sem koma á fram með þessu fé, heldur ekki nema til bráðabirgða.Þær eru ekkert annað en fölsuð beita fyrir fólkið.

Ég hefi nú lagt fram brtt. við 1. gr. Ég vil, að nafn og greinar frv. segi rétt til um efni frv. og tilgang. Því hefi ég lagt til, að 1. gr. orðist svo:

„Til þess að verjast tekjuhalla á árinu 1936 skal ríkisstjórninni heimilt að afla ríkissjóði tekna með háskatti á tekjur manna eins og fyrir er mælt í 2. gr., og með nýjum tollum á aðfluttar vörur, eins og fyrir er mælt í 3. gr., — Þarna er sagt sem er. Frv. er fram komið til að koma í veg fyrir það, að ríkisbúið verði rekið með halla á árinu 1936. Annars mætti eins vel segja, ef fara ætti að agitera fyrir einhverju: „Til þess að geta starfrækt þennan og þennan skóla, til þess að geta reist þennan og þennan vita eða þessa og þessa símastöð" o. s. frv. En að vera að tína slíkt út úr, er ekki annað en fals.

Nú verður að breyta upphafi 2. gr. í samræmi við þetta. Í frv. byrjar 2. gr. í áframhaldi af þessari agitation: „Með því að leggja á tekjuskatt á árinu 1936 eftir þeim skattstiga, sem hér fer á eftir", o. s. frv. Þetta er klúður, sem leiðir af því, að 1. gr. er óskapnaður. Betra er að segja: „Árið 1936 skal tekjuskattur lagður á eftir þeim skattstiga" o. s. frv.

Sama er að segja um 3. gr., sem byrjar svo: „Með því að innheimta á árinu 1936 gjald til ríkissjóðs" o. s. frv. Þarna vantar í botninn, hann er suður í Borgarfirði. Eðlilegast er, að gr. byrji svo: „Árið 1936 skal innheimta gjald til ríkissjóðs" o. s. frv.

Þá hefi ég lagt til, að lítilsháttar efnisbreyt. verði gerð á frv., að undanskildar þessu gjaldi séu einnig vélar og áhöld allskonar til nýs atvinnurekstrar. Ég geri ekki ráð fyrir, að þessu verði andmælt, því að allir flokkar virðast sammála um nauðsyn þess, að hlynnt sé að nýjum atvinnurekstri.

En í samræmi við þessar brtt. legg ég til, að breytt verði nafni frv. og það kallað: „Frv. til l. um háskatt og um sérstakan innflutningstoll". Þetta tekur af öll tvímæli um efni frv. og nemur á brott hina leiðu og illa duldu falsbeitu frv., sem kemur fram í því, að þessar umbætur eiga auðsjáanlega aðeins að vera til bráðabirgða.

Ég ætla ekki að lengja mjög umr. um þetta frv. Það er hlutverk þeirrar n., sem þarna á um að fjalla, að kryfja það til mergjar. En ég get lýst yfir því sem minni skoðun, að í þessu frv. felist herfileg aðför að landsfólkinu. Og með því er grafið svo undan möguleikum hárra tekna í framtíðinni, að höfundarnir hafa jafnvel komið auga á það sjálfir, og einn af flm. frv. hefir meira að segja viðurkennt þetta við mig. Útsvörin hafa venjulega verið hærri tekjuskattur en sá skattur af tekjum, sem ríkið hefir tekið. Stafar það af því, að tekjuskatturinn er ekki nema einn liðurinn í tekjuöflun ríkissjóðs, en útsvörin eru allur sá tekjustofn, sem bæjar og sveitarfélög hafa átt kost á. Nú er ætlazt til, að teknir séu allt að 44% af tekjum manna, ef þær ná 28 þús. kr. Það verður þó að teljast ekkert sérlega merkilegt fyrirtæki, sem gefur þann arð. Ef svo bæjar- og sveitarfélög geta tekið allt að 52% af þessum tekjum, þá fer það að nálgast 100%, svo að ef tekið verður það sama næsta ár, er ekkert eftir. Þetta er rökfræðilegt gat hjá þeim. Með þessu eru þeir að byggja fyrir það, að ríki og sveitarfélög geti aflað sér tekna með skatti af háum tekjum. Enda viðurkenndi maðurinn, sem ég gat um áðan, að þetta gæti ekki staðið nema eitt ár. Hann kvað þannig upp dauðadóminn yfir þessum ráðstöfunum.

Ég fer svo ekki fleiri orðum um þetta frv., en lýsi yfir því, að ég er því andvígur. En ef stjórnarflokkarnir vilja knýja það í gegn, vil ég mælast til, að þeir séu ekki að gera sig hlægilega með því að hafna þessum brtt. mínum.

Fjmrh. (Eysteinn Jónsson) [óyfirl.]: Ég ætla að byrja á því að svara nokkru hv. þm. G.-K. En flest atriðin í ræðu hans hafa komið fram áður í þessum umr., annaðhvort frá honum eða flokksmönnum hans, sem deilt hafa á frv. við

1. umr. Ég mun því ekki minnast nema á sum þessara atriða.

Hann kvað ástæðu til að vefengja áætlun grg. um tekjurnar af þessum ráðstöfunum. Tilfærði hann í því sambandi orð, sem atvmrh. viðhafði í viðtali við Alþýðublaðið, og sagði, að af þeim mætti ráða annað en það, sem ég upplýsti. Hv. þm. byggði þetta á því, að hæstv. atvmrh. hefði skýrt blaðinu frá því, hve hátt innflutningsgjald væri áætlað af innfluttum vörum í ýmsum gjaldflokkum. En hæstv. atvmrh. lagði til grundvallar fyrir þeim útreikningi cif-verðið og fær því hærri tölu en ég til að miða við. Hinsvegar er tollurinn reiknaður af fob-verðinu. Verður því að draga frá cif-verðinu allháa upphæð til þess að finna þá tölu, sem tollurinn er reiknaður af. Þessi upphæð í frv. er byggð á 38 millj. kr. innflutningi. Eftir að þessi áætlun hafði verið gerð, fór tollstjóri yfir allt saman, til þess að athuga, til hvaða fob-verðs þetta svaraði, og hann fékk einmitt þær tölur, sem ég lagði til grundvallar.

Síðan hæstv. atvmrh. gaf þessar upplýsingar hefir nokkuð af vörum verið fært milli flokka. T. d. voru síldartunnur og efni í þær lagðar undir 2% gjaldið, en nú hefir það verið leiðrétt.

Hv. þm. vítti mig fyrir, að ég hefði ekki gefið n. þeirri, sem um málið fjallaði, upplýsingar um þetta. Ég skil ekki þessa gagnrýni hv. þm., því að hann og hv. 3. þm. Reykv. mættu ekki á þeim eina fundi n. um málið, sem boðaður var. En ég lét form. n. í té þá útreikninga, sem ég hafði gert, svo að því fer fjarri, að n. hafi ekki haft aðstöðu til að kynna sér, á hverju þeir eru byggðir.

Ég tel, að með 38 millj. kr. innflutningi sé ekki gerlegt að áætla gjald þetta hærra en 750 þús. kr. Það er því fjarri sanni, að hér sé verið að blekkja þingið til að samþ. hærri toll en þeir hafa hugmynd um, að felist í frv., eins og hv. þm. gefur í skyn.

Þá get ég ekki látið hjá líða að minnast á það, sem hv. þm. sagði um skattahækkanir mínar. Hann sagði, að stj. hefði hækkað skattana um 3 millj. kr. Ég hefi nú sýnt fram á, að þessi hækkun leiðir til þess, að ríkissjóður heldur sömu tekjum og hann hefir haft. Hér er því ekki verið að seilast til hærri upphæða af þjóðinni en áður. Ég skil ekki, hvernig sjálfstæðismenn geta alltaf verið að stagast á þessu. Þar, sem þeir hafa ráðið, hafa þeir sjálfir farið miklu lengra en hér er farið, t. d. í Reykjavík. Ef við ættum að fara eftir sömu stefnu og þar hefir verið höfð, ættum við ekki að krefjast 15 millj., heldur 31 millj. af þjóðinni. Þessa pólitík sína í Reykjavík afsaka þeir með því, að ríkið taki svo mikið af Reykvíkingum. En það er ekki rétt. Það gagnstæða kemur í ljós, ef betur er að gáð. Á undanförnum árum hefir ríkið létt undir með Reykjavíkurbæ, með því að leggja til atvinnubótafé, sem ekki var áður gert ráð fyrir í l. Þar með hefir ríkið létt miklu af fátækraframfærslunni af bænum.

Hv. þm. G.-K. og hv. 6. þm. Reykv. núa stj. því um nasir, að hún taki meira úr vösum þjóðarinnar en áður hefir verið gert. Ég ætla, að ég hafi nú sýnt fram á, að þar, sem þeir eru við völd, þar fara þeir helmingi lengra en núv. stj. í því efni.

Þá spurðu þessir tveir hv. þm., hvers vegna þetta frv. væri kallað bráðabirgðatekjuöflunarfrv. og hvernig þetta ætti að verða í framtíðinni. Þetta kom líka fram við 1. umr. frá hv. þm. Snæf., og ég svaraði því þá, en þeir virðast ekki hafa heyrt það. Mér þykir líklegt, að núv. tekjustofnar ríkissjóðs geti staðið undir gjöldum ríkisins á venjulegum tímum. En hvenær þeir tímar koma aftur, um það skal ég engu spá. Og eins og útlitið er nú, kæmi mér það ekki á óvart, þó að á næsta þingi yrði að framlengja þessa tekjuöflunarheimild. En með hliðsjón af því, að núv. tekjustofnar gætu staðið undir greiðslunum í venjulegu árferði, þótti rétt að kalla þetta bráðabirgðatekjuöflun. Hv. 6. þm. Reykv. kallaði þetta fals eitt, af því að þessi tekjuöflunarleið átti aðeins að vera til bráðabirgða. En slíkt er hvorki einsdæmi né óþinglegt. Ég man ekki betur en að á þinginu 1924, þegar Jón heitinn Þorláksson var fjmrh., væri samþ. frv. til l. um verðtoll, sem átti að vera til bráðabirgða, en varð ekki til bráðabirgða. Þó var engin fölsun, sem lá til grundvallar fyrir því að kalla það bráðabirgðaákvæði. Vonir manna stóðu til þess, að ekki þyrfti að hlíta þessum ákvæðum nema til bráðabirgða, en þær vonir rættust ekki. Þetta var alls ekki hægt að kalla fásinnu eða fölsun. Ég man ekki betur en þessi verðtollur hafi í meginatriðunum staðið síðan, þó hann hafi ef til vill eitthvað lækkað. Það munu vera til fleiri dæmi um, að svipað hafi átt sér stað, og má þar m. a. nefna toll, sem settur var á kaffi og sykur nokkru eftir síðustu aldamót.

Hv. þm. G.-K. spurði að því, hvernig ætti að fara að, þegar hátekjuskatturinn hefði eyðilagt allan grundvöll fyrir því, að hægt væri að fá tekjuskatt í framtíðinni. Ég veit ekki, hvort þessi spurning hefir verið sett fram í alvöru. Ég held ekki, að hann geti hugsað, að 200 þús. kr. ný tekjulind ríkissjóðs (því það, sem ætlað er sveitar- og bæjarsjóðum, er ekki nýr tekjuskattsauki, það hefði hvort eð var komið fram í útsvörum) geti í raun og veru haft þessi áhrif. Ég held, að þótt þessar 200 þús. kr. komi til frádráttar með þeim 40% viðauka, sem við höfum átt svo skemmtilegar umr. um hér fyrr, þá muni niðurstaðan verða sú, að meðalskattur á tekjur á þessu bili fari alls ekki fram úr 20%, og sannleikurinn er sá, að hann mun ekki einu sinni reynast svo hár.

Þá talaði hv. þm. G.-K. um, að það væri að koma aftan að mönnum, þar sem þessi skattauki væri lagður á svo seint á árinu, að menn væru búnir að verja tekjum sínum til annars, og hefðu ekki gert áætlanir fyrir því að þurfa að mæta þessari nýju skattaukningu. Það getur vel verið, að það hefði verið æskilegra, að þetta hefið komið fyrr fram. En þessum hv. þm. ferst ekki djarft úr flokki að tala. Ég man ekki betur en hann stæði að því á þingi 1933 að leggja 40% viðauka á skattupphæð ársins á undan, og sé það að læðast aftan að mönnum að setja á þann skattauka, sem nú er rætt um, þá er hitt ekki síður. (ÓTh: Ég man ekki eftir,

að ég greiddi atkv. með því). En hann lánaði því sína aðstoð og sitt lið, því það verður að álita, að herforinginn beri ábyrgð á hermönnunum. (ÓTh: Ég var ekki formaður flokksins þá). Jæja, eða sá, sem þá var form. flokksins.

Þá sagði hv. þm. G.-K., að það væri alrangt að halda því fram, að þessi tekjuöflun kæmi ekki niður á framleiðendum. Ég hefi gert grein fyrir þessu áður, svo ég skal lítið fara út í það nú. Hann sagði, að þetta kæmi beint niður á framleiðslunni þegar neyzluvörur þeirra manna hækka, sem framleiðendur fæða, þ. e. a. s. þegar kaup er að nokkru leyti goldið í fæði. Ég játa það, að þetta er að vissu leyti rétt. Í þessu kemur verðhækkunin niður á framleiðendum, en ekki af því að þeir eru framleiðendur, heldur af því að þeir nota neyzluvörur eins og aðrir.

Ég lagði áherzlu á það, að allar vörur, sem beinlínis eru notaðar til framleiðslunnar, eru undanþegnar aðflutningsgjaldinu, og að tekjuskattsaukinn kemur ekki niður á smáframleiðendum, og líklega ekki heldur niður á stórframleiðendum, því þeir geta dregið frá töp undanfarandi ára. Ennfremur benti ég á það, að allt það fé, sem fæst með þessari tekjuöflun, á að nota til þess að létta undir með smáframleiðendum, og benti í því sambandi á þær greiðslur, sem ætti að inna af höndum með þessu fé, svo sem til nýbýlamyndunar, til skuldaskilasjóðs útvegsmanna, til mjólkurbúa og til vaxtagreiðslu af fasteignaveðslánum bænda o. fl., og til trygginga, sem koma framleiðslunni til góða. Og þótt það megi segja aðeins í því tilfelli, sem hv. þm. G.-K. benti á, að þetta komi beint niður á framleiðendum, þegar þeir hafa fólk í vinnu, sem fær fritt fæði, þá munar það svo litlu, að ekki er um það talandi, þegar allar vörur, sem beinlínis eru notaðar til framleiðslunnar eru undanþegnar, og þegar það fé, sem með þessu fæst, gengur til þess fyrst og fremst að styrkja smáframleiðsluna.

Hv. þm. G.-K. talaði líka um gengislækkun, og mér skildist, að hann væri henni hlynntur. Hann sagði, að þessi skattálagning væri í raun og veru gengislækkun. Hann má auðvitað nota yfir þetta hvaða orð sem hann vill, en vitanlega er þetta ekki gengislækkun. En hann sagði, að það, sem skildi á milli venjulegrar gengislækkunar og þessarar, sem hér væri á ferðinni, væri það, að venjuleg gengislækkun kæmi atvinnuvegunum til góða, en þessi gengislækkun væri aðeins til hagnaðar fyrir ríkissjóð. En nú hefi ég sýnt fram á það, að þetta hefir þann kost til að bera, að tekjurnar ganga ekki til ríkissjóðs eftir venjulegum skilningi, heldur fara þær til þess að styrkja smáframleiðendur og auka framleiðsluna. Auk þess vil ég benda hv. þm. á það, ef hann telur gengislækkun til bóta fyrir framleiðsluna, að athuga, að vitanlega verkar gengislækkun eins og tollar með það að gera dýrari hverja þá vöru, sem framleiðendur þurfa að nota, og gengislækkun kemur fram á þann hátt, að allar vörur, sem til framleiðslunnar þarf, verða dýrari; en þessi skattur gerir ekkert dýrara af því, sem til framleiðslunnar þarf, nema þann sáralitla hluta af vörum, sem þeir framleiðendur þurfa að nota, sem hafa í þjónustu sinni menn, sem þeir láta hafa fritt fæði.

Þá vil ég lítið eitt minnast á ræðu hv. 2. landsk. Hann benti á, að sér fyndist óeðlilegt að innheimta skattinn fyrir sveitar- og bæjarfélögin eins og gert er ráð fyir í þessu frv. Þetta er sett inn til samkomulags á milli stjórnarflokkanna, og get ég ekki fallizt á að fella það niður, en ég get bent á það, að ég sé ekkert á móti því, að farið sé eftir þeirri till., að sýslufélögin og bæjarfélögin njóti skattsins, en ekki hrepparnir.

Mér fannst kenna nokkurs misskilnings hjá hv. þm., þegar hann var að tala um, af hverjum þessi hátekjuskattur yrði heimtur og að byrjað væri að leggja á of lágar tekjur, þar sem miðað væri við 6000 kr. árstekjur. Ég vil þess vegna skjóta því fram, að þessar 6000 kr. eru alls ekki lágar tekjur, þegar þess er gætt, að hér er talað um skattskyldar tekjur, og ef miðað er við fjölskyldumann, þá mun hann þurfa að hafa á milli 8 og 9 þús. kr., og þó nær 9 þús. kr. árstekjur til þess að hafa 6 þús. kr. skattskyldar tekjur. Það er alls ekki svo, að venjulegum embættismönnum sé íþyngt með þessu frv., en ef lágmarkið er fært upp í 8 þús. kr. skattskyldar tekjur, þá hittir þessi skattauki ekki aðra en þá, sem hafa 11 þús. kr. árstekjur eða þar yfir. Ég tel það þess vegna eðlilegt að byrja við 6 þús. kr. skattskyldar tekjur, eins og lagt er til í frv.

Ég heyrði það á ræðu hv. 6. þm. Reykv., að 1. gr. frv. hafði farið í taugarnar á honum, og get ég í raun og veru skilið það út af fyrir sig. Því gr. er sett í frv. til þess að leggja áherzlu á það í löggjöfinni sjálfri, að þessi tekjuöflun er ekki gerð til þess að standa undir venjulegum gjöldum ríkissjóðs, heldur til nýrra framlaga, sem sumpart voru samþ. á fyrri hluta þessa þings og sumpart á þessum hluta þingsins. Ég vil leggja áherzlu á það, að eldri tekjur ríkissjóðs munu nægja til þess að standa undir eldri greiðslum eftir að niðurfærsla hefir verið gerð samkv. till. hv. fjvn., og að þessara nýju tekna þarf ekki við til þess.

Hinsvegar kemur þetta ákvæði sér illa fyrir stjórnarandstæðinga, því það eyðileggur tilraunir þeirra til að gera þennan skatt óvinsælan með því að þessara tekna sé aflað til þess að hafa þær fyrir venjulegt eyðslufé handa ríkissjóði. Ég tók það fram við 1. umr., að það mundi vera auðvelt að gera þennan skattauka óvinsælan hjá þeim, sem hann kemur niður á, með því að fella undan að tala um það, hvað það er, sem fæst í aðra hönd, ef ekki væri gerð grein fyrir því í frv. sjálfu. 1. gr. gerir það erfiðara, að slíta í sundur ákvæðin um álagningu skattsins og þau fríðindi, sem þjóðin fær fyrir þennan tekjuauka, og koma við falsrökum. Það er af þessari orsök, sem hv. 6. þm. Reykv. er illa við 1. gr., og þess vegna er ég ekki hissa á því, þótt hann flytji till. um að fella þetta burt og setja í þessa stað ákvæði, sem gefa ranga hugmynd um það, til hvers þessir nýju tekjustofnar eiga að notast. Það mundi verða ólíkt þægilegra

fyrir stjórnarandstæðinga að gera þjóðina óánægða með þessa nýju tekjuöflun, ef þeir gætu fengið lætt inn þeim skilningi, að hún væri gerð til þess að fá venjulegt eyðslufé handa ríkissjóði, en þeir treysta sér ekki til þess að fá þjóðina til að verða þessu mótfallna, ef hún fær jafnframt að vita, til hvers það er, sem þessum peningum á að verja. Vegna þess að hv. þm. finnur vanmátt sinn í þessu efni, vill hann ná þessari skilgreiningu út úr frv.

Að lokum vil ég svo minnast á brtt. hv. 6. þm. Reykv. um það, að undanþiggja vélar til nýs atvinnurekstrar. Ég álít, að ekki sé hægt að samþ. hana eins og hún liggur fyrir, m. a. vegna þess, að ákvæðið er svo ónákvæmt, að ekki er hægt að hafa slíkt í tollalögum. Ég hefi borið þetta undir tollstjórann í Reykjavík, og hann álítur ekki gerlegt að hafa slíkt ákvæði í tollalögum. Auk þess er það um þetta gjald að segja, að það er ekki nema 2% af þeim vélum, sem ekki eru beinlínis undanþegnar, og þetta gjald er svo lágt, að það munar þá sama sem engu, sem hlut eiga að máli. Líka má benda á það í þessu *sambandi, að með frv. til l. um breyt. á verð*tollsl., sem nú nýl. var afgr., hefir verið felldur niður verðtollur af vélum til atvinnurekstrar.

Það er svo fjarri því, að núv. þingmeirihluti vilji íþyngja tolli á vélum til atvinnurekstrar, að jafnvel þó þetta 2% gjald sé samþ., þá stórlækkar tollur á mörgum vélum til nýs atvinnurekstrar með því frv. um breyt. á verðtollsl., sem samþ. var nú nýafstaðið.

Ég skal svo ekki lengja umr. meira. Ef til vill hefi ég skilið eftir eitt eða tvö atriði í ræðu hv. þm. G.-K., en það er þá af því, að ég hefi svarað þeim í fyrri umr. um málið og sé enga ástæðu til að endurtaka það hér.

Guðbrandur Ísberg [óyfirl.]: Ég verð að segja, að mig undrar sumt af því, sem gerzt hefir hér undir umr. Hv. 1. landsk., sem talaði hér fyrir skömmu, hafði þau orð um tekjuöflunarfrv. það, sem hér liggur fyrir, að skattahækkun sú, sem það gerir ráð fyrir, væri forsvaranleg að skoðun Alþfl. og einnig Framsfl. Ég get ekki skilið þetta öðruvísi en svo, að Alþfl. sé búinn að gleypa Framsfl. En hvenær sem það hefir orðið, mun því ekki fyrr hafa verið yfirlýst af Alþfl. sjálfum, þó Sjálfstfl. hafi oft fullyrt, að svona væri komið. Annað, sem mér þótti undarlegt, var, að hv. 2. landsk., fyrrv. bezti Bændaflokksmaðurinn að sjálfs hans sögn, tróð hér upp í ræðustól og hafði ihaldið fyrir samnefnara fyrir Sjálfstfl. og Bændafl. Þessi hv. þm. talaði eins og sá, sem vald hafði fyrir stjfl., þegar hann var að gera grein fyrir, hvað þeir vildu gera og hvað ekki, og að þeir vildu gjarnan hafa samvinnu við Sjálfstfl. um einstök mál. Virðast þessi orð hv. þm. benda til þess, að hann *njóti alveg einstaklega mikils gengis hjá stjfl.*, ef hann ræður einn, og mun þá vera ástæða til að taka meira mark á ræðum hans og gerðum en verið hefir.

Viðvíkjandi efni frv. þess, sem hér liggur fyrir, skal ég ekki vera fjölorður, því afstaða Sjálfstfl. til þess hefir áður verið rakin af ýmsum mönnum flokksins, og nú síðast af form. fl., hv. frsm. minni hl. fjhn., Ólafi Thors. Ég vil benda á og undirstrika, að ég tel 2. gr. frv. mjög hæpna með því orðalagi, að nefna þetta bráðabirgðatekjuöflun, þar sem á að afla teknanna til þess að standast útgjöld, sem vitanlega verða varanleg eftir að frv. er orðið að l. Sem sagt, með nýjum sérstökum l. eru þjóðinni sköpuð stórfelld útgjöld. Er þar brugðið snöru að hálsi hennar, án þess að gerð sé nokkur grein fyrir, hvað við tekur, ef þessi tekjuöflun á ekki að vera nema til bráðabirgða og þeir tekjustofnar bregðast t. d. á næsta ári.

Með frv. tel ég djarft teflt á tvennan hátt, sérstaklega með 2. gr. frv. Er þar á áberandi hátt unnið gegn nauðsynjamáli þjóðarinnar um, að hér myndist auðsafn, eða a. m. k. vísir til þess, þar sem hún er svo fátæk, að hún þarf að leita til erlendra ríkja hvenær sem þarf á fé til framkvæmda að halda. Þessi skattur er svo hár, að hann hlýtur að draga úr viðleitni manna til þess að spara, en jafnframt halda mönnum að því að eyða. Það er lítil ástæða til *þess að vera að spara, ef ríki og bæjarfélög* taka jafnóðum það, sem sparað er. Tel ég þetta svo alvarlega braut, að aldrei sé of oft varað við að ganga inn á hana.

Um 3. gr. skal ég ekki fjölyrða, en aðeins geta þess, að ég vil ekki liggja jafnaðarmönnum á hálsi fyrir að ganga inn á þá leið, fyrst þeir töldu sig til neydda að afla þessara tekna. Tel ég það benda á vaxandi þroska hjá fl., að afla teknanna með óbeinum sköttum, fyrst þeir geta þó viðurkennt, að ekki sé unnt að afla þeirra með einkasölum. Hv. 1. landsk. sagði í fyrstu ræðu sinni, þegar hann talaði fyrir frv., að auk hinna beinu skatta teldu jafnaðarmenn rétt að fara einkasöluleiðina til þess að afla tekna. Komst hv. þm. svo að orði, að á þann hátt væri teknanna aflað án þess að það kæmi við almenning. Mér þótti þetta einkennilegt, burtséð frá því, þó hann vilji ekki viðurkenna, að kaupmenn eða þeir, sem við verzlun fást, hafi tilverurétt, ef það kemur ekki þjóðinni við, ef vörur hækka í verði. Það hefir verið minnzt á, að tekjuskatturinn samkv. 2. gr. komi ekki til greina fyrr en skattskyldar tekjur eru komnar yfir 6 þús. kr., og að þá séu brúttótekjur yfir leitt komnar upp í 8—10 þús. kr. Ég skil þetta ekki til fulls, en býst við, að hér sé miðað við nettótekjur. Það er alltaf miðað við, að búið sé að draga frá mannahald og annan kostnað, ef um það er að ræða.

Ég vil sérstaklega benda á, hvernig þetta kemur við unga atvinnuvegi, t. d. iðnað, ekki sízt ef þetta væri miðað við brúttó. Er hér höggið mjög nærri iðnaðinum, því margir iðnaðarmenn komast undir þennan lið. Ég skal ekki fara lengra út í þetta að sinni. Ég hefi bent á það, sem ég tel mest athugavert við frv., *og þarf ekki að taka fram, að ég er á móti, að* það verði samþ., því mér þykir ekki sýnt, að það sé svo mikið nauðsynjamál, að það mætti ekki að ósekju bíða. Vil ég ásaka stj. fyrir að gera of lítinn mun á því, sem er æskilegt og því, sem er nauðsynlegt. Auðvitað er margt æskilegt, en greinir á um, hvað er nauðsynleg-

ast, og er í því fólginn höfuðágreiningur milli flokkanna.

Frsm. meiri hl. (Stefán Jóh. Stefánsson): Það eru aðeins nokkrar aths., sem ég sé ástæðu til þess að gera við ræður þeirra hv. þm., sem talað hafa um frv. síðan ég hóf umr. Hv. þm. Ak., sem nú lauk máli sínu, sagðist í upphafi ræðu sinnar hafa höggið eftir, að ég teldi, að Alþfl. gæti eftir atvikum sætt sig við þetta gjald. En sérstaklega hneykslaðist hv. þm. á því, að ég hefði einnig bætt við, að það mundi Framsfl. einnig gera, og þótti undarlegt, að ég skyldi tala fyrir Framsfl. En hv. þm. gætti ekki að því, að ég talaði fyrir munn meiri hl. n., og að honum standa bæði framsóknar- og jafnaðarmenn. Það er ekki launungarmál, að Framsfl. telur þetta ekki æskilega leið til tekjuöflunar, að þurfa að grípa til þess að skattleggja sumar þær vörur, sem teknar eru upp í frv. Vitanlega telja stjfl. ekki gott að þurfa að leggja á aðflutningsgjald, þó nauðsyn þess að afla tekna gerði óhjákvæmilegt að fara inn á þá leið.

Þá hjó ég eftir, að hv. þm. hafði eftir mér, að ég hefði sagt í ræðu minni, að við jafnaðarmenn vildum afla tekna með einkasölum, vegna þess að það kæmi ekki við þegna þjóðfélagsins yfirleitt. Ég vil halda því fram, að meiri hl. af einkasölunum séu þannig, að það séu aðeins sárfáir menn, sem vegna stofnana þeirra bíða nokkurt fjárhagslegt afhroð, og að í stjórnmálum eigi að fylgja þeirri gullnu reglu, að hagur fárra einstaklinga eigi að víkja fyrir heill fjöldans. Einkasölur þær, sem nú skreyta fyrst og fremst tekjuliði fjárl., sem áætlað er að gefi 1,6 millj. kr. í tekjur á næsta ári, eru áfengisverzlunin og tóbakseinkasalan. Þessar einkasölur eru mjög eðlilegar tekjuöflunarleiðir. Alþfl. var þeirrar skoðunar, að enn mætti fara lengra á þeirri braut, að koma á fót einkasölum fyrir ríkið. En þar skildust vegir, þar sem Framsfl. treystist ekki til að fara lengra inn á þær brautir.

Í þriðja lagi minntist hv. þm. Ak. á, að þegar ég hefði verið að tala um tekjuskattinn, þá hefði ég talið 6 þús. kr. skattskyldar tekjur svara til atvinnutekna eða rekstrartekna frá 8 þús. og upp í 10—11 þús. Ég veit, að hv. þm. Ak. veit manna bezt, að hér er rétt frá skýrt, því að hann mun eiga sæti í yfirskattanefnd í Húnavatnssýslu og vita, að eftir skattal. á að draga frá fyrst og fremst persónufrádrátt og þar næst vexti af skuldum, iðgjöld fyrir vátryggingar og annað þess háttar, svo að 5 manna fjölskylda byrjar á að draga frá persónufrádrátt 3 þús. kr. Svarar þetta því til þess, að atvinnutekjur eða launatekjur séu 9 þús. kr., þegar skattskyldar tekjur eru 6 þús. kr. Ég held, að á því geti ekki verið nokkur vafi, að þeir menn, sem hafa slíkar tekjur, eigi frekar að bera byrðarnar, þegar seilast verður nokkuð djúpt niður í vasa gjaldenda, til þess að framkvæma nauðsynjamál á löggjafarsviðinu.

Þessi hv. þm. hélt því fram, að vel mætti bíða framkvæmd þeirrar löggjafar, sem gerir nauðsynlega þá tekjuöflun, sem hér er farið fram á með þessu frv., og þar átti hv. þm. sérstaklega við alþýðutryggingarnar og nýbýlin. En skoðun stjórnarflokkanna er sú, að þetta séu nauðsynjamál svo mikil, að ekki sé rétt að fresta framkvæmd þeirra. Höfum við nánar gert grein fyrir því undir umr. um þessi mál hér á þingi, og af þeim umr. hefir það berlega komið í ljós, að stjórnarflokkarnir telja með fullum sannindum að þessi mál séu hin mestu umbótamál og að því sé nauðsynlegt að þau nái fram að ganga, þó að hinsvegar vel kunni að vera, að stjórnarflokkarnir leggi nokkuð mismunandi áherzlu á þessi tvö mál, sem ég nú hefi nefnt. En það er í þessu sambandi algert aukaatriði.

Þá vil ég víkja örfáum orðum að hv. frsm. minni hl. n., þm. G.-K. Hann gat um það í ræðu sinni, sem ég líka veit, að öllum mönnum er ljóst, að lögð eru með frv. þessu nokkur gjöld á einstaka nauðsynjavöru. Á kreppu- og vandræðatímum verður því miður ekki komizt hjá því í kapítalisku þjóðfélagi að leggja allþunga skatta á nauðsynjavörur. Í frumræðu minni færði ég rök að því, að ef von hefði verið á normal-innflutningi á erlendum vörum, þá hefði ekki þurft að grípa til þess að leggja á þetta vörugjald. En erfiðleikar nútímans gera það að verkum, að ekki verður komizt hjá að takmarka verulega innflutning. Verður því að leita inn á aðrar leiðir en jafnaðarmönnum eru geðþekkar. Í þessu sambandi vil ég minna á orð hv. þm. G.-K., þegar hann sagði, að ég hefði fært Alþfl. það til málsbóta, að skoðanabræður okkar jafnaðarmanna í nágrannalöndunum hefðu svikið stefnu sína í skattamálum. Það er alrangt að tala um svik í þessu sambandi. Jafnaðarmenn eru í minnihluta í þjóðþingum þessara landa. Og þar sem þeir geta ekki fyrir þá sök myndað meirihlutastjórn, hafa þeir samvinnu við meira eða minna frjálslynda borgaralega flokka, sem gerir það að verkum, að jafnaðarmönnum er ekki hægt að framkvæma ýms stefnumál sín. Þetta er augljóst mál. Og það er nú svo með jafnaðarmannaflokka, sem eru raunsæisflokkar, að þeir hika ekki við að starfa að þjóðfélagsmálum og koma á þeim endurbótum, sem þeim er unnt, jafnvel þó að þeir hafi ekki aðstöðu til að fullnægja kröfum sínum öllum. En þar sem að þeir starfa að stjórnmálum sem minnihlutaflokkar, geta þeir ekki í skattamálum né öðrum málum komið sínum vilja alveg fram. Af því leiðir, að þeir ná ekki sínu lokamarki í skattamálum á meðan svo standa sakir. Alþfl. hefir ekki aðstöðu til þess að ná þessu takmarki hér á þingi frekar en alþýðuflokkar annarsstaðar, sem þó hafa hlutfallslega meiri styrk á þingi heldur en Alþfl. hefir hér.

Hv. þm. G.-K. var að tala um, að ég ætti að upplýsa um skattstofna í Svíþjóð og Noregi. Eftir að búið er að samþ. þetta frv. um hátekjuskatt, þá höfum við gengið lengra í beitingu beinna skatta heldur en hinar Norðurlandaþjóðirnar, þegar teknir eru til greina þeir kommúnölu skattar, sem felast í þessu frv. En sjálfsagt hefðu jafnaðarmenn í nágrannalöndum okkar gengið lengra í beitingu beinna skatta heldur en þeir hafa gert, ef þeir hefðu átt þess

kost. En þeir hafa verið háðir þeim takmörkunum, sem leiðir af samvinnu við aðra nokkuð óskylda flokka, sem ekki hafa viljað ganga lengra inn á þær leiðir. En það er einmitt athyglisvert í sambandi við fjáröflun til alþýðutrygginga yfirleitt, að Svíar hafa nú endurbætt sinar alþýðutryggingar, sem varð til þess, að alþýðutryggingasjóðir þeirra verða fyrir meiri fjárútlátum til þeirra, sem tryggðir eru, heldur en áður. En til þess að framkvæma þessar endurbætur varð að afla aukinna tekna í ríkissjóð Svía. Alþýðufl. í Svíþjóð hefir bent á sem tekjuöflunarleið til þessara framkvæmda að taka einkasölu á kaffi og benzíni. Hafa þeir sett nefnd til að athuga, hve mikið þessir tekjustofnar geta gefið þeim. Þeir álita, að ef ríkið tekur í sinar hendur heildsölu á benzíni, muni það gefa ríkinu 11 millj. kr. tekjur, og ef þeir legðu einnig smásölu þess undir ríkið, þá mundi það gefa 8 millj. kr. tekjur til viðbótar. Að vísu er ekkert afgert um það enn, hvort það er hægt að fara þessa leið, m. a. af þeirri ástæðu, að ekki er víst, hvort þeir flokkar, sem vilja vinna með þeim í stjórn, sem eru bændaflokkurinn og a. n. l. frjálslyndi flokkurinn, vilja vera með jafnaðarmönnum í því að koma á þessum einkasölum. Ef sænskir jafnaðarmenn fá þessu ekki framgengt, verða þeir að sætta sig við að fara inn á aðrar tekjuöflunarleiðir, og má þá vera, að þeir neyðist til að grípa til óbeinna skatta til þess að auka tekjur ríkisins í þessu skyni.

Hv. þm. G.-K. sagði, að ég og fleiri fylgjendur þessa frv. færum rangt með, þegar við héldum því fram, að aðflutningsgjaldið samkv. 3. gr. frv. legðist ekki á framleiðsluna. Ég sagði, að allar framleiðsluvörur til lands og sjávar væru undanþegnar þessu gjaldi. Undanþáguákvæði 3. gr. sýna þetta berlega.

Hv. þm. G.-K. vék að því í ræðu sinni, að það hefði verið nær að fresta alþýðutryggingunum og nýbýlamálinu heldur en að leggja þessa skatta á þjóðina. Ég hefi svarað þessu með því, sem ég svaraði ræðu hv. þm. Ak.

Þá vildi hv. þm. G.-K. halda því fram, að við Alþfl.menn mundum e. t. v. ekki uppskera það þakklæti, sem við reiknuðum með að við fengjum hjá þjóðinni fyrir samþykkt alþýðutrygginganna. Það má vel vera, að fyrst í stað heyrist óánægjuraddir út af alþýðutryggingunum frá mörgum. Vitanlega má gera ráð fyrir því, að þessi tryggingarlöggjöf sé ekki fullkomin og að hún verði gagnrýnd af ýmsum Alþfl.mönnum. En menn verða að skilja, að ekki er unnt að fá strax í upphafi lögfest það allra hentugasta og bezta á þessu sviði, eins og við hefðum helzt kosið. En með þessari löggjöf er lagður góður grundvöllur, sem svo verður auðveldara að byggja ofan á. Þó að óánægja verði manna á meðal fyrst í stað út af því að þurfa að greiða iðjöld til trygginganna, sem ég efa ekki, að komi fram, þá erum við Alþfl.menn þess fullvissir, að við höfum með samþykkt þeirra borið gott mál fram til sigurs og fært alþýðu manna kjörgrip með alþýðutryggingunum. Þau verða áreiðanlega mörg heimilin, þar sem sjúkdómar eða örorka ber að dyrum, sem þá munu finna, að þau eiga þar góðan hauk í horni, sem tryggingar þær eru, sem nú verða lögfestar. Við jafnaðarmenn leggjum því ótrauðir inn á þá braut að verja það og færa fyrir því fullkomin rök, að ekki hefði verið réttmætt, sanngjarnt né eðlilegt á neinn hátt að fresta framkvæmd alþýðutrygginganna, jafnvel þó að það kosti það að fara aðrar leiðir til tekjuöflunar en við erum fyllilega ánægðir með.

Frsm. minni hl. (Ólafur Thors) [óyfirl.]: Ég þarf ekki að halda langa ræðu, einkum af því, að það, sem komið hefir fram í svörum andmælenda minna í þessu máli er þess eðlis, að því er í raun og veru þegar svarað með minni frumræðu og öðrum ræðum, sem fluttar hafa verið þessu máli til andmælis af hv. flokksbræðrum mínum hér í þessari hv. d. við 1. umr. málsins. Einnig hefi ég andmælt þessu máli, bæði við þessa umr. og einnig í eldhúsdagsumr. Þó vil ég víkja að örfáum atriðum með nokkrum orðum.

Hv. frsm. meiri hl., 1. landsk., færði fram sjálfum sér og sínum flokki til afsökunar á því, að hann hefði ekki gengið nægilega langt í beitingu beinna skatta, að flokkur hans væri háður böndum og kvöðum, sem samvinna við annan flokk hér á þingi legði á hann. Um leið og ég vil vekja athygli á því, að stefna flokks hv. þm. í skattamálum er sú, að ná inn þeim tekjum, sem ríkissjóður þarfnast til sinna gjalda, annarsvegar með beinum sköttum og hinsvegar með ríkisverzlun — um leið og ég vek athygli á þessu, vil ég beina þeirri fyrirspurn til hv. 1. landsk., hvort hann telur kleift að ná inn nægum tekjum til ríkisþarfa með þessu móti. Ég held því fram, að slíkt sé í sjálfu sér algerlega ókleift, af ástæðum, sem ég skýrði frá í minni fyrri ræðu og endurtek því ekki nú.

Hv. þm. játaði, að eftir að búið væri að samþ. þessa nýju skattalöggjöf, hátekjuskattinn svo kallaða, þá hefðum við Íslendingar gengið lengra í beitingu beinna skatta heldur en nágrannaþjóðir okkar. Og þetta er rétt hjá hv. þm. En ef allur sannleikurinn er sagður, þá er hann sá, að áður en þessi hátekjuskattur kom til sögunnar, höfðum við gengið miklu lengra í þessu efni en nágrannaþjóðirnar, og það þó ekki sé tekið tillit til þess, að sami skattstigi liggur með margföldum þunga á skattborgurum hér hjá okkur, annarsvegar vegna fátæktar okkar og hinsvegar vegna ills árferðis.

Ummælum hv. 1. landsk. um það, hvort þessir nýju skattar legðust á framleiðsluna í landinu, get ég svarað um leið og ég svara hæstv. fjmrh., sem einnig vék að hinu sama. Skal ég nú koma að því með örfáum orðum.

Hæstv. fjmrh. vildi, að mér skildist, vefengja, að rétt væri hermt, þegar ég kvað ástæðu til að ætla, að þessi nýja skattalöggjöf mundi leggjast með nokkru meiri þunga á þjóðina heldur en hann gerði ráð fyrir í sinni greinargerð. Þessi ummæli mín hafði ég rökstutt með tilvitnun í skýrslu, sem hæstv. atvmrh. gaf í Alþýðublaðinu 28. nóv. síðastl. Hæstv. fjmrh. fann, að ósamræmi var á milli þessara orða, sem ég vitnaði í, og hans eigin skýrslugerðar, en vildi bera í bætifláka fyrir hæstv. atvmrh. með því að

halda fram, að sá hæstv. ráðh. hefði reiknað verðtollinn út á öðrum grundvelli en fjmrh. gerði. Og hæstv. fjmrh. játaði jafnvel, að atvmrh. hefði byggt sinn útreikning á skökkum forsendum, þannig að hann hefði ekki farið rétt með tölur. En ég fæ ekki betur séð en að báðir hæstv. ráðh. byggi sína útreikninga á sömu tölum og miði við, að innflutningur á árinu 1936 verði um 38 millj kr. Hæstv. fjmrh. gerir ráð fyrir, að af þeim verði 17 millj. undanþegnar tolli, en 21 millj. falli undir toll. Þar af falli 14 millj. undir 2% toll. Séu þá 7 millj. kr. eftir, sem falli undir hærri toll; þar af 3,6 millj. undir 5% tollinn. Þessir tveir tollar gefi þá 460 þús. kr. í tekjur. Þá er eftir innflutningur að upphæð 3,4 millj., eftir áætlun hæstv. atvmrh., sem gefur 340 þús. kr. í toll, svo framarlega sem sá innflutningur fellur allur undir 10% toll, en meira, ef eitthvað af þeim innflutningi fellur undir 25% toll. Og þar sem ekkert innflutningsbann er á þeim vörum, sem heyra undir þá tollhækkun, þá má telja það rök fyrir því, að áætlun hæstv. fjmrh. um tekjuöflun af þeim tekjustofni sé skökk. Hæstv. ráðh. reikna báðir út frá sömu tölum um innflutning á næsta ári. Mismunurinn á útreikningi þeirra liggur í því, hve mikið af innflutningi þeim, sem hæstv. atvmrh. áætlar 3,4 millj., fellur undir 10% toll og hve mikið af honum fellur undir 25% toll. Ef sá innflutningur félli allur undir 25% toll, fengist af honum tekjur sem svaraði hálfri millj. kr. meira en ef hann félli allur undir 10% tollinn, eða m. ö. o. hálfri millj. kr. meira en hæstv. fjmrh. vildi láta skína í. En það getur vitanlega ekki komið til mála, að allar þessar vörur falli undir hærri tollinn. Ég geri ráð fyrir, að meiri hl. af þessum vörum, miðað við verð, falli undir 10%tollinn. En þrátt fyrir það er áætlun hæstv. fjmrh. ekki rétt. Og hann hefir að mínu áliti engan vegsauka af því að slá því fram, að hæstv. atvmrh. reikni með skökkum tölum, þegar hann gefur sínu blaði upplýsingar um þetta mál.

Hæstv. fjmrh. gaf svar við þeirri spurningu, hvert hann ætlaði að leita til þess að ná tekjum í ríkissjóð með skattahækkunum, þegar tekjustofnar samkv. núgildandi l. vegna aukinna innflutningshafta brygðist eftir svo sem eitt eða tvö ár. Sem svar við þeirri spurningu sagði hæstv. ráðh., að tekjustofnar eftir gildandi l. mundu í venjulegu árferði nægja til þess að standa undir gjöldum ríkissjóðs. En ég held nú samt, að hæstv. ráðh. hafi getið þess sjálfur, að hann gerði ráð fyrir, að nokkuð gæti þó skort á, að þetta „venjulega árferði“ mundi koma á næstu árum. Og hygg ég, að hann muni, því miður, geta hins rétta til í því efni, því að allir hv. þm. vita, hvernig horfurnar eru nú um afurðasölu landsmanna. Það er rétt, að þjóðin viti það, að ef ekki verður dregið eitthvað úr útgjaldaliðum fjárl., þá eru að mínu áliti litlar eða engar líkur fyrir því, að hægt verði að létta af þeim sköttum, sem þegar hafa verið lagðir á þjóðina, og enn á að bæta á þessar þungu klyfjar, sem þjóðin hefir nú að bera í skattamálum. Þetta hygg ég, að hæstv. fjmrh. viti, enda skildist mér á ræðu hans, að hann vildi viðurkenna, að svo væri. Þess vegna er það, að hæstv. ráðh. á ekki að gefa í skyn, bæði með fyrirsögn þessa frv. og ummælum í ræðum sínum um þetta mál, að einhverja linkind standi til að veita um þessar skattaálögur á næstu árum með afléttingu þeirra að einhverju leyti, því að um það mega menn ekki gera sér neinar vonir, með tilliti til stefnu hv. stjórnarflokka.

Hæstv. fjmrh. færði fram til afsökunar því, að sjálfstæðismenn hefðu ekki átt kost á því að kynna sér gögn í þessu máli, að þeir hefðu ekki mætt á fundi, sem haldinn hefði verið um þetta mál. Þessi fundur var haldinn í kaffihléi. Okkur var sagt, að það ætti að skjóta á einhverjum skyndifundi í kaffitíma um þetta. Ég skal viðurkenna, að ég lét þau orð falla við hv. form. n., að ég gerði mér enga von um, að þetta mál fengi neina athugun á þeim fundi, og teldi því einu gilda, hvort ég mætti þar á hálftíma fundi eða ekki, svo að hv. form. n. hefir að þessu leyti eðlilega aðstöðu til þess að afgr. málið, þó að ég væri þar ekki við. En það er út af fyrir sig ámælisvert, að n. skuli ekkert færi gefið til að athuga slíkt mál með því að bera það saman við gildandi lagaákvæði og skapa sér einhverja hugmynd um það, hverjar breyt. verði frá gildandi l. við svo örlagarík nýmæli. En fyrir það er ég ekki að ámæla hv. form. fjhn., því að það er ekki eingöngu í þessari n., sem þessi venja er höfð, heldur hefir þetta verið almenn venja hér á þingi nú á síðustu árum.

Hæstv. ráðh. færði fram þá afsökun — ég held, að honum hafi fundist það — gegn þessu álagi og því, sem hann sjálfur lagði á þjóðina í fyrra, að í sjálfu sér stæði ekki til að bæta á nýjum sköttum, heldur kæmi sú nýja aukning aðeins í staðinn fyrir aðra skattstofna, því að þjóðin, sem í fyrra hefði borgað 15 millj. í ríkissjóð, hún ætti nú ekki að borga nema 15 millj. Þetta eru undarleg rök og hvergi frambærileg, því að sú linun þjóðinni til handa á að koma fram í því, að þjóðin fái minna af vörum, þ. e. a. s. að það heimili, sem áður hefir notað svo og svo mörg kg. t. d. af sykri, þarf nú ekki að borga meira í hít hæstv. fjmrh., ef það notar þeim mun minna af sykri eða öðrum vörum, sem það þarf að nota, en það er lítil huggun fyrir skattþegnana, þó að við þá sé sagt: „Ykkur er það í sjálfsvald sett, hvort þið borgið í ríkissjóð minna en í fyrra, þið gerið það með því að nota minna af þeirri vöru, sem tollarnir eru lagðir á“.

Hæstv. ráðh. færði það nú fram í 1001. skipti, að okkur sjálfstæðismönnum í Rvík færist ekki að tala um álögur ríkissjóðs, vegna þess að útsvörin í Rvík hefðu hækkað meira en ríkið vildi hækka sínar álögur. Hæstv. ráðh. veit það vel, að ein meginorsök þess, að Reykjavíkurbær þarf að hækka útsvör sín, er einmitt sá aðbúnaður, sem skattþegnar og atvinnurekendur sérstaklega hafa orðið að sæta af hendi stjórnarflokkanna undanfarin ár. Þetta er í raun og veru grundvallarástæðan fyrir því, að Rvík og svo að segja öll bæjar- og sveitarfélög verða að leggja þyngri gjöld á skattborgarana. Margir skattborgarar hafa gefizt upp, og

þeirra uppgjöf lendir með auknum þunga á þeim, sem eftir verða. Og það er alveg vitanlegt, að það, sem mestu veldur, er hið aukna fátækraframfæri hér í Rvík. Hann verður líka að athuga það, að hér um bil öll fólksfjölgun þjóðarinnar lendir í Rvík. Það er því eðlilegt, að eftir því sem bærinn hröðum skrefum stækkar, þá vaxi hans útgjaldaþörf. Annars er þetta svo margrætt mál, að ég skal ekki fara lengra út í það.

Hæstv. ráðh. gerði tilraun til að vefengja þá umsögn mína, að þessi nýi viðauki á tekjuskattinn, og sérstaklega eins og ég hafði orðað það, að hann að viðbættum skattaálögunum í fyrra mundi á næsta ári koma fram í því formi, að ríkissjóður missti verulegra tekna af tekjuskattinum. Um þetta er náttúrlega á þessu stigi málsins ekki hægt að gera neinn heildarútreikning, en maður, sem hefir verið skattstjóri í Rvík, veit, að þetta er satt.

Við skulum taka t. d. mann, sem árið 1935 hefir 30000 kr. tekjur. Hann mundi, eftir að þessi skattauki er genginn í gildi, greiða í útsvar — satt að segja hefi ég ekki gáð að því, en ég ætla að það muni verða sem næst 17—18000 kr. (**Fjmrh.**: Ég held, að hv. þm. viti lítið um það. Hann þarf að taka sér frí og athuga þetta betur). Ég þarf ekki að taka mér neitt frí til að athuga það. Af 30000 kr. tekjum mundi skattur og útsvar fara nálægt þessu, sem ég sagði, 17—18000 kr. (**PZ**: Já, það er nálægt því). Næsta ár hefir þessi maður svo 30000 kr. tekjur aftur, en þá er ekki hægt að leggja á hann eins mikið og árið áður, vegna þess að þá má hann draga frá tekjunum allt, sem hann hefir greitt í tekjuskatt og útsvar, áður en hans tekjur koma til skatts, en sá frádráttur verður vitanlega meiri, þegar skatturinn hefir verið hækkaður. Þessu getur hæstv. ráðh. ekki mótmælt, og þegar eins töluglöggur maður og hv. 2. þm. N.-M. hefir sagt, að þær tölur, sem ég nefndi, væru réttar, þá vona ég, að hæstv. fjmrh. hætti að hlæja; hann verður þá heldur að hlæja að hv. 2. þm. N.-M. í þetta skipti. Það er lúxus, sem ég hefi leyft mér, en ég kann ekki við, að hæstv. fjmrh. sé að því. — Já, það er hvorki meira né minna en að af 30000 kr. er tekjuskatturinn einn á 10. þús. kr., og þegar útsvarinu er bætt við, þá hygg ég, eins og ég sagði og hefi nú fengið prófvottorð fyrir, að er rétt, að það séu 17—18000, sem dragast frá. Hæstv. fjmrh. skilur vel, að á þessu er sá munur, að þessi maður, sem átti að greiða skatt af 30000 kr. á þessu ári, hann þarf ekki að greiða nema af 12000 kr. næsta ár. (**PZ**: Hann fær líka að draga frá á fyrra árinu. — **Fjmrh.**: Nú þarf hv. þm. að fá nýtt vottorð). Ég er búinn að fá það; þeir, sem bera sannleikanum vitni, fá það, og það er ekki amalegt, þegar maður getur fengið sannleiksvottorð frá framsóknarmönnum. Þá er maður nú farinn að færa snjöll og ágæt rök fyrir sínu máli. Annars veit hæstv. ráðh. það vel, að þessi mikla hækkun á tekju- og eignarskattinum lendir eftir eitt eða tvö ár á ríkissjóði á þann hátt, að gjaldstofnarnir bíla ákaflega verulega. Hæstv. fjmrh. talaði með allmiklu meiri varfærni en hann hefir áður gert um það, hvort þessi skattur lenti á framleiðslunni. Hann játaði, að það væri rétt, að skatturinn lenti á framleiðslunni að svo miklu leyti, sem framleiðendurnir hefðu menn á framfærslu, bæði sjálfa sig og aðra, sem vinna að framleiðslunni. Það er svo með mjög marga framleiðslu, þar á meðal alla stórútgerð, að hún hefir hundruð manna, sem hún geldur hlut af kaupinu með því að fæða þá, og þegar skatturinn er lagður á neyzluvörur, þá lendir hann beint og krókalaust á framleiðslunni. En svo er hitt, sem er aðalatriðið, að allir skattar lenda fyrr eða síðar og fyrr en síðar á framleiðslu landsmanna. Og að þetta er svo einnig um hátekjuskatt, er, eins og ég hefi áður sagt, berast af því, að nú eru útsvörin að bresta svo mjög, að hvert bæjarfélagið á fætur öðru krefst þess að mega leggja vörugjald á notaþarfir framleiðslunnar og nauðsynjavörur almennings, svo að jafnvel sjálfur hátekjuskatturinn lendir svo að segja alveg krókalaust á bændum og öðrum almenningi í landinu og einnig á framleiðslunni. Undan þessu er ekki hægt að komast.

Ég hygg, að það sé heldur tilgangslítið að karpa mikið um þetta mál frekar en orðið er, og sleppi ég þess vegna ýmsu úr ræðum andstæðinga minna, sem mér þætti þó þess vert að andmæla. Ég hefi áður tekið fram, að höfuðstefnumunur stjórnarflokkanna og Sjálfstfl. er sá, að stjórnarliðið, með hæstv. fjmrh. í fararbroddi, trúir eða lætur trúa, að ráðið til þess að mæta yfirvofandi atvinnuleysi sé að leggja nýja skatta á framleiðslu landsmanna, til þess með þeirri tekjuöflun að standa undir örðugleikum atvinnuleysisins á þann hátt, að ríkið komi í staðinn fyrir atvinnuvegina. En við sjálfstæðismenn erum alveg sannfærðir um hitt, að ein meginorsök atvinnuleysisins sé einmitt fyrst og fremst skattþunginn, sem hvílir á atvinnurekstrinum, og ráðið til þess að aflétta atvinnuleysinu sé að aflétta sköttunum.

Hæstv. fjmrh. hefir orðið var við, að skattstofnarnir séu að bresta, og hann svarar þeirri staðreynd með því að segja: „Ég veit að skattstofnarnir eru að bresta, og þá legg ég á nýja tekjustofna“. Afleiðingin af þessu verður áreiðlega sú, að fyrr eða síðar og fyrr en síðar hrynur hver skattstofninn á fætur öðrum.

Það er til gömul saga, — ég er ekki mikið fyrir að segja sögur, en ég held, að ég verði að segja þessa, það er víst í fyrsta eða annað skiptið hér á Alþingi, sem ég skemmti mönnum með því. — Það var einu sinni maður, við getum kallað hann lestamann. Hann lagði af stað með lest af klyfjuðum hestum. Hann hafði langa leið og örðuga að fara, og klyfjarnar voru þungar. Þegar hann var nokkuð áleiðis kominn, hné einn hestur niður undir klyfjunum. Þessi slyngi lestamaður leit á klyfjarnar. Hann var ágjarn eins og hæstv. fjmrh., og honum hugkvæmdist það snjallræði, að hann tók klyfjarnar, sem þessi dauði húðarjálkur hafði borið, og skipti þeim niður á hina hestana. Síðan fló hann skrokkinn, tók húðina og bætti henni ofan á. En þegar hann var kominn skamma leið, sligaðist næsti hestur. Hann greip til sama snjallræðisins, tók klyfjarnar og lagði á hina

hestana, og húðina með. Svona fór koll af kolli. Hinn snjalli lestamaður deildi klyfjunum á jálkana, sem eftir stóðu, þar til allir voru dauðir. Hann stóð að lokum einn með klyfjarnar á eyðimörk.

Ég held, að þetta hafi verið einn af forfeðrum hæstv. fjmrh. Ef hann heldur áfram á sama hátt og hann gerir nú, þá endar hann með því að sliga alla þá jálka, sem bera þann skattþunga, sem á þá hefir verið lagður fyrir ríkissjóð. — Ég held, að ég þurfi þá ekki að svara hæstv. ráðh. fleiru.

Það er nú tæplega svaravert, sem þessi 1. þingkjörinn eða 1. ókjörinn, gamli maðurinn af Eyrarbakka, var að segja hér. Hann hélt hér eina af þessum alkunnu skemmtiræðum, sem menn leggja ekkert upp úr, þó að mönnum þyki gaman að hlusta á þær. Ég gerði mér til ánægju eins og fleiri að sitja og sjá, hvert gamli maðinn ætlaði að komast. Ég skildi ekkert upp né niður í því, sem hann sagði, og svo mun fleirum hafa farið en mér. Þó skildist mér, að það vekti fyrir honum, að hann bæri ekki einn ábyrgð á stj., hann vildi alveg koma sér undan því ámæli —, þessi gamli og góði Bændaflokksmaður stæði ekki einn fyrir þessum sköttum, sem þegar hefðu verið lagðir á þjóðina, og ekki heldur þeim álögum, sem nú væri verið að samþ. Hann sagði, að þetta væri því að kenna, að stjórnarandstæðingar — hann sagði „við stjórnarandstæðingar" — gætu ekki staðið saman, og það er satt, ef hann vildi láta telja sig stjórnarandstæðing. Hann er nú sá 16. af 32 þm., því að einn stuðningsmann stj. vantar, en við stöndum aldrei saman, af því hann er alltaf með stj., svo að hann getur aldrei verið með okkur. En það er eins og hv. þm. Ak. tók fram, að það fer að verða hlægilegt, þegar þessi hv. þm., sem segist vera eini Bændaflokksmaðurinn og bezti Bændaflokksmaðurinn og aldrei hafa farið úr flokknum, lýsir því yfir um leið og hann segist vera frjálslyndur og sjálfstæður maður, að íhald sé sameiginlegt nafn fyrir Bændafl. og íhaldsflokkinn. Af því að það er verið að bendla Sjálfstfl. við íhaldsnafnið, þá vil ég mælast til þess, að þessi þingkjörni fyrrv. uppbótarþm. sé ekki að troða sér inn í þennan hóp. Ég vildi mælast undan því, og að svo miklu leyti, sem ég réði þar um, þá vildi ég ekki, að hann fengi upptöku í okkar flokk. Ég mundi læra af því, sem Bændafl. er búinn að reyna, að það er varlegast að eiga ekki börn með þessum hv. þm. Það er ekki nema til vonbrigða fyrir þá, sem eitthvað leggja upp úr honum.

Hv. þm. fór að hæla mér, en sagði þó, að ég væri ekki eins fullkominn sem formaður Sjálfstfl. eins og ég ætti að vera. Enginn játar því fremur en ég. Það er mikil virðingarstaða að vera formaður stærsta stjórnmálaflokksins á landinu, og til þess að standa vel í þeirri stöðu þarf meiri hæfileikamann en ég er, ekki sízt til þess að standa í sporum þess manns, sem var form. flokksins næst áður en ég varð það. Mér þótti það því skjall, sem þessi þm. bar á mig, að mig vantaði ekki mikið og ég væri alltaf að batna. Mér skildist, að hann hefði það helzt út á mig að setja, að ég væri ekki nógu laginn að laða að mér þá þm., sem væru á markaði, væru til leigu eins og í Þjóðabandalaginu, eða eins og stendur á gömlu skrani: „til sölu", — honum finnist ég ólaginn að kaupa á fornsölu. Ég viðurkenni, að mig skortir ágirnd til að leita til hans. Ég veit ekki, hvort hann beindi því til mín, að ég hefði tekið mútur eða látið kaupa mig. Hann var að tala um, að einhver þm. hefði verið keyptur fyrir þúsund silfurpeninga. Ég veit ekkert um það, en mig rámar í, að einhver þm. fékk 3000 silfurpeninga. Hann var forseti og vildi vera forseti á hátíð Alþingis. Hann fékk þessa þrjú þús. silfurpeninga til þess að læra mannasiði. Hann gat nú reyndar aldrei lært þá, en hann fékk að halda launununum. Þá var kveðið:

„Þrjátíu silfurs, segja menn,
svikara Júdas gerði,
en nú eru goldin þúsund þrenn,
þetta' er að hækka' í verði".

Ég veit ekki, hvort þessu var beint til mín um kaup og sölu. En mér dettur ekki í hug, að þessi virðulegi, gamli fyrrv. þm. hafi í fyrra lífi, þ. e. a. s. meðan hann var á lífi á þingi, reynt að selja sig, þó að hann fengi þrjú þús. silfurpeninga til þess að læra mannasiði. Ég held því ekki fram, en hitt finnst mér, að honum farist ekki að brigzla mönnum um, að þeir gangi kaupum og sölum.

Mér skilst, að hann ætlist til, að ég verði orðinn fullkominn formaður íhaldsflokksins eftir þúsund ár. Ef hann ætlar að vera forseti þá, þá þarf hann meira en þúsund þrenn til þess að læra þá mannasiði, sem þar þarf að kunna.

Forseti (JörB): Útbýtt er í d. brtt. á þskj. 806, við frv. til l. um bráðabirgðatekjuöflun til ríkissjóðs, frá hv. þm. Vestm. Þarf afbrigði til þess að hún megi komast hér að.

ATKVGR.

Afbrigðin leyfð og samþ. með 20 shlj. atkv.

Magnús Torfason: Hv. þm. Ak. var að senda mér tóninn. Ég veit ekki, hvort hann er hér. (GÍ: Jú). Ég hefi lítið við þennan hv. þm. að segja. Hann átti erfitt með að svara mér, það var auðséð, að hann skildi hvorki upp né niður í því, sem ég sagði. (SKr: Það gerði enginn). Ég hefi talið, að hann væri heldur skynugur maður, og ég trúi því vel, að hann sé það, en ég held, að þessi ræða hans sýni, að hann sé heldur seinn á sér að taka eftir hlutunum. Og ég skil ósköp vel, að það sé, þar sem það er heilt ísberg utan um kollinn á honum. Ég var því miður ekki við, þegar hæstv. fjmrh. talaði. Ég hafði ekki búizt við, að hann mundi tala fyrr en eftir kl. 7. Ég heyrði því ekki, hvað hann sagði, en ég hefi þó fengið dálítið ágrip af því frá öðrum hv. þm., og jafnvel honum sjálfum. Í ræðu minni lagði ég áherzlu á það, að skattaöflun fyrir bæjarsjóði og sveitarsjóði lægi fyrir utan tilgang þessa frv. Ég ætla að standa við það, og ég veit ekki til þess, að það hafi verið færð nein rök á móti því, og í öðru lagi var þessi fígúra alveg þarflaus. Í þriðja

lagi tel ég, að tekjuskatturinn, og þá sérstaklega hátekjuskatturinn, sé öldungis ófallinn til þess að vera undirstaða undir tekjuöflun sveitarfélaga. Ég þekki engan skatt, sem er ófallnari til þess en sá skattur. Ég játa, að engin ein tekjuöflun sé til þess fallin, en ég býst við því, að ef það ætti að lögleiða einhverja hjálp til sveitarsjóða og ef hún ætti að verða samferða einhverjum tekjustofnum ríkisins, þá ætti að sameina þá öllum öðrum tekjustofnum en einmitt þessum. Ég þóttist tala fullskorinort um þetta í fyrri ræðu minni, en nú veit ég, að það verður ekki um villzt, hverju ég held fram í þessu máli.

Ég skal svo byrja með því, þegar ég sný orðum mínum til foringja Sjálfstfl., að ég á þar alls ekki við hann sem þm., og mundi ég láta mér það í léttu rúmi liggja, ef hann væri aðeins þm. En hann er í þessari virðingarmiklu stöðu, að vera form. stærsta þingflokksins hér á landi, og það er hvað það snertir, sem ég leyfi mér aðeins að koma að honum. Mér fannst nú, að það væri óþarfi fyrir hann að taka þetta illa upp, því að ég þóttist fara alveg sérstaklega vel að honum. Ég fór eins hægt að honum eins og maður mundi fara að styggri og hvumpinni ótemju. Á svari hans finnst mér nú, að ég muni hafa farið sæmilega að honum, eftir því sem unnt var, og ég skal játa það strax, að í þessari ræðu sýndi hann það, að þessi orð mín hafa fallið í allgóðan jarðveg, því að nú síðar fór hann betur að en hann mundi hafa farið áður en ræða mín var flutt. Ég skal því láta það eftir honum að lýsa því yfir, að ég býst við, að hann geti orðið sæmilegur form. síns flokks eftir 100 ár. (**ÓTh**: Það kalla ég mikla framför). Það eru 1000%. En ég vil láta hv. þm. vita, að það liggur dálítil alvara bak við þetta. Það er ekki eintómt grín. Ég get vel skilið það, að ég sé ekki óvilhallur dómari um verðleika hans sem flokksforingja, og því fremur get ég skilið það, að aðrir líti einnig svo á, enda treysti ég ekki á mína eigin skoðun í þessu efni, heldur fór ég eftir því, sem góðir flokksmenn hans hafa sagt við mig. (**ÓTh**: Hverjir?). Ég er aldrei vanur að nefna menn, sem eru utan þings, eða skýra í þingsalnum frá einkasamtölum, og það sízt í slíku tilfelli sem þessu. Það var kvöld eitt, að ég var staddur í húsi ásamt flokksmönnum hv. þm. G.-K., mönnum, sem þykir mjög vænt um hann. Þeir lýstu því skýrt og ákveðið yfir, að það, sem þeir teldu flokk sinn vanta mest af öllu, væri að fá hæfan foringja, og þetta sögðu þeir með grátkjökur í kverkunum.Og til þess nú að færa foringja Sjálfstfl. ennþá betur heim sanninn um, að það, sem ég segi um foringjahæfileika hans, sé ekki út í bláinn, vil ég leyfa mér að minna hann á nýársboðskap hans í fyrra, þegar hann setti soramark sitt á Bændafl., og skipaði honum fyrir verkum. Ég held, að það hafi ekki verið hægt að skaða þann flokk meira en gert var með þeirri hugvekju, og það jafnvel þó að borgaðir hefðu verið 3 þús. silfurpeningar fyrir. Ég býst við, að hv. þm. hafi gert þetta af ráðnum hug, a. m. k. þóttist ég sannfærður um það, þegar ég kom á þing í fyrra eftir áramótin, til hvers þetta hefði verið gert, því að þá gerði hv. þm. allt, sem hann gat, til þess að sundra þessum flokki, sem honum svo heppnaðist að lokum. Hversu vel það var ráðið, munu síðari tímar eiga eftir að leiða í ljós. Þá fór hv. þm. að setja ofan í við mig, og gat ekki fundið annað en gamlan og slitinn buxnahnapp, sem riðið hefir verið nokkrum sinnum, en mér er algerlega sama um. Þetta, að ég hafi farið utan til þess að læra mannasiði, er nú orðið nokkuð slitið. Annars játa ég fullkomlega, að ég er ekki svo siðaður, að ég þyrfti ekki einhverju þar um að bæta, og skammast mín því ekkert fyrir það, þó að ég hafi farið utan til þess að sjá mig um í heiminum og kynnast nýjum siðum. Slíkt gera fleiri og þykjast meiri menn af. Og það vil ég segja þessum hv. flokksforingja, að ég myndi glaður greiða atkv. með því að hann færi nú þegar utan sjálfur til þess að læra mannasiði, og fengi til þess ekki 3 þús. silfurs, heldur 30 þús. silfurs, því minna myndi honum ekki duga. Það myndi og hyggilegast, að hann dveldi utan 2—3 ár, fyrst og fremst til þess að læra hina venjulegu mannasiði, og í öðru lagi til þess að kynnast því, hvernig einn flokksforingi á að hegða sér. Gæti hv. þm. lært þetta hvorttveggja, þó að ekki væri nema að einhverju leyti, þá myndi enginn sjá eftir peningunum, sem til fararinnar væru veittir, og hvað mig snertir, þá myndi ég ekki telja, að þeim hefði á annan hátt verið betur varið. Þá var hv. þm. að tala um að ég hefði verið keyptur með umr. utanfararstyrk. Þessu er því að svara, að ég vissi ekki til, að ég gerði neitt það, sem færi í bág við skoðun mína eða stefnu þess flokks, sem ég hefi fylgt, svo þessi staðhæfing hv. þm. kemst ekki vel að. Annars var það svo, að ég bað engan um þetta fé. Ég tók það sem forseti Sþ. (**ÓTh**: Tók þm. það úr sjálfs síns hendi?). Nei, alls ekki. eða veit ekki hv. þm., að forsetar Alþingis mega sjálfir veita fé, og það hafa þeir oft gert, og því til sönnunar vil ég minna á dálítið tilfelli, sem fyrir kom í sambandi við smáfjárveitingu, sem forsetar höfðu veitt. Hinir umboðslegu endurskoðendur gerðu aths. við fjárveitingu þessa, töldu hana ekki eiga rétt á sér, en svarið við þeirri aths. var það, að forsetar Alþingis væru ekki háðir hinni umboðslegu endurskoðun. Að endingu skal ég svo lýsa því skýrt yfir, að ég var ekki með neinar dylgjur um, að þessi hv. þm. hefði látið kaupa sig; hinsvegar vita það allir, að hann er sá mesti kaupa-Héðinn, sem nokkru sinni hefir átt sæti hér á Alþingi.

Sigurður Kristjánsson [óyfirl.]: Hæstv. fjmrh. seildist nokkuð langt aftur í tímann áðan, þegar hann var að verja það athæfi stjórnarflokkanna að demba nú á aukaverðtolli. Hann skaut sér undir það, hæstv. ráðh., að þetta sama hefði Jón heitinn Þorláksson gert 1924. Það er rétt, að árið 1924 var lagður á nýr verðtollur, sem má vel vera, að hafi verið kallaður bráðabirgðatollur þá, sem hann og líka var að miklu leyti. En að kalla þann toll bráðabirgða toll, eins og hér er gert, sem beinlínis er lagður á til þess að standa undir föstum út-

gjöldum, er hreinasta rökvilla. Allt öðru máli gegnir aftur um tollhækkunina, sem gerð var 1934; hún var beinlínis sett til þess að losa ríkið við hinar miklu lausaskuldir, sem þá ógnuðu því og komnar voru yfir 5 millj. króna, því að lög, sem sett eru til þess að greiða með lausaskuldir, geta verði bráðabirgðalög, því að lausaskuldirnar ganga yfirleitt ekki aftur, eða a. m. k. gerðu þær það ekki hjá þeirri stjórn, sem með völdin fór 1924. Enda varð það svo, að þessi umræddi tollur var eftir 2 ár færður allmjög niður, því að þá höfðu lausaskuldirnar að mestu leyti verið greiddar upp. Hér var því með fullum rétti hægt að tala um bráðabirgðatoll, þar sem það var notað til þess að greiða gjöld, sem ekki voru varanleg frá ári til árs og í þessu tilfelli var að mestu létt af eftir 2 ár.

Þá sagði hæstv. fjmrh., að brtt., sem ég hefi borið fram við 1. gr. frv. og er á þá leið, að segja rétt til um það, til hvers þessi nýi tollur væri lagður á, myndi, ef hún yrði samþ., algerlega gefa falska hugmynd um það, sem frv. fer fram á. Ég fæ nú alls ekki skilið, hvernig hæstv. ráðh. ætlar að rökstyðja þetta, — því að er þessi skattur kannske ekki lagður á til þess að ekki verði halli á ríkisrekstrinum? Það er vitanlega alveg sama, til hvers þeir peningar, sem hann gefur í ríkissjóðinn, eru notaðir. Þeir ganga til almennra þarfa hans. Það mætti t. d. alveg eins segja, að það ætti að nota þá til þess að greiða kostnað af lögreglumálum, styrk til Eimskip o. fl. o. fl. eins og að segja, að þeir eigi að ganga til þess, sem upp er talið í frv. En það er bara ekki venjulegt að segja í lögum, að þessi króna skuli ganga til þessa og til hins. Það er því ekkert nema blekking ein, að segja, að skattur þessi eigi að ganga til þessa og þessa, eins og gert er í frv. Það er svo sem ekki verið að byrja frv. á því að lagður skuli á tollur, heldur stendur: „til þess að greiða“ þetta og hitt. Byrjunin er því sannarlega óvenjuleg, sem stafar ekkert af öðru en því, að stjórnarflokkarnir eru hræddir við þetta athæfi sitt. Þeir eru hræddir við kjósendurna, og þora því ekki að koma til dyranna eins og þeir eru klæddir, og reyna því að blekkja landsfólkið með því, að það eigi að fá þetta og hitt fyrir þetta fé. En ég vil nú spyrja: Halda þessir herrar, að eftir allar þær umr., sem búnar eru að vera um þennan skatt, bæði hér á Alþingi, í útvarpinu og í blöðunum, að fólkið sjái ekki í gegnum þennan svikavef? Jú, fólkið sér þetta, og stj. stendur nakin fyrir landslýðnum í þessu máli, eins og svo mörgum öðrum. Allar yfirhylmingar hennar eru eins og fíkjublað eitt. Og það er trú mín, að þau hjónin, Framsókn og Alþfl., verði skopleg með fíkjublaðið fyrir framan sig, þegar þau á sínum tíma þurfa að fara að gera þjóðinni skil þessara hluta. Ég held, að bezt væri fyrir þau að taka fíkjublaðið frá og láta sjá sig í allri sinni nekt.

Þá vil ég í þessu sambandi sérstaklega mótmæla því, að þessi nýi skattur eigi að vera til þess að létta undir með atvinnuvegunum. Þó skal ég ekki fara langt út í þær sakir, því að það hefir þegar verið gert af öðrum, sem talað hefir á undan mér. Því verður alls ekki mótmælt, a. m. k. ekki með rökum, að þessi álagning liggur bæði beinlínis og óbeinlínis á atvinnuvegunum. Því til sönnunar, að þessi nýi skattur eigi að vera til þess að létta undir með atvinnuvegunum, eru taldir upp í grg. frv. 10 útgjaldaliðir, sem greiðast eiga með þessu fé og nema alls 960 þús. króna. En eftir áætlun stj. eru þessar nýju álögur þó áætlaðar yfir 1 millj., eða 1150 þús. Af þessu fé eiga svo 200 þús. að ganga til kaupstaðanna og verða þá eftir um 950 þús., sem ríkissjóður fær. En nú hafa verið færðar sterkar líkur fyrir því, að gjaldið muni allt koma til með að nema um 1,4 millj. Verða þá um 1,2 millj., sem renna í ríkissjóðinn. Af þeim 10 útgjaldaliðum, sem taldir eru í frv., hafa 6 verið teknir upp í fjárlagafrv. eins og það liggur fyrir nú. Ég vil nú alls ekki sleppa stj. við að skýra það fyrir þingheimi, hvernig á þessu standi og hvort hún haldi í raun og veru, að það þurfi a. m. k. 950 þús. til þess að standa undir þeim 4 liðum, sem eftir eru af þessum 10. Mér virðist, að ekki nái nokkurri átt, að til þess að standa undir þeim þurfi hart nær 1 millj. kr. Það er því ekkert undarlegt, þó að menn haldi, að stj. ætli að nota mikinn hluta þessa fjár til þess að sulla með til ýmsra gæðinga sinna. Að þetta eigi að vera til þess að létta undir með atvinnuvegunum, eins og hæstv. stj. vill telja fólkinu trú um, er vitanlega fjarstæða. Til alþýðutrygginga eiga t. d. að ganga 200 þús. Ekki er það til þess að létta undir með atvinnuvegunum. Það er þvert á móti til þess að leggja þeim auknar byrðar á herðar. Þá eiga 200 þús. að ganga til nýbýlamyndunar. Dettur nú nokkrum lifandi manni í hug, að það geti orðið til að létta undir með atvinnuvegunum, þó að fáeinum mönnum verði ef til vill gert kleift að reisa bú í sveit, og það í mjög smáum stíl? Það eina, sem hægt er að telja, að ganga eigi til atvinnuveganna, eru 25 þús. til fóðurtrygginga og 30 þús. til styrktar aukinni kartöflurækt, eða 55 þús. alls. Alstaðar er því reynt að blekkja með þessu frv.

Mér kom það annars nokkuð óvart, hvernig hæstv. fjmrh. tók undir þessa einu brtt. mína, því að í sannleika sagt hélt ég, að hún gæti ekki valdið ágreiningi. Það má vel vera, að hæstv. ráðh. sé illa við að slíta af sér fíkjublaðið á meðan hann heldur, að það geti hulið einhverja blygðun.

Þá komu mér og á óvart undirtektir hans undir það, að undanþiggja þessu gjaldi vélar, sem notaðar eru til atvinnurekstrar. Að ekki sé hægt að sanna, hvaða vélar séu notaðar til atvinnurekstrar og hverjar ekki, eru vitanlega firrur einar. Ég býst t. d. við, að þeim, sem byggðu verksmiðjuna á Djúpuvík við Húnaflóa síðastl. sumar, hefði verið innan handar að sanna, til hvers þeir ætluðu að nota vélar þær, sem þeir fengu innfluttar. — Þá vildi hann ennfremur halda því fram, að það hefði ekki þýðingu að undanþiggja þessar vélar gjaldinu, af því að það munaði svo lítið um það. En þetta er bara alls ekki rétt. Vélar eru yfirleitt ákaflega dýrar. Ég held t.d., að vélarnar í verksmiðjuna við Djúpuvík hafi kostað um 300 þús. króna,

Þá vil ég í þessu sambandi geta þess, að maður, sem ætlaði að koma upp verksmiðju til þess að vinna úr karfa og öðrum sjávarafurðum, var um daginn mjög hugsjúkur yfir því, að þessi nýi skattur myndi verða svo mikill á þeim atvinnurekstri, að hann beinlínis myndi verða til mikilla erfiðleika. Ég er viss um, að þessum mönnum mun þykja það talsvert mikið atriði, hvort vélar til þessa atvinnurekstrar eru skattlagðar enn á ný. Og það er aldrei of varlega farið fyrir þjóðina, sem á við miklar atvinnuleysisþjáningar að etja, að leggja ekki steina í götu nýs atvinnurekstrar. Ég held því, að það sé mjög misráðið að standa gegn þessari sanngjörnu tillögu.

Ég var búinn að lofa því, að tefja ekki tímann með því að fara út í einstök atriði frv., og ég ætla að standa við það. En í viðbót get ég þó enn sagt það um þá firru hæstv. fjmrh., að þetta tekjuöflunarfrv. snerti ekki atvinnuvegina, að ég vil minna hann sérstaklega á það persónulega, að einmitt úr hans eigin kjördæmi hafa komið mjög ákveðnar óskir og hjálparbeiðnir til ríkisstj. um, að ríkið styðji atvinnureksturinn í sjóþorpunum, til þess að hægt sé að halda þar lífinu í fólkinu. Ég hygg, að ríkisstj. hafi ekki séð sér fært að sinna þessum tilmælum, og að svarið til þeirra, sem áreiðanlega eru mjög hjálparþurfi, hafi verið það, að ríkið gæti enga hjálp veitt þeim til viðreisnar atvinnurekstrinum; hvorki útvegað þeim lán né veitt ríkisábyrgð fyrir lánum í því skyni. Nei, en ríkistj. hefir tilkynnt þeim, að þeir gætu fengið annað; hún hefir sagt, að þeir gætu fengið nýja viðbótarskatta og tolla. Það eru kuldaleg svör og þurrar kveðjur til þurfandi manna.

Páll Zóphóníasson: Herra forseti! Það er aðeins örstutt aths. Þegar hv. þm. G.-K. var að tala um hátekjuskattinn, greip ég fram í og benti honum á, að skattur og útsvar væri árlega dregið frá áður en skattskyldar tekjur væru fundnar. Vegna þessa er rangt hjá honum að draga 17—18 þús. kr. frá 30000 kr. skattskyldum tekjum nú, því það var árið áður dregið frá tekjunum áður en 30000 kr. voru fengnar. Það kemur því hér til greina, hvað skatturinn verður hærri eftir frumvarpi því, sem hér liggur fyrir, en hann áður var, og hvað hann þess vegna fær minni frádrátt eftir að frv. þetta verður að lögum en hann hafði áður. Og þá sýnir það sig, að það eru liðugar 4000 kr. Hafi því maðurinn, sem hafði 30000 kr. skattskyldar tekjur, sömu bruttótekjur áfram og sama tilkostnað, þá lækka skattskyldu tekjurnar um 4000 kr. fullar, og þær skattskyldu verða tæpar 26000 kr. í stað 30000 áður.

Þetta er nú allur munurinn, og þetta sér hv. þm. G.-K., þegar hann aðgætir það, að vilji hann fá út sambærilegar tölur, má hann ekki í öðru tilfellinu draga skatta og tekjur frá bruttótekjunum, en í hinu frá skattskyldu tekjunum. Það er enginn samanburður og sæmir ekki hv. þm.

Hv. 6. þm. Reykv. flytur brtt. við frv., sem miðar í þá átt, að fellt verði úr frv., til hvaða fyrirtækis tekjunum skuli varið, svo að það sjáist ekki í l., til hvers þessar tekjur eigi að renna. Hann sagði í því sambandi, að stjórnarflokkarnir, sem að frv. stæðu, ættu að standa naktir frammi fyrir þjóðinni í þessu máli. Já, það er einmitt það, sem þeir eiga að vera. Þessvegna er í 1. gr. frv. tilgreind sú sérstaka útgjaldaþörf ríkisins, sem hinar áætluðu tekjur frv. eiga að mæta og fullnægja. Það er ekki verið að fela neitt eða dyljast með þessu frv. Og það er einmitt þetta, sem hv. andstæðingar frv. eru svo reiðir yfir. Það kom fram hjá hv. 6. þm. Reykv. eins og hv. þm. G.-K., að þeir kunna ekki við, að það sjáist í l., hver þessi nauðsynlegu og vinsælu verkefni eru. Þeir vilja ekki nota hin réttu nöfn. Þessum hv. þdm. finnst það víst sæma betur að nota ýmiskonar rangnefni í ræðum sínum hér í þd. og uppnefna einstaka þdm. — Hv. þm. G.-K. talar nú sífellt um einhvern „ókjörinn“ eða „þingkjörinn“ þm. Ég held, að sú framkoma sé þessum hv. þm. til lítils sóma. Við, sem stöndum að þessu frv., viljum láta það sjást raunverulega, hvað meint er með því. Við kærum okkur ekkert um að dyljast fyrir þjóðinni, eða forðast að nefna hlutina sínum réttu nöfnum, eins og hv. andstæðingum þessa frv. er svo tamt, og hefir alltaf verið. — Þess vegna greiði ég atkv. gegn brtt. hv. 6. þm. Reykv. Ég vil vera, en ekki sýnast; hann vill sýnast og hylja sig fölskum flíkum, af ótta við minnkandi fylgi, ef sannleikurinn sést.

Jóhann Jósefsson [óyfirl.]: Það er eiginlega leiðinlegt, að það skuli ekki hafa verið uppgötvað fyrr hér á Alþingi, að hafa einskonar formála fyrir hverju tekjuaukafrv., þar sem það er tekið fram, til hvers tollunum og sköttunum skuli varið og hvað skuli gert með hvern skatt út af fyrir sig. — Þetta gleymdist 1921, þegar tekju- og eignarskattslögin voru sett, og hefir yfir höfuð alltaf gleymzt fram að þessu herrans ári, að telja það upp í 1. gr. hverra skattalaga, til hvaða framkvæmda hverjum skatti skuli sérstaklega varið. En nú er allt í einu tekinn upp sá siður, með því frv., sem hér er til umr., að tilgreina í 1. gr. frv., til hvaða hlutverks hverjum skatti skuli varið. Ætlar hæst. fjmrh. að hafa þær tekjur, sem inn koma samkv. þessu frv., í sérstökum sjóði, og það, sem inn kemur samkv. hverri skattagrein fyrir sig, í sérstökum kassa? Það getur náttúrlega vel verið, en ég hefi ekki trú á því.

Það er búið að sýna fram á það hér í umr., að sú upphæð, sem talið er, að þessi skattar muni gefa, fer a. m. k. fyrsta árið fram úr því, sem talið er að þurfi og áætlað er í frv. Annars er það dálítið einkennilegt, ef menn eiga, þegar þeir koma í kaupstaðinn, að hafa í sérstökum vasa þá peninga, sem þeir ætla fyrir kaffi, og í öðrum vasa það, sem þeir ætla að kaupa sykur fyrir, en í vestisvasanum þær krónur, sem þeir ætla að eyða fyrir vín og tóbak! Það lítur út fyrir, að ríkisstj. eigi að haga sér að því er snertir flokkun og geymslu ríkistekna svipað þessu.

Mér finnst nú, satt að segja, af því að þessi hæstv. ríkisstj. er svo mikið gefin fyrir skipulagningu á öllum sviðum, þá ætti hún að breyta

snarlega öllum skattalögum, sem nú eru í gildi, og setja nákvæm fyrirmæli um það í 1. gr. hverra tekjulaga, til hvers eigi að nota hvern tekjuflokk fyrir sig. En þá þyrfti jafnframt að hafa sérstakan sjóð fyrir hvern tekjuflokk og marga peningakassa. (SK: Eða skatthol með mörgum skúffum!). Já, það gæti verið skatthol. Annars er þetta svo fáránlegt, að slíks þekkjast hvergi dæmi, að það sé tekið sérstaklega fram í skattalögum, til hvers hver skattur skuli notaður. Þetta vita allir, að á sér hvergi stað. Nema hæstv. fjmrh. ætli að geyma þessar tekjur í sérstöku skattholi, til aðgreiningar frá öðrum tekjum ríkissjóðs, og hafa sérstakt bókhald fyrir hvern tekjuflokk.

Sennilegt er, að þær ríkisstj., sem flutt hafa hér áður frumvörp til tekjulaga á Alþingi, frá því að Íslendingar fengu fjármálastjórnina í sínar hendur, hefðu tekið upp þessa venju, ef það væri siður að fylgja henni meðal hvítra manna.

Nei, það, sem fyrir stjórnarflokkunum vakir með formi þessa frv., er ekkert annað en hræðsla við það, að þjóðin sjái, í hvert óefni er stefnt með frv. Þess vegna er strax komið með plásturinn í 1. gr. — Þetta er ekkert annað en tilræði við þjóðina; það er verið að læðast að henni með þessa gífurlegu skatta- og tollahækkun, og 1. gr. frv. beita á önglinum. Þetta, sem hv. 2. þm. N.-M. segir, að sé svo skelfing ósköp nauðsynlegt, já, alveg óhjákvæmilegt! Þar fer allt saman í þessu máli, halur og bíll, og hæfir hvað öðru. Fyrst og fremst hin fáránlega lagagr., sem hvergi á sinn líka, og síðan þessi frábærlega yfirlýsing hv. 2. þm. N.-M.! Annars kvaddi ég mér hljóðs til þess að minnast á brtt. mína á þskj. 806. Ég og annar hv. þdm. áttum hér nokkra viðræðu við hæstv. fjmrh. um þetta tekjuaukafrv. við 1. umr. — Eins og kunnugt er, þá er hér um að ræða rúmlega 1 millj. kr. viðbótartekjuöflun fyrir ríkissjóð. Ráðh. hélt því fram, að ef við sjálfst.menn værum á móti þessu frv. án þess að gera tilraun til að benda á nokkuð í staðinn, þá þýddi það sama sem að við vildum skera niður á tekjuhlið fjárl. um 5 millj. kr. Og svo lætur hæstv. fjmrh. blað sitt hér í bænum endurtaka þessa frómu ályktun sína og hampa því, að íhaldsþingmenn vilji skera niður af tekjum ríkissjóðs um 5 millj. kr., og það þýði niðurskurð á öllum verklegum framkvæmdum í landinu, og meira til. Þetta er náttúrlega fremur ódýr sigur fyrir hæstv. ráðh. í orðaskiptum um þetta frv.! Þegar hann er búinn að neita og þræta, þræta og neita dag eftir dag hér í þessari hv. þd., þá er ekkert annað fyrir hann að gera heldur en að láta Nýja dagbl. gefa sér sigurinn á þennan hátt.

Ég get vel trúað því, að hæstv. ráðh. haldi áfram í þessum sama dúr. Hann hefir þingið á sínu bandi, sérstaklega til þess að knýja fram tekjuöflunarfrumvörpin, og við erum hinsvegar búnir að sýna fram á, að þjóðinni er algerlega um megn að rísa undir þessum sköttum; þeir eru gersamlega óbærir.

Svo vík ég aftur að brtt. minni. Ég leyfi mér þar að leggja það til, að fatnaður verði algerlega undanþeginn þessari tollálagningu. Á algengum fatnaði er nú vörutollur, sem nemur kr. 1.80 á kg., ennfremur 15% verðtollur og ofan á þann verðtoll er bætt 25% gengisviðauka. Nú vill hæstv. fjmrh. bæta enn 10% tollhækkun ofan á þetta, sem fyrir er. Mér þykir það of langt gengið, og ég ætla, að hv. þdm. geti fallizt á að undanskilja almennan fatnað þessum viðbótartolli.

Önnur brtt. mín gengur út á það, að undanskilja almennan skófatnað þessum tolli; það er ekki nóg að undanskilja gúmmískófatnað, eins og gert er í frv., þó að hann sé mest notaður af sjómönnum, og þess ber að gæta, að mörgum, sem vinna í landi, leiðist að nota eingöngu gúmmískófatnað, nema við grófgerðustu vinnu. Þeir eru því teknir upp á því að nota ódýran leðurskófatnað, eða jafnvel tréskó. Og ef á að sýna nokkurt réttlæti í þessu, þá ætti, auk gúmmískófatnaðar að undanskilja þessum tolli algengan og ódýran hversdagsskófatnað úr leðri. Ég legg því til, að þessi skófatnaður verði undanþeginn tollaukanum.

Það þykir mörgum undarlegt, að í þessu nýja tollafrv. er ætlazt til þess, að innkaupsreikningar yfir hverskonar ávexti eigi að stimplast með 25% tollaálagningu, við hliðina á konfekti, brjóstsykri, gullstássi, silfurvarningi og öðrum óþarfa og lúxusvörum. — Ég skal geta þess, að ávextir eru nú tollaðir sem svarar 25% verðtolli; núv. vörutollur nemur svo miklu, ef miðað er við þær ávaxtasendingar, sem hingað komu með síðustu skipum frá útlöndum. Mér heyrðist, að hæstv. fjmrh. væri eitthvað að rengja þetta um daginn, en ég get sýnt honum það svart á hvítu, að sá vörutollur, sem nú er greiddur af appelsínum t. d., nemur raunverulega 25% verðtolli á þær. Þar við bætist þetta nýja 25% viðskiptagjald. Og þetta þýðir til samans 50% tollaálagningu á nýja ávexti. — Í þessu sambandi vil ég geta þess, að ég hefi heyrt því haldið fram af læknum og öðrum fróðum mönnum, að heilsulitlu fólki væri nauðsynlegt að borða ávexti. Vegna viðskiptasamninganna við Suðurlönd er miklu meira flutt hér inn nú af nýjum ávöxtum heldur en áður tíðkaðist, og ber sízt að átelja það. Væri sannarlega fagnaðarefni, ef innflutningur og neyzla nýrra ávaxta gæti útrýmt að einhverju leyti vín- og tóbaksnautn. En þegar lagður er 50% tollur á nýja ávexti, þá er varla við því að búast, að nokkur geti látið það eftir sér að kaupa þá vöru. Ég lít svo á, að það sé gersamlega óverjandi stefna, að tolla þessa fæðutegund svo hátt, eða eins og óþörfustu lúxusvöru, svo að menn geti alls ekki keypt hana nema til hátíðabrigðis á stórhátíðum. Grænmeti og ávextir eru svo holl fæða, að hún ætti að vera sem oftast á borðum fólksins. Mér er óhætt að fullyrða, að hér er verið að stíga gersamlega rangt spor, ef nokkuð er að marka það, sem læknar og vísindamenn hafa sagt um bætiefnainnihald og hollustu ávaxta, einkum fyrir heilsulitið fólk, sem ekki á daglega kost á fjörefnaríkum fæðutegundum. Mér finnst því sjálfsagt að leiðrétta þetta. Það hlýtur að stafa af misskilningi, eins og annað í þessu frv., að grænmeti og ávextir skuli vera

settir við hlið hinna mestu óhófsvara, sem til landsins eru fluttar.

Það kennir oft geysilegs misskilnings í umr. manna, þegar verið er að ráðgera að takmarka innflutning á einstökum vörutegundum með auknum innflutningsgjöldum; þá eru þurrkaðir ávextir venjulega taldir með, eins og þeir séu einhver skaðræðisvara. — Ég hygg, að ég þurfi ekki að benda á fleira til sönnunar því, hve mikilsverð fæðutegund ávextirnir eru. Ég ætla, að hv. þdm. hafi fengið að heyra það hjá vitrum mönnum, hversu mikið hollustugildi þeir hafa fyrir fólkið. Þess vegna er það alveg augljóst, hvað það er gersamlega vitlaust að leggja svo háan toll á ávexti, sem vitanlega verður eins og innflutningsbann á þá. En það fullyrði ég, að þegar tollurinn er orðinn yfir 50% á þessari vöru, þá getur fólkið ekki veitt sér hana. — Ég geri mér þess vegna von um, að brtt. mín á þskj. 806 verði samþ., sem miðar að því að undanþiggja þessum 25% tolli þurrkaða ávexti og grænmeti, nýtt og þurrkað, og nýja ávexti. (PZ: Það mun vera prentvilla í till.). Ég vænti, að hæstv. forseti sjái um, að hún verði leiðrétt.

Forseti: Hún skal verða leiðrétt).

Fjmrh. (Eysteinn Jónsson) [óyfirl.]: Ég verð að segja það, að ég er hálfhikandi við að taka til máls á eftir þessum skemmtilegu ræðum, sem hér hafa verið fluttar í kvöld. En ég kemst ekki hjá því að svara nokkrum atriðum í því, sem fram hefir komið, enda þótt ég vilji ekki lengja þessar umr. úr hófi fram, þar sem orðið er mjög áliðið kvölds.

Ég skal ekki fara langt út í ræðu hv. þm. G.-K., þó kemst ég ekki hjá því að svara einu atriði í ræðu hans, af því að það skiptir tölu vert miklu máli. Hv. þm. hélt því fram, að ég hefði sagt, að hæstv atvmrh. hefði farið með rangar tölur að því er snerti verðupphæð innfluttra vara á þessu ári. Ég sagði nú ekkert annað en það, að hæstv. atvmrh. hefði miðað sína skýrslu við cif-verð varanna, en að ég hefði hinsvegar miðað við fob-verð. Og við það á vitanlega að halda í þessu sambandi. Hinsvegar er þess að gæta, að innfluttar vörur eru allar reiknaðar á skýrslum með cif-verði. Hv. þm. G.-K. hefði getað sparað sér þessa ræðu og sannfært sjálfan sig um, að þetta er rétt, sem ég held fram, ef hann hefði mætt á fundi fjhn., þar sem ég gerði grein fyrir þessu. — Hv. þm. talaði allmikið um hinar ýmsu skattahækkunartill. stj., sem hún hefði flutt á tveimur síðustu þingum; en það er nú svo oft búið að svara glamri hans og gífuryrðum um þau mál, að ég sé ekki ástæðu til að endurtaka þau svör hér. En hv. þm. var erfiðara um mál, þegar hann fór að tala um fjárstjórn Reykjavíkurbæjar og gera tilraunir til að forsvara útsvaraálögurnar hér í bænum. Það er vitanlega örðugast fyrir hv. stjórnarandstæðinga að verða að játa það, að bæjarstjórnarmeirihluti Sjálfstfl. í Rvík gengur ekki aðeins jafnlangt og núv. ríkisstj. í skattaálögum á borgarana, heldur nálega helmingi lengra. Ef hægt er að segja, að ríkisstj. beiti hörku við skattborgara ríkisins, þá er langtum ómannúðlegri sú meðferð, sem borgarar Rvíkurbæjar verða að sæta undir stjórn Sjálfstfl. Ég hygg því, að skemmtisaga hv. þm. um lestamanninn og klyfjahestana eigi betur við um stjórn sjálfst.manna á Reykjavíkurbæ en þetta tekjuöflunarfrv., sem hér er til umr.

Hv. 6. þm. Reykv. vildi vefengja það, að 1. gr. frv. væri viðeigandi, vegna þess að það væri búið að taka ýmsa af þeim útgjaldaliðum, sem þar eru taldir, inn í fjárlfrv. fyrir 1936. Það er rétt, að þessir liðir hafa verið teknir inn í fjárl. — en það skiptir engu máli í þessu sambandi, því að nú er á frv., eftir 2. umr. fjárl., 330 þús. kr. tekjuhalli,og auk þess er vitað, að tekjurnar eru of hátt áætlaðar sem nemur 200 þús. kr. Raunverulegur tekjuhalli er því rúml. ½ millj. kr. Brtt. hv. þm. fær því enga stoð í þessu. Þó að búið sé að setja ýmsa af þeim liðum, sem taldir eru í 1. gr. þessa frv., inn í fjárl., þá vantar þar tekjur á móti þeim eigi að síður.

Hv. þm. Vestm. var að tala fyrir sinni brtt., sem fjallar um fatnað og skófatnað. Ég verð að segja, að ég er á móti því, að hún sé samþ., og er einnig á móti því, að þær aðrar brtt. sem á því þskj. eru, séu samþ. Það er vegna þess, að ég sé ekki úr því að við þurfum á annað borð að afla tekna á þennan hátt, að það sé ranglátt að skipta þessu gjaldi niður á þann hátt, sem gert er.

Viðvíkjandi fatnaðinum vil ég sérstaklega benda á það, að þar er átt við tilbúinn fatnað.

Það er einmitt fatnaður, sem ég álít, að megi leggja gjald á, af þeirri ástæðu, að ég tel heppilegast að stuðla að því, að sem mest sé búið til af fatnaði í landinu sjálfu, vegna þess að hér er á síðustu árum verið að efla mjög famleiðslu á fatnaðarvörum. Þetta gjald gæti því orðið til þess að létta undir með þessari framleiðslu. Viðvíkjandi ávöxtunum skal ég segja það, að ég lít öðrum augum á það mál heldur en hv. þm. Vestm. *Ég lít þannig á, að eins og nú er um gjaldeyrisástæður okkar, þá sé engin ástæða til þess að hlífa ávöxtunum, vegna þess þó að mikið sé talað um hollustu ávaxta, sem ég dreg ekki í efa að sé rétt, því að við erum einfærir um að fá innlendar fæðutegundir, sem jafnast á við ávexti.* Við gætum t. d. aukið okkar mjólkurneyzlu að miklum mun, sem mundi á allan hátt verða betra en að auka neyzlu á ávöxtum. Auk þess vil ég benda á, að vegna þeirra innflutningshafta, sem hafa verið gerð, hafa ávextir verið seldir dýrara verði en ella, og er því með þessum tolli stefnt að því að taka hluta af þessari álagningu og láta hann renna til ríkissjóðs, því að ekki er ástæða til að halda, að öll tollahækkunin komi niður á neytendunum.

Að endingu vil ég minnast á eitt stórt atriði, sem kom fram hjá hv. þm. Vestm. Hann sagði, að ég hefði sagt um daginn í umr. um þetta mál og látið hafa eftir mér í Nýja-Dagblaðinu, að úr því að sjálfstæðismenn væru á móti því að auka tekjur ríkissjóðs um eina millj. kr., yrðu þeir að vera viðbúnir að gera till. um 5 millj. kr. niðurskurð á útgjöldum ríkissjóðs. Þetta er vægast sagt skakkt með farið. Þeir héldu því fram, hv. þm. Vestm., hv. þm. Snæf. og hv. þm. G.-K. þegar þetta mál var til umr. um daginn, að þeir

væru ekki einungis á móti þessari einu millj., heldur einnig á móti því að leggja á þær 2 millj., sem lagðar voru á haustið 1934. Ennfremur hafa þeir haldið því mjög fast fram, að það ætti að afnema útflutningsgjald af sjávarafurðum. Má af þessu marka, að þeir vilja, að ríkistekjurnar verði nálægt 4 millj. kr. lægri 1936 heldur en ríkisstj. ætlast til. Af þessari afstöðu Sjálfstfl. leiðir það, ef á að taka þá alvarlega, að það verða að liggja fyrir úrræði frá þeim um að færa niður gjöldin um 5 millj. kr. — Þessar 4 millj., sem ég nú hefi talið, og þá einu millj., sem núv. stjórnarfl. hafa fært fjárl. niður um. Ég fullyrti við þá umr., að þó að Sjálfstfl. hefði verið við völd, hefði honum vitanlega verið um megn að færa niður útgjöldin á fjárl. um 5 millj. kr., þó að hann hefði látið ógerð hvert einasta af þeim nýmælum, sem ríkisstj. nú framkvæmir. Þá hefði Sjálfstfl. orðið að fara inn á þá braut að hækka skatta og tolla, og er ekki minnsti vafi á því, að hann hafði farið inn á þá braut að hækka tollana, en ekki beinu skattana. Þess vegna mundi það hafa orðið svo, ef Sjálfstfl. hefði farið með völd og ef af líkum má ráða, að hann hefði hækkað tollana að verulegum mun. Þess vegna koma úr hörðustu átt þau mörgu og hörðu ummæli, sem þeir hafa látið falla í garð núv. stjórnarfl. fyrir að vilja halda ríkistekjunum við.

Hannes Jónsson [óyfirl.]: Ég skal vera stuttorður um þetta mál. Það er þegar búið að taka fram, að ég hygg, flest ef ekki allt, sem hægt er að segja, að mæli með því, og eins það, sem mælir gegn því.

Ég hygg nú að eftir þessa umr. og allt það, sem um málið hefir verið skrifað, sé öllum það ljóst, að það er mikil skattpíning, sem á að framkvæma, verði þetta frv. að lögum. Þessa skattpíningu á að framkvæma til þess að mæta útgjöldum, sem leiðir af hinum ýmsu lagafyrirmælum, sem nú liggja fyrir til afgreiðslu. Ég held, að engum geti blandazt hugur um, að þetta er gert á kostnað atvinnuveganna, í stað þess, að nú hefði einmitt þurft að leggja fram alla krafta til þess að rétta við atvinnulífið, því það dylst engum og er játað af öllum stjórnmálafl., að fyrsta skilyrðið til þess, að þjóðin geti reist sig úr þeim vandræðum, sem hún nú er í, sé, að atvinnuvegirnir geti borið sig svo vel, að fólkið geti af þeim lifað. Þetta er mjög áberandi skoðun og kemur fram frá stjórnarliðinu sjálfu, þar sem þeir næstum keppast við hver um sig að lýsa því yfir, að sú stefna, sem þeir helzt hefðu kosið í þessum málum, hefði ekki náð fram að ganga, vegna þess að einn aðilinn hefði ekki getað á hana fallizt.

Í yfirlýsingu um sum af þessum samningsmálefnum milli stjórnarfl. er svo komizt að orði í Nýja dagbl. í dag, um atvinnuleysistryggingarnar, að 5. kaflinn í því frv. sé langhæpnastur. Úr því að svo er komizt að orði, að hann sé „hæpnastur", þá er með því gefið í skyn, að hinir kaflarnir séu líka a. m. k. hæpnir.

Það er ekki nokkurt vafamál, að á þeim tímum, sem nú standa yfir, er verið að velja óheppilegasta tækifærið til þess að koma í framkvæmd málum, sem að mörgu leyti — a. m. k. einstakir liðir þeirra — hafa fullkominn rétt á sér.

Ég skal svo ekki lengja þessar umr. meira hvað þetta snertir, en ég vil aðeins biðja hæstv. forseta um leyfi til þess að fara nokkuð út fyrir efnið, af því að mér gafst sérstakt tilefni til þess í kvöld frá hv. 2. landsk. — Hv. 2. landsk. vék að afgr. mála hér um daginn í þessari hv. d., m. a. tryggingalöggjafarinnar. Í því sambandi sagði hann margt spaugilegt, sem ég ætla ekki að rifja hér upp, en það, sem mér skildist á hans ræðu, var það, að ég hefði orðið til þess að bjarga fimmta kafla tryggingarlöggjafarinnar, atvinnuleysistryggingunum. Hv. þm. nefndi að vísu ekki mitt nafn, en af því að grein um sama efni var búin að koma út í Tímadilknum — Nýja dagbl. —, þá þóttist ég vita, hvert hann sínum skeytum vildi beina, þó að kjarkurinn og djarfmennskan væri ekki meiri hjá þessum buxnahnappariddara en það, að hann vildi ekki tilgreina nafn mitt.

Nú er bezt að líta á þetta mál, úr því að búið er að gera það að umræðuefni og blaðamáli, og rekja það nokkru nánar, til þess að vita, hvað mikill sannleikur muni felast í þessum dylgjum, sem hér eru á ferðinni. Þessi hv. þm. lét alldólgslega við afgreiðslu þessa máls, og það kom berlega í ljós, að hann hafði fyrzt við stjórnarfl. fyrir það, að þeir höfðu ekki talað sérstaklega um afgreiðslu þessa máls og álitið hann svo öruggan og tryggan og e. t. v. haldið, að hann þyrði ekki að hreyfa sig, og þess vegna látið niður falla að spjalla við hann. Hv. þm. gerði sér því til gamans að gera sig dálítið merkilegan og láta líta svo út, að hann mundi fella niður allan 5. kafla frv. Þetta þótti mér ánægjulegt og ætlaði að veita honum mitt fylgi til þess að svo mætti verða, því að ég álít, eins og Nýja dagbl. heldur fram, að hann sé langhæpnastur og meira að segja stórskaðleg braut, sem þar ef farið inn á. Hv. þm. felldi 1. gr. þessa kafla, en áframhaldið varð ekki eftir því, því að næstu grein setti hann á alveg skilyrðislaust, svo að það var auðséð, að hann ætlaði að láta kaflann halda sér, þó að hann væri á móti einstökum greinum, til þess að sýna stjórnarliðinu, að betra væri að sýna sér fulla kurteisi og tala við sig eins og hvern annan þm., sem stjórnina vildi styðja. Þetta kom fljótt í ljós, en það var dálítið hæpin afstaða, þegar hann var að velja greinarnar, því að tvær þær greinar, sem hann ætlaði að ráðast á í frv. þegar hann var búinn að fella 1. gr., voru einmitt þær greinar, sem helzt eru til þess að draga úr þeim skaðlegu áhrifum, sem kaflinn kann að hafa. Það voru því þær greinar, sem hv. þm. réðst á, er helzt hefðu átt að verða eftir, ef eitthvað hefði á annað borð átt að vera eftir. Ég verð að játa það, að ég vildi ekki láta fella þessar greinar úr frv., því að ég álít þær nauðsynlegar og vildi gjarnan, að þær takmörkuðu meira en þær gera. Þegar borin var upp brtt. um að herða á þessum takmörkunum, greiddi ég atkv. með henni. Svo kom það greinilega í ljós, að hv. þm. (MT) var ekki alvara, heldur voru það aðeins látalæti. Ég vissi það fyrirfram, og enda búinn að segja, að hvað sem hv. þm. gerði við þessa umr., mundi hann éta það allt ofan í sig við seinni afgreiðslu málsins.

Þetta kom líka í ljós, þegar búið var að hnýta upp í hann og þeir voru búnir að fá sér góðan reiðspöl á honum, þá fór hann að mýkjast og samþ. nú allt, sem hann var áður búinn að vera á móti. Svo gersamlega át hv. þm. þetta ofan í sig aftur, að það má segja, að greinarnar séu teknar upp aftur lið fyrir lið og orð fyrir orð, aðeins bætt við þessari setningu: „Atvmrh. hefir eftirlit með starfsemi sjóðanna“. Ef þetta hefir verið svona stórt atriði fyrir hv. þm., þá hefði hann átt að bera fram þessa litlu brtt. við frv. í upphafi og samþ. það svo. Ef hv. þm. hefði verið svona mikið áhugamál, sem ég trúi ekki, að spilla þessum kafla með því að fella niður þær takmarkanir, sem fólust í 67. og 68. gr., þá er ég ekki í nokkrum vafa um, að hann hefði getað fengið stjórnarliðið til þess að gera þar á einhverjar breyt., því að vitanlegt var, að þessi hv. þm. hafði þá aðstöðu að geta fellt niður allan þennan kafla strax í upphafi, ef svo hefði borið undir, og jafnvel frv. allt.

Ég vildi taka þetta fram sérstaklega, og vona ég, að hæstv. forseti verði ekki styggur við mig út af því, af því að þetta sérstaka tilefni gafst til þess bæði frá þessum hv. þm. og svo vegna blaðaskrifa um þetta í dag. — Ég skal svo aðeins nota tækifærið líka til þess að svara þeim dylgjum, sem komu fram í ræðu hv. 2. landsk. og í þessari ritgerð í Nýja dagbl. í dag, að það hafi farið fram einhverskonar verzlun milli mín og sósíalista og að ég hafi sézt á tali við Jón Baldvinsson, Harald Guðmundsson og jafnvel Héðin Valdimarsson. Ég minnist þess ekki að hafa nokkurntíma lagt þann sið niður að tala við þessa þm., jafnvel ekki Héðinn Valdimarsson, hv. 2. þm. Reykv. Svo er það ekki ný bóla, þó að þm. talist við. Það er því einkennilegur hugsunarháttur hjá stjórnarliðinu, að það sé einhver stórmerkur viðburður, þó að þm. ræðist við. (**Fjmrh.**: Þegar það eru heilir flokkar!). Það ætti ekki að vera stjórnarfl. undrunarefni, þó að flokkar ræðist við, jafnvel þó að það séu andstöðuflokkar. — Um þá greiðslu, sem talað er um, að ég hafi fengið fyrir þetta — að halda þessum takmörkunum í frv. —, þá er því til að svara, að ég hygg, að það geti enginn þm. borið það á mig, að ég hafi talað um stuðning þeirra við fjárframlagið til Vesturhópsvegarins fyrr en eftir að ég hafði borið fram brtt. við fjárlagafrv. En þá var hitt málið orðið afgr. fyrir nokkru. Þeir ættu því a. m. k. að leiða fram einhverjar líkur fyrir því, þó að ekki séu heimtaðar sannanir, að ég hafi farið fram á þann stuðning áður en mín brtt. kom fram. Fyrir þessari fjárveitingu hefi ég talað á þingi áður, en kannske tekizt einna bezt nú, því að ég hygg, að menn hafi sannfærzt um það, að ekki er hægt að vera á móti jafnsanngjörnu fjárframlagi og þessu. Gæti ég bezt trúað, að sósíalistar hefðu beinlínis greitt þessu atkv. til þess að fullnægja kröfum frá flokksmönnum sínum norður þar, sem hafa þótzt vera mjög settir hjá að því er snertir vinnu við vegagerð í því héraði. En hvað það hefir verið, sem hefir valdið því, að framsóknarmenn greiddu atkv. móti þessu fjárframlagi, skal ég ekki segja um, en það sýnist hafa orðið þeim til mikillar gremju, að þessi litla fjárhæð var veitt til þessa litla vegar. Það er kannske af löngun til þess að gera íbúum V.-Húnavatnssýslu sem allra örðugast fyrir, af því að þeir hafa ekki kosið fulltrúa á þing eftir þeirra kokkabókum. En það væri hart, ef ætti að hegna Vestur-Húnvetningum fyrir það um alla framtíð, því að það má þessi flokkur eiga víst, að hann fær aldrei kosinn fulltrúa í Vestur-Húnavatnssýslu.

Sigurður Kristjánsson [óyfirl.]: Það er í raun og veru margt, sem ég þurfti að segja, en af því að þetta er í þriðja skiptið, sem ég tek til máls, þá verð ég að fella talsvert mikið niður af því, sem ég vildi hafa sagt.

Það er sérstaklega eitt atriði, sem ég tel mér skylt að svara, sem kom fram í ræðu hæstv. fjmrh. og er mjög villandi, endurtekning, leiðinlegur og villandi rógur um fjármálastjórn Reykjavíkur. Ég hefi heyrt þetta svo oft, að mér er farið að leiðast það, að Reykjavík sé stjórnað svo illa, hvað hún standi sig illa fjárhagslega og hvað það sé óforsvaranlegt, hvað útgjöldin til bæjarins fari stöðugt hækkandi. Alltaf heyrist þetta úr sömu átt, þ. e. frá þeim flokkum, sem styðja núv. stjórn. Fyrst þetta er nú komið fram í sambandi við það tekjuöflunarfrv., sem hér liggur fyrir, þá sé ég mér ekki annað fært en að mótmæla því með nokkrum orðum.

Það er í fyrsta lagi mjög blekkjandi að bera saman tekjuöflun ríkissjóðs með beinum tekjustofnum og tekjuöflun bæjarsjóða, þar sem það er vitanlegt öllum mönnum, að bæjarfélögin hafa í raun og veru enga aðra tekjustofna heldur en tekju- og eignarskattinn, sem kallaður er útsvar. En ríkissjóður leggur fjölda skatta og tolla á landsfólkið, og þetta er ekki nema einn af öllum þeim fjölda. En ég vildi svo í þessu sambandi, úr því að þetta mál er komið inn á Alþingi, sem annars hefir venjulega verið haldið utan þings og verið flutt fyrir fólkið út um byggðir landsins, geta um það hér, hver framkoma stjórnarfl. í bæjarstjórn Rvíkur hefir verið, þegar um eyðslu bæjarins er að ræða. Ég hefi kynnt mér, ekki aðeins reikninga bæjarins, sem nú hafa verið sendir þm., heldur einnig fjárhagsáætlanir bæjarins frá bæjarráði og allar brtt. við þær, sem komið hafa fram frá flokkunum. Það kemur dálítið einkennilega út, að við fjárhagsáætlunina í fyrra — en brtt. við þá síðustu hefi ég ekki séð — komu ekki núv. stjórnarfl. í bæjarstjórn með neina lækkunartill. nema sósíalistar, þeir komu með 30 þús. kr. lækkun á fátækrastyrk. Þeir hafa ekkert haft við þessa eyðslu að athuga, sem þeir eru alltaf að ámæla meiri hl. bæjarstjórnar Reykjavíkur fyrir og heimfæra upp á Sjálfstfl. í heild. Þeir hafa ekki haft við neitt að athuga nema þessa einu áætluaartill., fátækraframfærið, sem alltaf er lægra áætlað en það reynist að vera. — En aftur á móti komu stjórnarfl. með hækkunartill. upp á 3 millj. króna.

Finnst þessum mönnum von til þess, að maður geti þagað við svona augljósum ósannindum, að sjálfstæðismenn séu með óhóflegt fjárbruðl í bæjarstj. Rvíkur og að þeim farist ekki að tala um frv. eins og hér liggur fyrir?

Ég held, að úr því að hér á þingi eru saman komnir menn, sem sæti eiga í bæjarstj. fyrir hina ráðandi flokka, að þeir ættu ekki að láta sína samherja vaða uppi með aðra eins fjarstæðu, því að það getur ekki orðið til annars en þess, að maður neyðist til þess að hirta þá fyrir þessar álygar, blekkingar, ósannindi og rógburð. Annars skal ég víkja að því nokkrum orðum, hversu það er óforsvaranlegt í alla staði að koma með svona tolla- og skattafrv. í þinglok. Þetta þing kom saman 15. febrúar í fyrravetur og hefði því gefizt nægur tími til þess að athuga, hvort fjárlagafrv. gæti staðizt. Og svo er því frestað til þess að gera athugun á því, hvort fjárlfrv. geti staðizt, og loks þegar framhaldsþingið er búið að standa í hálfan annan mánuð, eða fram í nóvemberlok, kemur til 1. umr. í fyrri d. frv., sem hefir í för með sér nýjar álögur upp á aðra millj. kr. Svo eru flm. þessa frv. með allskonar skæting og hníflastungur til þeirra manna, sem eru með fáum orðum og hógværum að finna að þessum risaálögum á síðustu dögum þingsins, og frekjan er svo mikil, að það fæst ekki einu sinni að athuga þetta í n., fjhn. þessarar d. fær ekki einu sinni að athuga málið í friði.

Hæstv. fjmrh. sagði hér til afsökunar því, að hann áætlar hér 950 þús. kr. tekjur til þess að standast útgjöld, sem hann sjálfur áætlar 550 þús. kr., að það væri halli á fjárl. eins og þau væru nú, og þessi mismunur væri ætlaður til að standast hann. Hvernig getur nú hæstv. ráðh. andmælt því harðlega, að þetta fé, sem ætlunin er að afla með þessu frv., eigi að vera til þess að mæta halla á fjárl., eins og ég lagði til í minni till., að það væri látið heita. Hæstv. ráðh. mótmælti því harðlega og sagði, að það væri að fara með fals. Svo kemur hann með þá afsökun, þegar bent er á þennan mikla mismun á tekjuöflununni og áætlun þeirra útgjalda, sem hún er sérstaklega talin eiga að mæta, að hann eigi að vera til þess að standast halla á fjárl. Þetta er nú að fara allharkalega í gegnum sjálfan sig af sjálfum fjmrh.

Ég skal svo, af því ég sé, að hæstv. forseti er orðinn óstilltur, bæði af því honum þykir ég taka of langan tíma og að þetta er náttúrlega ekkert þægilegt fyrir hæstv. stj. og stjórnarflokka, fella þetta af. En ég vil að lokum taka fram, að hæstv. ráðh. hefir ekki, og enginn af hans stuðningsmönnum, ennþá með einu einasta orði reynt að verja það, sem ég deildi hér á stj. fyrir áðan, að hún hefði farið algerlega með rangt mál og blekkingar í því, að þessar tekjur ættu að verða til þess að styðja atvinnuvegina, vegna þess að þær hljóta að verða teknar af atvinnuvegunum, og þar sem það, sem þær eru ætlaðar til að greiða, verður á engan hátt til þess að styðja atvinnuvegina, heldur hið gagnstæða. Hæstv. fjmrh. svaraði þessu engu. (**Fjmrh.**: Það hafa margir svarað því). Ekki einu einasta orði, og ég tek það svo, að á þetta sé fallizt.

Forseti (JörB): Það fer fjarri því, að ég sé órólegur yfir efninu í ræðu hv. 6. þm. Reykv. En þingsköp heimila ekki, að þm. tali oftar en tvisvar í sama máli, aðrir en frsm. og flm., nema aðeins undir þeim kringumstæðum, að þeir þurfi að bera af sér sakir. Eigi að síður hefir tíðkazt að banna eigi smáaths., og gildir það vitanlega jafnt fyrir hv. 6. þm. Reykv. sem aðra. (**SK**: Ég var að bera sakir af mínu eigin kjördæmi, og álít það brýnt erindi).

Jóhann Jósefsson [óyfirl.]: Hæstv. ráðh. taldi sig ómögulega geta fallizt á þær brtt., sem ég hefi borið hér fram á þskj. 806. Tók hann sérstaklega fram hvað fatnaðinn snerti, að hann teldi mikla þörf á að hindra innflutning á tilbúnum fatnaði, því dálitil framleiðsla væri af honum í landinu sjálfu. Það má vera, að svo sé, en hæstv. ráðh. ætti þo að vita, að nærfatnaður karla og kvenna er svo að segja alls ekki framleiddur í landinu, heldur er fluttur inn í stórum stíl, og það verður svo að vera. Sama er að segja um fatnað barna. Það fer svo fjarri því, að hér sé fullnægjandi framleiðsla af fatnaði, að það má heita, að hún sé sama og engin, samanborið við þörfina. Þessi nýi skattur af tilbúnum fatnaði kemur því til með að hækka í verði allan almennan fatnað, og tel ég það illa farið, því það er sannarlega mikið, sem menn greiða nú þegar af hverjum fatnaðarreikningi, sem kemur til landsins. Það er hægt að einblína um of á að vernda hinn svokallaða innlenda fatnað. Hér er t. d. vinnufatagerð, sem ég veit ekki betur en að sé komin út í að framleiða svo ónýtan fatnað, að það má heita, að verkamenn verði að borga vinnufötin tvöföldu verði, sökum þess hvað er ónýtt efni í þeim. Og þetta er verndað með háum tollum! Getur tollverndunin þannig sannarlega orðið tvíeggjað sverð, ef henni er beitt um of.

Ég vil benda hæstv. ráðh. á, að ég er ekki að mæla þessar vörur algerlega undan tollinum, þó ég vilji færa þær á milli tollflokka. Um ávextina og grænmetið ætla ég ekki að deila við hann meira. Ég benti aðeins á það, sem hvert mannsbarn veit, nema að því er virðist þessi hæstv. ráðh.; ef það er svo, að hann hefir betra vit á notagildi og hollustu ávaxta og grænmetis heldur en allir heilsufræðingar hér og erlendis, sem í ræðu og riti tala um nauðsynina á því, að fólkið nærist á þessum fæðutegundum, og heldur en allir þeir læknar, sem beinlínis fyrirskipa sjúklingum sínum að nota þær, þá held ég, að ég ætti ekki að vera að deila um þetta við þann mikla mann. Hæstv. ráðh. benti að vísu á, að mjólk væri einnig holl og góð fæða; en ef mjólk getur að öllu leyti komið í staðinn fyrir ávexti og grænmeti hér, þá ætti hún eins að geta það annarsstaðar. (**Fjmrh.**: Það má framleiða grænmeti hér). Ég veit, að það er framleidd örlítil ögn af því hér, en sú framleiðsla nægir hvergi nærri þeirri neyzlu, sem nú er, hvað þá þeirri neyzlu, sem þyrfti og ætti að vera á þessari heilnæmu fæðutegund, og áherzla hefir verið lögð á af öllum, þangað til þessi nýi spámaður rís upp hér á Alþingi og segir, að það sé engin þörf á, að fólkið borði grænmeti — það geti bara drukkið mjólk!

Þá talaði hæstv. ráðh. um, að kaupmenn legðu mikið á ávexti og grænmeti, svo 25% gjaldið mundi geta komið niður á verzlunarágóðanum

án þess útsöluverðið hækkaði mikið. Ég skal nú ekki segja, hvað mikið er lagt á þessar vörutegundir, en á það má benda, að þeim er báðum mjög hætt við skemmdum, og fyrir því verður að gera ráð þegar lagt er á þær. En sé svo, að álagningin sé mikil á þessum vörum, þá verður náttúrlega ekki léttara að koma við lítilli álagningu, þegar hæstv. ráðh. er búinn að bæta 25% tolli ofan á þann 25% toll, sem fyrir er, þannig að tollurinn verður alls 50%. Þá væri réttara að banna innflutning á þessum vörum heldur en hampa þeim framan í fólkið, sem þarfnast þeirra, en leggja blóðugan skatt á það, ef það vill leggja þær sér til munns.

Það er líka önnur hlið á þessu máli, sem hæstv. fjmrh. og þeir aðrir, sem skattálögum ráða hér á landi, hefðu gott af að athuga. Það getur orkað tvímælis, hvaða hag við höfum af því að skattleggja með svo að segja innflutningsbannstollum helztu framleiðsluvörur þeirra þjóða, sem við eigum mest undir hvað viðskipti snertir; við viljum a. m. k. ekki, að okkar vara sé þannig skattlögð í þeirra löndum. En allir vita, að t. d. appelsínur eru ein hin helzta útflutningsvara Spánverja. Þessa hlið málsins er einnig vert að athuga.

Ég skal svo ekki deila meira við þennan mikla heilsufræðing um gildi ávaxta og grænmetis fyrir heilsu fólksins. Ég áleit það skyldu mína að bera fram þessar brtt., úr því aðrir gerðu það ekki, og svo verður auðnan að ráða, hvernig um þær fer. Ég vil aðeins áður en ég lýk máli mínu víkja að þeirri staðhæfingu hæstv. fjmrh., að með því að mæla á móti hinum nýju álögum sýnum við það, að við hefðum orðið að finna aðrar leiðir til að afla 4—5 millj. kr. tekna í staðinn, ef við hefðum ráðið. Hann er margbúinn að taka það fram, að ef við sjálfstæðismenn hefðum farið með völdin og ekki lagt á þær tekjuskatts- og tollhækkanir, sem nú er verið að leggja á og lagðar hafa verið á fyrir skömmu, þá hefði ríkissjóð vantað 4 til 5 millj. kr. tekjur. Þetta er líklega rétt hjá hæstv. ráðh. Það er þarna bara eitt svolítið ef. Það væri rétt, ef sjálfstæðismenn hefðu staðið hér að stjórn og stutt sig við miklu fámennari flokk, eins og sósialistar eru samanborið við framsóknarmenn, ef þeir hefðu, segi ég, unnið það til þess að hanga við völd, að leggjast svo lágt að styðja sig við svo miklu fámennari flokk og láta undan öllum hans kenjum og kröfum um aukin útgjöld, þá getur verið, að við hefðum orðið að finna leið til að afla þessara milljóna. En sjálfstæðismenn hefðu bara aldrei lagt sig í þá auðmýkt og þá tortímingu, eins og framsóknarmenn hafa gert og gera ennþá. Það er vitanlegt, að framsóknarmenn verða að láta undan hverri einustu kröfu sósialista, og það kostar þá ekki annað en þeirra pólitíska líf, ef þeir gera það ekki. Þannig eru þessi mál til komin, og það eru ekki fyrstu málin, sem þannig eru til komin. Það mætti halda langan fyrirlestur um það, hvernig sósialistar hafa í sambúðinni við Framsókn heimtað og heimtað, og hún hefir einlægt orðið að kaupa á sig frið.

Í umr. í Ed. kenndu þessir flokkar hvor öðrum um það, sem aflaga færi í frv. Annar sagði, að Framsókn vildi hafa það svona; það væri nú ekki eftir stefnu sósialista að leggja tolla á nauðsynjavörur o. s. frv., en þeir hefðu orðið að ganga inn á þetta til samkomulags við Framsókn. Hinn sagði, að Framsókn hefði orðið að hækka skatta á öðrum sviðum til samkomulags við sósialista.

Í þessu frv. eru taldar upp ýmsar útgjaldaupphæðir, sem vitanlega þarf peninga upp í, en ég hygg ekki bráða nauðsyn á að leggja nýjar álögur á þjóðina fyrir einmitt á þessum tíma. Sumar eru sprottnar af kröfum, sem sósialistar koma með, sumar af kröfum, sem framsóknarmenn koma með; hvorartveggja hafa í för með sér stórum aukin útgjöld, en svo verður þjóðin í heild að bera þá bagga, sem hvor flokkurinn um sig leggur á hana.

Ég tala um þetta vegna þess, að hæstv. fjmrh. var að tala um, að við sjálfstæðismenn hefðum orðið að sjá fyrir 4 til 5 millj., sem hann telur, að mundi hafa vantað á 15 millj. tekjur í ríkissjóð, ef við hefðum ráðið og komið í veg fyrir þær álögur, sem við höfum mælt á móti. Þetta gæti verið rétt, ef við hefðum hagað okkur svona. En þetta ef vantar hér í, því sjálfstæðismenn hefðu aldrei lagt sig svo lágt að vinna það til þess, að það væri látið heita svo, að þeir stjórnuðu landinu, að láta kúga sig til eins og annars, sem þeir hefðu orðið að bera kinnroða fyrir, eins og margir framsóknarmenn gera til þess að geta haldið völdum. Það er líka vitað, að framsóknarmenn sjálfir eru mjög ósamstæður flokkur, því þeir bæjarradikölu standa langnæst kommúnistum í skoðunum, en aftur á móti standa sumir bændaþingmennirnir nær sjálfstæðismönnum heldur en nokkrum öðrum flokki. Hinir bæjarradikölu innan Framsóknarfl. sýna kommúnistum alla þá samúð, er þeir mega, og mæla bót öllum þeirra verkum. Slíkir menn eru erlendis kallaðir salonkommúnistar, og mætti á íslenzku nefna þá stássstofukommúnista. Þeir taka ekki þátt í götubardögum né öðrum gauragangi kommúnista, en standa alltaf á bak við, og alstaðar þar, sem skerst í odda, eiga kommúnistar vísa samúð og stuðning þessara manna. Vinstri álma Framsfl. er einmitt af þessari tegund, svo henni er í sjálfu sér ljúft að verða við kröfum sósialista, af því blóðið rennur þar til skyldunnar. Svona er þetta, og hæstv. fjmrh. getur gengið út frá því, að okkur hefði farið eitthvað líkt og hans flokki, ef við hefðum verið samansettir af samskonar frumefnum eins og þessi svokallaði Framsfl. hér á þingi, — en svo er bara ekki.

Fjmrh. (Eysteinn Jónsson) [óyfirl.]: Ég ætla aðeins að minnast á stærstu atriðin í þeim aths., sem fluttar hafa verið. — Hv. 6. þm. Reykv. fann hvöt hjá sér til þess að taka upp vörn fyrir sitt kjördæmi, eins og hann kallaði það, þ. e. a. s. mæla á móti þeirri gagnrýni á fjármálastjórn Rvíkur, sem ég kom fram með. Með því að gera þetta hefir hv. þm. gert það, sem ég einmitt vildi, að hann gerði. Ástæðan til þess, að ég hóf ádeilu á fjármálastjórn Rvíkur var sú, að ég vildi fá hv. þm. til þess að taka upp vörn fyrir hana. Og það var af þeirri einföldu ástæðu,

að ég var búinn að sýna fram á það, að þeir, sem stjórna fjármálum Rvíkurbæjar, hafa hvorki meira né minna en tvöfaldað þá upphæð, sem þeir kröfðust af skattborgurum sínum árið 1929, en ríkisstj., sem ihaldið vill telja mesta skattræningja, sem þekkzt hefir, hugsar hinsvegar ekki hærra en það, að ná inn tæplega sömu upphæð eins og 1929. Nú hefir hv. 6. þm. Reykv. tekið sér fyrir hendur að verja þá, sem eru tvöfalt meiri skattræningjar heldur en ríkisstj. Þetta er mér nóg. Það er fullnægjandi vopn gegn hv. þm. og öðrum, sem deila á okkur á þessum grundvelli.

Þá var hv. þm. Vestm., auk þess sem hann talaði fyrir brtt. sínum, sem ég ætla ekki að fara út í, að minnast hér á, hvernig sjálfstæðismenn hefðu farið að samkv. sínum kenningum, ef þeir hefðu verið við völd. (**JJós:** Hvernig þeir hefðu ekki farið að). Hv. þm. var í mestu vandræðum með þetta, og í staðinn fyrir að svara því beint, var hann að tala um, hvernig farið hefði, ef þeir hefðu gert þetta og þetta, sem þeir ekki ætluðu að gera. Hvað var það, sem hv. þm. 'tti að leysa úr? Hann átti að leysa úr því, hvernig sjálfstæðismenn hefðu komið jöfnuði á fjárl., ef þeir hefðu ráðið og ekki viljað samþ. þær álögur, sem stjórnarfl. hafa samþ. Hvernig þeir hefðu getað fært útgjöld ríkisins niður um 4 til 5 millj. eða aflað tilsvarandi tekna án þess að fara þær leiðir, sem þeir fordæma ríkisstj. fyrir. Það gerði hann ekki, — hann á það eftir. Og hann mun aldrei geta fært rök fyrir því, að hægt sé að færa útgjöld fjárl. niður í 11 millj., nema þurrka um leið gersamlega út öll framlög til verklegra framkvæmda.

Annað kom fram í ræðu hv. þm., sem mér þótti vænt um að heyra. Hann sagði, að sjálfstæðismenn mundu aldrei fara að eins og Framsókn hefði gert, að láta undan stórum kröfum frá litlum flokki. Nú er öllum mönnum kunnugt, að til er hér Bændafl., sem byrjaði tilveru sína á því í síðustu kosningum, að hann mundi koma fram stórfelldum umbótum fyrir bændur með því að starfa með sjálfstæðismönnum. Og ennþá flytur sá flokkur till., sem hann segir bændum, að hann hefði getað komið fram, ef hann hefði fengið aðstöðu til að ráða í þinginu, — þ. e. a. s. ef hann hefði getað selt sig Sjálfstfl. Nú hefir hv. þm. Vestm. lokað þeim möguleika fyrir honum. (**HannJ:** Það er bezt fyrir stj. að segja af sér og sjá, hvernig fer). Hv. þm. sagði, að það kæmi ekki til mála að láta undan litlum flokki með stórar kröfur. Ég álít, að hann geri þarna miklu erfiðari aðstöðu sinna starfsbræðra heldur en ástæða er til. En honum hefir orðið þetta á vegna þess, hvað hann er í miklum vandræðum með að sýna fram á, hvernig sjálfstæðismenn hefðu getað fylgt þeirri stefnu, sem þeir hafa nú í stjórnarandstöðu, ef þeir hefðu farið með völd. Það mun því hafa verið óviljaverk, en ekki af því, að hv. þm. hafi viljað gera Bændafl. þennan ógreiða.

Magnús Torfason: Það þótti góður siður hér áður, að gefa mönnum, sem deilt var á, rétt til að bera af sér sakir þegar eftir að þær höfðu verið á þá bornar. En það gerir minna til, þó þeim sið væri ekki fylgt nú, þar sem flestir munu enn vera viðstaddir, sem heyrðu þá ræðu, er ég þarf að svara.

Það lítur út fyrir, að hv. þm. V.-Húnv. sé ekki enn farinn að átta sig á afstöðu manna hér í d. gagnvart stjórnarflokkunum. Hann er sýnilega ekki farinn að átta sig á því, að það er ekki hægt að fella einstök atriði máls fyrir stjórnarflokkunum. Það hefði vitanlega verið hægt, svo maður taki það dæmi, sem hann var með, að fella niður í svipinn kaflann um atvinnuleysistryggingar hér í d. En það hefði aðeins orðið til þess, að allur þessi kafli hefði gengið aftur í Ed. Eftir það hefðu aldrei verið greidd atkv. um hann út af fyrir sig; þá var annaðhvort að fella frv. allt eða ekki. Nú lítur út fyrir, að hv. þm. hafi haldið, að ég ætlaði að fella frv. allt saman. En ég lýsti því skýrlega yfir í minni ræðu, að ég vildi ekki gera það. Enda stend ég þar vel að vígi, því það er nú komið á daginn, að Sjálfstfl. og Bændafl. var það alls ekki mikið í mun að fella allt frv., þar sem ekki fengust nema 6 atkv. á móti því; hinir sátu hjá, vitanlega af ýmsum ástæðum, sem maður veit ekki um. Það eina, sem hægt var að gera viðvíkjandi atvinnuleysistryggingunum, var það, að reyna að fá þær lagfærðar. Ég skal í því sambandi taka fram, að ég stend enn þá við það, er ég sagði þá, að ég teldi, að ekki lægi neitt á að lögleiða þetta, það mætti a. m. k. bíða næsta þings. En úr því að svo var, að ekki var hægt að ráða við einstök atriði málsins, þá var það eina, sem eftir var, að leita aðstöðu til að laga þennan kafla í meðförunum. Hvað það snertir, þá hafði ég talað á móti einstökum greinum frv. skýrt og skilmerkilega; þar á meðal 67. og 68. gr. þess. Ég sagði, að ég hefði ekki getað fellt mig við þær greinar eins og þær voru. Til þess að aðstæðan væri svo eins góð og unnt var, virtist vera sjálfsagt að fella þær greinar úr frv., svo hægra væri að koma umbótum á það, þegar þær væru felldar, en sækja undir stjórnarflokkana að lagfæra frv. Nú hefi ég, frá því ég hélt þessa ræðu, gert ýmislegt til þess að fá þetta lagað, og mér hefir tekizt það. Báðar gr., 67. og 68. gr., hafa verið lagfærðar að mun, og ég hefi gert þetta án nokkurs styrks frá Bændafl. og Sjálfstfl. Hinsvegar, ef þeir hefðu lagzt á sveif með mér, þá hefði verið hægt að komast lengra.

Þá sagði hv. þm., að ég hefði samþ. 61. gr. sama sem eins og hún var í frv. Það er ekki rétt. Ég sá um, að þessi viðbót komst inn í hana. Og ég tel það þýðingarmikla viðbót. Ég taldi ekki viðunandi, að sjóðir með svo miklu fé væru eftirlitslausir af landsstj. Þetta þótti mér að gr.; því greiddi ég atkv. á móti.

Hv. þm. gaf mér þá sök, að það hafi verið af fordild og smáskítlegum ástæðum, sem ég hefi hagað mér svo. Hann getur skáldað eins og hann vill, en hann sannar bara eitt. Honum getur ekki skilizt, að nokkur þm. geti gert nokkuð af sannfæringu. Af því dreg ég þá ályktun, að hann hafi skilið sannfæringuna eftir, líklega á hillu í kaupfélaginu á Hvammstanga, og eigi hana þar vel geymda.

Ég hefi aldrei minnzt á þennan hv. þm.; samt fór hann að afsaka sig. Og þá minntist ég þessa

gamla, að sá, sem afsakar sig, ásakar sig. Hann tók þetta upp án tilefnis af minni hálfu. Ég hefi gengið framhjá honum hingað til, og ég hefði gert það enn, ef hann hefði ekki farið að hnjáta við mér.

Þegar ég fór af fundi, eftir að ég hafði haldið þessa ræðu í eftirmiðdag, varð ég samferða góðum manni. Hann sagði, að ég mundi fá ljóta gusu frá form. Sjálfstfl. Við töluðum um, hvað hann myndi koma með. Við spáðum, að hann myndi hlaupa í mannasiðina. Ég spáði, að hann myndi ekki verða mjög sver, en senda hv. þm. V.-Húnv. á mig. Það gekk líka eftir.

Annars vil ég enda á lítilli sögu. Það var ekki laust við í fyrravetur, að bændahnjákan okkar fengi óorð af foringja Sjálfstfl. Það gengu sögur um, að hún hafi verið sén fara út um glugga hjá foringja íhaldsfl. Ég tek ekki ábyrgð á þessari sögu. Þetta er eins og annað, sem fyrnist, þegar fer að lýsa nætur. Svo kemur fyrir í haust, að *foringi íhaldsfl. opinberar trúlofun sína* við bændahnjákuna. Þá fannst mér hann staðfesta þessa sögu, en maður tekur ekki tillit til þess nú á síðustu tímum. En svo bregður við, að hnjákan gerist honum ekki einhlít, og bregður sér upp í rúm hjá hv. 4. landsk., Jóni Baldvinssyni, heila nótt. Ég tel þetta sýna það, að foringja íhaldsins er ekki sýnt um að hafa forystu á hendi, fyrst hann gat ekki passað upp á þessa einu hnjáku, svo gott sem var á milli þeirra.

Páll Zóphóníasson: Nú hafa tveir þm., hv. þm. G.-K. og hv. 6. þm. Reykv., verið að tala hér um, að þeir hafi ekki haft aðstöðu til að rannsaka mál í n. Út af þessu vil ég segja það, að þetta er rangt. Og þegar það kemur frá þm. Sjálfstfl., þá þykir mér það hart, því að hvað eftir annað hefir orðið að fresta að taka afstöðu í málum á nefndarfundi, því að þm. Sjálfstfl. hafa ekki látið sjá sig. Ég nefni ekki nöfn. En meðal grg., sem fylgja frv. á þingi, er heill hópur, sem afgr. eru frá n. til þingsins, þar sem tekið er fram, að þau hafi verið afgr. án þess, að þessi og þessi þm. hafi verið mættur. Þegar svo þessir þm. koma og segjast ekki hafa fengið aðstöðu til að rannsaka málin, þá kemur það úr hörðustu átt. Ég vil því í bróðerni mælast til þess við hv. form. Sjálfstfl., að hann vandi um við hv. þm, svo að við þyrftum ekki að bíða með málin á nefndarfundum eins og tvo og jafnvel fjóra og fimm daga, og síðast afgreiða þau án þess að allir hafi verið mættir. Og þá fyrst geta þeir, sem talað hafa hér um, að þeir hafi ekki nægilega getað sett sig inn í málin, haft ástæðu til að halda því fram, ef þeir sækja nefndarfundi og þingfundi.

Jóhann Jósefsson [óyfirl.]: Hæstv. ráðh. hélt því fram, að við sjálfstæðismenn hefðum ekki greitt atkv. með tekjuöflunarfrv. hjá Framsfl. Við hefðum verið móti öllum tekjuöflunarfrv. Framsóknar. En þetta er rangt, því að í tíð fyrri framsóknarstj. greiddum við oft atkv. með þeim tekjuöflunarfrv., sem hún bar fram. Og við höfum gert þetta líka í stjórnartíð þessa hæstv. ráðh. 1928 vorum við með afgreiðslu tekjuhallalausra fjárl., og nú líka. En hinsvegar getum við ekki samþ., þegar hæstv. ráðh. vill fara út í beinar öfgar með skatta- og tollaálögur, eins og í þessu frv., sem hér liggur fyrir.

En svo að ég víki að öðru. Hæstv. ráðh. talaði um, að ég hefði lýst yfir því, að stærri flokkur mætti ekki láta undan minni flokki. Og hann vildi draga Bændafl. inn í þær umr. Ég hefi aldrei sagt það. En það mun vera einsdæmi í *þingsögu nokkurs lands, að minni flokkur hafi* ráðið yfir stærri flokki, svo að hann dansaði algerlega eftir hans pípu, og það flokkur, sem ætla mætti, að ætti ekki samleið með þeim flokki. En þetta hefir orðið í stjórnartíð hæstv. ráðh. Flokkur hans hefir orðið að hlýða og beygja sig fyrir öðrum flokki, sem er minni, og það í málum, sem viðurkennt er, að hafa verið honum þvert um geð. Þetta vita allir. Ég sagði, að sjálfstæðismenn væru þannig innrættir, að þeir vildu ekki vinna það til fyrir völd að vera svona gólfþurrkur. Stjórn Sjálfstfl. myndi segja af sér, *ef hún kæmist í þá aðstöðu*, að hann þyrfti að dansa eftir pípu minni flokks á þingi. Og þetta gera allir heiðarlegir stjórnmálaflokkar um allan heim.

Ég minntist á, að sú ásökun væri ekki rétt í garð Sjálfstfl., að hann vilji rýra allar tekjur ríkisins, af því að framsóknarstjórn fer með völd. Við höfum greitt atkv. með tekjuöflunarfrv. Framsfl. og verið samvinnuþýðir við afgreiðslu fjárl., sem eru tekjuhallalaus. En Framsfl. hefir hlýtt öðrum ráðum frekar en okkar, og því hefir lítið samkomulag orðið um frv., fyrir tilstuðlan þeirra, sem ráðið hafa í flokknum.

En við skulum halda okkur við efnið og ekki vera með neina spádóma um það, hvað gert hefði verið, ef við hefðum verið í sporum Framsfl., heldur líta á það, sem raunverulegt er í málinu, og það er, að löngu áður en hæstv. fjmrh. fer að hafa áhrif á fjármál landsins eða bera ábyrgð á þeim, þá fór Sjálfstfl. með fjármálin í þessu landi. Við tókum við stórum skuldum, bæði föstum skuldum og lausaskuldum. En árangurinn af fjármálastjórn Sjálfstfl. var sá, að hann galt lausu skuldirnar og lækkaði föstu skuldirnar, og var farinn að lækka skattana. Það er öfugt við stjórnmálastefnu hæstv. fjmrh., sem heröir á skattaskrúfunum, þó að búið sé að benda honum á, að það er óframkvæmanlegt til lengdar að halda ríkisbúskapnum gangandi á þann hátt, sem hæstv. fjmrh. hugsar sér, eða eftir stefnu hans flokks. Við getum því, sjálfstæðismenn, sagt við hæstv. ráðh., að þingsagan sýnir og sannar allt annað en hann heldur fram. Hitt er annað mál, að við höfum gengið á snið við að láta kúga okkur til að hleypa útgjöldum ríkisins í þær ófærur, sem sýnlegt er, að verið er að gera.

Ólafur Thors [óyfirl.]: Hv. þm. Vestm. hefir nú svarað því, sem ég taldi aðallega skipta máli í umræðum hæstv. fjmrh. Sleggjudómar hans um það, hvað Sjálfstfl. myndi hafa gert, ef það hefði verið hans hlutskipti nú að fara með fjármálastjórn, eru óviðfelldnir, og eins og hv. þm. Vestm. sagði, þá þarf vitanlega ekki að hlusta á neinar getsakir í því efni, því að staðreyndirn-

ar tala þar skýrustu máli. Sjálfstfl. tók við fjármálum landsins í öngþveiti — ég held ég segi þar ekki of mikið —, er yfir vofði ríkisgjaldþrot, lausaskuldir voru á 6. milljón kr., sem ríkissjóði bar skylda til að greiða, hvenær sem þess var krafizt af honum, án þess hann hefði einn eyri í handbæru fé. Ríkisskuldirnar höfðu nífaldast á fáum árum, úr 2 upp í 18 millj. Áður en Sjálfstfl. tók við völdum árið 1923, þá var það tæplega á vitorði sjálfra valdhafanna, hvernig komið var. Sjálfstfl. fór svo þrjú ár og nokkra mánuði með völd, og hann hélt þannig á þeim, að hann skilaði skuldunum greiddum að ¼ og sjóðeign ríkisins hækkar um tvær millj. kr., svo að fjárhagurinn batnaði í raun og veru um 8 millj. kr. Þessi fjármálastjórn Sjálfstfl. ber vott um það, að hann tók fast á málunum, en stýrði ekki út í bláinn. Og ef hann hefði farið með fjármálastjórn frá 1924 og fram til þessa dags, þá þyrfti ekki að afla ríkissjóði 15 millj. kr. tekna til að standast afborganir af lánum, og þær afborganir myndu þá vera nokkrum millj. kr. lægri en nú er. Og ég ofmæli ekki, er ég segi, sem hafa hlaðizt á ríkissjóð fyrr og síðar í valdatíð þessara flokka, hvíldu þar ekki, ef sjálfstæðismenn hefðu ráðið fjármálum landsins. Því þarf Sjálfstfl. ekki að svara til saka, hvernig hann myndi fara að, ef hann væri við völd nú; við vitum af fortíðinni, hvernig hann hefir stjórnað, og það er nóg að hjóða reynsluna og fortíðina að tala til að gefa svar við því.

Það var þetta, sem mér þótti rétt, að kæmi fram. Þess vegna kvaddi ég mér hljóðs, en það var áður en hv. þm. Vestm. hélt sína ræðu og færði fram skýr rök fyrir þessu. En góð visa er ekki of oft kveðin.

Það var víst hv. þm. N.-M., sem — að svo miklu leyti sem kleift er að skilja hans mál — minnti mig á, að ég þyrfti að áminna þm., og ég skal taka það til greina að því leyti, að ég vil áminna hann fyrir að vera að dylgja um það, að Sjálfstfl.þm. vinni verr störf sín en hann og hans nótar. Ég hika ekki við að fullyrða, að t. d. í landbn. muni hv. þm. Ak. og hv. þm. A.-Húnv. leggja fram ekki ónotadrýgri vinnu en hann. Ég vil því alls ekki sitja undir neinum hnútum frá hans hendi. Þeir hafa rækt störf sín eins vel og hann og hafa kannske eins góða hæfileika til að bera, svo að ég segi ekki of mikið.

Ég veit ekki, hvort hv. 1. þingkjörinn heldur, að óhætt sé að bekkjast til við mig, því að ég meti hann ekki svo mikils að svara hans seinni ræðu. Ég þóttist gera honum þau skil í dag, og það var auðheyrt, að hann hefir fundið til þess, að ég hafi verið smávegis ónotalegur, og ég neita ekki, að svo muni hafa verið. Og varnarræða hv. þm. bar vott um, að hún var flutt meira af vilja en mætti. Þegar ég heyrði, hvað honum var stirt um vörn, þar sem hann stóð hér í ræðustólnum þrútinn og eldrauður, allur af vilja gerður að kreista út úr sér einhverja fyndni, þá hélt ég, að mínu hlutverki væri lokið að þurfa að taka ofan í við hann. En þegar hv. 1. þingkjörinn fer að lauma því hér inn í hv. deild, að hann hefði sézt koma skríðandi út um glugga hjá mér (**MT**: Það var ekki ég.), þá verð ég að mótmæla slíkri fjarstæðu. Ég hefi aldrei séð þennan mann koma inn til mín; hann hefir aldrei heimsótt mig eða mitt fólk, og ég vil ekki hafa svona dylgjur um mitt heimili hér á hv. Alþ.

Hv. 1. þingkjörinn sagði nú um þessar 3 þús. kr., að hann hefði ekki verið keyptur með þeim. Ég tók líka fram, að hann hefði ekki verið keyptur. Þessi hv. 1. þingkjörinn færði það fram sér til afsökunar, að hann hefði ekki verið keyptur með þessum peningum. En það er einmitt það sama og ég sagði. En hann upplýsti hinsvegar, að hann hefði tekið þá úr sjálfs sín hendi, án samþykktar ríkisstj. En ég vil spyrja, úr því þessi hv. 1. þingkjörinn fékk sér þessa fúlgu úr sjálfs sín hendi til þess að læra mannasiði, hvers vegna hann fékk sér þá ekki nógu mikið, því ekki 30 þús., eða svo mikið, að hann gæti menntað sig sæmilega. Þá hætti hann kannske að koma með af þessum ræðupalli orð eins og „smáskítlegur“ og önnur þess háttar, því að það eru ekki neinir mannasiðir.

Ég verð að segja eins og er, að mér þykir þetta ekki vansalausar upplýsingar, svo að ég tali í alvöru, að hv. þm. skuli lýsa yfir því, að hann hafi sem forseti, án þess að bera það undir ríkisstj., skammtað sjálfum sér 3000 kr. til þess að sigla fyrir. Hvaða rök færir þm. fyrir þessu? Hvað ætlaði hann að vinna landinu til gagns með utanför sinni? Það er fullkomin óskammfeilni, þegar þessi gamli maður stendur hér upp til að miklast af því að hafa gert þetta. Það er óskammfeilni, sem gengur langt úr hófi fram. Þó að hér séu fáir menn til að hlusta á, þá vænti ég þess, vegna þeirra, sem síðar lesa þingtíðindin, að hv. 1. þingkjörinn gefi skýringu á, hvernig á því stóð, að hann leyfði sér án þess að bera það undir þing og stjórn að úthluta sjálfum sér 3000 kr. Ég ætlast ekki til, að hann segi allt, sem hann gerði í siglingunni. Og þó hann nefni eitthvað, þá tek ég það ekki sem afsökun á því, að hann skyldi úthluta sjálfum sér peninga til fararinnar, því ég álít þetta ekki í neinn stað rétt.

Ég verð að viðurkenna, að ég hefi aldrei haft neinar mætur á þessum þm. og oft verið ádeiluharðari í garð hans en aðrir þm., kannske úr hófi, því hann hefir aldrei gert neitt á minn hluta. En ég verð að segja, að ég átti ekki von á því, að þennan hlut hefði hv. þm. á sinni samvizku. Ég ætlaði ekki að angra hann með því að gera þetta að umtalsefni, en hann má kenna sjálfum sér um, því hann hefir verið að bekkjast til við mig og hefir líklega haldið, að ég væri búinn að henda frá mér hirtingarsóflinum.

Forseti (JörB): Ég vil vænta þess af hv. þm. G.-K., að hann kenni þm. við kjördæmi sín.

Hannes Jónsson [óyfirl.]: Ég neyðist til þess að elta ólar við hv. 2. landsk. út fyrir mál það, sem hér liggur fyrir. Hann vildi halda því fram, að mér væri ekki ljóst, hvernig meðferð mála væri í þinginu. Hann var að fræða mig á því, að einstakar greinar gætu ekki komið til atkv. hér í Nd., þegar frv. væri búið að taka breytingum í Ed. Mér er þetta vel ljóst. Nákvæm-

lega sama er að segja um kaflana í þessu frv., því ef einstakar greinar þeirra standa ekki í Ed., þá er ekki hægt að laga þær í Nd. Hv. þm. fullyrðir, að kaflinn verði tekinn upp í Ed., ef hann verður felldur hér í Nd. En í þessu liggur ásökun á stjórnarflokkana, að þeir meti hina kafla frv. svo lítils, að þeir vilja setja þá í hættu, því það er yfirlýst af d., að frv. nái ekki fram að ganga, ef þessi kafli er settur inn. En þá ósvífni vil ég ekki bera á stjórnarflokkana, að þeir lítilsvirði svo atriðin í hinum köflum frv., að þeir vilji láta þá fara í pappírskörfuna með því að beita þeirri þrjózku að taka upp atriði í Ed., sem hafa verið felld í Nd. Þá halda þeir því fram, að sú viðbót, sem felst í 63. gr., sé svo þýðingarmikil, að hin atriði frv. séu lítilsvirði á við hana.

Hv. þm. átti að prófa fyrst, hvort kaflinn yrði samþ. eða ekki, ef hann vildi ekki greiða atkv. móti Framsfl. Hann hefði varla þurft langar viðræður við stjórnarflokkana til þess að fá þá til að ganga inn á, að þetta atriði væri ekki tekið með. Þá vildi hv. þm. reyna að afsaka sig út af því, sem ég hafði sagt um aðstöðu hans í málinu, og sagði um leið þá setningu, að sá, sem afsakaði sig, ásakaði sig oft um leið. Ég sætti mig vel við þennan dóm hans um sína eigin aðferð, að hann sé yfirleitt að ásaka sig, þegar hann er að reyna að afsaka sig fyrir það, sem borið hefir verið á hann. Ég held, að það sé ástæðulaust fyrir hv. þm. að halda því fram, að ég hafi verið að reyna að bekkjast til við hann. Ég man ekki eftir því, að ég hafi yrt á hann neinum slíkum orðum í umr. á þessu þingi. Ég minnist þess ekki. Ég svaraði í ræðu snemma á þessu þingi ýmsum fjarstæðum, sem hv. þm. S.-Þ. hafði haldið fram í sambandi við þennan hv. þm. Hv. þm. gat ekki borið á móti neinu af þeim atriðum, sem ég kom þar með, enda var það eðlilegt, af því að það er sannanlegt, að þau eru staðfest í fundarbók Framsfl. Gluggagöngur þær, sem hann var að tala um, skipta ekki neinu máli, enda er því haldið fram, að hann eigi þar við sjálfan sig. Hann má auðvitað bezt þekkja sínar göngur sjálfur og gleggst um þær vita. Ég skal aðeins minna á söguna um sýslumanninn, sem fékk þær viðtökur hjá ráðskonunni sinni, þegar hún varð vör við hann gangandi á gólfinu um miðja nótt, að hún spurði hann að því, hvort hann væri farinn að ganga í svefni. Hv. þm. gæti kannske fengið Spegilinn til þess að birta mynd af því. Hv. þm. var að skjóta því að mér að láta Spegilinn birta mynd af því, sem hann kallaði sængurgöngu mína við form. Alþfl., hv. 4. landsk. Hv. þm. gæti þá sjálfur látið fylgja mynd af sýslumanninum, sem gekk í svefni, hvort sem það verður nú forsíðumynd eða ekki, enda skiptir það ekki miklu máli. Hann getur þá látið fylgja öll atriðin í svefngöngu sýslumanns. Það er ekki ólíklegt, að það gæti haldið nafni sýslumannsins á lofti, ef slík mynd væri birt. Ég treysti líka hv. 2. landsk. vel til þess að segja þar frá einstökum atriðum, því honum er það svo eiginlegt að segja frá slíkum hlutum.

Svo er það viðvíkjandi þessum 3 þús., sem hv. þm. fékk til þess að læra mannasiði. Það er rangt, að sá lærdómur hafi ekki borið árangur, og sá árangur kom í ljós á alþingishátíðinni 1930. Hv. þm. sá sóma sinn í því að eiga ekki neitt á hættu með að spilla þeirri merkilegu samkomu, og lét því ekki sjá sig þar. Annars skal ég geta þess um þessar 3 þús. kr., af því að mér er það kunnugt, að hv. þm. þótti hæpið að taka þær án þess að fá yfirlýsingu stj. um að hún samþ. það. Hann leitaði þess vegna til stj. til þess að reyna að fá þetta samþykki, en stj. þverneitaði að gefa samþykki sitt til þess að hann fengi þessar 3 þús. kr. Hann hefir því sem forseti gefið sjálfum sér vald til þess að taka þessar 3 þús. kr. móti yfirlýstum vilja stj. Ég hefi aldrei gert þetta sérstaklega að umræðuefni, en vil aðeins drepa á það nú, til þess að sýna, að þegar hv. þm. er að reyna að afsaka sig, þá er hann um leið að ásaka sig. Hann finnur til sektarmeðvitundar sinnar og er því að reyna að bera í bætifláka fyrir sig.

Magnús Torfason: Ég get ekki neitað því, að ég er farinn að hækka í verði. Hv. þm. G.-K. hefir vanalega nefnt mig á þessum seinni hluta þingsins utanþingsmann eða fyrrv. þm. En nú gefur hann mér þann hæsta titil, sem hægt er að sæma almennan þm., og kallar mig 1. þingkjörinn. Ég þakka fyrir og sé nú, að hv. þm. er snúinn af villu síns vegar.

Ég leiddi sjálfur og sjálfkrafa inn í umr., hvernig stóð á utanför minni, og lýsti því yfir, að ég hefði ráðið henni sjálfur. En þetta, sem hér hefir verið sagt, kemur hvergi nærri því, sem fram fór í málinu. Ég fór til páv. forsrh. og óskaði eftir því að fara utan, og taldi fyrir honum ástæður þær, sem ég hafði fyrir þessari ósk minni. Hann féllst á ástæður mínar og þau rök, sem ég færði fram fyrir beiðni minni. (**ÓTh:** Hver voru þau rök?). Ég er ekki skyldugur til þess að skýra frá þeim. En hann féllst á rök mín, og var þá ekki annað eftir en fá ávísun fyrir upphæðinni. Allt það, sem sagt hefir verið um þetta hér, eru staðlausir stafir og kemur hvergi nærri sannleikanum. Annars hefi ég áður gefið skýringar á þessu þeim, sem það hefir komið við.

Hv. þm. V.-Húnv. var enn að reyna að bæta fyrir sér um það, hvernig honum hefði farizt. Og ég sé, að þetta, sem ég rifjaði upp áðan, hefir haft tilætluð áhrif. Hann er nú loksins farinn að skilja vinnubrögðin í þinginu, svo að ég þarf ekki að sjá eftir þeirri kennslu, sem ég veitti honum um þau. En þegar hann er að segja, að ég hefði átt að fela málið, þá þykir mér það hart, að hann skuli dirfast að halda því fram, að það hafi verið á mínu valdi, þar sem það voru einir 6 þm., sem greiddu atkv. móti málinu, og sást á því, að frv. hefði aldrei verið fellt. En hann á eftir að læra svolítið í vinnubrögðum þingsins, því að hann skilur ekki, að ef kaflinn hefði verið felldur umsvifalaust í þessari d., þá gat þessi d. ekki haft áhrif á það, hvað um hann varð, þegar frv. kom til Ed. En með því að fella aðeins þessa einu gr. og það ákvæði, sem mestu máli skipti, þá var stj. neydd til, ef hún óskaði þess, að sæmilega

væri gengið frá málinu í d., að semja um lagfæringar á því, eins og líka varð. Þetta er staðreynd, sem þýðir ekki að mótmæla. — Ég þarf svo ekki meira að svara þessu, allra sízt þessum skemmtiatriðum, sem hv. þm. V.-Húnv. fór með. Þau eiga alls ekki við á þingi, og ég ætla mér alls ekki að ræða það. Og ég get þess vegna lofað hv. þm. að hafa seinasta orðið um þetta. Hann sagði fyrst, að hann hefði ekki minnzt á mig, en hann hélt síðan fyrirlestur mér til ófrægðar um það, hvernig hafi staðið á því, að ég varð ekki forseti 1930. Ég skal ekkert um það segja, hvort hann hefir viljandi farið með staðlausa stafi, en sú lýsing, sem hann gaf, er ekki rétt. Það er leitt, að hv. þm. skuli vera að fara með það inn á Alþ., sem gerist á flokksfundum, og er í rauninni ekki rétt að gera slíkt. En upptök og forsaga þess er sú, að það kom til mála innan Framsfl. á þinginu 1929 að nota þetta heiðursæti, að vera forseti Sþ., þannig, að láta það ganga til skiptis milli þeirra manna í flokknum, sem þættu þess verðir að hljóta það. Mér var tjáð þetta, og ég sagði blátt áfram, að ég kynni vel við þá tillögu. En af ástæðum, sem mér eru ekki kunnar að öllu leyti, þá fór það svo, að ég var kosinn forseti hvert árið eftir annað. Ég segi fyrir mitt leyti, að ég hefi aldrei talið það vansæmd fyrir mig, þó að ég væri ekki forseti 1930. Eins og þá hagaði til, þá valt það á einu eða tveimur atkv., hver yrði forseti. En frá því er að segja, að hvað þetta snertir, þá urðu mannaskipti í Framsfl. þannig, að það deyr einn af mætustu mönnum flokksins, sem var vinur minn og réri fastlega að því, að ég var kosinn forseti á þinginu 1928. Hann var þá dáinn, en annar kominn í hans stað, sem réri eins mikið á móti mér eins og hinn hafði verið mikið með mér. Þetta hefir því allt haft sínar eðlilegu orsakir. Og ég finn ekki til neinnar sektar út af því, sem ég gerði. Ég gerði ekki annað en það, sem sjálfsagt var, en það var að halda fram rétti þingsins og þingforseta. Það er mér nóg, að þeir, sem fjölluðu um þessi mál, féllust á mínar röksemdir og ástæður fyrir því að fara utan.

Hannes Jónsson (óyfirl.): Það er meira en hæpin fullyrðing hjá hv. 2. landsk., að þáv. forsrh., Tryggvi heitinn Þórhallsson, hafi fallizt á það, að hann færi utan. Allir flokksmenn hans á þeim tíma vissu, að hann fór á móti vilja ráðh. í stj. (**MT**: Það eru nú lifandi menn úr þeirri stj. enn). Það liggur í augum uppi, að hv. þm. fer með rangt mál, þegar hann kemur með þessa fullyrðingu. Hvað átti hann að gera utan? Hvers vegna telur hann ekki upp neitt af því? Var hann ómegnugur þess, að gera nokkuð af því, sem hann átti að gera, og treysti hann sér ekki til þess að koma á alþingishátíðina af því? Hann segir, að sér hafi verið tjáð það 1929, að það væri ætlunin að láta forsetatignina ganga milli manna í flokknum. En svo segir hann, að hann hafi verið kosinn forseti hvert árið eftir annað. En hann var aldrei kosinn forseti eftir 1929. (**MT**: Þetta er misskilningur). Það er kannske misskilningur eins og allt annað, sem hv. þm. segir. Hann var kosinn forseti 1928 og 1929. Það var ekki Magnús Kristjánsson, sem kom honum í þessa stöðu. Það er ósannaður fréttaburður frá hv. þm. S.-Þ., að Magnús Kristjánsson hafi sett nokkur skilyrði, þegar hann gekk í Framsfl. í kosningunum 1927. Hann hafði áreiðanlega ekki sett nein skilyrði um það, að þessi hv. þm. væri kosinn forseti. Sá þm., sem olli því, að hv. 2. landsk. var ekki kosinn forseti 1930, var þáv. hæstv. forseti. Og ég er ekki að álasa hæstv. núv. forseta, þó að ég segi, að hann hafi ekki komizt þangað, sem sá forseti komst á þeim þingum, sem hann var forseti á. Það er alls ekki sagt öðrum til hnjóðs, þó að sagt sé, að hann hafi verið sá skörulegasti forseti, sem við höfum haft um marga áratugi.

Um þennan fyrirlestur, sem ég á að hafa haldið honum til ófrægingar, er það að segja, að hann var þannig, að hv. þm. S.-Þing. gat ekki svarað neinu þeirri ádeilu, sem ég bar á hann, að hann hefði sagt rangt frá staðreyndum. Það er ekki ádeila á hv. 2. landsk., þó að sagt sé, að flokksmenn hans hafi ekki viljað hafa hann fyrir forseta 1930. Hann studdist aldrei nema við sáralitinn meiri hl. í þinginu, og munaði það víst ekki nema 1—2 atkv. 1928. Þetta hlýtur hv. 2. landsk. að muna, ef hann á annað borð vill muna það.

Þá vil ég spyrja hv. þm. að því, þar sem hann var að tala um, að það hefði ekki mátt fella niður 5. kaflann í tryggingarmálunum, hvort hann hefði ekki getað komizt að samningum við stjórnarflokkana um að orða kaflann upp. Ef hann hefði byrjað á því að fella hann alveg, þá hefði hann haft betri skilyrði til þess að fá hann orðaðan upp eftir sínu höfði. Þetta gerði hann ekki, og það var af því, að eftir að hann var búinn að halda sína ræðu, þá var hann settur í gapastokk. Hann var settur í gapastokk strax og hann kom á þing, og það hefir alltaf verið hert að honum þar, svo að hann er þegar pólitískt dauður, þó að hann hangi hér á þingi vegna rangrar ályktunar meiri hl. þings. — Ég get svo látið lokið máli mínu. Hv. þm. kemst aldrei utan um það, að hann hefir orðið að éta ofan í sig allt, sem hann sagði í upphafi árásarræðu sinnar.

Jörundur Brynjólfsson: Ég verð að segja, að ég er hálf undrandi á þm., ef þeim líkar það, hvernig ræður manna hafa fallið hér í kvöld. Ég veit ekki, hvort þeir álíta, að þetta sé máli því, sem til umr. er, til virðingar eða vegs. Mig furðar á því, að þm. skuli viðhafa þau orð, sem sumir ræðumenn hafa látið sér um munn fara í kvöld. Ég myndi hafa séð í gegnum fingur við þá, ef það hefði ekki borið á góma, sem snertir einkamál manna á leiðinlegan hátt. Það er leiðinlegt að vera að bera það inn á þing, sem gerist á flokksfundum, og þá ekki síður það, sem gerist í einkasamtölum eða í privatmálum manna. En þar sem er verið að draga það í efa, að hv. 2. landsk. hafi fengið fé það, sem hann fékk til utanferðar, með vitund þeirrar stj., sem þá var við völd, þá vil ég segja það, sem ég veit réttast um það mál, og læt hvern einn um það, hvort hann álítur, að mér

hafi gengið þar nokkuð til að halla þar réttu máli. Ég læt hvern einn um það, sem þekkir málflutning minn hér á þingi, og verður þá hver og einn að meta það, sem ég segi, eftir þeirri þekkingu, sem hann hefir á mér og því, sem hann veit um málflutning minn. Ég get sagt það, að ég átti tal við þáv. forsrh., Tryggva heitinn Þórhallsson, um siglingu Magnúsar Torfasonar, rétt áður en hún varð. Og það barst í tal þá, að hann vissi vel um þessa siglingu, og lét hann ekki í ljós, að hann væri ósamþykkur henni á neinn hátt. En ég veit ekki, hvaða orð hafa fallið milli Tryggva heitins Þórhallssonar og Magnúsar Torfasonar. En frekar veit ég svo ekki um þetta mál. Mér þótti rétt að láta þetta koma fram, úr því að umr. hafa falið eins og raun er á orðin.

Frsm. minni hl. (Ólafur Thors) [óyfirl.]: Ég veit ekki, að hve miklu leyti hæstv. forseti hefir beint til mín þessum ummælum sínum, og vildi ég því gjarnan fá að vita það nánara hjá hæstv. forseta. **(Forseti:** Ég vona, að tilheyrendur mínir hafi heyrt það, sem ég sagði, og skilið það, og læt ég hvern og einn um það, að hve miklu leyti hann tekur það til sín). Ég er frsm. í þessu máli og hefi því tekið hér oftar til máls, og vildi ég því vona, að hæstv. forseti kvæði skýrara á um, að hve miklu leyti ummæli hans eru meint til mín. Að ég hefi farið út fyrir efnið, er að gefnu tilefni frá einum hv. þm., og vil ég ekki liggja undir því og tel ekki ástæðu til, þar sem hæstv. forseti áleit svo miklu máli skipta að blanda sér í þetta atriði, að hann fór úr forsetastól til að tala í þessu deilumáli. En ég skal upplýsa það, að hann átti ekkert erindi; hann gaf engar upplýsingar í málinu og má því illa ávíta aðra þm. fyrir að minnast hér á þetta atriði. Hann upplýsti ekkert nema um samtöl við Tryggva sál. Þórhallsson, sem við vissum allt saman, af því Magnús Torfason hefir upplýst það áður, — ég kalla hann með nafni, eins og hæstv. forseti gerði, og kann ekkert illa við það. — Þetta samtal veit annars enginn um eða hvort fyrrv. forsrh. hefir samþ. þennan styrk, sem ég kannast ekki við fyrir mitt leyti að hafa dregið hér inn í umr. En þarna hafa menn séð dregna fram eina mynd úr baktjaldamakki stjórnmálamanna. Það, sem skeði, var ekki annað en að þáv. forseti úthlutaði sjálfum sér styrk upp á eindæmi, og svo upplýsist, að hæstv. forsrh. þáv. hafi ekki séð sér annað fært en gefa jáyrði sitt við eftir á. Ef ennþá vakir nokkur réttlætiskennd meðal þm., þá hafa þeir gott af að heyra svona sögur.

Þá hefir fjarverandi maður verið dreginn hér inn í umr. á mjög ósmekklegan hátt. Það var gert af M. T., sem gat þess, að Ásgeiri Ásgeirssyni hefði verið potað upp í forsetastól af því að hann var mágur Tryggva sál. Þórhallssonar. Þetta var sannarlega ekki af því, að Ásg. Ásg. væri tengdur forsrh. þáv., heldur fyrst og fremst það, að hann var vitanlega hvergi nærri sambærilegur við M. T. um, hvað sá fyrrnefndi bar langt af, og Ásg. Ásg. hafði þá kosti til að bera, að þjóðin má því vel una, að hann var forseti Sþ. á 1000 ára afmæli Alþingis. Ég tel þetta með því bezta, sem hent hefir á slysaferli Framsóknar og sósíalista, að þeir skyldu velja svo virðulegan mann og Ásg. Ásg. til að vera fánabera fyrir alheimi, þegar í lest reið á, því sannarlega var hann sá þeirra, sem bezt var til þess fallinn.

Magnús Torfason: Þetta, sem hv. þm. V.-Húnv. er að tyggja upp, eru staðlausir stafir. Hann getur ekki vitað, hvers vegna ég var kosinn forseti S.-Þ. En ég skal upplýsa um það. Eins og hann mun vita, komst ný stjórn að 1927, og leið svo til þings 1928. Á því tímabili stakk Jónas Jónsson upp á því að láta þessa tign ganga milli helztu manna flokksins. En af ástæðum, sem ég vil ekki greina, þá fór nú samt svo, að ég var forseti á þingunum 1928 og 1929, sennilega af því, að ég var kosinn forseti 1927. En að ég hafi sett skilyrði fyrir inngöngu í flokkinn, nær ekki nokkurri átt. Ég hefi engin skilyrði sett, hvorki fyrr né síðar; ég er ekki vanur að selja mig eða mína sannfæringu. Það hafa aðrir sótzt meira eftir því en ég. En þetta sýnir löngun hv. þm. V.-Húnv. til þess að svívirða mig, án þess að ég hafi sagt nokkurt orð honum til hnjóðs, og mun heldur ekki gera.

Þá kemur sá misskilningur fram, að ég hafi tekið mér þessa peninga sjálfur. Eins og ég tók fram áðan, var það greitt með ávísun, sem ég fékk á ríkisféhirði, eftir að hafa talað við þáv. forsrh. Ég get gefið eina ástæðu enn fyrir því, að ég fór fram á að fá fé til siglingar. Ég ætlaði utan mér til heilsubótar, og fór það. Ég var í 1 mánuð hjá lækni í Khöfn, og hann réð mér til að fara suður í lönd. Ég gerði það, og batnaði þó nokkuð. — Nú skilja menn kannske, að það er dálítið annað að ferðast sem þm. eða sem forseti Sþ., og þess vegna þarf meiri risnu en annars. Þetta taldi ég mér ekki skylt að greiða úr eigin vasa, en taldi mér hinsvegar skylt að koma fram eins og staða mín krafði.

Það er langt frá, að forsrh. hefði á móti þessum styrk, þegar við töluðum um þetta okkar á milli, og er ég spurði, hvort hann vildi ekki tiltaka einhverja upphæð, þá sagði hann bara: „Þú ræður því sjálfur". Þetta var það, sem fór okkar á milli, enda var gott á milli okkar þá og ætíð, og varð ég aldrei var við annað en hann væri þessu fyllilega samþykkur. — Svona liggur í þessu merkilega máli, sem verið er að reyna að núa mér um nasir.

Annars skal ég geta þess, að embættimönnum hefir oft verið veittur styrkur, án þess að eftir væri talið, og ég hafði þá, þegar þetta var, gegnt embætti í hálfan fjórða tug ára, svo að frá því sjónarmiði einu saman er þessi styrkveiting eðlileg. Hvað snertir mín verk, skal ég ekki fara út í hér, en það er ýmislegt, sem ég grennslaðist eftir þá, sem hefir borið og er að bera árangur.

Hv. þm. G.-K. var að fjarskast yfir því í ræðu sinni, að orð mín hefðu verið smáskitlegt aðkast, eða ef ekki, þá a. m. k. óviðurkvæmileg orð, sem ég notaði. Sami þm. var að fjarskast yfir því, að ég hefði leyft mér að minna á það,

að Ásg. Ásg. var mágur þáv. forsrh. Ég get ekki séð með mínum bezta vilja, að ég hafi gert honum nokkurn miska með að geta um það, sem allir vissu. Ég þykist vita, að enginn maður sé svo grænn, að hann viti ekki, að þetta hefir sínar ástæður og afleiðingar. Ég býst ekki við, að nokkur maður hafi heyrt eftir mér, að ég á nokkurn hátt hafi lastað eða gert lítið úr framkomu Ásg. Ásg. árið 1930. Þau orð, sem voru um það töluð, fóru því fyrir ofan garð og neðan hjá mér. Mér þykir vænt um að heyra, að hv. þm. G.-K. lætur sér annt um velsæmi þingsins, og vildi, að hann hefði alltaf gert það, og vona, að hann geri það hér eftir. Ég mun reyna að taka eftir því.

Hannes Jónsson [óyfirl.]: Það var hálfvesalt hjá hv. 2. landsk., sem collegi er, þegar ekki er tekið undir með honum, nema lítilsháttar af hæstv. forseta. (MT: Var það ég, sem byrjaði á mannasiðunum?). Hann heldur því fram, að hann hafi verið talinn með helztu mönnum flokksins. Ég skal ekki reyna að hafa þetta úr huga hans; hann er e. t. v. eini maðurinn, sem sættir sig við svona hugarburð. En ekki hefir þessi virðing á honum rist djúpt, úr því að það dugði, að einn maður hvarf í burt. En það á að vera einn maður, Magnús sál. Kristjánsson, sem réð því, að þessi hv. þm. var kosinn forseti Sþ. Það er orðin aum vörnin fyrir því, að hann hafi ekki tekið 3 þús. kr. styrkinn. Hann upplýsir, að hann hafi tekið hann sér til lækninga. En þarf sjúklingur að halda uppi risnu í K-höfn? Og hvernig er það með núv. hæstv. forseta Sþ.? Hvað notar hann í risnu? Ég hefi ekki heyrt, að hann eyði ríkisfé í risnu niðri í K-höfn. Ég held, að hann hafi ekki eytt meiru í sumar en aðrir lögjafnaðarnefndarmenn á ferð þeirra til Danmerkur, og þó er hann forseti Sþ.! Og honum hefði átt að vera sama skylda að veita risnu og þessum hv. þm., sem fór utan sem sjúklingur, en ekki í erindum ríkisins.

Hann kemur sjálfur með sönnun fyrir því, að þáv. hæstv. forsrh. lagði ekki blessun sína á þessa ráðstöfun með 3 þús. kr. Hann segir, hv. þm., að hann hafi ekki viljað ákveða neitt um upphæðina. Hann mun hafa haldið því fram, að hann gæti ekki neitað þessu, en bæri aðeins að gera þinginu reikningsskil, hvers vegna hann sem ráðh. hefði fallizt á að greiða þetta. (MT: Þetta er allt eintóm vitleysa). Það er vitleysa af hv. þm. að „flottera“ sig á því að vera að reyna að klóra yfir þessa styrkveitingu, því að ræða hv. þm. varð bara til þess, að áheyrendur fundu, að þetta allt var honum til svívirðingar, og hefir hann stuðlað að því, að öll umr. yrði til svívirðingar. Það er ekki mín sök, þó önnur mál hafi dregizt inn í umr.

Ég skal svo láta lokið máli mínu við þessa umr., en vil segja hv. 2. landsk. það að lokum, að ég er honum ekki óþakklátur fyrir að gefa kost á að ræða um þetta mál, og ég er reiðubúinn að eiga við hann umr., ef hann þorir, og það verður ekki eins og um daginn, þegar ég bauð honum austur í Árnessýslu á fund. (**Fjmrh.**: Var það almennur fundur?). Nei, það var á flokksfund Bændafl., en hann þorði ekki að koma, og þó segist hann vera einasti og bezti Bændafokksmaðurinn.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 99. fundi í Nd., 14. des., var fram haldið 2. umr. um frv.

ATKVGR.

Brtt. 758,1 felld með 16:13 atkv.
1. gr. samþ. með 17:11 atkv.
Brtt. 758,2 felld með 16:11 atkv.
2. gr. samþ. með 17:9 atkv.
Brtt. 758,3.a felld með 16:12 atkv.
— 806,1.a—b felld með 16:15 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: GÍ, HannJ, JakM, JJós, JÓl, JónP, JS, ÓTh, PHalld, PO, SK, TT, EE, GÞ, GSv.
nei: HV, JG, PZ, PÞ, SigfJ, SE, StJSt, ÞorbÞ, BJ, BÁ, BB, EmJ, EystJ, FJ, GG, JörB.
MT greiddi ekki atkv.
Einn þm. (ÁÁ) fjarstaddur.
Brtt. 806,2.a—b felld með 16:15 atkv., að viðhöfðu nafnakalli og sögðu
já: JakM, JJós, JÓl, JónP, JS, ÓTh, PHalld, PO, SK, TT, EE, GÞ, GSv, GÍ, HannJ.
nei: HV, JG, PZ, PÞ, SigfJ, SE, StJSt, ÞorbÞ, BJ, BÁ, BB, EmJ, EystJ, FJ, GG, JörB.
MT greiddi ekki atkv.
Einn þm. (ÁÁ) fjarstaddur.
Brtt. 806,2.c—d felld með 16:13 atkv.
— 760,a—b samþ. með 23 shlj. atkv.
— 758,3.b felld með 16:15 atkv.
3. gr., svo breytt, samþ. með 17:8 atkv.
4.—5. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
Brtt. 758,4 felld með 16:14 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 17:14 atkv.

Á 100. fundi í Nd., 16. des., var frv. tekið til 3. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 101. fundi í Nd., 17. des., var frv. aftur tekið til 3. umr. (A. 821, 824, 825, 829, 843. 844).

Sigfús Jónsson [óyfirl.]: Meiri hl. fjhn. á hér 2 brtt. við frv. þetta. Af því að frsm., hv. 1. landsk., er forfallaður sökum veikinda, hefir það fallið í minn hlut að hafa framsögu.

Brtt. á þskj. 824 eru fram komnar eftir ósk hæstv. ríkisstj. Aðalbreyt. er sú, að innheimta skuli 8 aura gjald af hverjum benzínlítra, sem innfluttur er á árinu, og sömuleiðis af þessa árs birgðum, að frádregnum eða undanþegnum 300 lítrum. Þessum tekjuauka skal öllum varið til lagningar og malbikunar þjóðvega, og er svo ákveðið, að í Suðurlandsbraut skuli verja 70 þús. kr., til malbikunar vegarins inn að Elliðaám 50 þús. kr., til Hafnarfjarðarvegar 50 þús. kr., til vegar á Holtavörðuheiði 40 þús. kr., til Austurlandsvegar og Geysisvegar allt að 20 þús. kr. til hvors, eða samtals 250 þús. kr., eins og áætlað er, að skatturinn muni nema. Þá er tekið fram, að endurgreiða skuli innflutningsgjald af benzíni því, sem notað er til virkjunar Sogsins. Að öðru leyti gilda ákvæði l. nr. 84 frá 6. júlí 1932, um innflutningsgjald af benzíni.

Heyrt hefir maður áværing af, að ekki séu allir ánægðir með þessa hækkun, og er það ekki nema eins og við má búast, því enginn þarf að ætla sér að geta gert svo öllum líki. Til að sýna, hvernig skattur þessi er í öðrum löndum, þar sem hann er alstaðar hærri, skal ég, með leyfi hæstv. forseta, lesa hér upp úr skýrslu vegamálastjóra:

	Benzínverð með skatti og tolli.	Án skatts og tolls.	Skattur og tollur.
Ítalía	77,62	28,34	49,28
Frakkland	65,05	17,85	47,28
Þýzkaland	62,69	27,26	35,43
Sviss	52,18	27,00	25,18
Belgía	45,07	15,56	29,51
Engl. og Wales	34,91	18,48	16,43
Noregur	30,43	19,16	11,27
Danmörk	30,00	17,00	13,00
Svíþjóð	28,91	17,23	11.68

Ef maður tekur Norðurlönd, kemur í ljós, að skatturinn er alstaðar hærri en hér; í Svíþjóð er hann 28,9 aur., en þar er innflutningsverð á benzíni lægst, eða 17,23 aur. Danmörk ein er lægri með innflutningsverð, en þar er skatturinn hærri, eða 13 aur. móti 11,68 aur. í Svíþjóð. Eins og er í l. frá 1932, skal endurgreiða toll af benzíni, sem notað er til annars en rekstrar bifreiða.

Þá er hér önnur brtt. frá meiri hl. fjhn. við 2. gr., að í stað sveitarsjóða komi sýslusjóða.

Er hún flutt vegna þess, að í sveitum landsins er lítið um menn, sem lenda í hátekjuskatti, og mundi lítið um þann tekjuauka muna fyrir hvern hrepp, en þó kannske fremur, ef hann rynni í þennan sameiginlega sjóð, að hann kæmi að einhverju gagni.

Eg skal svo til að byrja með ekki fara lengra út í þetta, en aðeins geta þess, að það liggja hér fyrir fleiri brtt. T. d. er brtt. á þskj. 829 um heimild til fjmrh. að gefa undanþágu um vélar o. fl., og getur meiri hl. gengið inn á þá till., þar sem aðeins er um heimild að ræða. Þá er viðaukatill. á þskj. 824, frá hv. þm. Vestm., þar sem talað er um að undanskilja viðskiptagjaldi nýtt og þurrkað grænmeti og ávexti. Svipuð till. var felld við 2. umr. í hv. Ed. og meiri hl. fjhn. getur ekki fallizt á hana.

Á þskj. 843 er brtt. frá hv. 2. þm. Reykv., er mælir svo fyrir, að ef tekjur af benzínskatti fari fram úr 250 þús. kr., skuli það lagt í sérstakan sjóð, er gangi síðan til Suðurlandsbrautar árið 1937. Hvað þessa till. snertir, get ég vel samþ. hana.

Skal ég svo ekki orðlengja þetta frekar, nema ef tilefni gæfist til síðar.

Frsm. minni hl. (Ólafur Thors) [óyfirl.]: Það er nú komið á daginn, sem ýmsa hefir grunað, að ríkisstj. mundi enn flytja frv. til skattauka. Hefir undanfarið gengið orðrómur um, að þetta mundi í vændum, en margir hafa haldið, að stj. hefði ekki þrek til að bera slíkt fram. Enda er sýnilega uggur í stjórnarliðinu að koma fram með slíka till., því þeir hafa dregið það þar til á síðustu stundu.

Auk þess, sem till. þessi sætir efnislegri mótstöðu minni hl. fjhn., verð ég eins og hv. 3. þm. Reykv. að víta mjög þá aðferð að bera fram brtt. við mál við síðustu umr. í síðari d. Er sú aðferð nú mjög farin að tíðkast til að knýja í gegn meiri háttar mál með tveimur umr., sem að réttu lagi á að ganga gegnum 6 umr. Ég játa, að til er fordæmi fyrir þessari aðferð, en ég hygg, að ekki finnist dæmi neitt í líkingu við það, sem nú er, og ekkert þing hefir gengið neitt svipað eins langt og þetta. Eitthvert gleggsta dæmið er nú úr Ed. Þar er notað lítið frv. til að hnýta aftan við það 17 eða 18 brtt. um mjög veigamikil atriði. Þetta er mjög óviðfelldin aðferð, svo ekki séu notuð sterkari orð.

Hvað viðvíkur efnislegri meðferð er sjálfstfl. þessu algerlega andvígur. Við hv. 3. þm. Reykv. lítum e. t. v. misjöfnum augum á benzínskatt yfirleitt, en við erum sammála um, að eins og nú horfir sé ekkert vit í að hækka þennan skatt, sem er ákaflega þungbær fyrir gjaldendurna.

Ég á erfitt með að trúa því, að hv. 2. þm. Reykv. geti gengið inn á þennan skatt. Ég man það hér á árunum, þegar við vorum báðir nýkomnir inn á þing, að ég flutti frv. um að breyta þáv. bifreiðaskatti, sem hafði verið hestorkuskattur, í benzínskatt. Skatturinn var þá 8 kr. á hestafl í fólksflutningsbifreiðum, en 2 kr. á hestafl í vöruflutningabílum. Það var játað af löggjafanum, að bifreiðaeigendur ættu að greiða skatt sem skaðabætur fyrir vegaslit. Ég flutti þetta frv. samkv. tilmælum 187 bifreiðaeigenda. Mér þótti þá, eins og mér þykir enn, rétt að taka tillit til, hve vegirnir slitnuðu mikið við umferð bifreiða, og m. a. af því — eins og líka var upplýst þá í umr. —, að ég vissi, að þungi bifreiðanna stendur ekki í hlutfalli við hestorku vélanna, þá flutti ég þetta frv. Þá reis hv. 2. þm. Reykv. og margir aðrir — m. a. hv. 1. þingkjörinn, Magnús Torfason — upp á móti þessu frv.

Ég vil leiða athygli að því, að þá var þessi skattur áætlaður 25 þús. kr., og ég vil leggja áherzlu á það, að ég ætlaðist aldrei til, að benzínskatturinn samkv. frv. mínu næmi meiru en sem svaraði þessari upphæð og miðaði við þær hagskýrslur, sem ég hafði í höndum. Síðan varð það upplýst eftir nýrri skýrslum að skýrsla frá hagstofunni fyrir árið 1924 var ekki nákvæm, því að innflutningur á benzíni hafði aukizt, eða var 1925 880 tonn brúttó, og flutti ég þá brtt. við frv. mitt, að skatturinn yrði 3½ eyrir á lítra, eða 5 au. á kg., og nam hann þá 25 þús., eða 23600 kr., miðað við að innflutningur væri 508 smál.

Eftir upplýsingum hv. 2. þm. Reykv., sem var nákunnugur þessu, þar sem hann var sjálfur benzínsali og vissi því betur en ég og hagstofan, þá hafði innflutningurinn vaxið svo mikið, að hann var kominn á 9. hundr. þús. kg. Eftir þessum upplýsingum reiknaði hann, að skatturinn mundi verða 40—50 þús. kr. Ég tók strax afleiðingunum af þessu, og meðan málið var í meðferð lagði ég til, að skatturinn yrði lækkaður úr 5 aur. pr. kg. í 3 au. pr. kg., eða um ⅖ hluta. Því eins og ég sagði áðan, var tilgangur minn ekki að hækka bifreiðaskattinn, heldur að ná sömu upphæð á annan hátt. Það, sem fyrir lá var ekkert annað en að breyta skattinum

úr hestorkuskatti í benzínskatt. Gegn þessu rísa hv. 2. þm. Reykv. og fleiri hv. þm., og fyrir utan persónulegar ádeilur á mig, sem þessi hv. þm. viðhefir alltaf, þá kvaðst hann berjast gegn þessu frv. og greiða atkv. móti því vegna þess, eins og hann orðaði það, „að þetta væri gífurlegur skattur". Og svo heldur hann áfram með leyfi forseta: „Það er nú atríði út af fyrir sig, hvort eigi að hækka skatt á bifreiðum eða ekki, og finnst mér reyndar sízt vera ástæða til þess að íþyngja þessum samgöngum með auknum skatti." En svo fer hann út í, hvað benzínskatturinn sé algerlega röng aðferð, og hann sé gerður til að hlífa lúxusbílum, en leggja á ranglátan skatt. — Þegar verið er að ræða þetta mál, þá snýst hann öndverður gegn því, segir, að þetta sé gífurlegur skattur og gerður til að hlífa lúxusbílum. Hann hefir víst ekki átt neinn lúxusbíl þá. (**HV**: Og á ekki enn). En hefir hann þá a. m. k. að láni með góðum kjörum.

Nú er af stjórnarliðum flutt till. um benzínskatt. Ástandið er breytt, skattþunginn hvílir á flutningunum á landi. Nú er skatturinn ekki 26300 kr., heldur 300 þús. kr. Nú er ekki verið að breyta skatti, heldur hækka skatt, **tífalda benzínskattinn** frá því, sem þá var. Við síðustu árs sölu var tollurinn tekinn mánaðarlega jafnóðum og selt var, líklega samkv. l.; ég veit ekki hvernig á því stendur, venjulega er tollur tekinn af vörum um leið og þær koma í land. Ef við segjum, að síðastl. ár hafi verið seldir af benzíni 500 þús. lítrar og greitt í toll 4 aur. pr. lítra, þá nemur það 200 þús. kr. Nú er aðstaðan breytt; nú nemur benzínskatturinn ¼ úr milljón á ári og nú á að bæta við öðru eins, öðrum fjórðungi úr milljón.

Ég vil nú spyrja þá menn, sem voru á móti þessum skatti 1926 og töldu þetta gífurlegan skatt, óbærilega háan o. s. frv., hvernig þeir ætla að verja gerðir sínar, að leggja nú ofan á þennan skatt. Ég vil fá þessu svarað með skynsamlegum rökum, sérstaklega af hv. 2. þm. Reykv. og 1. þingkjörnum. En ég hygg, að þeim verði stirt um rök. (**MT**: *O-jæja!*). Ég er nú raunar ekki hissa á þessum hv. þm., þó honum finnist ekki vanta rök, því hann kemur aldrei auga á, hvað rök eru.

Ég hefi sérstaklega beint máli mínu til hv. 2. þm. Reykv., bæði fyrir það, að hann er á*hrifamaður í sínum flokki, og eins vegna þess*, hvað hann heitti sér fast á móti frv. mínu, sem ekki fól í sér minnstu breyt. til hækkunar á *þessum skatti, heldur* var aðeins flutt til að breyta til um skattstofn, ef svo mætti orða. Ég vona, að ég fái að heyra, hvaða rök hann *færir fyrir sínu máli*, en ef þau verða þau, að bílaeigendur eigi að fá endurgjald fyrir þennan aukna skatt í bættum vegum, þá vil ég leggja ríka áherzlu á, að það er a. m. k. engin bein sönnun til fyrir því, að þessari hækkun á skattinum verði nokkurn tíma létt af, ef hún verður einu sinni lögleidd, og það er alls engin trygging fyrir hendi um það, að það eigi að verja þessum skatti í framtíðinni til ákveðinna vega, þótt það eigi að gera það á fyrsta ári eftir hækkunina. Í núgildandi lögum eru fyrirmæli um það, að vissum hluta af skatti skuli verja á ákveðinn hátt. Við vitum vel, að þegar slíkur skattur er kominn á, þá er ekkert frekar spurt um, hvernig verja skuli þeim peningum heldur en öðrum. Það er lýðum ljóst, að hér hafa verið í lögum fyrirmæli um það, að vissum hluta af ágóða tóbakseinkasölunnar sé varið á vissan hátt, t. d. til verkamannabústaða og til byggingar- og landnámssjóðs; þannig þekkjum við þess mörg dæmi, að meðan verið er að koma óvinsælum skatti á, þá er ákveðið, að svo og svo *mikill hluti* hans eða hann *allur skuli* renna til einhvers þess, sem þeir, er vilja koma skattinum á, hyggja, að sefi óánægjuna þar, sem skatturinn kemur þyngst niður. Þessu er lofað á meðan verið er að leggja skattinn á, en varla er skatturinn í lög leiddur fyrr en þessu er breytt. Þess vegna skortir rök til að afsaka það, að þessum skatti eigi að verja til vegagerðar á fyrsta ári, því að ég er viss um, að þessu skattafyrirmæli verður haldið áfram, og ég er jafnviss um, að það er hrein hending, hvort ákvörðun um ráðstöfun þess fjár, *sem ætlað er með þessum skatti*, verður bundin við 1, 2 eða 3 ár, því að mér þykir næsta trúlegt, að ekkert verði framkvæmt fyrsta árið *í þessu efni*.

Ég þarf ekki að fara mörgum orðum um aðrar till. Minni hl. n. samþ. till. á þskj. 844. Við *getum líka samþ. till. frá meiri hl. hv. fjhn.* á þskj. 825, og ég geri líka ráð fyrir, að við munum geta samþ. till. á þskj. 843; hv. meðnm. *minn er líka samþ. því*. Það er ef til vill trygging fyrir því, að 1937 verði a. m. k. einhverju varið.

Minni hl. n. mun greiða atkv. á móti þessum nýja okurskatti á samgöngunum í landinu, þar sem þessi benzínskattur er orðinn tuttugu og *fimm sinnum hærri en ég hefði átt von á* sem heildarupphæð — ekki sem prósentuupphæð —, og sem heildarupphæð er skatturinn um tólf *sinnum hærri en hann var*, þegar hv. 2. þm. Reykv. taldi hann gífurlegan skatt; ég vil taka það fram, til þess að forðast útúrsnúninga, að ég á ekki við prósentuupphæð heldur heildarupphæð.

Fjmrh. (Eysteinn Jónsson) [óyfirl.]: Hv. frsm. málsins hefir gert grein fyrir ástæðunni til þess, að brtt. þessi kom fram við frv. á þskj. 841, og ætla ég ekki að fara frekar út í það. En út af því, að hv. þm. G.-K. sagði áðan, að það væri óviðkunnanleg aðferð að koma með stórar till. í sambandi við frv., sem komin eru langt áleiðis í þinginu, ætla ég að segja nokkur orð.

Hv. þm. kannast að sjálfsögðu við það, að þetta á ekki að koma þingheimi eins á óvart og hv. þm. vill láta í veðri vaka, því að hv. fjvn. hefir byggt sínar till. við fjárl. á því, að samþ. yrði á þessu þingi einhver viðbót við benzínskattinn, og í nál. er sagt á einum stað, að n. búist við, að benzínskatturinn verði hækkaður. Ég skal játa, að æskilegt væri, að stórar og umfangsmiklar till. gætu gengið á venjulegan hátt í gegnum allar umr., en við vitum það vel, að meðferð mála hér á þinginu er og hefir alltaf verið þannig, að það hefir borið á því

meira og minna, að brtt. hafa komið fram við mál á ýmsum stigum málsmeðferðarinnar. Til þess að sýna fram á, að það, sem hér hefir verið gert, er ekkert einsdæmi, skal ég taka eitt dæmi, sem er svipað þessu. Árið 1933 var flutt af hálfu ríkisstj. frv. um framlengingu á gengisviðauka á ýmsum tollum. Þegar málið var búið að ganga gegnum Ed. og komið til 3. umr. í Nd., þá var fyrir tilmæli þáv. fjmrh. flutt brtt. við frv., og hafði hún í sér fólgna tekjuöflun til ríkissjóðs, sem nam milli 600 og 700 þús. króna, sem sumpart var falið í viðauka á kaffi- og sykurtolli og sumpart í 40% viðauka á tekju- og eignarskatti. Af þessu sést, að það sem hér er verið að gera, er ekkert sérstakt í sinni röð, enda þótt það væri vitanlega æskilegt, að allar till. gætu komið fram sem fyrst á þinginu og fengið venjulega meðferð.

Um málið sjálft vil ég segja það, eins og hv. frsm. n. sýndi greinilega fram á, að benzínskatturinn er miklu lægri hér en í nokkru öðru landi, sem vegamálastjóri hefir fengið upplýsingar um, og munar þetta svo miklu, að það mun láta nærri, að hann sé aðeins rúmlega ⅓ hér á landi af því, sem hann er lægstur annarsstaðar. Og það sjá allir, að hér á landi er sennilega meiri kostnaður við vegi en í mörgum þessara landa, vegna fámennis þjóðarinnar. Þegar á þetta er litið, þá sé ég ekki ástæðu til þess að rjúka upp á nef sér, þótt farið sé fram á hækkun á þessum tolli, þegar því er slegið föstu, að allur viðaukinn gangi til þess að gera betri vegi. Eins og fjárhag ríkissjóðs nú er háttað, er ómögulegt að búast við, að unnt sé að sinna miklum vegabótum, eins og nauðsyn rekur til, nema með því móti að afla ríkissjóði tekna á þann hátt, sem hér er farið fram á. Og þó menn mæli á móti þessu, sem ég er ekki hissa á, að hv. stj.-andstæðingar geri, þá álít ég, að ef menn líta á alla málavexti, þá ættu þeir að geta sannfærzt um, að þessi hækkun á skattinum er ekkert óeðlileg, og ég verð að segja, að mér finnst það sæta undrun, hversu lengi þessum skatti hefir verið haldið eins lágum og hann er nú lögum samkvæmt, með tilliti til þeirra örðugleika, sem að steðja.

Héðinn Valdimarsson [óyfirl.]: Mér datt í hug, að hv. þm. G.-K. myndi vilja minnast á „litla og ljóta“ frv. um benzínskatt við þetta tækifæri, en ég verð að segja, að það er ekki mikill samjöfnuður á milli þessara tveggja frv. Eins og málið lá þá fyrir, var í rauninni ekki um annað að ræða en það, að hv. þm. G.-K. vildi koma skattinum af einkabifreiðum og yfir á vöru- og fólksflutningabifreiðir. Annað vakti ekki fyrir hv. þm. Hann segir, að hann hafi ekki hugsað sér neina tekjuöflun með þessu. Alþfl. barðist á móti þessum skatti þá, og eins seinna, þegar átti að leggja á 4-aura gjaldið, sem varð að l. 1932, og sögðum við þá eins og nú, að það væri öðru máli að gegna í þessu efni, ef benzínskatturinn væri að svo og svo miklu leyti notaður til þess að gera þeim, sem stunda bílflutninga, auðveldara að stunda atvinnugrein sína. Nú í ár er öðru máli að gegna um þennan skatt heldur en undanfarin ár, og koma þar tvær ástæður til greina; í fyrsta lagi er fjárþröng ríkissjóðs mikil, og í öðru lagi eru horfur á miklu atvinnuleysi hjá landsmönnum. Af þessum horfum leiðir, frá sjónarmiði Alþfl., aukin hætta á því, að hinu opinbera takist ekki að halda uppi afkomu landsbúa á viðunandi hátt. Til þess að koma í veg fyrir þessa hættu, verður vitanlega að fara einhverja fjáröflunarleið, og fyrir utan þær, sem eru þegar farnar, hefir verið ráðizt í — til þess að auka atvinnu í landinu — að leggja á þennan sérstaka skatt, sem skýrt er tekið fram, í hvaða vegi á að ganga. Hv. þm. G.-K. ætti að lesa listann yfir þá vegi, sem skattaukinn rennur til, en hann á t. d. að ganga til Suðurlandsbrautar og Hafnarfjarðarvegar, Holtavörðuheiðarinnar, sem mestum óþægindum veldur fyrir ferðir milli landsfjórðunga, til vegar frá Reykjavík og inn að Elliðaám, til Geysisvegar frá Múla og loks til Austfjarðavega.

Þetta eru allt vegakaflar, sem mjög mikils er um vert, að fáist gerðir betri. Það er áreiðanlegt, að hvað sem benzínskattinum líður, þá er það án efa til mikilla hagsbóta fyrir þá, sem stunda fólksflutninga, að þessar vegabætur og vegagerðir verða framkvæmdar, og þá er þetta ekki síður mikill hagnaður fyrir verkamennina, sem við vegagerðina vinna. Nú segir hv. þm. G.-K., að þessu sé aðeins lofað á meðan verið sé að koma þessum skatti á, en svo verði allt svikið á eftir. Hv. þm. getur spáð hverju sem honum þóknast í því efni; það gerir hvorki til né frá. En ég veit ekki, hvernig þessi hv. þm. og hans flokkur greiðir atkv. í framtíðinni; það getur vel verið, að þeir verði á móti því að leggja kostnað í vegi til mikilla hagsbóta fyrir flutninga. Við Alþfl.-menn höfum gert það að skilyrði, að þessi nýi skattur gangi til veganna og að hann nái aðeins til eins árs í senn, þannig að ef við fáum að ráða, þá verði það komið undir okkar samþykki, hvernig skattinum verður varið, ef halda á áfram á þessari braut. Í þessu sambandi vil ég geta þess, að þær leiðir til bráðabirgðatekjuöflunar fyrir ríkissjóð, sem hv. þm. G.-K. hefir verið að fjargviðrast út af á þessu þingi, eru yfirleitt þær sömu, sem gerðar hafa verið af hans flokksmönnum. En Alþfl. vill nota þessa aukningu til þess að fullkomna vegina og til þess að auka jafnhliða atvinnu í landinu, en ekki til þess að hafa skattinn fyrir tekjustofn handa ríkissjóði.

Magnús Torfason: Ég hafði ekki ætlað mér að taka til máls við þessa umr., því að ég hefi áður gert grein fyrir afstöðu minni til þessa máls. En nú hefir minu nafni verið blandað inn í þessar umr. út af sérstakri till. Á Alþingi árið 1927 var ég því mótfallinn, að flutningum væri íþyngt með benzínskatti. Ég leit þá svo á, og lít svo á enn, að æskilegt væri, að hvað skattinn snertir yrði gert upp á milli mannflutninga- og vörubíla, þannig, að skatturinn kæmi síður niður á vöruflutningabílum. Ég býst við, að flestir séu mér sammála um, að þetta væri æskileg leið. En þó hefir viðhorfið breytzt það mikið síðan 1927, að mannflutningabílar eiga nú meiri rétt á sér en áður; þá voru þeir

að mestu notaðir til skemmtiferða, en nú á síðari tímum eru þeir orðnir að einum liðnum í samgöngukerfi landsins, og koma mannflutningabifreiðirnar í stað járnbrautanna erlendis. Ég þarf því engan kinnroða að bera út af því, sem ég sagði þá á þingi. Auk þess er núna dálítið annað viðhorf en þá að öðru leyti, og þó ég sé orðinn gamall, þá er ég samt ekki ennþá svo gamalær, að ég geti ekki breytt skoðun minni eftir því, sem viðhorfið breytist, — svo mikill afturhaldsjálkur vona ég, að ég verði aldrei. Að því er þetta mál snertir, hefir viðhorfið breytzt einmitt með tilliti til þeirra manna, sem ég ætti sérstaklega að bera fyrir brjósti, en það eru íbúar Suðurlandsundirlendisins. Árið 1927 mátti heita, að allar aðalþungavörur, sem á Suðurlandsundirlendið komu, væru fluttar með bílum frá Reykjavík, en nú eru allar aðalþungavörurnar fluttar upp á Eyrarbakka. Hinsvegar hefir viðhorfið einnig breytzt þannig síðan 1927, að okkur íbúum Suðurlandsundirlendisins verður æ meiri og meiri nauðsyn á sæmilegum vegi hingað til Reykjavíkur. Þetta tvennt tel ég tvímælalaust nægja ástæðu til viðhorfsbreytingar hjá mér í þessu máli. Og ef við lítum á frv. eins og það liggur fyrir, þá sjáum við, að meira en ⅓, eða 90 þús. kr. af þessum skatti, sem áætlaður er 250 þús. króna, á að fara til vegagerðar í Árnessýslu, svo að það er ekki hægt að neita því, að Árnesingar fá nokkuð fyrir snúð sinn. Af þessum 90 þús. er ætlazt til, að 70 þús. fari til Suðurlandsbrautar, sem nú er byrjað að leggja niður Ölfusið, og það er einmitt þetta mál, sem ég hefi borið fyrir brjósti í mörg ár, einnig 1927, og það er einmitt þetta tekjuöflunarfrv., sem komið hefir skriði á þetta mál og gerir það að verkum, að hægt er að hrinda þessu nauðsynjamáli í framkvæmd. Ég get ekki annað séð en að ég hafi fullan rétt til að vera þessu frv. fylgjandi núna, þótt ég væri á móti auknum skatti á flutningabílum 1927; og því skal ég blátt áfram lýsa yfir, að ég fyrir mitt leyti er miklu ánægðari með þetta frv. eftir að þessi viðauki kom inn í það, og ég er þakklátur hæstv. fjmrh. einmitt fyrir þessa viðbót.

Eiríkur Einarsson: Ég vil taka það fram, að fyrst frv. um aukinn benzínskatt er á annað borð komið fram, þá tel ég það frv. til gildis, að þeim tekjuauka, sem ríkissjóði er aflað með þessum hætti, er varið á þann hátt, sem hér er gert ráð fyrir, sem sé til ýmsra aðkallandi vegagerða, því að væri það ekki gert, þá álít ég, að frv. um aukinn benzínskatt væri með öllu óforsvaranlegt. En þó ég láti þessa getið tekjuöflun frv. til málsbóta, þá fylgja því svo miklar skuggahliðar frá mínu sjónarmiði, að ég tel mjög varúðarvert að ætla því framgang á þinginu. Þessir vegir, sem hækkun benzínskattsins á að fara til, eru allir nauðsynjavegir, enda er hér æðimikið fé, sem til þeirra er ætlað. Auðvitað er hér ekki um annað að ræða en ýmsar þurftarfrekustu framkvæmdirnar í vegakerfi landsins, og það þær, sem hvort sem var stóð næst að gera. En það er svo að sjá á fjárl., að ekki sé til fé til þessara vega nema fundnir séu nýir tekjuliðir fyrir ríkissjóð til þess að mæta kostnaðinum. Það vill nú svo vel til, að hæsti liðurinn af þessum nýja benzínskatti á að fara til Suðurlandsbrautarinnar, að upphæð 70000 kr. Náttúrlega er þetta mikil tálbeita fyrir málsvara þess vegar, er vilja mikið í sölurnar leggja. En ég ætla nú fyrst um sinn að hinkra við og gefa enga yfirlýsingu um það, hvort ég met meira að fá þetta fé til vegagerðanna eða annmarkana við að auka benzínskattinn, en þó virðist mér strax, að gallarnir við frv.flutninginn megi sín meira. Auðvitað finnst mér þessar 70000 kr. til Suðurlandsvegar í raun og veru ekki neitt há upphæð, samanborið við sumar aðrar fjárveitingar, sem þessi nýi skattur á að fara upp í, þar sem verja á til malbikunar á veginum frá Reykjavík inn að Elliðaám 50000 kr. og til vegarins milli Reykjavíkur og Hafnarfjarðar jafnhárri upphæð, sem sagt 100000 kr. í stutta vegarspotta hér umhverfis bæinn. Ég segi það eins og mér finnst, að þessar 70000 kr. er ekkert rífleg upphæð, þegar litið er á hina miklu þörf á bættum vegi yfir Hellisheiði. Ég segi þetta ekki af því, að ég álíti ekki nauðsynlegt að malbika þessa vegi, eða að höfuðstaðarbúar séu ekki vel að þessari upphæð komnir, þar sem þeir nota svo mikið bíla, sem raun er á og greiða svo mikið í ríkissjóð sem kunnugt er. Þar sem því hefir verið haldið fram, að framlagið til Geysisvegar sé í þarfir Árnessýslu, þá er þess að geta, að því fé er ekki aðallega varið til framkvæmda í þágu Árnesinga, heldur er það, eins og allir vita, fyrst og fremst veitt vegna hins endurvakta Geysis, vegna ferðamanna. Þær 20000 kr., sem til þessa eru ætlaðar, eru því ekki veittar til héraðsins, heldur í sportveg vegna þeirra, er heimsækja Geysi og héraðið.

Þegar benzínskattinum er fært það til málsbóta, að hann sé þrátt fyrir hækkunina miklu lægri en í nálægum löndum, þá álít ég, að sá samanburður sé mjög villandi, enda þótt hann sé hér ekki nema 8 aurar á lítra, en í Noregi og Danmörku 11 aurar á lítra, því það er hvergi nærri sambærilegt með benzíneyðslu og bílslit hér og þar, eða þá með áhættu og öryggi við bifreiðanotkun á óvegunum hér eða hinum rennsléttu vegum í þessum löndum, þar sem hvergi steytir á ósléttu og ferðaáætlanir í tryggu horfi. Slíkt er ekki hægt að bera saman. Og þótt skýrsla okkar ágæta vegamálastjóra sé teoretiskt rétt, þá er þessi samanburður á skattinum samt sem áður algerlega villandi, þegar litið er alhliða á málið. Ég þekki ekkert hérað á þessu landi, sem hefir eins aðkallandi þörf fyrir bætt vegasamband og Suðurlandsundirlendið hvað snertir leið til markaðsstaðar, og sú þörf er ekki einasta fyrir Suðurlandsundirlendið, heldur einnig fyrir Rvík og Hafnarfjörð, því eins og menn vita, er Suðurlandsundirlendið uppland Rvíkur. En ef á að kaupa þessar vegabætur með mikið dýrara benzíni, þá er það fyrst og fremst tilfinnanlegur skattur fyrir hinar fjarlægari sveitir eystra, því eins og allir vita, eru flutningar þangað ákaflega kostnaðarsamir. Í Grímsnesið, Biskupstungurnar, Hreppa og fleiri sveitir er vegalengdin frá kaupstað 100 km. og yfir

það til höfuðstaðarins. Og hvað fer tveggja tonna bíll með af benzíni á 100 km. akstri fram og aftur. Hann fer með 80—100 lítra. Benzínskatturinn í eina slíka ferð yrði þá með 8 aur. á lítra sama sem a. m. k. 8 kr. Má segja um það, að lítið dregur snauðan. Þetta er sisitrandi gjald á fátækan almenning, og glaður getur maður aldrei gengið inn á svo tilfinnanlegt gjald. Ég og minir líkar verðum því að hugsa okkur vel um, gera það upp, hvort þetta sé ekki allt of þungur skattur fyrir þessa vegabót og fjárins verði að leita á annan hátt.

Því hefir hér verið haldið fram af hv. 2. landsk., að mikið af flutningi til þessara sveita kæmi frá Eyrarbakka. Þetta er nú rétt og ekki rétt, því mikil flutningasambönd eru enn við höfuðstaðinn, eins og raun ber vitni um, þar sem verið er að streitast við að halda uppi daglegum ferðum til höfuðstaðarins, sem er óhjákvæmilegt nú eftir stofnun mjólkurbúanna, og sést einnig, þegar á það er litið, hve benzínskatturinn er tilfinnanlegur. En samkv. því, er ég hefi tekið fram, álít ég, að það hefði verið mjög miklu betra, að sú upphæð hefði fengizt til Hellisheiðar án þess að benzínskatturinn væri hækkaður, með því að fá fé annarsstaðar frá, og ég álít, að það hefði verið hægt, og vil ég í því sambandi vísa til brtt., sem ég og hv. þm. Rang. fluttum við aths. um atvinnubótafé fyrir árið 1936, þar sem gert var ráð fyrir, að varið væri af því fé 150000 kr. til Hellisheiðarvegar. Ég hefði haft gaman af að heyra gildar ástæður færðar fram gegn þeirri till. Ég sýndi fram á í því sambandi, að meiri ráðdeild væri í því að verja því fé þannig heldur en til þeirra framkvæmda, sem það er fyrirhugað til. Og í þessu sambandi vil ég segja það, að ég tel líka meiri ráðdeild í að verja atvinnubótafénu til vegalagningar á Hellisheiði heldur en fara að leggja á nýjan þungan benzínskatt í sama augnamiði. Ég mun því geyma mér að ákveða nánar atkv. mitt um þessa tálbeitu, þar til ég sé, hver afdrif fær brtt. mín og hv. þm. Rang. við fjárl. um að verja atvinnubótafé til vegagerðar á Hellisheiði.

Ólafur Thors [óyfirl.]: Það hafa ekki komið fram mikil andmæli gegn þeirri ræðu, sem ég flutti áðan. Ég mun því ekki verða langorður um málið að þessu sinni. Ég skil vel afstöðu hv. 11. landsk. Hann sagði eins og er, að með þessari till. er verið að beita fyrir þá menn, sem bera hag Suðurlandsundirlendisins fyrir brjósti, og hann kallaði þessa beitu tálbeitu. Ég álít, að það sé rétt. Það er auðvitað ákaflega mikil freisting að taka fegins hendi hverri þeirri till., sem tryggir Suðurlandsundirlendinu öruggari samgöngur, sérstaklega yfir veturinn, heldur en nú er kostur á. En það er sannast að segja um þessa till., að hún tryggir ekki þetta, en hún tryggir annað, — hún tryggir tekjur fyrir ríkissjóð um langan aldur. Við vitum, að skattar þeir, sem á eru lagðir, eru aldrei afnumdir, og við vitum það, að fólkið á þessu hafnleysissvæði fær að borga mest af þessum skatti allra landsmanna. Um ófyrirsjáanlega framtíð fær það að standa undir þessum skatti, en hefir ekki nokkra minnstu tryggingu fyrir því, að fyrir það fáist leyst úr samgönguleysisvandræðum Suðurlandsundirlendisins, af því margföld reynsla sýnir það, að sköttum hefir verið viðhaldið án þess að fullnægt væri því tilefni, sem notað var til að koma þeim á. Slík dæmi eru kunn hér á þingi, og mér er ekki kunnugt um, að komið hafi hér fram sú krafa, að önnur héruð standi að sama skapi undir þessari samgönguþörf. Ég skil vel aðstöðu hv. 11. landsk. Hann sér, að hér er verið að hampa tálbeitu, og ég skil, að hann vill ekki gefa neina yfirlýsingu um fylgi við þessa till. Ég hygg, að hann hafi valið hið rétta og hafnað því, sem hafna bar.

Hæstv. fjmrh. sagði hér nokkur orð, sem ég tel ekki þörf á að svara. Ég vil aðeins geta þess, að fulltrúar Sjálfstfl. í fjvn. tjáðu sig frá öndverðu andvíga þessum skatti. Ég gat þess í fyrri ræðu minni, að dæmi væru fyrir slíkum skatti sem þessum á Alþingi, en að slík misbeiting á valdi þingsins og aðferðin við að samþ. þennan skatt ætti sér engin dæmi í þingsögunni, þar sem nú á að samþ. skattinn til fulls við aðeins tvær umr., sína í hvorri deild. Annað eins hefir aldrei komið fyrir áður. (**Fjmrh.**: Eins og í þessu máli?). Eins og á þessu þingi. Ég hygg, að hæstv. fjmrh. viti það, að form. flokks hans flutti í hv. Ed. ekki færri en 17 brtt. um breytingar á ýmsum lögum í sambandi við alveg óskylt mál, þegar eftir voru aðeins tvær umr. um málið.

Hv. 2. þm. Reykv. átti erfitt um mál hér áðan, enda er það svo, að fortíð hans sæmir bezt þögnin. Hann ætlaði að skjótast út áðan meðan ég var að tala, en ég náði í hann og skoraði á hann að vera kyrr í d. og reyna að verja sig. Það gat orkað tvímælis, hvort réttara væri fyrir hann að sitja undir ádeilunni eða að renna. Hann tók þann vonda kost að sitja. Það var að vísu mannalegra, en óhyggilegra, úr því hann fór að reyna að tala. Það er auðvitað erfitt fyrir hann að verja það, eftir að hann var búinn að vera á móti benzínskatti, þegar skatturinn var 10 sinnum lægri en hann er nú, að hann skuli nú berjast fyrir því að tvöfalda skattinn, svo hann verði 20 sinnum hærri en hann var meðan hv. þm. barðist harðast móti honum. Hv. þm. ætlaði að reyna að leita sér skjóls í því, að einhver annar Alþfl.maður en hann hefði barizt á móti benzínskattinum áður, en væri nú með skattinum. Ég man ekki eftir því. 2. landsk. Magnús Torfason, var ekki sósíalisti þá. Ég skil, að hv. þm. vilji gjarnan finna einhvern sósíalista, sem skipt hefir um skoðun eins og hann, en ég held, að hann finni engan. Hv. þm. bar það í bætifláka fyrir sig, að skatturinn ætti allur að fara í vegi. Ég sagði, að engin sönnun væri fyrir því, að svo færi, enda gat hann ekki komið með neina sönnun fyrir því, að skatturinn færi eingöngu til vegagerða í framtíðinni. Hann sagði: „Ég veit ekki, hvað þm. G.-K. vill í því efni, en ég ætlast til þess, að skatturinn fari til vegagerða". En hvað er að marka orð þessa hv. þm., sem 1927 barðist svo hart á móti þessum skatti, meðan hann var 20 sinnum lægri en þessi hv. þm. vill hafa hann nú? Hver treystir því, að þessi hv. þm. geti ekki orðið 20 sinnum verri á næsta þingi? Hver treystir því, að hann

skipti ekki um skoðun eins og Magnús Torfason? Ég efast ekki um, ef stjórnin á erfitt með að hanga á næsta þingi, að þá svíkur þessi hv. þm. öll sín loforð og afsakar sig með því, að ríkissjóður sé tómur og hann megi ekki verða gjaldþrota. Þetta er honum vorkunn, en það dugir ekki fyrir reynda þm. eins og hv. 2. þm. Reykv. að telja mönnum trú um það, að þessum skatti verði alltaf varið í einum og sama tilgangi. Það er eins og einn af hv. þm. Reykv. greip fram í áðan, að þetta er ekkert annað en gamall hrekkur, þegar verið er að leggja á nýja skatta, að þá eru loforð gefin um það, að verja þeim aðeins til nauðsynlegra framkvæmda, en það er aldrei nein trygging fyrir slíkum loforðum. Þó hér sé atvinnuleysi, sem kannske á eftir að aukast, þá er það ekki ráð að auka svo þennan skatt á þjóðinni, að hann verði 20 sinnum hærri en hann var þegar hv. 2. þm. Reykv. kallaði hann gífurlegan skatt.

Ég held ég hafi þá svarað þeim málefnalegu gagnrökum, sem fram hafa verið borin móti mínum rökum. Mér þykir engin ástæða til þess að deila við hv. 1. þingkjörinn, Magnús Torfason. Hann var hér að segja fréttir af sjálfum sér, að hann skammaðist sín ekkert fyrir að snúast í þessu máli síðan 1927. Ég býst við, að hann skammist sín frekar, ef hann er ekki alltaf að snúast, og það veit ég, að hann verður aldrei svo gamall, að hann geti ekki breytt um skoðun, ef hann sér, að það borgar sig, eins og hann sjálfur sagði. Ég hygg, að það sé rétt hjá honum, að Suðurlandsundirlendið muni vera eina héraðið hér á landi, sem sjálft þarf að borga sínar eigin vegabætur, en mér finnst hann undarlega litilþægur að vera að þakka fyrir það. Annars þykist hann nú mega djarft úr klokki tala og mega leika lausum hala. Hann veit, að hann hefir ekki ástæðu til að vera oftar í kjöri í sinni sýslu og má þykjast góður að geta hangið þetta þing og það næsta.

Héðinn Valdimarsson [óyfirl.]: Hv. þm. G.-K. hefir víst ekki haft eyrun opin, eða eitthvað í þeim, þegar ég var áðan að tala. Hann virðist ekki hafa tekið eftir og ekki heldur lesið umr. um benzínskattinn, sem hann vildi leggja á 1927. En það er óhætt að segja það, að þessi forfeður benzínskattsins er eins ólíkur þeim benzínskatti, sem nú er verið að leggja á, eins og forfeður mannkynsins, aparnir, eru ólíkir þeim, sem nú lifa á jörðinni. (**ÓTh**: Ekki svo mjög ólíkir þeim öllum). Það, sem hér er um að ræða, er: Á að gera þessar framkvæmdir eða ekki? Menn eiga milli þess að velja, að hafa benzínskattinn og fá bætta vegina og þess, að losna við að borga skattinn og hafa sömu vondu vegina. Ég hygg nú, að þegar menn hafa milli þessa að velja og svo hins, að verkafólkið fái atvinnubætur, þá vilji menn, þegar þeir hugsa sig um, taka þann kostinn, sem hér er farið fram á. Þessi skattur, sem hv. þm. G.-K. vildi leggja á, var alls ekki svo lágur. Hann munaði ákaflega litlu fyrir einkabíla, en var til mjög mikilla þyngsla fyrir aðra. Þó að upphæð skattsins sé nefnd, segir það ekki svo mikið, heldur hitt, hvað hækkunin nam fyrir hvern bílstjóra. Hækkunin var 5 aurar, minnir mig, en þessi hækkun nemur 4 aurum. Er það ekki rétt? (**ÓTh**: Nei, það held ég ekki). — Þá talaði hv. þm. um, að ekki væri hægt að gefa tryggingu fyrir því, að þetta yrði ekki framhaldsskattur. Auðvitað er ekki hægt að gefa tryggingu fyrir því, hvaða l. verða samþ. í framtíðinni, en það er hægt að gefa þá tryggingu hér, að það er ekki hægt að halda þessum skatti áfram eftir árið 1936, nema að fá ný l., sem framlengja þessi l., og til þess þarf þingmeirihluta. Og ég gef þá yfirlýsingu, ekki aðeins fyrir sjálfan mig, heldur Alþfl. yfirleitt, að hann mun ekki vilja leyfa framlengingu þessara l., nema skatturinn renni til þeirra sérstöku framkvæmda, sem hér er um að ræða. — Ég held svo, að ég þurfi ekki að svara hv. þm. G.-K. fleiru. Ég hefi borið fram brtt. á þskj. 843. Eftir brtt. um benzínskattinn er ætlazt til, að 250000 kr. renni til ýmissa vega, en þar sem það getur verið, að skatturinn verði meiri, þá legg ég til, að því, sem umfram þessa upphæð verður, verði varið til Suðurlandsbrautar á árinu 1937, því að ekki verður hægt að sjá fyrir áramót, hve miklu benzínskatturinn muni nema.

Jóhann Jósefsson [óyfirl.]: Þessi nýi benzínskattur, sem nú á að fara að leggja á, mun eiga að ganga í sérstakan sjóð, og hann á svo að ganga til ákveðinna framkvæmda. Það er búið að lýsa yfir, ég held af öllum, sem hafa talað úr stjórnarliðinu, að þessum peningum eigi að halda sér, og að þeim eigi að verja til vegalagninga víðsvegar um land og til malbikunar á veginum frá Reykjavík að Elliðaám. Ég hirði ekki að telja upp, hvað mikið á að ganga til hvers vegar, en brtt. á þskj. 824 ber það með sér. Ég ætla ekki heldur að fara út í þær deilur, sem hér hafa staðið um það, hvort menn hafi verið með eða móti benzínskattinum áður. Ég skal lýsa því yfir, að ég er yfirleitt á móti því að hækka þennan skatt. En ég þykist skilja af þeim bægslagangi, sem sérstaklega hv. 2. þm. Reykv. hefir gengið hér, að þetta sé alveg ráðið og verði ekki um þokað, að þessi skattauki eigi að ganga fram. Og þegar það er svo, að það er ákveðið af stjórnarliðinu, að þessi skattur skuli lagður á, hvað sem andstæðingar þeirra segja, og ennfremur þegar það er ákveðið og margyfirlýst, að þessir peningar eigi að ganga til ákveðinna framkvæmda á meginlandinu, þá vil ég benda á þá sérstöðu, sem mitt kjördæmi hefir í þessu efni. Ég get ekki gengið framhjá því að minna á, að vegabætur og annað slíkt, sem unnið er hér á meginlandinu fyrir þetta fé, það kemur okkur Vestmannaeyingum og bílaeigendum þar að engu gagni. Hinsvegar er þar fjöldi bíla, og eftir því sem benzínsalan hefir verið þar síðasta ár, þá mun þessi viðauki á benzínskattinum, nema 5—6 þús. kr. Ég álít þess vegna, að ég fari með fulla sanngirniskröfu á hendur þeim stjórnarvöldum, sem að þessari skattaukningu standa, þegar ég fer fram á, að bílaeigendur í Vestmannaeyjum fái að njóta þeirrar skattaukningar, sem þeir greiða, alveg eins og bílaeigendur á meginlandinu. Ég mun fara fram á það við hæstv. forseta að fá að koma

með skrifl. brtt. í þessa átt; sést þá, hvað réttlætið gengur langt hjá stjórnarliðinu í garð Vestmannaeyja. Ég hefi sýnt fram á, að þessi aukning á benzínskattinum í Vestmannaeyjum nemi um 5—6 þús. kr. Sé svo, að þessu eigi að verja til þess að bæta vegina hér og gera bílunum léttara fyrir, finnst mér ómögulegt móti því að mæla, að þetta sé gert líka í því kjördæmi, sem hefir sérstöðu í málinu. Ég vil spyrja hv. frsm. meiri hl. að því, hvort honum finnist ekki sanngjarnt, að þessi skattauki komi að notum á þeim stað, sem hann er greiddur.

Ég skal svo víkja að brtt., sem ég á hér, viðvíkjandi ávöxtum og grænmeti. Ég vil í því sambandi minna á, að við 2. umr. þessa máls bar ég fram brtt. þess efnis, að ávextir og grænmeti yrði ekki skattlagt með þessum nýja 25% skatti. Þessi brtt. var felld og út úr henni spunnust nokkrar umr. milli mín og hæstv. fjmrh. Hann hélt því fram, að þeir væru ekki svo nauðsynlegir, að nokkuð væri gerandi til þess að undanþiggja þá þessum nýja tolli. Hæstv. ráðh. hélt því fram, að vel mætti komast af án þessara hluta. Síðan þessar umr. fóru fram hafa hinu háa Alþingi borizt áskoranir frá Læknafélagi Reykjavíkur, sem snertir einmitt þessa deilu, sem ég lýsti milli mín og hæstv. ráðh. Ég skal þó taka fram, að ég á engan beinan þátt í því, að þessi áskorun hefir borizt þinginu. Hitt má vera, að þessar umr. um þessa framkomnu till. mína hafi vakið athygli læknanna. Ég skal, með leyfi hæstv. forseta, lesa upp þessa áskorun, sem hljóðar svo: „Á fundi Læknafélags Reykjavíkur 9. des. 1935 var eftirfarandi till. samþykkt: Fundurinn mótmælir eindregið, að lagðir verði nýir skattar á grænmetistegundir og ávexti, en skorar hinsvegar á þing og stj. að sjá um, að tollum verði létt af þeim og innflutningur gefinn sem frjálsastur, svo að öllum almenningi verði kleift að njóta þessara fjörefnaríku og heilnæmu fæðutegunda".

Nú er af þessu sýnt, hvað læknarnir leggja til í þessu efni. Ég get bætt því við, að ég átti tal við einn lækni hér í bænum í gær, og hann lagði ríka áherzlu á að reyna að bægja sem mest öllum innflutningshömlum og tollaálögum frá þessari vörutegund. Ég ætla ekki að fara að metast við hæstv. fjmrh. eða deila á hann fyrir það, sem hann hélt hér fram við 2. umr. En ég vil benda hæstv. ráðh. á, að þegar Læknafélag Reykjavíkur finnur ástæðu til að senda Alþingi erindi eins og það, sem hér liggur fyrir, út af einni fæðutegund, þar sem lögð er áherzla á, að nauðsynlegt sé, að innflutningur þessarar vörutegundar sé sem frjálsastur og að hún sé sem minnst tolluð, sökum þess, hvað hún er fjörefnarík og heilnæm, þá er ástæða til að taka það til greina. Ég veit, að hæstv. ráðh. og hv. dm. munu vera sammála um það, að læknastéttin hér í bænum sé að menntun til atgervileg og standi fyllilega jafnfætis stéttarbræðrum þeirra í öðrum löndum. Og er engin ástæða til að ganga framhjá því, þegar þeir skipta sér af svona málum. Ég þykist vita, að hv. þm. séu sammála um, að full ástæða sé fyrir okkur leikmenn í þessum efnum að gefa því gætur, þegar læknafélag þessa bæjar mælist til og leggur til, að svo sé farið með þetta mál eins og segir í skjalinu. Nú fer ég ekki fram á það, að fullnægt sé kröfum Læknafélags Reykjavíkur, vegna þess að ekki er hægt að koma því við að öllu leyti. En sú till. var flutt fyrir skömmu að bægja 25% tollinum frá þessari vörutegund. Sú till. var felld, og er ekki hægt að bera hana fram aftur, en á hinn bóginn hefi ég hér flutt brtt. um það, að ráðh. sé heimilt að undanþiggja grænmeti og ávexti — nýja og þurrkaða — þessu nýja viðskiptagjaldi. Ég geri þetta í þeirri trú, að hæstv. ráðh. muni eins og aðrir sansast á, að læknarnir muni hafa rétt fyrir sér. Ég tók eftir því hjá hv. frsm., að hann sagði eitthvað á þá leið, að n. væri ekki sammála þessari till. (**SigfJ:** Ég sagði ég persónulega). Það er náttúrlega ekki hægt fyrir mig að gefa þessum hv. þm. neina nýja sannfæringu, en ég skýt því til hans, eins og ég beindi til hv. þm. yfirleitt áðan, hvort hann muni telja sig betur dómbæran í þessu efni heldur en alla lækna bæjarins. Sé svo, þá getur hann með góðri samvizku lagzt á móti þessari till. En ég vil benda honum á, að hún fer miklu skemmra en Læknafélag Reykjavíkur leggur til. Og að endingu, af því að ég er að tala við hv. frsm., vil ég ítreka tilmæli mín um, að hann láti í ljós skoðun sína um það, hvort hann er mér ekki sammála um, að hinn aukni benzínskattur í Vestmannaeyjum fari til sérstakra endurbóta á vegunum þar. Ég vil að endingu mælast til, að hv. þm. greiði þessum 2 till. mínum atkv. sín.

Jón Sigurðsson [óyfirl.]: Ég vil taka undir það, að það sé ósæmileg aðferð, sem höfð er við þetta mál. Ég tel ósæmilegt að flytja jafnstórt mál og þetta, sem felur í sér svo mikla breyt. eins og það, fyrst við 6. umr. annars máls, svo að það er útilokað, að það geti fengið nema 2 umr. Þetta er því vítaverðara, sem vitanlegt er, að stjórnarflokkarnir höfðu þetta tilbúið fyrir löngu. Fjvn. var látin vita, að þetta frv. væri á ferðinni, nokkuð löngu fyrir eldhúsdagsumr. En hvers vegna var það ekki þá flutt? Ég skal ekki segja það, en það hefir mörgum dottið í hug, að það stafaði af því, að stjórnarmeirihlutinn hafi ekki kært sig um að fá opinberar umr. um þetta mál. Mér virðist hér sé verið að fara inn á þá braut, sem alls ekki ætti að eiga sér stað, þegar um jafnstór fjármál er að ræða eins og hér. Það er verið að leggja nýjan skatt á þjóðina ofan á þá 1 millj., sem fyrir er. Og þar af leiðandi er verið að seilast ofan í vasa almennings. Það eru engin smáræðis gjöld, sem hér er verið að leggja á almenning eða þá, sem nota bíla og þurfa þess, bæði til flutninga og sem atvinnurekendur. Mér er kunnugt um, að ýmsir bændur, sem aðstöðu sinnar vegna nota talsvert af bílum, hafa á undanförnum árum orðið að borga hátt á annað hundrað kr. fyrir flutninga með bílum. Í mínu héraði, og reyndar víðar, fer þessi notkun vaxandi. Það er af því, að mjólkurbúunum fjölgar og afurðirnar verða að ná til fleiri manna, en að sama skapi eykst bílanotkunin. Það er því óhjákvæmilegt, að slík gjöld hljóta að stórhækka. Um flutning á þessum nauðsynjum hefir verið sam-

ið fyrir ákveðið verð, og vitanlega dettur mönnum ekki í hug að taka að sér flutningana áfram fyrir sama verð, þegar benzinskatturinn hefir verið hækkaður. Vitanlega verður þetta að koma niður á framleiðslunni. Ég get hugsað mér, að á meðalbónda, sem þannig er settur, að hann þurfi að nota bifreiðar, þá verði þetta um 40—50 kr. skattur á ári. Fyrir þá menn, sem velta tugum þúsunda, er þetta ekki mikil upphæð, en fyrir þá menn, sem berjast í bökkum með að hanga við bú, er þetta tilfinnanlegur skattur ofan á allt annað, og sannast að segja sýnist mér það ekki sæmilegt af hinu háa Alþ. að gera sitt til að gera þessum framleiðendum baráttuna örðugri en þörf er á. Framleiðendur eiga í nægilega örðugri baráttu, þótt ekkert sé gert til þess að íþyngja þeim á þann hátt, sem hér er gert. Þá er á það að líta, og á það hefir verið minnzt í þessum umr., hvað það er, sem framleiðendur fá í staðinn. Ég fæ ekki séð, eftir þeim till., sem fyrir liggja, að hugsað hafi verið fyrir öðrum en bændum á Suðurlandsundirlendi. Á till. er sýnilegt, að það á að stinga upp í þá dúsu, en ég geri ráð fyrir, að sú dúsa verði eitt af þessum nýmóðins „snuðum", sem börnum eru fengin til að friða þau, þegar mjólkina vantar í pelann. Ég dreg þetta af því, að oft áður hafa verið sett í lög ákvæði svipuð þessu, og þá gert ráð fyrir, að tekjunum yrði varið til ákveðinna framkvæmda. Ég man eftir því þegar bifreiðaskatturinn var settur, þá fylgdi því ákvæði sú heimild að láta tekjurnar ganga til þess að malbika veginn hér á milli Reykjavíkur og Hafnarfjarðar. Þetta hefir nú verið í lögum í fjöldamörg ár, og mér er ekki kunnugt um, að nokkru fé sé farið að verja til þeirra framkvæmda, þótt ríkissjóður hafi fengið inn stórfé með þessum skatti síðan lögin voru sett. Þetta er eitt dæmi um loforð um að koma fram ákveðnu máli, sem svo hefir aldrei verið unnið að, en loforðið var notað sem „snuð" til að stinga upp í hv. kjósendur, og þeim ætlað að totta það.

Mér dettur í hug í þessu sambandi, að ég talaði í morgun við einn góðan Alþfl.mann um framkvæmd þessa máls, og hann sagði, að það væri verst, að bifreiðastjórarnir vildu ekki taka „snuðið". Ég get hugsað mér, að það fari eins um bændur, að þeir verði ekki ginnkeyptir fyrir þessu, þegar þeir sjá, hvar fiskur liggur undir steini.

Hv. 2. þm. Reykv. lýsti því yfir hér, að þessu væri aðeins ætlað að standa í eitt ár. Þetta sýnir, hve traustlega er hér um búið, að strax á næsta þingi liggur fyrir að taka málið til nýrrar yfirvegunar. Hv. 2. þm. Reykv. lýsti því líka yfir, að hann væri þess albúinn að fylgja fram þessu ákvæði, þar sem öllum tekjunum væri ráðstafað til ákveðinna framkvæmda. Hefði ég átt sæti í n., þar sem þetta mál hefði verið tekið fyrir, þá hefði ég beitt mínum áhrifum til þess, að þessum tekjum yrði varið á allt annan veg. Ég sé ekkert réttlæti í því, að þeim sé öllum varið til vegabóta hér í kringum Reykjavík. Ýmsir landshlutar leggja hér fram sinn skerf og eiga allt eins mikinn rétt á að koma til greina, ef þessu fé á að úthluta til vegalagninga, eins og að það sé látið ganga til vega hér í kringum Reykjavík.

Mér sýnist yfirleitt, að framleiðendur beri lítið úr býtum fyrir þennan skatt. Það helzta er vegurinn austur yfir Hellisheiði, ef úr þeim framkvæmdum verður. En ég get hugsað mér, ef þröngt verður í búi hjá ríkisstj. á næsta þingi, þegar að því kemur að taka endanlega ákvörðun um þetta efni, að þá kjósi hún þann kost að taka upp þennan skatt sem almennan tekjustofn fyrir ríkissjóð og úthluta þeim tekjum, sem hann gefur, á sama hátt og öðrum tekjum. Ég skoða þetta samskonar agn og önnur þau, sem beitt er með í því frv., sem þetta mál er skeytt við, þar er talin upp heil runa af gjöldum, hátekjuskattur, nýir verðtollar o. fl. o. fl., sem á að nota til þess að gera ýmsar nýjar framkvæmdir, og þetta eru allt bráðabirgðaákvæði. Til þess svo að gylla þetta sem bezt í augum kjósendanna, þá er það fært fram sem ástæða, að þetta sé til að auka atvinnuna í landinu. Það er sama sagan endurtekin og sögð hefir verið áður, að það eigi að leggja þunga skatta á framleiðendur til þess að auka með því atvinnuna í landinu. Ég get varla hugsað mér, að hægt sé að fara öfugar að. Ég hefði hugsað, að bezta leiðin til að auka atvinnuna væri ekki sú, að gera framleiðendum ókleift að halda fólk, heldur væri beinasta og bezta leiðin sú, að styrkja framleiðendur og gera hag þeirra svo góðan, að þeir gætu bætt við sig mönnum og létt þannig atvinnuleysisbyrðina. Með því að leggja þunga skatta á framleiðendur vinnst ekki annað en það, að kippa fótunum undan almennum atvinnuvegum og koma fjöldamörgum mönnum á opinbert framfæri. Þetta er svo öfug stefna, að hún er tæplega þess verð, að á hana sé minnzt.

Ég hefi nú í stuttu máli gert grein fyrir minni afstöðu og fyrir því hvernig ég lít á málið sem bóndi og væntanlegur skattgreiðandi. Ég tel það illa að farið, að skella á þessum nýja skatti á sama tíma og öll önnur útgjöld, sem koma niður á almenningi, eru aukin að verulegum mun, eins og hér er gert með þessari bráðabirgðartekjuöflun. Ég mun þess vegna greiða atkv. á móti þessari nýju viðbót, eins og ég mun greiða atkv. á móti frv. í heild.

Forseti (JörB): Mér hefir borizt skrifleg brtt. frá hv. þm. Vestm. og þarf hún tvennskonar afbrigði, þar sem hún bæði er skrifl. og fram komin nú á fundinum.

ATKVGR.

Afbrigðin um skrifl. brtt. (sjá þskj. 883) leyfð og samþ. með 20 shlj. atkv.

Jón Pálmason [óyfirl.]: Ég hefi ekki blandað mér inn í þær umr., sem farið hafa fram á fyrra stigi þess stórmáls, sem hér er um að ræða, en áður en það fer út úr þessari hv. d. vildi ég segja um það nokkur orð, vegna þess að mér er ljóst, að það gripur inn í þá stefnu, sem er einkennandi fyrir þetta þing, ekki síður en það næsta á undan. Það er ráðgert að leggja á með þessu frv. nýja skatta, sem nema á aðra

millj. kr., og er farið eftir þremur leiðum: Hækkun tekjuskatts, aðflutningsgjöld og benzínskattur. Ég get sagt það um allar þessar leiðir, að þær eru ekki óeðlilegar frá minu sjónarmiði, ef á annað borð á að hverfa að því ráði að hækka skatta; þá eru þessar leiðir betri en margar aðrar. Ég teldi ekki óeðlilegt, þótt hár benzínskattur, sem tekinn er af umferðinni á vegunum, væri ekki eingöngu látinn ganga til að byggja nýja vegi, heldur til að halda við gömlu vegunum. Í fjárl. eru áætlaðar um 650 þús. kr. til viðhalds á vegum. Þegar svo er komið sem hér er, að þeirri stefnu hefir verið haldið áfram að hlaða nýjum sköttum á þjóðina, og atvinnureksturinn er að sligast undir þunga þeirra, sem fyrir eru, þá finnst mér það útilokað, frá sjónarmiði þeirra manna, sem hafa opin augu og sjá, hvert stefnir, að bæta við nýjum sköttum án þess að lækka aðra í staðinn. Mér finnst, að það hefði getað komið til mála á því þingi, sem nú situr, að lagðir hefðu verið skattar í þeirri mynd, sem hér er um að ræða, ef í þess stað hefðu verið afnumdir aðrir skattar, sem teknir eru beint af framleiðslunni, eins og t. d. útflutningsgjald af sjávarafurðum, sem hvílir beint á þeirri framleiðslu, sem nú er að sligast undir skattþunganum. En þegar það er upplýst, að stjórnarliðið ætlar ekki að lækka skattana, þótt það sé vitað, að atvinnurekstur landsmanna er kominn í hinar mestu kröggur og rekinn með halla, bæði í bæjum og sveitum, þá er það óverjandi að bæta á nýjum sköttum.

Eftir því sem gert er ráð fyrir í því frv., sem hér liggur fyrir, á með benzínskattinum að auka það fé, sem lagt verður til vegagerða á næsta ári, um 250 þús. kr. Í fjárl. fyrir árið 1936 eru áætlaðar 317 þús. kr. til vegalagninga, og eru þá þarna komnar samtals 567 þús. kr. til nýrra vega á árinu 1936. Það væri að ýmsu leyti æskilegt, ef hægt væri að framkvæma allar þessar umbætur á vegakerfi landsins með eðlilegum hætti, en því fer fjarri, að nokkrar líkur séu fyrir því, að það sé hægt, en með eðlilegum hætti tel ég, að það sé því aðeins hægt, að atvinnulíf hér á landi sé með svo miklum blóma, að það þoli vel þau útgjöld, sem slíkar framkvæmdir hafa í för með sér. Menn verða að gera sér grein fyrir því, að þótt vegagerðir séu bæði æskilegar og nauðsynlegar, þá eru þær ekki beinlínis undirstöðuatriði fyrir framleiðsluna. Það þykir kannske undarlegt að heyra mig segja það, að vegagerðir séu ekki undirstöðuatriði fyrir framleiðsluna. Frá minu sjónarmiði er það undirstöðuatriði, að framleiðslan sé rekin á þann hátt, bæði við sjó og í sveitum, að hún geti borið sig og orðið arðgefandi fyrir það fólk, sem að henni starfar.

Það kom glöggt fram hjá hv. 2. þm. Reykv., hvað það er, sem fyrir honum vakir, og það er að halda áfram þeirri stefnu, sem hér ríkir nú og ríkt hefir á undanförnum árum, ekki aðeins í þessu máli, heldur í allri fjármálastjórn ríkisstj. og stjórnarflokkanna, og það er sú stefna, að hækka skatta bæði til ríkis og sveitar- og bæjarfélaga og halda uppi opinberri atvinnu og ganga enn lengra en orðið er í þá átt að koma í veg fyrir, að arðvænlegur atvinnurekstur geti átt sér stað fyrir einstaklinga. Hann skilur, að með þessu hlýtur að berast lengra inn á þá braut, að sú framleiðsla, sem einstaklingar reka, dragist saman. Hann sagði, að það væri víst, að á næsta ári drægist saman atvinna hjá þeim framleiðendum, sem rækju einkafyrirtæki. Þetta er auðsær hlutur, að það hlýtur að ganga lengra og lengra í þá átt, að sú framleiðsla, sem er undirstaðan undir heilbrigðu atvinnulífi þjóðarinnar, dragist meira og meira saman, þegar alltaf eru auknar þessar opinberu framkvæmdir, sem halda uppi atvinnu fyrir fólk, sem í ráðleysi hefir safnazt saman í bæjunum án þess að tilsvarandi heilbrigt atvinnulíf væri þar fyrir hendi. En þetta er stefna, sem sýnilega leiðir til glötunar. Það er auðsætt, að ekki getur gengið til lengdar að halda áfram í þá átt að sliga niður grundvöllinn undir heilbrigðu atvinnulífi og hrúga nýjum sköttum ofan á skattabyrðina, sem fyrir er, til þess að halda uppi atvinnu fyrir það fólk, sem verður í vandræðum, þegar framleiðslan getur ekki skapað þá atvinnu, sem krafizt er, með eðlilegum hætti.

Mér þykir það undarlegt, ef þeir menn, sem eru í meiri hl. hér á hinu háa Alþ., eru svo staurblindir á staðreyndir, að þeir sjá ekki, að allt það, sem hér er um að ræða, stefni í þveröfuga átt við það, sem rétt er. Ef rétt væri að farið, ætti að lækka bæði tolla og skatta og lækka gjöld ríkissjóðs og stefna að því að halda uppi heilbrigðu frjálsu atvinnulífi, ekki eingöngu við sjó, heldur einnig í sveitum, svo að fólk gæti við unað. En þessu er algerlega snúið við, og ein af höfuðsyndum þeirrar ríkjandi stj. er sú, að í sveitum vill fólk ekki vera, vegna þess að með ríkjandi fjármálastefnu er búið að skapa vantraust á framtíð sveitanna og vegna hallarekstrar hefir sú stefna fengið vaxandi byr, að menn krefjast vinnu af hinu opinbera — ríki, sveitum og bæjum — og reyna að komast af á annan hátt en þann, að bera sjálfir ábyrgð á sinni eigin afkomu. Út frá þessu sjónarmiði er ég líka mótfallinn því að þessir nýju skattar verði lagðir á, því þeir koma niður á framleiðslunni, ef ekki beinlínis, þá óbeinlínis, þar sem þeir eru beinlínis teknir frá bæjar- og sveitarfélögum, með því að gera þeim ennþá ómögulegra en áður var að knýja inn þau þungu gjöld, sem þau þurfa að leggja á almenning í landinu til þess að þau geti risið undir þeim kröfum, sem til þeirra eru gerðar. Nú er það orðið upplýst betur en áður, að bæjar- og sveitarfélög eru komin í þrot og að þrotum komin, vegna þess hvernig fjárhag einstaklinganna er komið, og það er vitað, að alltaf eru vaxandi kröfur frá þessum aðilum (bæjar- og sveitarfélögum) um að fá að leggja toll á aðfluttar vörur og afla sér á þann hátt nýrra tekna. Það ætti að vera öllum ljóst, þeim sem annars fylgjast nokkuð með, að eftir því sem þessir tollar eru hækkaðir, eins og gert er ráð fyrir í þessu frv., eftir því er ómögulegra fyrir bæjar- og sveitarfélög að fá þessa nýju tekjustofna. Af þessum sökum fer svo, að þótt mögulegt verði að knýja á þennan hátt nokkurt fé inn í ríkissjóð, þá verður það til þess, að bæjarsjóðir og sveitarsjóðir geta því síður heimt inn þær tekj-

ur, sem þeir þurfa, og lenda í enn meira strandi en áður um þau gjöld, sem þeir þurfa að inna af höndum. Þetta verða menn að gera sér ljóst, þótt framkvæmdir væru æskilegar svo miklar í vegagerð, þá eru þær til lítilla bóta, ef þær verða til þess að gera það enn ómögulegra, að heilbrigð framleiðsla geti borið sig og tekið á móti fleira fólki en nú er og skapað því lífsviðurværi.

Ég skal svo ekki fara um þetta mikið fleiri orðum. Það er búið að ræða málið frá ýmsum hliðum. En það voru nokkur atriði í ræðu hv. 2. þm. Reykv., sem ég vildi víkja að. Hann hélt því fram, að allar þær till., sem hér hefðu komið fram og miðað hefðu að því að lækka gjöld ríkissjóðs og hefðu verið óheppilegar, hefðu verið samþ. með atkv. sjálfstæðismanna og á móti atkv. alþýðuflokksmanna. Ég hefi ekki fylgzt með þessu til hlítar og skal því ekki segja um, á hve miklum rökum þetta er byggt, en þetta sýnir, hve langt er gengið út í öfgarnar af alþýðuflokksmönnum, að þeir vilja ekki heyra nefnt, að dregið sé úr gjöldunum. Að öðru leyti er svo sagt um okkur sjálfstæðismenn, að við þykjumst vera með framförum, en séum í raun og veru á móti þeim, af því við viljum ekki láta leggja á okkur neina nýja skatta. En þetta er illa útfært og er sagt til þess að gefa ranga mynd af þeirri afstöðu, sem við höfum til þeirra mála, sem koma fram á þessu þingi — að við viljum, að þeim framförum, sem hér er um að ræða, fylgi jafnframt sú regla, að láta sitja fyrir öllu, eftir því sem unnt er, að sjá hag ríkisins og atvinnuvegunum borgið, með því að hlaða ekki á svo miklum byrðum, að framleiðslan sligist undir þeim. En það er það, sem stjórnarflokkarnir hafa verið að gera á undanförnum árum, og það hafa sjálfstæðismenn séð og þess vegna hafa þeir neyðzt til að vera andvígir ýmsum þeim málum, sem gætu talizt nytsemdarmál.

Ég skal svo ekki ræða meira um þessi atriði, sem hv. 2. þm. Reykv. vék að, en ég vildi láta þetta koma ljóst fram, að hér er verið að snúa við þeirri afstöðu, sem Sjálfstfl. hefir til þeirra mála, sem fram koma hér á hinu háa Alþ., og er slíkt ekki óvanalegt af þeim flokki, sem þessi hv. þm. er forustumaður fyrir.

Sigfús Jónsson [óyfirl.]: Hv. þm. G.-K. og hv. 7. landsk. hafa nokkuð vikið að því, að þessari brtt. skuli hafa verið hnýtt aftan við frv. á síðustu stund, og töldu það dæmalaust. Hæstv. fjmrh. hefir nú sýnt fram á, að þetta er ekki einsdæmi, heldur hafi það oft verið praktiserað hér á þingi, og það í talsvert mikilvægum málum.

Hv. 7. landsk. sagðist vera á móti þessu frv., og hann sagði, sem ég býst við, að hafi verið mismæli hjá honum, að benzínkostnaðurinn mundi vaxa um helming. Þetta getur ekki staðizt; hækkunin getur orðið 10—12% í mesta lagi.

Hv. þm. Vestm. vildi láta benzínskattinn koma til góða þar, sem hann væri greiddur. Ef ætti að búta hann þannig niður, þá mundi hann verða að minna gagni en ella. Ef t. d. Skagafjörður fengi ekki meira til vega en þennan viðauka, 4 aura á lítra, þá yrðu menn þar ekki ánægðir með viðhald og nýbyggingar á vegum. Það er sýnilegt, að ef á að vera hægt að halda við og bæta við vegi í jafnvíðlendu og strjálbyggðu landi og hér, þá verðum við að hafa yfir miklu fé að ráða, miklu meiru en við getum staðið undir, ef ekki verður létt undir með þessum benzínskatti, því að það eru einmitt bílarnir, sem skemma vegina mest, og þess vegna er kostnaður við vegina miklu dýrari en ella. En eftir því sem vegirnir verða betri, verður benzínkostnaður bílanna minni, svo að ég hygg, að sá kostnaður muni ekki, þegar frá líður, stórum vaxa þrátt fyrir þessa hækkun á skattinum.

Skýrslan frá vegamálastjóra sýnir, að benzínskatturinn t. d. í Ítalíu er 50 aurar. Hvers vegna er hann svo hár? Vegna þess að það er lagt kapp á að bæta þar vegina sem mest, og ég efast um, að rekstrarkostnaður bílanna hafi vaxið að sama skapi og hann sé ef til vill ekkert meiri en áður en vegirnir bötnuðu og þegar benzínskatturinn var lítill eða enginn. Býst ég við, að svo muni fara einnig hér.

Ég sé, að hv. þm. G.-K. er kominn í d. Hæstv. ráðh. og hv. 2. þm. Reykv. hafa nú reyndar svarað honum, en það var þó eitt, sem ég skildi ekki vel, en það var samanburðurinn á benzínskattinum nú eða eins og hann átti að vera samkv. þessu svonefnda „litla og ljóta“ frv., og hvað hann væri margfalt meiri nú. Hann gerði ráð fyrir, að hann væri 20—25-falt hærri nú en þá. En þegar farið er að bera þetta saman, þá verður að taka tillit til þess, hvað margir bílar voru þá og eru nú og hve mikil benzíneyðsla, því að það er það, sem kemur málinu við. Þó að t. d. heildarupphæð benzíntollsins tífaldist, þá er skatturinn ekkert hærri, ef benzínsalan hefir tífaldast. Þetta vildi ég benda á, því að allt veldur á því, hvernig hlutfallið er að þessu leyti.

Hv. þm. Vestm. er ekki viðstaddur, og þykir mér það slæmt, því að ég vildi svara þeirri spurningu, sem hann lagði fyrir mig, hvort ég teldi mig dómbærari en lækna um hollustu ávaxta og grænmetis. Það er síður en svo, að ég telji mig dómbærari en lækna í þeim sérstöku læknavísindum. En ég vil þó segja það, að þessi fæða er ekki eins nauðsynleg og margir halda, og það byggi ég á reynslunni. Til sveita er mjög lítils neytt af þessari vöru, og ég held, að fólkið í sveitum sé þar engu síður heilsuhraust. Það er reynsla, sem ég byggi eins mikið á og því, sem læknisfróðir menn segja um þetta.

Þá er það um þessi vitamin. Það má vera, að það sé fávizku minni að kenna, en mér er kunnugt, að þessar vitaminkenningar eru hálfgert „humbug“ að miklu leyti. Ég get ekkert fullyrt um það, en ég býst við, að reynslan leiði það í ljós.

Þá spurði hv. þm. mig um það, hvort ég teldi ekki rétt, að benzínskatturinn tilfélli þeim stöðum, þar sem hann væri greiddur. Ég fyrir mitt leyti get ekki fallizt á það og mun því ekki greiða því atkv. Ég get ekki fallizt á, að hver fari þar að toga í sinn skækil hvað þetta

snertir. Ég býst við, að þá sæist lítið eftir af því gagni, sem af þessu átti að hafa. Ef t. d. Ísafjörður, Akureyri og öll kauptún vildu fá sinn hluta af skattinum, þá efast ég um, að mikil stórvirki sæust. Það er heppilegra að láta þetta fé fara til færri staða, og þá sérstaklega þeirra, þar sem þörfin er mest, en hinsvegar sé hægt að veita af öðrum tekjum ríkissjóðs fé til þess að halda við vegum úti um land, því að ef þessi benzínskattur ætti að falla niður, þá er ég hræddur um, að lítið yrði um viðhald á vegum úti um land. (**JJós:** Þið eruð ekki á þeirri leið að fella benzínskattinn niður). Eftir því sem vegirnir vaxa, þá er meira viðhald, og sá kostnaður vex ár frá ári. Ég hugsa, að t. d. vegamálastjóri haldi því fram, að viðhaldskostnaðurinn fari hraðvaxandi og meiri þörf sé á fé til viðhalds nú en nokkru sinni áður.

Hv. þm. Vestm. álítur ávexti nauðsynjavöru, en ég tel þá mest lúxusvöru og get því ekki lagt til að ívilna henni meira en öðrum vörum. Þess vegna er ég andvígur þessari brtt. hans.

Frsm. minni hl. (Ólafur Thors) [óyfirl.]: Hv. 2. þm. Reykv. var að reyna að verja sínar gerðir, eftir því sem honum þóttu föng til. Hann var að reyna að blekkja menn með því að segja, að þegar ég flutti frv. mitt 1927, þá hefði tilgangurinn verið sá, og sá einn, að velta þunganum af lúxusbílunum, sem hann kallaði, yfir á fólksflutningabíla og vörubíla. Hann færði þau rök fyrir því, að samkv. þeim l., sem giltu þá, hefði skatturinn verið á hestorku, en eftir mínu frv. hefði hann átt að leggjast á benzínið. En sé þetta rétt að því er snertir minn málflutning þá, þá getur hann séð, svo að ég svari með hans eigin orðum, að þetta frv. hnígur auðvitað að því að leggja þennan þunga, sem hann var að stynja undir, þegar hann var 23000, en nú á milli 500 og 600 þús. kr., á þá flutninga, sem hann taldi sig vilja líkna, fólksflutninga annarsvegar og vöruflutninga hinsvegar. Hann segir, að bifreiðastjórar og bifreiðaeigendur muni, áður en langt um líður, fagna þessum skatti. Ég skal ekkert um það dæma; hann þekkir það víst vel, en það eru þær sárabætur, sem hann réttir þeim, að þeir megi vera fegnir þessum skatti. Þykir mér hann færast nokkuð fjær sinni fortíð, þegar hann þóttist vilja verja þá með því að vera á móti 23000 kr. skatti, að vilja nú leggja á 300000 kr. skatt ofan á þær 300000, sem fyrir eru.

Hv. þm. fór rangt með þær tölur, sem hann nefndi í sambandi við frv. mitt 1927. Eftir þeim upplýsingum, sem hann gaf við þær umr., þá vildi ég leggja 2 aura á lítrann. Ég ætlaðist til, að það yrði 3½ eyrir á lítra, eða 5 aurar á kg. En eftir að hann hafði upplýst, að benzíninnflutningurinn var meiri en Hagstofan hafði gefið upp, þá miðaði hv. þm. við, að skatturinn væri 25000, en Hagstofan hafði miðað við 24000. Þá tók ég það fram, að ég ætlaðist til, að skatturinn færðist að sama skapi niður, því að heildarupphæðin ætti að vera sú sama. Þá var skatturinn 2 aurar, nú á hann að vera 8 aurar, eða 4 sinnum hærri.

Hann segir, að hann mundi aldrei ganga inn á endurnýjun þessa skatts, nema það væri tekið fram í l., að skatturinn færi til aukinnar vegagerðar. En eins og og ég hefi margbent á, þá hefir það hvað eftir annað verið tekið fram um svona mál, að skatturinn skyldi fara til greiðslu á vissum notaþörfum almennings, en þegar l. hafa staðið eitt ár, þá hefir verið haldið áfram að innheimta skattinn án tillits til þess, sem upphaflega var ætlazt til með l. Og þegar búið er að leggja þennan skatt á, þá get ég enga tryggingu gefið um það, hvernig ég muni greiða atkv., ef ríkissjóður er í fjárþröng, um það, til hvers þessum skatti verði varið. Sama veit ég, að yrði uppi á teningnum hjá þessum hv. þm. þegar ríkissjóður væri í greiðsluþröng, mundi hann aldrei halda því fram, að það nauðsynlegasta af öllu væri að halda uppi vegagerð. Það getur verið, að það yrði eitthvað annað en vegagerð, sem í hans huga væri það nauðsynlegasta fyrir alþýðu manna.

Annars hefi ég nú í þessu máli gert það, sem ég hefi stundum gert áður og mér hefir þótt ástæða til að gera við þá þm., sem erfitt er að deila við, að ég hefi ekki látið í frumræðu koma fram öll rök, sem ég hefi haft, m. a. til þess að þeir töluðu djarfara um málið en þeir hefðu gert, ef þeir hefðu vitað, hver gögn ég hafði í höndum. Þessi hv. þm. hefir hér, eins og hæstv. fjmrh. í eldhúsumr., verið heldur óvarfærinn í sínum rökum.

Ég vil minna á það, að á þingi 1930 — vill hv. 2. þm. Reykv. ekki hlusta á þetta? Ég held, að hv. form. Alþfl. ætti ekki að trufla hann frá því. — Það var á þingi 1930, að þáv. fjmrh., Einar Árnason, bar fram eða lét bera fram frv. um að leggja gjald á benzín, 7 aura á kg. Gegn þessu frv. reis hv. 2. þm. Reykv., og mér þykir gaman að minna á, hvað hann sagði, með leyfi hæstv. forseta:

„Á þingi 1927 kom fram frv., sem var kallað „litla og ljóta frv.“ (**JBald:** Er þetta í ræðupartinum?). Hv. form. Alþfl., sem er hér að grípa fram í, á ekki sæti í þessari d., og mér þykir gaman að koma því í þingtíðindin, af því að ég var einu sinni af hendingu staddur í Ed., þegar form. Alþfl. varð fyrir framígripi frá manni, sem átti ekki sæti í þeirri d., og notaði hann þá tækifærið til þess að staðfesta það, að sá, sem greip fram í, hefði ekki átt sæti í d. Ég nota því þetta tækifæri til þess að minna hann á, að hann á ekki sæti í þessari d.

„Á þinginu 1927 kom fram frv., sem kallað var „litla og ljóta frv.“ Það var flutt af hv. 2. þm. G.-K. og mætti svo miklum fjandskap, bæði í blöðum og í þessari deild, að hann varð því fegnastur, þegar hann fékk því vísað frá. Enginn skyldi halda, eftir því sem heyra mátti á þeim viðtökum, að nokkur framsóknarmaður mundi nokkurntíma ljá því máli fylgi sitt. En hvað skeður á því herrans ári 1930, annað en að fjmrh. flokksins lætur bera það fram að nýju, og hv. 2. þm. G.-K. fær þá ánægju, eins og hann sjálfur segir, að gerast frsm. hæstv. stj. í málinu. Ég get ekki hugsað mér meiri endaskipti en þetta. Mismunurinn er ekki annar en sá, að frv., sem hv. 2. þm. G.-K. flutti um árið, var þó

aldrei kallað annað en „litla, ljóta frv.“, en þetta mætti heita „stóra, ljóta frv.“

Þetta var nú þó ekki annað og meira heldur en rúml. 5 aurar á lítra af benzíni í benzínskatt. En nú lætur þessi sami hv. þm., sem þannig talaði 1930, flytja frv. um 8 aura skatt á hvern benzínlítra. Ég vil leyfa mér að viðhafa hans eigin orð hér um: „Ég get ekki hugsað mér meiri endaskipti en þetta“. Er þá búið að hafa endaskipti á hv. þm.? Um þennan 5 aura skatt fjmrh. Framsfl. á hvern benzínlítra segir svo hv. þm. í sömu ræðu 1930, með leyfi hæstv. forseta: „Allir sjá, að þetta verður margfaldur skattur fyrir flutningabifreiðir, sem nú bera um 60 kr. skatt árlega. Það er ekkert smáræði, sem taka á í ríkissjóðinn af þessum atvinnuvegi. En þessi skattur kemur til með að leggjast á alla flutninga með bifreiðum, mann- og vöruflutninga, og bætir enn einni hindruninni við hinar erfiðu samgöngur hér á landi. Það er einkennilegt að á sama tíma, sem ríkið gerir allt til að styrkja strandferðir, kaupir ný strandferðaskip og styrkir flóabáta, allt með ærnum framlögum og álögum, þá kemur fram till. um sérstakan skatt á flutninga á landi“.

Það vantar ekki, að hann kenni í brjósti um þá, sem þurfa að sæta þessum flutningum á landi. Ennfremur segir hv. þm.:

„Hér á Suðurlandi er langmestur hluti bifreiða og mest ekið, en eigendur bifreiða hafa enga sönnun fyrir því, að skattinum verði varið mest til vega hér Sunnanlands“.

Nú ætla ég að taka það fram, að í 2. gr. frv. frá 1930 stendur alveg það sama og nú í þessu frv. Það átti að verja innflutningsgjaldinu af benzíninu til þess að greiða kostnað af viðhaldi þjóðvega og malbikun akvegakafla. M. ö. o.: Málsvörn hv. 2. þm. Reykv. er á þessa leið: Þegar samkv. frv. fjmrh. Framsfl. á að leggja 5 aura skatt á hvern benzínlítra og verja því til viðhalds þjóðvegum, umfram það, sem áætlað er í fjárl., þá rís þessi hv. þm. upp, með svæsinni árás á fjmrh. Framsfl. og brigzlum til flokksmanna hans um endaskipti og snarsnúning þeirra í málinu. En ég get ekki hugsað mér meiri endaskipti en á framkomu þessa hv. þm. sjálfs í málinu. Hann byrjar með því að rísa gegn frv. minu um 2—3 aura skatt á benzínlítra og kallar það „litla, ljóta frv.“; því næst hamast hann með brigzlum að frv. fjmrh. Framsfl. um 5 aura skatt af benzínlítra og nefndi það „stóra, ljóta frv.“, en er nú orðið „litla frv.“ og blátt áfram smámunir í samanburði við „stærsta, ljóta frv.“, sem nú er hér til umr. og hv. 2. þm. Reykv. mælir fyrir í d.

Ennfremur segir hv. þm. í ræðu sinni 1930:

„Mér er ekki ljóst, hvernig feður þessa frv. hafa hugsað sér að greina í sundur það benzín, sem notað er til báta og bifreiða“. Svo fer hann að tala um þá ógurlegu verðhækkun, sem verði á benzíninu vegna 5 aura tollsins á lítra, og segir: „Það er alveg áreiðanlegt, að verðið hækkar ekki um þessa sömu upphæð, heldur eitthvað meira. Þeir, sem vöruna selja, verða auðvitað að leggja eitthvað á tollinn, samsvarandi álagningunni á vöruna“. ... „En bifreiðaeigendur verða einnig að leggja meira á flutninginn en tollinum nemur. Það má ganga út frá því sem vísu, að verði frv. samþ. og tollurinn samkvæmt því nemur 200 þús. kr., þá mun það kosta almenning tvöfalt eða meira“. — M. ö. o., þegar gert var ráð fyrir því 1930 að hækka benzíntollinn um 200 þús. kr., þá segir hv. þm., að það kosti almenning 400 þús. kr. Nú á samkv. þessu frv. að hækka skattinn um 100 þús. kr. meira en þá var áætlað, þannig að hann gefur um 300 þús. kr. í tekjur, en sú álagning verður í raun og veru helmingi hærri, segir hv. 2. þm. Reykv., því að „benzínskatturinn kostar almenning tvöfalt eða meira“. Svo víkur hv. þm. í ræðunni að framsóknarmönnum, sem nú eru uppi í sænginni hjá honum, og segir: „Það er sagt, að hér sé bændastjórn. Það verður ekki séð af þessu frv. Samkv. því eiga þeir að gjalda mest, sem þurfa lengstan flutning, búa fjarst kauptúnum. Það mun koma í ljós, að þetta „stóra, ljóta frv.“, sem hér er á ferðinni, mun ekki verða eins vinsælt meðal bænda og hæstv. stj. og meiri hl. fjhn. virðist ætla. Yfirleitt verð ég að segja það, að sú stefna, sem liggur á bak við þetta frv., að menn eigi að gjalda til ríkissjóðs eftir því, hve mikil not þeir hafa af þeim hlutum, sem ríkissjóður kostar, er alröng“. Það er m. ö. o. endalaus vitleysa, segir hv. þm., að þeir, sem hafa not af vegunum, eigi að borga þá. „Sú stefna er alröng“, segir hann.

Svo kem ég að gríninu í ræðulokum hv. þm., þá beindi hann því að framsóknarstj., en nú gengur það út yfir hann sjálfan. Ræðan endar á þessum orðum: „Ég veit, að hv. þdm. eru svo bibliufróðir, að þeir kannast við þessi orð: Faðir minn refsaði yður með svipum, en ég mun refsa yður með gaddasvipum. — Það er þetta, sem hæstv. stj. hefir sagt við þjóðina í þessu „stóra, ljóta frv.“. — Það er út af fyrir sig skrítin reikningsfærsla hjá hv. þm., að tákna mismuninn á benzínskattinum með „svipum og gaddasvipum“! En látum það gott heita. Hann segir m. ö. o.: Ólafur Thors ætlaði að refsa yður með svipum 1927, þegar hann vildi hækka benzínskattinn um 25%. En fjmrh. Framsfl. ætlaði að refsa yður með gaddasvipum 1930 með því að hækka benzínskattinn um 50%.

Og nú, á þessu herrans ári, kemur hv. 2. þm. Reykv. með þetta frv. og hyggst að refsa yður, já, ég veit ekki með hverjum ósköpum — líklega „skorpionum“, þar sem hann ætlast til að útgjöldin af benzíni verði aukin um 600 þús. kr., en það er samkv. hans eigin orðum tvöföldun sú upphæð, sem ríkið leggur á benzínið samkv. þessu frv. Hv. 2. þm. Reykv. verður sjálfur að þola sínar eigin ályktanir! Þetta er sá mjúki faðmur sósíalistanna í skattamálum! Nú ætti hv. 2. þm. Reykv. að ganga um götunar með skilti á bakinu, þar sem á væri letrað: „Faðir minn refsaði yður með svipum, en ég mun refsa yður með gaddasvipum“.

Þessi ræða hv. þm. hefir mörg sannleikskorn að geyma. Hún leiðir það í ljós, að fyrir það sem æfi hv. þm. hefir treinzt síðan ræðan var flutt, þá er það komið á daginn, að hann er alveg jafnsnúningshraður og hv. 1. þingkjörinn þm., Magnús Torfason.

Ég sé að hæstv. atvmrh. er að koma þarna inn í d. Hann á líka góða ræðu hér í þingtíðindunum frá 1930, og vil ég með leyfi hæstv. forseta, lesa hér upp nokkur spakmæli eftir honum. Hann segir:

„Hv. dm. er kunnugt, hverjum brögðum þm. eru beittir af hæstv. ríkisstj. og hæstv. forsetum á stundum. Það lítur út fyrir, að stj. standi í þeirri meiningu, að það sé eiginlega hún, sem eigi að ráða því, hvaða mál ljúkast á þinginu. Hæstv. stj. ætti að vera nóg að vera hæstráðandi milli þinga, þótt hún fari ekki að taka fram fyrir hendur þingsins á síðustu dögum þess. En það lítur út fyrir, að hún ætli sér það, þegar hún dembir inn í þinglok mjög vanhugsuðum frv., sem hún ætlast svo til, að verði lokið í báðum deildum, og öðrum gagnlegri og betur undirbúnum málum verði bægt frá afgreiðslu. Að ég ekki tali um, þegar slíku offorsi er beitt, að dagskrá er brjálað hvað eftir annað og hver fundurinn haldinn ofan í annan fyrirvaralaust".

Það er nú ekkert að glíma við drauga, en að glíma við sjálfan sig, það er erfitt. Svo heldur hv. þm. áfram, eftir að hann er búinn sem siðameistari þingsins að skamma forseta og stj., þá kemur fjármálaspekingurinn, og hann segir:

„Það má segja um þetta frv., að það markar stefnu í tveimur meginatriðum. Ég skal fyrst athuga hið stærra. Hið fyrra er, hvort vegir eigi hér eftir sem hingað til að vera vegfarendum frjálsir til afnota, eða að leggja eigi sérstakan skatt á vegfarendur. Hingað til hafa vegir verið öllum frjálsir til afnota, hvort sem menn hafa farið þá akandi, gangandi eða ríðandi. Sá siður þekktist að vísu áður í ýmsum löndum, að ferðamenn voru skattlagðir með brúar- eða vegargjaldi. ... En slíkt er nú alstaðar fyrir löngu síðan lagt niður í öllum siðmenningarlöndum. Og þróunin hnigur yfirleitt að því að afnema sérgjöld einstaklinga, en framkvæma almennar vegabætur fyrir fé úr sameiginlegum sjóði landsmanna. Þessi stefna er þverbrotin í þessu frv. Það er einmitt gert ráð fyrir, að beztu farartækin séu skattlögð og þeir, sem á þeim fara, því engum dylst það, að þótt skattur þessi greiðist fyrst af eigendum bílanna, þá færist hann frá þeim yfir á notendurna. Og bæði benzínsalarnir og bifreiðaeigendurnir leggja á þennan toll álagningarupphæð fyrir áhættu og vanhöldum, sem almenningur svo verður að borga auk sjálfs tollsins. Hitt meginatriðið, sem hér kemur til greina, er það, hvernig afla beri ríkissjóði tekna, hvernig það verður gert á heppilegastan hátt. Á að gera það með tilliti til gjaldþols manna, eða ekki? — Ég veit ekki, hverju hv. þm. svara því. En eitt er víst, og það er, að þetta frv. brýtur ekki í bág við þá meginstefnu, sem Íhaldsfl. hefir fylgt í skattamálum, heldur þvert á móti. Lítur því út fyrir, að Framsókn sé nú ráðin í því að taka upp stefnu Íhaldsins í skattamálum." — Það koma fleiri hásetar á bátinn en framsóknarkarlarnir! Ég verð nú að segja, að það er að vísu hálfleiðinlegt að sjá þá skríða upp í bátinn hjá mér, því að sumir þeirra hafa hálfflekkað mannorð. En ég býð þá nú samt velkomna! — Svo segir hæstv. núv. atvmrh. í ræðu sinni: „Bílaskatturinn var 1928 70 þús. kr., en frv. þetta gerir ráð fyrir 210—215 þús. kr. Er hann því hækkaður um 200%." Nú á hann að vera 600 þús. kr.! „En" — heldur hann áfram —, „sagan er ekki öll sögð með þessu. Hækkun þessi kemur svo sem ekki jafnt niður á alla bíla. Hún lendir langmest á þá, sem nota þurfa bíla til vöruflutninga." ... „Ég verð að segja það, að ég öfunda ekki ríkisstj. af því að láta bera þetta frv. fram." — Þetta segir hæstv. núv. atvmrh. í ræðu sinni 1930. Ég geri það ekki heldur **nú**. Svo segir hann ennfremur: „Það er leiðinlegt að þurfa að segja þann sannleika, að eftir því, sem árin færast yfir stj., hneigist hún mjög í hina verri átt. Stóra og litla íhaldið dregst nær og nær hvort öðru. Í skattamálunum eru íhöldin nú orðin alveg sammála. Flaustrað hefir verið gegnum þingið með afbrigðum framlenging á verðtolli, sem upphaflega var settur 1924, og átti þá aðeins að vera til bráðabirgða — ekki lengur en á meðan sterlingspundið færi ekki niður úr 26 kr. Þar voru Framsókn og Íhald sammála. Samkomulag varð og um það með Íhaldi og Framsókn að breyta ekki tekju- og eignarskattslögunum. Bæði íhöldin eru andvíg lækkun á kaffi- og sykurtollinum."

Það eru þessi tvö íhöld, Framsókn og sósíalistar, sem nú hafa verið að hækka tollinn til stórra muna, bæði á kaffi og sykri!

Loks er fróðlegt að upplýsa, hvað þessi hæstv. ráðh. sagði 1930, þegar benzíntollurinn átti að gefa 200 þús. kr., og gaman fyrir þá, er flytja þetta frv. nú, sem á, að dómi hv. 2. þm. Reykv., að valda bifreiða- og benzínnotendum 600 þús. kr. viðbótarútgjöldum.

„Ég sagði í upphafi máls míns, að vítavert væri að bera fram svo síðla þings jafnvanhugsað frv. og þetta er. Það hefir enginn tekið fyrir einstakar greinar þess, og ég ætla ekki að gera það heldur. En ég get ekki stillt mig um að fara nokkrum orðum um grg. frv. og þá skatta, sem fyrir voru á bifreiðum. Auk þess benzíntolls, sem á skal leggjast og er 7 aurar á lítra samkv. frv., eða 20—25% af núv. benzínverði, þá haldist líka þeir innflutningstollar, sem nú eru á bifreiðum og einstökum hlutum til þeirra. Vörutollur er nú á bifreiðum, sem inn eru fluttar, 20 kr. á tonn. Á bifhjólum, bifreiðahlutum, hjólbörðum og gúmmíslöngum er vörutollurinn 60 kr. á tonn. Auk þess er 15% verðtollur á bifreiðum, bifhjólum og að nokkru á bifreiðahlutum. Þetta allt eru skattar, sem leggjast á bifreiðarnar og varahluti þeirra, þegar inn er flutt." — Nú hafa þessir skattar margir stórhækkað síðan þessi ræða var flutt 1930. Og nú á að bæta 250—300 þús. kr. benzínskatti ofan á þessi útgjöld, sem hv. 2. þm. Reykv. segir, að verði raunverulega 500—600 þús. kr. á bifreiða- og benzínnotendur í landinu. — Ráðh. endar svo þessa eftirminnulegu ræðu sína þannig: „Ég mun svo ekki fara fleiri orðum um þetta frv. að sinni. Ég greiði hiklaust atkv. gegn því, ef til atkv. kemur. Mér þykir leitt, að ríkisstj. skyldi verða til þess að flytja þetta frv., og enn leiðara, hvað mikið kapp hún leggur á að berja það fram." — Þetta álít ég, að ætti að vera kjörorð sósíalista nú að þessu sinni, að greiða hik-

laust atkv. gegn því frv., sem hér liggur fyrir. Ég hefi kosið að tefla sósialistum fram fyrir mig í þessu máli. Ég tel það ekki nærri því eins hættulegt og þeir álíta að það sé, þó það íþyngi gífurlega þeim, sem fyrir því verða. Mín andmæli gegn þessum skatti stafa af því, að hann er viðbótarskattur við þá skattpíningu, sem núv. stjórnarflokkar hafa innleitt.

Ég hefi viljað sýna hér forsögu sósialista í þessu máli, til þess að vita, hvað þeir eru fimir að snúast í kringum sjálfa sig. Ég get búizt við, að hæstv. atvmrh. takist að láta minna á því bera, en ég er hræddur um, að hv. 2. þm. Reykv. verði stirt um að gera grein fyrir hringsnúningi sínum hér í d.

Fjmrh. (Eysteinn Jónsson) [óyfirl.]: Ég ætla ekki að blanda mér í deilu þeirra hv. þm. G.-K. og fulltrúa Alþfl. hér í d. En ég kvaddi mér hljóðs út af brtt. hv. þm. Vestm., um að stj. fái heimild til að láta allskonar ávexti vera undanþegna þessu viðskiptagjaldi. Við 2. umr. lá fyrir till. frá hv. þm. um að ávextir og grænmeti skyldi fellt úr þessu frv. Mælti ég þá gegn till. og lét mér að mestu leyti nægja að vísa til þeirra raka. Ég benti þá á, að þó allhár innflutningstollur væri á ávöxtum, þá mætti fá hér vörur í þeirra stað innanlands, svo sem mjólk og ýmiskonar grænmeti. Þá benti ég líka á það, sem reynslan hefir sýnt, að þegar um regluleg gjaldeyrisvandræði hefir verið að ræða, þá hefir talsvert dregið úr innflutningi ávaxta, og sézt á því, að þeir þykja ekki eins nauðsynlegir og venjulegar neyzluvörur. En að innflutningur þeirra hefir ekki takmarkazt meira síðustu missirin, stafar af því, að það hefir þurft að beina viðskiptum þjóðarinnar meira til Miðjarðarhafslandanna en áður, vegna viðskiptasamninganna við þau. En þaðan eru ávextir fluttir inn. Ég geri því alls ekki ráð fyrir, að tollhækkunin hafi þau áhrif, að hætt verði við að flytja inn þessar vörutegundir, en hinsvegar getur ríkissjóður haft talsverðar tekjur af þeim. Hv. þm. Vestm. vísaði til umsagnar Læknafélagsins um nauðsyn og hollustu ávaxta og taldi, að samkv. því ætti að gefa innflutning á þeim alveg frjálsan. Það hefir nú í raun og veru mátt heita svo, að sá innflutningur hafi verið frjáls, vegna viðskiptasamninganna við Suðurlönd. En það hefir alltaf verið álit þeirra, sem fara með innflutningsmálin, að það ætti að draga úr innkaupum á þessum vörum, og þó að gjaldeyrisnefnd hafi verið treg til að veita innflutningsleyfi fyrir þeim, þá hefir samt ekki tekizt að minnka þann innflutning verulega, vegna samninganna við Suðurlönd. Nú er ekki farið fram á það, að bannaður verði innflutningur á þessum vörum, heldur einungis að nokkur hluti af verði þeirra gangi til ríkissjóðs. Ég vil annars benda hv. þm. Vestm. á, að ef hann hefir svo mikinn áhuga fyrir því að fá verðlækkun á ávöxtum og grænmeti, þá ætti hann að beina gagnrýni sinni í því efni gegn þeim, sem verzla með þessar vörur og leggja mikið á þær. Náttúrlega þarf álagningin að vera talsvert mikil vegna áhættu og rýrnunar á vörunni. En það vita líka allir, að álagningin er of mikil hjá þeim, sem verzla með ávexti, og meðfram af því, að þeir eru ein af þeim vörutegundum, sem ekki teljast með nauðsynjavörum. Ég hefi því fulla ástæðu til að ætla, að tollurinn á ávöxtum komi ekki allur niður á neytendum, heldur býst ég við hinu, að dregið verði úr álagningunni, eða að nokkur hluti hennar renni í ríkissjóð. Ég hygg, að ávaxtasalarnir vilja halda við innflutningnum og útsölunni á vörunni, enda þótt þeir verði að vinna það til að leggja minna á hana. Í umsögn þeirri, sem hér liggur fyrir frá Læknafélaginu, er aðeins talað um, að ávextirnir séu nauðsynleg vara, en ekkert farið inn á að benda á aðrar vörutegundir, sem gætu komið í þeirra stað. En ég vil benda á það, sem að vísu er öllum kunnugt, að í ýmsum landshlutum, og jafnvel mörgum héruðum, er engin aðstaða til þess að neyta ávaxta, af því að þeir flytjast ekki þangað. Og ég er í miklum vafa um, að fólkið í þessum héruðum sé nokkuð heilsutæpara en hitt, sem getur keypt sér ávexti í kaupstöðunum. Og það er vafalaust því að þakka, að fólkið í þessum héruðum neytir annara fæðutegunda, sem fullkomlega geta komið í staðinn fyrir ávexti. Ég vil því eindregið mæla á móti þessari brtt., því að þó að í henni felist aðeins heimild fyrir ríkisstj. til þess að veita undanþágu frá þessari tollálagningu á ávexti og grænmeti, þá verður sífelld ánauð um, að slík undanþága verði veitt, og beinlínis ætlazt til þess, að heimildin verði notuð.

Samkv. því, sem ég nú hefi sagt, get ég lýst því hér yfir, að ég mun ekki sjá mér fært að nota slíka undanþáguheimild, þó að Alþingi veiti hana.

Atvmrh. (Haraldur Guðmundsson) [óyfirl.]: Ég skal ekki lengja mikið þessar umr., en vil aðeins víkja nokkrum orðum til hv. þm. G.-K. Ég mun ekki á nokkurn hátt draga úr hinum lofsamlegu ummælum hv. þm. um hina mjög svo snjöllu og skörulegu ræðu, er hv. þm. las hér upp úr Þingtíðindunum eftir mig. Það er allt réttmætt, sem þar er sagt, og er það miklu meira en hægt er að segja um ræður hv. þm. G.-K. venjulega.

Ástæðan til þess, að ég flutti þessa ræðu á sínum tíma, er í stuttu máli sú, sem nú skal greina. Þegar ég flutti þessa ræðu hér í þessari hv. d., þá voru engir örðugleikar á því að fá fé til viðhalds þjóðvegum og til vegagerða án þess að hækka benzínskattinn. Þá var þannig ástatt í þinginu, að fyrir því lágu tillögur frá okkur þm. Alþfl. um hækkun á tekju- og eignarskattinum, og mátti samkv. þeim fá miklu meira fé í ríkissjóð til þessara framkvæmda. En þessu frv. okkar var þá hafnað af meiri hl. Alþingis. — Síðan þetta gerðist hefir tekju- og eignarskatturinn verið hækkaður til muna. Á síðasta þingi var tekjuskatturinn hækkaður um 40%, og nú liggur fyrir þessu þingi frv. um allverulega hækkun á tekjuskatti af hátekjum, sem ég tel víst, að verði samþ. Það er því ekki hægt að halda lengra áfram á þeirri braut nú, enda hefir verið farið svo langt sem gerlegt þótti. Auk þess hefir einnig verið aflað tekna til ríkissjóðs með einkasölum á nokkrum vörutegundum. Ástandið

er þannig, að um tvennt var að velja. Annaðhvort að láta ógerðar framkvæmdir, sem ætlazt er til, að verði unnar, eða afla fjár á þennan hátt.

Ég játa það hispurslaust, að mér er ekki ljúft að afla tekna á þennan hátt. En af því að ég tel mikilsvert fyrir bílaeigendur og fólkið í landinu að fá þær framkvæmdir, sem fé þetta á að renna til, hefi ég verið með því að þessu sinni, að lög þessi yrðu sett í eitt ár.

Eins og hv. þm. munu sjá, er þannig gengið frá í frv., að ákveðið er, til hverra framkvæmda fé þetta renni, og er með því sköpuð atvinna við vissar framkvæmdir í landinu, sem kemur öllum til góða, og þar á meðal bílaeigendum.

Eins og vitað er, þá hafa orðið stórkostlegar breyt. á flutningum á landi þessi síðustu ár, þegar vegakerfi landsins hefir þanizt svo mjög út, enda eru vegirnir orðnir aðalundirstaða samgangna í landinu og greiða mjög fyrir örari viðskiptum sveita og sjávarplássa. Vegaviðhaldið hefir því skiljanlega aukizt til stórra muna, og var þar um tvennt að velja, annaðhvort að leggja ekki fram fé, sem meiru næmi en nauðsynlegt þætti til að vegirnir héldust slarkfærir, eða afla aukins fjár og bæta þær leiðir, sem nú eru mest farnar. Síðari leiðin var valin. Áætlað er til nýrra akvega og viðhalds í fjárl. fyrir næsta ár 1200000 kr. En auk þess skal svo verja tekjum af hækkun benzínskattsins til byggingar nýrra vega, og verður það umfram þá fjárveitingu, sem venja er til í fjárl. hvers árs að áætla í þessu skyni. Þetta er því til aukningar framkvæmdum, til sköpunar nýrrar atvinnu í landinu.

Það er alveg rétt, sem hv. þm. var að tala um, að í fyrstu kemur þessi skattgreiðsla niður á bílaeigendum. En við verðum að gera ráð fyrir því, að þeir nái því aftur með hækkun á fargjöldum og flutningsgjöldum, að svo miklu leyti, sem þessi skatthækkun vinnst ekki upp með bættum vegum. Þess vegna er hyllzt til, að tekjur þessar renni til vissra vega, þar sem umferðin er mest, svo að hinn óbeini vinningur komi sem fyrst aftur.

Við ummæli mín um fors. hefi ég engu að bæta. Hæstv. fors. hefir heldur skánað síðan, og ég vona, að það haldi áfram. Gagnvart stjórnarflokkunum hefir hann komið „loyalt“ fram og forðast að misnota vald sitt, heldur ber jafnan undir þá um afgreiðslu mála, svo að þar um verði ákveðið af meiri hluta þingsins, eins og á að vera og verður að vera.

Bjarni Ásgeirsson: Það var ekki meining mín að ræða um þær brtt., sem hér liggja fyrir um benzínskattinn, heldur um brtt., sem mig langar til að bera fram ásamt hv. þm. Hafnf. En þó vil ég segja aðeins nokkur orð út af till. hv. þm. Vestm., sem vill láta benzínskattinn í Eyjum renna til ræktunarvegar þar. Ég veit ekki betur en það sé á leiðinni fjárveitingartill. til þessa vegar, og veit ekki um, að nokkurt samband sé þar á milli og benzínskattsins. Undanfarin ár hefir verið veitt fé til þessa vegar í Vestmannaeyjum. (**JJós:** En til Holtavörðuheiðar?). Ég veit líka, að áður hefir verið veitt fé til vegar á Holtavörðuheiði, og samt er, þó tekið sé upp fé í fjárl. til Holtavörðuheiðar, ætlazt til, að bætt verði við af þessum tekjum, og það er af þeirri einföldu ástæðu, að fjvn. sá sér ekki fært að veita fé til Holtavörðuheiðar svo verulegu næmi, nema fá nýja skatta. Alveg er eins með ræktunarveg í Vestmannaeyjum. Ég tel vafasamt, að til hans hefði verið veitt fé, ef ekki hefði verið aflað nýrra tekna, en nú verður hægt að veita þann styrk alveg eins og gert hefir verið með Holtavörðuheiðarveginn —, þannig að 5—6 þús. kr. vegafé geti komið í kjördæmi þessa hv. þm.

Þá vil ég aðeins leiðrétta það, sem kom fram hjá hv. 7. landsk., að þessi skattur yrði þungbærari á bændur fyrir norðan en annarsstaðar; þeir eyddu nú 200 kr. í bíla á ári, og mundi þetta hækka um 40—50 kr. Þessi hækkun er fjarstæða ein eins og við sjáum, ef við reiknum þetta út. Við skulum segja, að benzínskatturinn sé 5% hækkun á kostnaði við rekstur bifreiða, og þó ég hafi ekki glögga reikninga, hvað þetta nemur miklu, tel ég vafalaust, að ekki muni meiru, þegar allt er tekið með. Þó maður reikni svo með, að öll þessi hækkun lendi á þeim, sem nota bílana, þá getur það ekki orðið meira en 5% hækkun á þessum útgjöldum. Eftir þessu verður sá bóndi, sem greiðir 40—50 kr. meira fyrir flutninga fólks og þungavöru með bílum — án þess að sá flutningur hafi aukizt —, að hafa áður, t. d. í ár, haft 1000 kr. útgjöld af þessum flutningi.

En þetta var nú útúrdúr. Ég vil leyfa mér ásamt hv. þm. Hafnf. að bera fram brtt. við brtt. á þskj. 829, frá hv. 2. þm. Reykv., um það, að fella niður úr tolli sjóklæði og verkamannafatnað. Þetta hefir verið tollfrítt, og er það heilbrigð stefna, að brýnustu lífsnauðsynjar þeirra vinnumanna, sem tekjuminnstir eru, séu undanþegnar, eins og t. d. þessi fatnaður. Svo er aðeins leiðrétting á orðinu viðskiptagjald, sem hvergi er talað um í frv. M. ö. o., ráðherra er heimilað að fella niður eða gefa eftir toll af þessum vörum, og leyfi ég mér að afhenda forseta þessa tillögu.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 882) leyfð og samþ. með 17 shlj. atkv.

Jóhann Jósefsson [óyfirl.]: Hv. frsm. fjhn. var, að því er mér virtist, að mæla gegn till. minni um að heimila ráðh. að fella niður tollviðauka af grænmeti og ávöxtum, sömuleiðis hinni mjög svo sanngjörnu till. minni um benzínskattinn, um að það, sem tilfellur í Vestmannaeyjum, verði notað þar. Ég ætla mér ekki að eltast við hann, þó ég vildi fá hann til að segja það, sem honum er sagt að segja — enda er ekki anzandi þvílíkum barnaskap ólærðra manna, er þeir fara að tala um „vitamin“ eða fjörefni, og bera á móti því, sem læknar og visindamenn segja í þessu efni, enda er líka vitað mál, að þessi þm. segir ekki annað en það, sem hann er ráðinn til og honum er sagt.

Hæstv. fjmrh. vildi ennþá halda því fram, að þetta væri óþarfavarningur. Þetta er sá mikli

misskilningur, sem kemur fram hjá honum og fleirum, að þetta sé einhver lúxusvara. Það má náttúrlega segja, að aðrar vörur eru nauðsynlegri, en þetta er sorglegur vottur um það menningarstig, sem við Íslendingar stöndum á, að menn skuli leyfa sér að segja slíkt, að grænmeti og ávextir séu lúxusvara. Ég held það sé leit að æðstu samkundu nokkurrar þjóðar, þar sem fulltrúar þjóðarinnar leyfðu sér að halda slíku fram, nema bara hér. Eins og sýnir sig í frv. þá eru þessar vörur settar við hliðina á gullstássi og glingri.

Hæstv. ráðh. sagði, að það hefði alltaf verið álitið af þeim mönnum, sem veita innflutningsleyfi, að þessar vörur tilheyrðu lúxusvarningi. Þetta getur vel verið, en það er jafnórétt fyrir því, og ef ætti að meta vörurnar eftir því, hvaða álit gjaldeyris- og innflutningsnefnd hefir, þá gæti ég hugsað, að fleiri vörur lentu í þessum flokki, sem ekki þætti alveg einhlítt, að ættu þar heima.

Hæstv. ráðh. talaði eins og grænmeti og ávextir væru tollfrjáls vara, en því er nú ekki að heilsa. Eins og ég sýndi fram á við 2. umr. þessa máls, þá er hér á landi sannarlega tollur á þessum vörum. T. d. er verðtollur á appelsínum allt að 25%, sem er ekkert annað en beinn vörutollur, og hér stendur til að leggja annan 25% verðtoll ofan á, og verður þá tollurinn 50%. Þá sagði ráðh., að hann hefði fyllstu ástæðu til að ætla, að kaupmenn legðu meira á þessar vörur en tollinum næmi, og þetta segir hann í sömu andrá og hann heldur því fram, að þessi nýi verðtollur eigi ekki að koma niður á kaupendum, heldur á verzluninni. Mér finnst þetta stangast dálítið á hjá honum við þau ummæli, hvað kaupmenn leggi mikið á ávexti. Vitanlega var allt, sem hæstv. ráðh. taldi sök í þessu máli, lokleysa ein og endileysa, þar sem allt stangaðist á, og það er ekkert undarlegt, þegar hann er að verja þann málstað, sem ekki er hægt að verja. Hann streitist á móti því, að sú heimild verði samþ., sem ég fer fram á, um að hann megi veita undanþágu frá tollgreiðslu, og var því borið við, að þá myndi ráðh. fá svo margar beiðnir og kvabb út af þessu. Það væri nú leiðinlegt, ef það skyldi koma fyrir, að menn töluðu við hæstv. ráðh. En ég held, að hæstv. ráðh. hafi ekki gætt þess, að mörgum mönnum, ef ekki öllum, sem eru veikir, er ráðlagt af læknum að borða ávexti og grænmeti, og þeir verða að neyta þessarar fæðu, hvað sem hún kostar. Sjúkrahúsin verða að kaupa — og hafa keypt — þessar vörur, hvert sem verðið er. Þannig hefir gengið til undanfarin ár, að þó innflytjendur hafi ekki fengið leyfi, þá hefir sjúkrahúsunum verið veitt það. Það sýnir og sannar bezt nauðsynina, að jafnvel gjaldeyris- og innflutningsnefnd veitir þó innflutningsleyfi á þessum vörum. Og ef þetta er ekki sönnun þess, að hér er ekki um neinn lúxus að ræða, þá get ég ekki vitað, hvað eru sannanir.

Hæstv. ráðh. trúir ekki Læknafél. Reykjavíkur, og sjálfur þykist hann ekki vita neitt og lokar augunum fyrir því, að sjúkrahús verða að nota þessar vörur. M. ö. o., hann stangast við staðreyndirnar.

Hv. þm. Mýr. var með eftirmála út af till. minni vegna benzíntolls í Vestmannaeyjum, þar sem ég legg til, að tilfallandi benzínskattauki í Eyjum renni til ræktunarvegar þar, og rökstyð með því, að vegna landfræðilegrar legu geti eyjarskeggjar ekki notið þess, sem gengur til vega annarsstaðar á landinu. Hann var að reyna að sanna, að af því að á undanförnum árum hefði verið veitt fé til þessa ræktunarvegar, þá væri þetta ekki réttlátt. Hv. þm. hefir e. t. v. fundið, eins og raunar fleiri, að hann var að verja rangt mál, en honum þýðir ekkert að halda því fram, að þó að þingið hafi veitt þetta fé á undanförnum árum og ætli nú að veita 5—6 þús. kr. — sem er alltof lítið —, þá sé mín till. óréttmæt. Enda er þetta ekki eingöngu gert fyrir Vestmannaeyinga, heldur til að gera ræktanlegt og arðmeira ríkissjóðs eigið land. Það hefir heldur aldrei verið vanþakkað, sem í þessu skyni hefir verið látið af hendi rakna, en þar fyrir finnst mér ekki ástæða til fyrir hv. þm. Mýr. að draga úr þessum fjárveitingum.

Það er búið að lýsa því af hv. þm. Mýr. og hv. 2. þm. Reykv., ef þeir þora að samþ. það, sem þeir segja, og heykjast ekki, að fé þetta eigi að ganga til nýrra framkvæmda, ákveðinna vega, sem tilgreindir eru í frv. Það geta því allir séð, að Vestmannaeyjar eiga að fá þetta til nýrra vegaframkvæmda, en ekki vega, sem ríkið hefir stutt. Hv. þm. Mýr. var alltaf að vitna í Holtavörðuheiðarveginn. Hann segir, að því er mér skilst, að af því hann hefir áður verið á fjárl., þá nýtur hann góðs af þessum tekjuauka, en svo hefir hann bersýnilega snúið þessari sömu röksemd við, þegar ræða skyldi um veginn í Vestmannaeyjum. En hvernig stendur á, að í frv. til fjárl. eru taldar upp 46 vegagerðir, og þar á meðal Holtavörðuheiðarvegur? Þetta dæmi sýnir, að þeir vegir, sem benzínskatturinn á að renna til, hafa enga sérstöðu um að vera ekki í fjárl., og að nefna þennan veg er því engin sönnun fyrir því, að vegur í Vestmannaeyjum megi ekki njóta sömu fríðinda.

Ræktunarvegurinn í Vestmannaeyjum gleymdist í fjvn., en hefir nú að nýju verið tekinn þar upp, en ef hann hefði nú átt að falla út úr fjárl., þar sem hann hefir verið síðan 1926, og láta hann aðeins verða aðnjótandi benzínskattsins, þá hefði hann átt að fylgja þar með í upptalningunni á því þskj., en þar er hann alls ekki nefndur.

Hv. þm. Mýr. hefir séð sinn kost vænstan að hlusta ekki á þau rök, sem ég færði fram til þess að sýna fram á, að hann er að brjála rétt mál og halda fram því, sem rangt er, þegar hann vill bendla ræktunarveginn í Vestmannaeyjum við þennan nýja benzínskatt. Ef þeir, sem standa að benzínskattinum, ætlazt til, að Vestmannaeyingar verji benzínskattinum til ræktunarvegarins, þá hefðu þeir talið hann upp í sambandi við þá 6—7 mismunandi liði til vegagerðar, en þar er hann alls ekki nefndur. Það er náttúrlega ákaflega hægt fyrir hæstv. stj.-meirihl. á þingi að beita misrétti í þessu máli og láta bílaeigendur í Vestmannaeyjum borga sinar 6000 kr. í aukalegan skatt án þess að sýna þeim neina tilslökun á móti á nokkurn

hátt, og það er vitanlega ekki nema lítið brot af öðrum hermdarverkum, sem þetta þing fremur. En þeir, sem að þessu standa og mæla slíku óréttlæti bót, geta ekki vænzt þess, að fulltrúi þess kjördæmis, sem hér á hlut að máli, taki þegjandi við slíkri meðferð. Ef hv. þm. Mýr. verður lengi frammi ennþá, þá getur þessi ræða dregizt, því að ég ætla að halda áfram að tala þangað til hv. þm. kemur aftur, eða að öðrum kosti fram að fundarhléi. Sá siður er orðinn algengur hér á þingi, að ef deilt er á suma hv. stj.liða, þá hlaupa þeir út og loka hurðum sem fastast á eftir sér, til þess að heyra ekki ræður andstæðinganna. (GG: Hv. þm. Mýr. var kallaður í landssímann).

Ég hefi ekki farið út í þær deilur, sem átt hafa sér stað í þessu máli, út af skattinum sjálfum og réttmæti hans. Mér finnst hv. þm. G.-K. hafa gert hv. 2. þm. Reykv. og hæstv. atvmrh. svo glögg og góð skil með því að sýna þeim og öllum þingheimi þeirra fyrri afstöðu til þessarar skattaálagningar, sem var þó áður aðeins lítið brot af því, sem nú er farið fram á, að við það geti ég engu bætt. En ég vil bara segja það, að mér þykir það merkilegt, ef þeir menn, sem styðja núv. hæstv. stj., eru allir svo afarblindir, að þeir geti ekki séð, hversu óskaplega langt hv. stj.flokkur, og þá sérstaklega jafnaðarmenn, eru komnir frá sínum fyrri fullyrðingum í skattamálum. Þeir hafa frá upphafi vega haldið því fram, að þeirra stefna í þessum málum væri alls ekki sú, að leggja á beina skatta, og þennan benzínskatt hafa þeir talið afskaplegan þyrni í augum sínum; en nú ganga þessir menn fram fyrir skjöldu beinlínis til þess að hlaða ofan á neyzluskatta þjóðarinnar. En það er ekki nóg með það, að þeir stuðli að því að auka neyzluskattana, heldur hafa þeir nú tvöfaldað benzínskattinn. Þessir menn segjast svo sem vera á móti beinum sköttum! Ég held, að það sé ómögulegt að fara þvert ofan í sjálfan sig í opinberum málum, ef jafnaðarmenn hafa ekki gert það greinilega á þessu þingi.

Ég veit ekki, hvort hv. þm. Mýr. er svo nálægt, að hann megi heyra mál mitt; hann kom með dálítið nýmæli í sinni ræðu, sem mér finnst rétt að athuga lítið eitt. Eins og allir vita, sem fylgzt hafa með blaðaskrifum um þennan nýja verðtoll, þá var hann fyrst, þegar hann leit ljós þessa heims, skírður viðskiptagjald af jafnaðarmönnum og framsóknarmönnum í sameiningu. Það mátti ekki kalla hann skatt eða toll, heldur var hann nefndur miklu mýkra nafni, viðskiptagjald, og hefir það verið gert af ásettu ráði, til þess að almenningur geti síður áttað sig á, að hér er ekki um neitt annað að ræða en beina verðtollsaukningu eða raunverulega nýjan verðtoll. Og á þennan hátt hafa jafnaðarmenn og tímamenn hér í Reykjavík huggað suma flokksmenn sína.

En nú kemur hv. þm. Mýr. og spyr, hver hafi kallað þetta viðskiptagjald, vegna þess að í brtt., sem hér liggur fyrir frá hv. 2. þm. Reykv., er vitnað í þetta skakka heiti á frv., og hv. þm. Mýr. gerir svo þessum samherja sínum þann grikk að lýsa yfir því hér í hv. deild, að hér sé alls ekki um viðskiptagjald að ræða, heldur hækkun á verðtolli, eins og hann orðaði það. Og þetta er rétt.

Thor Thors: Ég skal ekki lengja umr. mikið, en áður en málið fer út úr d., langar mig til þess að ná í taglið á því. Hér er enn við síðari umr. málsins lagt til að auka skatta á þjóðinni um 250—300 þús. kr., ofan á 1 millj. og 200 þús. kr., sem fyrir voru í þessu frv. Þetta gera þeir sömu flokkar, sem á sínu fyrsta þingi hækkuðu skatta og tolla um 2 millj. kr. Á þessum tveim þingum hafa skattaálögur og aðallega þó tollar hækkað samtals um 3½ millj. kr.

Þegar þinginu var frestað í apríl síðastl., þá var það gert vegna þess, að það þótti fyrirsjáanlegt, að svo slæmar horfur væru framundan fyrir sölu afurðanna, að fjárl. voru allt of há eins og þau þá voru. Þetta var hin raunverulega ástæða fyrir þingfrestuninni. Nú er komið að þingslitum, og hvað hefir gerzt síðan? Það, að útgjöldin hafa verið hækkuð á þjóðinni um 1½ millj. kr., — og á hvaða forsendum og með hvaða viti? Hefir það mikið rofað til um sölu afurðanna, að það sé þess vegna hægt að leggja þessar nýju álögur á þjóðina? Það er öllum kunnugt, að allar álögur hvíla á atvinnulífi þjóðarinnar. Ég get ekki séð, að viðhorfið hafi neitt breytzt í þessu efni frá því á fyrri hluta þessa þings, og mér þætti mjög vænt um að fá þá gleðifregn frá hæstv. stj., sem gæti réttlætt þetta. Mér er ekki kunnugt um annað en að einmitt síðustu daga hafi sölumöguleikarnir versnað stórkostlega erlendis, og að eitt af okkar aðalviðskiptalöndum, Ítalía, geti á næsta ári engar vörur af okkur keypt, nema með því móti, að við tökum vörur af þeim í staðinn, og ég veit ekki betur en að Spánverjar séu mjög tregir til þess að kaupa mikið af okkur og að það megi jafnvel búast við, að þeir setji sömu skilyrði og Ítalir. Þegar þessar fregnir berast hingað, þá hlýtur hæstv. stj. að hafa fengið einhverjar aðrar fregnir, sem þingheimur veit ekkert um, fregnir, sem geta réttlætt þessa þungu álagaaukningu á þjóðinni og atvinnulífinu. En meðan þessar gleðifregnir koma ekki, þá verð ég að staðhæfa, að ekkert vit sé í þessari meðferð fjármálanna hér á hv. þingi undir stjórn þeirra flokka, sem nú fara með völdin í landinu.

Jón Sigurðsson [óyfirl.]: Ég skal reyna að lengja ekki umr. mikið, en af því að nokkuð hefir verið vikið að því, sem ég sagði hér í dag, vil ég segja nokkur orð. Viðvíkjandi útreikningum hv. þm. Mýr. vil ég taka það fram, að það er eins ástatt fyrir mér og honum, að ég hefi ekki fyrir framan mig útreikninga um það, hvernig skatturinn kemur niður á framleiðendunum, en ég held, að ég geti látið mér nægja að vísa til ummæla hv. 2. þm. Reykv., sem lesin voru hér upp í dag. Hann er, eins og kunnugt er, benzínsali, og hann staðhæfir, að þessi skattur komi ekki aðeins niður á framleiðendum, heldur muni benzínsalar og bílaeigendur einnig leggja ofan á, svo að skatturinn tvöfaldist. Þetta er skýrt tekið fram, og ég býst við, að hann hafi haft nokkuð rétt fyrir sér í þessu

efni. Við vitum vel, að það fylgir margt misjafnt í kjölfar nýrra tolla og skatta, t. d. nota verzlanir sér oft tækifærið til þess að leggja meira á vöruna en sem svarar tollinum. Ég hygg því, að ég hafi ekki farið með neina fjarstæðu í þessu efni.

Þá vil ég drepa á eitt atriði, sem mikið hefir verið vikið að í sambandi við þetta mál, og það er það, að þetta gjald sé alveg óumflýjanleg nauðsyn vegna vegaviðhaldsins. Þetta er áreiðanlega herfilegasta blekking. Það er ekkert annað en blekking að halda því fram, að af 14—15 millj. kr., sem innheimtar eru í ríkissjóð, sé ekkert fé fyrir hendi til þess að verja 600—650 þús. kr. af því til veganna. Þetta er aðeins blekking, því að af jafnháum tekjum og hér er um að ræða eru engin vandkvæði á því að fá nægilegt fé til viðhalds og nýbygginga vega á svipaða lund og verið hefir, ef aðeins er hyggilega farið að, og þessum 14—15 millj. kr. tekjum ríkissjóðs er ekki varið til margvíslegra hluta, sem eiga ekkert skylt við að styðja að framleiðslunni í landinu.En því miður er högum svo háttað hér hjá okkur í þessu efni, að þessu mikla fé er oft fyrst og fremst fleygt í óarðbæra hluti, og er illt til þess að vita á þessum erfiðu tímum. — Skal ég svo ekki hafa þessi orð fleiri.

Héðinn Valdimarsson [óyfirl.]: Ég neita því ekki, að hækkun á benzínskattinum komi að jafnaði niður í hærra verði, eins og lesið hefir verið upp úr ræðu eftir mig, en í þessu tilfelli geri ég ráð fyrir, að þetta muni ekki þurfa að koma fyrir, nema að nokkru leyti, og eru ástæðurnar þessar: Önnur er sú, að þau lög, sem samþ. voru á síðasta þingi um fólksflutninga og áætlunarferðir, leiða það af sér, að þar er hægt að krefjast þess um sumar flutningaleiðirnar, að svo verði hagað til, að gjöldin þurfi ekki að hækka, þar sem það hefir sýnt sig, að þau eru nægilega há; hin ástæðan er sú, að nýlega átti sér stað lækkun á benzíni, og hún ætti að geta vegið upp á móti þessari hækkun.

Annars ætla ég að nota þennan stutta tíma, sem mér er ætlaður til aths., til þess að geta þess, að hv. þm. G.-K. sannaði einmitt með upplestri sínum, að sú skoðun, sem ég hefi á þessu máli, er sú sama og ég áður hafði. En hv. þm. sleppti nokkrum köflum úr ræðunni, til þess að villa hv. þm. sýnir í þessu efni. Á bls. 998 í C-deild þingtíðindanna frá 1930 tala ég um mismuninn á benzínskattinum eins og hann var þá borinn fram og eins og hann var í útlöndum, ég tek fram tvær ástæður fyrir því, að ekki er hægt að bera þennan skatt saman við samsvarandi skatt erlendis. Önnur er sú, að vegirnir erlendis eru malbikaðir, en það er kunnugt, að sú vegagerð er mjög dýr, og þess vegna er frekar ástæða til þess að skattleggja bíla í þessu skyni í þeim löndum. Ég sé, að í brtt. sem felur í sér skattaukninguna, er gert ráð fyrir, að nokkrum hluta upphæðarinnar, 50 þús. kr., sé varið í byrjun Suðurlandsbrautar inn að Elliðaám. Í því tilfelli er sama ástæða fyrir hendi hér hjá okkur eins og erlendis. Hin ástæðan fyrir því, að þessi skattur er ósambærilegur við svipaða skatta erlendis, er sú, að hér er það ekki lagt á vald ríkisstj., hvort þessum aukna benzínskatti skuli verða varið til þeirra hluta, sem upphaflega var ætlazt til, heldur er alveg fast ákveðið, í hvaða vegi honum verður varið, en erlendis er allt öðru máli að gegna í þessu sambandi, eins og kunnugt er. Eins og kunnugt er, gengur mestur hluti þessa nýja benzínskatts til þeirra landshluta, sem mest umferð er um; það er því tekið tillit til þess sama hér og erlendis, þegar benzínskattur er lagður á þar. Allar upplýsingar hv. þm. G.-K. sýna því einmitt, að ég hefi það sama fyrir augum og ég áður hafði, þegar þessi skattur var borin fram, enda mun standa nánar um það annarsstaðar í þingtíðindunum, í umr. um tekjuskatt.

Frsm. minni hl. (Ólafur Thors) [óyfirl.]: Þeir hæstv. atvmrh. og hv. 2. þm. Reykv. reyndu að gera ofurlitla en gagnslausa tilraun til þess að losna úr þeirri gildru, sem þeir eru komnir í, en það fór að vonum þannig, að allir þeir, sem á hlýddu, sáu, að þetta var einungis tilraun til kattarþvottar, sem auðvitað mislukkaðist algerlega. Rök þeirra frá árinu 1930 í þessu máli, sem ég las upp í minni fyrri ræðu, standa alveg óbreytt, og frá þeim rökum komast þeir ekki. Núv. hæstv. atvmrh. sagði þá líka sjálfur, að það, sem hann þá hafði sagt, væri allt rétt, eða m. ö. o., að þessi skattur, sem hann nú berst fyrir, væri þess eðlis, að fyrir hann væri enga frambærilega ástæðu hægt fram að færa aðra en þá, að nú væri „skriðið upp í til íhaldsins“, eins og hann orðaði það 1930, þ. e. a. s. hann er sjálfur farinn að berjast fyrir þeirri stefnu í skattamálum, sem hann taldi algerlega andvíga öllu réttlæti, þegar hann ræddi um þetta mál 1930. Ef orð hæstv. atvmrh. standa óhögguð, þá er hitt víst, að gerðir hans hafa breytzt, þar sem hann barðist kröftuglega gegn 5 aura gjaldi á lítra, en berst nú jafngunnreifur fyrir 8 aura gjaldi. Hæstv. ráðh. reyndi að færa fram þau rök fyrir sinni afstöðu, að þá hefði ekki verið neinn vandi að afla fjár, en nú væri engin leið að ná peningum í ríkissjóð nema með því að leggja þennan þungbæra skatt á almenning. Ég segi það sama og hv. 7. landsk. sagði í sinni ræðu, að þetta eru óframbærileg rök hjá hæstv. atvmrh. Áður en þessi skattur verður lagður á, á að taka í ríkissjóð á 16. millj. króna. Hvaða boðorð er fyrir því, að þessar framkvæmdir, sem inna á af hendi með því fé, sem fæst fyrir benzínskattinn, megi ekki framkvæma með þessum 15—16 millj. króna, svo framarlega sem allir skattstofnar ríkissjóðs bregðast ekki? Slík rök eru alls ekki frambærileg af hálfu hæstv. stj. og fylgismanna hennar, og það er eftirtektarvert að hlusta á þessi rök, sem færð eru fram fyrir þessum nýja, þungbæra skatti. Þegar lagður var á kaffi- og sykurtollur, þá var sagt: Þið getið ekki fengið alþýðutryggingar og nýbýli, nema með auknum kaffi- og sykurtolli. Þegar talað var um veg yfir Hellisheiði, var sagt: Þið getið ekki fengið þennan veg nema með nýjum benzíntolli. Ég veit ekki, eftir hvaða vísindaaðferðum farið er í þessu efni. Mér er það óskiljanlegt. Annars eru þessi rök hæstv. ráðh. þau sömu og alltaf eru tilfærð í

þessu efni. Á Alþingi árið 1930, þegar þáv. hæstv. fjmrh. var að mæla bót 5 aura benzínskatti, og núv. hæstv. atvmrh. og hv. 2. þm. Reykv. börðust jafnkröftuglega á móti því og þeir berjast nú fyrir 8 aura skatti, þá voru fram færð alveg sömu rök fyrir þessum 5 aura skatti og nú eru færð fram fyrir þessum 8 aura tolli. Þá sagði þáv. ráðh., Einar Árnason, með leyfi hæstv. forseta: „Hér hefir nýlega verið samþ. að bæta allmiklu við það vegakerfi, sem ákveðið er í vegal., að hvíli að öllu á ríkissjóði. Sú viðbót mun óhjákvæmilega kosta allmikið aukið fé til viðhalds vegum ...“

Þannig voru rökin þá, og þannig eru þau nú. En reyndin er sú, eins og ég hefi oft tekið fram áður, að fyrst er þessi skattur lagður á í þessu augnamiði, og svo er hann látinn haldast, en framkvæmdirnar, sem lofað var, eru látnar falla niður. Hæstv. atvmrh. var að grínast í sinni ræðu og talaði um, að forsetinn hefði skánað frá því, sem hann var 1930, og að stj. væri ekki eins ámælisverð eins og hún hefði verið þá. Ég vil minna hv. þdm. á þau ádeiluorð, sem hæstv. núv. atvmrh. lét sér þá um munn fara. Hann sagði, með leyfi hæstv. forseta: „Það lítur út fyrir, að hæstv. stj. standi í þeirri meiningu, að það sé eiginlega hún, sem eigi að ráða því, hvaða mál ljúkast á þinginu. Hæstv. stj. ætti að vera nóg að vera hæstráðandi milli þinga, þótt hún fari ekki að taka fram fyrir hendur þingsins á síðustu dögum þess. En það lítur út fyrir, að hún ætli sér það, þegar hún dembir inn í þinglok mjög vanhugsuðu frv., sem hún ætlast svo til, að verði lokið í báðum deildum, og öðrum gagnlegri og betur undirbúnum málum verði bægt frá afgreiðslu.“ Það er að vísu ekki mitt hlutskipti að taka upp hanzkann fyrir þá stj., sem þá sat við völd, en þó vil ég taka það fram, að ég hygg, að sú stj. hafi ekki átt nein ámæli skilið í þessu efni, samanborið við núv. hæstv. stj. En það situr ekki á þeim manni, sem árið 1930 deildi á þáv. stj. fyrir lélega framkomu í þessu efni, að hegða sér eins og hann gerir nú.

Þar sem ég hefi aðeins leyfi til þess að gera aths., þá mun ég láta niður falla að svara frekar hæstv. ráðh., enda gaf hann lítið tilefni til þess, því að ræða hans var vissulega næsta veigalítil.

Hv. 2. þm. Reykv. fann, að hann þurfti að bera í bætifláka fyrir sína fyrri framkomu í þessu máli. En svör hans voru veigalítil, eins og von var til. Hv. þm. reyndi að færa fram þær afsakanir, að þótt benzínskatturinn hækkaði, þá þyrftu flutningsgjöldin ekki að hækka. Hinsvegar sagði hann, að benzínið myndi hækka, ef skatturinn hækkaði, og ekki aðeins um það, sem skatturinn hækkaði, heldur einnig meira. En svo getur hv. þm. ekki skilið, að bílaeigendur, sem kaupa benzín, þurfi að hækka flutningsgjöldin, ef benzínið hækkar í verði. Hv. þm. verzlar með benzín, þegar skatturinn hækkar; þess vegna þarf hann að hækka verðið á þeirri verzlunarvöru sinni, en aftur á móti á hann ómögulegt með að koma því í höfuðið, að þeir, sem lifa á fólks- og vöruflutningum með bílum, þurfi að hækka fólksflutninga og vöruflutningagjöldin, ef benzínskatturinn hækkar. Þetta eru undarleg rök. Ef hv. þm. vill rökstyðja þetta með því, að hann sjálfur og aðrir þeir, sem ráða í þessum málum, hafi áður ákveðið, að flutningsgjaldið væri, samkv. þessu valdi, sem þeir fengu með skipulagningu á fólksflutningum frá síðasta þingi, of hátt, þá er það engin afsökun, vegna þess að af því leiðir, að flutningsgjöldin hefðu þá átt að vera lægri og því að hækka núna.

Hv. 2. þm. Reykv. vildi hallmæla mér fyrir það, að ég hefði sleppt úr ræðu sinni, er ég las upp úr henni. Það var satt, að ég las hana ekki alla, heldur aðeins perlurnar, og króaði þannig hv. þm. alveg inni í hans eigin fortíð. En það, sem hann sjálfur las upp, sannaði ekki síður, hve hann hefir gersnúizt í málinu. Ein af þeim ásökunum, sem hann reyndi að færa fyrir snúningi sínum, var sú, að nú ætti að verja skattinum til að malbika vegi, en til þess hefði ekki verið ætlazt áður. En sú afsökun er fremur haldlítil, því að langmestum hluta á að verja fénu á þann hátt, sem hv. þm. gat enga afsökun fundið fyrir áður, þegar hann kallaði þennan skatt „blóðpeninga“. Þó að verja eigi einum 50 þús. krónum af skattinum til malbikunar á Elliðaárveginum, getur það enginn skjólgarður orðið fyrir hann í þessu máli.

Þá fór hv. þm. að afsaka snúning sinn með því, að nú ætti að byggja nothæfa vegi fyrir þetta fé. En 1930 sagði hann, að nothæfir vegir væru ekki lagðir hér og yrðu ekki lagðir, meðan núv. vegamálastjóri væri við stýrið. Eftir þessu að dæma gat hv. þm. ekki hugsað sér þá, að nothæfir vegir yrðu lagðir hér, í náinni framtíð a. m. k.

Allt, sem ég las upp úr fyrri ummælum hv. þm. um þetta mál, sýnir það, að hann er nú í slíkri aðstöðu, að honum er bezt að vera ekki að reyna að verja sig. Þegar ég flutti frv. um þá breyt. á bifreiðaskattinum, að hann yrði lagður á benzineyðslu, en ekki hestöfl, olli það aðeins 25 þús. kr. hækkun. Þegar þáv. fjmrh. hækkaði skattinn 1930, hækkaði hann úr 70 þús. kr. upp í 200 þús. Þá komst hv. 2. þm. Reykv. svo að orði, að með minni hækkun hefði landslýðnum verið refsað með svipum, en með hinni miklu hækkun fjmrh. væri honum refsað með gaddasvipum. Hann gæti því sagt nú: Afi minn, Ólafur Thors, refsaði yður með svipum, faðir minn, Einar Árnason, með gaddasvipum, en ég mun refsa með stólfótum. (GSv: Er ekki búið að slíta þeim upp?). Ætli það sé ekki eitthvað eftir frá 9. nóv.?

Jakob Möller [óyfirl.]: Það hefir nú þegar verið sýnt fram á, að flutningur þessa máls væri óvenjulegur og óviðkunnanlegur. En ég verð að taka dýpra í árinni, því að ég verð hreint og beint að telja hann alveg ósamrýmanlegan stjórnarskránni. Ég veit nú að vísu, að ekki líður yfir stjórnarsinna, þótt ymprað sé á þessu, því að í þeim herbúðum reiknast það ekki til neinna dauðasynda, þótt þingið verði nærgöngult við stjórnarskrá landsins, ef það er í þágu stj. og flokka hennar. En mér þykir þó rétt að taka þetta skýrt fram og láta því ekki

ómótmælt, að grundvallarlög landsins séu brotin svo augljóslega sem hér er stefnt að.

Í 35. gr. stjskr. er svo ákveðið, að engan skatt megi leggja á, breyta né af taka, nema með lögum. En í 39. gr. er hinsvegar skýrt ákveðið um það, hversu með lagafrv. skuli fara, svo að þau geti orðið að lögum. Þau skal ræða þrisvar í hvorri deild, og að lokum í Sþ., ef ekki næst samkomulag.

Þetta frv., sem hér liggur fyrir, er ásamt brtt. í rauninni þrjú lagafrv. Eitt er um breyt. á tekju- og eignarskatti, annað um breyt. á verðtolli, og hið þriðja um breyt. á benzínskattinum. Um tvö hin fyrstu er ekkert að segja að því leyti, að þau hafa farið lögskipaða boðleið gegnum báðar deildir. En þriðja frv., um benzínskattinn, á að sæta þeirri meðferð, að vera rætt aðeins einu sinni í hvorri deild, sem samkv. stjskr. er alveg ólögmætt.

Það liggja líka fyrir forsetaúrskurðir um, að lögum verði ekki breytt með fjárlagaákvæðum, vegna þess að þá sæti lagabreytingar allt annari meðferð en stjskr. ákveður. Forsetar hafa margsinnis lýst yfir því, bæði í tíð hæstv. núv. forseta þessarar deildar og áður, að ástæðan til þess, að þeir vísuðu frá slíkum till., væri sú, að á þennan hátt fái lagabreytingar ekki þá löglegu meðferð, að ganga gegnum þrjár umr. í hvorri deild. Nú er frv. að vísu oft breytt á þann hátt, að brtt. komast inn í þau. En þar verður þess fyrst og fremst að gæta, hvort breytingin er viðvíkjandi einhverju ákveðnu málsatriði eða málinu alveg óviðkomandi.

Hér er hvað benzínskattinn snertir ekki um neina brtt. að ræða, sem komi efni hins upphaflega frv. við, heldur alveg nýja lagasetningu. Því er hér stofnað til alveg óleyfilegrar meðferðar á málinu og ólöglegrar afgreiðslu þess. Hér eru brotin tvö ákvæði stjskr., bæði ákvæðið um almenna meðferð á löggjafarmálum og hið sérstaka ákvæði um það, hvernig megi leggja á skatta.

Ég hefði vænzt þess, að forseti hefði þegar vísað till. þessari frá af sjálfsdáðum. Ég er þó ekki að áfellast hann fyrir það, að hafa ekki þegar gert þetta, en ég vænti þess fastlega, að hann kveði upp úrskurð þess efnis, eftir að á þetta hefir verið bent.

Til áréttingar vil ég benda á þann þingsið, að afgreiða hverja lagasetningu, sem talið er liggja mjög á, með þeim hætti, að afgreiða hana á skyndifundum með afbrigðum frá þingsköpum. En ef það væri ekki talin skylda samkv. stjskr., að málin gangi gegnum þrjár umr. í hvorri deild, þyrfti engra afbrigða við, því að þá gæti stj., eins og nú er stefnt að, borið fram brtt. við eitthvert alveg óskylt lagafrv. um það, sem hún vill fá fram, við síðustu umr. í síðari deild, fella þannig niður hverja einstaka grein þess frv. og setja inn nýja grein um allt annað efni, breyta síðan fyrirsögn frv. og senda síðan til hinnar deildarinnar til einnar umr. En þetta er bara ekki gert, heldur fengin skyndiafgreiðsla með afbrigðum frá þingsköpum, af því að hin aðferðin er talin óheimil, eins og hún líka er.

Afgreiðsla sú, sem hér er áformuð, er því ólöggleg og ógild, þótt hún næði fram að ganga. Ég tel slíkt ósæmilegt og vænti þess því, að hæstv. forseti úrskurði þessa till. frá atkvgr., til þess að firra þingið því hneykslí.

Ég hefi ekki miklu við það að bæta, sem sagt hefir verið um sjálft málið. En þó er alveg sérstök ástæða fyrir mig að tala um benzín- eða bifreiðaskattinn, því ég hefi verið á móti honum frá upphafi og átt því láni að fagna fram á síðustu tíma, að eiga öfluga liðsmenn hér á þingi, sem af miklum áhuga hafa beitt áhrifum sínum til að hindra þennan skatt. Þessir bandamenn hafa, þangað til nú, verið þm. Alþfl. Mér fellur því illa að sjá þá nú hlaupa undan merkjum og ganga í óvinahópinn.

Það hafa ávallt verið rök okkar, að þetta væri ranglátasti og tilfinnanlegasti neyzluskattur, sem til er í þessu strjálbyggða landi. Við höfum talið það ranglátt og skaðlegt, að hömlur væru lagðar á það með löggjöf, að menn geti aflað sér bjargar og komið frá sér afurðum. Og við höfum líka bent á, að það er fullkominn misskilningur, að benzínskatturinn sé ekki ranglátari og hættulegri hér en erlendis. Hv. 11. landsk. hefir enn sýnt fram á þetta nú, og hefi ég þar litlu við að bæta.

Þetta land er svo miklu strjálbyggðara en öll önnur nálæg lönd, að þar er ekki hægt að gera neinn samanburð. Er óhætt að segja, að hér séu allar vegalengdir tífaldar vegna strjálbýlis. Auk þess eru í öllum þessum löndum annarskonar samgöngur, járnbrautir, sem hið opinbera annaðhvort rekur eða telur sér skylt að styrkja. Þessar samgöngur vill hið opinbera eðlilega vernda gegn samkeppni frá bifreiðum. Flutningsgjöld í þessum löndum eru ákveðin af þeim, sem ráða yfir járnbrautunum. Bifreiðaflutningar eru ódýrari, en nægja ekki einir. Því er talið nauðsynlegt að halda járnbrautunum og leggja hömlur á samkeppni bifreiðanna. Benzínskatturinn hefir því engin áhrif á flutningsgjöld járnbrautanna, því að benzínverðið er ákveðið af öðrum aðilja en þau. Bifreiðarnar verða að hætta, ef þær þola ekki samkeppnina við járnbrautirnar. En hér kemur hver eyrir í benzínskatt fram í hækkuðum flutningagjöldum, sem leggst á framleiðendur og ferðamenn. Því er ekki hægt að gera neinn samanburð við Ítalíu eða önnur lönd að þessu leyti. Hér verkar skatturinn sem bein íþynging fyrir alla flutninga og framleiðslu. Og sú íþynging verður ekki aðeins eyrir fyrir eyri, heldur eins og hv. þm. G.-K. hafði eftir hv. 2. þm. Reykv., tveir aurar fyrir eyri. Það má leiða töluverð rök að því, að þetta hefir verið svo. Því hvernig sem á því stendur, þá er verð á benzíni hér allt að því helmingi hærra en í nágrannalöndunum. Vitanlega er það ekki af því, að benzínið sé hér í sjálfu sér dýrara, en það verður svona miklu dýrara í meðförunum. Þar af leiðir, að það, sem á benzínið er lagt, eykur verðið líka að sama skapi. Mér er sagt, að þessi mikla viðbót við innkaupsverðið standi í sambandi við þá áhættu, sem fylgir verzlun með þessa vöru, og er auðséð, að sú áhætta hlýtur að aukast við þennan nýja toll og verðhækkunin að verða tvöföld miðað við tollinn. Ef þarf að tvöfalda verð á benzíni af þeim ástæðum, sem ég hefi nú drepið á, er auð-

sætt, að tollurinn kemur einnig tvöfaldur fram í söluverðinu. Af þessu geta menn séð, að ummæli hv. 2. þm. Reykv. á þingi 1930 um, að 200000 kr. benzíntollur í ríkissjóðinn þýddi 400000 kr. úr vasa almennings í landinu, sem nota þessa vöru. Þetta er það raunverulega og *sanna í málinu, og þó það þyki alls ekki sjálfsagt*, að það, sem þessi hv. þm. hefir sagt í þessu og öðrum tilfellum, sé allt sem áreiðanlegast, þá má þó geta þess, að vegna stöðu sinnar hefir hann aðstöðu til að vita hið sanna í þessu efni.

Það er þessi skattur, sem ég hefi jafnan barizt gegn hér á þingi, og Alþfl.þm. hafa allt að þessu barizt gegn honum líka. Því veit ég, að þeir hljóta að skilja það, hve sárt mér er að sjá á bak þessum samherjum mínum í þessu máli, sjá þá leggja á flótta og bregðast svo mjög því trausti, sem þeir hafa notið vegna baráttu sinnar í þessu máli. Því það er alveg víst, að sá mikli vöxtur í þingmannaliði Alþfl. nú á síðustu tímum stafar m. a. af því, hve þeir hafa hér barizt einbeittir gegn þessum skatti, fyrir hagsmunum almennings, og að þess hefir verið vænzt, að þeir héldu þeirri baráttu áfram. Nú hefir reynslan sýnt, að þetta traust hefir verið oftraust, þar sem þeir hafa nú svikizt svo geipilega frá sinni stefnu í málinu, sem brtt. um benzínskattinn ber vitni um, eins og þeir yfirleitt hafa svikið stefnu sína í tollamálum.

Hæstv. atvmrh. sagði eftirtektarverð orð í svari sínu til hv. þm. G.-K. Þó hv. þm. G.-K. hafi að vísu svarað þeim, þá vil ég leyfa mér að vekja á ný athygli hv. þm. á þessum orðum hæstv. ráðh. Hann sagði, að það hefði verið allt öðru máli að gegna með aðstöðu Alþfl. til benzínskattsins 1930 heldur en nú. Þá hefðu verið nóg önnur ráð fyrir hendi til að afla fjár handa *ríkissjóði, þá hefði legið fyrir frv. Alþfl.* um hækkun á tekju- og eignarskatti, en þingið hefði ekki viljað samþ. það. Þess vegna hefði Alþfl. algerlega beitt sér gegn benzíntollinum, eins og öðrum tollum yfirleitt. Það er nú að vísu svo þegar athuguð er farin braut Alþfl. í tollamálum, þá er hún nú nokkuð hlykkjótt. Það er sannast sagna, að í þeim efnum hefir flokkurinn aðallega hagað sér eftir því, hvernig vindur blés í hvert skipti. Eitt árið hefir hann verið með, en annað árið móti tollinum, allt eftir því, hvaða afstöðu flokkurinn hefir haft til stj. En hæstv. ráðh. sagði meira en þetta. Hann sagði, að raunverulega hefði nú Alþfl. ekki viljað fallast á tollinn að þessu sinni heldur, en hefði bent á aðra leið til tekjuöflunar, sem sé þá, að ríkið tæki alla innflutningsverzlunina í sínar hendur. Ég fæ nú ekki betur séð af þessu en að nákvæmlega eins sé ástatt nú og 1930. Framsfl. vildi ekki þá samþ. frv. Alþfl. um hækkun tekju- og eignarskattsins, en nákvæmlega eins er ástatt nú. Alþfl. hefir að vísu bent á aðra leið en 1930, þegar hann neitaði að samþ. benzínskattinn, en það skiptir engu máli. Og hvers vegna neitar þá Alþfl. ekki nú eins og þá, að fallast á þessa gersamlega óforsvaranlegu tekjuöflunarleið? Alþfl. hefir nákvæmlega sömu afstöðu til málsins og 1930. Flokkurinn er í bandalagi við sama flokkinn og þá. Hvers vegna hefir Alþfl. ekki sömu aðferð og þá? Hitt er svo allt annað mál, að það er náttúrlega enginn munur á leiðum til tekjuöflunar, að leggja toll á nauðsynjavörur eða hinu, að láta ríkið taka alla verzlun með innfluttar vörur og taka gróða af þeirri verzlun, því það eru fengin óyggjandi rök fyrir því, að vörur þær, sem ríkið fer að verzla með, hækka í verði sem hagnaðinum nemur a. m. k., og vafalaust meira. Þetta er ekki lengur teoretisk staðhæfing, heldur reynsluvísindi, að allar vörur verði dýrari í ríkverzlun en þær voru áður. Nú hefir Alþfl. haldið því fram, að hann gæti yfirleitt ekki fallizt á tollaleiðina og teldi ríkisverzlun réttari leið, en þá bar honum skylda til að halda þeirri leið til streitu eins og kröfunum um hækkun tekju- og eignarskattsins 1930. Það má líka líta á þessa yfirlýsingu hæstv. ráðh. frá öðru sjónarmiði. Hann sagði, að 1930 hefðu verið nógar leiðir til að afla tekna til allra mögulegra hluta, sem Alþfl. þá vildi framkvæma, en nú væri þetta gerbreytt, nú væru allar leiðir lokaðar, nú hefir verið, að sögn hæstv. ráðh., svo hlaðið sköttum og tollum á alla gjaldendur, bæði einstaklinga og fyrirtæki, að stj. hefir ekki lengur séð neina smugu til þess að komast í vasa borgaranna og ná þaðan síðustu aurunum, aðra en þá, sem Alþfl. sér, að koma á allsherjar ríkiseinkasölu, eða þá að leggja nýjan toll á brýnustu lífsþarfir og neyzluvörur almennings, og ekki aðeins vörurnar sjálfar, heldur á möguleikana á því að nálgast þær, flytja þær að sér. Hæstv. ríkisstj. veit, að það er visst „minimum" af vörum, sem fólk kemst af með að afla sér, og hún lætur sér ekki nægja að leggja aðeins skatt á þetta „minimum" af vörunni sjálfri, heldur skattleggur hún líka þá framkvæmd að draga þessar vörur að sér. Það verður ekki annað sagt en að stj. og flokkar þeir, er hana styðja, hafi sýnt fyllstu viðleitni í því að afla ríkissjóði tekna, því eins og kunnugt er, þá hefir hún nú með varlegustu áætlun á tekjunum ráð á hátt á 16. millj. kr., og með þeirri viðbót, sem benzínskatturinn gefur, hefir stj. a. m. k. fullar 16 millj. kr., og sennilega á 17. millj. kr. Þetta eru, eins og margsinnis hefir verið tekið fram, miklu hærri tekjur heldur en nokkru sinni áður hafa verið áætlaðar til ríkisþarfa, og líklega upp undir það, sem mest hefir aflazt, og þetta er í því árferði, þegar öll atvinnufyrirtæki í landinu eru að meira eða minna leyti stöðvuð, og ekki annað sjáanlegt en að margir séu í þann veginn að flýja frá sínum atvinnurekstri, bæði til sjávar og sveita, og allar framkvæmdir mega heita liggja í dái. Það eru allir sammála um þetta, að ekki horfi vænlega fyrir atvinnuvegunum. En verða horfurnar vænlegri fyrir það, að svo harkalega er að því gengið að reyta síðustu aura borgaranna í ríkissjóðinn? Jú, stj. og hennar stuðningsflokkar segja, að eitthvað verði að gera til þess að draga úr atvinnuleysinu, það verði að stöðva straum fólksins í hóp atvinnuleysingjanna, og það á að gera þetta með því móti að reka smiðshöggið á það, að allur atvinnurekstur stöðvist. En það er ákaflega einkennileg hugsun að halda, að þetta sé sú eina lífsbjörg fyrir fólkið, halda, að nýir og nýir skattar á atvinnuvegina, sem neyða þá til að hætta, sé

rétta leiðin til þess að afla fjár handa þeim, sem þá verða atvinnulausir. Það er bersýnilegt, að þetta er hið mesta Lokaráð. — Og þó stjórnarflokkarnir haldi, að þeir geti fleytt sér á því að telja þjóðinni trú um, að með þessu séu þeir að bjarga henni, þá missýnist þeim, því fólk er yfirleitt ekki svo skyni skropið, að það geri sér ekki fullkomlega ljósar þær afleiðingar, sem hljóta að verða af slíkri fjármálastefnu.

Þegar frv. um bráðabirgðatekjuöflun ríkissjóðs var fyrst lagt fram, voru talsmenn stj. og stjórnarflokkanna mjög málreifir og gerðu mönnum miklar gyllingar. Þeir sögðu, að þó nærri væri gengið með álögur í þessu frv., þá væri þó eitt víst, að með því væri ekki verið að íþyngja framleiðendum. Yfirleitt væri ekki seilzt til annara en þeirra, sem annaðhvort hefðu fyllilega efni á að borga, eða þá þeirra, er ekki horfðu í skildinginn til þess að kaupa fyrir hann meira eða minna óþarfar vörur, því allar vörur, sem telja mætti til nauðsynja, væru undanþegnar. Vafalaust hafa margir menn verið svo barnalegir að trúa því, að þetta væri sagt í fullri einlægni. Margir hafa vafalaust þótzt vissir um það, að þessir málsvarar lítilmagnans, þessir bjargvættir fátæklinganna mundu ekki viljandi koma með þær álögur, sem íþyngja fátæklingunum eða lömuðu framleiðsluna fram yfir það, sem orðið er, eða gerðu dýrara að lifa í landinu en áður var. En þeir, sem lifðu í þessari sælu trú og trúnaðartrausti til núv. valdhafa, að þeir mundu ekkert vilja gera, sem lamað gæti framleiðsluna, þeir hljóta nú að vakna við vondan draum, þegar fram kemur þessi nýja till. um að tvöfalda benzínskattinn. Og það hlýtur að fara að vakna efi hjá þeim um það, að stjórnarflokkaranir hefðu tekið sér það svo nærri sem þeir létu, þó nýr skattur yrði lagður á framleiðsluna, jafnvel svo þungur, að hún lamaðist. Það var svo sem reynt að sýna fram á það, að því færi fjarri, að hið svokallaða viðskiptagjald legðist á framleiðsluna. Því heldur enginn maður fram lengur, því að öllum er ljóst, að allar þær vörur, sem undir þann toll falla, eru að meira eða minna leyti notaðar til framleiðslunnar í sambandi við hana. Og svo er bitið höfuðið af skömminni, eftir að flett hefir verið ofan af blekkingunum, með því að bæta við þessari tvöföldun benzínskattsins, sem öllum er ljóst, að er tilfinnanlegur skattur á framleiðendur bæði til sjávar og sveita.

Við þetta er þó a. m. k. eitt unnið. Hv. stjórnarflokkar hafa sjálfir svipt af sér grímunni. Þeir reyna nú ekki lengur að dyljast. Þeir hafa nú orðið að meðganga það opinberlega, að þeir hugsi nú um það eitt að afla fjár, og að þeim sé alveg sama, á hvern hátt þeir gera það.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 102. fundi í Nd., 18. des., var fram haldið 3. umr. um frv.

ATKVGR.

Brtt. 825 samþ. með 17 shlj. atkv.
— 844 samþ. með 16:7 atkv.
Brtt. 882,a—b samþ. með 22:1 atkv.
— 829 samþ. með 23:1 atkv.
— 843 samþ. með 17 shlj. atkv.
— 883 felld með 16:15 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: GÞ, GSv, GÍ, HannJ, JakM, JJós, JónP, JS, MT, ÓTh, PHalld, PO, SK, TT, EE.

nei: EmJ, EystJ, FJ, GG, HV, JG, PZ, PÞ, SigfJ, SE, StJSt, ÞorbÞ, BJ, BÁ, BB, JörB.

Tveir þm. (JÓl, ÁÁ) fjarstaddir.

Forseti (JörB): Hv. 3. þm. Reykv. óskaði úrskurðar forseta viðvíkjandi því, hvort brtt. á þskj. 824 myndi geta komið hér til atkv. Taldi hv. þm., að með flutningi slíkrar brtt. væri gengið á snið við ákvæði stjórnarskrárinnar, þau, að frv. hvert skyldi ræða þrisvar í hvorri d. Skildist mér hann telja brtt. þessa svo víðtæka, að hún bryti í bága við ákvæði stjskr.

Í þingsköpum Alþingis er svo ákveðið um meðferð mála, að ef brtt. koma fram, hvort þær eru smáar eða stórar, þá skuli ganga til atkv. um þær út af fyrir sig. Er gert ráð fyrir, að brtt. geti fram komið á hvaða stigi máls sem er. Þó er viðtekið, að ef mál er búið að ganga milli deilda og komið í Sþ., þá má ekki bera fram brtt,. sem hafa í sér fólgin önnur atriði en þau, sem verið höfðu til meðferðar í annarihvorri d. — Um meðferð mála og brtt. við þau væri erfitt að ákveða markalínu, sem ávallt skæri úr um það, hvort breytingin bryti í bága við ákvæði stjskr., hvort hún væri það stórfelld eða ekki. En nú eru til fordæmi um, að breytingar af þessu tægi, allróttækar, hafa verið fram bornar á Alþingi, og hefir þá stundum verið leitað úrskurðar forseta um meðferð slíkra till. Hefir þá venjan verið sú, að svo framarlega sem málsatriði voru skyld og ekki horfið frá grundvelli þeim, sem málið stóð á í upphafi, þá hafa þær brtt. komið til atkv. Að undangengnum slíkum fordæmum, tel ég ekki rétt að víkja þessari brtt. frá, sérstaklega þar sem hún fjallar um sama efni og áður hefir verið til meðferðar í sambandi við þetta mál. Því úrskurða ég, að brtt. skuli koma til atkv.

Jakob Möller: Úrskurður hæstv. forseta er á annan veg en ég hafði búizt við. Ég leyfi mér að mótmæla því, að það hafi þýðingu í þessu sambandi, hvaða fordæmi liggja fyrir í þessu efni á Alþingi. Því að sé eitthvað ekki í samræmi við stjskr., þá verður svo ekki fremur fyrir það, þótt áður hafi verið brotið gegn stjórnarskránni.

Brtt. 824 samþ. með 17:14 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: ÞorbÞ, BJ, BÁ, BB, EmJ, EystJ, FJ, GG, HV, JG, MT, PZ, PÞ, SigfJ, SE, StJSt, JörB.

nei: TT, EE, GÞ, GSv, GÍ, HannJ, JakM, JJós, JónP, JS, ÓTh, PHalld, PO, SK.

Tveir þm. (ÁÁ, JÓl) fjarstaddir.

Frv., svo breytt, samþ. með 17:14 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: EystJ, FJ, GG, HV, JG, MT, PZ, PÞ, SigfJ, SE, StJSt, ÞorbÞ, BJ, BÁ, BB, EmJ, JörB.

nei: GÞ, GSv, GÍ, HannJ, JakM, JJós, JónP, JS, ÓTh, PHalld, PO, SK, TT, EE.
Frv. endursent Ed.

Á 98. fundi í Ed., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 892).
Á 100. fundi í Ed., 20. des., var frv. tekið til einnar umr.

Magnús Guðmundsson: Þetta frv., sem hér liggur fyrir, hefir tekið nokkurri breyt. síðan það fór úr þessari hv. d. Það þótti ekki fagurt álitum þá, en nú er komin aftan við það spáný rófa, sem er víst nokkurskonar gullrófa, því hún er metin á 250 þús. kr. yfir árið. Það má því ekki minna vera en maður strjúki þessa dýru rófu svolitið. Það er nú svo um þetta frv., að það er orðið þrilitt. Fyrst er hátekjuskattur, svo verðtollur og síðast benzínskattur. Það á sjálfsagt að vera eins með þetta frv. og þrílitu kýrnar, að það á að mjólka stj. vel, því það er talsvert á aðra millj., sem hún hyggst að hafa upp úr frv. En það er svo með okkur sjálfstæðismenn, að okkur finnst, að með þessu sé gengið of langt í því að leggja skatta á landsmenn. Ég vil spyrja hæstv. fjmrh. að því, hvort hann áliti, að hægt sé að halda áfram með þessa sífelldu hækkun á tekjuskatti og flytja milli manna meir og meir eftir því, sem kreppan harðnar. Ég vil spyrja hann að því, hvort hann sé nú kominn að takmarkinu, eða hvort hann hugsar sér á næsta ári að herða enn á, og koma með nýjar álögur á landsmenn. Ég er ekki að spyrja að því, hvort hann áliti, að þetta frv. lifi lengur en eitt ár, heldur hvort hann áliti, að yfirleit sé unnt að hækka skattana á næsta ári eða auka gjöld ríkissjóðs meira en orðið er, að óbreyttu árferði. Ég veit auðvitað, að hæstv. fjmrh. er mér ekki sammála í þessu, því hann álítur að það verði að herða á álögunum, eftir því sem kreppan er meiri.

Viðvíkjandi þessari viðbót frv., sem er um benzínskattinn, þá get ég sagt fyrir mig, að ef ekki væru aðrar nýjar skattaálögur á döfinni, þá geri ég ráð fyrir, að ég væri ekki andstæðingur þessa skatts. Mér finnst það ekki óeðlilegt, að það sé lagður skattur á benzín til þess að gera vegi fyrir. Það út af fyrir sig er alls ekki óskynsamleg hugsun, enda hefir þetta verið gert í fjöldamörgum löndum. En þegar það er sett aftan við aðrar tekjuaflanir, sem sjálfstæðismenn eru mótfallnir, þá er ekki hægt að taka það út úr eða samþ. frv. í heild, þó að þetta sé tekið með. Ég geri ráð fyrir, að ég hefði verið til viðtals um þetta, ef dregið hefði verið úr öðrum tekjuöflunarleiðum, sem sumir í stjflokkunum hafa lýst yfir, að þeir væru ósamþykkir, en hafa orðið að ganga inn á vegna þess, að það var sett sem skilyrði fyrir því, að sættir tækjust milli stj.flokkanna.

Ég skal taka það fram, að ég hefi gengið út frá því sem gefnu, að það væri haldið fast við það, að þessum skatti væri varið til þeirra vegagerða, sem tiltekið er í frv. Það hefir áður verið ákveðið að leggja á benzínskatt og verja honum í ákveðnu augnamiði, en það hefir ekki alltaf verið farið eftir því. Þess vegna er ástæða til þess, að gengið sé fast eftir því, að skattinum sé varið eins og fyrir er mælt í frv., og að ef eitthvað sé afgangs, þá sé það lagt í sjóð.

Það er ekki til neins að ræða núna um hina tvo aðra liði frv., enda hefir það verið gert áður, og ætla ég ekki að taka upp aftur umr. um þá. Og þó að litilfjörleg breyt. hafi orðið á ákvæðunum um verðtollinn, þá ætla ég ekki að fara út í það.

Ég vil að síðustu taka það fram, að ég sé mér ekki fært að greiða atkv. með frv., því ég lít svo á, að það sé þegar búið að leggja á svo mikið af sköttum, að það sé ekki fært að bæta eins miklu við og gert er ráð fyrir í þessu frv. Það væri fróðlegt að taka það saman, hvað landsmenn yrðu að borga mikið í skatta alls á árinu 1936, ekki einungis til ríkissjóðs, heldur og til bæjar- og sveitarsjóða. Sú upphæð hlýtur að vera geysihá, sjálfsagt ekki undir 27 millj. kr., og þegar það er athugað, að það er ekki víst, að það verði flutt út fyrir meira en 40—45 millj., þá sést, hversu óskapleg upphæð þetta er. Landsmenn verða að greiða meira en helming af andvirði útfluttra vara í skatta. Og þetta er sérstaklega gífurlegur skattur, þegar það er athugað, að við Íslendingar flytjum hlutfallslega miklu meira út en nokkur önnur þjóð, sem ég þekki.

Fjmrh. (Eysteinn Jónsson) [óyfirl.]: Ég ætlaði í byrjun umr. að gera grein fyrir þeirri höfuðbreyt., sem hefir orðið á frv. síðan það fór úr þessari hv. d., en ég var tepptur við atkvgr. í hv. Nd., svo að hv. 1. þm. Skagf. hefir hafið umr. áður en ég gat gert grein fyrir þeirri breyt., sem orðið hefir á frv. — Ég skal ekki fara út í hinar minni breyt. á frv., enda gerði hv. 1. þm. Skagf. það ekki. En ég ætla að minnast á 4. gr. frv., sem var sett inn í hv. Nd., en þar er ríkisstj. heimilað að innheimta 8 aura innflutningsgjald af hverjum lítra af benzíni í stað 4 aura, sem það er nú. Að þessu er sá aðdragandi, að víðsvegar af landinu hafa borizt kröfur um vegagerðir, bæði af því að þörf er fyrir betri vegi, og svo ennfremur af þeirri ástæðu, að mikil þörf er fyrir aukna atvinnu víða. En atvinnuleysið stafar m. a. af þeim samdrætti, sem orðið hefir í ýmsum atvinnugreinum, vegna þess að útflutningsverðmætið hefir minnkað, en af því hlýtur aftur að leiða minnkaðan innflutning. Eins og hv. dm. er kunnugt, þá var í fjárl. ekki orðið rúm fyrir þeim vegagerðum, sem beðið var um. Og ef ekki átti að daufheyrast við öllum frekari framlögum en gert var ráð fyrir áður í fjárlfrv., þá varð að taka það ráð að hækka benzínskattinn og láta hækkunina ganga til vegagerða. Með tilliti til þess, að þörf er á betri vegum, og ennfremur í ríkum mæli þörf á aukinni atvinnu handa landsfólkinu, þá hafa stj.flokkarnir horfið að því að hækka benzínskattinn og láta hækkunina ganga til vegaframkvæmda. Það má benda á, að langmest af þeirri vinnu, sem benzínskatturinn á að ganga til, á að framkvæma á Suðurlandi, og er það með ráðum gert, því það er búizt við því, að þar hljóti að draga mjög úr byggingum frá því, sem verið

hefir, vegna takmarkaðs innflutnings, og hefir það í för með sér aukið atvinnuleysi í þeim stéttum, sem stundað hafa þá atvinnu, og er þá gott, ef hægt er að beina einhverjum af þeim mönnum að vegavinnu, því sú vinna kostar svo sem ekkert erlent efni.

Ég vil leyfa mér að upplýsa hv. dm. um það, hvernig álagningu benzínskatts er háttað í öðrum löndum, og ættu þær upplýsingar að sýna, hvort það er óeðlilegt, að hann sé nú hækkaður hér nokkuð:

Í Ítalíu er benzínskattur og tollar 49,26 aur.
Á Frakklandi 47,20.
Í Þýzkalandi 35,43.
Í Sviss 25,18.
Í Belgíu (Brüssel) 29,21.
Í Englandi (Wales) 16,42.
Í Noregi 11,27.
Í Danmörku 13.
Í Svíþjóð 11,68.

Af þessu má sjá, að þar sem benzínskatturinn er lægstur, þar hefir hann verið fast að þrefalt hærri en hann hefir verið hér áður. En hér hefir hann verið nokkuð yfir 4 aura með vörutolli, en ég veit ekki með vissu, hve mikið. En eftir þá hækkun, sem ríkisstj. leggur til, að verði gerð á honum, þá mun láta nærri, að hann verði 8½ eyrir á lítra. En í Svíþjóð er hann 11,68 aurar og í Danmörku, þar sem margir þekkja til, er hann um 13 aura. Þetta sýnir, að aðrar þjóðir hafa farið inn á þá braut, og ekki getað komizt hjá því að leggja skatt á umferðina til þess að verja honum annaðhvort til nýrra vegalagninga eða til þess að standast kostnaðinn af viðhaldi veganna. Ég fæ ekki séð, að það sé óeðlilegt, að hér er nú horfið lengra inn á þessa braut en verið hefir.

Ég þykist vita, að einstaka maður muni mæla gegn þessum skatti á þeim grundvelli, að hann komi eingöngu niður á þeim, sem verða að flytja með bifreiðunum. En þegar þess er gætt, að skatturinn er eingöngu látinn renna til þess að bæta vegina eða til þess að leggja nýja, sem eiga að koma landbúnaðinum til góða, þá horfir málið öðruvísi við. Ég er viss um, að fólkið í þessum héruðum leggur svo mikið upp úr góðum vegum, að það vill frekar leggja á sig gjald heldur en að láta vegina drabbast niður eða vera ólagða og greiða ekki benzínskatt.

Ég skal ekki fjölyrða mikið um það, hvernig lagt er til, að benzínskattinum verði varið. Till. um það eru í 6 liðum, þó aðallega í 4 liðum. 1. liðurinn er um það, að verja á til Suðurlandsbrautar allt að 70 þús. kr. Þar er ætlazt til, að byrjað verði á nýjum vegi austur í Árnessýslu og Rangárvallasýslu og áfram lengra austur. 2. liðurinn er, að veita á til malbikunar á veginum frá Reykjavík að Elliðaám 50 þús. kr. Það er ætlazt til, að sá hluti skattsins og þær 50 þús., sem á að verja til Hafnarfjarðarvegar, komi nú þegar til góða þeim, sem aka bifreiðum á þessum leiðum, og ættu þessar upphæðir að létta heldur fyrir þeim, sem skatturinn hittir, þannig, að þeir þurfi minna til rekstrarkostnaðar við bifreiðarnar. Um 4. og 5. lið er það að segja, að þar er gert ráð fyrir, að 40 þús. kr. séu veittar til Holtavörðuheiðarvegar og 20 þús. kr. til Austfjarðavegar, og eru þær upphæðir miðaðar við það, að bæta þá vegakafla, sem eru verstir á leiðinni kringum landið. 6. liðurinn er um að veita 20 þús. kr. til Geysisvegar frá Múla í Biskupstungum. Það er stórt atriði fyrir þá, sem hafa atvinnu af að aka erlendum ferðamönnum, að sá vegakafli sé lagaður.

Það er engum vafa undirorpið, að ef þessi skattur er ekki lagður á, þá er ekki fært að byrja að neinu verulegu leyti á því stóra mannvirki að leggja góðan veg austur í Árnessýslu og Rangárvallasýslu, en sá vegur hlýtur að verða til mikils hagnaðar fyrir þær sýslur. Ég býst við, að að því verði stefnt að láta eitthvað af atvinnubótafénu renna til þess vegar, en það verður aldrei svo há upphæð, sem þyrfti að vera. Upphæðin til Suðurlandsbrautarinnar er höfð hæst, með tilliti til þess, að héruðin austanfjalls greiða töluverðan hluta af hinu nýja gjaldi.

Ég vil vekja athygli á því, að mótmælin gegn þessum skatti hafa nær eingöngu byggzt á því, að hlutaðeigendur þoli hann ekki, vegna þess að svo mikið sé búið að leggja á áður af sköttum, en ekki á því, að menn séu mótfallnir þeirri tekjuleið, sem þarna er stungið upp á, og vil ég í því efni vísa til þess, sem hv. 1. þm. Skagf. tók fram. Þetta sýnir, að þessi skattstofn er viðurkenndur að vera réttmætur.

Hv. 1. þm. Skagf. spurði mig að því, hvort ég áliti, að hægt væri að auka skatta og tolla á næsta ári. Þessari spurningu svara ég ekki, af þeirri einföldu ástæðu, að það er ekki hægt að segja til um það. Því hefir áður verið lýst yfir á Alþ., að stj.-flokkarnir óskuðu þess, að ekki hefði þurft til þess að koma að hækka tekjuskattinn. En vegna erfiðleikanna með gjaldeyri verðum við að draga mikið úr innflutningi til landsins, en á innflutningnum byggjast tekjur ríkissjóðs að miklu leyti, þá þótti ekki fært að byggja á gömlu tekjustofnunum. En um það skal ég ekkert segja, hvort svipað muni endurtaka sig.

Ég vil benda á út af því, sem hv. þm. sagði um skattana og tollana, að það er ákaflega mismunandi í hinum ýmsu tilfellum, hvað má ganga langt í því að krefja inn skatta og tolla, og er það aðallega fólgið í því, til hvers á að nota þá. Ef á að nota þá til þess að auka beina eyðslu ríkissjóðs, þá getur það verið hættulegt fyrir þjóðfélagið að afla þeirra. En ef við hugsum okkur aftur á móti, að þeir séu notaðir til þess að jafna milli framleiðenda og neytenda með því að veita framleiðslufyrirtækjunum styrki, — ef þeir eru notaðir til þess, þá er hægt að rökstyðja það, að gengið sé lengra heldur en ef þeir eru notaðir til hins, sem ég nefndi áður.

Ég skal svo ekki fara lengra út í það að ræða þetta mál, en ég vil leggja áherzlu á það, að frv. sé samþ. óbreytt hér í þessari hv. d. Ef því yrði breytt, þá má búast við, að það hlyti ekki afgreiðslu, en eins og gengið er frá fjárlfrv., þá verður þetta frv. að hljóta afgreiðslu jafnhliða því.

Pétur Magnússon [óyfirl.]: Klauflaxinn er nú kominn hingað aftur, og hefir ekki rýrnað við

það, að vera hengdur upp í Nd., því að nú er hann víst ⅓ gildari heldur en þegar hann fór héðan. Hér er boðið upp á aukinn tekjuskatt, aukna tolla og loks stórfelldan benzínskatt í ofanálag. — Ég vil nú í nokkrum orðum gera grein fyrir því, hvernig ég lít á þetta mál.

Um tekjuskattinn voru sett ný lög á síðasta þingi. Þá var hann hækkaður mjög mikið, enda var þá almennt álitið, að hann væri kominn í hámark, og við stjórnarandstæðingar töldum með góðum rökum, að hann væri kominn þar yfir. En alstaðar kom það fram, og ekki síst hjá fjmrh., að nú væri búið að spenna bogann svo hátt sem hægt væri. Jafnvel sósíalistar, sem annars vilja alstaðar hafa tekjuskattinn sem hæstan, hafa ekki gengið svo langt þar, sem þeir eru við völd, t. d. í Danmörku og Svíþjóð. Þess er að gæta hjá okkur, að hér er ekki aðeins um þann tekjuskatt að ræða, sem fer í ríkissjóð, heldur er lagður á jafnhár eða hærri tekjuskattur, sem rennur í bæjar- og sveitarsjóði. Útsvörin, sem eru hér hin eina tekjulind bæjar- og sveitarsjóða, eru eingöngu tekju- og eignarskattur. Og þegar þetta hvorttveggja er tekið saman, verður reynslan sú, að tekjuskatturinn verður hærri hér en nokkursstaðar í öðrum löndum.

Þrátt fyrir þetta höfum við verri ástæður en nokkur þjóð önnur til þess að leggja á háan tekjuskatt. Hár tekjuskattur er hreint og beint hættulegur vegna fátæktar þjóðarinnar. Hið auðuga England hefir ekki treyst sér til að ganga eins langt og við í þessum efnum, þótt það ráði yfir svo miklum auðæfum, að það er í vandræðum með að ávaxta þau. Háir skattar vinna á móti myndun íslenzks kapitals, sem okkar fátæku þjóð er lífsnauðsyn, en ýta hinsvegar undir eyðslu, þegar allt, sem afgangs verður, er tekið í skatta.

Stjórnarflokkarnir álitu í fyrra, að þeir hefðu spennt bogann eins hátt og hægt var. Hefir þá hagur atvinnuveganna batnað síðan í fyrra? Ekki held ég, að neinn haldi því fram. Atvinnuvegunum hefir hrörnað síðan og erfiðleikarnir vaxið, einkum þó hjá stærsta atvinnuveginum, sjávarútveginum, og fara enn vaxandi. Nú er að vísu sagt, að þessi skattaukning komi ekki niður á aðalatvinnuvegunum, þar sem þeir séu reknir með tapi. En öllum má þó vera ljóst, að nýjar álögur á einstaklinga koma óbeint niður á atvinnuvegunum og minnka möguleika manna til þess að leggja fé í þá, og verða á þann hátt til að draga úr atvinnurekstri og atvinnu í landinu.

Ég fæ ekki séð, að neitt það hafi gerzt síðan í fyrra, sem réttlæti svo gífurlega hækkun á tekjuskattinum sem hér er áformað. Stjórnarflokkarnir hafa hér það vígorð, að með þessu sé verið að taka af þeim ríku handa þeim fátæku. Það getur verið þægilegt að slá þessu fram, — en hvað mun þeim fátæku finnast um þetta? Reynslan hefir sýnt, að tekizt hefir að gera efnamennina fátæka, án þess að kjör fátæklinganna hafi batnað. Afleiðingin hefir orðið sú, að atvinnuvegirnir hafa komizt í kreppu, atvinnulífið dregizt saman, atvinnuleysið aukizt, — og á hverjum skyldi það bitna tilfinnanlegar en fátæklingunum?

Það eru litlar líkur til þess, að marga fýsi að leggja fé sitt í fyrirtæki, þegar um það tvennt er að velja, að féð tapist, ef illa gengur, en að ágóðinn verði allur tekinn í skatta, ef vel gengur. Menn eru nú einu sinni svo gerðir, að þeir vilja ógjarnan hætta fé sínu án vonar um einhvern vinning. Fæstir munu vilja leggja það í hættu með það eitt fyrir augum að afla ríkissjóði tekna, einkum þar sem það er álit margra, að fé ríkissjóðs sé illa varið. Sumir munu kannske segja, að útfærsla atvinnuveganna sé þýðingarlaus á þessum tímum, einkum vegna þess, hve markaðir hafa þrengzt og brugðizt. Þetta er að sumu leyti rétt, a. m. k. virðist vorkunnarvert, að auka saltfiksframleiðsluna eins og stendur. En þó eru til enn ýms fyrirtæki, sem gætu blómgast, ef sæmilega væri við þau búið af ríkinu. Einkum á þetta við iðnaðinn, sem enn stendur að vísu lágt, en er þó í framför. Þann atvinnurekstur væri möguleiki til að auka, jafnvel í stórum stíl, — en hver vill hætta fé sínu án þess að eiga nokkurs vinnings von?

Ég álít því hækkun tekjuskattsins hið mesta óráð og hefi sýnt fram á, að hann stofnar jafnvel þeim atvinnuvegum og einstaklingum í hættu, sem hann kemur ekki beinlínis niður á. Atvinnuvegirnir dragast saman og atvinnuleysið eykst, en því megum við síst við á þessum tímum. En svo sorglega hefir tekizt um ráðstafanir stjórnarflokkanna, að þær virðast allar miða að því að auka atvinnuleysið. Enda hefir það komið í ljós, að atvinnuleysið hefir síaukizt, þrátt fyrir vaxandi skattaálögur í þeirri góðu meiningu að minnka það.

Næsti liður eru háir tollar á flestar eða allar nauðsynjavörur, sem þorri manna verður að nota í smærri eða stærri stíl. Afleiðingin getur ekki orðið annað en almenn verðhækkun. En af almennri verðhækkun hlýtur það að leiða, að kaup verður að hækka, eða möguleikar til þess að það lækki minnka. En nú er það á allra vitorði, að atvinnuvegirnir þola ekki það kaup, sem nú er greitt, hvað þá meira. Það má því vera öllum ljóst, að hér er stefnt til eyðileggingar, bæði fyrir atvinnurekendur og atvinnuþiggjendur. Atvinnuvegirnir leggjast í rústir, — og hvar á þá að taka kaupið?

Nú þegar eru horfurnar þannig, að ef engar utanaðkomandi breytingar verða, er ekki annað sýnna en algert hrun vofi yfir. Og þótt ekki nema ein grein atvinnuveganna, togaraútgerðin, hrynji í rústir, yrðu afleiðingarnar ægilegri en svo, að ég vilji um það tala. En allar ráðstafanir sem þessar eru nýir steinar í götu hinna hrörnandi atvinnuvega. Og þessir steinar eru lagðir í götu þeirra vitandi vits hjá sumum, þótt skilningsleysi kunni að ráða um hjá öðrum.

Þá kem ég að benzínskattinum. Hæstv. fjmrh. var að leitast við að sýna fram á það, að þetta væri réttlátur skattur og ekki tilfinnanlegur, enda væri hann þrefalt hærri víða annarsstaðar. En þetta er sú mesta rökvilla, sem hugsazt getur, og aðeins vísvitandi blekking. Alstaðar annarsstaðar er benzínskatturinn verðtollur til að vernda járnbrautirnar, sem víðast hvar eru reknar eða studdar af ríkinu. Hér er ekki um önnur flutningatæki en bíla að ræða þar, sem skipa-

ferðum verður ekki komið við. Og jafnvel þótt bílar einir væru notaðir til flutninga erlendis, væri þessi röksemdafærsla ráðh. alveg fráleit. Útlendingar, sem hingað koma, eru alveg hissa á því, hvaða vegleysur bílarnir hérna komast, og að líkindum eru hér einhverjir lökustu bílvegir í heimi. Benzíneyðslan verður því meiri hér en nokkursstaðar erlendis.

Hæstv. ráðh. sagði, að erfiðleikar atvinnuveganna réttlættu þennan skattauka. Ráðið til þess að útvega fólki atvinnu væri að auka opinberar framkvæmdir, og til þess ætti að verja þessum skatti. En hvar kemur þessi skattur niður, nema á atvinnuvegunum? Að vísu kemur hann að einhverju leyti niður á skemmtiferðafólki, en langmestur hluti hans lendir auðvitað á landbúnaði og sjávarútvegi. Þetta er því næsta einkennileg lækning við atvinnuleysinu, og ef hún dugir, þá er ekki eins mikill vandi að stjórna fjármálum ríkisins og margir halda.

Ef nánar er athugað, hvernig þessi skattur kemur niður, sést strax, að hann kemur þyngst niður á þeim, sem erfiðast eiga um aðflutninga. Þannig hefir allt Suðurlandsundirlendið enga möguleika til flutninga að og frá nema á bílum, þótt nú sé að vísu vörum skipað upp á Eyrarbakka. Vegalengdir eru miklar þarna og aðdrættir líklega dýrastir á öllu landinu. Er það þá réttlæti, að leggja fram fé til strandferða fyrir önnur héruð, en skattleggja þessi héruð, sem verða eingöngu að bjargast við landflutninga?

Nú á að rétta þessum héruðum þá dúsu, að stofna til vegagerðar á Hellisheiði, sem að vísu er lífsnauðsyn. En engin trygging er fyrir því, að fjárveitingin til Hellisheiðarvegar haldizt, þótt benzínskatturinn haldizt, sem hann gerir vafalaust, meðan núv. stjórn er við völd. Auk þess er það ekki nýtt, að skatti sé lofað til ákveðinna framkvæmda, en síðan látinn renna beint í ríkissjóð. Það hefir einmitt komið fyrir um benzínskattinn áður. Áður en farið var að gera slitlagið, var l. breytt og gjaldið látið renna í ríkissjóð. Ætli það geti ekki farið eins á næsta þingi, að það komi fram frv. um bráðabirgðabreyt. á benzínskattinum á þann hátt, að hann verði allur látinn renna óskiptur í ríkissjóð, til þess að stj. geti haft meira fé milli handanna til þess að leika sér að á ýmsan hátt? Það er ekki ólíklegt.

Ég verð því að segja það, að þó að ég hafi átt úr dálítið vöndu að ráða í þessu efni, vegna þess, að mér er það ljóst, hversu nauðsynlegt er, að byrjað sé á þessari vegagerð, þá hika ég samt ekki við að greiða atkv. á móti þessu frv. Ég álít, að íbúar Suðurlandsundirlendisins eigi fullan rétt á því, að samgöngum við Rvík sé komið í viðunandi horf án þess að vera skattlagðir sérstaklega. Og þessi réttur þeirra er vitanlega þeim mun meiri sem það er engu síður nauðsynlegt fyrir Rvík, að þessum samgöngum sé komið í sæmilegt horf.

Það var nú sú tíð, að stjórnarflokkunum fannst ekki mikið til um svipaða löggjöf eins og þessa, sem hér liggur nú fyrir. Það kom einu sinni fram frv. um benzínskatt, sem ekki var nema ⅓ partur af því, sem nú er gert ráð fyrir, og var það þá kallað „litla ljóta frv.“ Síðar kom fram annað frv., að tilhlutun framsóknarmanna, um benzínskatt, sem ekki var nema helmingurinn af þessum skatti, sem hér er um að ræða, og ætluðu þá jafnaðarmenn hér á þingi alveg æfir að verða og fannst þetta vera einhver hin svívirðilegasta löggjöf, sem nokkru sinni hefði verið gerð tilraun til þess að setja. Hvaða breyttu viðhorf eru það, sem réttlæta setningu þessarar löggjafar nú? Það er kannske það, að síðan er búið að leggja svo marga nýja skatta og margfaldar álögur á menn. Það er þá eftir reglunni, að það muni ekki um einn kepp í sláturtíð.

Þá var hæstv. fjmrh. að tala um það í lok sinnar ræðu, að það væri vitanlega mismunandi, hvað mikið mætti innheimta af tollum og sköttum, og það færi eftir því, til hvers þeir væru notaðir. Hann hafði náttúrlega hreina samvizku um það, hvernig tekjum ríkissjóðs hefir verið varið á undanförnum árum, og gat því talað djarft. Honum datt ekki í hug, að skiptar skoðanir gætu verið um það. En þar að auki er það svo, að þessi kenning hæstv. ráðh. er nokkuð vafasöm. Sannleikurinn er sá, að þegar verið er að leggja nýja skatta á þrautpínda atvinnuvegina, þá skiptir það í raun og veru ekki svo miklu máli í svipinn, til hvers skattarnir eru notaðir. Það kemur jafnsárt við þá, sem skattana eiga að greiða, hvort þeir eru notaðir til nauðsynlegra eða ónauðsynlegra hluta.

Ég þykist þá hafa leitt rök að því, að eins og hag atvinnuvega landsins er komið, þá þola þeir ekki neina nýja skatta. Þessi gífurlega skatthækkun, sem hér er um að ræða, er því hrein og bein morðtilraun við atvinnuvegi þjóðarinnar.

Magnús Jónsson [óyfirl.]: Hv. 2. þm. Rang. hefir nú flutt hér langa og merkilega ræðu. En það er dálítið einkennilegt, að sá ráðh., sem stendur að þessu frv., skuli ekki hafa fundið neina ástæðu til þess að vera viðstaddur. Og er það náttúrlega vottur um það, að það muni vera með öllu ráðið hvort sem er, hvernig þessu máli á að ráða til lykta, og þess vegna þurfi ekki að hlusta á nein rök í málinu.

Ég get nú verið stuttorður, því hv. 2. þm. Rang. hefir tekið svo margt fram af því, sem um málið þurfti að segja.

Þetta mál hefir fengið svipaða meðferð hér á þingi eins og nú er farið að tíðkast meira en dæmi voru til áður, sem sé að mál eru borin fram í einhverri og einhverri mynd til að byrja með, og svo á síðustu stundu er aukið við þau hinu og þessu rétt eins og mönnum sýnist við síðustu umr. Það er meira að segja dæmi til þess, að frv., sem ekki var upphaflega nema 3—4 línur, varð að síðustu að mjög stóru frv., sem breytti svo um nafn og varð að breyt. á allt öðrum l. heldur en upphaflega, þ. e. a. s. það varð að nýju máli rétt þegar það var að komast út úr þinginu. Þetta stappar nærri því að vera brot á stjskr., sem heimtar 6 umr. um hvert mál. Það væri í raun og veru rétt af forseta að vísa slíkum brtt. frá, sérstaklega þegar um það er að ræða, að mál er gert alveg að nýju máli. Það er dálítið svipað um þetta mál, sem hér liggur fyrir. Þó það sé ekki í 16 liðum eins og

bandormsfrv., þá er liðunum að fjölga. Það bættist við einn nýr í Nd., og þó hann sé ekki nema einn, þá er hann stór, og það hefir stundum þótt ástæða til að láta mál fá venjulega meðferð hér á þingi, sem ekki hafa verið stærri heldur en það, að leggja hefir átt skatt á þjóðina, sem næmi eitthvað yfir ¼ millj. Það hefir stundum þótt ástæða til þess að ræða minni mál heldur en það á alveg lögformlegan hátt. En það er eins með skattaálögurnar og allt annað, að maður getur vanizt öllu illu þannig, að verða ekki svo *mjög næmur fyrir því*. Þetta er sláandi dæmi upp á það, hvernig skattapólitíkin er rekin, að menn hrökkva ekkert við, þó að við síðustu umr. einhvers máls sé bætt við einni gr., sem er um að leggja nokkur hundruð þús. kr. skatt á þjóðina. *Þetta er sláandi dæmi um það*, hvað menn eru búnir að reyna af þessari stj. og fylgismönnum hennar áður en svo er komið, að menn hrökkva ekkert við, þó þeir heyri slík tíðindi sem þessi, að bætt hafi verið inn í frv. nýrri gr., sem felur í sér skatt upp á 300 þús. Hitt er annað mál í því sambandi, hvernig þessi skattur er lagður á, að hann á að leggjast á nauðsynlegar samgöngur og að öðru leyti á nauðsynlega vinnu. En sú skoðun virðist vera algeng hjá mönnum, að það sé í raun og veru ekki um aðrar bílaferðir að ræða en landshorna á milli. Menn athuga það ekki, að sennilega eru langmestu vegalengdirnar, sem bílum er ekið, bara innan bæja við ýmiskonar atvinnurekstur.

Þegar þetta frv. kom fram upphaflega, þá fylgdi lausleg áætlun um það, hverju þeir skattar *mundu nema*, sem lagðir væru á með auknum tekjuskatti og nýjum verðtolli, og var sú áætlun rúm 1 millj. kr. Það er nú erfitt að áætla þessa fjárhæð, sérstaklega vörutollinn, vegna þess að verzlunarskýrslur hafa naumast svo nákvæma sundurliðun, að hægt sé að fylgjast með í þeim einstöku atriðum, og sérstaklega verður erfitt með áætlun, þegar allur innflutningur er í hömlum, svo það er í raun og veru ekki hægt að byggja á því, sem gerzt hefir í þessu efni. En *ég hygg*, að það sé samt *margra manna skoðun*, að áætlun sú, sem gefin var í frv., hafi verið of lág og sá skattur, sem hér er um að ræða, — ef ekki því sterkari innflutningshömlum verður beitt, — muni verða töluvert hærri, þannig að hann muni verða hátt á 2. millj. kr. Síðan er í Nd. bætt við þessum nýja lið, og ég býst við, að það fari þá ekki fjarri því, að þessar nýju skattálögur muni nema eitthvað um 1½ millj. kr. Hæstv. fjmrh. sagði nú áðan, að það væri einlægur vilji núv. stj. að þurfa ekki að hækka skattana. Þeir voru hækkaðir um 2 millj. á síðasta þingi, og það var þá hægt að skilja á orðum hæstv. fjmrh. og margra fleiri, að þá væri í raun og veru búið að treysta svo á tekjustofnana, að ekki væru miklar líkur til þess, að hægt væri að komast lengra eftir þeirri leið.

Hæstv. fjmrh. er nú alveg hættur að verja þessa skattauka eða gera lítið úr þeim, en hann klifar stöðugt á því, að þetta eigi að fara til einhvers, sem sé arðbært, og það sé mesti munur. Ég get nú ekki séð, hver þessi arðbæru fyrirtæki *eru, sem langmestur hluti* þessara skatta á að renna til. Það má náttúrlega lengi um það deila, hvað það er, sem ber arð. Það er ýmislegt, sem getur orðið arðbært, þegar aldir líða, og svo annað, sem skilar þegar í stað því fé, sem í það var lagt. Við skulum t. d. taka það, sem ætlazt er til, að *benzínskatturinn renni til*, vegalagningarnar. Það er vitanlegt, að skynsamlega gerðir vegir skila sínum arði fyrir þjóðfélagið á mjög löngum tíma. En það er ómögulegt að segja, að bygging vega sé arðbært fyrirtæki. Fé, sem lagt er í vegi, skilar sér ekki á þann hátt, að þeir skattgreiðendur, sem þetta fé leggja til, séu út af fyrir sig betur staðir með sín atvinnufyrirtæki eftir en áður. Það er ekki hægt að færa nein rök fyrir því, að malbikun vega austur yfir fjall eða góður vegur norður yfir Holtavörðuheiði valdi neinum afgerandi hlut fyrir stórútgerð landsmanna. Því fé, sem tekið er af stórútgerðinni og lagt í slíka vegi, getur vitanlega verið vel varið, en það skilar ekki neinum arði til þessara fyrirtækja, þannig að þau séu færari til þess að standa undir sínum *byrðum þrátt fyrir þessa góðu vegi*. Það er aðeins á mjög löngum tíma, að góðir vegir koma öllum landsins börnum að gagni. En þegar á krepputímum eru teknir miklir peningar í slík fyrirtæki, þá verkar það sem byrði á atvinnuvegina. — *Það er eins með það fé, sem fer til* alþýðutrygginganna. Það má náttúrlega segja, að alþýðutryggingarnar séu þarfar og að allt, sem sé þarft, komi atvinnuvegunum til góða, en vissulega skilar þetta fé sér ekki aftur, nema eftir langan tíma, og að ýmsu leyti aldrei, þannig að það komi beinlínis sem stuðningur við atvinnuvegina. Það er því villandi hjá hæstv. fjmrh., þegar hann talar um, að það séu 4—5 liðir, sem beinlínis séu ætlaðir til þess að styðja framleiðsluna, svo sem gera upp skuldir smáútgerðarinnar og annað slíkt, sem ekki er nema örlítill partur af því fé, sem heimta á inn með þessum nýju sköttum. — Hin röksemdin, sem hæstv. fjmrh. ber alltaf fram, er um þessar tilfæringar milli stétta í þjóðfélaginu. Það er náttúrlega gott og blessað að framkvæma þessar tilfærslur, *taka af þeim, sem meira hafa*, og láta hina fá, sem minna hafa. En þessar tilfærslur, sem framkvæmdar eru með skattalögum, koma aldrei rétt niður. Við getum að vísu sagt, að hinn beini tekjuskattur kannske geri það, ef honum er *deilt út sem styrk til þeirra, sem eiga* erfiðast með að komast af. En ef við tökum verðtollinn og benzínskattinn, þá er þetta ekkert annað en orðagjálfur, að verið sé að taka af þeim, sem meira hafa, og láta þá, sem minna hafa, fá þetta í staðinn. Annars sýndi hv. 2. þm. Rang. ljóslega fram á það, hvað þetta væri í raun og veru miklu flóknara mál heldur en hæstv. fjmrh. vill vera láta eða heldur, þó mér þyki nú ótrúlegt, að hann sé svo mikið barn. En hæstv. fjmrh. virðist samt, eftir orðum hans að dæma, ganga út frá þeirri gömlu hugmynd, að í ríkinu séu nokkrir maurapúkar, sem eigi fullar kistur af spesíum, en svo séu á næstu bæjum menn, sem engar spesíur eiga. Og þá vill hæstv. fjmrh. fara í handraðann og taka nokkuð frá þeim ríku og fá þeim, sem fátækari eru. Þetta væri nú allt ágætt, ef það væri svona einfalt. En hv. 2. þm. Rang. dró það svo vel

fram, að þessar tilfærslur leiða því miður allt of oft til þess, að það er aðeins tekið af þeim, sem meira hafa, án þess að hinir fái nokkuð, sem hafa minna. Og hvernig stendur á þessu? Þetta getur maður skilið, ef maður veit, í hverju þessi auður þjóðfélagsins er fólginn. Það eru til menn, sem eiga peninga. En hvar eru þeir peningar? Eru þeir í kistuhandraðanum eða múruðum hvelfingum? Nei, þeir standa í atvinnufyrirtækjunum. Allur auður þjóðfélagsins stendur í atvinnufyrirtækjunum, nema það, sem bankarnir sitja með sem nauðsynlega sjóði. Sá maður, sem sjálfur er atvinnurekandi, notar það fé, sem hann hefir til umráða, í sitt atvinnufyrirtæki, en sá, sem ekki óskar að reka atvinnu, en á peninga, hann leggur þá í bankana, sem svo aftur lána þá öðrum, sem vilja nota þá í atvinnufyrirtæki. Þannig er hver peningur, sem dreginn er úr eigu manna, dreginn út úr því atvinnufyrirtæki, sem hann stendur í. Það er það alvarlega. Hann er ekki tekinn úr vasa eins manns og afhentur öðrum, heldur úr því atvinnufyrirtæki, sem hann stendur í og hjálpar til að halda gangandi. Nú getur það að vísu verið, að ríkið, sem tekur þessa peninga út úr atvinnufyrirtækjunum, setji þá aftur út í önnur atvinnufyrirtæki að einhverju leyti. En ef t. d. teknir eru peningar úr fiskiveiðum og settir í vegalagningar, þá verður almenningur fátækari. Þetta verður því ekki tilfærsla milli hins ríka og hins fátæka, heldur tilfærsla úr einni notkuninni í aðra. Fé, sem getur haldið 3—4 togurum gangandi, getur e. t. v. haldið 3—4 verkamannahópum gangandi við það að byggja vegi. En hvort er gagnlegra fyrir hinn vinnandi lýð, togararnir eða vegarspottinn, sem veitti aðeins atvinnu meðan verið var að leggja hann, en stendur svo sem dauður hlutur í þjóðfélaginu, þegar búið er að draga nógu mikla peninga frá þeim ríka til hins fátæka, sem þó ekki þýðir í raun og veru annað en það, að búið er að draga svo og svo mikið fé út úr gangandi atvinnufyrirtækjum og leggja það í meira og minna dauðar eignir, að vísu góðar en alveg gagnslausar fyrir hið vinnandi fólk? Það er sem sé búið að gera hóp af mönnum miklu efnaminni, án þess að hinir hafi fengið nokkuð. — Það er eins og hv. 2. þm. Rang. sagði, að það væri gott, ef þetta væri allt svona einfalt eins og hæstv. fjmrh. telur. Þá væri einfalt að stjórna þjóðfélaginu og þá væri ekki nein kreppa.

Ef hæstv. fjmrh. gæti sýnt fram á það, að hann gæti framkvæmt þessar efnatilfærslur, þá mundi hann sjálfsagt hafa með sér í því yfir 90% af allri þjóðinni. Það væru svo margir, sem mundu græða á því, að efnin væru þannig færð til. En erfiðleikarnir eru þeir, að þetta er allt saman meira og minna barnalegar hugmyndir.

Ég skal svo snúa mér að viðbótinni frá Nd., benzínskattaukanum. Bifreiðaskatturinn á sína sögu, ekki bara á þingi, þar sem hann kemur inn sem gjöld upp á ¼ millj. kr., heldur líka hér á landi yfirleitt á undanförnum árum. Upphaflega var hann settur á þannig, að reynt var að láta hann sérstaklega ná til þeirra bifreiða, sem mest nota vegina. Í þessu skyni var gerður mikill munur á fólks- og vöruflutningabifreiðum. Fólksflutningabifreiðarnar geta ekki talizt eins nauðsynlegar fyrir atvinnuvegina og hinar, en þó nota þær vegina meira. Þær fara um landið þvert og endilangt og spilla vegunum og hafa líka meiri hag af viðhaldi þeirra, en allur þorri vörubifreiða notar yfirleitt ekki vegakerfi landsins, svo að teljandi sé. Þær fara kannske út fyrir bæina þrisvar eða fjórum sinnum á ári. Vörubifreiðar, sem notaðar eru t. d. í Vestmannaeyjum, á Siglufirði og Ísafirði og öðrum hafnarbæjum, koma aldrei á langleiðirnar. Og allur fjöldinn af vörubifreiðum Rvíkur kemur svo að segja aldrei á vegakerfi landsins. Maður reiknar það ekki, þó að bifreiðar, sem notaðar eru daglega, fari t. d. einu sinni á ári með starfsmenn einhvers fyrirtækis austur að Gullfossi eða Geysi. Þessar bifreiðar spilla ekki vegakerfinu og njóta ekki góðs af því. Þessvegna á ekki að leggja skatt á þær. Því var gamli bifreiðaskatturinn, sem gerði mikinn mun á hinum tveim tegundum bifreiða, miklu réttlátari en þessi nýi skattur. Enda voru það talin voðaleg tíðindi, þegar fyrst var stungið upp á því að leggja þennan skatt sem mest á benzínið. Var sú till. kölluð litla ljóta frv., en síðan stóra ljóta frv. Í Nd. var um daginn verið að lesa upp ummæli jafnaðarmanna, sem börðust þá af einlægni gegn þessu. Er gaman að rekja þær umr., og freistast ég til að lesa upp nokkuð af því, sem núv. atvmrh. sagði um aðferðir stj. þáverandi. Hann sagði, með leyfi hæstv. forseta:

„Það lítur út fyrir, að stj. standi í þeirri meiningu, að það sé eiginlega hún, sem eigi að ráða því, hvaða mál ljúkast í þinginu. Hæstv. stj. ætti að vera nóg að vera hæstráðandi milli þinga, þótt hún fari ekki að taka fram fyrir hendur þingsins á síðustu dögum þess. En það lítur út fyrir, að hún ætli sér það, þegar hún dembir inn í þinglok mjög vanhugsuðum frv., sem hún ætlast svo til, að verði lokið í báðum deildum ...“

Hann vítir þarna stj. fyrir ráðríki, að hún skuli demba málum inn í þinglokin. Þetta sýnir bara, hvernig sumir menn tala eftir því, hvernig á stendur í það og það skiptið. Jafnaðarmenn börðust þá á móti benzínskattinum, og réttilega.

Hæstv. ráðh. las upp nokkrar tölur, sem sýndu, hve hár benzínskattur er í ýmsum löndum. Ég skal ekki efast um, að hann hafi farið rétt með þær tölur, enda þótt mig stórfurði á því, að hann geti komizt nokkursstaðar upp í 50 aura á lítra. En í nágrannalöndum okkar er benzínskatturinn óneitanlega nokkuð hár að auratali, þó að hann sé þar í raun og veru töluvert miklu lægri en þessi skattur, sem hér á að koma á. Þegar litið er á það, að með þessu benzíni er í öðrum löndum ekið eftir rennisléttum þjóðvegum, þar sem jafnvel aukavegirnir eru betri en beztu vegir hérlendis, þá verður þetta skiljanlegt. Þessi samanburður hæstv. ráðh. verður villandi, þegar sá akstur er borinn saman við það, sem hér gerist, þar sem bílar verða að skrúfa sig á öðru gíri svo að segja alla leiðina til Akureyrar, upp brekkur og niður brekk-

ur, fyrir Hvalfjörðinn, yfir keldur og klungur. Benzíneyðsla hlýtur þar að vera hverfandi á móts við það, sem hér eyðist. Þegar þessa er gætt, verður það ljóst, hve benzíneyðsla og allur rekstrarkostnaður bíla hlýtur að vera miklu meiri hér á landi. Hár benzínskattur er því erlendis miklu síður tilfinnanlegur en hér. Ef þessir *finu þjóðvegir þeirra erlendis*, járnbrautarsamgöngurnar o. s. frv. er borið saman við vegaskilyrði okkar, þá kemur í ljós, hvílíkur reginmunur það er, sem hér er um að ræða. Og svo kemur blessað barnið, hæstv. ráðh., og les upp tölur um benzínskatt í ýmsum löndum. Ég nærri því öfunda hann af því, hvað hann hugsar í einföldum línum og fjarri því, sem veruleikinn er í raun og veru.

Um benzínverð í Danmörku hefi ég það fyrir satt, að það sé lægra en hér, enda þótt fleiri aurar séu á það lagðir. Til þess ber líka að taka fullt tillit. Það er því hvorttveggja, að þeir eyða minna benzíni og borga minna fyrir hvern lítra. Þar er líka frjáls verzlun með þær vörur, er að bifreiðaakstri lúta. Þeir geta flutt inn bifreiðar frá þeim löndum, þar sem þær eru ódýrastar, en þurfa ekki, eins og hér viðgengst, að kaupa allt gegnum bifreiðaeinkasölu, sem mjólkar þessa verzlun í ríkissjóðinn. Þessi skattur verður ef til vill ekki léttari en benzínskatturinn. Bifreiðar eru ekki verkfæri, sem endast til eilífðar, og sérstaklega eru þær fljótar að fyrnast hér á landi. T. d. endast hjólbörð margfalt skemur hér á landi en annarsstaðar.

Svo kemur *hér til greina sú mikla ósanngirni*, sem ég gat um áðan, að vörubíla, sem ekki koma á vegi landsins, á að skattleggja um ¼ millj. kr., til þess að geta lagt vegi um allt landið. Ég er því ekkert hissa, þó að bifreiðastjórar og bifreiðaeigendur rísi upp gegn þessum skatti. Það er nú að ske. Ég hefi fengið í hendur frá hæstv. forseta bréf, sem d. hefir borizt nú í kvöld. Ég vil, með leyfi hæstv. forseta, *lesa upp þetta bréf*, því að hvort sem maður er með því eða móti, sem þeir ætla að gera, bifreiðastjórnarnir, hvort sem maður álítur það rétt eða rangt, þá verður þó að taka tillit til þess. Bréfið er frá Vörubílastöðinni „Þróttur" og hljóðar svo: [Bréfið hefir glatazt, en efni þess var það, að vörubílastöðin tilkynnir efri deild Alþingis, að bílstjórar og bílaeigendur hafi gert með sér víðtæk samtök um að mótmæla viðbótarbenzínskatti, og sé nú svo komið, að ef Alþingi samþykki þessa verðhækkun, bendi allt til þess, að verkfall skelli á í fyrramálið (21. des.), eða í síðasta lagi 1. jan. 1936, og muni taka þátt í því allir bílstjórar og bílaeigendur á öllu Suðurlandi og ef til vill víðar, enda verði þá algerð stöðvun á vöru- og fólksflutningum.]

Ég vil nú, án þess að gefa nokkra skýrslu um það, hvort ég áliti, að bifreiðastjórar leggi hér út í heppilegt eða óheppilegt fyrirtæki, sem þm. Reykv. spyrja hæstv. stj., hvort hún hafi ekki orðið vör við, hvað í húfi er, og hvort hún vilji bera ábyrgð á því að skella yfir bæinn þeirri ógæfu, sem hljótast myndi af stöðvun bifreiðanna. Ef stj. ætlar að espa bifreiðastjórana til verkfalls, vofir yfir bænum voði, *sem erfitt* er að segja, hvað af geti leitt. Það getur t. d. valdið stöðvun mjólkurflutninganna, sem aftur getur kostað líf manna. Og allir sjá, hvað það getur þýtt, ef stöðvaðir eru flutningar á eldsneyti í hörkuveðri, eins og nú er. Ég beini því hér með til stj., að hún hagi svo aðgerðum sínum, að slík ógæfa verði ekki leidd yfir bæinn. Þetta verkfall er því háskalegra sem bifreiðastjórar hafa meira til síns máls. Verkfall, sem gert væri að tilefnislausu, hefði svo litla samúð á bak við sig, að það gæti ekki staðið degi lengur. Ég er miklu hræddari við verkfall, sem framkallað er af jafnhatramlegum aðgerðum stj. og þeim, sem hún ætlar nú að fara að framkvæma. Fjöldi manna hér í bæ er þeirrar skoðunar, að bifreiðastjórar séu mjög hart leiknir. Það er náttúrlega gott og blessað að geta friðað menn fyrir austan fjall og á Norðurlandi með því, að þeir fái vegi yfir Hellisheiði og Holtavörðuheiði, en það friðar ekki bifreiðastjóra hér í bæ.

Ég bíð eftir svari hæstv. stj. um það, hvað hún ætli sér að gera. Ef hún lætur sem ekkert sé og lofar mönnum að drepast af skorti á öllum *þeim nauðsynjum*, sem flytja þarf með bifreiðum, þá væri það henni sjálfri fyrir verstu, og get ég ekki ímyndað mér, að hún leggi út í slíkt, þótt það væri hinsvegar ekki nema eftir hinum venjulega kærleika, sem hún sýnir til þessa bæjar.

Fjmrh. (Eysteinn Jónsson) [óyfirl.]: *Ég mun* ekki svara orði til orðs þeim hv. 2. þm. Rang. og hv. 1. þm. Reykv., því að flest, sem þeir sögðu, fjallar um almenn atriði, sem ég er búinn að margsvara við 1. umr. En ég ætla að svara þeim nokkru að því er snertir benzínskattinn. Þeir tóku það fram báðir, að ástæða væri til, að benzínskattur væri lægri hér á landi en í öðrum löndum, þar sem vegirnir væru svo miklu verri *hér heima*. *Ég verð nú að segja*, að þetta eru rök fyrir því, að benzínskattinn beri að hækka hér. Því lakari vegir, því meiri vegabótaþörf, og því meira fé kosta umbæturnar. Þegar á þetta er litið, verður að teljast óeðlilegt, að við höfum margfalt lægri benzínskatt en önnur lönd.

Hv. 2. þm. Rang. hélt því fram, að í öðrum löndum væri benzínskattur oftast nær einskonar verndartollur *fyrir járnbrautirnar*. *Ég held*, að þetta sé ekki rétt. Hann mun oftast fara til vegabóta.

Þá sagði hv. 1. þm. Reykv., að undarlegt væri að leggja þennan skatt á vörubílaeigendur, þar sem vörubílar færu yfirleitt ekki um þá vegi, sem gerðir verða fyrir þetta fé. Þetta er ekkert annað en blekking. Frv. leggur til, að nokkru af skattinum verði varið til að bæta vegi, *sem þeir nota mikið*, t. d. veginn héðan inn að Elliðaánum, en þaðan er ekið miklu efni til bygginga o. fl.

Þá sagði hv. þm., að í öðrum löndum væri ekki eins og hér, að bifreiðarstjórar þyrftu að kaupa okurverði bifreiðar, gúmmí og aðra varahluti. Í þessu sambandi vil ég geta þess, að forstöðumaður þeirrar stofnunar, *sem hér á hlut* að máli, hefir upplýst, að verð á vörum þessum hér er sambærilegt við það, sem er í öðrum löndum.

T. d. hefir bílagúmmí frá Ítalíu verið haldið í sama verði og var, áður en einkasalan tók til starfa. Tölur þær, sem lagðar voru fram í eldhússumr. af nokkrum hv. þm. viðvíkjandi verði á bifreiðum, eru miðaðar við verð, sem átti sér stað fyrir löngu, en ekki rétt áður en einkasalan tók til starfa, en þá hafði verðið hækkað í millitíðinni. Annars kemur það ekki þessu máli við. Þó get ég tekið fram, að fjármálaráðuneytinu hafa ekki borizt umkvartanir um þessi efni, en það væri réttur vettvangur fyrir slíkar kvartanir. Myndi ekki standa á okkur að láta rannsaka málið, ef almennar umkvartanir kæmu fram.

Þá sagði hv. þm., að til stæði að gera verkfall hér í bæ út af þessum skatti. Ég var hissa á ummælum hans um það efni. Ég veit ekki betur en að sjálfstæðismenn hafi haldið því fram, að alltaf væri rangt að beita verkfalli, bæði í kaupdeilum og út af öðrum málum. Nú gengur hv. þm. svo langt, að hann vill ekki aðeins nota sér verkfallsréttinn í kaupdeilum, heldur líka í mótmælaskyni við gerðir Alþingis. Annars þykir mér undarlegt, ef bifreiðastjórar sjá ekki gegnum blekkingar Sjálfstfl. þegar þeir þurfa ekki lengra að fara en til Sogsdeilunnar frægu til að sjá, hvernig Sjálfstfl. lék þá, er þeir áttu í deilu við erlendan atvinnurekanda. Þá voru það blöð Sjálfstfl., sem affluttu málstað bifreiðastjóra, þeim til óþurftar. Ég hygg, að eftir þá frammistöðu verði erfið aðstaða fyrir Sjálfstfl. að telja verkamönnunum trú um, að sjálfstæðismennirnir vilji breiða sig út yfir þeirra hag, og að sjálfsagt sé að nota verkfallsréttinn í deilu við Alþingi.

Þá voru þeir hv. 1. þm. Reykv. og hv. 2. þm. Rang. að tala almennt um málið. En því miður var ég bundinn í hv. Nd. og gat því ekki hlustað á ræður þeirra. En mér hefir verið bent á, af manni, sem ræðurnar heyrði, að þeir hafi sagt, að tekjuskatturinn hafi tvöfaldazt í vissum tilfellum. En þetta er rangt. Raunverulega fer hækkunin hvergi fram úr 35%. Því til sönnunar gæti ég lesið mörg dæmi um, hvaða áhrif hækkunin hefir og hvernig skatturinn verkar. En ég skal aðeins benda á, að öll ósköpin, sem um er að ræða, eru þau, að maður, sem hefir 25 þús. kr. í laun eða atvinnutekjur, borgar samtals í útsvar og skatt 7 þús. kr. miðað við núgildandi útsvarsstiga hér í Reykjavík.

Þá voru þessir sömu hv. þm. mikið að tala um, að þessi skatthækkun kæmi illa niður á atvinnuvegunum. En þeir miðuðu öll sín ummæli við það, að þeir peningar, sem ekki væru teknir með sköttum, yrðu látnir ganga til atvinnufyrirtækja, t. d. togaraútgerðar o. fl., en það fé, sem tekið væri með sköttum, rynni til óarðbærra hluta, svo sem vegagerða o. fl. En þetta er að mestu leyti ekki annað en blekking. Þegar þetta er athugað, eru langflestir af þeim, sem skatturinn hittir, launamenn og kaupmenn, sem ekki leggja peningana fram til atvinnufyrirtækja, heldur nota þá til meiri heimiliseyðslu. Hér er því ekki um það að ræða, hvort peningunum skuli varið til framleiðslu eða óarðgæfra framkvæmda, heldur hvort fremur eigi að nota þá til hóflausrar heimiliseyðslu eða taka þá til þess að auka atvinnuna í landinu og til annara þarfa ríkissjóðs.

Þá var hv. 1. þm. Reykv. að tala um, að það væri óviðkunnanleg meðferð á málum, sem viðhöfð hefði verið um benzinskattinn í Nd., að hnýta honum aftan í annað mál með brtt. við 3. umr. En ég vil alveg mótmæla, að þetta sé óþinglegt eða einsdæmi. Ég man eftir, að á þinginu 1933 kom fram skattatill., er nam 650 þús. kr. við 3. umr. og fékk því ekki nema eina umr. í hvorri d. Veit ég ekki til, að nokkur þm. hafi hreyft andmælum til þess að finna að því. En hér er þó ekki nema um 250 þús. að ræða. Sama er að segja um framlenging á gengisviðaukanum, 40% tekju- og eignarskattshækkunina, 25% hækkun á kaffi- og sykurtollinum o. s. frv.

Þá fór hv. 1. þm. Reykv. mörgum orðum um það, að þær framkvæmdir, sem ríkissjóður hefði ráðizt í, væru einskis virði fyrir framleiðsluna, því þær væru allar óarðgæfar — dauðar. Þessu vil ég alveg ákveðið mótmæla. Ég vil aðeins benda hv. þm. á, hvernig umhorfs mundi vera, ef t. d. engir vegir hefðu verið lagðir. Hvernig væri aðstaðan fyrir bændurna, ef útlendi markaðurinn lokast, að koma vörunum á innlenda markaðinn, ef engir vegir væru? Ég ætla þess vegna að segja, að það séu fyrst og fremst vegirnir, sem hafa gert bændunum mögulegt að koma vörum sínum á sæmilega markaði, og á þann hátt beinlínis haldið landbúnaðinum við. Þetta eru því svo mikil öfugmæli, að vegirnir eru undirstaðan undir framleiðslu bændanna eins og nú er. Ég er ekki heldur í vafa um, að þetta sjá allir menn með heilbrigðri skynsemi. Ef ekki væri hægt að láta jafnmikið af afurðunum ganga til kaupstaðanna og nú er gert, væru engir möguleikar fyrir aukinni framleiðslu í sveitunum. Það eru vegirnir, sem hafa forðað landbúnaðinum frá gersamlegu hruni í þeim erfiðleikum, sem hann hefir átt við að stríða upp á síðkastið.

Sjálfstæðismenn tala ákaflega mikið um þessa skattahækkun. En ég hefi áður bent á, að þrátt fyrir það, þó stj.flokkarnir hafi flutt nokkur skattafrv., er ekki meira en áður innheimt í ríkissjóðinn. Ég get líka bent á, að jafnframt því, sem íhaldið þykist mjög hneykslað yfir því, hvað ríkisstj. vilji nota mikið fé, eru þess eigin menn hér í bæjarstj. Reykjavíkur að ganga frá fjárhagsáætlun fyrir bæinn með 100% hækkun miðað við árið 1929. Ef við ættum að reka sömu fjármálapólitík hér á Alþ., ættu fjárlögin að koma upp á 30 millj. í stað 15½ millj. (MJ: Ég hefi rekið þetta ofan í hæstv. ráðh. í eldhúsumr.). Hv. þm. hefir ekki sagt annað en blekkingar. Hann hefir haldið því fram, að ríkið hafi lagt skatta á bæina, en þetta er alrangt. Ríkið hefir létt af bæjunum t. d. atvinnubótavinnunni, en útgjaldahækkunin stafar mikið frá fátækraframfærslunni. Það er því sama, hvernig sjálfstæðismenn sprikla, framkvæmdirnar úr stjórn Reykjavíkur æpa á móti þeim hvenær sem við gagnrýnum störf þeirra. (PM: Reykjavík er þó treyst til að bera mest). Ég veit, að Reykjavík er ætlað að bera meira en öðrum sveitarfélögum, vegna þess að hér eru tekjur og eignir mestar, og við það er miðað. En hitt er

staðreynd, sem ekki verður hrakin, að útsvörin hafa hækkað, ekki einungis um 100%, heldur raunverulega meira, vegna þess að tekjurnar hafa rýrnað, og er því lagt á minna en áður, svo hækkunin er sennilega í mörgum tilfellum 150%.

Mér er þetta vel kunnugt, þar sem ég hefi verið form. niðurjöfnunarnefndar Reykjavíkur í nokkur ár. Það situr því ekki ólaglega á þessum mönnum að bera fram fullyrðingar um, að aldrei hafi þekkzt önnur eins skattapólitík eins og nú sé rekin hér á Alþ., þar sem þeir eru einmitt sjálfir þeir mestu skattræningjar í landinu.

Ég ætla að hafa upp nokkrar tölur, sem ég hefi áður gert í hv. Nd., því ég held, að andstæðingar stj. hér í þessari hv. d. hafi gott af að fá þær til að bisa við.

Sjálfstæðismenn hafa hvað eftir annað lýst því yfir, að þeir hafi verið á móti 2 millj. kr. tekjuauka 1934, einnig 1 millj. 250 þús. kr. hækkun nú, en aftur á móti viljað lækka tolla á sjávarútveginum um 750 þús. kr. Þetta þýðir það, að ef allar þessar till. hefðu verið teknar til greina, þá hefði áætlun fjárl. ekki orðið 15½ millj., heldur 11½. Það er því æskilegt, að þeir geri grein fyrir, hvernig þeir ætla að standa við að lækka útgjöldin um 4 millj. kr. Þó frestað hefði verið framkvæmd nýbýlamálsins og alþýðutryggingarnna, eru samt eftir 3½ millj. Það blandast því engum hugur um, að afstaða Sjálfstfl. er þar ekki byggð á neinni heilbrigðri skynsemi, heldur er því treyst, að þetta láti vel í eyrum fólksins, en að ekki sé athugað, hvað fæst í aðra hönd til þess að halda uppi atvinnuvegunum. Það vita allir, sem nokkuð fylgjast með, að ætti að færa fjárl. niður um 3½ millj., yrði það sú blóðtaka fyrir atvinnuvegina, einkum landbúnaðinn, að það væri alveg óhætt að strika út allar framkvæmdir og framlög til atvinnuveganna, því tekjurnar gerðu ekki betur en hrökkva fyrir beinum rekstrarkostnaði, vöxtum og afborgunum lána, og annara óhjákvæmilegra útgjalda.

Það væri því æskilegt, að sjálfstæðismenn vildu gera þjóðinni ljóst, hvernig þeir ætla að fara að, ef þeir fengju stj. í sínar hendur.

Það eina, sem nokkurt gildi hefir, er, að þeir leggi glöggt fyrir, hvað þeir myndu gera, ef þeir hefðu völdin. Hér dugir ekki tóm neikvæð gagnrýni, heldur verður að sýna svart á hvítu, hvað á að koma í staðinn.

Pétur Magnússon [óyfirl.]: Fjmrh. gerði ekki nokkra tilraun til þess að svara þeirri gagnrýni, sem ég beindi til hans út af skattafrv., einkum benzínskattinum.

Ég verð að segja, að ég hefi enga trú á, að hæstv. fjmrh. sjái ekki betur en hann þykist sjá, eða að það sé af grunnhyggni, að aðalvörnin, sem hann ber fram móti okkar gagnrýni, er sú, að eftir því, sem vegirnir eru verri, eigi skatturinn að vera hærri. (**Fjmrh.**: Þetta er útúrsnúningur). Þetta er orðrétt haft eftir. Og samkv. því ætti hesturinn að vera seldur því hærra verði, sem hann er verri. (**Fjmrh.**: Það er ekki til að bæta hestinn). Með sama útreikningi gæti maður komizt að þeirri niðurstöðu, að því verri sem fjármálaráðherrann væri, því hærri laun ætti að greiða honum. (**Fjmrh.**: Ef það gengi til þess að bæta hann). Hvað sem þessu líður, meðan vegirnir eru ekki komnir, er ekki sanngjarnt, að 2—3-falda skattinn, sem bílstjórarnir greiða. Fyrst verða vegirnir að koma, og þá er hægt að taka benzínskattinn sem leigu eftir vegina. En eftir því, sem vegirnir eru verri, þarf meira benzín, svo það getur ekki verið réttlátur grundvöllur fyrir því að leggja á jafnháan skatt og hér er farið fram á. Það má líka minna á, að þetta er ekki eina viðleitni stj., sem kemur fram um að ná fé af samgöngutækjunum. Og sem þm. Rang. vil ég benda á, að á þann hátt er verið að kúga fé af atvinnurekendum, sem búa við erfiðar samgöngur.

Þá býst ég ekki við, að neinn verði til þess að neita því, að stj. noti bílaeinkasöluna til þess að draga fé í ríkissjóð. Þess vegna þýðir ekki að mótmæla því, að öll bílanotkun hlýtur að stórhækka. Þetta vita allir menn þessa bæjar, og þess vegna þýðir ekki fyrir hæstv. ráðh. að brýna raustina, því þeir menn, sem hlutina kaupa, vita, hvað þeir þurfa að borga fyrir þá. Slík vörn sem þessi dugir því hæstv. ráðh. ekki. Eigi að skattleggja samgöngutækin til þess að gera vegina, sjá allir, að það verður að taka skattinn eftir á. Þá sagði hæstv. ráðh., að benzínskatturinn í nágrannalöndunum væri enginn verndartollur, heldur þvert á móti væri hann notaður til þess að bæta vegina til kaupstaðanna. En ég er hræddur um, að hér viti hæstv. ráðh. betur. Þar, sem ríkin reka járnbrautirnar, hefir verið gripið til þess að leggja skatt á benzínið, svo að þær þyldu samkeppnina við bílana og hægt væri að reka þær hallalaust. Hæstv. ráðh. veit, að bílarnir hafa allt aðra þýðingu hér en í nágrannalöndunum, þar sem þeir eru hér einu samgöngutækin, sem um er að ræða til þess að flytja vörur og fólk að og frá heimilunum, nema þar, sem enn verður að notast við hestvagna. Þá mætti alveg eins skattleggja annarsstaðar járnbrautirnar, sem þar eru aðalsamgöngutækin, a. m. k. til flutninga á allri þungavöru. Bílar eru þar aðeins notaðir til mannflutninga á stuttum leiðum. En hér koma bílarnir í stað járbrautanna. Hvernig sem á þetta er litið í samanburði við önnur lönd, hefir það við engin rök að styðjast.

Ég sé svo ekki ástæðu til þess að svara hæstv. ráðh. frekar, því rök þau, sem hann færði fram í þessu efni, voru næsta veigalítil, og mun ég því ekki eyða löngum tíma í að ræða þau atriði, sem þegar hefir verið hnekkt.

Þá minntist hæstv. ráðh. á eitt atriði í ræðu minni, sem hann vildi reka ofan í mig, þar sem ég sagði, að tekjuskatturinn hefði nálega tvöfaldazt. Það getur verið, að þetta sé ekki mjög nákvæmt. En ég hefi nú gert stikkprufu meðan ráðh. var að tala. Af 20 þús. kr. tekjum greiðist eftir l. frá 1935 2920 kr., en eftir þessu frv. 5140 kr., og er það eftir þeim reikningi, sem ég kann, sem næst 75% hækkun. (**Fjmrh.**: Hv. þm. gleymir 10%). Já, bráðabirgðaskattaukanum. Ég tek þetta eins og það liggur fyrir í l. Ég gæti trúað, að hækkunin væri meiri þegar komið er

yfir 28 þús. kr., þó ég hafi ekki athugað það. Af 10 þús. kr. skattskyldum er skattur eftir frv. 1530 kr., en eftir l. 800 kr., og vantar því ekki mikið á, að hann sé hér tvöfaldaður. (Fjmrh.: Skatthækkunin er hvergi yfir 70%, ef miðað er við skattinn eins og hann var +10%). Það kann að vera, en ég tek skattinn eins og hann er.

Hæstv. ráðh. vildi nú eins og áður ekki telja þessa skatthækkun sérlega hættulega. En ef við lítum á þá breyt., sem orðið hefir á skattgreiðslu til ríkissjóðs í hlutfalli við útflutningsmagn síðan 1915, verður samræmið ekki gott. 1915 nemur útflutningurinn 39 millj., en þá innheimtir ríkissjóður ekki nema 2,1 millj., eða sem svarar 5% af útflutningnum. Nú er útflutningurinn nálega sá sami að verðgildi og 1915, en gjöldin til ríkissjóðs eru nálega 8-falt hærri upphæð nú en þá var tekin. Hvernig getur svo hæstv. ráðh. haldið því fram í alvöru, að þetta komi ekki niður á atvinnuvegum landsmanna? Vitanlega koma skattarnir hvergi annarsstaðar niður en á atvinnuvegunum og hafa þeir reynzt ábyrgir fyrir þeim eins nú og 1915. En nú verður öll skattahækkun tilfinnanlegri en áður, meðan allt lék í lyndi. Í þessu sambandi má benda á árangurinn af þeirri stefnu, sem tekin var 1924, þegar keppt var að því að ofbjóða ekki atvinnuvegunum með sköttum. En síðan sú óheillastefna var upp tekin að hlaða á síhækkandi sköttum hafa sannar framfarir minnkað með hverju ári. Og sú hlýtur að verða afleiðingin af þeirri skattastefnu, sem stj-flokkarnir hafa fylgt síðustu árin.

Magnús Jónsson [óyfirl.]: Mig vantar í raun og veru alveg svar við þeim spurningum, sem ég beindi til hæstv. stj. í lok minnar fyrri ræðu út af því bréfi, sem hér hefir verið borið fram frá bifreiðastjórum og bifreiðaeigendum. Mér þykir leiðinlegt að verða að standa upp aftur án þess að hafa fengið þetta svar. (Fjmrh.: Hefir hv. þm. verið falið að ganga eftir því?). Ég var að reyna að fá hæstv. ráðh. til að svara því, hvort stj. ætlaði að láta slíkt verkfall sem hér er í vændum dynja yfir bæinn. En í staðinn fyrir að svara þessu fór hæstv. ráðh. að þylja upp sínar gömlu röksemdir úr eldhúsdagsumr. Það er sýnilega ekki til nokkurs hlutar að deila við hann í þessu efni; hann er sýnilega alveg steinblindur maður. Að deila við hann um þessa hluti er eins og að sannfæra karlinn um það, að jörðin færi með geysihraða í gegnum himingeiminn. Hann sagði: „Ef ég raða þremur rjólhitum hverjum ofan á annan, þá mundu þeir detta, ef jörðin færi svona hart.“ Hæstv. ráðh. kemur hér enn með þessar sömu röksemdir um fjárhag Rvíkurbæjar, sem er ýmist ágætur, þegar á að leggja þar á skatta, eða þá afleitur, þegar á að réttlæta fjármálastefnu núv. stj. En það er þessi stórkostlegi munur á stjórn fjármála ríkisins og bæjarfélagsins, að ríkisstj. og stjórnarflokkarnir hafa öll tök á að ráða fjármálum ríkisins, en bæjarstj. ræður ekki fjármálum Rvíkurbæjar nema að litlu leyti. Þing og stj. ráða fjárhag bæjarins í raun og veru miklu meira en bæjarstj. Og það, hvað erfiðlega hefir gengið að halda útgjöldunum niðri í Rvík, það er að mestu leyti vegna þess, hvernig þessir núv. stjórnarflokkar hafa stjórnað fjármálum Rvíkur í sambandi við sína stjórn á landsmálum. Þetta hlýtur hæstv. ráðh. að vita, því að hér er á hverju þingi verið að leggja nýjar og nýjar kvaðir á Rvík. Það er ekki Rvík, sem ræður því, hvað miklu er eytt í þetta eða hitt. Það er þingið, sem er alltaf að skipta sér af því og ræður því.

Það er líka eins og hver önnur fjarstæða, þegar hæstv. ráðh. vill taka það sem einhverja sönnun, þó að útsvörin hækki í krónutali. Við skulum t. d. segja, að ætti að miða við tímann frá 1929 og þangað til nú, eða 6 ár. Þá verður vitanlega að taka tillit til þeirrar fólksfjölgunar, sem hefir orðið í bænum á þeim tíma. Það er eðlilegt, að bær, sem hefir 35000 íbúa, velti meiri fjárhæð en bær, sem hefir 25000 íbúa. Nei, það er kunnara en svo, að þurfi að rifja það upp, hvað þingið hefir mikil afskipti af Rvík. Annarsvegar klingir það, að fjárhagur Rvíkur sé svo slæmur, að ekki þurfi annað en að líta þangað, þá sýnist allt snjóhvítt og ágætt hjá hæstv. stj., en svo er löggjöfinni hagað svo eins og þarna megi alltaf hlaða byrðum á byrðar ofan. Það sér maður á sköttunum, sem lenda mest á Rvík, t. d. tekjuskatturinn. Það eru gerðar ráðstafanir til þess að Reykvíkingar þurfi að kaupa sem hæst sínar afurðir og samtímis er þeim bannað að bjarga sér með því að fá þær keyptar ódýrara. En það er dálitið sláandi í sambandi við allt þetta tal um, að Rvík sé að fara á höfuðið í samanburði við sveitirnar, að þegar gerðar eru ráðstafanir um kreppulánasjóð, þá á sú kreppuhjálp að ná til allra sveita, allra kauptúna og bæja og kaupstaða á landinu, bókstaflega til allra nema Rvíkur einnar. Þetta er ákaflega sláandi. M. ö. o., allur sá skakki, sem kann að verða á viðskiptum milli héraða, milli bæjar- og sveitarfélaga, á eingöngu að lenda á Rvík. Hún ein á að gefa eftir öllum og allt, en sjálf á hún ekki kost á að fá gefið eftir eða fá sínum skuldum betur komið fyrir. Hún mundi ekki heldur óska eftir því, svo að að því leyti er þetta rétt stefna.

Þá vil ég benda á fátækraframfærið. Það vita allir, að hingað til Rvíkur hópast styrkþegar viðsvegar af landinu, og svo er það ákveðið, að Rvík skuli hafa sérstöðu að því leyti, hvað lítinn styrk hún skuli fá frá ríkissjóði í þessu sambandi. Þetta er ef til vill eina ráðið, en það er ekki sönnun þess, sem hæstv. ráðh. var að bera fram, að fjárhagur Rvíkur væri miklu verri en alstaðar annarstaðar.

Ég er sannfærður um það, að svo mikil eru afskipti Alþingis af hag Rvíkur, að ef maður lítur á það fjárhagslega, þá mundi margborga sig fyrir Rvík að taka að sér allar ríkisskuldirnar, alla þá óreiðu, sem stjórnarflokkarnir hafa steypt þjóðinni í, og standa straum af því öllu saman, ef bærinn mætti svo eiga það víst, að hann fengi að vera laus við öll afskipti Alþingis. Ég er ekki að segja, að þetta yrði þægilegt í framkvæmd, en það mundi margborga sig fyrir Rvík. Það mætti greiða vexti og afborganir af ekki svo lítilli upphæð með öllum þeim milljónum, sem teknar eru af Rvík og settar í fram-

kvæmdir úti um allt land. Ég þykist vita, að með þessu móti gæti Rvík borgað á tiltölulega stuttum tíma allar ríkisskuldirnar, svo að við stæðum skuldlausir eftir. Svona er samanburðurinn milli landsins og Rvíkur, ef maður vill segja eins og er. Svo heldur hæstv. ráðh., að hann geti alltaf svarað með því að segja: „Hvað viljið þið gera?“ Hann gengur sí og æ eftir því, hvað við mundum gera. Þetta er alveg eins og ef tveir menn væru að deila um það, hvaða aðferð ætti að hafa til þess að stjórna einhverju fyrirtæki, svo réði annar fyrirtækinu árum saman og steypti því alltaf í meiri og meiri skuldir og heimtaði alltaf um leið, að hinn kæmi með ráð til að leysa vandræðin.

Ég vil svara hæstv. ráðh. með því að benda á, hvernig farið var að, þegar sá flokkur, sem þessi gagnrýni kemur hjá, var hér við völd. Hann tók við fjárhag landsins í mikilli óreiðu. Hann setti í gang þörf mál í viðskiptum og framkvæmdum. Skuldir lækkuðu um ⅓. Skattar voru færðir niður, og það var hægt m. a. af því, að vaxtabyrði vegna skulda við útlönd hafði lækkað um ½ millj. Ég vil svara hæstv. ráðh. með því að segja: Hvernig væri fjárhagur landsins út á við nú, ef þessari stefnu hefði verið haldið áfram fram á þennan dag? Ég get hugsað, að kreppuráðstafanirnar, sem gerðar voru eftir 1930, hefðu orðið fullt svo gagnlegar, ef þá hefðu verið fullir sjóðir til þess að setja í slíkar ráðstafanir, eins og að þurfa ýmist að byggja á lántökum úr ríkissjóði eða þá að verða að sjúga meira og meira fé úr atvinnurekstrinum. Það er bara gamla og einfalda sagan, að safna í góðu árunum til vondu áranna. Það er eina ráðið til þess að komast vel yfir vondu árin.

Ég skal ekki deila um nauðsyn veganna. Þeir eru auðvitað nauðsynlegir, en þeir svara þó ekki þeim, sem leggja fé í þá, aftur með fé, eins og t. d. útgerðin gerir, svo að að því leyti er þar tvennu ólíku saman að jafna. Hæstv. ráðh. svaraði út í hött, þegar hann spurði, hvernig landbúnaðurinn færi að koma afurðum sínum á markaðinn, ef ekki væru vegir. Það er rétt, þetta er gott fyrir landbúnaðinn. En það kemur ekkert til góða þeim, sem aðallega hafa lagt féð fram til veganna. Það fé rennur ekki í vasa bifreiðastjóranna, þannig að þeir geti dregið fram lífið á því.

Ég vil endurtaka þá spurningu mína til hæstv. stj., hvað hún ætli að gera til þess að afstýra þeirri ógæfu, sem nú vofir yfir. Það er fullkomlega rangt, sem hæstv. ráðh. sagði, að ég hefði verið að æsa til verkfalls, en ég get sagt hæstv. ráðh. það, að ég hefi frétt um þetta verkfall eins og hann. Ég orðaði það svo í eftirmiðdaginn, að maður hefði sagt við mig, að verkfall vofði yfir, ef skatturinn væri samþ. Mér þykir ekki undarlegt, þó að megi sauma að mönnum, þangað til þeir láta til sín heyra. Ég vil segja hæstv. ráðh. það, að nú er búið að herða svo á skrúfunni, ekki eingöngu hér í Rvík, heldur einnig utan bæjarins, að ef skriða fer af stað, þá er ekki að vita, hvað hún kann að aukast. Ég segi þetta ekki sem hótun, heldur sem viðvörun. Við vitum það úr sögunni, að skattaálögur hafa á öllum tímum orðið undirrót stórra byltinga. Það þurfti ekki nema tíundina til þess að stórir landshlutar gerðu uppreisn, og mannseðlið er ekki ólíkt því, sem það var áður, en það er bara hugsað meira um það nú en áður, að ná sínum rétti á lagalegan hátt. Og stj., sem situr í jafnvöltum sessi og er búin að blaða jafnmiklu tundri undir sig eins og þessi stj., hún ætti sannarlega að fara varlega með eld. Þótt hér sé ekki að ræða um nema eina stétt manna, sem sendir mótmæli til þingsins gegn þessum sérstaka skatti, þá er það svo, ef ekkert er um það skeytt, þá veit enginn, hvað af þeirri neitun kann að hljótast í öllu því tundri, sem nú hefir safnazt saman.

Hæstv. ráðh. talaði mikið um það á eldhúsdaginn út af varalögreglunni, að við ætluðum að mæta mönnum með kylfum, ef menn létu á sér heyra óánægju. Kannske hæstv. ráðh. eða ríkisstj. öll ætli að mæta bifreiðastjórunum með kylfum? Ég vil enn spyrja, hvort stj. ætlí hiklaust að leiða þá ógæfu yfir bæinn og umhverfi hans að mæta mönnum með kylfum, ef þeir eru óánægðir með gerðir hennar. Mér líkar það ekki vel, ef stj. ætlar að hafa þá aðferð, en þá finnst mér, að hún gæti farið að með meiri lempni í skattálögum sínum en hún hefir gert hingað til.

Ég vil svo að síðustu endurtaka þá spurningu mína til stj., þegar er hótað verkfalli næsta morgun, þá er hún ekki of góð til að svara því, hvað hún hugsi sér að gera til þess að afstýra slíkri ógæfu.

Fjmrh. (Eysteinn Jónsson) [óyfirl.]: Hv. 2. þm. Rang. vildi snúa út úr því, sem ég sagði áðan, að það væri eðlilegt að taka benzínskatt hér á landi, ekki síður en annarsstaðar, þar sem vegir væru hér lakari og þyrftu fremur umbóta við. Hann vildi snúa út úr þessu með því að segja, að það væri einkennilegt að verða að borga hærra fyrir að nota lélega vegi en góða vegi. Þetta er náttúrlega ekkert nema útúrsnúningur, sem ég líka benti á með því að skjóta því fram í hjá hv. þm., að það væri gert ráð fyrir því, að þetta gjald færi til að bæta vegina. Hann tók dæmi og sagði, að þetta væri hliðstætt því, að maður tæki hest á leigu, þá ætti að borga hærri leigu, ef hesturinn væri slæmur en ef hann væri góður. Þetta er útúrsnúningur, því að leigan fer ekki til að bæta hrossið, því að ef þessi skattur er kallaður leiga, þá gengur hann til að bæta þann hlut, sem notaður er.

Hv. þm. sagði, að skatturinn hefði hækkað mikið síðan 1915, og það er alveg rétt. Hann bar skattinn saman við útflutninginn. Það kann að vera, að sá samanburður hafi visst gildi, en það er ekki einhlítt að bera saman skatta og tolla annarsvegar og útflutning hinsvegar. Í sumum löndum hagar viðskiptum svo til, að skattar og tollar eru miklu hærri en útflutningurinn. Þetta fer eftir því, hvernig hagar til hjá þjóðinni um verzlun og viðskipti. Eins og allir vita, þá hafa innanlandsviðskipti aukizt gífurlega síðan 1915, svo að það hefir ekki gildi út af fyrir sig að gera þennan samanburð.

Þá var það hv. 1. þm. Reykv. Hann vildi fá eitthvert svar hjá stj. um það, hvað hún vildi

gera gagnvart þeim hótunum, sem hann kallaði, sem hingað hefðu borizt frá bifreiðastjórum í bænum. Ég geri ekki ráð fyrir, að hann hafi umboð til þess að krefjast svars við slíkri málaleitun, og mun honum engu verða svarað um þetta af mér.

Þá kem ég að því, sem hv. 1. þm. Reykv. sagði út af gagnrýni minni á fjármálastjórn Rvíkurbæjar og fyrirspurn minni um það, hvernig Sjálfstfl. vildi koma sínum málum í framkvæmd hvernig hann ætlaði að færa niður á fjárlfrv. um 4 millj. kr. krá frá því, sem það er nú. Ég held, að allir, sem hafa hlustað á ræðu hans, hafi verið jafnnær eftir þá langloku, sem hv. þm. var með hér. Og það var ekki af neinni tilviljun, að allir voru jafnnær. Það var af yfirlögðu ráði hjá hv. þm. að ganga framhjá þessu atriði og svara því ekki. Það er af því, að það er óþægilegt fyrir sjálfstæðismenn að svara því. Þess vegna er það, að í staðinn fyrir að gefa hrein svör, þá hlaupa þeir langt aftur í liðna tímann, benda á, hvernig það hefði verið 1924—1927 og hvað þeir hefðu gert þá. En það kemur bara ekkert þessu máli við. Ég spyr um það, hvernig þeir mættu því viðhorfi, sem við höfum nú fyrir okkur. Það bjargar þeim ekkert nú, þó að við yrðum fyrir því láni 1924 að fá góðæri, sem gaf stórauknar tekjur í ríkissjóð. Þá voru líka gerðar tollahækkanir til þess að leiðrétta hag ríkissjóðs. Þetta er því ekki eins mikið þrekvirki og hv. þm. vill vera láta, og kemur þar að auki ekki þessu máli við, hvernig þeir ætla að leysa þá þraut að lækka fjárl. um 4 millj. frá því, sem nú er. Ég vil, að hv. þm. svari því afdráttarlaust, því að þótt hér séu ekki margir viðstaddir, þá er þó ekki einskis virði fyrir þá að fá upplýsingar um þetta leyndardómsfulla atriði, sem aldrei hefir verið svarað enn, hversu oft sem um hefir verið spurt.

Það var líka talsvert fát á hv. þm., þegar hann var að tala um ásakanir mínar á fjármálastjórn Rvíkurbæjar, og það er ekki óvanalegt, þegar þeir eiga að verja það, sem þeir hafa gert, á sama tíma og þeir ásaka okkur fyrir skattahækkanir.

Hann sagði, að það væri ekki gott að deila við mig, því að ég væri alltaf með það sama. En er það ekki von, þegar ég verð alltaf að berjast við það sama. Það gengur alltaf aftur, hversu oft sem ég kveð það niður. Ég hefi ekki heldur getað fengið svar við þeirri spurningu, sem ég hefi borið upp víst 20—30 sinnum, að gefnu tilefni frá þeim sjálfum, hvernig þeir ætli að framkvæma þetta, sem þeir hafa alltaf verið að tala um, en hefi aldrei getað fengið svar. Þeir hafa alltaf veigrað sér við þessari spurningu, og það er af því, að í sambandi við hana er svo vel hægt að fletta ofan af þeim og sýna þá hræsni, sem kemur fram hjá þessum flokki nú sem oftar. Hv. 1. þm. Reykv. sagði, að það væri ekkert að marka, þó að fjárhagur Rvíkurbæjar væri slæmur. Hann hefir sýnilega fengið samvizkubit út af útsvarshækkuninni, enda vildi hann ekkert á hana minnast. Hann sagði, að fjárhagur Rvíkur væri erfiður, en bæjarstj. réði þar minnstu, aðallega væri það þing og stjórn, sem stjórnaði bænum. Ég minnist samt þess, að hafa séð öðru haldið fram í blöðum sjálfstæðismanna, því að þar hafa þeir haldið því fram, að fjárhagur bæjarins væri mjög svo ágætur, og þá hafa þeir ekki nefnt, að stjórn og þing réði þar miklu, heldur væri það hin ágæta stjórn sjálfstæðismanna, sem hefði komið því til leiðar. En nú, þegar hv. 1. þm. Reykv. er að sýna fram á, að fjárhagur bæjarins sé slæmur, þá eru það allt aðrir menn, sem ráða. Þá er það þingmeirihlutinn og sú vonda ríkisstj., sem öllu ræður í Reykjavík. Ég held, að það sé varla hægt að finna gleggri undanbrögð en tilraunir hv. þm. til að reyna að smeygja sér út úr þessu. (MG: Vill hæstv. ráðh. neita því, að Alþingi geti ráðið miklu um útgjöld bæjarins?). Ég neita því, að útsvarshækkunin, sem er 140—150% á meðalgjaldanda, sé Alþingi að kenna, heldur sjálfstæðismönnum í Rvík, og þarf ekki langt að leita til að sjá það. Það þarf ekki annað en að athuga, hvernig þeir haga þeim lið í útgjöldum bæjarins, sem þeir þykjast mest vilja spara á hjá ríkinu, sem sé launagreiðslunum. Þar eru menn, sem hafa tvöföld ráðherralaun. Varla er það Alþingi að kenna.

Hv. þm. segir, að taka verði tillit til þess, að fólki hefir fjölgað í Rvík, þegar borin eru saman útgjöld bæjarins fyrr og nú. Vill hann þá ekki líka taka tillit til þess, þegar hann ber saman tolla og skatta fyrr og nú, að landsmönnum hefir fjölgað í heild? Hann gleymdi því þá. Svona er þetta allt hjá honum, allt árangurslausar tilraunir til að verja það, sem ómögulegt er að verja, því að um leið og þeir eru að deila á okkur fyrir skattrúningu, þá er þeirra flokkur í Rvík búinn að hækka heildarupphæð útsvaranna síðan 1929 um 100%, eða í raun og veru allt að 150%.

Forsrh. (Hermann Jónasson) [óyfirl.]: Það umræðuefni, sem hér liggur aðallega fyrir, er benzínskatturinn, þó að umr. hafi farið nokkuð á víð og dreif. Ég ætla að segja aðeins nokkur orð um benzínskattinn, sem nú er svo mikið deilt um.

Ég er ekki í neinum vafa um það, að ástæðan til þess, að upp hefir komið nokkur óánægja út af benzínskattinum, er að miklu leyti sú, að á undanförnum árum hefir þessum málum verið hagað þannig, að benzínskatturinn hefir verið tekinn til annars en til var ætlazt í upphafi, og þeir menn, sem hafa átt að njóta þess, að benzínskatturinn væri innheimtur til þess að láta hann ganga til vegabóta, hafa orðið fyrir mjög sárum vonbrigðum á undanförnum árum. Það er því fyrst og fremst nauðsynlegt til þess að skatturinn komi að því gagni, sem hann á að koma, að búið sé um löggjöfina eins og nú er gert í fyrsta sinn, að það er beinlínis tekið fram í sömu l., til hvers benzínskatturinn skuli fara.

Þessi benzínskattur, sem hér á að lögleiða, er ekki nema fyrir eitt ár, en jafnframt er tekið fram einmitt í þeim l., sem heimila að leggja hann á, til hvers eigi að verja þeirri upphæð, sem næst á þennan hátt. Það er gert til þess, að þar vegabætur, sem framkvæma á fyrir þetta fé, komi sem hagkvæmast niður fyrir þá, sem þeirra eiga að njóta, bifreiðastjórana.

Ég er ekki í neinum vafa um það, að mikið af þeirri óánægju, sem hefir risið út af þessum skatti nú, stafar af þeirri brigðmælgi, sem hefir átt sér stað í þessu máli á undanförnum árum. Ég kem nánar að þessu atriði og sögu þess, áður en ég lýk máli mínu.

Það hefir verið agiterað á tvennan hátt í þessu máli, eftir því sem bezt hefir þótt við eiga á hverjum stað. Hér í bænum hefir fyrst og fremst verið agiterað með því, að benzínskatturinn kæmi aðallega niður á bifreiðarstjórunum, af því að hér eru svo margir bifreiðarstjórar, og er það vitanlega gert í þeim tilgangi að fá þá til að hefja verkfall. Jafnframt er agiterað austur í sveitum, meðal þeirra, sem þurfa að kaupa flutninga með bifreiðum, og þar er því aftur á móti haldið fram, að skatturinn komi eingöngu niður á þeim, með hækkun á flutningsgjöldum. Á þennan hátt þykir það hagkvæmast að æsa upp andstöðu gegn þessum lögum, að fá hvorn þessara aðilja til að trúa því, að benzínskatturinn komi að öllu leyti niður á þann, sem við er talað í hvert sinn.

En ef þetta er rannsakað niður í kjölinn og ef málið er hugsað í sambandi við sögu bifreiðaflutninganna hér á landi, þá veit ég, að bifreiðastjórarnir hafa svo mikla þekkingu á akstri bifreiða eftir misjöfnum vegum, að þeir muni komast að þeirri niðurstöðu, að raunverulega muni það borga sig fyrir þá sjálfa að greiða þennan skatt af benzíninu, og skal ég færa þau rök fyrir því, sem hv. andstæðingar mega gjarnan hrekja, ef þeir treysta sér til þess.

Þessi till. er undirbúin af vegamálastjóra, eftir að hann var búinn að dvelja erlendis síðastl. sumar, í nágrannalöndunum, og kynna sér meðferð þessara mála þar. Það þarf enginn að láta sér detta í hug að halda því fram, að benzínskatturinn sé einskonar verndartollur fyrir járnbrautirnar í þeim löndum. Saga benzínskattsins á Norðurlöndum er allt of vel kunn til þess, að slíkri fullyrðingu verði trúað. Þar var benzínskatturinn hækkaður beinlínis í þeim tilgangi að gera ákveðnar vegabætur. Og má í því sambandi benda á það, að þegar Danir hækkuðu benzínskattinn hjá sér, þá var skattinum beinlínis varið til þess að byggja brúna yfir Litla-Belti. Í Sviþjóð og Noregi hefir honum verið varið á sama hátt, til vegagerða á tilteknum svæðum, sem hagkvæmast þykir að fá framgengt fyrir þetta fé. Og það eru einmitt þessi dæmi, sem vegamálastjóri hefir lagt til grundvallar og haft hliðsjón af til rökstuðnings þessari till., þegar hann lagði hana fram fyrir stjórnina. Það er vitanlega hin mesta firra, að erlendis séu vegirnir lagðir fyrst og fullgerðir, en svo sé benzínskatturinn lagður á að því loknu. Nei, vegirnir eru byggðir jafnóðum fyrir það fé, sem benzínskatturinn gefur; þannig er það alstaðar á Norðurlöndum og þannig á það líka að verða hér.

Ég hefi ekki fylgzt svo stöðugt með umr. hér í d. í dag, að ég viti, hvort getið hefir verið um, hvaða skattur er á benzíninu í öðrum löndum álfunnar. En samkv. upplýsingum, sem skrifstofa vegamálastjóra hefir gefið og teknar eru eftir dönskum skýrslum í október s. l., er benzínskatturinn sem hér segir (með leyfi hæstv. forseta):

Í Ítalíu og Triest	49,28	aur.	pr. kg.
- Frakklandi	47,20	—	— —
- Þýzkalandi	35,43	—	— —
- Sviss	25,18	—	— —
- Belgíu	29,51	—	— —
- Englandi og Wales	16,43	—	— —
- Noregi	11,27	—	— —
- Danmörku	13,00	—	— —
- Sviþjóð	11,68	—	— —

Þannig mætti lengi halda áfram að telja. Í Noregi er skatturinn lægstur, eða 11,27 aur. af kg.; en hér á landi er hann 4,8 aur. af kg., eða nálega 6½ eyri lægri en í Noregi. (MJ: Þetta hefir allt verið lesið hér áður). Já, ég gat þess, að ég hefði ekki verið hér stöðugt við í d. í dag og ekki heyrt allt, sem komið hefði fram í umr. En ég hygg, að það veiti samt sem áður ekki af því að rifja þetta upp fyrir hv. andmælendum þessa máls. (PM: Vill ekki hæstv. ráðh. segja frá því hér í þd., hvaða land í álfunni muni vera sambærilegt við Ísland um vegagerð og vegagæði?). Jú, ég kem nú einmitt að því. — Hv. 2. þm. Rang. sagði í ræðu sinni, að bifreiðarstjórar teldu, að benzíneyðslan væri þre- eða fjórföld hér á landi við það, sem tíðkast í öðrum löndum, þar sem vegirnir væru góðir, og margfalt meiri gúmmíeyðsla og slit á bifreiðum borið saman við það, sem gerist á góðum vegum erlendis. Þó að þessi ummæli hv. þm. séu máske nokkuð öfgakennd, þá var það einmitt þetta, sem ég átti við í upphafi ræðu minnar, þegar ég sagði, að það myndi raunverulega borga sig fyrir bifreiðarstjórana að greiða þennan benzínskatt til vegabóta í landinu. Það er alveg rétt hjá hv. 2. þm. Rang., að við keyrslu bifreiða á vondum vegum fer ógrynni af fé forgörðum, borið saman við það, sem eyðist á góðum vegum, og þó skiptir það mestu máli, að hér eru bifreiðar oft liðaðar sundur á örstuttum tíma í ófærð á vetrum. Bifreiðar endast yfirleitt langtum skemur hér en í nokkru öðru landi álfunnar. Það er einmitt þessi eyðsla, sem er margföld á við benzínskattinn. Það er þessi óhófseyðsla, sem benzínskatturinn á að draga úr og stöðvar, þar sem hver einasti eyrir af benzínskattinum á að ganga til þess að bæta vegina. Ein brýnasta þörf þjóðarinnar er að stöðva þá eyðslu, sem vondu vegirnir valda. Eða eigum við að láta þessa eyðslu, sem hv. þm. lýsti sjálfur með svo stórum orðum, halda áfram óhindraða? Eigum við ekki heldur að haga okkur eins og aðrar þjóðir gera í þessu efni, og fyrirbyggja hina ægilegu eyðslu á benzíni og gúmmíi og hið margfalda slit á bifreiðum? En í ýmsum tilfellum eru þær liðaðar sundur á fáum mánuðum, eins og hv. 2. þm. Rang. skýrði frá, þó að sú lýsing hans væri nokkuð ýkt. — Jú, það er engum vafa bundið, að við eigum að fara þá leið í þessu máli, eins og aðrar menningarþjóðir.

Samkv. þessu frv. á einmitt að verja mestum hluta af benzínskattinum í fjölförnustu vegina hér út frá Reykjavík. Það á að slétta og malbika veginn milli Reykjavíkur og Hafnarfjarðar og veginn inn að Elliðaám. Þessir vegir eru

að vísu ekkert tiltakanlega slæmir, en þó vita a. m. k. allir bílstjórar, hve miklu sliti þeir valda á gúmmíhjólbörðum, ekki síst í þurrkatíð. Ég er sannfærður um, að viðhaldið á þessum vegum er svo dýrt, að það hlýtur tvímælalaust að borga sig að púkka þá vel og. malbika eða steypa yfir. Það er þetta, sem vegamálastjóri hefir líka lagt áherzlu á, að gert yrði, og talið það hagkvæmast samkv. reynslu annara þjóða. — Um leið og byrjað verður á malbikun þjóðvegarins eitthvað inn fyrir Elliðaár, verður jafnframt hafizt handa um byggingu nýs vegar austur yfir Hellisheiði. En það er alkunnugt, að notkun bifreiða til vetrarflutninga á gamla veginum yfir Hellisheiði er sú versta meðferð á bílum, sem hér þekkist. Það er alveg ómælt kapital, sem þannig er kastað í sjóinn, þegar verið er að brjótast á bílum í ófærð yfir heiðina. Og ég hefði gaman af að heyra því andmælt, hvort sá kostnaður sé ekki til muna þyngri skattur á bifreiðarstjórunum en benzínskatturinn. Það er einmitt þetta, sem liggur til grundvallar fyrir benzínskattinum og er höfuðatriði málsins.

Nú á í fyrsta skipti að tryggja bifreiðarstjórunum og íbúum á Suðurlandsundirlendinu fullkomna vegabót austur yfir Hellisheiði, með lögbundinni ákvörðun, en það er, eins og ég tók fram í upphafi, annað aðalatriðið, að skattinum verður nú varið til nauðsynlegustu vega, þannig að bílstjórar og notendur bifreiða fá hann aftur óskiptan.

Þeir hv. þm., sem nú mótmæla þessu frv. um hækkun benzínskattsins, hafa áður verið því fylgjandi á Alþingi, að benzínskattur væri hækkaður, án þess að tryggja bifreiðarstjórunum nokkrar vegabætur í staðinn. — Nei, því ófullkomnari og verri sem vegirnir eru, því meiri þörf er á því að hækka benzínskattinn. Það er einmitt lýsingin á því, hversu vegirnir eru vondir hér á landi, og hin ógurlega eyðsla, er slíkir vegir valda bifreiðareigendum, sem mælir bezt með því, að skattur sé lagður á benzínið til að bæta vegina. Þetta eru sterkustu rökin fyrir benzínskattinum, hvort heldur er hér á landi eða annarsstaðar.

Það mætti auðvitað reikna nákvæmlega út, hvað hjólbarðaslit, benzíneyðsla og bifreiðarskemmdir á vondum vegum nema miklu meira tjóni og tilkostnaði fyrir bifreiðaeigendur en benzínskatturinn. En það verð ég að segja, að ég óttast ekki niðurstöðuna á þeim samanburði.

Ég skal svo ekki fara miklu lengra út í þetta mál. En það var verið að minnast hér í umr. á verkfall, sem stæði fyrir dyrum. Mér er óhætt að segja, að ég veit svo mikið um það mál, að ég staðhæfi, að það er verið að leika hér í bænum sama leikinn gagnvart þessu máli og beitt hefir verið gegn sumum öðrum málum, sem vissum klíkum í bænum hefir verið meinilla við, — það er verið að tefla bílstjórunum fram til verkfalls í pólitískum tilgangi. En þeir, sem á bak við þá standa, vilja ekki sjálfir bera pólitíska ábyrgð á þessu verkfalli. Ég staðhæfi, að þeir, sem knýja fastast á í þessu máli, eru aðrir menn en bifreiðastjórarnir sjálfir. (**MJ**: Þetta eru rakalaus ósannindi). Ég skal færa fram fullar sannanir fyrir þessu síðar, og hv. þm. mun þá þykja nóg um. Þetta er alveg nákvæmlega sami leikurinn og reynt var að fá bændur til að hefja gegn mjólkurlögunum í fyrravetur og húsmæðrunum hér í bænum var beitt fyrir, þegar bændur fengust ekki til þess. Ég á við mjólkurverkfallið.

Hverjir stóðu á bak við konurnar í því verkfalli? Þeir, sem að því stóðu, ætla nú að beita bifreiðarstjórunum fyrir verkfalli, sem vitanlega veldur þeim sjálfum atvinnumissi og fjárhagslegu tapi. Annað geta þeir ekki upp úr því haft. En ef til vill geta einhverjir hv. þdm. borið vitni um það, hverjir standa að þessu verkfalli og hvort það verður eingöngu hafið fyrir bifreiðarstjórana.

Pétur Magnússon [óyfirl.]: Hæstv. forsrh. hefir þótt það vel við eigandi að flytja þessa löngu ræðu eftir að við hv. 1. þm. Reykv. vorum báðir dauðir í þessum umr. (**Forsrh.**: Ég skal biðja hæstv. forseta að veita hv. þm. fullan ræðutíma). Ég mun því stikla á stóru og drepa aðeins á höfuðatriðin. Hæstv. forsrh. sagði, að nú væri það í fyrsta sinn ákveðið með lögum, að benzínskattinum skyldi varið til sérstakra vegalagninga. En þetta er ekki rétt; í lögum frá 1932 er það lögbundið, að 20% af bifreiðaskattinum skuli varið til malbikunar á þjóðvegaköflum.

Hæstv. ráðh. sagði, að það hefði ekki verið tiltekið í lögum áður, hvaða vegir yrðu lagðir fyrir þennan skatt; en það skiptir ekki miklu máli. Ég hefi áður bent á það í þessum umr., að við hefðum enga tryggingu í höndum fyrir því, að þessum lagaákvæðum um ráðstöfun á benzínskattinum yrði ekki breytt þegar á næsta þingi og þær tekjur látnar renna í hið venjulega sukk stjórnarinnar, sem mikið af tekjum ríkissjóðs hverfur í.

Það þýðir ekkert fyrir hæstv. ráðh. að veifa þeim fullyrðingum, að þetta fé verði allt notað til vegalagninga; hann getur ekki komið mönnum til að trúa því. Þetta var líka sagt á Alþingi 1932, en þau loforð voru svikin. — Það getur hugsazt að benzínskattinum verði varið til einhverra vegabóta fyrsta árið, en hvort það verður lengur, getur enginn sagt neitt ábyggilega um, og yfirlýsingum hæstv. stj. er ekki hægt að treysta í þessum efnum.

Hæstv. forsrh. sagði, að við héldum því fram hér í bænum, að benzínskatturinn kæmi eingöngu niður á bifreiðarstjórunum, en í öðru orðinu héldum við því fram austur í sveitum, að skatturinn kæmi verst niður á bændum, sem þyrftu að kaupa flutninga með bifreiðum. Við höfum nú ekki haft tækifæri til þess að tala þar við bændur síðan þessi till. kom fram á þinginu. Hér kemur fram sama skilningsleysið og í öllum öðrum skattamálaflutningi stj. Hæstv. ráðh. virðist ætla, að benzínskatturinn geti ekki komið niður nema á öðrum þessara aðilja. En þetta er hinn mesti misskilningur. Vitanlega kemur benzínskatturinn niður á báðum aðilum, eða öllum sem nota benzín, alveg eins og skattar á sjávarútveginum koma jafnt niður á útgerðarmenn og sjómenn.

— Hér er því hvorki um villukenningar né blekkingar að ræða, þó að svona hefði verið skýrt frá því, hvernig benzinskatturinn verkar. En hæstv. ráðh. spinnur þetta allt saman upp, það eru tilefnislausar getgátur, sem hann varpar hér fram út í loftið. (**Forsrh.**: Hvernig var agitationin í Nd.?). Ég hefi hvergi heyrt þetta nefnt eða orðið var við neina agitation í þessa átt.

Svo var hæstv. forsrh. að skjóta sér á bak við vegamálastjóra í þessu máli. Það er nú í raun-inni ekkert óeðlilegt, þó að vegamálastjóri hafi áhuga fyrir því að fá sem mest fé til þess að fullkomna vegakerfið í landinu. En það er ekki vegamálastjóri, heldur ríkisstj., sem á að sjá um það, að þjóðinni sé ekki íþyngt um of, eða öllu heldur ofboðið með sköttum og álögum.

Hæstv. ráðh. segir, að það sé hin mesta firra, sem við höfum haldið fram, að í öðrum löndum hafi verið komnir fullkomnustu bílvegir áður en þar var lagður skattur á benzinið. Þetta er vitanlega reginfjarstæða hjá hæstv. ráðh. Hvar áttu bílarnir að ganga, ef engir vegir hefðu verið til fyrir þá! — Sannleikurinn er sá, að í öllum nágrannalöndum okkar var komið ágætt vegakerfi fyrir bifreiðar, áður en farið var að leggja skatt á benzinið; en síðan hefir benzinskatturinn verið notaður til þess að færa út og stækka vegakerfið. En hvernig eru svo vegirnir hér á landi, sem okkar bílar eru keyrðir á? Hér eru að vísu nokkrir vegir sæmilega góðir, en mikill hluti vegakerfisins er lélegt, og mjög víða eru aðeins ruddir vegir, illa lagðir og grýttir, enda slíta þeir bílunum á skömmum tíma. Nei, hæstv. ráðh. getur ekki talið neinum trú um það, að fyrst eigi að leggja þennan ógurlega skatt á benzinið, og svo eigi að nota þá peninga í vegi, sem hægt sé að láta bílana ganga á. Þá er sann-arlega byrjað á öfugum enda. — Hann las hér upp lista yfir benzínskattinn í ýmsum löndum, og mun það vera í þriðja sinn, sem það er lesið hér í d. í dag. Ég skaut því þá fram í ræðu hans, hvaða land hann teldi sambærilegt við Ísland um vegakerfi fyrir bifreiðar; hann sagðist ætla að koma að því seinna, en gleymdi svo alveg að nefna nokkurt dæmi til samanburðar í því efni. Og meðan hæstv. ráðh. getur ekki bent á það land, sem hefir hærri benzínskatt, en jafn-lélegt vegakerfi fyrir bíla, og við Íslendingar, þá er þessi samanburður hans á benzinskattin-um hér og í öðrum löndum ekkert annað en hrein blekking. — Hæstv. ráðh. játaði, að það væri rétt, að það væri kostnaðarsamara að keyra bifreiðar hér á landi en annarstaðar, en sagði jafnframt, að það væru einmitt höfuðröksemd-irnar fyrir því, að nauðsynlegt væri að hækka benzínskattinn. Ég held því aftur á móti fram, að fyrst eigi að leggja bílvegina, og þegar þeir eru orðnir sæmilega færir, þá er þó forsvaran-legra að hækka benzinskattinn. Annars væri þessi kenning hæstv. ráðh. nokkuð einkennileg, ef framfylgja ætti henni á öðrum sviðum. Ef það ætti t. d. að taka bryggju- og hafnargjöld af skipum, áður en búið væri að reisa bryggjurn-ar og gera hafnarbætur. Mér er ekki kunnugt um annað en að fyrst hafi verið reynt að klöngra upp einhverjum bryggjum, og þegar þær voru komnar, þá var hægt að innheimta bryggjugjöldin.

Ég fæ ekki skilið, hvernig hægt er að réttlæta það, að bifreiðarnar skuli ekki mega sæta sömu kjörum í þessu efni eins og t. d. skipin. Farar-tækin verða þó að fá eitthvað í aðra hönd, og bílarnir engu síður en skipin, áður en lagður er á þá þungur skattur til vegagerða í landinu, skattur, sem eigendur og notendur bifreiðanna geta alls ekki risið undir.

Ég ætla ekki að svara fjarstæðum hæstv. ráðh. út af hinu væntanlega bílstjóraverkfalli, mér er alveg ókunnugt um það, enda hefi ég ekkert um það heyrt, annað en það, sem fram kemur í bréfi því, sem stjórnir bílstjórafélaganna í Rvík hafa sent Alþingi og hv. 1. þm. Reykv. minntist á. Hæstv. ráðh. var eitthvað að dylgja um pólitiskan undirróður á bak við kröfur bíl-stjóranna. Ég hygg, að það sé ekkert annað en tilhæfulaust fleipur. Ég held, að þar sé ekki öðrum til að dreifa en bílstjórunum sjálfum. Enda býst ég við, að þeim sé það sjálfum full-ljóst, að það eru engin kostakjör, sem þeir hafa átt við að búa, og að þeir telji sig ekki of-haldna af þeim, þó að benzinskatturinn sé ekki hækkaður frá því, sem hann er nú. Þeir þurfa því áreiðanlega engan áróður frá öðrum til þess að mótmæla benzinskattinum.

En hæstv. forsrh. lét sér sæma í þessu sam-bandi að minnast á annað verkfall, hið svo nefnda mjólkurverkfall, sem stofnað hefði verið til hér í bænum í fyrravetur. Ég held honum hefði verið sæmra að minnast ekki á þá óstjórn á mjólkurmálunum, sem hann hefir allra manna mest átt sök á og hafði þær afleiðingar, að fjöldi af borgurum þessa bæjar var neyddur út í þetta verkfall. (**JJ**: Hvað höfðu þeir upp úr því, annað en skömm og skaða?). Þeir höfðu það upp úr því, að mjólkurmálin eru nú smám-saman að færast í betra horf en verið hefir á þessu ári. Svo að það er nú nokkur von til þess, að málið leysist, ráðherranum að þakkarlausu. (**Atvmrh.**: Það er gott, ef mjólkurmálin eru komin í það lag, sem hv. þm. er ánægður með). Já, það færist vonandi í það horf. En hæstv. atvmrh. ætti ekki heldur að minnast á þetta mál, sem hann sjálfur og Alþfl. hefir haft að féþúfu.

Magnús Jónsson [óyfirl.]: Ég held ég geti ekki verið að eyða miklu af þessari stuttu at-hugasemd til þess að svara hæstv. fjmrh., þeg-ar hann er svo skyni skroppinn og fáfróður um almenna þingsiði eins og fram kom í síðustu ræðu hans. Hann spyr, hvaða umboð þm. hafi til að gera fyrirspurnir til stj. fyrir sitt kjör-dæmi. Þinginu berst verkfallshótun frá stétt, sem að vísu er ekki mjög fjölmenn, en hefir þá aðstöðu, að það mundi gersamlega lama bæinn, ef henni virkilega tækist að koma verkfalli á, meðan á því stæði. Þm. bæjarins spyr, hvað stj. hugsi sér að gera til að afstýra vandræðum, en ráðh. svarar bara, að hann viti ekki til, að þm. hafi neitt umboð til slíkra spurninga! Vill ekki hæstv. fjmrh. fara til Englands og spyrjast fyrir um, hvaða umboð þm. hafi til þess að gera fyrir-spurnir til ríkisstj.

Svo kemur þessi hæstv. ráðh. og spyr andstæðinga sína, hvað þeir vilji gera til þess að bjarga fjárhag landsins; ráðh., sem knýr áfram með liði sínu það, sem honum dettur í hug, án þess að taka nokkurt tillit til þess, hvað andstæðingarnir segja, og drepur allar till., sem þeir koma fram með. Stjórnarflokkarnir hafa engan rétt til að heimta svör um þetta af stjórnarandstæðingum; þeir verða bara að svara með verkunum, ef þeim er falið það af kjósendum. Þegar tveir menn deila um stjórn á einhverju fyrirtæki, annar hefir stjórn þess með höndum og sekkur því æ dýpra og dýpra, þá getur að vísu farið svo að lokum, að hinn sjái engin ráð til að bjarga því. Hæstv. ráðh. getur athugað muninn á þeirri stjórnarstefnu, sem tekin var upp árið 1927, og þeirri, sem réði þrjú til fjögur næstu ár á undan. Eitt atriði í þeim samanburði er t. d. það, að á fyrra tímabilinu voru skuldir ríkisins stórkostlega borgaðar niður, en síðan hafa þær sífellt hækkað. Það má minna hæstv. fjmrh. á, hvílík blóðtaka það er fyrir ríkissjóðinn og gjaldeyrisástandið í landinu, að verða nú að greiða yfir ½ millj. kr. í vexti og yfir 1 millj. kr. í afborganir á ári út úr landinu, þ. e. a. s., þurfa nálega 2 millj. kr. til þess að standa straum af ríkisskuldunum. Það er þægilegt fyrir þennan ráðh. að spyrja aðra ráða. En vill hann þá nota aðstöðu sína til að fara eftir þeim ráðum, sem honum eru gefin? Annars þýðir ekki að vera að spyrja, og verður að skoða það sem hvert annað gjamm. (**Fjmrh.**: Hv. þm. þorir ekki að svara þessu, fremur en endranær, og það er varla von).

Þá ætla ég að svara hæstv. forsrh. örfáum orðum. Hann var að tala um agitation og hvernig hún væri rekin í sambandi við benzínskattinn. Hann sagði, að hér í Rvík væri sagt, að skatturinn lenti á bílstjórunum, en fyrir austan fjall væri sagt, að hann lenti á bændum. Ég vil nú spyrja hæstv. ráðh. Á hverjum telur hann, að þessi skattur lendi? Lendir hann á bændum? Vill hæstv. ráðh. segja já við því? Eða lendir hann á bifreiðastjórunum? Vill hæstv. ráðh. segja já við því? Hann veit þetta víst, úr því hann talar svona borginmannlega um það.

Ein aðalvörn hæstv. ráðh. í þessu máli er sú, að það sé tryggt, að bílaskatturinn verði aðeins notaður til þess að bæta vegina fyrir þessa sömu bílstjóra. Og í hverju er svo þessi trygging fólgin? Ef maður athugar sögu málsins, virðist tryggingin ekki vera neitt smáræði! Þegar þessi fyrsti lági bifreiðaskattur var settur á, komst það í gegn fyrir tilstilli nokkurra þm., sem voru beggja blands í málinu, að nota átti skattinn í þá einu tegund vega, sem nokkuð duga til frambúðar. Ráðstafanir voru gerðar til þess, að stofnaður væri sérstakur sjóður, sem malbika átti fyrir mestu umferðavegina. Byrjað var austur á Hellisheiði, og þó fé væri lítið, hefði verið farið að sjást gagn af því nú, ef haldið hefði verið áfram. En þá komu stjórnarskiptin 1927 og til valda komu þeir menn, sem aldrei hefir haldizt á nokkrum skilding. Alveg sama þó ákveðið hafi verið með l. að verja einhverjum ákveðnum tekjum til ákveðinna hluta. Hvað varð um peningana, sem áttu að renna til þjóðleikhússins, verkamannabústaðanna, byggingar- og landnámssjóðs o. s. frv.? Það var bara komið með bráðabirgðabreyt. á l. og ákveðið, að þetta fé skyldi renna í ríkissjóð eitt einasta ár. En svo rann það í ríkissjóðinn líka næsta ár og ávallt síðan; hitt allt tóm svik. Er nokkur furða, þó maður eigi bágt með að taka það trúanlegt, þegar sömu menn koma og segjast nú í fyrsta sinni vera búnir að tryggja það, að benzínskatturinn renni til þess, sem sagt er, að hann eigi að renna til. En bílstjórarnir eiga bara að vera glaðir, því það er verið að leggja þennan skatt á fyrir þá!

Ég veit ekki, hvort ég á að fara út í þau ógurlegu dularmál, sem hæstv. forsrh. hreytti hér úr sér eldrauður. Hann var að tala um einhverja menn, sem væru að tala um framgang einhverra mála einhversstaðar, og að það væri verið með hinn ósvifnasta undirróður hjá bílstjórunum. Svo var hann að blanda öðrum málum inn í þetta, einkum mjólkurmálinu, sem hv. 2. þm. Rang. sýndi fram á, að hann ætti sízt að minnast á. Því þó hæstv. forsrh. hefði enga aðra synd á samvizkunni heldur en þá, hvernig honum hafa farið úr hendi hans afskipti af því máli, þá er það eitt nóg til þess, að a. m. k. menn hér í Rvík og nágrenninu ættu ekki að trúa honum fyrir mörgum málum. Hann var að tala um bændaverkfall, sem sett hefði verið á fyrir pólitískan undirróður. Ég get vel unnað hæstv. ráðh. að segja það, að bændur hér í kring, sem sérstaklega standa að mjólkursölunni, séu ginningarfífl einhverra pólitískra snata hér í Rvík. Þeim er náttúrlega alveg sama, hvort þeir fá meira eða minna fyrir mjólkina og hvort þeir fá að ráða þessum málum sínum sjálfir eða ekki; þeir eru bara ginningarfífl einhverra vondra Rvíkinga. Þetta er nú lýsingin, sem hæstv. ráðh. gefur bændunum hér í nágrenninu.

Ég verð að segja það, eins og ég hefi áður tekið fram, að mér eru ekki kunn tildrög þess verkfalls, sem nú er hótað. Ég heyri bara eins og aðrir, að menn eru ákaflega óánægðir með þennan nýja benzínskatt, og ég er ekkert hissa á því; menn með slæma afkomu eru yfirleitt mjög viðkvæmir fyrir því, ef leggja á á þá nýja skatta. Að samtökum bílstjóranna veit ég ekki betur en Alþýðusambandið hafi mest unnið, og þau séu mest í þeim herbúðum. Eftir blöðunum að dæma hafa forgöngumenn verkfallsins talað við forseta Alþýðusambandsins; um aðra pólitíska menn veit ég ekkert í þessu sambandi. Ég mundi ekki mæla því bót, hvaða flokkur sem væri að róa undir, ef það væri í pólitískum tilgangi, en mér finnst skatturinn næg ástæða fyrir þessu verkfalli.

Hitt er algerlega ósæmilegt af manni í slíkri stöðu eins og hæstv. forsrh., að standa upp og hreyta úr sér gersamlega órökstuddum ummælum og ósæmilegum að öllu leyti. Það er eins og hann viti ekki neitt, hvað hann er að segja, nema hvað hann vill reyna að klína einhverjum pólitískum skömmum á einhvern pólitískan andstæðing.

Guðrún Lárusdóttir: Þegar þetta frv. var hér á ferðinni um daginn, bar ég fram brtt. um að

undanskilja nokkrar nauðsynlegar vörutegundir tollinum, þar á meðal ávexti, nýja og þurrkaða, og grænmeti. D. sá ekki ástæðu til að sinna þessari till. og gerði út af við hana fljótt og rækilega. Þó komst inn í frv. í Nd. heimild fyrir fjmrh. til þess að undanskilja þennan nauðsynlega varning 25% tollinum, sem ráðgert var að leggja á hann. Ég vildi nú ávarpa hæstv. fjmrh. í heyranda hljóði til þess að brýna fyrir honum að nota þessa heimild. (**Fjmrh.**: Ég er búinn að lýsa yfir, að ég muni ekki nota hana). Maður heyrir það dregið í efa, að sá ungi og óreyndi ráðh., sem þetta heyrir undir, hafi sett sig inn í það eins og vera þyrfti, hvað hollt og nauðsynlegt það er ungum og gömlum, og ekki þó sízt sjúklingum, að hafa þessar vörutegundir á borðum sínum. Ég held því, að hæstv. fjmrh. ætti ekki að gaspra mikið um, að hann ætli ekki að nota þessa heimild, heldur ætti hann að sjá sig um hönd og nota hana.

Svo var það hæstv. forsrh., er sá ástæðu til að blanda hér dálitlu af mjólk saman við benzínið, sem verið var að ræða um. Hann var að tæpa á því, að nokkrar konur hér í Rvík hefðu verið látnar hefja mjólkurverkfall í fyrra vetur. Manni getur ekki dulizt, að í þessu átti að felast sú aðdróttun til þeirra kvenna, sem létu óánægju sína í ljós með því að koma sér saman um að takmarka mjólkurkaup sín meðan hið ógurlega ólag var á mjólkursölunni, að þær hefðu eigi gert það af eigin hvötum. Þessi aðdróttun hæstv. forsrh. er með öllu tilhæfulaus. Það voru konurnar sjálfar, og þær einar, sem af eigin vilja og áhuga fyrir sínum málum gengust fyrir því hver með annari að takmarka mjólkurkaup sín, enda var fyrirkomulag sölunnar þannig, að mjólkurnotkunin takmarkaðist af sjálfu sér. Annars var ekkert óvenjulegt að heyra þetta í fyrra vetur, að pólitískur undirróður stæði á bak við samtök kvennanna, þar sem blöð hæstv. ráðh. voru alltaf með hálfgerðar svívirðingar um þær konur, sem voru svo sjálfstæðar í skoðunum, að þær létu ekki bjóða sér önnur eins þrælatök sem þær voru beittar.

Undir þessum umr. gall við rödd utan úr horni — ég hygg það hafi verið hv. þm. S.-Þ., hann sést sjaldan í sæti sínu, en er oft einhversstaðar í hornunum — og spurði, hvað húsmæðurnar hefðu haft upp úr þessu. Ég get nefnt það til dæmis, að kaldhreinsaða mjólkin kom á markaðinn, einmitt sú mjólkin, sem mörg heimili vildu helzt fá. Mjólkurreseptin frægu frá Kleppi hurfu úr sögunni og meira frjálsræði fékkst yfirleitt í þessum viðskiptum. Þetta var það, sem konurnar óskuðu eftir. Sjálfur man hæstv. ráðh. vafalaust eftir því, þegar konurnar heimsóttu hann í stjórnarráðið. Ég get sagt honum það til hróss, að hann tók þeim vel og kurteislega, þótt lengi þætti þeim standa á framkvæmdunum. — Þessu vildi ég koma hér að, úr því hæstv. ráðh. fór að hreyfa við mjólkurmálinu að fyrra bragði; annars hefði mér vitanlega ekki dottið í hug að minnast á það.

Forsrh. (Hermann Jónasson) [óyfirl.]: Mér þykir verra, að hv. andstæðingar eru ekki allir við, en ég sé, að hv. 2. þm. Rang. er kominn inn í d., en hann er annar þeirra, sem ég þarf helzt að svara. Það kom fram í ræðu hans, og jafnframt hjá hv. 1. þm. Reykv., að það væri hægt að svíkja bifreiðastjórana í þessu máli. Ég neita því ekki, að það er hægt. En reynslan verður að skera úr um það, hvort það verður gert. Ég held því fram, að það verði ekki gert, og að það sé farið inn á nýja braut, þar sem jafnframt því, að skatturinn er lögleiddur, er ákveðið, í hvaða vegagerðir hann á að fara. Þessi nýbreytni er tekin upp, og liggja tillögur vegamálastjóra til grundvallar fyrir þeirri skiptingu, sem þar er gerð. Það er gert ráð fyrir að taka upp svipaða aðferð og tíðkast erlendis. Sviar hafa t. d. búið sér til einskonar 5 ára áætlun með benzínskattinum, og er þar ákveðið, í hvað hann á að fara næstu 5 ár. Svipað fyrirkomulag er í Danmörku, eins og ég benti á í fyrri ræðu minni. En við treystum okkur ekki til þess að ákveða þetta hér fyrir meira en eitt ár í einu. Eins og ég sagði áður, þá fannst okkur ekki vera hægt að réttlæta það að leggja þennan skatt á, nema gera jafnframt grein fyrir því, til hvers hann ætti að fara, og þá er fyrst ástæða fyrir bifreiðastjórana að kvarta, ef það er svikið.

Hv. þm. talaði um, að það væru við framsóknarmenn, sem hefðum svikið viðvíkjandi benzínskattinum, og það myndi því geta farið svo, að við gerðum það aftur. En ég vil í þessu sambandi benda á það, að frá árinu 1927, á því tímabili, sem framsóknarmenn hafa farið með völdin, hefir meira verið unnið að vegagerðum en nokkurntíma áður á jafnlöngum tíma. Voru þetta svik frá framsóknarmönnum? Nei, þeir hafa ekki svikið neitt, því það hefir sennilega aldei verið gert jafnmikið að vegabótum á svona stuttum tíma í nokkru nágrannalandi okkar. En hvernig fór eftir að sambræðslustj. tók við völdum? Þá var malbikunin ekki framkvæmd. Og ég hafði ekki tekið eftir því, fyrr en fyrir nokkrum dögum, að eftir landsreikningunum að dæma, þá hefir ekki verið notuð nærri öll sú fjárhæð, sem verja átti til vegabóta árið 1932, eins og t. d. til Holtavörðuheiðar, sem er slæmur farartálmi á leiðinni norður. Þar hefir ekki verið notað það, sem lagt var fram í fjárl. Alþ. lagði þá líka á benzínskatt, sem var notaður í annað. Og þó að það hafi verið gert, þá var það unnið upp með stórfelldum vegagerðum, sem voru framkvæmdar á tímabilinu á undan.

Hv. þm. minntist á það enn á ný, að vegirnir hér á landi væru slæmir. Því er auðvitað ekki hægt að neita. En vegirnir eru slæmir m. a. vegna þess, að við höfum ekki fyrr tekið upp það fyrirkomulag að gera þessa áætlun um vegagerð í sambandi við benzínskattinn, sem nú er verið að reyna að koma á og er í fullu samræmi við það, sem gert hefir verið annarsstaðar.

Hv. 2. þm. Rang. lagði sérstaklega mikið upp úr því í ræðu sinni, að fyrst ætti að leggja vegina, og síðan ætti að leggja á benzínskattinn. Og hann tók í því sambandi áður þá samlíkingu, að hafnargjöldin væru ekki lögð á áður en hafnirnar væru gerðar. Hann sagði, að það væri ekki þannig, að hafnargjöldin væru lögð á fyrst, og hafnirnar byggðar á eftir. Í þessu sambandi vil

ég benda honum á þá rökskekkju, sem þarna kemur fram, því eins og ég hefi bent honum á áður, þá hefir á stuttum tíma verið lagt meira í vegagerðir hér en í nokkru nágrannalandi okkar. En það er eitt af því, sem andstæðingarnir hafa ráðizt á framsóknarstj. fyrir, að hún hafi lagt mikið fé í vegi og brýr. Viðvíkjandi hinu atriðinu, um bryggjurnar og hafnirnar, þá er að ýmsu leyti viðhöfð sama aðferðin. Ég veit ekki betur en að Rvíkurhöfn sé enn ekki nema að nokkru leyti byggð, og þó er fyrir löngu farið að taka hafnargjöld. Rvíkurhöfn hefir áreiðanlega ekki verið lengra komin að sínu leyti, þegar farið var að taka hafnargjöld, heldur en vegakaflarnir eru komnir nú þegar. En þar sem hafnargjöldin eru, þá er innheimt fjárupphæð til þess að byggja og endurbæta höfnina á hverjum tíma. En það er sama aðferðin og við leggjum nú til, að sé viðhöfð með vegina. Fyrir hvaða fé hefir hinn svokallaði „Sprengisandur" við Rvíkurhöfn verið byggður, eða hafnarvirkið í Vestmannaeyjum, sem kostaði stórfé? Þetta hvorttveggja hefir verið byggt fyrir skatt þann, sem innheimtur hefir verið í hafnargjöldum. Þetta er ein og sama aðferðin og sú, sem á að viðhafa viðvíkjandi vegunum, þar sem benzínskatturinn er lagður á til þess að byggja þá og endurbæta þá. Ég vék að því í fyrri ræðu minni, og ég sé ekki ástæðu til þess að endurtaka margt af því, sem ég þá sagði, og því síður þar sem hv. 2. þm. Rang. minntist ekki á það, hvernig útreikningurinn verður, ef tekið er tillit til þess, hvað hinir vondu vegir kosta bílaeigendur í benzíneyðslu og sliti á gúmmíi. Þetta er eitt af höfuðatriðunum í þessu máli, og lagði ég sérstaka áherzlu á það í fyrri ræðu minni.

Hv. 1. þm. Reykv. þarf ekki mörgu að svara. Það, sem fram kom í ræðu hans, voru að miklu leyti sömu atriðin og fram komu í ræðu hv. 2. þm. Rang., en þeim hefi ég verið að svara. Hann var ákaflega orðvar, eins og hann er vanalega, þessi hv. guðfræðiprófessor, sem við höfum þá ánægju að hafa hér í þessari hv. d. Hann kallaði fjmrh. gjammara, og viðhafði önnur slík orð. Hann talaði einnig um svik og pretti. Ég sé ekki ástæðu til þess að svara þessu, því að það er vanalega ekki gert. Hann spurði að því, á hverjum benzínskatturinn myndi lenda. Ég hefi bent á það áður, að þó að ég hafi ekki mikla reynslu í bifreiðaakstri, þá hefi ég séð, hvernig bílarnir fara á hinum vondu vegum, t. d. hér í nágrenni Rvíkur, en vegirnir eru þar sérstaklega öldóttir. Á slíkum vegum liðast bifreiðarnar smátt og smátt í sundur, og sérstaklega er eyðslan mikil á gúmmíi. Það má því gera ráð fyrir, að með betri meðferð á bifreiðunum, minni eyðslu á benzíni og gúmmíi, muni skatturinn ekki verða til þess að íþyngja þeim mikið, sem bílana eiga, ef allt er reiknað. Og það er þetta, sem er það stóra atriði í málinu. Hinsvegar verða bílstjórar að leitast fyrir um það, hvort þeir geti ekki að einhverju leyti velt af sér þessari litlu hækkun með auknum fargjöldum. Hinu held ég hiklaust fram — og það er fróðlegt að gera þann útreikning, sem ég talaði um áðan—, að jafnvel þótt ekki sé hækkaðar taxti, þá munu bifreiðarstjórar ekki tapa. Það er vegna þess, hve bifreiðar fara illa á þessum lélegu vegum. Þetta er reynsla alstaðar annarsstaðar, að slíkur skattur til vega margborgar sig fyrir þá, sem um vegina aka. Þetta verðum við að taka með í þessu máli, ef við viljum hugsa það niður í kjölinn.

Það var minnzt hér á mjólkurmálið. Ekki skal ég lengja umr. með því að tala um það mál. Það var sagt, að ég hefði komið með ósannindi út af því, sérstaklega að ég sagði það hafa verið pólitískt. Því var þannig svarað, að þau ummæli voru viðlíka sönn og það, sem ég sagði, að bak við bifreiðarstjórana væru pólitísk öfl. Ég ætla að una við, að það sé kallað viðlíka satt, að þessi tvö mál séu af pólitískum toga spunnin.

Fjmrh. (Eysteinn Jónsson) [óyfirl.]: Ég skal vera stuttorður, þar sem líka þeir þm., sem ég átti orðastað við, eru dauðir.

Hv. 5. landsk. talaði um, að það hefði komizt inn í frv. í Nd. heimild til að undanþiggja ávexti tolli, og það er alveg rétt. En það var gegn mínum vilja. Ég lýsti yfir, að ég væri henni mótfallinn, og lýsti yfir, að heimildina myndi ég ekki nota. Var það vitað áður en til atkv. var gengið í deildinni.

Ég hefi nú æðimikið rætt við þennan hv. þm. um hollustu ávaxta í sambandi við aðra fæðu, sem á boðstólum er hér á landi. En af því að hann var að vísa í umsögn sérfræðinga, þá leyfi ég mér að minna á það, sem mér var sagt af fróðum manni nýlega. Hér var á ferð kona ein útlend, sem heitir Johanne Christensen, sem að því er sagt var hafði mjög mikið vit á þessu máli og hafði kynnt sér það mjög vel. Hélt hún því fram — að mér er sagt —, að hollast væri í hverju landi að nota sem mest fæðu, sem framleidd er í landinu, og að fæða, sem flutt væri að, tapaði meira eða minna af sínu gildi við langa flutninga og geymslu. Ég er satt að segja hissa, ef hv. 5. landsk. hefir ekki tekið eftir þessu. Ég hygg, að þetta séu réttar skoðanir. Og ég held því hiklaust fram, að þetta sé rétt stefna eins og gjaldeyri er háttað nú, að leggja höft á erlendar vörur ýmsar og auka með því sölu innlendra vara, sem duga okkur eins vel eða betur. Það er enginn vafi, að íslenzkt grænmeti og jarðávextir og íslenzk mjólk geti fullkomlega komið í stað útlendra ávaxta. Hinsvegar munu ávextir verða keyptir eftir sem áður, þrátt fyrir tollinn, m. a. af því, að það er nauðsynlegt vegna viðskipta okkar við Suðurlönd; enda er alls ekki lagt á ávextina til þess að fyrirbyggja flutning til landsins, heldur til þess að ríkissjóður fái styrk. Ég skal ekki segja, að ekki komi til mála, að ég noti þessa heimild, ef einhverjir sjúkir þyrftu á að halda. En í öðrum kringumstæðum gæti það ekki orðið.

Við hv. 1. þm. Reykv. ætla ég ekki meira að segja. Hann hefir ekki svarað þessari margumræddu spurningu minni, og finnst mér það harla einkennilegt. Ég hélt hann hefði þá trú á málstað Sjálfstfl., að honum væri ánægja að skýra frá, hvað þeir ætluðu að gera þjóðinni til bjargar, ef þeir hefðu aðstöðu til að ráða. En það er ómögulegt að fá Sjálfstfl. til þess; þeir fara undan í flæmingi og vilja engu svara. Þetta

er út af fyrir sig bezta viðurkenningin, sem hægt er að fá fyrir því, að sú afstaða, sem flokkurinn tekur í stjórnarandstöðu, er algerlega óhæf og svo ábyrgðarlaus, að firnum sætir. Hann sagði, að við mundum ekki vilja notfæra ráð, sem hann kynni að búa yfir. Það er alls ekki í því skyni, sem ég bað hann að gefa þetta upp, heldur til þess, að mönnum gæfist kostur á að bera saman þeirra fjármálastefnu, sem hann telur ágæta, *en heldur vandlega leyndri*, við það, sem gert er nú.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 9:6 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 935).

79. Loftskeytastöðvar í skipum.

Á 14. fundi í Ed., 1. marz, var útbýtt:

Frv. *til l. um loftskeytastöðvar í íslenzkum skipum* (þmfrv., A. 38).

Á 16. fundi í Ed., 4. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Sigurjón Á. Ólafsson): Þetta frv., sem hv. þm. S.-Múl. og ég höfum borið hér fram, er að nokkru leyti gamall kunningi frá síðasta þingi, þó það sé í nokkuð annari mynd nú, en efnismunur er þó lítill. Er hann aðallega sá, að í fyrra frv. var eingöngu miðað við flutningaskip, en í frv. því, sem hér liggur fyrir, er gengið út frá, að loftskeytatæki séu sett í hvert íslenzkt skip, sem er yfir 200 rúmlestir og siglir til útlanda. Er frv. borið fram samkvæmt eindregnum *tilmælum þeirra manna, sem þar standa* næstir, en það eru félög íslenzkra loftskeytamanna og sjómannafélögin hér og í Hafnarfirði, auk *þeirra reikna ég með skipstjórum og stýrimönnum* og verkstjórum sem þessu máli fylgjandi. Allar þessar stéttir má gera ráð fyrir, að standi mjög einhuga að þessu máli.

Ég skal játa, að nú munu ákvæði um þetta í alþjóðareglum ekki ná nema til farþegaskipa. En öll slík skip, hvort sem þau eru stór eða smá og sigla milli landa eða með ströndum fram, skulu hafa loftskeytatæki. En þetta hefir ekki verið framkvæmt hér, t. d. eru þau ekki í skipunum, sem sigla milli Borgarness, Akraness og Reykjavíkur, og mun svo vera um flesta eða alla flóabáta hér við land, sem flytja fólk og varning hafna á milli. Það þykir ekki nauðsynlegt eða fært að skylda minni báta, sem eru í stuttum ferðum, til þess að hafa loftskeytatæki. En um almenna nauðsyn þess, að skip séu útbúin slíkum tækjum, skal ég vísa til þess, sem ég sagði í umr. um þetta mál á síðasta þingi. Auk þess er nú prentað upp í grg. frv. sem fylgiskj. umsögn sérfróðra loftskeytamanna, sem rökstyðja svo nauðsyn þessa máls, að ekki verður vefengt. Er þar sýnt fram á, að reynslan hefir þegar sannað, að loftskeytastöðvar eru hið mesta og bezta öryggi, sem hægt er að veita lífi sjómannanna undir flestum kringumstæðum. Þá er í fskj. II gerður samanburður á nothæfi loftskeyta og talstöðva með tilliti til öryggis fyrir sjófarendur. Er þessi samanburður gerður af hinum bezt menntu mönnum í þessum efnum meðal loftskeytamanna, og verður því að taka fullt tillit til þeirra. Sýna þeir fram á, svo ekki verður um deilt, að talstöðvar geti aldrei orðið svipað *því eins öruggar og loftskeytastöðvar*. Taldi ég sérstaka ástæðu til þess að taka þessi ummæli upp í grg., þar sem um það var deilt á síðasta þingi, hvort heppilegra væri að nota loftskeyti eða talstöðvar.

Ég skal svo aðeins bæta því við, að hreyfing í þessa átt fer vaxandi meðal erlendra þjóða. Ég hefi t. d. séð í nýkomnum fréttum, að Kanada hafi sett sér það takmark að verða brautryðjandi í því að koma loftskeytatækjum í öll sín skip. Þannig mætti nefna fleiri þjóðir, og jafnvel Norðmenn, sem eru mikil siglingaþjóð og eiga mikinn flota á heimshöfunum, styðja málið í blaðaskrifum. Það lítur því út fyrir, að ekki verði langt að bíða alþjóðasamþ. í þessum málum. Ég tel, að við ættum að gera það að metnaðarmáli, þó við séum „fátækir og smáir", sem sumir menn hampa svo oft fram, að sýna öðrum þjóðum, hvað við viljum gera fyrir okkar sjómannastétt og verða á undan til framkvæmda, þó þær síðar kunni að gera slíkt hið sama. — Ég tel svo nægilegt að vísa til grg. frv. og mælist til, að hv. þdm. leyfi málinu til n. En þar sem frv. lá fyrir sjútvn. á síðasta þingi og tveir úr n. eru flm. frv., hefir mér dottið í hug, að betur færi á því að það *færi nú* til allshn.

Ég vil svo aðeins benda á eina prentvillu í grg., *þar sem sagt er, að 28 menn hafi bjargazt* af Skúla fógeta; þeir voru því miður ekki nema 24.

Jón A. Jónsson [óyfirl.]: Ég átti ekki von á, að þetta frv. kæmi nú fyrir þetta þing, eftir þær breyt., sem samskonar frv. fekk á síðasta þingi. Það er öllum vitanlegt, að það eina, sem stendur í vegi fyrir, að frv. sé samþ., er fjárhagsatriðið.

Erlendis er það ekki lögboðið að hafa loftskeytatæki, og meðan við eigum jafnerfitt með okkar litla vísi að flutningaskipum, er a. m. k. spurning um, hvort við eigum að hlaupa fram fyrir aðra í þessu efni, því ef ekki er farið óskynsamlega að, ætti þessi vísir að geta orðið lyftistöng fyrir okkar þjóðfélag. Eins og ég sýndi fram á á síðasta þingi, ber þessi útgerð hér tugi þús. kr. meiri útgjöld en hliðstæð útgerð Norðmanna. Það er því sýnilegt, hvert stefnir með því að bæta enn útgjöldum ofan á öll þau, sem fyrir eru. Þeir, sem óska, að flutningarnir komist á innlendar hendur, ættu þar ekki að leggja stein í götu. Hér er ekki aðkallandi nauðsyn, því við getum notast að mestu við *talstöðvar, eins og nál. mitt frá síðasta* þingi sýnir. Verði það samþykkt, að taka loftskeyti upp sem alþjóðareglu, er sjálfsagt að fylgja því, því þá hafa allir sama baggann að bera. En nú fengju aðrir betri aðstöðu, og er því verið að gera okkur erfiðara fyrir en okkar samkeppnisþjóðum, og býst ég því ekki við, að frv. fái samþ. þessarar hv. d.

Flm. (Sigurjón Á. Ólafsson): Ég gat búizt við, að hv. þm. N.-Ísf. hefði ekki breytt um skoðun, þó sannað sé með skýrum rökum, að nothæfi talstöðva sé ekki nærri eins og loftskeytastöðvanna. En hv. þm. hugsar ef til vill eins og gamall og merkur þjóðkunnur Íslendingur, sem nú er látinn og þótti nokkuð þver í lund og lítt gefinn fyrir að taka á móti rökum í máli, þó fram væru borin, en hann sagði eitt sinn, að hann væri ekki kominn hingað til að láta sannfærast.

Hv. þm. segir, að það sé fjárhagsatriðið, sem aðallega hafi mótað sína afstöðu. En það nær þá aðeins til flutningaskipanna. Allir togararnir og öll fólksflutningaskipin hafa loftskeytatæki, og gagnvart togurunum er það meira en hægt er að segja um nokkra aðra fiskiþjóð, því leitun mun á, að hver einasti togari hafi loftskeytastöð annarsstaðar en hér á landi. Annars eru það ekki aðeins skip, sem eru 1600 smál., er hafa loftskeytastöðvar meðal erlendra þjóða. Fjöldi skipa undir þeirri stærð eru útbúin slíkum tækjum og ganga eingöngu til flutninga. Skal ég aðeins nefna, að fyrir fádæma snarræði bjargaðist skipshöfnin af norska flutningaskipinu „Sisto" á Atlantshafinu í vetur, en þó fyrst og fremst fyrir það, að það hafði loftskeytatæki um borð. Ég vil benda mönnum á að lesa grein í norska blaðinu Berlingske tidende, sem fjallar um þessi mál. Þar er sagt, að það sé að vísu virðingarvert að taka upp notkun loftskeyta, þó ekki sé það skylda, og bjarga þannig mörgum mannslífum, en bætir því jafnframt við, að þetta sé þó ekki tryggt, fyrr en það sé orðin almenn skylda. Enda eru loftskeytin það eina, sem að gagni kemur, þar sem ávallt er haldinn „hlustvörður" samkvæmt alþjóðareglum.

Ég gæti tilnefnt mörg dæmi þessu til stuðnings. Kall í nauðum frá þeim sem á hafinu þurfa hjálpar við, er hvergi öruggara en með loftskeytum. Talstöðvarnar geta ekki fullnægt í þessu efni. Dæmi þessu til sönnunar mætti greina allmörg. Það er skoðun margra manna, að enski togarinn, sem fórst undir Látrabjargi í vetur, hefði ef til vill bjargazt hefði verið unnt að láta því skipi hjálp í té, ef nægilega snemma hefði fengizt vitneskja um, hvernig ástatt var. Með loftskeytum var öruggt að fá slíka vitneskju. Þetta skip hafði talstöð og frá henni fékkst sú vitneskja um afdrif skipsins á síðustu stundu, þegar öll hjálp var útilokuð. Það var af tilviljun, að menn heyrðu, að skip þetta var að farast. Og hversu oft voru þeir búnir að senda neyðarskeyti, áður en þeir voru komnir í dauðann? Ef til vill hefði verið unnt að senda skip þeim til bjargar, ef til þeirra hefði heyrzt áður en þá rak að landi.

Þetta er í stuttu máli sá stóri mismunur, sem er á talskeyta- og loftskeytafyrirkomulaginu. Á loftskeyti er hlustað á öllum stórum stöðvum allan sólarhringinn, en ekki nema örlitinn tíma sólarhringsins á talskeyti. Þá er og það, hve miklu minna langdrægi talstöðvanna er, svo að einnig af þeirri ástæðu veita þau miklu minna öryggi. — Þá er þriðja atriðið, en það kemur kannske ekki að baga við strendur landsins, og þess vegna er ég ekki mótfallinn því, að talstöðvar séu notaðar í smærri skip hér við land. En þá kemur ein spurningin enn: „Hvaða tryggingu höfum við fyrir því, ef íslenzkt skip, útbúið með talstöð, siglir t. d. við strendur Frakklands eða Spánar, Portúgals eða Ítalíu, að nokkur maður skilji þau talskeyti, sem skipið sendir? Vitanlega er engin trygging fyrir því.

Þá kemur hv. þm. með þennan voðalega kostnað, sem af þessu stafi. Ég hygg, að ég fari rétt með það, að heyrzt hefir, að eitt af okkar flutningaskipum, Katla, sé nú leigð til flutninga við strendur Suður-Ameríku, og sagt er, að nú eigi að setja í hana loftskeytastöð, áður en hún fer þangað. Þeir treysta ekki talstöðinni, og ef til vill er þetta krafa þeirra, sem ætla að nota skipið. Annars skilst mér, að þessi kostnaður sé ekkert aðalatriði. Byggingarkostnaður við að setja fullkomnustu loftskeytatæki í þessi skip er 4—5 þús. kr., í allra mesta lagi 6 þús. kr. Það er því ekkert nema grýla, að þetta muni verða til að eyðileggja útgerðina, og ég tel, að það sé að misbjóða hv. þm. að ætla að hræða þá með þessari grýlu.

Þá kom hv. þm. að semkeppninni við Norðmenn. Ég játa, að norskir útgerðarmenn borga lægra kaup, ef miðað er við krónutal. En sé kaup norskra sjómanna reiknað í íslenzkum krónum, þá kemur í ljós, að þeir hafa hærra kaup. Og ég get upplýst hv. þm. um það, að í Noregi er verðvísitalan 150, en hér er hún 228. Þess vegna geta norskir sjómenn lifað eins vel af sínu kaupi og íslenzkir sjómenn af sínu. Og þó að kannske megi segja, að kaup íslenzkra sjómanna sé að krónutali til hærra en hjá sumum öðrum Norðurlandaþjóðunum, þá verð ég því miður að viðurkenna það, að því fer fjarri, að kjör þeirra séu betri.

Ég tel óþarft að pexa mikið um þetta mál nú, þar sem þetta er 1. umr., og mér skilst, að samkomulag sé um að láta málið fá athugun í n., og gefst okkur þá tækifæri til að ræða málið frekar, þegar það kemur úr n.

Magnús Jónsson [óyfirl.]: Ég get vel fallizt á það, sem hv. flm. sagði síðast, að það þýðir lítið að pexa um þetta mál, því að ég býst við, að hann hafi tekið sér til fyrirmyndar þennan forna Íslending, sem hann vitnaði í, að ekki hefði verið kominn til að láta sannfærast. Því að hann hefir ekki aðeins flutt þetta sama mál aftur eins og það var síðast, heldur hefir hann einnig flutt það alveg á sama hátt og á síðasta þingi, og það er aðeins út af því, að ég vildi segja hér örfá orð.

Mér finnst gæta mikillar ósanngirni í málflutningi hans, að hann vill láta líta svo út, að það, sem hér er rifizt um, sé það, hvort menn vilji öryggi á sjónum eða ekki. Þeir, sem flytja þetta mál, vilja auka öryggið á sjónum og vitna í öll möguleg sjóslys þessu máli sínu til stuðnings, en við viljum leysa málið á ódýrari hátt. Hitt nær vitanlega engri átt, að við séum á móti þessu frv. af bölvun okkar, af því að við viljum ekki auka öryggið á sjónum. Auðvitað vilja allir hafa öryggið á sjónum sem mest. En það, sem hér er um að ræða, er þetta: Hvað mikil útgjöld örygginu til aukningar má leggja á útgerðina? Það mætti auka öryggið með því t. d. að banna mönn-

um að fara út á sjóinn á smærri en t. d. 3000 tonna skipum. Ef ekki væri um neitt að ræða annað en að gera öryggið sem mest, þá væri vitanlega sjálfsagt að gera allt, sem væri hugsanlegt, að yrði til að auka það. En það, sem hér er um að ræða, er að rata þann vandratað meðalveg hér sem annarsstaðar.

Ég treysti mér ekki til að skera fyllilega úr þeirri deilu, sem hér er risin upp um talstöðvar og loftskeytastöðvar. Ég hefi þó átt tal um þetta efni við sérfróða menn á þessu sviði, og mér hefir verið sagt, að yfirleitt sé lögð mikil áherzla á að hafa talstöðvar í sem flestum skipum, því að þá yrði farið að hlusta eftir skipum á þeirri bylgjulengd, sem þessar talstöðvar hafa. Það þarf því ekkert annað en að fjölga talstöðvum til þess að gert verði að skyldu að vera á verði um það, hvenær talstöðvarnar senda sín skeyti. Hitt er annað mál, að á meðan þetta er í byrjun, þá er ekki eins vel verið á verði með að hlusta eftir því, sem þessar talstöðvar senda út.

Ég skal ekki fara út í þá útreikninga, sem hv. þm. kom með um það, hvort norskir eða íslenzkir sjómenn gætu lifað betur af kaupi sínu. Ég býst við að hvorirtveggja eigi erfitt með að lifa, því að framleiðslan er því miður ekki komin það hátt, að hún fullnægi þörfum manna. En ég held þó, að sá grundvöllur, sem hann byggði útreikninga sína á, sé ekki réttur. Það er ekki þetta, sem þarf að bera hér saman, heldur afkoma norskrar og íslenzkrar útgerðar. Báðir fá sína borgun fyrir fragtina, venjulega í sterlingspundum. Og þegar því fé er breytt í norskar eða íslenzkar krónur, þá má gera samanburð. Það má vitanlega segja sem svo, að útgerð, sem er rekin á heilbrigðum grundvelli og ber sig vel, muni ekki mikið um slíkt sem þetta. Það má alltaf segja svo um hvern kostnaðarauka, að hann geri aldrei mikinn mun. Það má alltaf segja sem svo, að það muni ekki mikið um að bæta 10 þús. kr. á fjárl., og ef ríkið getur staðið undir 14 millj. kr. fjárl., þá geti það staðið undir 14 millj. og 10 þús. kr., en við þessar upphæðir, þótt smáar megi virðast, aukast þó útgjöldin. Nú er mér sagt, að það liggi við borð, að þessi flutningaskip verði seld og þessi vísir hverfi þannig úr okkar þjóðlífi. Það er sjálfsagt ekki vegna loftskeytastöðvanna, heldur vegna hinna miklu útgjalda, sem gera það að verkum, að þessi útgerð okkar er ekki samkeppnisfær. Það er ekki einhlítt að hugsa um öryggið eitt saman. Ef ekki væri hugsað um neitt annað, þá væri auðvitað bezt að selja skipin, því að sjómenn eru ekki eins öruggir gagnvart neinum skipum eins og þeim, sem eru alls ekki til. En það, sem um er að ræða, er þetta: Hvort er betra að hafa skipin með því öryggi, sem þau hafa nú, eða að hafa engin skip? Hvers vegna hætta menn sér út á sjóinn? Það er af því, að menn vilja leggja sig í þessa hættu til þess að fá atvinnu. Nú eiga menn um það að velja, að missa þessa atvinnu eða að leggja sig í hættuna, eins og hún getur orðið minnst, þannig að útgerðin fái staðizt.

Á síðasta þingi var frv. eins og þessu breytt, og ég vil segja eins og hv. þm. N.-Ísf., að ég sé enga ástæðu til að ætla, að afstaða hv. þdm. hafi breytzt í þessu. Ég veit, að allir hv. þdm. eru sammála um að hafa öryggið svo mikið sem hægt er, en sumir vilja þó ekki ganga svo langt, að fyrir það verði að selja skipin úr landinu.

Mér er sagt, þó að ég hafi að vísu ekki óyggjandi rök fyrir því, að þessi útgerð hafi heldur sýnt tap en ágóða, svo að með þeim glundroða, sem nú er m. a. af völdum hv. flm. þessa frv. kominn á fiskverzlunina, sé ómögulegt að reka útgerðina áfram, og það verður þá til þess, að skipin verða leigð eða seld úr landi. — Ég hefi því, ekki þó til að feta í fótspor okkar forfeðra, óbreytta skoðun í þessu máli.

Flm. (Sigurjón Á. Ólafsson): Ég get að sumu leyti þakkað hv. 1. þm. Reykv. fyrir undirtektir hans undir þetta mál, því að rauði þráðurinn í gegnum ræðu hans var í raun og veru sá, að loftskeytin væru betri og öruggari til hjálpar sjófarendum en talskeytin. En svo komst hann í mótsetningu við sjálfan sig, því að hann vildi rífa þetta niður með þessum orðum: „Við höfum ekki efni á að láta þetta í té, en ég er ekki á móti því, að öryggið sé sem mest.“ Hann tók dæmi um að auka mætti öryggið með því, að enginn færi út á sjóinn á minna en 3000 smál. skipi. Ég get nú frætt hv. þm. um það, að Ægir hefir líka getað ráðið við stóru skipin (**MJ:** Og það, þó að þau hafi haft loftskeytatæki!), þegar litlu skipin hafa getað flotið ofan á. (**MJ:** Loftskeytalaus!). Það vill svo til, að allur okkar skipastóll er undir 3000 smálestum, og það er einungis af því, að þessi hv. þm. hefir svo litla þekkingu á sjómennsku, að hann slær öðru eins og þessu fram.

Hann segir, að það sé farið að hlusta eftir loftskeytum skipa, en það er aðeins litinn tíma sólarhringsins, og þá á þeirri bylgjulengd, sem loftskeytastöðvarnar taka ekki, nema þær séu þá sérstaklega útbúnar með talútbúnaði. En á þeirri bylgjulengd er ekki hlustað á skipum, sem hafa loftskeytastöðvar. Sú almenna bylgjulengd er 600 m. fyrir loftskeytastöðvar, en fyrir talstöðvar 182 metra.

Um afkomumöguleika íslenzkrar útgerðar hygg ég, að hann taki helzt til fullan munninn. Má vera, að hann sé þeim málum svo kunnugur, að hann geti fullyrt, að útgerð flutningaskipanna sýni tap, en það bendir þó ekki á tap, að nú hefir verið keypt hvert skipið af öðru, því að venjulega mun það vera svo, að menn gera ekki mikið að því að ráðast í samskonar fyrirtæki og þau, sem aðrir skaðast á. Þetta sýnir einmitt það, að þessi útgerð muni bera sig, og það tel ég gleðilegt, því að þá er það sýnt, að okkar stórútgerð á tilverurétt. Annars þýðir ekki að vera að þræta frekar um þetta, en það þarf enginn að hugsa, að þessi kostnaður setji útgerðina um koll. (**MJ:** Ég minntist líka á það). Og svo kemur fleira og fleira til kostnaðar, segir hann. En eins og ég hefi bent á, þá hafa verið settar loftskeytastöðvar í alla íslenzka togara, og enginn hefir talað um að taka þær burt aftur eða að af þeim stafaði óbærilegur kostnaður.

Það mun vera rétt, að fragtin er venjulega greidd í sterlingspundum. En það er nú svo, að

það hefir sýnt sig, að útgerðin hefir gengið betur hjá einni þjóð en annari. Ég get bent hv. þm. á það sem dæmi, að danska útgerðin er yfirleitt rekin með hagnaði, og þó er það vitanlegt, að Danir búa ekki verr að sínum sjómönnum en aðrar Norðurlandaþjóðir. Ég hygg, að það sé með Norðmenn eins og aðra, að sumir græði, en aðrir ekki, því að skipin ganga þar kaupum og sölum og félög hafa orðið þar gjaldþrota, sem slík skip hafa rekið. Þá kom hann að því, að nú liggi við, að þessi skip verði seld úr landi, af því að stjórnarflokkarnir hafi komið því svo fyrir með fiskinn, að þau hafi ekki nóg að gera. Ég veit ekki til, að þessum skipum hafi verið hægt frá fiskflutningum, nema síður sé, og þær takmarkanir, sem nú eru á útflutningi á íslenzkum fiski, eru ekki af völdum íslenzkra stjórnarvalda. Þar eru önnur öfl að verki. (**MJ**: Þetta er tómur misskilningur). Og nú eiga menn um það að velja, að útbúa skipin með öllum þeim björgunartækjum, sem hægt er, eða að hafa allt eins og það er nú. Ég veit ekki, hvort hv. þm. leggur svo mikið upp úr því, að það sé ef til vill fyrir þetta umtal, að í eitt skipið er nú verið að setja loftskeytatæki, svo að ekki álíta þeir, sem þar standa á bak við, að þetta sé ókleifur kostnaður.

Það, sem við flm. þessa frv. viljum, er það að skylda öll skipin til að hafa slík tæki, því að í þessu er svo mikið öryggi fyrir mannslífin.

Ég sé svo ekki ástæðu til að svara hv. þm. fleiri orðum, enda mun ég vera búinn með ræðutíma minn í þessu máli nú.

Magnús Guðmundsson: Ég tók svo eftir, að hv. flm. legði til, að þessu máli yrði vísað til allshn., en mér finnst, að það eigi undir öllum kringumstæðum að fara til sjútvn., enda var það þar á síðasta þingi. Geri ég það því að minni till., að frv. verði vísað til sjútvn. —

Ástæðan, sem hv. flm. færði fyrir því, að rétt væri að vísa málinu til allshn., var sú, að vitað væri um afstöðu meiri hl. sjútvnm. til þessa máls. Ég vil nú benda á það, að allir hv. þdm. létu uppi álit sitt um þetta mál fyrir tveimur mánuðum síðan. Og ef hann heldur, að allir aðrir en þeir, sem sæti eiga í sjútvn., hafi snúizt í þessu máli, þá held ég, að hann geti alveg eins vel gengið út frá því, að þeir hafi snúizt, sem þar eru. En aðalatriðið er, að ekki sé rugl að málum á milli n. (**SÁÓ**: Það hefir þó verið gert, meira að segja í þessari d.). Ég man ekki eftir neinu dæmi eins auðsæju og þessu. (**SÁÓ**: Hvernig var það með áfengisl.?). Vildi hv. þm. láta vísa því frv. til sjútvn.? Ég geri það að minni till., að þessu máli verði vísað til sjútvn.

Jón A. Jónsson [óyfirl.]: Hv. flm. segir, að 4000 kr. árlega geti ekki riðið að fullu útgerð eins og þessari. Ég get frætt hann um það, að það þykir góð afkoma í Noregi nú, að hafa 4000 kr. afgang af slíkri útgerð sem hér um ræðir. Það er undarlegt, þegar við eigum nú í svo harðri samkeppni um flutningana við Norðmenn, að vilja bæta ofan á það háa kaupgjald öðrum kostnaði, sem Norðmenn komast hjá. Það eru engin rök í þessu máli, þó að hv. þm. segi, að norskir sjómenn beri meira úr býtum en íslenzkir, vegna þess að þar sé minni dýrtíð en hér. En við fáum ekki fragtina í hlutfalli við kaupgjaldið á skipunum. (**SÁÓ**: Við fáum fleiri krónur fyrir pundið en þeir). En kaupið á okkar skipum er hærra en á þeim norsku, og fragtin er sú sama, hvað sem kaupgjaldinu líður.

Hann talar um öryggið á sjónum. Það er undarlegt, að hann sem flm. skuli ekki eins vilja veita sama öryggið 12 manna áhöfn á 200 tonna skipi. Nú lítur út fyrir, að línuveiðarar og kannske líka mótorbátar fari að fara á milli landa með ísfisk, vegna þess að togararnir eru alltof dýr skip til slíkra ferða. Ég ímynda mér, að hann hafi ekki komið með till. um að skylda slík skip til að hafa loftskeytatæki, af því að hann hafi ekki treyst sér til að leggja þann kostnað á útgerðina, en á þann kostnað vill hann ekki líta, þegar um stærri flutningaskip er að ræða. Það er erfitt að deila um það, hverjir hafi hag af sinni útgerð, en hann ætti þó að vita, að um langan tíma hefir 30% af danska flotanum legið í höfn, allt þangað til í október í haust. (**SÁÓ**: 19 skip). Helzt hefir verið hagnaður af að sigla oversöiskt, sem kallað er, sigla með stór skip, um 12000 tonn, á milli heimsálfanna eins og Östasiatiska oft hefir gert. Hinsvegar eru ekki færri en 4 útgerðarfélög, sem farið hafa um koll á síðari árum, sem átt hafa 16 skip.

Magnús Jónsson [óyfirl.]: Háttv. 1. flm. upplýsti í síðustu ræðu sinni, að skip þau, sem hér er um að ræða, hefðu komið upp hjá sér loftskeytastöð. Sé þetta rétt, sem ég efa ekki, þá sýnir það, hve íslenzkir útgerðarmenn láta sér annt um að búa skip sín vel út. Enda er slíkt ekkert nýtt, því að Íslendingar eru yfirleitt menn ósinkir og drengir góðir, og ganga því oft skör framar en þeir í raun og veru eru megnugir.

Það, sem sérstaklega kom mér til þess að standa upp, var það, að hv. þm. misskildi það, sem ég sagði áðan, að vegna aðgerða stjórnarflokkanna yrðu eigendur hinna fáu flutningaskipa okkar líklega að selja þau úr landi. Það, sem ég átti við með þessum ummælum, var það, að vegna breytinga þeirra, sem síðasta Alþingi gerði á fiskútflutningnum, að færa hann yfir í hið svonefnda gruppusystem, þá myndu útflytjendur fara að flytja fiskinn út í smærri skipum en tíðkazt hefir á meðan Sölusamlagið starfaði. Þá var sem kunnugt er fiskinum safnað saman í heila skipsfarma, sem fluttir voru út í einu. En með þessum aðgerðum síðasta þings, að dreifa fisksölunni á fleiri hendur en áður var, verða hin stærri flutningaskip útilokuð frá flutningunum. Ég þori því að slá því föstu, að það er vegna ráðstafana stjórnarflokkanna á síðasta þingi, ef svo mjög þrengir að hinum litla vísi að flutningaskipaflota, sem risið hefir upp hjá okkur hin síðustu árin, að selja verður hann úr landi.

Flm. (Sigurjón Á. Ólafsson): Út af ræðu hv. þm. N.-Ísf. vil ég taka það fram, að ég mun verða mjög þakklátur honum, ef hann gengur með okkur flm. í þessu nauðsynlega máli. Hitt

held ég, að sé út í loftið hjá honum, sem hann var að spá, að farið verði að flytja út ísfisk á mjög litlum skipum, eins og t. d. mótorbátum. Minnstu skipin, sem ísfiskur hefir verið fluttur út á, eru stærstu línuveiðararnir, eins og Ólafur Bjarnason og álíka skip. Þá vil ég og benda hv. þm. á, að enginn togari siglir á milli landa með færri en 12 menn. Það munu aðeins dæmi þess, að siglt hafi verið að sumarlagi með 11 menn. Og nú er þetta allt samningsbundið, svo ekki getur komið til greina að siglt verði með færri menn en þessa tölu. (JAJ: Hvernig er það á línuveiðurunum?). Á þeim er þessi mannatala. Þó skal ég ekki fullyrða, að það séu 12 menn á Eldborginni frá Borgarnesi; sé það ekki, þá er það eina skipið, sem er fyrir neðan þetta lágmark.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 9 shlj. atkv. og til sjútvn. með 10 shlj. atkv.

Á 56. fundi í Ed., 30. okt., var frv. tekið til 2. umr. (A. 38, n. 371 og 425).

Frsm. meiri hl. (Sigurjón Á. Ólafsson) [óyfirl.]: Þetta mál, sem nú liggur hér fyrir, er gamall kunningi í þessari hv. d. En í þeirri von, að frv. fái aðrar undirtektir nú en á síðasta þingi, höfum við flm. leyft okkur að flytja þetta mál nú. — Það er að vísu nokkur breyt. í þessu frv. frá því, sem flutt var á síðasta þingi, og er breyt. aðallega í 1. gr., en þar segir „að hvert íslenzkt skip, sem er í förum milli landa og hefir minnst 12 manna áhöfn, svo og hvert íslenzkt farþegaskip, er siglir með ströndum fram og er 200 rúmlestir eða stærra, skal hafa fullkomlega starfrækta loftskeytastöð". — Með þessu eru að vísu fiskiskip, sem sigla með veiði sína til útlanda, skylduð til þess að hafa loftskeyti. En ég hygg, að það komi ekki neitt í bága, því að hver íslenzkur togari er nú með loftskeytatækjum. Það kann að vera, að önnur skip geti komið til greina, en það verður varla á næstunni. En af slíkum skipum, væru það helzt stærstu línuveiðararnir, sem gætu komið til greina. — Í 2. gr. er gert ráð fyrir því, að afl stöðvanna verði minnst 125 vatt í loftneti á 600 metra öldulengd.

Þetta er þá efni frv. í stuttu máli, og þarf ekki að fara ýtarlega út í það að gera grein fyrir því. En það hefir viljað svo til, að mál þetta hefir mætt óvenjulega mikilli mótspyrnu í þessari hv. d. Í fyrra vildi minni hl. sjútvn. skylda menn til þess að hafa talstöðvar í þessum skipum, en meiri hl. gat ekki fellt sig við þá lausn, og því flytjum við nú þetta frv. Við leggjum mikið upp úr því, að það verði loftskeytastöðvar, en ekki talstöðvar. Ég hefi áður gert grein fyrir því, hver er munurinn á þessu tvennu. Það virðist svo sem við séum nú ekki einir um það að vilja lögleiða loftskeytastöðvar í skipum, því að meðal erlendra þjóða er nú mikil hreyfing um þetta mál. Í nál. meiri hl. er gerð grein fyrir kostnaðarhliðinni, og er þar byggt á ýtarlegum upplýsingum frá hinum fróðustu mönnum í þessari grein. Ég hefi persónulega átt tal við landssímastjóra um þetta mál, og einnig haft tal af öðrum mönnum, sem eru sérfræðingar á þessu sviði. Og ég hygg því, að tæplega sé hægt að rengja með rökum þær tölur, sem við höfum bent á. Eins og kemur fram í nál. minni hl., er kostnaðarhliðin ein ástæðan fyrir því, að hann snýst á móti málinu. Það má segja, að hann geri úlfalda úr mýflugu, þar sem hann gizkar á, að kostnaðurinn verði meiri en hann verður. Hann gerir ráð fyrir því, að loftskeytatækin verði dýrari en við gerum ráð fyrir. Hann gerir ráð fyrir því, að það verði óhjákvæmilegt að hafa fastlaunaðan mann við gæzlu tækjanna. Ef það verður óhjákvæmilegt að hafa sérstakan mann við það starf, þá er þar auðvitað að ræða um aukin mann á skipi, hvort sem það þarf að borga honum 5000 kr. eða lægra kaup, en það skiptir auðvitað ekki miklu máli. Ég hygg þó, að kaupið sé þarna áætlað of hátt. Loftskeytamenn byrja vanalega á lágum launum, en svo fara þau stighækkandi á nokkrum árum. En við höfum bent á, að í núgildandi reglugerðum hvílir ekki loftskeytamannsskylda nema á farþegaskipunum. En ef loftskeytatæki eru sett í flutningaskip, þá ætlumst við til, að gæzla þeirra sé falin einhverjum af yfirmönnum skipsins, sem fær er til þess. Ef til vill þyrfti sá maður að læra til þess, en ég tel, að það væri ekki neitt því til fyrirstöðu, að stýrimenn væru látnir læra að fara með loftskeytatæki. Ég get alls ekki talið það frágangssök.

Ég get ekki farið fram hjá því, að hv. minni hl. hefir bent á annað tæki, hljóðdýptarmælinn, og telur hann eins fullkomið öryggistæki og loftskeytatækin. En ég vil benda á það, að úti á hafi getur svo margt það komið fyrir, að skip þurfi að senda skeyti í land, og getur þá hljóðdýptarmælirinn ekki komið í stað loftskeytatækjanna. Hljóðdýptarmælirinn er til þess að varast grynningar, og hv. minni hl. veit vel, að hann getur ekki jafnast á við loftskeytatækin. En ég skal nú ekki fara ýtarlega út í það með hljóðdýptarmælinn. En þeir, sem vit hafa á þessu, segja, að reynslan sé sú, að hljóðdýptarmælirinn sé ekki öruggur í ókyrrum sjó. Ég held, að ef það ætti að fara að skylda skip til þess að hafa hljóðdýptarmæli, að þá væri byrjað á öfugum enda. Eftir því, sem fróðir menn skýra frá, er dýptarmælir ekki eins ódýr og hv. frsm. minni hl. segir. (JAJ: Sagði ég nokkuð um það?). Já, hv. þm. minntist á það.

Í raun og veru er óþarft að tala um talstöðvar í skipum í sambandi við þetta mál, því að það liggur ekki fyrir. Hv. minni hl. sjútvn. hefir ekki gert till. um það nú, að talstöðvar verði settar í skipin. — Ég vil benda hv. þm. á bréf í íslenzkri þýðingu frá loftskeytafélagi í Boston. Þar eru færð skýr rök fyrir stefnu Ameríkumanna í þessu máli. Þar sést, hvaða mismun þeir gera á talstöðvum og loftskeytastöðvum í skipum. Talstöðvar eru góðar á stuttum vegalengdum, en á löngum vegalengdum geta þær ekki komið í stað loftskeytastöðva til að veita það öryggi, sem loftskeytastöðvar geta veitt. — Þetta mál er í fyrsta lagi öryggismál, að áliti

okkar flm. frv. Við erum sannfærðir um, að loftskeytastöðvar séu þau albeztu tæki fyrir skip til hjálpar, þegar í nauðir rekur og skipin eru fjarri landi og jafnvel líka þótt skipin séu við land. Það mun öllum hv. þm. í minni, að fyrir loftskeyti björguðust mennirnir af „Skúla fógeta", sem strandaði í Grindavík í hitt eð fyrra. Á „Jóni forseta" voru það líka loftskeytatæki, sem komu til sögunnar til hjálpar. Á mörgum skipum hefir skipshöfn bjargazt þannig, að loftskeyti hafa orðið til þess að vekja menn um hánótt til að hjálpa til við björgun. Ég þykist þess fullviss, að hv. d. unni svo þessum mönnum, sem á sjónum eru, hvort sem þeir eru á flutningaskipum úti á hafi eða á fiskiflotanum, að hún vilji gera sitt til þess að skapa þeim allt það öryggi, sem nútímatæki hafa lagt mönnum upp í hendur, þau tæki, sem á meðal flestra þjóða er talið nauðsynlegt, að komi í flest skip að meira eða minna leyti.

Ég ætla ekki að fara út í samanburð við erlendar þjóðir um þetta mál. Við erum að tala hér um mál fyrir okkur. Það mun ekki líða langur tími, þangað til Norðmenn taka þetta mál upp á mjög svipuðum vettvangi og við hér höfum gert.

Ég vænti, að hv. þdm. líti á mál þetta með fullkomnum velvilja vegna þeirrar stéttar, sem hér á hlut að máli, svo að það mætti a. m. k. fara út úr þessari hv. d. og sjútvn. Nd. gæfist einnig kostur á að fjalla um málið.

Frsm. minni hl. (Jón A. Jónsson) [óyfirl.]: Þetta mál hefir verið nokkuð rætt í þessari hv. d. áður, og get ég því orðið fáorðari um það heldur en ég ella hefði orðið.

Það, sem meiri hl. byggir á, er, að talstöðvar séu ekki eins gagnlegar til öryggis á sjó eins og loftskeytastöðvar. Og það, sem þeir í þessu máli halda alveg sérstaklega fram um mismuninn á öryggi þessara tækja, er það, að eins og nú sé, sé ekki hlustað eftir talstöðvum, af því að ekki sé hlustvörður, sem heyri alltaf, þó talstöðvar kölluðu. Nú eru talstöðvar almennt í skipum og einnig í fjölda fiskibáta kringum allt landið, svo að það er mjög mikil nauðsyn á því, að einhver vörður sé í landi, til þess að taka á móti skeytum frá talstöðvum þessara skipa, því að það eru áreiðanlega miklu, miklu fleiri mannslíf í veði á fiskiflota okkar heldur en á þessum fáu döllum, sem annast flutninga hjá okkur og ekki enn hafa loftskeyti. Á fiskiskipaflotanum eru hundruð manna á móti tugum manna á þeim skipum, sem hér á að lögbjóða loftskeytastöðvar á. Þess vegna, ef hv. flm. þessa frv. ætla að vinna sjómannastéttinni íslenzku gagn og öryggi, þá ættu þeir að krefjast þess, að komið verði upp varðstöð, sem hlustaði alltaf á kall frá fiskibátum á hinum ýmsu stöðum kringum landið. Og á fiskibátum okkar er sannarlega sá fjöldi manna, og þeir venjulega í miklu meiri hættu staddir heldur en þessir menn, sem eru á milliferðaskipunum, að það ætti að byrja á þeim enda að auka frekar öryggi sjómanna við strendur landsins. En það er ekki hægt að koma fram neinum skynsamlegum till. í þessu máli. Hv. flm. vilja nú ekki sjá annað en þetta, þessi fáu skip, sem þeir vilja setja loftskeytastöðvar í, og stöðvar allar aðrar framkvæmdir í þessa átt á meðan þetta mál, sem frv. þetta er um, er ekki komið fram, samanber það, að þeir stöðvuðu á þinginu í fyrra frv. áþekkt þessu frv. — Ég tel réttast að fela Slysavarnafélagi Íslands að hafa slíka varðstöð á hendi, sem ég hefi minnzt á, til að taka á móti talskeytum frá hinum ýmsu fiskimiðum. Og ég er sannfærður um, að á þann hátt væri öryggi sjómanna miklu betur borgið heldur en með því að geta þvingað fram lögboð um, að hafa skuli loftskeytastöðvar í örfáum flutningaskipum, sem fara á milli landa.

Hv. meiri hl. og flm. frv. hélt því fram, að lítið öryggi væri í því fólgið fyrir skip að hafa hljóðdýptarmæli. En nú sýna einmitt skýrslurnar, sem lagðar eru fram í grg. frv., að ef hljóðdýptarmælir hefði verið á þeim skipum, sem þar eru talin og hlekktist á, þá er sýnilegt, að hann mundi hafa bjargað, þannig að ekkert strand hefði orðið. Hv. meiri hl. hélt því fram, að hljóðdýptarmælar væru ófullkomnir, en slíkt er mesti misskilningur. Þeir mæla jú kannske einum metra dýpra eða grynnra, eftir því, hvort skipið er á öldutoppi eða á öldulægð, eða ef þeim er stefnt skáhallt í sjóinn. En þetta tæki er svo fullkomið, að t. d. togarar toga alveg eftir þessu tæki á þeim slóðum, þar sem dýpi er ákaflega mismunandi, kannske svo mismunandi, að á 100 m. breytist það úr 70 m. og er orðið 120 m. Þetta sýnir, að þessi mælir er nákvæmt tæki. — Ég hefi ekkert sagt um það í minu nál., hvað hljóðdýptarmælir kosti. Það, sem hv. frsm. minni hl. talaði um það, er á misskilningi byggt. Ég veit, að hann kostar 8000—9000 kr. En það þarf engan sérfróðan mann til þess að lesa á þessa mæla, eða með neina sérkunnáttu. Það getur hver, sem er á vakt í það og það skiptið, skipstjóri eða stýrimaður. Þess vegna er enginn starfrækslukostnaður í sambandi við hljóðdýptarmælana. Svo að hér er ekki svo lítill munur á, þar sem starfræksla loftskeytastöðvar kostar árlega mörg þús. krónur. Hv. frsm. meiri hl. heldur því fram, að hugsanlegt væri að fela yfirmönnum skipa, svo sem stýrimönnum, starfrækslu loftskeytastöðva þessara, sem hann vill hafa í flutningaskipunum. En svo er hinsvegar í 1. gr. frv. hans talað um fullkomna starfrækslu á þessum stöðvum. Til slíkrar fullkominnar starfrækslu held ég, að þurfi á hverju skipi að vera sérstakur maður. Ég hygg, að engum blandist hugur um, að hér er miðað að því, að svo skuli vera.

Hv. frsm. hefir kannske komið það illa, að ég benti á, að ekki einu sinni er það skylda í Noregi hjá þeirri þjóð, sem við þurfum að keppa við í þessu efni, að hafa loftskeytastöðvar á farþegaskipum. Nei. En það á að fara að skylda flutningadallana okkar til að hafa fullkomlega starfræktar loftskeytastöðvar á meðan okkar keppinautar kosta engu slíku til. Það sést á þessu, hvaða mismun á aðstöðu þetta kemur til leiðar hjá okkur og Norðmönnum. Það hefir verið á það bent, að samkv. tölum, sem teknar hafa verið upp úr skipsbókum 2 skipa, var mismunurinn á rekstrarkostnaði íslenzks og norsks flutningaskips í fyrra nálega 2 þús. kr., sem ís-

lenzkt skip var dýrara í rekstri. Þessa menn eigum við svo að skipta við.

Hv. frsm. meiri hl. efast um, að starfrækslukostnaður loftskeytastöðvar í flutningaskipi verði 5 þús. kr. Hér er ekki nóg að taka kaup loftskeytamannsins aðeins til greina. Stöðin þarf líka viðhald og afl. Ég ætti að vera dálítið kunnugur því, hvað þetta kostar, því að á skipi, sem ég gerði út í 8 ár, var loftskeytastöð og loftskeytamaður. Þegar ég hafði afburðagóða loftskeytamenn, sem fóru alveg sérstaklega vel með allt, sem stöðinni tilheyrði, þá var meðalkostnaðurinn við loftskeytastöðina, þegar allt var í bezta lagi, 4200—4300 kr. árlega. En þegar í meðallagi góður loftskeytamaður var við stöðina, þá fór kostnaðurinn við hana á ári allt upp í 5 þús. kr. — Fyrir nokkrum árum kostuðu slíkar loftskeytastöðvar 10 þús. kr., en nú mun mega fá þær fyrir 6—7 þús. kr. Það er ekki hægt fyrir hv. frsm. meiri hl. að hrekja þær tölur, sem ég kem hér með, þær eru þannig undirbúnar.

Hv. frsm. meiri hl. benti á strand „Skúla fógeta". En hefði þetta skip strandað, hefði það haft hljóðdýptarmæli? Ég veit, að við hv. frsm. sem vanir sjómenn, segjum: Nei. Það væri óhugsandi, að það hefði strandað þá. Yfirleitt má segja hið sama um öll þau skip, sem talin eru í grg. frv. Báturinn frá Vestmannaeyjum bjargaðist ekki af því, að í honum væri loftskeytastöð, heldur af því, að loftskeytastöð var í landi, sem gat sent skeyti til skipa, þegar þess varð vart, að bátinn vantaði. Svo var leit hafin að honum. Slíkt á sér oft stað.

Þá sagði hv. frsm. meiri hl., að vöknuð væri hreyfing meðal annara þjóða um að lögbjóða að hafa loftskeytastöðvar og sömu tegundar og skip þau, sem hér um ræðir. Ég hefi sagt það, að jafnskjótt og keppinautar okkar, Norðmenn, taka upp þá reglu að hafa loftskeytastöðvar í flutningaskipum sínum, þá sé sjálfsagt fyrir okkur að gera hið sama undir eins. En við verðum á þessum erfiðleikatímum að taka tillit til þess, hvað við getum. Það er ekki nóg að fyrirskipa, að svona skuli það vera, ef ekki er hægt að framkvæma það. Viðvíkjandi flutningaskipaútgerð okkar er það að segja, að 2 útgerðarfélögin af 3 hafa tapað á þeirri útgerð á síðasta ári, og það stórfé. Hvar lendir það nú, ef á svo að fara að auka útgerðarkostnaðinn. Það lendir við það, að það verður að selja skipin, sem þessi félög hafa tapað á að hafa í förum. Menn hljóta að neyðast til þess. Það var í undirbúningi sala á tveimur af þessum skipum í sumar, sem leið, sem þó hefir ekki orðið af enn, vegna yfirfærsluvandræða í þeim löndum, sem skipin áttu að seljast til. Menn hafa neyðzt til þessa vegna taps á útgerðinni.

Hv. flm. sagði, að við skyldum ekki tala um þær reglur, sem ríktu hjá öðrum þjóðum. Jú. Það eru einmitt þær, sem við verðum að taka tillit til, þegar við ákveðum um þessi mál. Við þurfum að setja okkar mönnum sem næst sambærileg skilyrði við það, sem gerist með öðrum þjóðum, þegar við ætlum að reka atvinnuveg í samkeppni við aðrar þjóðir. Við getum ekki tekið okkur úr og sagt: Okkar útgerðarkostnaður er meiri en Norðmanna, svo að við verðum að fá hærri flutningsgjöld." Slíkur kjánaskapur yrði ekki heyrður. — Í öðru orðinu vildi þessi hv. þm. þó taka eitthvað útlendar raddir til greina. Það eru uppi meðal amerísku þjóðarinnar, eins og hv. þm. orðaði það, kröfur um að setja loftskeytastöðvar í þeirra skip. Við höfum nú haft loftskeytastöðvar í togurum í mörg ár. En þeir virðast ekki hafa gert það enn þar vestur frá, en virðast vera á eftir okkur í þessu. Við skulum láta þá ná okkur á þessu sviði áður en við tökum þá til fyrirmyndar á þessu sama sviði.

Það er mjög eðlilegt, að loftskeytamenn vilji gjarnan, að slíkt frv. sem þetta nái fram að ganga, því að þeir munu nú þegar orðnir fleiri en svo, að þeir geti fengið atvinnu við sína starfsgrein. Skipunum, sem hafa loftskeytamenn, hefir ekki fjölgað, en þeim mönnum hefir fjölgað, sem lært hafa þetta starf. Þá vantar því atvinnu. En það er alveg ómögulegt að ætla sér að skapa fólki atvinnu á þennan hátt. Það mætti æra óstöðugan, ef við ætluðum t. d. að fara að skapa öllum þeim, sem læra lögfræði, lögfræðileg embætti. Og svo öðrum stéttum, eftir því, sem menn lærðu ýmsar sérmenntir.

Ég held því fram, að talskeytastöðvar yrðu sjómönnum okkar, og þá fyrst og fremst hinni fjölmennustu stétt okkar sjómanna, fiskimönnunum, til miklu meira öryggis heldur en það, sem frv. þetta fer fram á, loftskeytastöðvar í nokkrum tilteknum skipum. Það, sem við eigum að keppa að til öryggis okkar sjómannastétt, er að hafa talstöð í landi, sem geti tekið á móti skeytum frá fjölda báta, sem hafa og munu hafa talstöðvar. Slíkt mundi áreiðanlega verða til mikils öryggis fyrir hina mörgu menn, sem stunda fiskiveiðar á mótorbátum og smærri bátum. Ég hefi ekki treyst mér til að koma fram með brtt. í þessa átt, vegna þess að hv. flm. sýndu það á þinginu 1934, að þeir vildu ekki hlíta neinum slíkum breyt. Ég er tilbúinn, hvenær sem er, ef ég get náð samkomulagi við þá, að bera fram slíka brtt. og að vinna að því, sem væri mjög nauðsynlegt, að fastir kallverðir væru hafðir í landi, svo hægt væri á öllum tímum sólarhringsins að taka á móti talskeytum frá fiskiskipum og bátum.

Frsm. meiri hl. (Sigurjón Á. Ólafsson) [óyfirl.]: Það má nú kannske segja, að mál þetta sé orðið nokkuð rætt og ekki komi úr þessu neitt nýtt fram. Enda mátti líka segja það um þessa ræðu hv. frsm. minni hl., að ekki hafi komið neitt nýtt fram í henni. En mér finnst sá hv. þm. blanda inn í þetta mál öðru máli, sem ekki liggur fyrir nú, þ. e. hvort talstöðvar eigi að hafa í fiskibátum eða ekki. Það mál liggur ekki fyrir til umr. nú. Við erum hér að ræða um skipin, sem sigla um úthöfin og engin önnur. (JAJ: Ó-jú). Jú, að vísu, að nokkru leyti snertir það fiskiskipin. En það er ekkert verið að tala um, hvort eigi að lögbjóða talstöðvar í fiskibátum. Ég býst við, að þróunin í þeim efnum sé svo mikil, að ekki þurfi að lögbjóða slíkt. Það telja allir sjálfsagt, að talstöðvar séu í fiskibátunum hér við landið. Ég sé ekki ástæðu til að blanda því máli inn í umr. um þetta frv. En hitt stendur enn óhrakið, að fyrir

skip, sem sigla um úthöfin, er ekki nærri eins mikið öryggi í að hafa talstöðvar eins og loftskeytastöðvar. Brtt. hv. minni hl. sjútvn. á síðasta þingi náði ekki lengra en að lögbjóða skyldi talstöðvar í skipum, sem eru í flutningum á milli landa, einmitt af þeirri stærð, sem frv. okkar fjallar um. Hann fór þá ekki fram á að lögbjóða talstöðvar í sambandi við fiskibátana.

Hann segir nú, að það, sem þurfi að gera, sé að koma upp einni og fullkominni talstöð. Ég mótmæli því ekki. En það liggur bara ekki hér fyrir nú. Ég býst við, að það sé rétt hjá þessum hv. þm., að slík kallstöð sé nauðsynleg. En hún nær ekki skeytum langt utan af hafi frá þeim skipum, sem um ræðir í frv. En loftskeytastöðvar geta flutt skeyti um miklu lengri vegalengdir en talstöðvar. Allt þetta skraf hv. þm. um fiskibátana leiði ég alveg hjá mér vegna þess, sem ég hefi lýst yfir. Um það býst ég við, að við deilum ekki, að það þurfi að veita þeim það öryggi, sem frekast er hægt.

Um hljóðdýptarmælinn tel ég óþarft að rökræða meira. Ég held því fram, að við megum ekki treysta hljóðdýptarmælinum eins fullkomlega og hv. þm vill, að gert sé, þrátt fyrir alla kosti þess tækis. Þessi hv. þm. vill segja, að þau sorglegu slys, sem talin eru upp í fskj. frv., hefðu ekki komið fyrir, ef viðkomandi skip hefðu haft hljóðdýptarmæli. Þetta er ekki hægt að fullyrða. Við höfum dæmi um, að skip með hljóðdýptarmæli hefir siglt á grynningar og rekizt á. Það var togarinn Vorboði. Hitt skal ég ekki pexa um, í hvaða tilfellum hljóðdýptarmælirinn er öruggur og í hvaða tilfellum ekki. Það er verk sérfræðinga að dæma um það. En ég hefi það eftir mjög glöggum og greindum mönnum, að þegar virkilega er vont veður, megi menn með allri varasemi treysta hans mælingu. Hitt er rétt, sem hv. þm. lýsti, að í öllu skaplegu veðri reikna menn út dýpt eftir honum eins og við leggjum mælisnúru hér eftir sléttu gólfinu og getum sagt, hvernig hún liggur.

Aðalþungamiðjan í röksemdum hv. frsm. minni hl. er kostnaðarhlið þessa máls. Hv. þm. vill ekki leggja þessa byrði á þá, sem gera út þessi skip. Eins og kunnugt er, þá eru öll fólksflutningsskip hér skyld til þess. Og togararnir okkar hafa ef til vill verið brautryðjendur á þessu sviði. Það má segja þeim til lofs. Ég heyri ekki annað en að allir viðurkenni þörf loftskeyta á þeim, og það með þakklæti fyrir þær ráðstafanir. En hvers vegna voru settar loftskeytastöðvar í togarana? Sjálfsagt vegna atvinnunnar, en vafalaust einnig til öryggis fyrir sjómenn. Þeir hafa fyrst og fremst haft í huga, að þessu fylgdi aukið öryggi. Því má þá ekki leggja þá fjárhagslegu kvöð, sem þessir menn hafa tekið á sig af sjálfsdáðum, á hina, sem enn hafa ekki lagt í kostnað til að tryggja öryggi skipa og skipshafna á þennan hátt? Um Ameríkumenn er það að segja, að þeir eru yngri en við í togaraútgerðinni, en eru nú óðum að átta sig á því, hvílíkt öryggi er fólgið í sem fullkomnustum loftskeytaútbúnaði.

Þá bar hv. þm. okkur saman við Norðmenn í þessum efnum, eins og löngum hefir verið gert, þegar rætt hefir verið um aukið öryggi. Samkv. alþjóðalögum eru öll farþegaskip og öll skip önnur, sem eru meira en 1600 smálestir, skyld að hafa loftskeytatæki. Þótt ég geti ekki fullyrt það, er því líklegt, að Norðmenn brjóti alþjóðareglur með því að hafa ekki sérstakan loftskeytamann á flutningaskipum sínum. Annars skal ég ekki fara að ræða hér útgerð Norðmanna; til þess er ég þeim málum ekki nógu kunnugur.

Það má vel vera, að nú sem stendur steðji einhverjar þrengingar að flutningaflotanum. En þegar sú öryggiskrafa, sem hér ræðir um, er borin saman við ýmsar aðrar kvaðir, sem lagðar eru á útgerðarmenn til öryggis, og kröfur þær, sem lögin gera til þeirra um ástand skipa, kemur í ljós, að hún er svo smávægileg, að hún getur engum úrslitum ráðið um afkomu útgerðarinnar. Auk þess hafa verið færðar líkur fyrir því, að loftskeyti á flutningaskipum vorum myndu fljótlega borga sig vegna þess, hve miklu greiðara útgerðinni yrði að halda sambandi við skipin eftir en áður og gefa fyrirskipanir.

Ég veit líka dæmi til þess, að skip, sem átti að fara austur á firði, sneri aftur frá Eyrarbakka til Reykjavíkur vegna þess eins, að það vantaði loftskeytatæki. Skyldu nokkrir slíkir krókar ekki kosta eins mikið og loftskeytatæki með viðunanlegri starfrækslu?

Hv. þm. N.-Ísf. sagði, að ég hefði ýmist viljað taka útlendinga til fyrirmyndar í þessum efnum eða þá alls ekki taka mark á þeim. Ég benti á það, að Norðmenn, sem hv. þm. vitnaði stöðugt í, væri skemmst komnir að þessu leyti í öryggismálunum. Þó eykst áhugi norskra farmanna á því, að úr þessu verði bætt, með ári hverju, enda eru það nú aðeins hin gömlu skip Norðmanna, sem vantar loftskeytaútbúnað, en þessi skip eru nú óðum að detta úr sögunni.

Hv. þm. N.-Ísf. sagði, að frv. væri borið fram í þeim tilgangi að skapa loftskeytamönnum atvinnu, vegna þess að í frv. er talað um „fullkomlega starfrækta loftskeytastöð". Ég fyrir mitt leyti lít svo á, að stöð geti verið fullstarfrækt, þótt einhver annar, t. d. stýrimaður, gæti hennar. En annars sé ég ekkert á móti því, að loftskeytamenn fái atvinnu á þessum skipum, ef þá vantar hana. Það yrði þá þeim atvinnuleysingjunum færra í landinu.

Ég mun láta þetta nægja, enda kom fátt nýtt fram hjá minni hl. Ég vænti þess, að hv. þdm. geri það upp við samvizku sína, hvaða afstöðu þeir eigi að taka til þessa mikla öryggismáls sjómannanna.

Frsm. minni hl. (Jón A. Jónsson) [óyfirl.]: Það er nú dálítið erfitt að tala við hv. frsm. meiri hl., þar sem hann vill ekki standa við ákvæði frv. Hann telur það „fullkomna starfrækslu", að stýrimaður annist stöðina. En með orðunum „fullkomin starfræksla" er auðvitað átt við það, að stöðin sé starfrækt af manni, sem hefir lokið prófi og hefir full réttindi. Álít hv. frsm. meiri hl. kemur ekki málinu við, því að það er gagnstætt því, sem tekið er fram í frv.

Hv. þm. gat þess máli sínu til stuðnings, að skip með hljóðdýptarmæli hefði strandað. En auðvitað gildir alveg hið sama um hljóðdýptar-

mæli, loftskeytastöð og flotbelti, þegar svo stendur á, allt saman er gagnslaust, ef það er ekki notað.

Hv. þm. sagði, að útgerðarmönnum væru lagðar miklar kvaðir á herðar um viðhald skipa með lögum. Slíkar kvaðir eru allsstaðar viðurkenndar og eru ekki meiri né kostnaðarsamari hér en annarsstaðar, nema hvað viðgerðir skipa kunna að vera dýrari.

Þó að það hafi einu sinni komið fyrir, að flutningaskip hafi orðið að sigla frá Eyrarbakka til Reykjavíkur, þá eru það langsótt rök, sem varla verður mikið byggt á. (**SÁÓ:** Aðeins eitt dæmi af mörgum.) Það gat nú líka verið, að talstöð hefði dugað í því tilfelli.

Um nauðsyn loftskeyta á togurum er það að segja, að þar fer saman hagnaður og öryggi við það að hafa loftskeytatæki, og er það auðvitað öllum góðum mönnum gleðiefni, að hvorttveggja geti farið saman. 5—6 og upp í 9 togarar hafa samband sín á milli og láta hver annan vita, hvort svari kostnaði að færa sig. Loftskeytin á þessum skipum reyndust því vera til stórkostlegs hagnaðar.

En ég trúi því ekki fyrr en ég tek á, að Alþingi vilji verða til þess að auka atvinnuleysi í landinu með því að knýja útgerðarmenn flutningaskipanna, sem þegar eru komnir á heljarþröm fjárhagslegra örðugleika, til þess að flýta sölunni vegna þessarar löggjafar.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 9:6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: BSt, HG, HermJ, IngP, JBald, JJ, PHerm, SÁÓ, ÞBr.

nei: ÞÞ, JAJ, MG, MJ, PM, EÁrna.

Einn þm. (GL) fjarstaddur.

Brtt. 371 samþ. án atkvgr.

2. gr., svo breytt, samþ. með 8:1 atkv.

3.—4. gr. samþ. með 8:1 atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 8:2 atkv.

Á 60. og 73. fundi í Ed., 4. og 19. nóv., var frv. tekið til 3. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 75. fundi í Ed., 21. nóv., var frv. enn tekið til 3. umr. (A. 437, 484, 544, 559).

Frsm. minni hl. (Jón Auðunn Jónsson) [óyfirl.]: Ég þarf ekki að gera mikla grein fyrir brtt. á þskj. 484 og 559, því málið hefir verið svo mikið rætt, að hv. þdm. er það vel kunnugt frá fyrri umr. Sem sé gerir mín till. ráð fyrir, að atvmrh. sé veitt heimild til þess að fyrirskipa, að notaðar séu talstöðvar eða loftskeytastöðvar eftir því, sem við á eftir stærð skipa o. fl. Nú er það svo, að hafður er vörður hér við loftskeytastöðina í Reykjavík til þess að hlusta eftir skeytum. Og þó að hann sé nú ekki allan sólarhringinn, nemur það tiltölulega litlu, þó hlustvörður væri hafður allan tímann. Það væri a. m. k. ódýrara en loftskeytastöðvar, enda nauðsynlegt, að vörður sé allan sólarhringinn, svo skip, sem mörg hafa nú þegar talstöðvar, hafi fullt gagn af þeim. Aðalskipamergðin er í fiskiflotanum, og þörfin því meiri þar en á þessum fáu flutningaskipum, sem í förum eru.

Frsm. meiri hl. (Sigurjón Á. Ólafsson) [óyfirl.]: Þetta mál hefir legið nokkuð lengi niðri, og er því tími til kominn að ákveða endalok þess hér í hv. d.

Eins og hv. þm. N.-Ísf. tók réttilega fram, fer brtt. hans fram á, að atvmrh. sé veitt heimild til þess að skipa sérfróðan ráðunaut ríkisstj. til aðstoðar. Við flm. brtt. á þskj. 544 viljum, að það verði á valdi ráðh., hvort hann fyrirskipar talstöðvar eða loftskeytastöðvar. Ég skal skýra þetta nokkru nánar. Það hefir komið fram í umr. hér í hv. d., að það er eingöngu kostnaðarhliðin, sem andmælendum frv. er þyrnir í augum, en það hefir enginn reynt að færa rök að því, að ekki væri nauðsynlegt að verja öryggi sjómannanna fremur en nú er. En það, sem okkur greinir á um, er, hvort meira öryggi sé að loftskeytastöðvum eða talstöðvum. Ég segi ekki, að ekkert öryggi sé að talstöðvum, en ég hefi fært rök að því, að skipum, sem eru langt undan landi, er lítið öryggi að talstöðvunum, og að þess vegna sé ekki rétt að nota þær. Þá er ekki hægt með talstöðvum að notast við alþjóðamál, eins og með loftskeytunum. (**JAJ:** Nota þau alþjóðamál?). Já, það er hægt að senda ýms merki, og oft notað. Og hvaða gagn er það skipum, sem stödd eru í hættu við strendur einhvers lands úti í heimi, þó þau geti sent talskeyti, sem enginn skilur. En með loftskeytamerkjum er þetta miklu hægra, og í því felst sá munur, sem gerir öryggið mikið meira. — Þá er hin hliðin, sem að kostnaðinum snýr og ég skal upplýsa nokkru skýrar en gert hefir verið. Ég hefi leitað umsagnar landssímastjóra, þess manns, sem á að hafa mesta þekkingu á þessum málum. Og með leyfi hæstv. forseta skal ég lesa hér upp það, sem hann hefir bætt við það, sem hann hefir áður sagt. Það hljóðar svo:

„Með því að formaður sjútvn. efri d. Alþingis hefir óskað umsagnar landssímans um framkomnar brtt. á þskj. 484 við frv. til l. (þskj. 437) um loftskeytastöðvar í íslenzkum skipum, leyfi ég mér fyrst og fremst að vísa til bréfs míns til form. sömu n., dags. 24. okt. 1934, sem fylgir hér með í eftirriti, sem fól í sér álit mitt um hliðstætt frv. til l. um loftskeytastöðvar, sem var borið fram á þinginu 1934 II (þskj. 94). Til frekari skýringar vil ég þó geta þess, að ég tel að kalla má ekkert öryggi að afllitlum talskeytastöðvum í skipum, sem eru í förum milli landa. Annars tel ég ástæðulaust, að minnsta afl skipastöðvanna sé ákveðið 125 vött í loftneti eða miklu meira en flestar íslenzku strandarstöðvarnar hafa (75 vött). Hins vegar mundi landssíminn að sjálfsögðu krefjast þess, að talstöðvar með yfir 10 vatta afli í loftneti yrðu starfræktar af manni með loftskeytaprófi, engu síður en loftskeytastöðvar með sama afli. Samanburður á hljóðdýptarmæli og loftskeytastöð, hvað öryggi snertir, er lítt mögulegur, þar sem þessi tæki hafa svo ólíkt hlutverk að vinna, t. d. getur hljóðdýptarmælir ekki bjargað mannslífum, þegar skip er strandað eða í bráðri hættu á annan hátt.

Loks vil ég geta þess, að ég tel lítt æskilegt, að loftskeytastöðvar séu starfræktar af stýrimönnum með loftskeytaprófi, enda sýnir reynslan, að þeir hafa lítinn tíma til þess að sinna því starfi vegna aðalstarfs síns.“

Þannig er umsögn landssímastjóra. Sé ég ekki annað en hún styðji í öllum atriðum þau rök, sem við flm. höfum fært fram fyrir því, að skipum, sem eru langt undan landi, sé nauðsynlegt að hafa loftskeytatæki.

Þá kem ég að kostnaðarhliðinni. Ég hefi haldið því fram, að það mundi vera hægt á skipum, sem ekki flytja farþega, að láta einhvern yfirmanna skipsins gæta lofskeytastöðvanna. Hinsvegar telur landssímastj., sem vitanlega er rétt, æskilegast að hafa sérstakan mann til þess að gæta þeirra. Jafnvel þó talstöðvarnar væru svo kraftmiklar, að þær hefðu 10 vött í loftneti, mundi það ekki koma að fullu gagni fyrir skip, sem eru í langferðum. Þess vegna þyrftu skip, sem sigla yfir höfin, að hafa mjög stóra stöð og sérstakan mann til að gæta hennar, svo að kostnaður yrði nálega sá sami og við loftskeytastöðvar. Ég sé því ekki, hvað er unnið með till. hv. þm. N.-Ísf.

Ef hv. d. hverfur að því ráði að leggja málið í hendur atvmrh., viljum við flm. brtt. á þskj. 544, láta hæstv. ráðh. hafa frjálst val um, hvort notuð eru loftskeyti eða talstöðvar, einkum ef kostnaðarmunur reynist lítill eða enginn. Ég vildi því óska eftir, að hv. d. samþ. till. okkar flm., ef till. hv. þm. N.-Ísf. verður samþ. Hv. þm. N.-Ísf. var að tala um, að nauðsynlegt væri vegna fiskiskipanna að hafa hlustvörð hér á loftskeytastöðinni allan sólarhringinn. Um nauðsyn þess verður ekki deilt, en það kemur ekki að gagni fyrir skip, sem stödd eru einhversstaðar úti í löndum, ekki sízt ef notaðar væru litlar talstöðvar, sem ekki drægu nema einn tíunda af vegalengd til lands. Mér blandast ekki hugur um, að það er að stíga skrefið aftur á bak, ef tilkostnaður er sá sami. Vitanlega greiði ég atkv. á móti brtt. hv. þm. N.-Ísf., en verði hún samþ., vil ég reyna að bæta hana eftir því, sem hægt er.

Ég skal svo ekki taka fleira fram nú, en það vill svo til, að ég hefi í höndum bréf frá mætum manni, og gætu hv. þdm. fengið að kynnast þar ýmsu af því, sem er að gerast í þessum málum úti í löndum.

Hér í d. situr nú einn hv. þm., sem margt hefir talað og skrifað fagurlega um öryggi mannslífa á sjónum, og þykir mér því næsta dapurlegt, ef hann greiðir nú atkv. móti frv.

Frsm. minni hl. (Jón Auðunn Jónsson) [óyfirl.]: Ég gæti í raun og veru vel orðið við óbeinum tilmælum hv. flm. um að taka brtt. mína aftur. Ég sé, að hann er ekki ánægður með annað en loftskeytastöðvar. En það var ekki heldur meiningin, eins og mér heyrðist á 4. þm. Reykv., að hér yrði hafður hlustvörður til þess að hlusta á skip við strendur Portúgals eða Ameríku.

Hinsvegar þarf ekki mikið að deila um loftskeytatæki í flutningaskipunum, því mér er kunnugt um, að beiðni er komin til ráðh. um að mega selja tvö af þeim út úr landinu, og sennilegt, að hin fari sömu leið. Ég ætla því að verða við tilmælum hv. 4. þm. Reykv. og taka mína brtt. aftur.

Frsm. meiri hl. (Sigurjón Á. Ólafsson) [óyfirl.]: Ég skil það nú, að hv. þm. N.-Ísf. hefir sannfærzt um, að hans till. miða í þá átt að ganga skemmra en frv., en muni verða eins dýrar í framkvæmd.

Ég er honum því þakklátur fyrir að taka þær aftur, og vænti þess, að hann fylgi frv. En bein afleiðing af því, að hv. þm. tók sína till. aftur, er sú, að við tökum okkar till. einnig aftur.

Hitt var beinn óþarfi af hv. þm. að vera að brýna mig á því, að ég væri á móti því að hafa hlustvörð allan sólarhringinn. Það er öðru nær. Þar er ég hinum alveg sammála, en það liggur alls ekki hér fyrir til umr.

Þá sagði hv. þm., að flutningaskipin mundu verða seld út úr landinu, að mér skildist vegna þessa kostnaðar. Og að nú þegar væru tvær beiðnir um sölu þeirra komnar til ráðh. En hver trúir því, að þetta sé ástæðan? Ekki ég. Og þó að beiðni hafi komið, er hvorki víst, að það verði veitt eða notað, þó það fáist.

Hitt er líklega, að einhverjir aðrir vilji eiga skipin og reka þau áfram. Því má heldur ekki blanda saman ef eigendur vilja skipta á þeim og öðrum hentugri skipum. Ég veit um framkomnar beiðnir í því sambandi, en hefi ekki kynnt mér það mál. En að ástæðan fyrir þessum beiðnum sé sú, að hér á Alþingi hefir komið fram frv. um að tryggja öryggi mannslífanna á sjónum, því trúi ég ekki og vona, að því trúi enginn.

ATKVGR.
Brtt. 484, 544, 559 teknar aftur.
Frv. samþ. með 8:5 atkv. og afgr. til Nd.

Á 79. fundi í Nd., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 437).

Á 81. fundi í Nd., 23. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 18 shlj. atkv. og til sjútvn. með 20 shlj. atkv.

Á 98. fundi í Nd., 13. des., var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 99. fundi í Nd., 14. des., var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 437, n. 661 og 812).

Frsm. 1. minni hl. (Páll Þorbjörnsson) [óyfirl.]: Þetta frv., sem hér liggur fyrir, er komið frá hv. Ed. Hefir sjútvn. haft það til meðferðar, en meðnm. mínir hafa ekki orðið á eitt sáttir um, hvernig eigi að afgr. það. Hinsvegar er n. sammála um, að auka þurfi öryggið á sjónum. Við 2 nm., hv. þm. Ísaf. og ég, leggjum til, að frv. verði samþ., en 2 nm., hv. þm. Vest-

m. og hv. 6. þm. Reykv., vilja gera á frv. ýmsar breyt., og sé ég, að komið er fram frá þeim nál., sem þeir munu gera grein fyrir. 5. nm., hv. þm. N.-Þ., hefir ekki tekið afstöðu til málsins. — Ég hygg, að ekki þurfi að eyða mörgum orðum að því, hve mikil nauðsyn er til þess, að skip. jafnvel þó þau flytji ekki farþega, hafi loftskeytatæki til þess að bjarga sér. Frv. gerir ráð fyrir, að hvert flutningaskip, sem fer á milli landa og hefir 12 manna áhöfn eða meira, og farþegaskip meira en 200 smálestir, skuli hafa loftskeytatæki. Það er svo, að mýmörg dæmi fyrr og síðar sanna, að eitthvert öruggasta björgunartæki eru loftskeyta- og miðunartæki. Ég mun ekki fara langt út í þetta nú, en benda á nærtækt dæmi, þegar nú fyrir nokkrum dögum, að enskur togari, sem staddur var austur af Vestmannaeyjum, missti skrúfuna, en gat samstundis sent út neyðarmerki, sem heyrðist til Vestmannaeyja, er sendi strax mótorbát til hjálpar. Einnig höfðu tveir botnvörpungar heyrt skeytin og komu á vettvang og drógu togarann til hafnar. Eru miklar líkur til, að hann hefði annars orðið að hrekjast lengi, og mjög óvíst um afdrif hans, ef hann hefði ekki haft loftskeytatæki.

Vænti ég, að hv. þd. tefji ekki framgang þessa máls og að því verði tekið vel hér í hv. d., eins og í hv. Ed., og endalok þess verði á sama veg.

Frsm. 2. minni hl. (Sigurður Kristjánsson) [óyfirl.]: Eins og hv. frsm. 1. minni hl. sjútvn. hefir skýrt frá, er n. í raun og veru þrískipt, þó hún sé sammála um að setja reglur um aukið öryggi við utan- og innanlandssiglingar, en það skilur, hverjar leiðir skuli fara.

Ég vil taka það fram, að hvergi í heimi mun vera til löggjöf, sem fyrirskipar skipum af þessari stærð að hafa loftskeytastöðvar. Það var ákaflega mikið vandamál fyrir okkur í n. að ráða fram úr, hvernig hægt er að auka öryggið á skipunum jafnframt því að koma ekki í veg fyrir, að Íslendingar geti tekið þátt í siglingum. Það er vitanlegt, að við Íslendingar siglum mikið dýrara en aðrir menn, t. d. Norðmenn, þó nokkrir framtakssamir menn hafi reynt að halda þeim uppi. Okkur þótti því viðurhlutamikið að leggja stein í götu þeirra manna, sem eru að leitast við að *ná siglingunum* undir landsmenn sjálfa.

Við hv. þm. Vestm. teljum, að við höfum fundið leið til þess að auka öryggið eftir því, sem til er ætlazt, án þess að kostnaður geri ókleift að halda uppi siglingum. Það verður ekki um deilt, að sé tilgangurinn sá einn að auka öryggi sjómannanna, verður það eins vel gert með leigustöðvum. Þá geta heldur ekki verið skiptar skoðanir um, að stöðina er eins gott að rækja með manni, sem hefir stýrimannspróf, eins og ef hann hefði það ekki. Ég hika ekki við að segja, að þeir menn, sem ekki vilja fallast á þessa úrlausn málsins, hafa ekki þann tilgang með frv. að auka öryggi skipanna, heldur þann að koma í veg fyrir, að þessi atvinnuvegur geti átt sér stað.

Ég hygg, að geti skipin fengið stöðvarnar leigðar með bærilegum kjörum, eins og gert er ráð fyrir samkvæmt viðtali við landssímastjóra, að kostnaðurinn verði ekki meiri en svo, að útgerðin muni ekki setja hann fyrir sig. Hinsvegar eru nokkur vandkvæði á því að fá starfsmann á skipunum til að annast loftskeytin. Víða annarsstaðar tíðkast við stýrimannaskóla aukakennsla í loftskeytafræði. Mér hefir verið tjáð af manni, sem kennt hefir hér við stýrimannaskólann, að þó tekin væri aukakennsla í þessum fræðum, þyrfti það ekki að lengja námstímann, því það mætti taka jafnhliða sjómennskunámi. Erlendis leggja margir þetta á sig, til þess að tryggja sér betri atvinnu á eftir. Hefir reynzt svo annarsstaðar, að ekki er vandkvæðum bundið að fá menn með stýrimannsprófi til þess að taka þetta að sér útgerðinni að kostnaðarlausu.

Ég býst við, að mörgum þyki hæpið að leggja á smáflóabáta þann kostnað að hafa ritskeytastöðvar. En loftskeyti þýðir hvort sem er riteða talskeyti, og getur ráðh. því heimilað hvora tegundina, sem betur hentar.

Ég vil taka fram til skýringar, að í brtt. okkar hv. þm. Vestm. er átt við skip með 12 manna áhöfn í millilandaferðum og farþegaskip, sem sigla með ströndum fram og eru yfir 200 smálestir. Minni bátar, sem sigla með ströndum fram, eru ekki skyldaðir til að taka talstöðvar um borð.

Ég þarf svo ekki fleiri orð um fyrri brtt. — Seinni brtt. fer fram á að nema úr frv. síðasta málslið 3. gr., um að hlíta ákvæðum reglugerðar frá 27. nóv. 1933. Svo stendur á, að reglugerðin er sett samkv. l. frá 1917 um starfrækslu loftskeytastöðva hér á landi, en nær ekki til þessara stöðva.

Ég geri ráð fyrir, að skoðanir verði skiptar um leiðirnar, en mér sýnist, að við hv. þm. Vestm. höfum fundið millileið, sem tryggi öryggi skipanna, en verði ekki þröskuldur á vegi útgerðarinnar eða þurfi að draga hana niður í samkeppninni við útlendinga.

Ég hefi heyrt talað um, að það væri ekki meira fyrir flutningaskipin að hafa loftskeytamann um borð en togarana. En þetta hlýtur að koma af ókunnugleika, því hér er ólíku saman að jafna. Flutningaskipin hafa ekki þörf fyrir loftskeytatækin, nema sérstaklega standi á, svo sem að slys beri að höndum, og eru því mjög *sjaldan notuð*. En togararnir nota þau einnig vegna atvinnurekstrarins, bæði til þess að fregna um fiskigöngur og hafa samband við útgerðarstjórnina í landi um, hvert þeir eigi að fara, hvenær að losa o. s. frv. Vitanlega eru þau einnig höfð þar til öryggis, en það ætti ekki að vera minna, þó tækin væru leigð, en þó þau væru keypt eða þó loftskeytamaður hefði einnig stýrimannspróf.

Ég vil vænta, að hv. flm. sýni, að frv. hafi verið flutt af einlægni og gangi inn á þá millileið, sem við hv. þm. Vestm. höfum bent á, því ég er hræddur um, að frv. muni falla að öðrum kosti.

Frsm. 1. minni hl. (Páll Þorbjörnsson) [óyfirl.]: Ég býst við, þó brtt. þeirra hv. 6. þm. Reykv. og hv. þm. Vestm. yrði samþ., eða a. m. k. 1. liður hennar, þá mundi það ekki lim-

lesta svo frv., að það yrði til einskis gagns. En ég er hræddur um, að sá liður brtt., sem mælir fyrir um, að landssíminn setji stöðvarnar í skipin og leigi þær, verði frv. banabiti. Vitanlega gæti svo farið, að krafizt yrði að landssíminn lánaði stöðvar í öll skip, sem undir frv. heyra, og munu þau vera um 60. Nú eru loftskeytastöðvar í þeim flestum og eign útgerðarfélaganna, en mundu ef brtt. yrði samþ. allar verða eign landssímans í framtíðinni. Ég veit ekki hvort fjárhag símans er svo háttað, að hann gæti lagt fram fé fyrir 6—10 stöðvar á ári. Það þarf a. m. k. að athuga, áður en brtt. er samþ.

Viðvíkjandi því, sem hv. 6. þm. Reykv. kom inn á, að láta mann með stýrimannsprófi annast um loftskeytastöðina, skal ég aðeins segja það, að enginn mun óska eftir að knésetja útgerðina með því að skapa henni óþörf útgjöld í þessu efni og munu því ekki hafa á móti því, ef öryggið er jafnt.

En ég get ekki verið hv. þm. sammála um þetta. Þó nokkurt öryggi sé í því fyrir viðkomandi skip, verða stöðvarnar ekki opnar, nema þegar skipið þarf að nota þær sjálft, og heyra því ekki skeyti frá öðrum. En þegar stýrimenn starfrækja loftskeytastöðvar, þá er ekki hlustað eftir öllum skeytum, heldur eru stöðvarnar starfræktar nokkurn hluta dagsins, þegar von er sérstaklega á skeytum, sem skipverja varðar, svo sem veðurfregnum og skeytum frá útgerð skipsins, og þegar skipin þurfa að senda skeyti.

Þá vildi hv. 6. þm. Reykv. halda því fram, að loftskeytastöðvar á flutningaskipum væru eingöngu öryggistæki og ekkert annað. Mesti kostur þeirra er öryggið, sem þær veita. En það er engan veginn þeirra eini kostur. Ég veit, að hv. þm. verður mér sammála um það. Það er alls ekki ótítt, að flutningaskip verða að sigla á aukahafnir, einungis til þess að fá fregnir frá sínu útgerðarfélagi. Þetta mundu þau losna við, ef þau hefðu loftskeytatæki. Ýmsar aðrar fregnir gætu þau einnig fengið gegn um loftskeytatæki, sem gætu haft fjárhagslega þýðingu fyrir skipin.

Þá kom hv. 6. þm. Reykv. inn á annað atriði. Hv. þm. hélt því fram, að það mundi vera auðvelt fyrir stýrimannaskólanema, ef þeir vildu, að læra að fara með loftskeytatæki samtímis því, sem þeir stunduðu sitt skólanám, eins og því nú er háttað. Þetta held ég, að sé misskilningur. Ég get ekki trúað því að óreyndu, að sá maður, sem hefir haft kennslu þessara manna á hendi, láti það út úr sér, að maður, sem þarf að jafnaði nú 14—15 mánuði til þess að ljúka námi í siglingafræði, að hann geti bætt á sig, með því að leggja lítilsháttar meira á sig, námi. sem hingað til hefir tekið 5—6 mánuði.

Ég hefi svo ekki meira að segja um þetta mál, en vænti, að hv. þm. sýni málinu velvild. Sérstaklega vil ég vekja athygli manna á síðastáminnstu atriði.

Frsm. 2. minni hl. (Sigurður Kristjánsson) [óyfirl.]: Ég hygg, að það sé á misskilningi byggt hjá hv. þm., að hætta mundi vera á því, að landssíminn þyrfti að leggja til 40 loftskeytatæki nú í einni svipan, þó að brtt. okkar hv. þm. Vestm. yrðu samþ., því að öll veiðiskip okkar hafa sín eigin tæki. Og þó að mönnum þætti það vera haganlegt fyrir sig að hafa leigutæki í skipum sínum, þá gæti það samt ekki komið nema smám saman. Ég get ekki hugsað mér, að landssíminn þyrfti að leggja fram nema svo sem 2—3 tæki á ári, þó að till. okkar yrði samþ. Nú er talað um það í brtt., að tækin skuli leigð gegn hæfilegri leigu, og ég hygg, að landssíminn sæi sér fært að leigja út slík tæki sér að skaðlausu, þó að leigan væri sanngjörn. Landssímastjóri sér heldur ekkert athugavert við þetta. Það er nú þegar komið á, að landssíminn leigir taltæki í fiskiskip. Það eru ódýr tæki, sem menn því standast við að borga hærri leigu af eftir verði heldur en af tækjum, sem kosta 5—6 þús. kr. Ég hygg, að engin hætta liggi í því, þó að þetta ákvæði væri samþ.

Það er alveg rétt hjá hv. 3. landsk., að ef loftskeytastöðvar eru aðeins starfræktar eftir þörfum þeirra skipa, sem hafa þær, þá er að þeim minna öryggi fyrir önnur skip heldur en ef þær eru fullkomlega starfræktar. En ég held, að til séu almennar reglur um, að skip, sem eru í utanlandssiglingum, og hafa slík tæki, að þau séu skuldbundin til þess að hlusta á einhverjum vissum tíma dagsins eftir skeytum, sem er þá auðvitað styttri tími heldur en á veiðiskipum.

Ég sagði ekki, að loftskeytatæki á flutningaskipum væru eingöngu öryggistæki, heldur sagði ég, að þau væru það að mestu leyti, og það segi ég enn. Það er vitanlegt, að þegar stöð er komin í skip, þá er hún notuð eitthvað meira, eins og t. d. til þess að senda skeyti til útgerðarinnar og taka á móti skeytum frá henni, svo sem t. d. um að koma við á þessari eða hinni höfn.

Það, sem okkur hv. 3. landsk. ber aðallega á milli, er um námstíma loftskeytamanna. Ég er því máli ekki persónulega kunnugur. Ég geri heldur ekki ráð fyrir, að hv. 3. landsk. sé kunnugur því sjálfur persónulega. Það mun rétt, að hjá þeim, sem taka meira próf, taki námið $1^1/_2$ vetur. Ég hefi marginnt Friðbjörn Aðalsteinsson, sem hefir haft skóla fyrir loftskeytamenn, eftir því, hvort ekki þyrfti að lengja námstíma þeirra nemenda við stýrimannaskólann, sem lærðu ásamt því að fara með loftskeytatæki, og kvað hann því fara fjarri. Sagði hann, að þetta væri ekki meira nám en svo, að þeir sem eitthvað vildu á sig leggja, gætu tekið þetta nám sem aukagrein. Ég vil vekja sérstaklega athygli á því, að talsverð hætta mun vera á því, að frv. þetta falli, ef þessi millileið verður ekki farin, að tækin verði leigð og ekki þurfi sérstaka loftskeytamenn í flutningaskipin.

Ég vil að síðustu taka fram, að hér hefir verið óvenjulega mikil ókyrrð í d. á meðan þetta mál hefir verið flutt. Ég vil mælast til þess, ef hv. þm. þurfa endilega að tala saman á þingfundartíma, að hæstv. forseti sjái þá um, að þeir reyni að komast út úr d. til þess að mæla saman.

Forseti (JörB): Hv. 6. þm. Reykv. hefir rétt að mæla, að hér hefir nú verið allmikill ys í d. En ég hefi þrásinnis bent hv. þdm. á að hafa

kyrrð, en ekki samtöl í d. á meðan þm. gera grein fyrir málum sínum.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 100. fundi í Nd., 16. des., var fram haldið 2. umr. um frv.

ATKVGR.
Brtt. 812,1 (ný 1. gr.) samþ. með 16:1 atkv.
— 812,2 tekin aftur.
2.—4. gr. samþ. með 17:1 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 19:1 atkv.

Á 102. fundi í Nd., 18. des., var frv. tekið til 3. umr. (A. 868).

Frsm. 2. minni hl. (Sigurður Kristjánsson) [óyfirl.]: Það er örlítil breyting, sem þarf að gera á þessu frv. Við 2. umr. málsins var farið fram á það við okkur hv. þm. Vestm., að við tækjum aftur til 3. umr. brtt., sem við fluttum við 3. gr. frv. Þegar við fórum að athuga frv. nánar, þá álitum við, að þessi breyt. mætti niður falla, en jafnframt kom í ljós við þessa nýju athugun, að það er galli á 2. gr. frv., og kom landssímastjóra og eins forstöðumanni loftskeytastöðvarinnar það hálfvegis á óvart, að þessu var ekki breytt strax í hv. Ed. En 2. gr. frv. hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta: „Afl stöðvanna skal vera minnst 125 vött í loftneti á 600 metra öldulengd og fullnægja að öðru leyti ákvæðum um loftskeytastöðvar í skipum.“ Nú segir landssímastjóri og forstöðumaður loftskeytastöðvarinnar, að þessi styrkleiki nái engri átt, því að ekkert skip hafi meira en 75 vött, og togarar allir miklu minna afl. Og að af hinum nýrri stöðvum sé það aðeins ein, sem hafi 100 vött, en annars sé orkan minni eftir því, sem stöðvarnar eru yngri. Þeirra till. er því sú, að þetta sé í frv. 75 vött miðað við siglingu milli landa. Brtt. mín er skrifleg og hljóðar því þannig, að í staðinn fyrir 125 vött komi 75 vött og að á eftir orðunum „600 metra öldulengd“ komi: „í skipum, sem sigla milli landa“. Það þarf auðvitað ekki að gilda hið sama um skip, sem sigla hér við land.

Frsm. 1. minni hl. (Páll Þorbjörnsson) [óyfirl.]: Ég er þakklátur þeim hv. 6. þm. Reykv. og hv. þm. Vestm. fyrir það, að þeir hafa fallizt á að taka aftur brtt., og ég get lýst yfir því, að frá minni hendi og frá hendi hinna, sem staðið hafa að þessu frv., er ekkert því til fyrirstöðu, að þessu sé breytt úr 125 vöttum niður í 75.

Ég hefi ekki meira við þetta að bæta, en ég vona, að málið nái fljótt fram að ganga.

ATKVGR.
Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 888) leyfð og samþ. með 17 shlj. atkv.
Brtt. 888 samþ. með 17 shlj. atkv.
Frv., svo breytt, samþ. með 18 shlj. atkv. og endursent Ed.

Á 98. fundi í Ed., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 889).

Á 100. fundi í Ed., 20. des., var frv. tekið til einnar umr.

Frsm. meiri hl. (Sigurjón Á. Ólafsson) [óyfirl.]: Þetta frv. hefir tekið þeim breyt. í Nd., að samkv. 1. gr. er heimild fyrir atvmrh. að mæla svo fyrir sem þar er sagt. Einnig er í 2. gr. breytt afli loftskeytastöðvanna frá því, sem í frv. var fyrst. — Þrátt fyrir þessar breyt. get ég sætt mig við frv., úr því sem komið er, og vænti þess, að d. fallizt á að samþ. frv.

Magnús Jónsson [óyfirl.]: Ég skal viðurkenna, að breyt. á frv. í Nd. hafa fært það nær því, sem hægt er að ganga að. En samt eru enn á því þeir agnúar, sem ég og fleiri höfðu aðallega á móti því, sem sé kostnaðaratriðið fyrir þau skip, sem eiga hlut að máli. Ég man ekki með vissu, hvort það var komið í frv., þegar málið fór héðan, að landssíminn skyldi leigja stöðvar, og það léttir dálítið stofnkostnaðinn. En það, sem er náttúrlega aðalatriðið og aðalkostnaðurinn, er starfræksla stöðvanna. Og það er ekki nema blekking til að afla fylgis við þetta frv., að í stað þess að upprunalega frv. gerði ráð fyrir fullkomlega starfræktri loftskeytastöð, skuli aðeins hafa á skipinu mann með loftskeytaprófi. Vitanlega geta samtök loftskeytamanna krafizt, að reglulegur loftskeytamaður sé á skipunum, og því verður ekki á móti staðið. Á þessum skipum eru yfirleitt þeir menn í förum, sem ekki hafa lært loftskeytafræði og hafa engan tíma til þess að fara á skóla og læra „morse“ og annað, sem þarf til. Í öðru lagi eru þeir á þeim aldri yfirleitt, að talið er útilokað, að menn geti lært slíkt. Síðast en ekki síst er sá mikli kostnaður, sem myndi koma á þessi skip, sem eru í íslenzkum höndum. Hinn upphaflegi kostnaður er auðvitað mikill, en þó hefi hvorki ég né aðrir andmælendur lagt höfuðáherzlu á það, heldur er það starfræksla, sem mundi gleypa þann litla hugsanlega ágóða, en sem reikningarnir sýna, að enginn er. Þessi skip eru rekin nú með þeirri afkomu, að ég hygg, að allir eigendur óski að geta losað sig við þau.

Hv. flm. brýnir mig á því, að ég skrifi fagurlega um tryggingu og öryggi sjómanna, en við annan tón kveði í ræðu minni. Ég hefi ekki sagt eitt einasta orð í þessu máli um það, að ekki beri að tryggja líf sjómanna sem bezt. En ég veit og þm. veit það eins vel og ég, að það er ekkert til, sem heitir að tryggja virkilega öryggi sjómanna. Þetta má tryggja að vissu marki, en aldrei meira. Eina tryggingin, sem dugar, er, að menn fari ekki á sjó. Og það er tryggt með þessu frv., því að þessi skip verða sennilega að lenda, ef þessi l. ná samþ., íslenzkir sjómenn hætta að sigla þessum skipum sínum til annara landa. Er þá öryggi sjómannanna tryggt gagnvart þeim skipum. Veit ég ekki, hvort menn óska eftir því. Það eru ekki fáar fjölskyldur, sem framfærslu hafa af siglingum á þessum skipum. Þau eru sæmilega útbúin og allstór. Er sennilega miklu minni hætta að sigla á þeim skipum, sem eru tiltölulega mikið af tímanum úti í rúm-

sjó, heldur en að vera á ýmsum skipum og bátum, sem að mestu hafast við nálægt landi. En einmitt nálægt landi, þar sem mest er hættan, er alveg eins hægt að tryggja öryggi þessara skipa miklu ódýrar með talstöðvum, sem hver maður getur starfrækt. Þetta benti ég á við 2. umr.

En hvernig stendur á því, að þeir, sem ekki vilja hugsa neitt um annað en öryggi, hvað sem líður því, hvort nokkur maður hefir nokkurt fjárhagslegt öryggi með því að leggja út í slíkan kostnað, heimta ekki eitthvert geysimikið hámark um stærð skipa, t. d. að enginn megi stíga á skip, sem er minna en 10 þús. smálestir?

Það er vitaskuld, að hv. flm. og ég erum sammála um það, að tryggja beri öryggi manna á sjó eins langt og mögulegt er á þann hátt, að hlutaðeigandi fyrirtæki geti staðizt kostnaðinn. Það er svo, að í mörgu er ekki hægt að fá allar óskir uppfylltar. Við getum ekki malbikað alla vegi, gert alstaðar stórar hafnir og radiovita og brúað hverja stóra og smáa á. Við viljum mikið framkvæma, en framkvæmdir okkar hljóta að mótast af hinni raunverulegu getu. Ég hefi ekki sett markið hærra en það, að séð sé fyrir eins miklu öryggi eins og yfirleitt er hægt í okkar landi að veita sjómönnum, þannig að kostnaðurinn sligi ekki starfræksluna, svo að það öryggi fáist, að hún haldi áfram. Eingöngu í þessu greinir okkur á. Umr. um þetta mál og svipuð eiga að fara fram á sómasamlegum grundvelli og lausar við þær skrílslegjur, sem menn of mikið temja sér, svo sem það, að við viljum sjómenn feiga og gera allt til að drepa þá. Það er ósæmilegur málaflutningur.

Ég hefi sannfært mig um það, að þessi skip, sem hlut eiga að máli, mega engu við sína miklu rekstrarörðugleika bæta, heldur verða að gera allt, sem hægt er, til að draga úr rekstrarkostnaðinum, til þess að geta verið í íslenzkum höndum áfram, en á því er mikil nauðsyn. Þó að þetta frv. hafi tekið nokkrum breyt. í Nd., til að létta kostnaðinn, þá er stærsta atriðið því miður aðeins þýðingarlaus orðabreyting, og get ég því ekki greitt frv. atkv. í þessari mynd.

Frsm. minni hl. (Jón Auðunn Jónsson) [óyfirl.]: Ég vil aðeins benda enn á ný á það, sem hv. 1. þm. Reykv. minntist á, að útgerðarkostnaður er svo geipilega hár hjá okkur, að á kaupinu einu munar 22 þús. kr. á ári á vöruflutningaskipi hverju, samanborið við norska skipin. Við eigum að keppa við þessi skip. Það er ekki hægt fyrir þá, sem þungavöru flytja, eins og fisk, að neita lægstu tilboðum. Flutningsgjald fyrir okkar fisk árlega er á aðra millj. króna. Tjáir því eigi annað en taka lægstu tilboðum, annars fá fiskimenn og sjómenn ekki upp borinn kostnað af fiskveiðunum. Með auknum kostnaði hlýtur svo að fara, að þessi vísir til útgerðar, sem hér er, leggist niður. Það er óhugsandi annað. Hitt er og alveg víst, að eins mikið öryggi fæst með talstöð sem loftskeytastöð. Talstöðvar eru fremur ódýrar að kaupa og í rekstri, þarf engan sérstakan mann. Fyrir tveimur dögum talaði ég við skip, sem var 20—30 mílur út af Boston, héðan frá talstöð í Rvík, auðvitað gegnum stöðina í Boston. Heyrðist eins vel og í talsíma hér innanbæjar. Enda er talið, að þessar stöðvar nái um 600 mílur til lands. Og framfarir á þessu sviði eru miklar. Mikið af þeim þýzku togurum, sem hér eru við land, hafa ekkert annað en talstöðvar og ná oft til Þýzkalands. Þess vegna er hin mesta fásinna að segja, að öryggi sé meira með loftskeytastöðvum. Fiskimönnum vorum þarf að veita meira öryggi. Það verður ekki betur gert en með talstöðvum og hlustunarstöðvum víða um landið og hafa varðstöð opna helzt allan sólarhringinn. Þar með veitum við þessum fjölmennasta hóp í sjómannastétt landsins bezt öryggi. Að því hefði þetta frv. átt að stefna, miklu fremur en að veita nokkrum mönnum atvinnu við loftskeytastarf. Það verður líka skammgóður vermir, ef haldið er áfram að hrúga kostnaði á þessa útgerð, sem allir vita, að er rekin með tapi, þó að kannske hafi komið fyrir hagnaður hjá félagi einstök ár við það, að skip þess hefir strandað. Ef við iþyngjum þessari útgerð, verða skipin að hætta og bankarnir vilja engan styrk veita. Atvinnuleysi sjómannanna blasir við.

Frsm. meiri hl. (Sigurjón Á. Ólafsson) [óyfirl.]: Ég hafði sízt af öllu búizt við, að þessir hv. þm. þyrftu að halda sínar gömlu ræður, sem þeir eru búnir að halda 4—5 sinnum, og gaf því ekkert tilefni til þess með minni stuttu ræðu.

Ég vil nú benda þeim á það, að frv. í núverandi mynd er eins og tveir flokksbræður þeirra í Nd. gengu frá því. Aðalbreyt. er fólgin í heimild til að draga nokkuð úr afli stöðvanna, sem þýðir nokkuð ódýrari stöð. Svona líta flokksbræður þessara hv. þm. á málið. Ég fylgdist með atkvgr. í Nd., og sjálfstæðismenn greiddu nær undantekningarlaust atkv. með frv.

Ég veit ekki, hvort ég á að svara hv. 1. þm. Reykv. nokkru út í það, að eina öryggið væri að hætta að fara á sjó. Það vill nú svo til, að farmennska hefir verið stunduð frá alda öðli, og sennilega verður aldrei komizt hjá því að vera á sjó. En hjá þeim þjóðum, sem lengst eru komnar, er mannfallið orðið svo sáralítið, að þess gætir ekki, ef borið er saman við sjúkdóma á landi. Hjá okkur Íslendingum er þetta á allt annan veg. Við erum mjög svo háðir hafinu og öllum þess dutlungum og ógnum. Ég býst við, að okkur beri skylda til að gera allt, sem í okkar mannlega valdi stendur, til þess að draga úr hinu mikla mannfalli á sjó hjá okkar fámennu þjóð, með því að tryggja öryggið á sjó sem allra bezt. Einn þáttur í því er, að menn geti gefið kallmerki utan af hafi til lands eða til annara skipa, ef á liggur. Og fullkomnustu tækin til þeirra hluta er loftskeytastöð. Það er gagnslaust að tala um talstöðvar í þessu sambandi, því að þær eru ekki komnar á það stig, að þær geti jafnast á við loftskeytastöðvar. Viðvíkjandi þeirri röksemd andstæðinga þessa frv., að það þurfi ekki að vera neinn maður að staðaldri við talstöðvarnar, vil ég bara benda mönnum á það, að samkv. gildandi reglum um þetta efni verður að fylgja sérfróður maður með talstöð, sem ekki hefir minni orku en 10 vött, í skipi, sem siglir yfir Atlantshafið, t. d. til Spánar. Má ennfremur benda á það, að lands-

símastjóri telur það ekki koma til mála, að skip með talstöðvar, sem hafa þessa orku, sem ég gat um, vantaði mann, sem hefði kunnáttu til þess að starfrækja þessar stöðvar. Hv. þm. talaði um það, að ég hefði verið með ósæmilegan málflutning í sambandi við þetta mál. Ég minntist nú samt ekki á annað en að hv. þm. hefði skrifað grein í blað í tilefni af slysi, og taldi ég það hafa litla þýðingu að vera með falleg orð, en vilja svo ekkert gera til þess að stemma stigu fyrir slysunum. Slíkt er af sumum nefnt hræsni.

Hv. þm. N.-Ísf. þarf ég ekki að svara. Hann minntist ekki á neitt annað en það, sem hann hefir oft talað um í þessari hv. deild, eins og kaupið í Noregi, öryggi talstöðvanna og að það þurfi ekki að hafa mann við talstöðina. Hann vill reyna að telja mönnum trú um, að þetta frv. sé aðeins fram komið til þess að útvega mönnum atvinnu. Þetta er hreinasta blekking hjá hv. þm. Þetta frv. er fyrst og fremst flutt sem öryggismál fyrir sjómenn, en til þess að þessar ráðstafanir komi að fullum notum, þurfa vitanlega einhverjir menn að gæta þessara tækja, sem eru þannig útbúin, að þarf sérfróða menn til þess að fást við þau. Ég get ekki fallizt á það, að þetta geti orðið til þess að eyðileggja okkar litla vísi til siglinga, því að fyrst eigendur þeirra skipa, sem hafa loftskeyti, hafa hingað til borið gæfu til þess að halda skipunum, þá trúi ég ekki, að þau fáu skip, sem vantar loftskeyti, hverfi úr eign þeirra, þótt í þau væru sett loftskeytatæki. Það hlýtur að vera eitthvað annað, sem veldur því, að þessi skip eru seld úr landi.

Skal ég svo láta þessi orð nægja, en ég vona svo að lokum, að hv. d. geti verið sammála meiri hl. n. um það, að þetta mál þurfi að ná fram að ganga og verða að lögum á þessu þingi.

Frsm. minni hl. (Jón Auðunn Jónsson) [óyfirl.]: Hv. 4. þm. Reykv. getur miklazt af því, að hann er ekki ihaldssamur á annara manna fé, en ég vona, að hann geti miklazt af því að vera ekki ihaldssamur á sitt eigið fé. Hann getur brígzlað mér og öðrum fyrir að vilja spara annara fé, þannig að atvinnuvegur, sem við annars *getum ef til vill haldið uppi, leggist ekki* alveg í kalda kol vegna óþolandi skatta og álaga, en það er einmitt það, sem hv. þm. virðist vilja, því að hann sagði í gær, að stefna sín væri að eyðileggja **þjóðfélagið**, ekki þjóðskipulagið, heldur þjóðfélagið sjálft. (**SÁÓ**: Þetta er vitleysa). *Já, vitanlega var það vitleysa. En það er fleira* vitleysa, eins og t. d. það, að það geti ekki orðið útgerðinni að falli, þó við þurfum að kosta 22 þús. kr. meira í kaup á þessum skipum heldur en keppinautar okkar, og þar við bætist 6—8 þús. kr. baggi á útgerðinni á ári, án þess að sá baggi veiti neitt meira öryggi en hægt væri að veita með 500—600 króna kostnaði.

Magnús Jónsson [óyfirl.]: Hv. 4. þm. Reykv. verður að afsaka, þótt ég vilji ekki fara eftir vottorði frá honum um það, hvenær ég held sömu ræðuna, sem ég hefi flutt einhverntíma áður eða ekki. Fyrst ég tók þátt í umr. um þetta mál hér í fyrra skiptið, og það hefir tekið dálitlum breytingum síðan, þá finnst mér eðlilegt að gera grein fyrir því, að þær breytingar eru í minum augum ekki það stórvægilegar, að það hafi getað breytt afstöðu minni til þessa máls. Þar sem ég hefi ekki getað látið sannfærazt af rökum þessa frv., þá held ég varla, að hægt sé að ætlazt til þess, að ég láti sannfærast, þótt einhverjir hafi samþ. þetta í hv. Nd. Það hljóta menn að afsaka hjá mér. Annars get ég vel trúað, að ýmsum hv. þm., bæði í hv. Nd. og ef til vill hér líka, sé sama þótt þeir samþ. *þetta frv., vegna þess* að þeim er kunnugt um það, að hagur þessara fyrirtækja, sem hér um ræðir, er svo bágborinn, að búast má við, að frv. það, sem hér liggur fyrir, komi aldrei til framkvæmda, vegna þess að eigendur skipanna reyni að losna við þau, áður en þessi tilvonandi lög komast í framkvæmd.

Það er satt, sem hv. þm. sagði, að það er mönnum vitanlega mikið áhyggjuefni, hversu mikinn skatt sjórinn tekur af þjóðinni á ári hverju, en sjórinn var byrjaður að heimta þennan skatt áður en þessir voðalegu manndrápsbollar komu til sögunnar. Það hafa líka getað komið slys fyrir skip, sem hafa loftskeyti, enda þótt þau séu óneitanlega mjög þýðingarmikið slysavarnartæki. Hv. þm. var að brigzla mér um hræsni í sambandi við grein, sem ég skrifaði um slys, og hafði ég minnzt á það, að það þyrfti nauðsynlega að gera það, sem hægt væri, til þess að koma í veg fyrir slysin. Ég veit ekki, hvers vegna hv. þm. heldur, að ég sé öðruvísi innrættur en allir aðrir og geti ekki komizt við, þegar fregnir berast um það, að heilar skipshafnir hafi farizt. En ef þessi hv. þm. er að brigzla mér um hræsni, þá held ég, að það megi snúa því upp á hann sjálfan, því að það má segja, að það sé gott að ganga hér um og halda ræður um það, hversu nauðsynlegt sé að verjast atvinnuleysinu, og gera svo við hvert tækifæri það sem unnt er, til þess að lama atvinnufyrirtækin. Í þessu tilfelli kemur það glöggt í ljós, þar sem það er kunnugt, að það munar aðeins nokkrum þúsundum króna, hvort þau atvinnufyrirtæki, sem hér um ræðir, geti starfað áfram eða ekki; og það yrðu a. m. k. nokkrir tugir fjölskyldna atvinnulausir, ef skipin væru seld til útlanda. Það stappar vissulega nærri hræsni að vera að tala um böl atvinnuleysisins, en vilja svo alls ekki gera neitt til þess að létta undir með mergsognum atvinnufyrirtækjum, til þess að þau geti haldið áfram að veita *mönnum atvinnu*.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 9:5 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: SÁÓ, BSt, GL, HG, HermJ, IngP, JBald, JJ, PHerm.

nei: ÞÞ, JAJ, MG, MJ, EÁrna.

Tveir þm. (PM, ÞBr) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (A. 936).

80. Framfærslulög.

Á 53. fundi í Nd., 21. okt., var útbýtt:
Frv. til framfærslulaga (þmfrv., A. 407).

Á 55. fundi í Nd., 23. okt., var frv. tekið til 1. umr.

Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 20 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

Flm. (Jónas Guðmundsson) [óyfirl.]: Á síðasta þingi voru bornar fram hér í þessari hv. d., og að ég ætla líka í Ed., till. til breyt. á framfærslul. Stærsta frv., sem þá var borið fram á Alþ. um þetta mál, var frv., sem ég og hv. þm. Hafnf. fluttum þá. Það varð þá að lokum niðurstaða þess máls alls, að afgreiðslu á því var frestað. Um áramótin síðustu var skipuð 5 manna nefnd af hæstv. atvmrh., til þess að undirbúa löggjöf um almennar tryggingar og gera uppkast að nýjum framfærslul. Átti ég sæti í þessari n. ásamt hv. 1. þm. N.-M., og skipti n. með sér störfum þannig, að við unnum að samningu þessa frv., sem hér liggur fyrir, en samnm. okkar unnu að samningu tryggingarlagafrv.

Skal ég þá fara um frv. nokkrum orðum, og þá helzt víkja að því, sem eru aðalbreyt. frá því, sem nú er.

Það eru ákaflega miklir örðugleikar á því að semja nýtt frv. til framfærslul. og taka tillit til allra breytinga á hugsunarhætti og högum þjóðarinnar í þessu efni, sem orðið hafa síðan núgildandi framfærslulög voru sett. Og þetta er kannske allra erfiðast, þegar á að gera sér grein fyrir fjárhagnum í sambandi við þetta mál. Því að allar skýrslur, sem hægt er að fá um þetta mál, eru svo gamlar orðnar, að tæplega er unnt að byggja á þeim að öllu leyti, því að breytingar eru mjög miklar í þessu efni frá ári til árs. Þó höfum við reynt að afla þeirra skýrslna, sem mögulegt var að fá í þessu sambandi. Vil ég sérstaklega benda á skýrslur í grg. frv. um skiptingu fátækraframfærslunnar 1933, sem samdar eru af hagstofunni. Má telja þá skýrslu ábyggilega heimild um, hvernig fátækraframfærslan skiptist niður á sveitar- og bæjarfélög. Vil ég mega vænta þess, að hv. þm. athugi gaumgæfilega þessa skýrslu og aðrar skýrslur, sem í grg. eru, því að þær gefa miklar bendingar um það, hvernig bezt mundi vera að haga þessum málum. Þessar upplýsingar, sem við höfum aflað, og tillögur, sem fram hafa komið um málið, höfum við lagt til grundvallar við samningu þessa frv.

Um 1. kafla frv. er það að segja, að í honum eru tillögur um mjög litlar breyt. frá núgildandi framfærslul. Það gat orkað tvímælis, hvort ætti að fara svipað að og í Danmörku, að afnema framfærslustyrk upp á við, eins og það er kallað, þ. e. að afnema lagalegu skyldu barna til að framfæra foreldra sína. Við leggjum ekki til, að því verði breytt. Við teljum það sjálfsagt, að hver, sem á gamla foreldra, en er svo efnum búinn, að hann getur séð fyrir þeim, geri það þá.

Ég vil benda á, að í 10. gr. þessa 1. kafla er gerð ein breyt., sem sést, hver er, með því að athuga skýringu á þeirri gr. í aths. á bls. 18. Í þessari 10. gr. er fráskildum og yfirgefnum konum veittur sami réttur og ógiftar mæður óskilgetinna barna hafa nú, samkv. gildandi l., til að krefja meðlaga með börnum sínum.

Um 11. gr. 1. kafla, 4. lið gr., vil ég benda á, að ekki eru enn til l. um iðnaðarnám, sem þar eru nefnd. En ég ætla, að fyrir þessari hv. d. liggi frv. til l. um iðnaðarnám, og höfum við gengið út frá því, að frv. um iðnaðarnám fylgdi þessu frv. gegn um þingið og yrði að l. jafnt þessu frv.

Í 2. kafla frv. felst aðalbreyt., sem gerð er með l. þessum, sem er að afnema sveitfesti. Þar er hverjum manni gert að verða framfærður þar, sem hann á lögheimili. Og um lögheimili höfum við ekki skilgreint á annan hátt en þann, að heimilissveit sé sá staður, þar sem maður á lögheimili, vegna þess, að á síðasta Alþ. var samþ. þáltill. um, að stj. undirbyggi l. um heimilisfang. Í þessum kafla er heimilissveit gert að vera framfærslusveit þeirra, sem eldri eru en 16 ára. Vitanlega er það svo um börn yngri en 16 ára, að þau fylgja foreldrum sínum, hvort sem þau eru skilgetin eða óskilgetin.

Um 3. kafla frv. er það sama að segja, að hann er nýr kafli og að kalla samhlj. frv. til l. um meðlög með börnum ekkna, sem lagt var fram á þinginu 1934. Þetta frv. er tekið upp í frv. til framfærslul. sem sérstakur kafli. Það tryggir ekkjum sama rétt og ógiftar mæður hafa nú.

4. kafli er líka nýr. Er hann um stjórn framfærslumála. Við töldum, að með honum væri töluvert betra skipulagi komið á framfærslumálin heldur en nú á sér stað, þar sem hver hreppsnefnd eða bæjarstjórn hefir sinn sérstaka sið um meðferð þessara mála, en ekkert samræmi er ennþá í þessu. Hvað snertir Reykjavík í þessu efni, þá töldum við, að ekki væri fært að setja í framfærslulög ákvæði um þetta efni fyrir bæinn. En við ætlumst til, að fyrir Reykjavík verði slík ákvæði sett með sérstakri reglugerð af bæjarstjórn, eftir að framfærslunefnd í Reykjavík hefir gert till. um tilhögun þessara mála.

5. kafli þessa frv. svarar til 3. kafla í fátækral. Í 39. gr. þessa kafla eru tekin upp ákvæði um það, að heimilt sé að leggja framfærsluþurfum styrkinn á heimili þeirra í matvælum, fatnaði og öðrum nauðsynjum. Hingað til hafa ekki verið í l. skýr ákvæði um þetta atriði. Og sömuleiðis eru þar ákvæði um húsnæði þurfamanna.

6. kafli þessa frv. svarar til 4. kafla fátækralaganna. En hér eru felld niður ákvæði, sem þar voru, um það, að sveitarstjórnir skyldu ákveða um styrkþega, hver væri atvinnufær og hver væri óatvinnufær. Er eðlilegt að fella þetta niður, þar sem það var sett til tryggingar kosningarrétti manna eftir gömlum l., en kosningarréttur manna, sem sveit þiggja, er nú tryggður með stjórnarskrárákvæði. Að öðru leyti er ekki gert ráð fyrir miklum breyt. frá því, sem er í fátækral., í þessum kafla.

7. kafli frv. svarar til 5. kafla í núgildandi fátækral., en er miklu fyllri og ýtarlegri. Vil ég

sérstaklega benda á 65.—67. gr., þar sem eru viðurlög við því, ef sveitarstjórnir eða aðrir reyna annaðhvort beint eða óbeint að koma þurfamanni af sér yfir á aðrar sveitir. Þessar gr. er nauðsynlegt að athuga mjög gaumgæfilega, hvort þær megi betur fara. Legg ég það undir dóm hæstv. Alþ.

8. kafli frv., um jöfnun framfærslukostnaðar, er nýr, þ. e. a. s., þar er um að ræða breyt., sem samþ. var 1932, á núgildandi fátækral. Þessi breyt. er nú tekin hér inn og haldið sömu reglu um kostnað greiddan frá ríkissjóði eins og þar er gert, að öðru leyti en því, að hér er landinu skipt í tvö jöfnunarsvæði, þar sem allir kaupstaðir og stærri kauptún eru í öðrum flokknum, en allar sveitir með smærri kauptúnunum í hinum. Þessi till. byggist á því, að fátækraframfærslukostnaður er miklu líkari í þessum kaupstöðum og kauptúnum heldur en í kaupstöðum og sveitum og líka á hinu, að svo erfiðlega gengur að safna skýrslum um framfærslukostnað eins og gert er hér ráð fyrir, að ennþá eru ekki komnar til hagstofunnar nærri allar skýrslur af landinu um þetta frá árinu 1934, þó að nú sé komið langt fram í október 1935. Þessar tvær aðalröksemdir liggja til grundvallar fyrir því, að við leggjum hér til, að landinu sé skipt í tvö jöfnunarsvæði í þessu sambandi. Annars vil ég vísa til aths. um 71. og 72. gr., þar sem sýndur er nákvæmur útreikningur á þessari skiptingu.

Ég vil geta þess hér, að mörgum mun finnast, að í þetta frv. vanti mjög nauðsynleg ákvæði um það, hvernig fara skuli með þær framfærsluskuldir, sem verða á milli sveitarfélaga og verða óklárаðar, þegar frv. þetta verður að l. Því er til að svara, að við höfðum kafla um þetta í frv. En ráðh. taldi réttara, að sá kafli yrði felldur úr frv. þessu, en e. t. v. tekinn í annað frv. sem breyt. á l. um fjárþröng sveitarfélaga, sem til eru frá 1933, og má vera, að sá kafli eigi eins vel heima í þeim l. og hér. Mun þetta atriði koma til athugunar við umr. um þetta mál.

Um það, hvaða l. eru úr gildi felld með þessum l., þarf ekki að hafa nein orð.

Ég get nú búizt við, að sumum muni finnast vansmíði á þessu frv., og er það að vonum, en þá er vitanlega leið að bæta úr því með viturlegum till. við meðferð málsins.

Við höfum reynt að taka tillit til allra þeirra óska, sem fram hafa komið í sambandi við þessi mál, og reynt að samræma í þeim tilfellum, þar sem ósamræmið er mest, eins og t. d. viðvíkjandi framfærslu barna. Réttþæstar af öllum konum, með tilliti til framfærslu barna þeirra, eru nú ógiftar konur. Það er í því tilliti betra fyrir þær að hafa átt barn í lausaleik heldur en í hjónabandi og þurfa að annast börn eftir látinn eiginmann eða eftir að hafa á annan hátt misst fyrirvinnu. Við höfum reynt að samræma þetta og gera jöfnuð á rétti ógiftra kvenna, ekkna og fráskildra kvenna í þessu sambandi. Við höfum ennfremur reynt að binda stjórn fátækramála fastar en nú er gert, og má segja, að þær till. hefðu átt að vera viðtækari. En þetta er í fyrsta skipti, sem reynt er að binda þetta með ákveðnum reglum í fátækralöggjöf, og því töldum við réttara að fara ekki lengra inn á þá braut en að leggja drög að því á þann hátt, sem hér eru gerðar till. um.

Með þessu frv. er lagt til, að fátækraflutningur svo kallaður falli úr sögunni, nefnilega að hvert hérað framfæri þá menn, sem þar eru og ekki eiga kröfu á neitt annað sveitarfélag.

Sé ég ekki ástæðu til að orðlengja frekar um frv. að svo komnu, en vil vænta þess, að því verði vísað til allshn. að umr. lokinni.

Að síðustu vil ég segja það, að ég treysti hv. þm. til að athuga vel þetta mál með það fyrir augum að vinna að því, að löggjöf verði sett um fátækramálin, sem verði breyt. til batnaðar og geti nægt talsvert fram í tímann.

Hannes Jónsson: Ég hefi því miður ekki haft tækifæri til að athuga þetta mál sem skyldi. En af því að ég hefi ekki tækifæri til að fylgja málinu í n., vildi ég drepa á örfá atriði, sem ég við fljótan yfirlestur hefi rekið mig á og mér skilst, að ætti að athugast nánar í n. Vil ég þá vænta þess, að hv. allshn. taki þau til yfirvegunar.

Ég tek þessi atriði í sömu röð og ég hefi rekizt á þau.

Fyrst er þá ákvæði 20. gr., um það, ef þurfalingur flyzt frá útlöndum hingað heim og honum þarf að ráðstafa sem slíkum hér heima. Mér skilst eftir ákvæðum 20. gr., að slíkur þurfalingur eigi að eiga rétt á að kjósa sér framfærslusveit. Í því mikla atvinnuleysi, sem nú er, virðist mér, að það gæti verið allmjög freistandi í slíkum tilfellum fyrir mann að nota sér það í hagnaðarskyni að ganga á milli sveitarstjórna og gera þeim tilboð um, hvað þær vilji greiða, til þess að losna við, að sveit þeirra verði framfærslusveit slíks þurfalings, og að annar hreppur verði kosinn til þess. Já, hv. 1. flm. hristir höfuðið. En ég óska að fá skýringu á því, hvar réttur þessara manna er bundinn í þessu sambandi. Mér skilst, eftir ákvæðum gr., að hann sé óbundinn og slíkir menn hafi leyfi til að kjósa sér, hvaða sveit sem vera skal að framfærslusveit. Og þá virðist mér þetta liggja opið fyrir slíkum þurfamanni, ef hann er fjármálamaður (eins og hv. flm. frv.), að athuga, hvort hann geti ekki haft eitthvað upp úr þessu. Hér virðist, að þurfi að vera fastar reglur, sem farið væri eftir, um það, hvaða hreppur eða kaupstaður eigi að taka við til framfærslu slíkum manni, sem frá útlöndum kemur og talað er um í 20. gr. frv., svo sem t. d. sá hreppur, sem hann síðast átti heima í, áður en hann flutti héðan af landi burt.

Þá vil ég minnast lítilsháttar á 27. gr. þessa frv., sem gerir ráð fyrir framfærslumálastjóra, er skuli vera sveitar- og bæjar-stjórnum til aðstoðar, með tilheyrandi launum og skrifstofufé.

Ég lít svo á, að starf hans sé ekki viðtækara eða erfiðara heldur en þau störf, sem hingað til hafa verið innt af hendi í sambandi við starfsemi stjórnarráðsins, og ætti það fyrirkomulag að geta haldizt áfram eins og hingað til. Í sambandi við ákvæði 39. og 40. gr. vil ég taka það fram, að ég tel, að það geti verið óhagkvæmt, ef í öllum tilfellum ætti að skylda

framfærslusveit til þess að leggja þurfalingum styrk heima á heimilum þeirra. Það gæti t. d. vel verið um einhleypan mann að ræða, sem öllum málsaðilum kæmi bezt, að tekinn væri burt af heimilinu og komið fyrir einhversstaðar, eins og öðrum, sem heimilisþarfir hafa, en geta ekki fullnægt þeim án hjálpar framfærslusveitarinnar. Þetta er að visu ekki stórvægilegt atriði, en samt er það þess vert, að það sé ath.

Þá kem ég að því atriði, sem er ef til vill þýðingarmest, en það er ákvæði 8. kafla, 72. gr. Það er um framfærslujöfnunargjald milli framfærslusveita. Ég veit nú ekki, hvort ég hef skilið ákvæði 72. gr. rétt, en mér skilst, að lágmarksframfærslukostnaður allra sveita sé ákveðinn með þessu ákvæði frv., sem sé meðaltalsframfærslukostnaður sveitanna. Er það ekki rétt? Eða ber kannske að skilja þetta ákvæði svo, að hér sé aðeins átt við þau sveitarfélög, sem komin eru í meðallag eða þar yfir? (JG: Já, þetta á aðeins við þau, sem komin eru yfir meðaltal framfærslukostnaðar). Orðalag frvgr. er ekki nógu ljóst. Mér finnst vera hægt að skilja ákv. gr. þannig, að þau sveitarfélög, sem komast af með minni framfærslukostnað en meðaltalskostnað, yrðu látin greiða það, sem á vantaði, og því varið ásamt ríkissjóðsframlaginu til jöfnunar á framfærslukostnaði annara sveitarfélaga

Ég vil geta þess, að ég tel rétta þá leið, sem farin er í þessu frv., sem sé að greina framfærslukostnað kaupstaða frá framfærslukostnaði sveita og reikna meðaltalið út í tvennu lagi. Að lokum vil ég taka það fram, að ég mun reyna að leita samvinnu við hv. nefndarmenn um orðabreytingar og ef til vill efnisbreytingar á þessu frv., sérstaklega ákvæðum 20. gr., sem ég tel allvarhugaverða, enda þótt það sé ef til vill ekki mjög þýðingarmikið atriði.

Fjmrh. (Eysteinn Jónsson) [óyfirl.]: Í 72. gr. þessa frv. er gert ráð fyrir, að ríkissjóður leggi fram fé til hluta af framfærslukostnaði þeirra sveitarfélaga, sem hafa fram yfir meðaltalsframfærslukostnað. Ég vil beina því til n., sem fær þetta mál til athugunar, hvort ekki væri rétt að setja hámarksupphæð í þessa gr., hámarksupphæð, sem ríkissjóður leggur fram. Það er nauðsynlegt, að horfið sé að því ráði, ekki aðeins í þessu tilfelli, heldur einnig í öllum, að binda þarfir ríkisins við hámarksupphæð. Í þessu tilfelli er það mjög vel framkvæmanlegt. Þótt ákvæði um þessa hámarksupphæð væri sett inn í frv., þá þarf það ekki að koma í bága við neitt annað, því að sveitarfélögin geta aldrei reiknað út fyrir fram, hvort sem er, hve mikið þau fá. Það fer eftir fátækraframfærinu í öðrum héruðum landsins. Þetta brýtur því alls ekki í bága við það, sem ætlazt er til, að náð sé með þessu frv. Hver hámarksupphæðin ætti að vera, skal ég ekki um segja. En það má athuga, hvað framlag ríkissjóðs hefir verið mikið undanfarið. Það er 200000 kr. á yfirstandandi ári. Ég vil því eindregið beina því til n., að hámarksupphæð verði sett.

Flm. (Jónas Guðmundsson) [óyfirl.]: Á þessu stigi málsins er óþarft að ræða um einstakar gr. Það er sjálfsagt, að allshn. taki til athugunar bæði þau atriði, sem fram hafa komið hjá þeim, sem talað hafa um þetta mál. En út af því, sem fram kom í ræðu hv. þm. V.-Húnv. viðvíkjandi 20. gr. frv., vil ég taka það fram, að það er mesti misskilningur, að verið sé að skapa nýjan atvinnuveg, eins og hv. þm. komst að orði, með því að ganga á milli sveitarfélaganna. Þetta á aðeins við um þá, sem verða styrkþegar erlendis. Í gr. segir að vísu, að sá maður, sem þannig er ástatt fyrir, megi kjósa sér sveit, en jafnframt er ákvæði í þessari gr. um það, að allt sem þessi maður þarf að þiggja fyrsta árið, sem hann er hér á landi, eftir að hann kemur heim, skuli greitt úr ríkissjóði, en ekki af þeirri sveit, sem hann vill vera í. Þetta er í fullu samræmi við annan anda þessa frv., sem sé þann, að fátækur maður, sem á heima í landinu, geti kosið sér verustað og farið þangað, sem hann vill setjast að, án þess að nokkur maður geti hindrað hann í því. Þetta hefir verið og er sá andi, sem menn helzt virðast hafa hallazt að, að hver maður eigi framfærslu þar, sem heimili hans er, en það verður þar, sem hann telur bezta afkomumöguleika. Það er því mjög ósennilegt, að nokkur sveit geti grætt á því að verzla við þennan mann um það, að hann setjist t. d. að á Hvammstanga, en ekki í Rvík. Slík verzlun er yfirleitt útilokuð. Sennilega vilja flestir setjast að í Rvík, því að hér er atvinnuvonin mest, sérstaklega munu menn helzt vilja setjast að hér í Rvík, ef þeir koma hingað heim frá útlöndum, til þess að draga fram lífið á fátæks manns vísu.

Þá minntist hv. þm. V.-Húnv. á framfærslumálastjórastarfið, sem hann taldi óþarft. Því er til að svara, að þetta er einungis heimild, sem atvmrh. þeitir ef hann telur þess þörf. Okkur sem sömdum frv., var það kunnugt, að þessum störfum hefir verið skipt niður á milli hagstofunnar og sérstaks manns í atvinnumálaráðun. Það má vel vera, að mönnum þyki fara eins vel á því, að fyrirkomulagi því, sem verið hefir, verði haldið áfram, og er því þá ekkert til fyrirstöðu, ef það er almennur vilji, því að hér er aðeins um heimild að ræða, sem ráðuneytinu er veitt. Í þessu sambandi má benda á það, að það er ekki svo lítið fé, sem varið er til fátækramála í landinu. Það er hvorki meira né minna en 2 millj. kr., sem sveitarfélögin greiða beinlínis til fátækramála í landinu. Það er ekki sama, hvernig farið er með þetta fé. Tilgangurinn er fyrst og fremst sá, frá sjónarmiði sveitarfélaganna, að lækka þessi útgjöld, án þess að skera of við nögl það, sem veitt er til einstakra þurfamanna. Nú virðist mér það vera svo, að mörg sveitarfélög séu blátt áfram í vandræðum með að leysa þetta vandamál af eigin ramleik, nema með miklum útgjöldum. Væri ekki skynsamlegra, að til væri í landinu ráðunautur, sem gæti veitt leiðbeiningar í þessu efni?

Þá minntist sami hv. þm. á 39. og 40. gr. frv. Taldi hann, að maður, sem sveitarstjórn hefir veitt styrk á heimili, geti krafizt þess áfram, þótt sveitarstjórn vilji ráðstafa honum á annan stað. Ég get ekki séð, að þetta standi í frv. Vit-

anlega hlýtur þetta atriði að vera framkvæmdaratriði í hverju einstöku tilfelli. Segjum t. d., að gömlum manni hafi verið lagður styrkur á einhverju heimili, en svo þyki hentugra að koma honum á vist með ákveðnu meðlagi; þá er fullkomin heimild til þeirra ráðstafana samkvæmt ákvæðum 40. gr.

Loks minntist hv. þm. á jöfnunargjald framfærslukostnaðarins. Var hv. þm. vorkunn í því, að hann misskildi 3. lið í 72. gr. Þar stendur: „Sveitarfélög í öðrum jöfnunarflokki greiða meðaltalsframfærslugjald þess flokks, að frádregnum 10%, og fá endurgreidda ⅔ þess, sem þar er fram yfir."

Þetta vill hv. þm. skilja svo, að sveitarfélög, sem ná ekki meðaltalsframfærslugjaldi, eigi að borga upp í meðaltalsgjöldin. Þetta er vitanlega rangur skilningur hjá hv. þm., og þetta vakti alls ekki fyrir okkur, sem sömdum frv. Ef þetta ákvæði þykir orka tvímælis, þá skal það tekið fram, að það vakti ekki fyrir okkur, að þau sveitarfélög, sem hafa lægri framfærslukostnað en önnur, fari að borga meira í viðbót, sem gangi svo til annara sveitarfélaga, enda mundi það vera óframkvæmanlegt að innheimta slík gjöld hjá sveitarfélögum.

Þá minntist hæstv. fjmrh. á, að nauðsynlegt væri að binda upphæð þá, sem gengur til framfærslunnar af ríkisins hálfu, við ákveðið hámark í lögum. Skal ég ekki að svo stöddu segja margt um þetta atriði. Nú mun þessi upphæð vera milli 170 og 200 þús. kr. þessi ár, sem búið er að skipta þessu gjaldi niður, og eftir þeim útreikningum, sem við létum gera og birtir eru í töflu um skiptingu fátækraframfærslunnar, sem er að finna aftast í frv., þá reiknaðist okkur, að ef svo er ástatt í hverju sveitarfélagi, sem segir í skýrslunni, þá yrði þetta gjald 253 þús. kr. Við þetta er það að athuga, að ekki er hægt að leggja til grundvallar útreikninginn eins og hann er frá 1933, vegna þess að nokkuð af þeirri fátækraframfærslu, sem talið er, að veitt sé í sveitum landsins, er ekki veitt þar, heldur í kaupstöðum, og því mundi meðaltalsframfærslukostnaðurinn í sveitum lækka stórkostlega. Í þessu sambandi má benda á það, að á bls. 29 í frv. er það tekið fram, að í Grunnavíkurhreppi er fátækrabyrði ársins 12622 kr., en skattskyldar tekjur aðeins 1950 kr. Þessi hreppur hefir ekki innt af hendi þessa greiðslu á árinu, heldur hafa einstakir kaupstaðir, líklega mest Ísafjörður, lagt út gjaldið, og vitanlega ber að endurgreiða þangað þá endurgreiðslu, sem er frá ríkissjóði. Þannig er ástatt um marga fleiri hreppa. Þetta dæmi sýnir, að ef það fyrirkomulag, sem frv. gerir ráð fyrir, hefði verið 1933, þá hefði fátækrakostnaðurinn í kaupstöðunum yfirleitt orðið hærri en hann er og lægri í sveitum.

Mun ég svo ekki fjölyrða frekar um þetta að sinni.

Pétur Ottesen: Enda þótt ég reyndi að leggja við hlustirnar áðan, þegar hv. 1. flm. frv. hélt ræðu sína, tókst mér ekki, sökum þess hve mikill kliður var í d., að heyra mál hans til hlítar. Er illt til þess að vita, að slíkt skuli geta komið fyrir, þegar um jafnmikilsvert mál er að ræða og mál það, sem hér liggur fyrir.

Þetta frv. felur í sér allverulegar breyt. á því fyrirkomulagi, sem verið hefir hér á landi lengst af í þessu efni, en stærsta breyt. í þessu frv. er breyt. um fátækraframfærsluréttindin. Mér virðist breyt. sú, sem hér kemur fram, eðlileg afleiðing af þeim miklu breyt., sem orðið hafa á háttum manna hér á landi upp á síðkastið, nefnilega, að menn flytja nú miklu örar milli hreppa og héraða en áður tíðkaðist, og nú er eiginlega til stór hópur manna í landinu, sem á í rauninni hvergi heima, miðað við það, sem áður var, þegar menn voru yfirleitt nokkuð staðbundnir á heimilum sínum.

Við þá breyt., sem orðið hefir á háttum fólksins í þessu efni, hafa svo breyt. þær, sem gerðar hafa verið að undanförnu á þessum lögum, miðazt. Það er t. d. ekki langt síðan framfærsluréttartímanum, sem áður var miðaður við 10 ára óslitna dvöl, var breytt í 5 ár og síðan 2 ár fyrir nokkru síðan, og nú hefir þessu samkv. frv. verið breytt úr 2 árum í það, að menn skuli hafa þar framfærslurétt, sem þeir eiga lögheimili. Ég álít, að sú breyt., sem hér er um að ræða, sé eins og nú er komið á réttum grundvelli reist, því að við verðum að beygja okkur fyrir þeim breyttu kringumstæðum, sem átt hafa sér stað í þessu efni. Í þessu sambandi vil ég benda á það, að þetta getur vel leitt af sér aðrar breyt. í löggjöfinni, sem sé þær, að þau bæjar- og sveitarfélög, sem hér eiga hlut að máli, aðallega kaupstaðir og kauptún, en þangað liggur fólksstraumurinn, teldu nauðsyn bera til, að tekin yrði upp í lögin nokkur íhlutun um aðstreymi í þessa kaupstaði og þessi kauptún, þannig að sú hugmynd, sem skaut upp kollinum hér á þingi í frv. um byggingaleyfi, að hreppar og kaupstaðir fengju heimild til íhlutunar um aðflutning fólks, yrði lögfest. Mér finnst hv. þing alls ekki geta daufheyrzt við slíkum kröfum.

Það hefir verið minnzt á ákvæði 4. kafla þessa frv., sem fjallar um yfirstjórn framfærslumála og gerir ráð fyrir, að stj. sé veitt heimild til þess að taka þessi störf úr höndum atvmrn. og skipa sérstakan forstöðumann þessara mála með sérstöku skrifstofuhaldi. Mun ég ekki fjölyrða um það atriði að þessu sinni, en get tekið undir það, að með þessu er verið að stofna til óþarfa kostnaðar, án þess að nokkru sé bætt um yfirstjórn þessara mála. Sú breyt. á fátækralöggjöfinni, sem gerir dvalarstað manns, sem styrk þiggur, að framfærslusveit hans, er kostur, því að hún fækkar ágreiningsatriðum, sem oft hafa átt sér stað út af sveitfestistímanum og kostað bæði sýslumenn og stjórnarráð og aðra íhlutaðeigendur mikla fyrirhöfn og skriffinnsku. Hinsvegar virðist mér ekki heppilegt, að ágreiningi, sem kann að rísa upp milli hreppa, og hann er alls ekki útilokaður samkv. þessu frv., megi ekki skjóta til úrskurðar sýslumanna, eins og gert er ráð fyrir í frv. Í æði mörgum tilfellum hefir þessu verið þannig hagað að undanförnu, að sýslumenn hafa fellt fullnaðarúrskurð í þessum málum, sem aðiljar hafa getað sætt sig við. En samkvæmt ákvæðum frv. um þetta efni, skilst mér, að þegar slík deila rís upp, þá eigi að

skjóta málinu beint til stjórnarráðsins eða fátækraframfærslustjóra, ef hann á að verða æðsta úrskurðarvald í þessu máli. Ég álít, að með slíku fyrirkomulagi séu hreppunum gerðir alltof miklir óþarfa erfiðleikar. Ef þetta er réttur skilningur hjá mér á þessu atriði við fljótan yfirlestur, þá vil ég skjóta þessu til hv. d. og vona, að hún taki þetta til athugunar.

Að lokum vil ég svo minnast á eitt atriði, sem mér finnst vanta í þetta frv., miðað við það ástand, sem nú er í viðskiptum hreppa á milli í fátækramálum, sem sé það, að það er gengið alveg fram hjá því, hvernig fara eigi með uppgerð á gömlum viðskiptum þeirra á milli. Mig minnir, að hv. frsm. hafi minnzt á þetta atriði áðan. Um leið og gagngerð breyting er gerð á þessari löggjöf, virðist mér óhjákvæmilegt, að sett sé ákvæði í frv. um það, hvernig fara á með gömul viðskipti hreppanna, og þannig gengið frá því, að þeim viðskiptum gæti lokið á skaplegan hátt, því að við vitum það vel, að það hefir verið svo að undanförnu, að kaupstaðirnir, sérstaklega Reykjavík, hafa orðið að framfæra fjölda manna eða leggja þeim til styrk, enda þótt þeir hafi átt sveitfestu úti um land, og stofnað þannig til mikilla skulda, sem hreppunum hefir verið algerlega um megn að greiða, þrátt fyrir bezta vilja til þess að standa í skilum. Ég skal ekki fara út í það að tala um leið í þessu efni, en samkv. viðtali við hv. 1. flm. frv., þá býst ég við, að hann hafi gert till. í þessa átt, enda þótt hún hafi ekki komið fram í frv., en það er mín skoðun, að ákvæði um þetta atriði verði að fylgja í kjölfar þeirra breyt., sem frv. gerir ráð fyrir.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 21 shlj. atkv. og til allshn. með 20 shlj. atkv.

Á 94. fundi í Nd., 9. des., var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 95. fundi í Nd., 10. des., var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 407, n. 715, 740, 748).

Frsm. (Bergur Jónsson): Ég vil mælast til þess, að þetta mál verði látið bíða um stund, því að n. hefir ekki enn getað athugað allar þær brtt., sem hér liggja fyrir og komið hafa frá hv. þm. V.-Sk.

Forseti (JörB): Málinu er þá frestað um stund.

Síðar á fundinum var umr. fram haldið.

Frsm. (Bergur Jónsson) [óyfirl.]: Eins og ég gat um áðan, þegar hæstv. forseti ætlaði að taka málið fyrir, þá hefir allshn. ekki tekið til athugunar brtt. við frv. á þskj. 740, og er til atkv. kemur, þá hefir n. óbundnar hendur um þær. N. hefir ekki getað komið saman til þess að athuga þær, því að tveir af nm. voru bundnir við umr. um málið, sem lá fyrir til umr. næst á undan þessu, og einn nm. var fjarverandi, svo að það hefir ekki verið hægt að taka afstöðu til till.

Í nál. allshn. á þskj. 715 er í stuttu máli bent á aðalbreyt., sem fólgnar eru í frv., til framfara frá núgildandi l. En þær eru að fella niður ákvæðin um sveitfestistíma, afnema sveitarflutninga og að framfærslukostnaði er jafnað niður eftir sérstökum reglum. Það mun vera ágreiningslaust meðal nm. að ganga saman um þessi atriði frv. En aftur á móti hafa þeir óbundnar hendur um einstakar brtt., sem þeir bera fram eða aðrir.

Eins og kunnugt er, þá eru núgildandi fátækralög byggð á fátækralögunum, sem sett voru 1905. Það var þá reynt að gera þau mjög vel úr garði, því að þau voru gerð af hinum færustu lögfræðingum, meðal annars Jóni Magnússyni og fleirum. En á þessum 30 árum, sem síðan eru liðin, hefir það sýnt sig, að sumpart vegna þeirra breyt., sem orðið hafa í þjóðfélaginu, og sumpart vegna þess, að þá hafa l. ekki verið eins vel úr garði gerð og æskilegt hefði verið, að þau þurfa lagfæringar við. Sérstaklega vil ég benda á það, sem þegar kom í ljós á fyrsta ári, og reyndar alltaf síðan fátækralögin voru sett 1905, að það hefir staðið hin einkennilegasta togstreita milli sveitarfélaganna um það, hverjir eigi að sjá fyrir framfærslu þurfalinga. Það eru til hinar skringilegustu sögur um það, hvernig oddvitar sveitarfélaganna hafa hagað sér í því að reyna að koma af sveitarfélögunum ómögum, og málin, sem risið hafa út af slíku og staðið hafa til úrskurðar í atvmrn., en þau voru áður í annari skrifstofu stjórnarráðsins, hafa sennilega skipt hundruðum frá því, að fátækralögin gengu fyrst í gildi. Þetta út af fyrir sig er ekki stórt atriði, þó að þessi skriffinnska hafi fylgt gömlu l. En það er stórt atriði, og það hefir líka legið til grundvallar togstreitunni milli hinna einstöku sveitarfélaga, að í þessum l. er það svo, að fæðingarsveit skal yfirleitt vera grundvöllur undir það, hvar framfærslusveitin er. Um þetta hefir barátta staðið hina síðustu áratugi og sveitfestistíminn verið færður niður, svo að hann var lengi vel 10 ár og síðan færður niður, þangað til hann var orðinn 4 ár, og árið 1927 var hann svo lækkaður enn meira. En afleiðingin af þessu ákvæði um það, að hver og einn skuli eiga framfærslusveit í fæðingarsveit sinni, eftir l. þar sem foreldrar hans eru fæddir, en í framkvæmd hefir það verið þar sem hann sjálfur er fæddur, þangað til hann hefir áunnið sér sveit annarsstaðar, hefir ekki aðeins orðið til þess að skapa deilur, heldur til þess að eyðileggja fjárhag einstakra sveitarfélaga. Ég gæti nefnt áberandi dæmi um það, að sveitarfélag hefir fengið 1—2 þús. kr. af þurfalingum, en hefir orðið að taka á sig 2—3 þús. kr. skell af ómögum á einu ári. Þetta er það, sem ég álít, að sé aðallega bætt úr með frv., og ég álít, að þetta sé svo mikilsvert atriði fyrir þjóðarbúskapinn, að það megi ekki draga að koma því í l., hvað sem segja má um hin önnur atriðin í frv. Það nær engri átt að gera íbúa einstakra landshluta að vanskilamönnum vegna þessa, og álasa svo þeim, sem á eftir koma, án þess að geta eða vilja hjálpa. Það var gerð tilraun til þess með l. 1932, þar sem ákveðið var að gera upp þau sveitarfélög, sem

væru verst stæð, en þetta var káktilraun, og það er ekki sýnt, að hún hafi haft neina verulega þýðingu. En orsökin að þessu var hið gamla ákvæði um að fæðingarsveitin skyldi vera framfærslusveit, og það er þetta ákvæði, sem hefir steypt tugum sveitarfélaga, og á eftir að gera það, ef Alþ. vill ekki ganga inn á þá breyt. á þessu ákvæði, sem frv. fer fram á, en hún er sú, að heimilissveitin sé framfærslusveit manna.

Annars eru aðalbreyt. þær, sem fólgnar eru í frv., teknar fram í grg. þess, og ætla ég, til þess að tefja ekki umr., að nota mér þá upptalningu. Þessar breyt. eru:

1. Sveitfestitíminn er afnuminn.

2. Hver maður á framfærslurétt í heimilissveit sinni og öðlast þann rétt strax og hann sezt að í annari sveit.

3. Sveitarflutningar eru afnumdir. Þetta atriði hefir mikla þýðingu í augum sumra, sem hafa alizt upp á meðan sveitarflutningahneykslið átti sér stað. En þetta hefir lítið verið tiðkað nú um skeið, en ég játa, að ef þetta ákvæði er notað, þá getur það verið ómannúðlegt.

4. Ríkissjóði er gert að jafna framfærslukostnaðinn eftir ákveðnum reglum. Inn á þessar reglur ætla ég ekki að fara að svo stöddu, en ef tilefni gefst með brtt., sem kunna að vera fluttar, þá er það sjálfsagt.

5. Ekkjur og fráskildar konur njóta samkv. frv. sama eða svipaðs réttar og ógiftar mæður. En svo undarlega hefir verið frá þessari löggjöf gengið, að ógiftar mæður hafa verið betur settar samkv. löggjöfinni heldur en þessar konur, sem nefndar voru.

Að lokum eru svo í frv. sett nánari ákvæði um stjórn framfærslumála.

Ég geri ráð fyrir, að flest af þessum atriðum séu í samræmi við skoðanir meðnm. minna í allshn. Ég hefi ekki haft tækifæri til þess að bera það undir meðnm. mína, hvort þeir eru fylgjandi eða hvaða afstöðu þeir taka til brtt., sem eru fluttar af hv. þm. V.-Sk. og tveim öðrum hv. þm. Þessu þskj. var útbýtt í gær, og síðan hefir verið nóg að vinna, og því ekki gefizt tími til þess að athuga brtt. nægilega. Ég get þó sagt, að ég vil ekki ganga inn á það fyrir mitt leyti, að fella niður ákvæðið um framfærslunefndir, sem gert er ráð fyrir í frv. Ég hygg, að þær komi á sumum stöðum að betra liði en hinar almennu hreppsnefndir. Ég mundi heldur vilja ráða hv. flm. til að taka aftur brtt. sínar við þessa umr. og flytja þær þá aftur við 3. umr. Ég skal þá gera mitt til þess að allshn. athugi þær og taki afstöðu til þeirra. 3 þm. úr allshn., og þar á meðal ég, hafa flutt brtt. á þskj. 748, og ég get fyrir mitt leyti gengið inn á, að þær séu geymdar til 3. umr., ef hv. flm. að brtt. á þskj. 740 ganga inn á að geyma sínar til 3. umr., og ég mun reyna að fá meðflm. mína til þess að samþykkja það. Ég vil þó taka það fram, að þar er um smávægilegar breyt. að ræða, sem ég býst við, að allflestir geti gengið inn á, án mikillar yfirvegunar. Nokkrar þeirra eru teknar úr syrpu af brtt., sem bárust allshn. frá Mæðrastyrksnefndinni.

En ég er til með, ef mnm. mínir vilja fallast á það, að taka aftur til 3. umr. brtt. á þskj. 748, ef hv. flm. að brtt. á þskj. 740 vilja einnig taka hana aftur nú, svo málið geti gengið til 3. umr.

Thor Thors [óyfirl.]: Það algerlega óvanalega hefir hér komið fyrir, að allshn. er í aðaldráttum sammála. Ástæðan fyrir því, að við sjálfstæðismenn mælum með því, að frv. gangi fram, er sú, að við teljum, að öll höfuðatriði þess miði í rétta átt. Við erum með því, að sveitfestin sé afnumin, að fátækraflutningarnir séu afnumdir og að framfærslunni sé jafnað milli sveitarfélaganna meira en verið hefir. Einnig teljum við nauðsynlegt, að ríkið hlaupi undir baggann og rétti sveitarfélögunum hjálparhönd. Öllum þessum meginatriðum erum við hlynntir.

En það voru nokkrar smávægilegar breyt., sem við sjálfstæðismenn í allshn. höfðum hugsað okkur að bera fram. En þar sem þeir hv. þm. V.-Sk., hv. 7. landsk. og hv. þm. Borgf. hafa borið fram rækilegar brtt. við frv., sem við erum í öllum aðalatriðum hlynntir, sjáum við ekki ástæðu til þess að bera fram sérstakar brtt.

Gísli Sveinsson [óyfirl.]: Herra forseti! Það er rétt, að ég og tveir aðrir hv. þm. höfum leyft okkur í samráði við samflokksmenn okkar í allshn. að bera fram brtt. á þskj. 740. Eru margar þeirra viðtækari og skipa orðum og efni á nokkuð annan veg en í frv. greinir, þótt af sömu rót sé. Það er að vísu ótvírætt, þótt fátækralöggjöfin sé ekki úrelt í heild, enda er hún tiltölulega nýleg, frá 1927, og breyt. síðar, þá hafa ýms atvik og ástand skipazt svo, að við flm., og sennilega allir þm., álítum nauðsynlegt, að taka a. m. k. hluta l. til endursamningar og gera þar á allverulegar breyt.

Það eru tvö höfuðatriði, sem þarf að lagfæra, á því ástandi, sem nú ríkir. Í fyrsta lagi að stytta eða afnema svokallaða sveitfesti, og í öðru lagi að jafna framfærslukostnað umdæmanna. Og þegar sleppir sveitar- og bæjarfélögum, er ekki um hjálp að ræða, nema frá ríkinu. Hafa komið l. frá Alþ. um að jafna þetta, sem þó má segja, að gangi ekki að sumu leyti nógu langt. Því að sé gengið inn á annað þessara höfuðatriða, verður að taka hitt að fullu með.

Stytting sveitfestitímans er bæði gamalt mál og nýtt, og er áður búið að stytta hann með l. frá því, sem áður var. Síðast þegar þessu var breytt, þykir nú of skammt hafa verið gengið, og á nú að afnema hann með öllu. Þessi tvö höfuðatriði eru svo mikilvæg að þm. vilja breyta löggjöfinni. Frá því sjónarmiði, að þetta sé réttmætt, höfum við borið fram brtt. á þskj. 740. Við höfum ekki á móti, að l. séu nefnd „framfærslulög", í stað „fátækralög" áður. Er hér aðeins um orðabreyt. að ræða, sem stefna að því að milda heiti á mönnum og málefnum, sem hér koma við. En við flm. brtt. á þskj. 740 teljum engar aðrar breyt. aðkallandi eða máli skipta en þessi tvö höfuðatriði. En í frv. mþn. er að okkar dómi farið út fyrir þetta svið og komið inn á atriði, sem gera frv. óaðgengilegt. Það má að vísu segja, að frv. miði til bóta, en það verður að teljast óþarft að setja inn í það ákvæði, sem ekki eru nauðsynleg eins og stendur, en valda kostnaði, svo sem stofnun framfærslunefndar til

aðstoðar hreppsnefndunum og embætti framfærslustjóra. Mundi bráðlega, ef svo væri stefnt, vaxa upp embættabákn hliðstætt stj. fræðslumála. Má við una, að sömu menn og þeir, er hreppsnefndir skipa, fari með þessi mál, eins og áður, og teljum við sjálfsagt, að svo verði þangað til reynsla er fengin, og standi á meðan beint undir stj. atvmrh.

Ég held, að sú breyt. sé ekki tilvinnandi, að stofna öll þau embætti, heldur sé betra að auka við starfskrafta á skrifstofu ráðuneytisins, eftir því, sem nauðsyn krefur, t. d. að sérstakur fulltrúi hafi þau mál með höndum, mundi það verða skaplegri kostnaður en stofnun nýrra embætta.

Eins og hv. þdm. sjá, miða brtt. á þskj. 740 að því að samræma l., eftir að búið er að afnema framfærslunefndir og framfærslustjóra. Fyrsta brtt. okkar er um að orðin „eða framfærslunefndar“ falli niður. Næstu brtt. eru að mestu smávægilegar orðabreyt.

Aðalbreyt. felst í 9. brtt. við IV. kafla, um að fella niður framfærslunefnd og framfærslustj., og fella mál og greinar inn í frv. í staðinn. Við teljum síður en svo þörf á stofnun þessara embætta. Í raun og veru er alveg einkennileg þessi uppgötvun n., að nauðsynlegt sé að fá nýja menn og stofna ný embætti til þess að fara með þessi mál. Ef frv. nær fram að ganga eins og það er, verður mikill kostnaður við framkvæmdastj., sem greitt verður af opinberu fé, í viðbót við annan kostnað, sem ríkið ber af þessum málum. Teljum við, að hreppsnefndirnar geti vel annazt þetta eins og verið hefir. En ef hitt á að vera gert vegna styrkþega, er því til að svara, að styrkþegum nú á tímum er sú aðstoð í té látin, þar sem þeir jafnvel mynda heila flokka, að þeim mun engin vandræði verða úr því að koma kröfum sínum á framfæri og afla sér nauðsynlegra upplýsinga þótt ekki séu settar á stofn sérstakar stofnanir til þeirra hluta. Í bæjunum, þar sem þess væri helzt þörf, er slík verkaskipting komin á, og þarf því ekki þessi l. til. Við teljum að tímarnir séu ekki þannig nú, að rétt sé, ef ekki ber ríka nauðsyn til, að stofna ný embætti ráðuneytinu til aðstoðar. Við þennan kafla eru höfuðbreyt., sem við leggjum til, að gerðar séu. Auk þess eru ýmsar fleiri brtt., svo sem að orðum er vikið til betra máls og í samræmi við það, sem eðlilegt er að hafa eftir því, sem við leggjum til, eða vegna almennra l. eða reglna, sem fyrir eru.

Þá er 21. brtt. á nefndu þskj., um að fresturinn til að gefa fyrirskipaðar skýrslur verði lengdur. Það hefir reynzt svo, þótt l. mæli svo fyrir, að ekki eru tiltök að hafa tilbúnar fyrir lok marzmánaðar þær skýrslur, sem 69. gr. talar um.

Allir, sem við þessi mál fást, vita að þessar skýrslur nást ekki fyrr en komið er fram í júní, a. m. k. ekki, þar sem vegalengdir eru miklar og póstgöngur erfiðar. Þótt skýrslurnar komi til héraðsnefndanna samkv. l. í apríl til maí, sem yfirleitt er ekki fyrr en í maí, eru ekki tiltök, að n. hafi lokið störfum og undirbúningur á skrifstofu sé búinn fyrr en í júní. Höfum við því sett tímann 15. júní. Þó n. hafi sett annan tíma, verður að breyta því, heldur en sigla því fram, sem ómögulegt er að uppfylla. Við 74. gr. höfum við gert þá brtt., að fyrir 1. júlí komi 1. júní, og er það að forminu til samræmis við það sem verið hefir.

24. brtt. er ný málsgr., sem fjallar um meðferð á áföllnum skuldum út af viðskiptum sveitafélaga, þegar l. koma í gildi. Við töldum ekki einungis sjálfsagt, heldur nauðsynlegt að láta fylgja skýrt ákvæði um það atriði, svo allir geti gengið úr skugga um, hvernig með þau mál eigi að fara. Það má e. t. v. deila um, hver ákvæði séu þar heppilegust, en við höfum falið atvmrh. úrskurð í þeim málum.

25. brtt. er um að bæta nýrri málsgr. við 78. gr., sem kveði á um það atriði, sem n. tekur fram í grg., að um alla þá, sem eru á sveitarframfæri við gildistöku l., koma ákvæði þeirra til framkvæmda þegar í stað. Fannst okkur flm. rétt að taka af allan vafa í þessu efni í frv. sjálfu, svo þar væri hreint borð, og allir vissu, út frá hverju væri að ganga.

Þá skal ég víkja að ákvæði til bráðabirgða, sem sett er eftir ósk margra hv. þm., þó skoðanir séu skiptar um hvernig því skuli beitt, og mætti þess vegna leita samkomulags um það atriði. Er von, að uggur sé í mönnum um, hvernig fólksstraumurinn leggst, og ekki úr vegi að setja einhver ákvæði, sem takmarka, hvar fólkið dembir sér inn. Má ég segja fyrir hönd mflm. minna, að okkur er ekki aðalatriði að fá brtt. samþ. eins og hún er nú, heldur að þetta sé athugað og leitað um það samkomulags, og mun ég því taka brtt. aftur til 3. umr.

Hannes Jónsson: Ég sé, að þær aths., sem ég gerði við 1. umr. þessa máls, eru að sumu leyti teknar til greina í brtt. á þskj. 740, en sumar hafa fallið niður. Það voru tvö atriði, sem ég nefndi um orðabreyt. á 72. gr. til að færa það í gleggra og ákveðnara horf. En það, sem hér skiptir mestu máli, er, hvernig hagað verður greiðslum ríkissj. til jöfnunar-framfærslukostn. Eftir að hafa athugað málið allrækilega, hefi ég komizt að þeirri niðurstöðu, að sú aðferð að miða endurgreiðsluna við meðaltalsframfærslu ÷ 10% er ekki rétt, en getur skapað misræmi, ef farið er niður fyrir meðalframfærslukostnað, Ég mun því, ef n. ekki gerir breyt. á þessu fyrir 3. umr., bera fram ákveðna brtt. í þá átt. Mér er það ljóst, að með því yrði nokkuð þyngt á sveitarfélögunum frá því, sem frv. gerir ráð fyrir. Um þetta atriði má segja það sama og um það að létta þessum skyldum algerlega af sveitarfélögunum og leggja þær á ríkið, að sá hagnaður sveitafélaganna myndi verða mestur á pappírnum og koma fram í margfalt auknum útgjöldum til ríkissjóðs. Þetta ákvæði frv. gengur í sömu átt og veikir aðstöðu sveitarfélaganna til þess að halda í þann eina hemil, sem þau geta haft á óhóflegri aukningu fátækraframfærslunnar. Það má lengi deila um, hvort lækka skuli um 10% eða t. d. eitthvað minna. En þegar komið er niður fyrir meðaltal, er allt orðið laust í þessu efni, og seinni kröfur um frekari hækkun geta haft sömu stoð og þessi ákvæði og því hæpið að fara niður fyrir meðaltal, og ég tel, að það sé beinlínis hættulegt og muni valda laus-

ung á þessum málum í framtíðinni, jafnvel þótt það væri að einhverju leyti til hjálpar, en það á þá að fara aðrar leiðir til hjálpar sveitarfélögunum til að ná sama marki.

Þá vil ég vekja athygli hv. þd. á því og óska, að n. athugi það líka, ef hún hefir ekki athugað það áður, hver áhrif það hefir að skipta landinu í tvo framfærsluflokka, eins og frv. gerir ráð fyrir. Ég held, að ég hafi við umræðu um þetta mál spurt, hvort ekki væri ástæða til að skipta landinu í tvo framfærslufl., og hv. þm. Hafnf. hafi svarað því, að hann hefði athugað það og fundizt annmarkar á því. Nú hefi ég athugað þetta mál og komizt að svipaðri niðurstöðu, og hefi ef til vill orðið ákveðnari í því vegna þess, að kauptúnin eru tekin út úr og sett með kaupstöðunum. Það verður að athuga það, að þessi litlu kauptún með 500 íbúa hafa enga þá sérstöðu í atvinnurekstri, sem hægt sé að leggja til jafns við aðstöðu kaupstaðanna. Ef eitthvað á að taka út úr, þá verður að setja takmarkið hærra en gert er, til þess að ekki komi meira í álögur á ýms sveitarfélög. Annars játa ég það, að við nánari athugun hefi ég ekki fundið, að það skipti nokkru máli, hvort landið er í einum framfærsluflokki eða tveimur eða þó öllu heldur þremur, þar sem Rvík er sérstakur flokkur. Á bæjunum munar þetta sáralitlu. Munurinn verður mestur í Rvík, ef landið er einn framfærsluflokkur, og verður Rvík þá tæpum 37 þúsund krónum hærri í meðaltals framfærslukostnaði. Hafnarfjörður yrði um 550 krónum lægri. Ísafjörður rúmlega 200 krónum lægri, Akureyri nokkuð yfir 500 kr. hærri, Siglufjörður 200 kr. lægri, Seyðisfjörður um 400 krónum lægri, Neskaupstaður um 500 kr. og Vestmannaeyjar tæpum 1900 kr. lægri, og munar þar einna mestu, en munar þó svo sáralitlu, að ég sé ekki, hvað unnið er frá ástandinu 1933, og af því að breyt., sem verða í þyngslum framfæris hjá einstökum sveitarfélögum, verða ekki sagðar svona fyrirfram, og ég held, að n. hafi ekki getað byggt á neinum tölum, sem víkja frá því, sem var á árinu 1933, þá fæ ég ekki séð, að hún hafi haft neinn verulegan grundvöll til að byggja á till. sínar. Ég vil vænta þess, að hv. allshn. athugi nákvæmlega, hvort ástæða er til að skipta landinu í 2 framfærsluflokka, og ef ástæða þykir til þess, hvort þá væri ekki ástæða til að breyta um kauptúnin og láta þau fylgja með sveitarfélögunum.

Að lokum vil ég taka það fram, að ég hefi viljað styðja álit mitt á þessu máli við þetta frv. og þá skýrslu, sem fylgir, en það er örðugt að gera, því skýrslan er ekki rétt og sýnir því rangar niðurstöður, sem svo er byggt á í útreikningnum. Tölur eru nauðsynlegar í rökstuðningi margra mála, en þá verður líka vel að vanda til allra heimilda, því annars verður niðurstaðan röng og allur málflutningur villandi. Mér hefði fundizt ástæða til, að hv. allshn. hefði tekið til athugunar, hvort ekki væri rétt að láta reikna skýrsluna upp, því það eru sjáanlegar villur í henni. Ég get nefnt til dæmis, að Innri-Akraneshreppur fékk samkvæmt því, sem þar segir, greitt úr ríkissjóði 705 kr., en sagt, að samkvæmt frv. hefði það orðið 21 króna. Það er nú aukaatriði, að ef það hefði ekki verið meira en 21 kr., þá hefði það aldrei verið greitt, því minni upphæð en hundrað kr. eiga aldrei að greiðast neinu bæjar- eða sveitarfélagi, hitt er aðalatriðið, að greiðsla þessi hefði orðið á annað þúsund kr. samkv. þeirri reglu, sem hér á að gilda, en svo er þessi hringavitlausa niðurstöðutala tekin sem góð og gild og byggt á henni, og er þá ekki von á öðru en byggingin verði nokkuð völt. Ég hefi rekið mig á fleiri villur, en ekki haft tíma til að taka þær upp, en það eru hér villur svo, að munar á sumum liðum hundruðum og jafnvel þúsundum á hverjum einstökum lið.

Ég skal láta þetta nægja, en ég vonast eftir, að hv. allshn. haldi fund um málið og taki ákvörðun um brtt., sem komnar eru og koma fram, og vildi ég þá geta komið að upplýsingum um þetta atriði, ef hv. n. gæti fallizt á það, sem ég hefi fram að færa og á fullum rökum er reist. Ég ætla ekki nú að þylja upp þær tölur, sem fram hafa komið við athugun mína á þessum atriðum. Það mundi lengja þessa umræðu að mun. Það er líka tími til að tala nánar um þessi atriði við 3. umr., og þá mun ég flytja brtt. við þessi ákvæði frv., ef þær verða ekki teknar upp af hv. allshn.

Fjmrh. (Eysteinn Jónsson): Ég hefi minnzt á það, að ég áliti eðlilegt, að sett sé í frv. ákvæði um hámark á því fé, sem verja á til þess að bæta sveitarsjóðunum upp fátækraframfærslu. Ég sé, að hv. n. hefir ekki gætt þessa í frv., en ég vil nú beina því til hennar, að þegar hún tekur til athugunar þær brtt., sem hér liggja fyrir, þá athugi hún einnig þetta atriði, hvort hún ekki geti fallizt á að setja hámark á framlag ríkissjóðs. Ég ætla ekki að gera ákveðna till. um, hve hátt þetta hámark verði sett, en ég get bent á, að nú er varið til þessa um 180 þúsund kr. á ári, og ég skal líka benda á það, að gert er ráð fyrir, að samkv. því fyrirkomulagi, sem lagt er til grundvallar í frv., hefði tillag ríkissjóðs orðið 250 þúsund á árinu 1933, og þætti mér eðlilegt, að einhversstaðar nálægt þessum tveimur upphæðum yrði þetta hámark sett.

Mér hefir heyrzt á hv. þm., að þeir myndu geta fallizt á að setja í l. hámark á framlagi ríkissjóðs til framfærslu í landinu, og sú skoðun mun rikjandi, að sem mest beri að gera að því alls staðar þar, sem ríkissjóður á að leggja fram fé.

Ég vil eindregið skora á hv. allshn. að gera till. um þetta efni fyrir 3. umr. og fá þetta fast ákveðið. Auðvitað geta sveitarfélögin ekki í því tilfelli vitað fyrir fram, hve mikið þau eiga að fá endurgreitt af framfærslukostnaði, hvert út af fyrir sig.

Frsm. (Bergur Jónsson) [óyfirl.]: Ég skal ekki meira fara út í að rökræða þetta mál nú. Af því að hv. þm. V.-Sk. hefir fallizt á að verða við þeim tilmælum að taka aftur brtt. sínar á þskj. 740, og við, sem erum flm. að brtt. þskj. 748, höfum einnig tekið hana aftur til 3. umr., þá sé ég ekki ástæðu til að ræða um þær nú á þessum fundi.

Það hefir verið svo annríkt undanfarið, að ekki hefir verið mögulegt fyrir allshn. að koma saman og athuga framkomnar brtt., en ég vona, að það takist fyrir 3. umr., svo ég geti þá um þetta sagt fyrir n. hönd, en ef það ekki tekst, mun ég þá taka afstöðu sjálfur til þeirra brtt., sem fram koma.

Hv. þm. V.-Húnv. gerði nokkrar aths. við jöfnuðinn á framfærslukostnaðinum, eins og hann er ætlaður samkv. 72. gr. Ég get lofað honum því, að þetta verður athugað, ef allshn. getur komið því við, og ef möguleikar kynnu að verða á að reikna upp skýrsluna, þá mun það einnig verða tekið til athugunar. Hann benti á, að þessi skýrsla mundi í sumum verulegum atriðum vera röng, en ég get varla vænzt þess á svo stuttum tíma, sem n. hefir til umráða, að hægt verði að fara út í þau atriði. Það hlýtur að lagast í meðferðinni við framkvæmd laganna, þegar þar að kemur.

Hæstv. fjmrh. hefir óskað þess, að n. taki til greina tilmæli hans um að setja hámark á þá upphæð, sem ríkissjóði beri að greiða af framfærslukostnaðinum. Ég mun fara fram á þetta við n., en hvernig hún tekur í það, veit ég ekki. Ég veit ekki heldur, hver rök verða færð fram fyrir því. Mér finnst, að nokkuð verði rennt blint í sjóinn um, hvort hámarkið verði réttlátt, og mér finnst nokkuð benda í þá átt, að hættulegt sé að setja hámark, og það geti raskað því hlutfalli, sem á að vera á milli þess kostnaðar, sem sveitarstjórnir bera, og þess, sem ríkissjóður verður að greiða, og sveitarfélögin verði öryggisminni um tekjuþörf sína. Annars kemur þetta betur í ljós við nánari athugun.

Ég vona, að hv. d. samþ. frv. óbreytt til 3. umr. og n. fái tækifæri til að athuga þær brtt., sem fram eru komnar, og ákveða sig um þær, svo hún geti fyllilega lýst afstöðu sinni til einstakra atriða við 3. umr.

Jónas Guðmundsson [óyfirl.]: Ég hafði ætlað mér að fara ýtarlega inn á þær brtt., sem eru á þskj. 740, en nú hefir því verið lýst yfir, að þær verði teknar aftur til 3. umr., og því hefir sömuleiðis verið lýst yfir um þær brtt., sem bornar eru fram af hv. meiri hl. allshn. og eru hér á þskj. 748, og er þá verkefni þessarar umr. að mestu lokið. Því vitanlega ber að ræða einstaka liði frv. við sömu umræðu og þeir koma til atkv. En þetta verður þá einskonar 1. umr. um málið og vil ég þá minnast á nokkur atriði málsins almennt. Vil ég þá fyrst víkja nokkrum orðum að þeirri till. á þskj. 740, sem er um að fella niður kaflann um stjórn framfærslumálanna eins og hann er í frv., en setja í þess stað að atvmrh. hafi alla yfirstjórn framfærslumálanna í landinu. Þessi kafli hefir aðallega tvær hliðar. Önnur er sú fjárhagslega, sem að hreppum og ríki snýr, og hin er sú framkvæmdarlega, sem veit að þeim, sem styrkinn eiga að fá, og í allri þeirri sóciallöggjöf, sem ég þekki, og er aðallega löggjöf Norðurlanda, þar er fyrrnefnda atriðið að litlu haft, en hlutar þeirra manna, sem styrk eiga að fá, er gætt eins vel og unnt er, — það eru þessar tvær hliðar: Annars vegar fjárhagur bæjar- og sveitarfélaga og hins vegar hagur þeirra, sem styrks eiga að njóta.

Eins og ákveðið er um yfirstjórn framfærslumálanna í frv., fellur það meira inn í kerfið, heldur en eins og ætlazt er til í brtt., og einmitt að því miðar þessi kafli. Ég gæti samt vel fallizt á, að þetta mætti fella niður á frumstigi málsins og setja í þess stað, að atvmrh. hafi stjórn allra framfærslumála. Vitanlega getur ráðh. látið einhvern starfsmanna í ráðuneytinu annast þessi mál. Eins og nú er, hefir einn fulltrúinn aðallega þessi mál með höndum.

Hitt er aftur rangt að fella burtu framfærslunefndirnar í kaupstöðunum. Víða í kaupstöðum eru störf þessi umfangsmikil, og bæjarfulltrúar hafa auk þess öðrum tímafrekum störfum að sinna, og er þá ekki nema sanngjarnt, að störfunum sé skipt.

Ég legg því algerlega á móti því að fella þennan kafla niður eða breyta í honum öðrum atriðum en því, sem snýr að ráðuneytinu.

Um aðrar till., ákvæði til bráðabirgða, ógreiddar skuldir o. s. frv. mun ég ekki tala fyrr en við 3. umr.

Hv. þm. V.-Húnv. talaði um meðaltalsjöfnuðinn og um skýrslu þá, sem frv. fylgir, og taldi hana ranga og benti réttilega á eitt atriði, sem þar er farið rangt með. Þessa skýrslu hefir hagstofan gert, og er það sú skýrsla, sem gerð hefir verið fyrir ráðuneytið og hrepparnir hafa fengið greitt eftir. Síðasti dálkurinn er gerður fyrir tilmæli frá n., og þó svo að skakki á útreikningi á einhverjum af þessum liðum skýrslunnar, n. hefir ekki reiknað hana út, það var gert hér á hagstofunni, þá virðist mér eftir lítilsháttar athugun, að skýrslan í heild sé mjög nálægt því að vera rétt. Þessu til sönnunar má nefna það, að ráðuneytið hefir nú látið hagstofuna reikna út skiptingu framfærslutillagsins eins og hún hefði orðið á árinu 1936, ef fátækraframfærið hefði verið flutt úr þeim hreppum, þar sem það er talið, og á þá staði, þar sem það raunverulega hefir farið fram. Eftir þeirri skýrslu, sem nú liggur fyrir, hefði ríkissjóðstillagið þá orðið 232 þúsund kr. samtals á öllu landinu, en eftir þeirri skýrslu, sem þessu frv. fylgir, er talið, að það hefði orðið 253 þúsund, svo þetta munar 20 þúsund kr., en þessi munur stafar af því, að í þessum útreikningi hefir ráðuneytið látið færa þau framlög, sem talin eru greidd í einstökum hreppum, burtu þaðan og í kaupstaðina, þar sem þau eru raunverulega greidd. Ég skal ekki fara út í skiptinguna í tvo framfærsluflokka fyrr en við 3. umr. Það er í raun og veru breyt. á tilhögun, og mun það vera rétt hjá hv. þm. V.-Húnv., að þegar miðað er við það, sem gefið er upp í skýrslunni, þá er breytingin lítil, en þar er framfærslugjald hreppanna reiknað eftir því, sem það er talið, en ekki eftir því, hvar það raunverulega er greitt.

Um brtt. á ordalagi einstakra gr. er það að segja, að bæði ég og aðrir nm. munu verða þeim þakklátir, ef þar er komið með fyllra orðalag til þess að girða fyrir misskilning.

Ég skal svo ekki tala meira um málið nú, en áskil mér rétt til að tala um hverja einstaka till. við 3. umr.

ATKVGR.
Brtt. 740 og 748 teknar aftur til 3. umr.
1. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
2.—11. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
12.—21. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.
22.—26. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.
27.—36. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
37.—45. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
46.—53. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
54.—67. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
68.—75. gr. samþ. með 17 shlj. atkv
76.—78. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
Fyrirsagnir frv. og kafla þess samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 17 shlj. atkv.

Á 97. og 98. fundi í Nd., 12. og 13. des., var frv. tekið til 3. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 99. fundi í Nd., 14. des., var frv. enn tekið til 3. umr. (A. 726, 740, 748, 771, 789, 790, 795, 813, 815).

Frsm. (Bergur Jónsson) [óyfirl.]: Við 2. umr. þessa máls var farið fram á það, að brtt., sem þá voru fluttar við frv. til framfærslulaga, væru teknar aftur og geymdar til 3. umr. og urðu flm. þeirra við því, en síðan hefir bætzt talsvert af brtt. við þetta mál. Ég ætla fyrst að geta um þær brtt., sem öll allshn. er sammála um og leggur til að verði samþ., þ. e. a. s. brtt. á þskj. 748.

Það er þá fyrst brtt. við 15. gr., að aftan við síðari málsgr. bætist: „Áfrýja má úrskurði barnaverndarráðs til ráðherra". — Við 22. gr. er sú brtt. að fella niður orðin „sem hjá henni dveljast". Það þykir óþarft að taka það fram, þar sem talað er um börn, sem eru á framfæri ekkju, að þau þurfi að dvelja hjá henni, eftir því, sem gr. er orðuð. — Við 27. gr. er gerð sú brtt. að setja „ráðherra" í stað „atvinnumálaráðherra". Þetta er gert vegna þess, að það getur komið fyrir, að þessi mál heyri einhvern tíma undir annan ráðherra en þann, sem veitir atvinnumálaráðuneytinu forstöðu, þó að oftast muni það vera þannig, að það heyri undir atvmrh. — Við 39. gr. er lagt til að bæta nýjum málslið á eftir 1. málsgr., svo hljóðandi: „Þar sem almenningsmötuneyti er starfrækt, er framfærslunefnd eða hreppsnefnd heimilt að mæla svo fyrir, að framfærsluþurfar skuli fá mat sinn þar, enda sé mötuneytið að dómi heilbrigðisnefndar að öllu svo útbúið, að sómasamlegt sé." *Þessari brtt. er einnig öll n. samþykk.* Það munu vera komin almenn mötuneyti í Hafnarfirði og á Akureyri, og ekki ástæða til þess að bregða fæti fyrir það. — Við 42. gr. er brtt., sem er aðeins orðabreyt. — Við 44. gr. 2. málsgr. leggjum við til, að í staðinn fyrir „innansveitarmenn" komi „aðrir". Þar er um það að ræða, hverjir hafi rétt til að kæra yfir illri meðferð á börnum. Þykir okkur engin ástæða til þess, að auk sóknarprests, kennara og héraðslæknis séu það eingöngu innansveitarmenn, sem geta kært yfir illri meðferð á börnum. — Þá er lagt til, að við 62. gr. verði bætt, að sveitarstjórn hafi ekki rétt til að krefjast endurgreiðslu á styrk, sem er veittur mönnum 60 ára eða eldri. Þetta hefir lengi verið í l., en hefir, af vangá að því, er virðist, fallið burt.

Þá er ein till., sem ég býst við, að allir nm. séu sammála um, en það er brtt. á þskj. 771 frá fjmrh., þó með þeirri brtt., sem flutt er við hana á þskj. 795, um það að binda þá upphæð, sem endurgreiða má til sveitarsjóða úr ríkissjóði, við 250 þús. kr., ef fjárlög heimila ekki hærri upphæð. Í brtt. stendur 230 þús. kr., en n. *vill hafa það 250 þús. með tilliti til þess, að í* grg. frv. er gert ráð fyrir, að kostnaðurinn verði 250 þús. kr.

Þessar till. allar mun n. vera sammála um.

Þá koma brtt., sem komu fram við 2. umr. frá hv. þm. V.-Sk. og fleirum, á þskj. 740. Ég býst við því eftir samtali við hv. þm. V.-Sk., að hann *muni taka aftur* 1. brtt. — 2. brtt. legg ég til, að verði samþ., og eins 3. brtt., um það, að þurfa skuli úrskurð yfirvalds til þess að vita, hvort maður sé fær um að greiða meðlag. — 4. brtt. vil ég einnig leggja til, að verði samþ. Það hefir verið regla hingað til, að úrskurðarvald í þessum efnum hafi yfirvöldin á hverjum stað, þar sem sú sveit er, sem úrskurðuð er til þess að greiða eitthvað. Það er í samræmi við það, að dómari ákveður ekki dóm nema yfir þeim, sem eru í hans umdæmi. Við hv. þm. V.-Sk. vorum sammála um, að það væri brot á almennum lögfræðilegum reglum að breyta þessu þannig, að yfirvöldin á öðrum stöðum gæfu úrskurð um skyldur manna. Það er yfirleitt hlutverk þess yfirvalds, sem er í sýslunni. Ég býst við, að ástæðan fyrir því, að hv. flm. hafa orðað frv. svona, hafi verið sú, að þeir hafi búizt við, að dómarar og sýslumenn væru hlutdrægir, þar sem um er að ræða hreppa í þeirra umdæmi, en okkur finnst það ekki nægileg ástæða til þess að brjóta í bág við sjálfsagðar lögfræðilegar reglur, að hvert yfirvald úrskurði um skyldur manna innan síns umdæmis. — Fimmti liður ræðir um skilgreiningu á því, hvað sé lögheimili. Ég játa það fyllilega, að ástæða sé til að fá vel skilgreint hugtakið lögheimili, þar sem breyt. framfærslulaganna hnígur að því, að hver þurfalingur skuli þiggja, þar sem hann á lögheimili, en eigi að síður líkar mér ekki vel þessi skilgreining. — Sjötta brtt. leggur n. til, að verði felld. Aftur leggur hún ekki á móti sjöundu brtt. Eins og flm. brtt. hefir bent á, þá vantar í íslenzka löggjöf ákvæði um þá menn, sem þurfa að þiggja af sveit, en eiga ekki lögheimili hér á landi, enda þótt þeir séu íslenzkir ríkisborgarar, eins og t. d. börn íslenzkra foreldra, sem heima eiga erlendis. Ég tel brtt. frekar til bóta. — Áttunda, níunda, tíunda og ellefta brtt. verða teknar aftur, að því, er ég hygg, þó að undanteknum a-lið 9. gr., þar sem ræðir um framfærslumálastjórann. N. leggur á móti þessari brtt. — Tólfta brtt. er aðeins orðabreyt., sem ekki er ástæða til annars en samþykkja. — Þrettánda brtt. er aðeins til þess að færa til betra máls, og því sjálfsagt að samþykkja. Sama gildir um fjórtándu brtt. — Fimmtánda brtt. er um það, að bætt sé inn í 50. gr. skýringu á því, að kaupgjald það, sem styrkþegi er

skyldur að vinna fyrir, ef hann á annað borð getur unnið, skuli miðast við kaupgjald á þeim stað, sem styrkþegi dvelur. Þetta er sjálfsagt atriði, því vitanlega er átt við, að kaupgjaldið skuli miðast við kauptaxta á hverjum stað. Hvað sextándu brtt. snertir, þá er ég einnig á sama máli um hana. — Seytjánda brtt. er orðabreyting, sem telja verður til bóta, og því rétt að samþykkja. — Átjánda brtt. býst ég við, að verði tekin aftur, en í stað hennar höfum við 2. þm. Reykv., 1. landsk. og ég flutt brtt. á þskj. 789, sem ég legg til, að verði samþ. — Nítjánda brtt. mun verða tekin aftur. — Tuttugasta brtt. mun frekar verða til bóta, og því rétt að samþykkja hana. Tuttugasta og fyrsta brtt. fer fram á að lengja frest þann, sem sýslumenn og bæjarfógetar hafa til þess að senda atvinnumálaráðuneytinu skýrslur um skuldlausar eignir og skattmat fasteigna, frá 31. marz til 15. júnímánaðar. Þar sem breyt. þessi kann frekar að verða til þæginda fyrir sýslumenn og bæjarfógeta, þá þykir rétt að ganga inn á hana. [Frh.].

Umr. frestað.

Á 100. fundi í Nd., 16. des., var fram haldið 3. umr. um frv. (A. 726, 740, 748, 771, 789, 790, 795, 813, 815, 820).

Frsm. (Bergur Jónsson) [frh.] [óyfirl.]: Á laugardaginn, þegar ljósin biluðu og fundi var slitið, hafði ég rætt um brtt. á þskj. 748, sömuleiðis brtt. frá fjmrh. á þskj. 771, og allar brtt. á þskj. 740, nema þrjár eða fjórar þær síðustu. Ég vil þá láta þess getið, að ég er samþykkur 23. brtt. þar, að í stað 1. júní komi 1. júlí, en aftur er ég á móti 24. brtt., því að ég álít, að hún sé óþörf, þar sem komið er frv. um skuldaskil sveitar- og bæjarfélaga. 25. brtt. er þörf leiðrétting, en 26. brtt. legg ég á móti, þar sem sýslunefndir og bæjarstjórnir hafa heimild til að neita um byggðarleyfi.

Þá hefi ég ekki minnzt á brtt. á þskj. 790 frá hv. 1. landsk. þm. og hv. 2. þm. Reykv. Fyrri till., við 56. gr., læt ég liggja milli hluta, n. hefir ekki tekið afstöðu til hennar, en ég býst ekki við, að hún sé til bóta. Seinni brtt. vil ég algerlega leggja á móti, þar sem gildistaka þessara laga er miðuð við önnur lög, sem ekki eru gengin í gildi. Það er engin lagasetningaraðferð, að einhver lög, sem enginn veit, hver verða, ráði því, hvenær lög gangi í gildi. Það veit enginn um lögin um ríkisframfærslu sjúkra manna og örkumla, hvernig þau verða, eða hvað lengi það dregst, að þau ganga í gildi, eða hvað ánægðir menn verða með þau. Ég skil því ekki í þessari brtt.

Ég held ég hafi ekki enn minnzt á brtt. á þskj. 789, sem flutt er af mér og hv. 1. landsk. og hv. 2. þm. Reykv. Sú fyrsta er aðeins útfylling á 22. gr. frv., þar sem valdsmönnum er falið að leita álits framfærslunefndar eða hreppsnefndar eða annara kunnugra þar, sem ekkjan á heima, um hagi hennar, áður en úrskurður er upp kveðinn um það, hver eigi að annast framfærsluna. Það geta aðrir verið kunnugri um hagi hennar en nefndarmennirnir, og er þessi brtt. sjálfsögð. — Brtt., að 61. og 26. gr. falli niður, eru báðar komnar fram af mannúðarástæðum. Það ákvæði 61. gr., að móðir barns, sem meðlag hefir tekið eftir látinn barnsföður, missi rétt sinn til meðlagsins, ef hún giftist aftur, þótti okkur ekki mannúðlegt. Það kemur vitanlega fyrir, þó að ekki sé það venja, að hún giftist aftur, og þá er það aukin ánægja fyrir hana að geta veitt hinum nýja manni sínum það meðlag, sem hún hefir fengið. Í öðru lagi er hér um nýmæli að ræða, því að áður var í lögum, að úrskurður réði, hvort meðlagið héldist. Það hefir líka verið talið hneykslanlegt, að búa saman án giftingar, og þó að þær skoðanir séu orðnar nokkuð breyttar, þá er ekki ástæða til fyrir löggjafarvaldið að vera að ýta undir, að fólk búi saman ógift. — Viðvíkjandi hinni brtt. við 26. gr. frv., þá er hún í samræmi við þetta, að gera ekki rétt hinna giftu minni en hinni ógiftu.

Þá er ég búinn að fara í gegnum flestar brtt., nema brtt. hv. þm. V.-Húnv. á þskj. 715 viðvíkjandi jöfnunarflokkunum. Ég tel það ekki rétt að fara út í það að rugla með þetta, heldur reyna það fyrirkomulag, sem í frv. segir. Sama er um brtt. hans við brtt. hæstv. fjmrh. á þskj. 771.

Að öðru leyti hefi ég rætt um frv. almennt áður við 2. umr., og sé því ekki ástæðu til að ræða þetta frekar, en ég mun svara því, sem fram kann að koma viðvíkjandi frv.

Hannes Jónsson: Það er öllum þm. í fersku minni sú höfuðástæða, sem lá til þess að setja lög um styrk til sveitarfélaga til framfærslukostnaðar. Tilgangurinn var sá, að gera þeim hreppum, sem mest hafa sveitarþyngsli, fært að standa undir þeim byrðum. Var því strax í upphafi leitazt eftir að finna þá reglu í útreikningnum, sem bezt gat náð þessum tilgangi. Og þar eð ekki var fært að veita takmarkalaust fé úr ríkissjóði í þessu augnamiði, þá var hámark á sveitaþyngslum sett tiltölulega hátt, eða 15% fram yfir meðaltalsframfærslukostnað að við bættum ⅓ hl. þess, sem þar var fram yfir, en ⅔ áttu að greiðast úr ríkissjóði. Í þessu frv. er byggt nákvæmlega á sömu reglu, en hámarkinu hefir verið breytt úr + 15% niður í — 10%. Þetta hefði getað gengið, ef kostnaðurinn hefði mátt lenda á ríkissjóði, en nú er komið fram takmörkunarákvæði frá hæstv. fjmrh., sem sennilegt er, að verði samþ., en því hlýtur óhjákvæmilega að fylgja röskun á aðaltilgangi frv., svo að það verður ekki til fullkomins stuðnings fyrir þau sveitarfélög, sem verst eru sett.

Ég[1]) skal í þessu sambandi benda hv. frsm. á, að ef víkja á frá gömlu reglunni og taka upp þá nýju, þá getur það haft áhrif fyrir verst settu sveitarfélögin til hins verra. Ef við athugum ástandið eins og það er, t. d. í Gullbringu- og Kjósarsýslum, Snæfellsnessýslu og Múlasýslu, þá sjáum við, að þetta getur munað 500—600 kr. fyrir lakar stæðu hreppsfélögin. En ef sú regla er tekin upp, sem ég legg til, verður þessi hætta

1) Niðurlag ræðunnar héðan óyfirlesið.

miklu minni. Ég álít mjög varhugavert að víkja frá höfuðtilganginum í lögunum frá þingi 1932. Ég legg því afarríka áherzlu á og vona að hv. form. og frsm. n. athugi gaumgæfilega mína tillögu, áður en hún er felld, því ég fullyrði, að hún er í rétta átt.

Mér gefst ekki tækifæri til að koma með útreikninga, sem þm. hafi nægilega tíma til að kynna sér eða athuga, en ég er fús til að ræða við n. um.

Ég vil segja, að það felst í minni brtt. nokkuð annað en í brtt. á þskj. 813 við 72. gr. Ein höfuðbreyt. með þeirri till. er að gera alla kaupstaði jafna, en eftir frv. á Rvík að hafa sérstöðu, þar sem hún á að greiða meðaltalsupphæð, þegar aðrir kaupstaðir greiða meðaltalsupphæð að frádregnum 10%.

Því er haldið fram, að þetta sé réttlátt og styðjist við það, að Rvík hafi margháttaða möguleika á við aðra kaupstaði til að standa undir þessum kostnaði. Þó ég viðurkenni, að þetta sé rétt að nokkru leyti, þá ber þó að athuga, hver hlutföll eru milli þeirra frumfaktora, sem notaðir eru við útreikning meðaltalskostnaðar. Meðal annars er það tekju- og eignarskattur, sem lagður er til grundvallar, og bera kaupstaðirnir og þá sérstaklega Rvík stærstan hluta.

Á það ber líka að líta, að í Rvík er mikið af opinberum húseignum og fasteignum, sem er hátt að mati, en geta þó eigi orðið sem álagningarstofn fyrir bæjarfélagið. Þegar tekinn er samanburður við framfærslukostnaðinn, þá kemur í ljós, að bærinn greiða 38% móti Rvík, en fasteignamat er 55% í bæjum móti Reykjavík. Gjaldendur eru líka 52% í Rvík móti bæjunum. Það eru tveir þættir, sem eru hærri í ýmsum kaupstöðum en í Rvík. Annar í ⅙ parts, en hinn í ⅓ parts grundvelli, en hinir aftur lægri. Skattskyldar eignir eru 34% í bæjunum á móti Rvík og skattskyldar tekjur 27% í bæjum á móti Rvík. Það hefir verið bent á, að þetta ber að taka varlega með í reikninginn að sumu leyti, eftir að búið er að hækka tekju- og eignarskattinn. Ef við lítum nánar á þá faktora, sem hér eru lagðir til grundvallar, þá er ýmislegt, sem vert er að athuga, og er vafasamt, hvort á að taka eins mikið tillit til þeirra, eins og sú n. hefir gert, sem undirbjó þetta mál, og eins og hv. þd. og hv. allshn. hefir ekki síður gert.

Ég ætla ekki að fara út í einstaka hluti eða atriði þessa frv., enda lítt gerlegt fyrir menn að henda reiður á þeim tölum, sem nota þarf í sambandi við það, ef menn eiga að geta glöggvað sig á, hvað um er að vera, sérstaklega þar sem þeir aðeins heyra þær á sama fundi og á að afgreiða málið. Önnur höfuðbreyt., sem liggur í till. minum, er að hækka hámarkið frá því, sem frv. gerir ráð fyrir og færa meðaltalskostn. upp. Eftir þeim skýrslum, sem fyrir liggja, er kostnaðurinn áætlaður 250 þús. kr., en fjmrh. hefir gert ráð fyrir 230 þús. kr. eða dregið frá 10%. En ef mín regla yrði upptekin, lækkar meðaltalið svo, að miklar líkur eru til, að þessi fjárveiting hrykki, án þess sérstaklega þyrfti að taka það fram í lögum. En ef það skyldi verða meira en útreikningar segja til, þá er brtt. mín við brtt. hæstv. fjmrh. til þess, að fjárveitingin haldi sér og upphaflega reglan haldist. Þm. mega því ekki láta blindast af till. fjmrh., því ef hún yrði tekin upp, gæti það valdið verulegri röskun á útreikningum og tilgangi l. Vitanlega er engin vissa fyrir, að kostnaðurinn verði ekki hærri en útreikningarnir frá 1933 sýna, því að síðan hefir breytzt mjög bæði milli framfærsluhéraða og eins hefir fátækraframfærslan aukizt.

Vil ég þá nánar víkja að brtt. á þskj. 815, að hún er óhjákvæmileg nauðsyn, vegna þess að ef hún er felld, hlýtur ákvæði 72. gr. að misskiljast, þar sem tekið er fram, að ef framfærslukostnaður fer fram úr meðaltali í þeim jöfnunarflokki, sé reiknað út, hvað þeim ber samkv. 71. gr. Ég veit ekki, hvort þetta hefir verið meint svo af flm., að þeir ættu að fá endurgreiðslu, ef kostnaður færi fram úr meðaltali að frádregnum 10%, en það er óhjákvæmilegt til að fá samræmi í gr.

Þá er smábrtt. við orðið framfærsluútgjöld í 72. gr. Í VIII. kafla er eitthvað 7 sinnum notað orðið framfærslukostnaður, og þykir mér rétt, að samræmi sé í um þetta orð, en hálfóviðfelldið að nota tvö orð um sama hugtak. Ég get ekki séð annað en hv. frsm. fallist á brtt. mína, þó ég geti búizt við, að haft verði á móti brtt. við 72. gr., um að Reykjavík verði gerð jöfn öðrum kaupstöðum. Vil ég því biðja menn að athuga vel og vandlega, í hverju ætti þar að vera fólgið ranglæti, og hvaða rök kunna að koma á móti.

Ég held, að allir sanngjarnir menn sjái það, að með samþ. þessa frv. muni útgjöld Rvíkurbæjar aukast meira en nokkurs annars sveitarfélags. Ég hefi enga sérstaka tilhneigingu til þess að halda fram hlut Reykjavíkur, en ég held, að það geti hefnt sín að beita ranglæti og það sé bezt í upphafi að leita réttlætisins og taka afturhvarfið fyrr en lengra er orðið bilið frá því rétta, ella verður erfiðara að nálgast það, ef ekki er reynt strax að komast nær því sanna.

Ég skal ekki fjölyrða meira um þetta, en þykir miður, að ég skuli ekki hafa fengið tækifæri til að ræða þetta mál nánar, bæði við hv. n. og eins við einstaka hv. þm., því mér finnst þetta skipta allmiklu máli, en sérstaklega þó um úthlutun jöfnunarfjárins milli sveitarfélaga. Vil ég að lokum undirstrika það, að ekki má missa sjónar á höfuðtakmarki laganna, um hjálp til verst stæðu sveitarfélaganna eða þeirra sveita, sem versta aðstöðu hafa til að standa undir útgjöldum.

Forseti (JörB): Útbýtt er í d. brtt. á þskj. 826, 827 og 828, og verður að leita afbrigða frá þingsköpum til þess að þær megi koma til greina við meðferð málsins á þessum fundi.

ATKVGR.

Afbrigðin leyfð og samþ. með 17 shlj. atkv.

Jónas Guðmundsson [óyfirl.]: Hv. þm. Barð., frsm. allshn., hefir vikið svo rækilega að brtt. á þskj. 740, að ekki þarf frekara við að bæta. Það

er sem sé einskonar samkomulag um það okkar á milli, sem að frv. stöndum og allshn., að fallast á þá breytingu á frv., að embætti framfærslustjóra komi ekki til framkvæmda, en að öðru leyti haldist stjórn þessara mála óbreytt, eins og ráð er fyrir gert. En afleiðingin af þessari aðalbreyt. verður óhjákvæmilega sú, að rekstur mála verður á allt annan veg en ráð er fyrir gert í frv., þar sem ætlazt var til, að boðleið hinna ýmsu mála yrði sú, að sveitarstjórnir sendu til framfærslustjóra beint, en hann síðan til sýslumanns. Nú fellur þessi boðleið niður með niðurfellingu embættisins og þarf vitanlega eitthvað að koma þess í stað. Á þskj. 827 er brtt., sem við flytjum í félagi hv. þm. Barð., hv. þm. V.-Sk. og ég, og er henni ætlað að bæta úr þessu á þann hátt, að gert er ráð fyrir, að lögreglustjórarnir verði milliliðir, þeir felli þá úrskurði, sem framfærslustjóra var ætlað, en þeir úrskurðir gangi síðan til ráðh., eins og nú er. Leiðir það af sjálfu sér, ef 1. liður 9. brtt. á þskj. 740 verður samþ., að þá verður að samþ. brtt. okkar á þskj. 827, annars er komin hrein ruglun á alla boðleið þessara mála. Ef frv. verður samþ. óbreytt, þá eru þessar till. sjálfdauðar, en ef samþ. verður að fella niður embætti framfærslustjóra, sem þar er gengið út frá, þá er óhjákvæmilegt að till. á þskj. 827 verði samþ., því mjög er óheppilegt, ef ekki er ákveðið um gang þessara mála, og vil ég leggja á þetta sterka áherzlu.

Um brtt. á þskj. 748 vil ég segja það eitt, að þær eru allar leiðréttingar, ýmist færsla til betra máls eða leiðréttingar til samræmis við gildandi ákvæði laga, og skal ég ekki fleira um þær segja. Ég vil taka fram, að ég legg áherzlu á sömu till. á þskj. 740 og hv. þm. Barð. lagði til, að yrðu samþ. Hinsvegar er ég á móti sumum þeirra og sérstaklega þó ákvæði til bráðabirgða, sem hér er, og finnst mér ekki geta komið til mála að samþ. það.

Mér heyrist nú á klið þeim, sem hér er í d., að hv. þm. muni hafa kynnt sér þetta mál svo vel, að þeir þurfi ekki að gera sér það ljósara og ég þurfi ekki að fara ýtarlega út í brtt. á þskj. 820, 789 og 790. Skal ég því ekki fara út í þær nákvæmlega, þar sem ég sé, að hv. þm. er mál þetta orðið svo kunnugt, en vil aðeins benda á, að þær hafa allar geysilega þýðingu fjárhagslega, sem er stór liður í sambandi við þetta mál. Gert er þar ráð fyrir, að niður falli 26. og 61. gr. frv., og er þar með fyrirbyggt, að styrkir þeir verði afturkræfir, ef ástæður breytast. Ennfemur er á þskj. 790 sú till., sem [eyða í handr.] skemmtilegra að hafa framfærslu. En ég gæti ímyndað mér, að þar sem mikið er um slík fyrirbrigði, gæti þetta orðið til álita, en ég vil ekki víkja nánar að henni, eða skipta mér af á annan hátt en þann, að ég hika ekki við að greiða atkvæði á móti.

Um brtt. hv. 1. landsk. þm. og hv. 3. þm. Reykv. get ég sagt, að henni er ég samþ., þar sem gert er ráð fyrir, að formaður barnaverndarnefndar verði hafður með í ráðum. Hitt gæti verið óþægilegt að ákveða beint í lögunum, að hann skyldi vera í nefndinni, þó að Danir hafi slíkt ákvæði hjá sér. Um brtt. á þskj. 795 og brtt. við hana á þskj. 813, tel ég sjálfsagt að hafa þá till., sem gengur út frá hærra tillaginu til jöfnunar milli sveitarfélaga.

Hv. þm. V.-Húnv. virtist hafa lagt mikla vinnu í að gera sér ljóst, hvernig væri varið með útreikning eða grundvöllinn fyrir jöfnun framfærslukostnaðar og vill hann gera meiri háttar breytingu þar á eða umsteypa 72. gr. frv. á þann hátt, að Reykjavík skuli vera í sama jöfnunarflokki og aðrir kaupstaðir og kauptún, sem hafa fleiri en 500 íbúa, og eigi þá að fá sama frádrátt á meðaltalsframfærslukostnaðinum eða 10% og verða þannig algerlega skipað á sama bekk.

Hann vill því halda þessum ákvæðum frv. um að skipta landsmönnum í tvo flokka, þar sem í annan komi kaupstaðir og kauptún, sem hafa yfir 500 íbúa, en í hinum verði sveitarfélög og öll smærri kauptún. Svo vill hann afnema það ákvæði, að draga megi 10% frá meðaltalsframfærslukostnaði hjá sveitarfélögum, þegar til útreikninga kemur í þessu efni. Ég er honum alveg andvígur, hvað þessar brtt. snertir. Ég vil halda frádrættinum og byggi það í fyrsta lagi á því, að það er svo með t. d. Reykjavík og kaupstaði og sveitarfélög, kauptún eða litinn kaupstað, að þeir hafa allt aðra aðstöðu til þess að bera hlutfallslega sömu byrðar. Meðaltalsútreikningur á útgjöldum sýnir, að hlutfallslega sömu byrðar eru bornar af hinum ýmsu sveitarfélögum í landinu; en Reykjavík hefir ýms fríðindi og er því betur stæð til að bera hlutfallslega byrði. Og það var þess vegna, að við settum inn 10% frádráttinn í öðrum sveitarfélögum en Reykjavík, til þess að vega á móti beinum fríðindum fram yfir öll önnur sveitarfélög á landinu. (**PHalld**: Í hverju felst það helzt?). Það felst fyrst og fremst í því, að í Reykjavík eru allir skattskyldir til bæjarins, og þar eru einnig allir bezt launuðu starfsmenn ríkisins, og ríkissjóður greiðir því mest öll laun í Reykjavík, en ég ætla, að það sé um 6 milljónir króna. (**PHalld**: Njóta þeir einskis hér?). Jú, en lítils hlutfallslega. Maður, sem hefir 6000 kr. í laun, borgar minna af þeim heldur en annarsstaðar. Og það er víst, að hvort sem þeir njóta lítils eða mikils, þá er hlutfallslega léttara fyrir þá menn að lifa hér en annarstaðar. Annað er líka, og það er það, að hér í Reykjavík eru allar opinberar stofnanir, sem ríkið hefir sett á stofn, og launahæstu fyrirtækin, sem veita mestu atvinnuna, t. d. bankarnir o. fl. Skólarnir eru hér og sjúkrahúsin, sem ríkið hefir byggt, og eru hvorutveggja þau fullkomnustu, sem til eru á landinu, og þeir náttúrlega fyrst og fremst Reykjavík til góða. — Önnur bæjar- og sveitarfélög úti um land þurfa að hafa sjúkraskýli til að koma sjúklingum í. Reykjavík á engan spítala og þarf ekki að byggja neinn, af því að ríkið og aðrir, sem sjá sér hag í að reisa og reka slík fyrirtæki, gera það. Að maður nú ekki tali um alla skólana og möguleikana, sem Reykvíkingar hafa fram yfir aðra í landinu til að afla sér menntunar með minni tilkostnaði og á hentugri hátt. Það er þessa vegna, að við höfum tekið þetta ákvæði um 10% frádráttinn inn í frv. Það er vegna fríðindanna,

sem Reykjavík nýtur á kostnað alls landsins. Ef menn líta á skýrsluna aftan við frv. um það, hvernig þetta skiptist milli þessara liða, sem á að byggja á útreikning um Reykjavík og nokkra kaupstaði annarstaðar og sveitarfélög hinsvegar, þá sést greinilega munurinn, sem sést af skýrslum um þetta frá 1933, þar sem sýnt er fram á, hvað miklar skattskyldar tekjur eru víðsvegar á landinu. Í Reykjavík eru skattskyldar tekjur á árinu samtals 24,8 millj. kr. eða 785 kr. á hvern íbúa. Í kaupstöðum og kauptúnum eru skattskyldar tekjur 8,2 millj. samtals eða 293 kr. á hvern íbúa. Í öllum hreppum landsins eru skattskyldar tekjur samtals 4,8 millj. eða aðeins 90 kr. á hvern íbúa. Í Rvík eru skuldlausar eignir 60,6 millj. kr. eða 1915 kr. á hvern íbúa. Í kaupstöðum og kauptúnum eru þær 25,6 millj. eða ca. 910 kr. á hvern íbúa. Í hreppunum eru eignirnar 31 millj. kr. eða 580 kr. á hvern íbúa. Sama eða svipað er um fasteignamatið að segja. Það er í Rvík 78,7 millj. í kaupstöðum og kauptúnum 53,2 millj. og í hreppunum 57,5 millj. kr. Af þessu sést, að beztu möguleikana hefir Rvík til að bera hlutfallslega hærra gjald heldur en önnur sveitarfélög. Það kann að vera, að þessi 10% séu of lág eða of há. Það má deila um það, en það er sjálfsagt, þegar reglan er sett, að taka tillit til þessara alveg sérstöku ástæðna. Hinsvegar vil ég segja það, að ég geri ekki svo ýkja mikinn mun á kauptúni, sem hefir 5 eða 600 íbúa, og litlum kaupstað í þessu efni. Þeir hafa hlutfallslega aðstöðu til sinnar framfærslu. — Af framangreindum ástæðum verð ég að vera á móti þessari brtt. hv. þm. V.-Húnv. 1. brtt. gæti ég vel verið með, því að hún verður raunverulega fremur að skoðast sem leiðrétting, en sem gerbreyting á þessu atriði. Hann var hér um daginn að færa hér fram ýmsa reikninga viðvíkjandi sínu máli og vildi halda því fram, að ekkert væri á skýrslu þeirri að byggja, sem fylgir frv., að því, er snertir till., sem n. gerði. Það er alveg rétt, að sú skýrsla getur ekki verið fullkomin, því að þá var ekki hægt að reikna, hverju framfærslugjöldin hafa numið á hverjum stað. En það er það, sem frv. gerir ráð fyrir, að héðan í frá verði greitt. Aftur á móti hefir verið reiknuð út skipting fátækraframfærisins árið 1933, að svo miklu leyti, sem hægt er, eftir þessari höfuðreglu. En ég vil benda á, að þetta getur í einstökum tilfellum munað stórkostlega miklu. Sem dæmi þess má nefna, að eftir skýrslu n. er Hafnarfjarðarkaupstað ætluð 8200 kr. endurgreiðsla, en eftir því, hvernig fátækraframfærið er reiknað, þá á hann að fá 24 þús. kr. En aftur á móti er Keflavíkurhreppi ætluð 6029 kr. endurgreiðsla, en eftir útreikningi á fátækraframfærslu fær hann ekki nema 1574 kr. Þessi hreppur hefir haft miklu minni fátækraframfærslu en hann hefir talið fram, og þessvegna fær hann meira eftir till. n. Svona er og um fjölda hreppa, og er þetta af því, að það verður aldrei hægt að hafa eftirlit með því, að þessar skýrslur séu réttar. Þetta atriði fæst aldrei rétt fyrr en breytingin er komin í gegn og búið að starfa undir henni í heilt ár. Þá fyrst fáum við þetta rétt, og getum leiðrétt þessa grein. Ég get ekki verið með þessari brtt. nú, því að ég vil ekki breyta gr. fyrr en sýnt er svart á hvítu fyrir Alþingi hvernig þetta reynist. Þetta getur ekki munað Rvík neinu, því að enn vantar svo mikið til þess, að hún nái meðalframfærslukostnaði, og ekki er hægt að gera ráð fyrir því, að fátækraframfærið versni svo næstu tvö árin. Okkur þótti réttara að létta undir með hinum sveitarfélögunum, en íþyngja ekki Rvík. En Rvík má bæta við sig 20 þús. kr. enn þá til þess að ná meðaltali hreppanna. Á hinn bóginn geta hreppsfélög eins og t. d. Sauðárkrókur og önnur slík fengið uppbót, ef dregin eru 10% frá þeirra kostnaði. Þess vegna má því láta regluna standa. Er Rvík ekki næstu tvö árin íþyngt að neinu leyti, en þeim hreppsfélögum, sem illa eru stödd, er gert léttara fyrir. Það, sem vinnst með því að fella þetta burtu, er sparnaður fyrir ríkissjóð. Ég vil nú vænta þess, að hv. þdm. verði við áskorunum um að samþ. þetta frv. eins og það er og fá reynslu næstu tveggja ára. Eftir þessi tvö ár gæti legið fyrir skýrsla um það, hvernig framfærslan skiptist í raun og veru á sveitarfélögin, og þá má tala um að breyta reglunni. — Viðvíkjandi brtt. hv. þm. við brtt. hæstv. fjmrh. vil ég taka fram, að ég er henni samþykkur. Fari svo, að féð reki sig upp undir — verði ekki nægilega mikið jöfnunarfé — þá verkar þessi brtt. hv. þm. þannig, að þau sveitarfélög fá fyrst ekkert, sem minnst eru fyrir neðan meðallag, þ. e. a. s. þau eru færð upp á fótinn um 5—10%, eftir því, sem þörf krefur. Ef á annað borð á að samþ. brtt. hæstv. fjmrh., þá finnst mér sjálfsagt að láta þessa till. fylgja. — Ég skal svo ekki þreyta hv. þm. lengur með þessu tali. Ég geri ekki ráð fyrir að taka aftur til máls, enda hefi ég ekki mikið um aðrar brtt., sem fyrir liggja, að segja.

Gísli Sveinsson [óyfirl.]: Herra forseti! Ég var fyrr búinn að skýra að nokkru þær brtt., sem ég og fleiri hv. þm. hafa borið fram á þskj. 740. Síðan hefir það gerzt í þessu máli, eins og hv. frsm. kom inn á, að samkomulag hefir orðið milli nokkurra þm. úr öllum flokkum, að minnsta kosti að miklu leyti. — Ég skal fara nokkrum orðum um þetta, en skal reyna að vera stuttorður. — Fyrsta brtt. er tekin aftur, með því að höfuðatriði samkomulagsins er það, að hún falli burt. Það varð samkomulag um það, að framfærslustjóraembættið, sem ætlazt var til, að sett yrði á stofn við hlið stjórnarráðsins, yrði ekki stofnað. Þar af leiðandi eru allar gr., sem fjalla um framfærslunefnd, teknar aftur, og er fyrsta brtt. sú fyrsta af þeim. —2., 3. og 4. brtt. eru látnar halda sér, og er samkomulag um þær, svo að ég tel ekki mikla þörf á að skýra þær. Þær skýra sig nokkurnveginn sjálfar. Skal ég þó fara aðeins fáum orðum um þær. 2. brtt. við 7. gr. ætlast til þess, að þegar framfærslumaður vill ekki taka á heimili sitt framfærsluþurfa eða hann skorast undan því, þá verði færð fyrir því rök, hversvegna hann færist undan því, og séu þau fullnægjandi, þá sé hann laus allra mála. Það er sjálfsagt að hafa þetta, til þess að menn geri sér ekki leik að því að skorast undan að taka mann á heimili. Um

þetta atriði var samkomulag. — 3. brtt. er við 8. gr. og er um það, að viðkomandi yfirvald felli úrskurð í þessum málum eins og verið hefir og svo megi skjóta þeim úrskurði til atvmrh. Er þá öllu borgið með því, en gr. eins og hún er í frv., gerir ráð fyrir nokkru öðru, sem sé að sveitarstjórn sé ein látin ráða, hvort maður sé fær um að greiða meðlag. — Í 4. brtt. við 9. gr. er fært í réttara horf, eins og er í löggjöfinni. Þar er ákvæði um, að yfirvald skuli kveða upp úrskurð, þar sem framfærsluþurfi dvelur eða á heima, en þar sem þetta er gegn öllum venjum og það er algild regla, að úrskurður skuli upp kveðinn, þar sem framfærslumaður á heima, þá er þetta með brtt. fært aftur í hið forna horf, og virðist þá síðari málsl. gr. óþarfur, enda hafa höfundar frv. nú fallið frá þessu. — Þá er 5. brtt. við 12. gr. Um hana hefir orðið samkomulag á þann hátt, að sérstökum málsl. verði bætt aftan við 12. gr., er kveði á um lögheimili manna. Það vantar í sjálfu sér alveg inn í löggjöfina skýr ákvæði um það, og er með þessu gerð tilraun til þess. Mér finnst, að það, sem felst í þessari brtt., megi notast við sem skilgreiningu í þessu efni, og hún vera í samræmi við kröfur nútímans. Það hefir hingað til verið talið lögheimili manns, þar sem hann hefir átt heima árið um kring. Í raun og veru tel ég, að það mætti eftir ástæðum telja missirisheimili lögheimili manns, þar sem nú er svo mikið los á þjóðinni, þar sem menn hafa atvinnu hér og þar. Ég tel, að það megi kalla manninn heimilisfastan þar, sem hann er missirislangt, en það verður að vera ekki aðeins á manntali, heldur verður að vera upplýst, að hann sé þar gjaldandi, hvort sem hann hefir greitt gjaldið eða ekki. Þegar þetta hvorttveggja fer saman, þá verður ekki að mínu áliti komizt lengra í stuttu máli. Einhverntíma verða væntanlega sett l. um það, hvar sé lögheimili manns, því að nú, þegar löggjöfin miðar við það, þá er æfinlega undir úrskurði dómara komið, hvar er lögheimili manns í þessu eða hinu tilfellinu. — Um 6. brtt. við 13. gr., er samkomulag. Það er aðeins tilflutningur til þess að ná betur því, sem til er ætlazt. — Um 7. brtt. við 20. gr. er stefnumunur og því ekki fullt samkomulag um hana. Ég tel ógerlegt að halda ákvæðinu eins og það er í 20. gr., að maður, sem kemur frá útlöndum og er íslenzkur ríkisborgari, megi þá kjósa sér, hvaða framfærslusveit, er hann vill. Það eru fríðindi, sem engir aðrir hafa, ég sé ekki ástæðu til annars en að miða við eitthvað, sem var, þegar maðurinn fluttist til útlanda, og það, sem þá liggur næst, er að ákveða, að hann eigi þar framfærslusveit, sem hann síðast átti lögheimili. Nú getur að vísu komið til mála, að það sé barn eða börn ríkisborgara, sem ekki hafa verið hér á landi áður, en flutt til landsins, þá finnst mér þó samt eðlilegast að miða við þetta og ákveða þeim framfærslusveit, þar sem foreldrar þeirra áttu síðast lögheimili. Það mætti e. t. v. bæta því inn í: „þar sem foreldrar hans áttu síðast lögheimili". — 8. brtt. er tekin aftur. — 9. brtt., það er held ég aðeins a-liður, sem verður þá brtt. við 27. gr., b og c-liðir eru teknir aftur. — 10. brtt. er og tekin aftur .— Um 13.—17 brtt. er samkomulag. Þær eru allar aðeins lagfæring, til þess að þær nái betur tilgangi sínum eða til betra máls, sem enginn hefir neitt á móti. Það virðist nauðsyn, ef meiningin á að ná fullum tilgangi, þá þurfi þessara lagfæringa við.

Ég skal geta þess, að í 50. gr. er nýmæli í frv. þar sem talað er um „venjulegt kaupgjald", en í brtt. er tekið fram, að það eigi að vera kaupgjald á þeim stað, sem unnið er á, því að hitt hljóta menn að sjá, að er ófært, að hrepparnir hér og þar greiði eftir öðrum taxta en þeim, sem gildir á þeim stað. — 18. brtt. er tekin aftur og sömuleiðis 19. brtt., en 20. brtt. er látin halda sér. — Þá er í 21. og 23. brtt. að vissu leyti breyting á skattalögunum, sem varðar það tímatakmark, er sýslumenn eða yfirskattanefndir eiga að vera búnar að skila frá sér fullnaðar skattaskrám. Þessar brtt. eru sjálfsagðar, því reynslan hefir sýnt, að það tímatakmark, sem sett er í lögunum frá 1932, er ekki rétt, því ekki hefir reynzt fært að skila skattaskránum fyrir þann tiltekna tíma. — 22. brtt. er aftur á móti framkomin aðeins til að betra málið. — 24. brtt. býst ég við, að við tökum aftur, þar sem gera má ráð fyrir, að efni hennar leysist á annan hátt, nefnilega með frv. því um breytingar á kreppulögunum, sem ráðandi flokkar þingsins hafa ákveðið, að verða skuli að lögum, en í því er gert ráð fyrir kreppuhjálp til þess að létta skuldir sveitar- og bæjarfélaga. — Um 25. brtt. er samkomulag. Það er sjálfsagt atriði, að ákvæði laganna komi til framkvæmda þegar í stað gagnvart öllum, sem á sveitarframfæri eru. Viðvíkjandi ákvæði í þessari brtt. um það, að 78. gr. verði 71., og sömuleiðis viðvíkjandi öðrum ákvæðum í þessum brtt. um að tala greina lækki og að greinatala breytist vegna niðurfellinga greina í frv., vil ég geta þess, að þau eru tekin aftur, þar sem samkomulag er orðið um að engar gr. verði felldar úr frv. — Um 26. brtt., við ákvæði til bráðabirgða, er aftur á móti ekkert samkomulag. Hafa nefndarmenn óbundin atkv. um byggðaleyfin. Má segja, að ýmislegt mæli bæði með og móti þeim ákvæðum. Ýmis bæjar- og sveitarfélög munu vilja hafa þau ákvæði til þess að geta sett skorður við óeðlilegu aðstreymi fólks. — (**Forseti**: Ég held það væri æskilegt, ef hv. þdm. vildu flytja sig með aukafundi sína út úr d.). Ég treysti mér til að tala upp fyrir þá alla. — Aftur eru það aðrir, sem ekki er neinn akkur í því að halda í þessi ákvæði, nema þá ef það væri til þess, að þau misstu ekki sinn vinnukraft, og er það nýtt viðhorf, sem nokkurt álitamál getur verið um, hvað rétt er. Brtt. þessi er fram borin til þess, að hv. þdm. geti átt kost á að greiða atkv. um þetta spursmál, sem sumir eru með en aðrir á móti. Ég hefi svo ekki fleira að segja um þessar brtt. né heldur brtt. á þskj. 827, þar sem ég er einn af flutningsmönnunum, því um þær er fullt samkomulag. Um brtt. einstakra hv. þdm. skal ég ekki ræða að sinni, ég er ýmist með þeim eða móti, aðeins vil ég geta þess út af 1. brtt. þskj. 789, við 22. gr. frv., sem flutt er af meiri hluta allshn., að ég sé ekki annað en hún sé óþörf. Ég tel það nægilegt, að hreppsnefnd leggi dóm á það, hvort ekkja sé einfær um framfærslu

og uppeldi barna sinna. Ég álít það ekki rétt að setja þetta vald í hendur Pétri eða Páli og með því gengið fram hjá hreppsnefndunum. Sömuleiðis er ég á móti 2. og 3. brtt. á sama þskj. um að fella niður 26., og 61. gr. frv., sem fela það í sér, að þegar kona giftist, sem fengið hefir meðlag með óskilgetnu barni sínu frá framfærslusveit látins barnsföður, þá skuli meðlagsskyldan falla niður. Þessar brtt. miða óbeinlínis að því, að konan fái meðlagið eftir sem áður, þótt hún giftist, þó vafasamt verði að telja, að stjórnarráðið úrskurði framfærslusveit látins barnsföður til þess að greiða meðlagið, eftir að konan er öðrum gift, því vitanlega er það ekki rétt, að sá dauði haldi áfram að greiða meðlag undir slíkum kringumstæðum, heldur sá lifandi maður, sem giftist konunni. Hitt væri *riftun og röskun á gildandi lögum og þeim skilningi*, sem ríkt hefir í þessum efnum. Hér er ekki heldur um neitt mannúðarmál að ræða, því vel getur í hlut átt fátækur hreppur annarsvegar, en efnaður maður, sem konan giftist, hins vegar. Hvernig sem litið er á þessar brtt., er ekki hægt að sjá, að hér sé nokkurt mannúðarmál á ferðinni.

Brtt. 790., get ég látið liggja milli hluta, en er mótfallinn 2. lið á sama þskj., sem fjallar um það, að miða gildistöku laganna við gildistöku annara laga, sem komin eru mikið styttra áleiðis, en það er frv. um ríkisframfærslu sjúkra manna og örkumla. Nú skal ég taka það fram, að því máli er ég að vísu fylgjandi, en nú liggur ekki við borð, að það mál verði lögleitt á þessu þingi. Sú löggjöf er líka alveg sjálfstæð, eins og tekið hefir verið fram af hv. 6. landsk., og á hún ekkert skylt við framfærslulöggjöfina. Það er því aðeins til þess að gera glundroða í málið á síðustu stundu, að fara að bendla það við önnur óskyld mál, og viljum við, sem teljum framfærslulögin mikið nauðsynjamál, ekki fallast á það.

Finnur Jónsson [óyfirl.]: Í brtt. á þskj. 826 er gert ráð fyrir, að framfærslunefnd sé jafnan skipuð 5 mönnum, er bæjarstjórn kýs með hlutfallskosningu. Mér virðist ekki rétt að binda nefndirnar endilega við þessa tölu manna í sveitarfélögum og litlum bæjum, heldur megi talan vera þar lægri. Ég vil því leyfa mér að flytja skriflega brtt. við brtt. á þskj. 826 á þessa leið:

„1. málsl. orðist svo: Framfærslunefnd skal skipuð 3 eða 5 mönnum".

Ég tel réttara að láta hreppsnefndir og bæjarstjórnir ráða tölu manna í framfærslunefndum, en ekki fast binda töluna við 5 menn, hversu smá sem sveitarfélögin eru og hversu lítið, sem þau hafa umvélis. Ég leyfi mér svo að afhenda hæstv. forseta þessa skrifl. brtt. og óska, að hann *leiti afbrigða fyrir till., svo hún megi koma* til greina við umr.

Forseti (JörB): Mér hefir borizt skrifl. brtt. frá hv. þm. Ísaf., sem hann hefir nú lýst, og tel ég ekki þörf að lesa hana. Verður að veita tvenn afbrigði frá þingsköpum til þess að hana megi taka til meðferðar.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 865) leyfð og samþ. með 18 shlj. atkv.

Hannes Jónsson [óyfirl.]: Mér finnst æskilegt, að hv. þd. vildi snúa sér með alvöru að lausn þessa máls. Ég hygg, að hér sé mál, sem ekki á nokkurn hátt er flokksmál og því megi telja líklegt, að umr. um það geti haft einhver áhrif á afgreiðslu þess. Mig undrar það, hve fundurinn í dag, þegar þetta stóra mál er rætt, hefir verið losaralegur, alveg eins og hv. þdm. láti sig málið engu skipta. Ég vil þá snúa mér lítið eitt að hv. 6. landsk. þm. út af því, sem hann vék að brtt. minni við 72. gr. frv. Hann hélt því fram, að ég teldi skiptinguna í þessa tvo flokka réttláta, um það hefi ég ekkert sagt. *Ég hefi að vísu haldið því fram*, að rétt mundi vera að aðgreina framfærslukostnað kaupstaða og sveitarfélaga. Aftur á móti hygg ég, að sú skipting, sem höfð er í frv., muni fyrr eða síðar sýna, að *kauptúnin og jafnvel smærri kaupstaðirnir* verði óeðlilega hart úti.

Hv. 6. landsk. heldur því fram, að Rvík hafi þá sérstöðu gagnvart öllum öðrum kaupstöðum, sem réttlæti það, að hún sé sett í sérstakan flokk, þegar úthlutað er endurgreiðslu á framfærslukostnaði. En hann gætir þess ekki, að við útreikning á meðaltalsframfærslukostnaðinum sjálfum er beinlínis byggt á og reiknað eftir þeim mismunandi ástæðum og aðstöðu, sem sveitar- og bæjarfélögin hafa til þess að standa undir þeim kostnaði. Núgildandi grundvöllur á mati á skattþoli sveitarfélaga með tilliti til endurgreiðslu framfærslukostnaðar úr ríkissjóði, er aðallega fjórþættur, þar sem ⅓ skattþols miðast við tölu verkfærra manna, ⅓ við skattskyldar tekjur íbúanna, ⅙ við skuldlausar eignir og ⅙ við fasteignamatsverð í sveitarfélaginu. En þegar búið er að finna einskonar vísitölu um *skattþol sveitarfélaganna, miðað við þessa fjóra* aðalþætti skattþolsins, þá er í raun og veru aðallausnin fundin í þessu efni. Það getur verið, að hlutfallið milli þessara fjögra höfuðþátta sé ekki sanngjarnt, en við þessu hlutfalli er ekkert hreyft með frv., heldur eru ákvæði um þetta tekin óbreytt inn í frv. úr gildandi lögum. En þegar búið er að fá þennan sameiginlega mælikvarða á skattþoli allra sveitar- og bæjarfélaga, sýnist ekki vera ástæða til að gera upp á milli þeirra með því að skipta þeim í flokka. Ég neita því náttúrlega ekki, að Rvík hefir ýmsa sérstöðu með tilliti til skattþols fyrir utan þá fjóra höfuðflokka, sem miðað er við, t. d. leggur Rvík ekkert til sjúkrahúsa og lítið til skólamála. En aðalhlunnindin gagnvart skólamálunum eru þó í því fólgin, að einstaklingarnir eiga þar léttara með að láta börn sín fara í skólana, heldur en einstaklingar í öðrum sveitarfélögum. *Aftur á móti er á það að líta gagnvart þessum* sérstöku hlunnindum, að skattskyldar tekjur í Rvík eru yfirleitt hærri en annarsstaðar, og verður það til þess að jafna upp á móti þessum hlunnindum.

Héðinn Valdimarsson [óyfirl.]: Ég ætla ekki að þessu sinni að ræða um annað í sambandi

við þetta mál en brtt. okkar hv. 1. landsk. um gildistöku laganna, að hún miðist við gildistöku atvinnuleysistrygginganna, en fulltrúi framsóknarflokksins í allshn. vildi ekki láta það mál ganga fram á þessu þingi. Þó að við höfum hvað eftir annað óskað eftir, að þetta mál yrði tekið á dagskrá, þá hefir það ýmist ekki fengizt eða þá að það hefir ekki verið tekið fyrir, þótt það hafi verið á dagskránni. Ég tel héðan af afarlitlar líkur til þess, að mál þetta nái fram að ganga á þessu þingi, a. m. k. ef þingi verður lokið fyrir jól. En það ætti að vera nokkurnveginn tryggt, að það næði framgangi á næsta þingi. Og þar sem þetta mál er eiginlega skylt l. um framfærslu sjúkra manna og örkumla, þá finnst mér eðlilegt, að þau gangi bæði samtímis í gildi. Virtist mér því nauðsynlegt, að þau yrðu samþ. á næsta þingi, er saman á að koma 15. febr. næstk.

Þá vildi ég leyfa mér að bera fram lítilsháttar brtt. við 4. lið brtt. á þskj. 748, á undan orðinu „framfærsluþurfar" komi: einhleypir. (**Jak-M**: Hvað segir hv. þm. Hafnf. um það?). Það er ekki flokksmál fremur en ýmislegt annað í þessu frv.

Forseti (JörB): Mér hefir borizt skrifl. brtt., og vil ég leita afbrigða til þess, að hún megi koma fyrir til umr. og atkvgr.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 687) leyfð og samþ. með 19 shlj. atkv.

Forseti (JörB): Ég skal út af þeim orðum hv. 2. þm. Reykv., að ég hafi ekki tekið á dagskrá frv. um ríkisframfærslu sjúkra manna og örkumla geta þess, að ég hefi ekki talið það til nokkurs hlutar að setja málið á dagskrá, sökum þess að jafnan hafa verið mörg mál á dagskrá, sem mér var sagt, að lögð væri áherzla á, að næðu fram að ganga. En frá minni hálfu hefir ekkert verið því til fyrirstöðu að það væri tekið fyrir.

Frsm. (Bergur Jónsson) [óyfirl.]: Í framsöguræðu minni áðan gleymdi ég nokkrum brtt. Það voru brtt. á þskj. 826—828. Ég vil taka fram um brtt. á þskj. 826 frá hv. 3. þm. Reykv. og hv. 1. landsk., að ég tel meinlaust í sjálfu sér, að formanni barnaverndarn. sé heimilað að sitja fundi framfærslun. — Brtt. á þskj. 827 tel ég sjálfsagðar, og er það að vonum, þar sem ég er einn af flm. þeirra.

Í 1. brtt. ræðir um það að færa innheimtu barnsmeðlaga aftur í það horf, sem nú er, þ. e. í hendur lögreglustjóra, og leiðir það af því, að framfærslustjóraembættið verður ekki stofnað, og ennfremur að fela þeim að úrskurða um þau mál. Um brtt. á þskj. 828 er það að segja, að við nánari athugun þá tel ég hana frekar til bóta. Ég vil taka undir það með hv. aðalflm. framfærslul., hv. 6. landsk., að sjálfsagt sé, að jöfnunarhlutfallið verði ákveðið minna, láta þau ákvæði reyna sig næstu tvö árin, og tel enga þörf á því mikla kappi, sem lagt er á það að breyta því nú. Það lítur út fyrir, að hv. þm. V.-Húnv. sé að ganga erinda Rvíkur í þessu. Það virðist ekki vera nægur tími til að reikna þetta út, og ég sé ekki betur en að hv. þm. geti látið sér nægja að bíða til næsta þings, þegar betra tóm verður til að athuga þetta niður í kjölinn, því að hér er um vandamál að ræða, sem ekki má flaustra af. Hv. þm. V.-Húnv. tók aftur brtt. á þskj. 740, eins og ég spáði. Hann minntist á brtt., sem ég flutti ásamt hv. 2. þm. Reykv. og 2. landsk., og lagði eindregið á móti þeim öllum. Mér þótti sérstaklega undarlegt, að hann skyldi mæla á móti 1. brtt., þar sem aðeins er um að ræða það, að þar sem valdsmaður er ókunnugur, þá megi hann ekki aðeins leita til framfærslun. eða hreppsn., heldur og til annara kunnugra manna. Það getur vel staðið svo á, að einhver persóna sé á staðnum, sem sé kunnugri heldur en þessar nefndir. Þetta er bara valdsmanni sjálfum til hægðarauka, til þess að hann geti eftir á varið úrskurð betur með því að vísa til álits, sem byggt er á. Þetta ákvæði er atriði, sem ég myndi telja sérstaklega heppilegt, að geta snúið sér til manns, sem væri enn þá kunnugri en þessar nefndir, og vera ekki bundinn við að snúa sér til n., sem ekki væri víst, að gæti gefið réttar upplýsingar. Á hinu furðaði mig ekki eins mikið, þó að hann, eins og margir aðrir, vildi fella niður 61. gr., þar sem gert er ráð fyrir, að meðlagið missi gildi sitt, þegar barnsmóðirin giftist aftur. Í þessari gr. er nýmæli eins og hv. aðalflm. gat um, sem minnkar rétt barnsmóður í þessu tilfelli, og þetta er ástæðan til þess, að við gátum ekki fallizt á þetta. — Það er rangt hjá hv. þm. V.-Sk., að ég hafi verið þessu meðmæltur. Þetta er gert af manníðarástæðum og engu öðru, og þetta er algerlega rangt gagnvart barnsmóðurinni, enda þótt svo hafi orðið, að barnsfaðirinn hafi dáið. Í öðru lagi vil ég benda á það, sérstaklega þeim mönnum, sem sérstaka virðingu bera fyrir hjónabandi og slíkum hlutum, að það er opin leið fyrir allar persónur, þar sem svo stendur á, að eignast börn og búa áfram án þess að giftast, til þess að halda úrskurðinum. Ég hélt nú ekki að hv. þm. V.-Sk. vildi vinna að því, sem menn kalla hneykslanlega sambúð. Einu sinni var bæjarfógti, sem tók sig til og gekk hús úr húsi á næturþeli og rak í sundur persónur, sem ekki voru giftar, en bjuggu saman. Þetta er enn í lögum, og þetta má og á hver valdsmaður að gera. Það er því undarlegt af löggjafarvaldinu að ganga á í því að ýta undir fólk með það að búa saman í hneykslanlegri sambúð. Með þessu er ég ekki að segja það, að þetta lagaákvæði sé rétt eins og það er nú, en það eru ýms réttindi bundin að l. við hjónabandið, t. d. fyrir börnin, og þeim er oft heldur illa við, að foreldrar þeirra búi saman, án þess að vera gift. Það er enginn vafi á því, að afleiðingin af því, ef þessi gr. frv. fær að standa óbreytt, að menn fara bara að auka þessa hneykslanlegu sambúð. Það var tilætlun flm. frv. og þeirra, sem sömdu það, að gera sem jafnastan rétt allra mæðra. — Í 26. gr. er ákvæði um það, að meðlag skuli falla niður, ef ekkja, sem fær meðlag með börnum, giftist. Við felldum þetta ákvæði niður. Ef við hefðum fellt niður 61. gr. en látið 26. gr. standa,

þá myndum við hafa gert upp á milli giftra kvenna og ógiftra, en það vildum við ekki gera. Þar með er þá aðeins um samræmisatriði að ræða. Ég vona nú, að hv. þm. V.-Sk. taki þessi rök mín til greina, sérstaklega þar sem um *collega minn er að ræða, sem ég veit*, að vill láta hegningarl. landsins gilda eins og önnur lög.

Jónas Guðmundsson [óyfirl.]: Ég skal taka það fram, að ég gleymdi í fyrri ræðu minni að minnast á eina brtt. á þskj. 740, sem ég hefði gjarnan viljað víkja að. Þessi brtt. er um það, sem hér er mikið um rætt, hvort framfærsluþurfi, sem kemur frá útlöndum, megi kjósa sér, á hvaða sveit hann á að fara eða hvort hann á að fara í þann hrepp, sem hann átti heima í, áður en hann fór af landi burt. Mér finnst það miklu meira í samræmi við anda þessa frv., að þessi maður, sem kemur frá útlöndum og er e. t. v. búinn að vera þar lengi, fari þegar í stað í þá sveit, sem hann sjálfur vill setjast að í. Mér virðist því algerlega rangt að samþ. þessa brtt. og miklu réttara að þessir menn segi sjálfir til um það, hvar þeir vilja setjast að í eitt skipti fyrir öll. — Um 7. brtt. á þskj. 740 vil ég segja það, að ég tel ekki til bóta, að hún verði samþ.

Þá *vil ég víkja nokkuð* að hv. þm. V.-Húnv. Það er verst, að hv. þm. er nú ekki hér viðstaddur, en það er nú kannske óþarfi að fara að sækja hann til að hlusta á mig; en ég hafði ekki hugsað mér að víkja að öðru en því, sem hér hefir verið sagt. Hér hefir komið fram skrifleg brtt. um það, að framfærslun. verði skipaðar 3 mönnum í stað 5. — Þetta er nú *náttúrlega ekkert aðalatriði, en þetta ákvæði* um stjórn framfærslul. er sniðið eftir samskonar kafla í dönsku framfærslulögunum. Þessi regla er einmitt þaðan tekin að hafa nefndirnar frekar fjölmennar til þess að koma í veg fyrir að menn séu í hreppsn. og bæjarstjórnum og í þessum nefndum, því að ekki þarf að efa, að fjölda margir hæfir menn í þetta eru utan bæjarstj. og hreppsn. — *Ég sé nú*, að hv. þm. V.-Húnv. er kominn, og það var aðallega til að svara honum, að ég stóð upp. Það voru einkum tvö atriði í ræðu hans, sem ég vildi taka til athugunar. Fyrra atriðið var það, að hann sagði, að þrátt fyrir upplýsingar mínar um það, hvað Reykjavík væri betur sett en aðrir kaupstaðir og sveitarfélög, þá væri búið að taka tillit til þessa mismunar með útreikningum, sem jöfnuðu gjaldið. Eftir þessu er það rétt, að þessi mismunur á sér stað. En það er ekki þetta, sem er aðalatriðið hér, heldur hitt, að ekki er búið að taka tillit til, hvað mikið af þessu er fyrir tilverknað bæjarfélagsins sjálfs og hvað mikið fyrir tilverknað hins opinbera í heild. Hin önnur sveitar- og bæjarfél. í landinu geta ekki vænzt þess, þó að fjölgað sé starfsmönnum við Landsbankann hér, að fá álagningarmöguleika fyrir það. Og þegar sett er á stofn eftir fisksölul. heildsala á fiski alls landsins í Reykjavík, sem náttúrlega á, eins og hvert annað fyrirtæki, að vera skattskylt hér, þá er þar með tekinn sá réttur, sem verið hefir til í öðrum sveitarfélögum, til þess að hafa þar heildsölu og þar með álagningarmöguleikar. Allt slíkt, sem hið opinbera gerir, er Reykjavík til hagsbóta, en ekkert af því felst í þeirri reglu, sem reiknað er eftir. Það er þetta, sem ég vildi sérstaklega undirstrika. — Þá kem ég að hinu atriðinu, sem er í beinu áframhaldi af þessu. Hv. þm. sagði, að það væri nákvæmlega *sama með því að samþ.* brtt. hans við brtt., sem fjmrh. ber fram, eins og að samþ. brtt. hans við 72. gr. Þetta er líka rétt, en bara ekki að öllu leyti. Það er rétt að því leyti til, að ef fátækrajöfnunarféð hrekkur ekki til að greiða framfærslukostnað landsins, þá er það 10% ívilnunin, sem sveitarfélögin eiga að fá, sem verður upphafin. Það er rétt, að ég tel það réttara, að *ef fátækrajöfnunarféð hrekkur ekki til*, þá eigi ívilnunin fyrst að hverfa hjá þeim, sem minnst eiga að fá, en síður hjá hinum, sem meira eiga að fá. En verði brtt. hæstv. fjmrh. samþ. eins og hún liggur fyrir, verkar hún bara þannig, að það sveitarfélag, sem á að fá mikið, fær hlutfallslega jafnt og það, sem á að fá lítið. Eftir till. hv. þm. V.-Húnv. þá er upphafningin 10% fyrst og síðan koma til *endurgreiðslu* ⅔ hlutar. Ég veit ekki, hvort menn skilja þetta, en ég veit, að hv. þm. V.-Húnv. skilur þetta vel, að einmitt þetta verkar ekki fyrr en fátækrajöfnuðurinn er orðinn of lítill. Þegar hv. þm. athugar þetta, vænti ég að hann sjái, að sama er, hvort þetta er tekið eða hans brtt. Það veit ég, að hv. þm. V.-Húnv. getur ekki hrakið.

Jón Pálmason [óyfirl.]: Ég skal ekki eyða löngum tíma í að ræða þetta mál. En út af brtt. á þskj. 790 vil ég taka það fram, að ég tel óverjandi að binda gildistöku þessara l. við önnur l., *sem ekki eru líkur til*, að samþ. verði á þessu þingi, þar sem mjög er brýn þörfin á þeim réttarbótum, sem hér er um að ræða.

Í öðru lagi vil ég víkja lítils háttar að deiluatriði, sem mjög hefir verið rætt og verður að teljast eitt af meginatriðum þessa máls, sem sé það, hvernig haga skuli jöfnun styrksins frá ríkissjóði. L. þau, sem samþ. voru hér um jöfnun þessa, *voru spor í rétta átt*, en hvergi nærri fullnægjandi. Það munar miklu, hvort svo langt er gengið að miða við 15% yfir meðaltali eða 10% undir meðaltali. Ég tel því, að ekki myndi vera fjarri lagi það, sem lagt er til í brtt. hv. þm. V.-Húnv. á þskj. 815. Eru allar líkur til, að sú upphæð dugi, sem þar er farið fram á. Þá tel ég og óeðlilegt að taka Reykjavík út úr í þessu *efni, og vil ég*, að *hún sé látin* sæta sömu kjörum og aðrir kaupstaðir. Ég mæli því með, að þessi brtt. verði samþ.

Vænti ég þess svo, að þetta mál fái fljóta og greiða afgreiðslu hér á þingi og að ekki sé verið að leiða það neinar krókaleiðir, eins og auðsjáanlega er tilgangurinn með brtt. á þskj. 790.

Páll Zóphóníasson: Herra forseti! Ég skal ekki lengja umr. En það er ein brtt., sem ég vildi minnast á lítillega, smávægileg að vísu. Það er brtt. á þskj. 789 við 22. gr. frv. Í 22. gr. segir, að viðkomandi valdsmaður skuli úrskurða um meðlag með börnum ekkna, þegar svo stendur á sem þar er fram talið. Og síðar í gr. segir, að valdsmaðurinn skuli leita álits framfærslunefndar eða hreppsnefndar, þar

sem ekkjan á heima, áður en hann kveður upp úrskurð sinn. Við þetta vilja nú þeir hv. þm. Barð., hv. 2. þm. Reykv. og hv. 1. landsk. bæta orðunum „eða annara kunnugra“ (sbr. brtt. á þskj. 789). Annað hvort á hann að leita til hreppsn. eða framfærslun. á staðnum og fá þeirra álit eða þá annara kunnugra. Mér finnst, að hann ætti alltaf að vera skyldur að leita álits hreppsn., en ef upplýsingar hennar reynast ekki fullnægjandi, er sjálfsagt, að leitað sé álits annara kunnugra. Þess vegna ber ég fram þá brtt., að í stað orðanna „eða annara kunnugra“ komi „og annara kunnugra, telji hann þess þörf“. Eftir því verður alltaf að leita til hreppsn. Getur hann með þessu móti fengið þær upplýsingar, sem hann þarfnast, en hann getur þó aldrei gengið fram hjá hreppsn.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 864) leyfð og samþ. með 17 shlj. atkv.

Gísli Sveinsson [óyfirl.]: Ég get fellt mig við þessa breytingu á brtt. á þskj. 789, því að gefið er, að með því orðalagi, sem er á brtt. þessari, er hægt að ganga fram hjá bæði framfærslun. og hreppsn. Ég tel fullnægjandi að leita álits beggja þessara stofnana, því að oftast munu vera aðrir menn í framfærslun. en í hreppsn. En ef hv. þm. finnst rétt að leita einnig álits annara, þá vantar um það ákvæði í frv., og má þá bæta úr því með brtt. hv. 2. þm. N.-M.

Þá eru síðari brtt. tvær á þskj. 789. Hv. frsm. tók þar upp hanzkann fyrir sig og sína menn til varnar þeirri fáránlegu ráðstöfun að fella niður 26. og 61. gr. Mér þykir leitt, að hv. kollega minn skuli hafa leiðzt hér út á braut, sem hann getur ekki varið, að sé rétt. Annars hefi ég áður fært rök fyrir minni afstöðu um þetta atriði, og fer því ekki út í það frekar. En ég mun greiða atkv. á móti þessum brtt., þar sem ég tel þessar gr. réttar, eins og þær standa í frv.

Hannes Jónsson [óyfirl.]: Í ræðu hv. 6. landsk. voru tvö atriði, sem ég vil taka mjög stuttlega til athugunar. Hann viðurkenndi, að það væri rétt hjá mér, að búið væri með sjálfum grundvallarreglunum að taka tillit til versnandi ástæðna bæjar- og sveitarfélaga. En hann sagði svo, að ekki hefði verið tekið tillit til þess, hve mikið þjóðfélagið væri búið að leggja til ýmiskonar starfrækslu í Reykjavík um fram það, sem lagt hefði verið af mörkum til annara staða á landinu. Nú er það svo, að fjögur höfuðatriði eru lögð til grundvallar fyrir útreikningi meðaltalsframfærslukostnaðar landsins. Tala vinnufærra karla og kvenna að ⅓ hluta, skattskyldar tekjur að ⅓, skuldlausar eignir að ⅙ og fasteignamat að ⅙. En ef taka ætti tillit til alls, sem til greina gæti komið, þá eru enn eftir ótalmörg atriði. Sum þeirra gætu ef til vill orðið einu sveitarfélagi til hagsbóta, en jafnframt til að íþyngja öðru. Og um það mætti lengi deila, hvort þessi fjögur atriði væru þau þýðingarmestu eða ekki.

Það má líka ef til vill deila um, hvort þessi atriði, sem lögð eru til grundvallar fyrir útreikningnum, verða þess valdandi eða ekki. En ég hygg torvelt að finna leiðir, sem mönnum fyndust algerlega réttlátar. En það eru þessi atriði, sem mönnum hafa fundizt mest áberandi, hvernig sveitarfélögin eigi að standa undir gjöldunum. Það má að vísu halda áfram að telja upp mörg fleiri atriði, en ég hygg, að þau séu ekki eins stórfelld. Og sé gengið út frá, að þessi regla gildi, og hv. þm. viðurkenna, að í þeim felist leiðrétting á mismunandi aðstöðu sveitarfélaganna, þá er tilganginum náð. Hv. þm. vildi halda því fram, að ákvæðin, sem felast í brtt. á þskj. 828, nái ekki eins langt og 72. gr. l. Þetta er rétt, eins og ég held, að ég hafi tekið fram, svo framarlega sem ekki þurfi samkvæmt reglunni á brtt. 828 að hækka um 10% eða meira, en sé hækkunin 5% nær það því ekki alveg með sama útreikningi. En ég vil halda því fram að brtt. stefni báðar að sama marki.

Að lokum vildi ég aðeins segja, að með l. frá 1932 var ekki tilætlunin að setja af stað allsherjarhjálp til sveitarfélagana, heldur að greiða úr fyrir þeim, sem verst voru komin. Þó svo færi, sem ég tel ólíklegt, að fjárgreiðsla samkvæmt till. minni ekki nægi 230 þús., tel ég ekki illa farið, þó ekki þyrfti þær til fulls, enda ekki nauðsynlegt að veita hámark, ef ekki þyrfti svo mikið til þess að brýna úr verstu skörðin. Þessi ákvæði l. eiga aldrei að skoðast sem allsherjarhjálp, heldur þarf hér að vera aðhald um sparnað, svo útgjöldin gangi ekki úr hófi fram. Eigi að veita allsherjarstuðning á þennan hátt, verður annaðhvort að fá aukna tekjustofna eða draga úr öðrum útgjöldum. En sú úrlausn er alls ekki á valdi sveitarstj., þó það fari nokkuð eftir hagsýni, hvað hver kemst af með mikið. Ég tel, að það sé aðhald fyrir sveitarstj. í meðferð fjár, að þessi aðferð sé notuð, og að áfram haldist ákvæðið um að brýna aðeins í verstu skörðin. Skal ég svo láta útrætt um þetta atriði frá minni hendi, en vona að hv. þm. muni eftir því, að þetta er ekki hugsað sem allsherjarstuðningur, heldur hjálp til verst stæðu félaganna, til þess að koma þeim á sæmilega starfhæfan grundvöll, sem þeim væri annars um megn.

Emil Jónsson: Ég ætla ekki að tala langt mál, það hafa margir aðrir gert, sem talað hafa á undan mér. Ég vildi aðeins segja nokkur orð um eitt atriði í brtt. á þskj. 748 frá þeim hv. þm. Barð. og hv. 2. þm. Reykv. og hv. 1. landsk. Gera þeir þar ráð fyrir, að mötuneyti, sem framfærslunefnd eða hreppsnefnd starfrækir fyrir almenning, sé heimilt að ákveða, að framfærsluþurfar taki mat sinn þar. Þetta tel ég bundið of einhliða. Ef út í slíka starfrækslu er farið ætti ekki að binda það of einhliða í öndverðu. Ég er á sömu skoðun og hv. þm. V.-Húnv., að erfitt sé að takmarka fátækraframfærið, þó að vel megi vera, að hægt sé að takmarka það að einhverju leyti. Ég hefi sjálfur staðið í að úthluta fátækrastyrk, og fer hann alltaf hækkandi, hvað sem gert er til þess að draga úr honum. Síðustu tölur um þetta tala skýru máli. Á Akureyri var framfærslukostnaður áætlaður í ár 190 þús. kr., en í Hafnarfirði 160 þús. Þegar litlir kaupstaðir eru komnir með svona háar

tölur, er obbinn farinn af tekjunum, svo að nálega ekkert er eftir til annara þarfa. Þess vegna tel ég brtt. á þskj. 748, 4. lið, fullkomlega tímabæra frá fjárhagslegu sjónarmiði og tryggja fátæklingunum betra og ódýrara fæði. En ég skil vel, að hv. 2. þm. Reykv. hefir borið fram sína skrifl. brtt. vegna þess, að hann hefir ekki viljað pína stórar fjölskyldur með erfiðum heimilisástæðum til þess að sækja mötuneytið. En ef mötuneytið á eingöngu að vera bundið við einhleypt fólk, en að veita öllum fjölskyldum heim, verður bæjarfél. ekki kleift að standa undir þeim kostnaði. Ég vildi því gera þá brtt. við brtt. á þskj. 748, 4. lið, að við liðinn bætist: og að matur skuli sendur heim þeim fjölskyldum, sem að dómi framfærslun. og héraðslæknis eiga erfitt um að sækja mat þangað. Er þá fyrir girt, *að aðrir fái matinn sendan heim en þeir, sem* ekki komast að heiman.

Hér verður að taka tillit til beggja handa. Það má hvorki einblína á hag bæjarfélagsins og ekki heldur draga um of taum styrkþeganna. Það verður ekki komizt frá þessum málum, nema að skoða þau frá báðum hliðum. Það má gera ráð fyrir, að framfærslunefnd verði þannig skipuð, að hún taki tillit til þarfa bæjarfélagsins ekki síður en einstaklinganna.

Ég sé ekki ástæðu til að hafa um þetta fleiri orð, því till. skýrir sig sjálf. Er henni ætlað að fyrirbyggja, að þeim mönnum sé skipað að sækja mötuneytin, sem einhverra orsaka vegna ekki geta það. Hér er því tryggt, að ekki þurfi að óttast það atriðið, sem hv. 2. þm. Reykv. vildi koma í veg fyrir með sinni skrifl. brtt.

Forseti (JörB): Mér hefir borizt skrifl. brtt. frá hv. þm. Hafnf., sem hann hefir nú skýrt fyrir hv. d. Þarf tvennskonar afbrigði til þess að till. megi koma til umr., þar sem hún bæði er skrifl. og of seint fram komin.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 863). leyfð og samþ. með 17 shlj. atkv.

Héðinn Valdimarsson: Ég vil þá taka aftur mína skrifl. brtt., með skírskotun til brtt. hv. þm. Hafnf.

Frsm. (Bergur Jónsson) [óyfirl.]: Ég sé ekki ástæðu til þess að lengja umr. að ráði, en aðeins athuga ofurlitið brtt. á þskj. 864, frá hv. 2. N.-M., sem hljóðar þannig með leyfi hæstv. forseta: „Í stað „eða annara kunnugra“ komi: og annara kunnugra, telji hann þess þörf.“

Ég held, að þetta sé á dálitlum misskilningi byggt hjá hv. þm. Valdsmaður er alls ekki bundinn við að fara eftir upplýsingum eða tillögum nefndanna, því honum er í sjálfsvald sett, hve mikið tillit hann tekur til þeirra. En hinsvegar er það gert valdsmanninum til hagræðis og stuðnings, svo hann geti vísað til þeirra umsagnar í forsendum fyrir úrskurðinum, ef honsýnist svo. Ég sé því ekki annað en þetta megi vel standa við það, sem er í brtt. á þskj. 789, vegna þess að standi svo á, að valdsmaður sé ókunnugur högum ekkjunnar, hefir hann óbundnar hendur um að leita upplýsinga hjá kunnugum mönnum. Þá höfum við flm. brtt. á þskj. 789 lagt til, að 61. gr. falli niður. Er þar (í 61. gr.) gert ráð fyrir, að niður falli meðlög barna, ef konan giftist. Býst ég við, að allir hv. þm., og einnig hv. þm. V.-Sk., sem þó er með ýmsar ýfingar út af brtt., skilji, að til þess að komast undan, að meðlag falli, verður konan að búa með manninum án þess að giftast. Er þar beinlínis verið að neyða þau til þess að brjóta l. með hneykslanlegri sambúð, eins og það er kallað, þar sem það er eina leiðin til þess, að halda rétti sínum að öðru leyti. Það er því rökrétt skoðað þjóðhagslega bezt, að þetta ákvæði falli niður. Skal ég benda á, að hér er um nýmæli í l. að ræða, þar sem horfið er frá því, sem áður hefir staðið í l., að þrengja kosti konunnar, þó *hún giftist.*

Þá viljum við einnig fella niður 26. gr., sem stendur í beinu sambandi við hina brtt., og miðar einnig að því að bæta kjör mæðranna. Viljum við heldur lofa ekkjunum að giftast aftur en búa í hneykslanlegri sambúð.

Jakob Möller [óyfirl.]: Brtt. á þskj. 826 um skipun framfærslunefndar, sem við hv. 1. landsk. höfum borið fram, þarf ekki meðmæla við, því henni hefir verið tekið svo vel af öllum hv. þm., sem á hana hafa minnzt, enda er augljóst, að óheppilegt getur verið að skipa menn í n. eftir því, sem gert er í frv. Er hægt að færa rök að því, að engin trygging er fyrir, að þeir menn, sem kosnir eru formenn barnaverndarráðs og eru prýðilega til þess fallnir séu heppilegir til þess að stjórna almennum framfærslumálum. Býst ég við, að ekki sé vafi á því, að brtt. verði samþ. Get ég fallizt á brtt. hv. þm. Ísaf. um, að framfærslun. sé skipuð 3—5 mönnum eftir ástæðum. Geri ég einnig ráð fyrir, að hún verði samþ.

Ég skal svo ekki blanda mér mikið í málið í heild, en aðeins benda á, að það er auðsætt, að með þeirri lagabreytingu, sem hér er verið að gera, er þyngdur mjög framfærslukostnaður í Rvík og öðrum kaupstöðum. Það er kunnugt, að síðustu árin hefir verið stöðugur fólksstraumur úr sveitunum til kaupstaðanna, sem hlýtur á erfiðum tímum að auka á vandræði þeirra kaupstaða, sem fyrir því verða, *sem ekki er þó ábætandi,* eins og nú er. Hinsvegar er að gæta þess ástands, sem nú er, að mjög er erfitt að fá greiddar skuldir, sem sprottnar eru af framfærslu þurfamanna úr öðrum sveitarfélögum. Nálgast það meir og meir, að á endanum muni allar slíkar greiðslur falla niður, svo þar er ekki úr háum söðli að detta. Hinsvegar er þess að vænta, að samfara þessu frv. komi einnig til framkvæmda ríkisframfærsla sjúkra manna og örkumla. Það er vitanlegt, að kaupstöðunum er nauðsynlegt, að þeim sé á einhvern hátt léttar þær byrðar með lagasetningu. Það er kunnugt, að mörg sveitarfélög eru að gefast upp við að standa undir langvarandi sjúkraframfærslu, t. d. vegna berklaveiki. Frv. um ríkisframfærslu sjúkra manna og örkumla léttir þessum kostnaði af sveitarfélögunum. Þess vegna vil ég taka í strenginn með þeim hv. þm., sem vilja binda

gildistöku þessara laga við gildistöku l. um ríkisframfærslu sjúkra manna og örkumla. Finnst mér það eðlilegt, þó þetta sé ekki beinlínis bundið hvað öðru, vegna þeirrar röskunar, sem þetta frv. veldur á fjármálum sveitarfélaganna, að eðlilegt sé og sjálfsagt að bæði frv. fylgist að. Ég mun því greiða atkv. með tilliti til þess, og binda það við gildistöku beggja frv.

Ég tel rétt að samþ. brtt. á þskj. 740 frá hv. þm. V.-Sk., hv. þm. Borgf. og hv. 7. landsk. um að heimila bæjar- og sveitarstjórnum að gera ráðstafanir til þess að takmarka aðstreymi fólks og vernda sig þannig fyrir alltof auknum byrðum af fátækraframfærslunni. Tel ég sjálfsagt að samþ. slíka heimild, því væntanlega verður hún ekki notuð, nema nauðsyn krefji. Ég skil ekki, hvers vegna hv. þm. ættu að vera því andvígir, þar sem öllum mun vera fullkunnugt, jafnt fulltrúum kaupstaðanna og sveitanna, að annarsvegar er nauðsyn að vernda kaupstaðina fyrir aðstreymi fólksins vegna atvinnuvandræða og framfærsluþunga og hinsvegar að hindra brottflutning manna úr sveitunum, sem er nú eitt höfuðmál Alþingis að koma í veg fyrir. Einkum vænti ég þess, að þeir hv. þm., sem telja sig málsvara sveitanna, taki till. vel. Eins er um fulltrúa kaupstaðanna, að þeim ætti að vera áhugamál að tryggja íbúunum þá atvinnu, sem til fellur. Vænti ég því, að samkomulag verði um að samþ. þessa till.

Ég vil aðeins geta þess, til þess að minna á, að okkur sjálfstæðismönnum í bæjarstjórn Rvíkur hefir verið legið á hálsi fyrir það, að við höfum látið afskiptalaust þetta takmarkalausa aðstreymi til bæjarins, sem hefir haft í för með sér sívaxandi gjaldabyrði í sambandi við fátækraframfæri og atvinnubætur. Það hefir að vísu verið bent á, að það sé ekki á valdi bæjarstjórnar að hindra slíkt. Það yrði ekki hindrað, nema með löggjöf, sem heimilaði að setja slík takmörk. Vænti ég því þess af hálfu þess flokks, sem sérstaklega hefir legið okkur sjálfstæðismönnum á hálsi fyrir aðgerðarleysi í þessu efni, að hann ljái þessari till. nú fylgi og styðji framgang hennar hér á þingi.

Ég vil, eins og ég sagði áðan, ekki blanda mér inn í þær umr., sem hér hafa farið fram, en mun við atkvgr. skýra mína afstöðu til einstakra till.

Gísli Sveinsson [óyfirl.]: Það er örstutt, og það er líka óþarft að fara mörgum orðum um þetta.

Ég skal aðeins benda á það, sem hv. frsm. virtist misskilja. Hann heldur, að þetta „eða annara kunnugra“, sem hann hefir sett í till. á þskj. 789, þýði það, að sjálfsagt sé eins fyrir það að leita umsagnar nefndarinnar. En það er ekki. Sá, sem úrskurðar, getur með þessu ákvæði gengið fram hjá nefndinni og komið sér saman við aðra menn, sem hann telur, að geti gefið upplýsingar og farið eftir þeirra umsögn. Þetta getur ekki verið tilætlunin. Það er ómögulegt, að það eigi að láta Pétur og Pál ráða slíku eftir eigin geðþótta. Og þó að hann sé ekki bundinn við álit þeirra, þá er þó skylt að leita umsagnar hreppsnefndar eða annara kunnugra.

Viðvíkjandi till. um niðurfellingu 26. og 61. gr. þá skal ég geta þess um 61. gr., sem mönnum hefir orðið tíðrætt um, að ef hún yrði felld burt, þá er það í raun og veru svo, að þá ætti það að gilda um þau börn, sem eru talin munaðarlaus samkv. 60. gr., að það yrði haldið áfram að gefa með þeim af heimilissveit foreldra, enda þótt annar maður kæmi til með að taka konuna að sér, svo að börnin væru þá ekki lengur munaðarlaus. Það stangast því á að fella niður 61. gr., nema þá 60. gr. yrði felld niður líka. En þessar gr. sóma sér vel eins og þær eru. 61. gr. og 26. gr. gera algerðan jöfnuð milli kvenna, eins og hafði átt að vera milli giftra kvenna, hvort sem þær hafa verið áður gefnar eða ekki.

Hirði ég svo ekki að fara frekar orðum um það. Ég vona, að hv. þm. séu því vaxnir að skera úr þessu með atkv. sínum. Mætti mikið vera, ef svo illa tækist til, að þær yrðu felldar.

Ég lét hjá líða áðan að gera aths. við það, sem hv. 6. landsk. var að tala um. Hann var að verja það, að sá, sem kemur frá útlöndum og er ríkisborgari hér, ætti þess kost að kjósa sér sveit. Þetta á að vera til þess, að með því að hann hafi þennan rétt, þá sé hann jafnsettur þeim, sem heima eru, því að ef menn hugsa sér hömlur settar við því, þá gilda þær vitanlega gagnvart þeim, sem væru innanlands, en svo kæmi maður utanlands frá og hann stykki yfir allar hömlur, stykki „yfir hringinn margfaldan“. Það er ekki rétt að gefa honum rétt til slíks forleiks. Hann á að vera jafnsettur öðrum, og er þá rétt að binda hann við það lögheimili, sem hann hafði eða þá hans foreldrar. Hitt er í raun og veru óhæfa, að nokkur maður geti með einu orði ráðið, hvar hann setur sig niður sem sveitfastur.

ATKVGR.

Brtt. 867 tekin aftur.
— 740,1 tekin aftur.
— 740,2 samþ. með 17:6 atkv.
— 740,3 samþ. með 23 shlj. atkv.
— 740,4.a—b samþ. með 23. shlj. atkv.
— 820 felld með 16:4 atkv.
— 740,5 samþ. með 15:13 atkv.
— 740,6 samþ. með 23 shlj. atkv.
— 748,1 samþ. með 17 shlj. atkv.
— 740,7 felld með 17:12 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: JakM, JJós, JÓl, JónP, JS, PO, SK, EE, GÞ, GSv, GÍ, HannJ.

nei: JG, MT, PZ, PÞ, SigfJ, SE, TT, ÞorbÞ, BJ, BÁ, BB, EmJ, EystJ, FJ, GG, HV, JörB.

Fjórir þm. (ÓTh, PHalld, StJSt, ÁÁ) fjarstaddir.

Brtt. 740,8 tekin aftur.
— 748,2 samþ. með 18:1 atkv.
— 864 samþ. með 16:9 atkv.
— 789,1 svo breytt, samþ. með 20 shlj. atkv,
— 789,2 felld með 16:8 atkv.
— 748,3 samþ. án atkvgr.
— 740,9.a, svo breytt, samþ. með 20:4 atkv.
— 740,9.b—c tekin aftur.
— 865 samþ. án atkvgr.
— 826, svo breytt, samþ. með 23:3 atkv.
— 863 samþ. með 22 shlj. atkv.
— 748,4, svo breytt, samþ. með 23 shlj. atkv.

Brtt. 740,10—11 teknar aftur.
— 748,5 samþ. án atkvgr.
— 740,12 samþ. án atkvgr.
— 748,6 samþ. með 21 shlj. atkv.
— 740,13 samþ. án atkvgr.
— 740,14 samþ. með 21:1 atkv.
— 740,15 samþ. með 22 shlj. atkv.
— 740,16 samþ. með 19 shlj. atkv.
— 790 samþ. með 15:4 atkv.
— 740,17 samþ. með 20 shlj. atkv.
— 740,18 tekin aftur.
— 827,1 samþ. með 26 shlj. atkv.
— 789,3 felld með 16:7 atkv., að viðhöfðu *nafnakalli, og sögðu*

já: HV, MT, PZ, PÞ, SE, ÞorbÞ, FJ.
nei: HannJ, JakM, JJós, JÓl, JónP, JS, JG, PO, SigfJ, SK, BJ, BÁ, GÞ, GSv, GÍ, JörB.

TT, BB, EE, EmJ, EystJ, GG greiddu ekki atkv.
Fjórir þm. (ÓTh, PHalld, StJSt, ÁÁ) fjarstaddir.

Brtt. 748,7 samþ. með 23 shlj. atkv.
— 740,19 tekin aftur.
— 827,2 samþ. með 21 shlj. atkv.
— 740,20 samþ. án atkvgr.
— 740,21 samþ. með 18 shlj. atkv.
— 740,22 samþ. án atkvgr.
— 815,1 samþ. án atkvgr.
— 815,2—4 felld með 22:6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: HannJ, JakM, JÓl, JónP, SK, EE.
nei: GÍ, HV, JJós, JS, JG, MT, PZ, PÞ, PO, SigfJ, SE, TT, ÞorbÞ, BJ, BÁ, BB, EmJ, EystJ, FJ, GÞ, GSv, JörB.

GÞ greiddi ekki atkv.
Fjórir þm. (ÓTh, PHalld, StJSt, ÁÁ) fjarstaddir.

Brtt. 813 tekin aftur.
— 795 samþ. með 22:3 atkv.
— 828 samþ. með 24:1 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: JakM, JJós, JÓl, JónP, JS, JG, PZ, PÞ, PO, SigfJ, SE, SK, TT, ÞorbÞ, BJ, BÁ, BB, EE, EystJ, GÞ, GG, GSv, HannJ, JörB.
nei: GÍ.

MT, EmJ, FJ, HV greiddu ekki atkv.
Fjórir þm. (ÓTh, PHalld, StJSt, ÁÁ) fjarstaddir.

Brtt. 771, svo breytt, samþ. með 19 shlj. atkv.
— 740,23 samþ. með 23 shlj. atkv.
— 740,24 tekin aftur.
— 827,3 samþ. með 23 shlj. atkv.
— 740,25 samþ. með 21 shlj. atkv.
— 790,2 felld með 19:6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: PÞ, SE, EmJ, FJ, HV, JakM.
nei: JÓl, JónP, JS, MT, PZ, PO, SigfJ, SK, TT, ÞorbÞ, BJ, BÁ, BB, EystJ, GG, GSv, GÍ, HannJ, JörB.

JG, EE, GÞ, JJós greiddu ekki atkv.
Fjórir þm. (ÓTh, PHalld, StJSt, ÁÁ) fjarstaddir.

Brtt. 740,26 felld með 16:12 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: MT, PO, SK, EE, GÞ, GSv, GÍ, HannJ, JakM, JÓl, JónP, JS.
nei: PZ, PÞ, SE, TT, ÞorbÞ, BJ, BÁ, BB, EmJ, EystJ, FJ, GG, HV, JJós, JG, JörB.

SigfJ greiddi ekki atkv.
Fjórir þm. (ÓTh, PHalld, StJSt, ÁÁ) fjarstaddir.
Frv. samþ. með 23:2 atkv. og afgr. til Ed.

Á 97. fundi í Ed., 17. des., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 871).
Á 98 fundi í Ed., 18. des., var frv. tekið til 1. umr.
Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv. og til allshn. með 11 shlj. atkv.

Á 100. fundi í Ed., 20. des., var frv. tekið til 2. umr. (A. 871, n. 903).
Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10:1 atkv.

Frsm. (Páll Hermannsson) [óyfirl.]: Ég geri ráð fyrir, að hv. dm. líti svo á, að þetta lagafrv. *megi telja eitt af merkustu málum, sem liggja* fyrir Alþingi. En af því að engar umr. fóru fram hér við 1. umr. þykir mér rétt að segja fáein orð um frv. almennt. Skal ég taka það fram, að það geri ég fyrir eigin reikning, en ekki n. Eins og sést á nál. á þskj. 903, er lítið verk, sem allshn. hefir lagt í þetta mál, af eðlilegum ástæðum.

Það er svo um framfærslu þeirra manna, sem ekki geta framfært sig sjálfir, að þeir munu lengstum koma öðru fólki við á einn eður annan hátt. Það þarf varla að búast við því fyrst um sinn, að ekki þrjóti einhverja um að sjá sér *farborða og að aðrir þurfi að taka við, svo* hefir verið löngum og verður sennilega lengi enn.

Það má vekja athygli á því þegar í byrjun, að þetta frv. hefir annað nafn en var á eldri löggjöf um þetta efni. Og er það tákn þess, að í frv. er reynt að komast svo að orði, að það særi sem minnst þá, er þurfa að njóta. Það er vitanlegt, að þrot manna stafa miklu oftar af óviðráðanlegum ástæðum, slysum, veikindum o. fl., og þá er sjálfsagt að særa sem minnst tilfinningar þeirra, þó hitt komi vitanlega einnig fyrir, að menn lenda í bjargarþroti vegna drykkjuskapar eða annarar ómennsku, en þá er ekki heldur til bóta að nota orð, sem við þekkjum öll, að er viðkvæmt fyrir tilfinningar þessa fólks, ómenningin verður ekki bætt með særingum.

Í öðru lagi get ég bent á, að í frv. þessu er gerð tilraun að raða skipulegar niður efni en gert hefir verið áður. Í fátækralögunum var því raðað í 4 kafla, einn var um framfærsluskyldu, annar um framfærslusveit, þriðji um hvernig haga skyldi styrkveitingu og fjórði um vald sveitarstjórna. Þessu frv. er skipt í 5 kafla, þannig að þægilegra verði að finna í lögunum það, sem menn þurfa að svipast eftir. — Fyrsti *kafli er um framfærsluskyldu, annar er um fram*færslurétt, báðir tilsvarandi 2 fyrstu köflum fá-

tækralaganna. — Þriðji kafli er um styrk með börnum ekkna, og er algert nýmæli. Það hefir verið svo undanfarið, að ef kona hefir misst mann sinn og átt fyrir börnum að sjá, hefir hún ekki átt annars úrkosta en segja sig til sveitar, hafi hún sjálf verið í fátækt eða fjárþroti. Aftur hafa önnur ákvæði gilt um konur, sem átt hafa börn utan hjónabands, þar hefir verið svo, að faðirinn hefir verið skyldaður að sjá um þau með úrskurði, og hefir þá sveitin séð um framfærslu að hans hluta, ef hann hefir ekki greitt, án þess að móðurinni væri reiknað til skuldar. Í þessum þriðja kafla er gerð tilraun til þess að láta þær mæður, sem átt hafa börn í hjónabandi, ekki verða réttlægri en hinar, sem hafa átt þau utan hjónabands. — Fjórði kaflinn er um stjórn framfærslumálanna, og er því breytt frá því, sem var. Var sú breyt. meiri í fyrstu, eins og við gengum frá frv., en var breytt aftur í hv. Nd. Breyt. er aðallega innifalin í því, að ætlazt er til, að í kaupstöðum sé sérstök nefnd manna, sem starfi að fátækramálum á ábyrgð bæjarstjórnanna. — Fimmti kaflinn er um tilhögun styrkveitinga og sjötti kafli er um vald sveitarstjórna yfir styrkþegum. — Sjöundi kafli er um viðskipti sveitarstjórna og endurgreiðslur framfærslustyrks. — Áttundi kafli er um jöfnuð framfærslukostnaðar, og er þar gert ráð fyrir, að ríkið hlaupi undir bagga með þeim sveitarfélögum, sem bera hann of þungann. — Níundi kafli er niðurlagsákvæði. Þykir mér rétt að geta þess, að eins og frv. var frá hendi okkar, sem sömdum það, var einum kafla fleira, sem sé um það, hvernig fara skyldi með skuldir sveitarfélaganna innbyrðis, þegar lög þessi öðluðust gildi. Nú er svo komið, að fjöldi sveitarfélaga í landinu skuldar öðrum sveitarfélögum og bæjarfélögum stórar upphæðir vegna framfærslu þurfamanna, sem hafa dvalið annarsstaðar en í sinni eigin framfærslusveit; eru lang mest brögð að þessu í kaupstöðunum, þannig að þar er fjöldi manna, sem undanfarið hafa að réttu lagi átt að vera á framfærslu í ýmsum sveitarfélögum úti um land, sem ekki hafa svo getað borgað þær fjárupphæðir, sem þurfti að leggja fram þeim til framfærslu í kaupstöðunum. Það verður ekki vitað með vissu, hversu miklar þessar fjárfúlgur eru, en þeir, sem bezt ættu að vita um þetta, telja, að það nálgist 1 millj. kr. Eins og gengið var frá frv. af hálfu þeirra, sem sömdu það, var kafli um þetta atriði, og ég verð að telja, að ekki megi skilja svo við þessa lagasetningu, að ekki séu gerðar ráðstafanir til þess að gera upp þessi viðskipti millí sveitarfélaganna. Í þessu sambandi má minna á það, að fyrir þessu þingi liggur lagafrv., sem maður vonar, að verði samþ., sem sé frv. til l. um viðauka við kreppulánalöggjöfina, þar sem gert er ráð fyrir, að komið verði á heilbrigðari grundvöll fjármálaviðskiptum bæjar- og sveitarfélaga, sérstaklega að því, er snertir þeirra lausu og óveðtryggðu viðskipti, en undir það heyra þessar framfærsluskuldir, sem myndast hafa milli sveitarfélaganna.

Ég geri ekki ráð fyrir, að það þyki rétt að eyða löngu máli í að tala um þetta frv. almennt; þó þykir mér rétt að drepa dálítið á vissar gr. í frv., en ég mun ekki gera það nema að litlu leyti, sérstaklega vegna þess, að það liggur ekki fyrir nein brtt. við frv. Ég vil þá byrja með því að minnast á 12. gr. frv., 1. gr. í 2. kafla, því að hún fjallar í rauninni um þá höfuðbreytingu, sem þetta frv. gerir ráð fyrir frá því fyrirkomulagi, sem gilt hefir áður. Í þessari gr. er sagt, að sérhver íslenzkur ríkisborgari, eldri en 16 ára, skuli eiga framfærslurétt í heimasveit sinni, en það er þar, sem maðurinn á lögheimili. Þetta er algerð breyting frá þeim reglum, sem gilt hafa að undanförnu í þessu efni. Ég hirði ekki um að fara að rekja, hver sú regla hefir verið, en það nægir að benda á það, að það hefir verið algengt, að þó maður hafi dvalið lengi í einu eða öðru sveitar- eða bæjarfélagi og orðið þar þurfandi, þá hefir oft að því rekið, að orðið hefir að krefjazt þess framfærslueyris ýmist hjá því sveitarfélagi, sem talið er, að viðkomandi maður hafi unnið sér sveit í, eða hjá því sveitarfélagi, sem hann hefir fæðzt í. Þetta ákvæði hverfur, og framvegis er ætlazt til þess, að hvert sveitarfélag sé skylt til þess að framfæra þá, sem þar eiga heimili og verða þurfandi fyrir framfærslu, en enga aðra. — Ég hef áður minnzt á 3. kafla, sem er nýr og fjallar um styrk með börnum ekkna, og sé ég ekki ástæðu til þess að tala neitt frekar um það. — Í 27. gr. er svo ákveðið, að ráðh. skuli hafa yfirstjórn allra framfærslumála. Mér þykir rétt að geta þess, að í þessari grein var upphaflega af hálfu þeirra, sem sömdu frv., ákvæði um það, að ráðh. skyldi vera heimilt að setja á stofn sérstakt embætti, svokallað framfærslustjóraembætti. Þeir, sem sömdu frv., voru sjálfir þeirrar skoðunar, að það kynni að verða hentugra í framtíðinni, að ákveðinn yrði sérstakur maður til þess að hafa þetta starf á hendi, en þó var þessari hugmynd kastað fram eins vel til ihugunar fyrir menn eins og að það væri talið sjálfsagt, en þetta atriði hefir Nd. fellt burt úr frv. — Það er rétt að taka það fram, að í þessu frv. er gert ráð fyrir að halda framfærsluskyldu foreldra gagnvart börnunum og barna gagnvart foreldrum, eins og verið hefir. Það hafa heyrzt raddir um það, að ósanngjarnt væri, að foreldrar væru skyldugir til þess að framfæra börn sín, eftir að þau eru farin að geta bjargað sér sjálf, og eins hitt, að börn væru skyld til að framfæra foreldra sína, en þeir, sem sömdu frv., álitu, að enda þótt þetta kynni að orka tvímælis, þá væri samt viss „móralskur“ ávinningur í því að halda þessu ákvæði og að það væri hæpinn ávinningur fyrir þá, sem græða á því peningalega að losna við þessar skyldur, miðað við það „móralska“ tap, sem af því leiðir að vera laus við þessa borgaralegu og siðferðislegu gagnkvæmu skyldu milli foreldra og barna.

Ég geri ráð fyrir, að ýmsum kunni að verða starsýnt á 8. kaflann um jöfnun framfærslukostnaðarins. Það hefir nýlega verið gengið inn á það hér á þingi, að ríkissjóður væri látinn hlaupa undir bagga með sveitarfélögum, sem hafa mjög þungar framfærslubyrðar. Þeim atriðum um þetta efni, sem þegar eru fyrir í l., er að mestu leyti haldið í þessu frv., en þó er hér gengið dálítið lengra í því að létta undir

með þeim sveitarfélögum, sem þyngstar hafa framfærslubyrðar.

Það eru ekki nema réttir tveir sólarhringar síðan þetta frv. kom hér til aðgerðar hv. Ed. fyrst. Allshn. tók þetta mál fyrir strax og það hafði borizt henni í hendur og las það lauslega yfir, og hefir n. lagt til, að frv. verði samþ., jafnvel þótt n. að sjálfsögðu verði að viðurkenna, að hún hefir ekki haft nógan tíma til þess að yfirvega þetta frv. til hlítar, eins og vert væri. Það er ekki til neins að vera að kvarta yfir því, hvernig mál berast að þessari hv. d., það er komið sem komið er, en vitanlega sjá allir, að það er mjög óþægilegt, að jafn stórt, viðkvæmt og vandasamt frv. eins og það, sem hér liggur fyrir, skuli ekki geta fengið neina rannsókn í annari þingdeildinni. Þar sem bráðum er komið að þingslitum, þá eru vitanlega litlar líkur til þess, að það takist að gera breyt. á þessu frv., ef það á að verða að l. á þessu þingi, sem ég ætla, að meiri hl. þingsins vilji.

Fyrir hönd allshn. þarf ég eiginlega ekki annað að segja en það litla, sem sagt er í áliti n. á þskj. 903. Þessi lauslegi yfirlestur, sem n. gat látið fara fram á frv., gat vitanlega ekki leitt mikið í ljós um frv. umfram það, sem nm. áður vissu. — Á þessu frv. hafa orðið tvær efnisbreytingar. Önnur er sú, að úr frv. hefir verið numið burt ákvæðið um framfærslumálastjóra, og í sambandi við þessa aðalbreytingu eru svo nokkrar smærri breytingar. Hin aðalbreytingin er sú, að bætt er inn í 73. gr. frv. hámarksákvæði um þá upphæð, sem ríkissjóður kæmi til með að greiða til framfærslujöfnunar milli sveita. Ég lít svo á, að það geti verið álitamál, hvort fyrri breytingin, viðvíkjandi framfærslumálastjóranum, sé til bóta, en ég verð að telja, að síðari breytingin sé til bóta og réttmæt vegna þess, að þegar um svo háa upphæð getur verið að ræða, þá er náttúrlega rétt, að hún sé takmörkuð. Auk þess hafa orðið nokkrar smærri breytingar á þessu frv. í hv. Nd., en ég veit ekki, hvort ég tala fyrir hönd allrar n., þótt ég segi, að það geti orkað tvímælis, hvort þær breytingar eru til bóta, mér fyrir mitt leyti virðist þær sumar vera til spillis.

Þess er getið í nál., að þegar þetta mál var tekið fyrir, voru ekki nema 4 nm. á fundi allshn., og þessir 4 nm. eru sammála um það að óska þess, að frv. nái fram að ganga. Þeir voru líka í rauninni allir sammála um, að smærri lagfæringar hefði verið æskilegt að gera á frv., og út frá því sjónarmiði ætla ég, að einn af nm., hv. 10. landsk., hafi skrifað undir nál. með fyrirvara. Fimmti nm., hv. 1. þm. Skagf., sem ekki mætti á fundi n., hefir alveg óbundna afstöðu til frv., ég hef minnzt á það við hann, að hann ekki mætti á þessum fundi, og skilst mér, að hann líti svo á, að eins og á stendur núna, séu þessi nefndarstörf í sjálfu sér þýðingarlaus.

Ætla ég svo ekki að fjölyrða um þetta frv. meira. Ég hef orðið þess var, að einhverjir hv. dm. hafa kvatt sér hljóðs til þess að ræða einhver ákveðin atriði frv., og mun ég taka þau til yfirvegunar, ef ég tel þess þörf.

Magnús Guðmundsson: Það var alveg rétt, sem hv. frsm. allshn. sagði, að ég mætti ekki á þessum fundi n., sem haldinn var til meðferðar þessa máls, og það er líka rétt, að ég gerði það af ásettu ráði, af því að ég taldi það aðeins málamyndarmeðferð í n. að taka lagabálk eins og þennan og lesa hann yfir eins og eldhúsróman og leggja svo til, að hann sé samþ. óbreyttur. Þetta vissi ég, að átti að vera þannig, ef málið átti að ná fram að ganga, og ég kærði mig ekki um að taka þátt í þessu. Það hafði ekkert að segja, hvort ég mætti á þessum fundi eða ekki. Ég verð að segja það, að ég er ekki svo gáfaður, að ég geti, með því að lesa langt frv. eins og þetta einu sinni yfir á nefndarfundi jafnhratt og skáldsaga væri, tekið á mig neina ábyrgð á því, að öll ákvæði þess geti staðizt eða séu forsvaranleg. Þess vegna verð ég að taka undir það, sem hv. frsm. n. sagði, að það er hreinasta óhæfa, að það skuli ekki vera ætlaðir meira en tveir sólarhringar til meðferðar þessa máls hér. Þó væri ef til vill hægt að þola þetta ef þetta væri eina málið á þessu þingi, sem þannig er ástatt um, eða ef ekki þyrfti að athuga önnur mál samtímis, en því fer fjarri, að svo sé, því að nú er dag eftir dag kastað hér inn í deildina stórum málum, sem stjórnarflokkarnir eru búnir að semja um, að skuli ganga fram, og þegar þau koma hingað að lokum, þá er orðið svo áliðið þingtímans, að þá verður að ákveða, að þau skuli ganga fram breytt.laust, jafnvel þótt á þeim finnist stórvægilegir smíðagallar, eins og kom fram fyrir skömmu, þegar frv. um tryggingar var til meðferðar. Að öllu þessu athuguðu hefi ég fyrir mitt leyti ekki talið neina ástæðu til þess að sækja þann eina nefndarfund, sem haldinn var um þetta mál. Ég er hræddur um, að það sé ekki útilokað, að einthvert ósamræmi hafi orðið við atkvgr. í Nd. við 3. umr., því að það munu víst hafa legið fyrir milli 50 og 60 brtt., en svo er manni sagt, að það megi leiðrétta gallana á frv. á næsta þingi, sem er að vissu leyti rétt, en það er þó ekki sem skemmtilegust lagasmíð og ekki frambærileg rök fyrir lagasetningum hér á hv. þingi. Annars býst ég við, að allir hv. þm. séu sammála um, að nauðsynlegt sé að fá nýja löggjöf í þessu efni, þó það væri ekki af öðru en þeim vandræðum, sem sveitarfélögin eiga við að stríða. Þeirra hagur er svo bágborinn, að það lítur út fyrir, að þau telji, að varla geti verra tekið við en það, sem þau hafa nú, og er það algengt hugarfar hjá þeim, sem eru komnir í veruleg vandræði.

Hv. frsm. n. benti á eina aðalbreyt. þessa frv., sem er sú, að sveitfestistíminn er nú afnuminn. Það er sjálfsagt að reyna þetta fyrirkomulag, en ef menn halda, að með þessu séu deilur að miklu leyti fyrirbyggðar um það, hvar framfæra eigi þennan eða hinn, þá verða menn fyrir vonbrigðum, því að það er áreiðanlegt, að nú byrjar togstreita um allt annað efni en áður. Áður var oft reynt að halda mönnum uppi á meðan þeir voru að vinna sér sveit, en nú mun það sýna sig, að gerðar verða tilraunir til þess að koma mönnum burt og fá þeim fastan dvalarstað áður en þeir þurfa að þiggja, og út af

þessu rís áreiðanlega mikið stapp og þref. Ég er viss um, að 12. gr. sker ekki nægilega úr um þetta, enda er það svo, að hjá okkur vantar lög um lögheimili. Í þessari gr. (12. gr.) stendur. að þar sé lögheimili manns, er hann hefir aðsetur sitt og greiðir almenn gjöld. En ef maðurinn greiðir engin gjöld og hefir fast aðsetur tíma og tíma á mörgum stöðum, hvar á hann þá framfærslurétt?

Eitt af nýmælum þessa frv. er um framfærslunefndir, sem eiga a. m. k. að vera í kaupstöðunum. Mér skilst, að þetta séu ekki n., sem eiga að koma í stað fátækrafulltrúanna, sem nú eru, t. d. í Rvík, en þá skil ég ekki vel, hvert er hennar *verkefni*. — Annars vil ég segja það um þetta mál, að síðan því var vísað til n., hefi ég ekki haft neinn tíma til að fara í gegnum það, og get ég því ekki tekið ábyrgð á afgreiðslu þessa stórmáls, sem kemur hingað síðustu daga þingsins, enda er alveg tilgangslaust að leggja vinnu í að leita að göllum á frv., þar sem því er lýst yfir, að frv. eigi að ganga fram breytingalaust á þessu þingi og ef gallar komi fram á því, þá verði að leiðrétta þá á næsta þingi. Í slíkri aðferð um lagasetningu vil ég engan þátt eiga.

Pétur Magnússon [óyfirl.]: Það kemur í ljós við meðferð þessa máls, hve mjög óheppileg sú tilhögun er, að það skuli koma fyrir þessa hv. d. svo seint, að heita má útilokað, að það nái fram að ganga, ef því verður nokkuð breytt. Um þetta virðast allir hv. þdm. sammála. Ég hefi ekki kvatt mér hljóðs til þess að tala gegn þessu frv., því ég tel að þær breytingar á fátækralögunum, sem í því felast, í öllum höfuðatriðum til bóta. Sérstaklega tel ég, að ákvæði 12. gr., um það, að framfærslusveit og dvalarsveit falli saman, vera til bóta, því það er þegar komið svo, að fjöldi sveitarfélaga megna ekki lengur að sjá fyrir þeim þurfamönnum sínum, sem dvelja utan sveitarfélaganna, og ekki sízt, ef þeir dvelja í kaupstöðunum, þar sem kostnaðurinn *er hærri*. En þó ég telji frv. í höfuðatriðum til bóta, þá blandast mér ekki hugur um það, að í frv. eru svo stórir ágallar, að ég tel öldungis óhjákvæmilegt að lagfæra þá, áður en frv. verður að lögum. Út af þessu hefi ég átt tal við hv. formann sjálfstæðisflokksins, og hefir hann lofað því fyrir flokksins hönd að samþykkja hverskonar afbrigði fyrir málið, til þess að hægt verði að afgreiða það á þessu þingi, þó á því verði gerðar breytingar. Væri þá hægt að taka frv. til síðustu umr. hér á morgun og í hv. Nd. á mánudag, en það mun nú ákveðið, að þing standi þangað til á mánudag. Það er fyrst og fremst eitt atriði, sem ég tel óumflýjanlegt að breyta og ég ætla, að ekki muni vera neinn ágreiningur um, og er sýnilega komið inn af vangá, en það eru allmörg fleiri atriði, sem ég rek augun í, þó minna séu skaðleg en þetta eina, og skal ég nú víkja að nokkrum þeirra. Í 12. gr. segir: „Sérhver íslenzkur ríkisborgari eldri en 16 ára á framfærslurétt í heimilissveit sinni, en heimilissveit er sá kaupstaður eða hreppur, þar sem maður á lögheimili". Svo kemur skýring á því, hvað sé lögheimili: „Verði eigi upplýst um lögheimili manns, er leitar framfærslustyrks, þá skal sú sveit, er hann dvelur í, þegar hann verður styrkþurfi, teljast framfærslusveit hans". Ég er í miklum vafa, hvort þessi lögskýring er nægileg, og yfirleitt, hvort þetta er nokkur lögskýring. Ég geri ráð fyrir, að almennt sé svo álitið, að *lögheimili manns sé þar, sem hann* greiðir sveitarútsvar, en þegar gætt er að, hvað segir í lögum um útsvör, þá stendur þar í 8. gr.: „Þar skal leggja útsvar á gjaldþegn, sem hann hefir heimilsfang vitanlega eða samkvæmt manntali næst á undan niðurjöfnun". Útsvarslögin ganga út frá því, að heimilisfang sé nægileg skilgreining á hugtak, til þess að ákveða útsvarsskyldu. Það er því ákaflega lítil skýring á lögheimili manns, þó sagt sé, að það sé, þar sem hann hefir aðsetur eða greiðir almenn gjöld. Ég tel þessvegna nauðsynlegt að ákveða það nánar í framfærslulögum, hvað útheimtist til þess, að maður eigi lögheimili á tilteknum stað.

Þá tel ég í 14. gr. nokkurt ósamræmi við önnur ákvæði frv. Þar segir svo: „Ef hjón skilja eða sé sambúð þeirra slitið, á barnið framfærslurétt í heimilissveit þess foreldris, er foreldraráðin hefir eða það fylgir, og helzt sá framfærsluréttur, þótt foreldrið deyi", og í 2. mgr. segir, að hafi ekki verið úrskurðað um foreldraráð yfir barni foreldra, sem eru skilin, og hjá hvorugu þeirra dvelur, eigi barnið framfærslurétt í heimilissveit föður síns eða þeirri sveit, er hann átti síðast lögheimili í, sé hann látinn. Ef þetta er borið saman við 3. gr., þá segir þar: „Skylt er foreldrum í félagi og hvoru fyrir sig að framfæra og ala upp börn sín þangað til þau eru 16 ára". Hér virðist allmikið ósamræmi. Ef faðirinn deyr, flyzt framfærsluskyldan yfir á móðurina, en þó foreldrar skilji, þá er það ekki svo, heldur á framfærslusveit föðurins að framfæra þau börn þeirra, sem faðirinn hafði foreldrarétt yfir, þó móðirin gæti framfært barnið eða börnin og hefir framfærsluskyldu til samkv. 3. gr. Mér sýnist leiðin eiga að vera sú, að *börnin fylgi framfærslusveit foreldranna*, hvort þeirra, sem lifir.

Þá er í 17. gr. eitt atriði, sem mér er ekki ljóst, þar er kveðið svo á, að danskir ríkisborgarar eigi framfærslurétt sem íslenzkir ríkisborgarar, meðan þeir dvelja hér. Ég tel víst, að þetta atriði standi þarna vegna jafnréttisákvæða 6. gr. Sambandslaganna, en ég vil spyrja hv. n., hvernig þessu er háttað í Danmörku, því að sjálfsögðu verður að telja þessi réttindi danskra ríkisborgara hér á landi óeðlileg, nema íslenzkir ríkisborgarar njóti sömu réttinda í Danmörku. Ég skal játa, að mig brestur vissu um þetta atriði, en er þó hræddur um, að þessi réttindi séu ekki fyrir íslenzka ríkisborgara í Danmörku, og ef svo er, þá er þetta ákvæði í 17. gr. ekki réttlátt.

Þá eru það ákvæði 20. gr., sem mér sýnast vafasöm, um að ráðherra vísi framfærsluþurfa, sem kemur frá útlöndum, á þá sveit, er framfærsluþurfi kýs sér. Það liggur í augum uppi, að þetta ákvæði er hægt að misnota. Maður getur hugsað sér, að framfærsluþurfi geti kosið sér fleiri eða færri framfærsluhéruð, þannig að þau keyptu hann fyrir eitthvert gjald, til þess

að hann ekki teldi sig til heimilis í þeim héruðum. Mér þykir það næsta ólíklegt, að ekki sé hægt að finna eitthvert betra fyrirkomulag en þetta.

Í 48. gr. er ákvæði, sem ég ætla að sé dálítið varhugavert. Þar er talað um, að sveitarstjórnir geti látið skrifa upp alla fjármuni þess manns, sem skuldar sveitinni fyrir þeginn framfærslustyrk. Svo segir: „Ef þinglýst er tilhlýðilega eftirríti af uppskriftargerðinni ásamt útdrætti úr sveitarbók, að því, er styrkinn snertir, leggst veðband á hina uppskrifuðu muni skuldinni til tryggingar". Ég ætla, að það geti ekki verið meiningin, að þessi veðbönd gangi fyrir öðrum veðkröfum, sem á lausafé þurfamanns kunna að hvíla. Það má benda á það, að á síðari árum hefir ekki lítill hluti af lausafé landsmanna verið sett að veði fyrir vissum lánum, og gæti því þessi veðréttur, ef hann á að ganga fyrir öðrum og eldri veðböndum, gert ekki svo litla truflun á lánastarfseminni í landinu, og satt að segja finnst mér ólíklegt, að það sé meiningin að skapa hér nýjan forgangsrétt, a. m. k. verður það að teljast mjög óeðlilegt. Þó máske megi segja, að hér sé ekki um stórt atriði að ræða, þá tel ég þó öldungis ómögulegt annað en breyta þessu ákvæði.

Í 49. gr. stendur: „Sannist það fyrir ráðherra, að sá, er þiggur eða þegið hefir framfærslustyrk, sem enn er eigi endurgoldinn eða gefinn eftir, fari ráðlauslega með efni þau, er hann hefir undir höndum, skal ráðherra, eftir beiðni sveitarstjórnar og tillögum lögreglustjóra svipta hann fjárráðum með úrskurði og setja honum fjárráðamann." Svipting lögræðis, hvort sem er svipting fjárræðis eða fullkomins lögræðis, er tvímælalaust dómsathöfn, samkvæmt lögum frá 14. nóv. 1917, sem héraðsdómari einn getur framkvæmt, og má visa slíkri dómsathöfn til hæstaréttar, sem hefir endanlegt úrskurðarvald um málið. Nú er það öllum hv. þm. kunnugt, að ráðh. hefir ekki dómsvald, og getur hann því ekki fellt slíkan úrskurð sem þennan, enda er ég hræddur um, að honum yrði þá hnekkt með dómi, og er þá slíkt ákvæði sem þetta markleysa ein. Ég sé því ekki annað en það verði að breyta þessu ákvæði um sviptingu lögræðis, ef á að hafa eitthvað um það áfram, því ég fæ ekki betur séð en það sé alveg óviðeigandi, eins og það er, hrein og bein fyrirmunun, að slíkt skuli hafa komizt inn í frv., og má segja til þeirra, er sömdu það, að skýzt, þótt skýrir séu. Sitt hvað fleira er í frv., sem tilhlýðilegt hefði verið að gera aths. við, en af því ég vil ekki tefja málið, hefi ég hlaupið yfir minni atriðin, en ég vil beina því til hv. frsm., að Sjálfstfl. mun samþ. hverskonar afbrigði fyrir málið, ef hv. frsm. vildi athuga, hvort n. gæti ekki fallizt á að breyta þeim ákvæðum, sem ég hefi nú minnzt á, sérstaklega þó ákvæðum 12. gr. Okkur er ljóst, að málið verður að ganga fram á þessu þingi, og höfum því enga tilhneigingu til þess að tefja fyrir því að óþörfu.

Þorsteinn Briem [óyfirl.]: Ég vildi gera grein fyrir mínum fyrirvara. Ástæðan til þess, að ég hefi skrifað undir nál. með fyrirvara, er sú, að ég tel ekki hægt og ekki forsvaranlegt fyrir neinn þann mann, er í þingnefnd situr, að skrifa fyrirvaralaust undir nál. um lagabálk sem þennan, sem telur yfir 100 gr., þegar ætlazt er til, að n. afgreiði málið á nokkrum klukkustundum, jafnvel einni klukkustund, eins og nú á sér stað um hvert stórmálið á eftir öðru, sem þessa daganna hrúgast inn í þessa hv. d. frá hv. Nd. í einni kös, og svo þegar á að afgreiða þetta mál út úr d. á tveimur sólarhringum. Þetta er svo hroðvirknisleg meðferð, að ekki er hægt annað fyrir mann í n. en skrifa undir með fyrirvara, jafnvel þó hann komi ekki auga á neina galla við fyrsta yfirlestur á svo löngum lagabálki, þá getur hann ekki treyst því, að svo langur lagabálkur sé gallalaus. Ég tel það gangi svo langt með þessi hroðvirknislegu vinnubrögð, að nærri höggvi. að ætla megi, að ráðamenn þingsins telji hv. Ed. óþarfa, því það getur ekki verið tilgangur stjórnarskrárinnar eða þingskapanna, að verkum sé svo hagað á Alþingi, að önnur d. sé svo að segja útilokuð frá því að hafa áhrif á þingmálin. Þetta er fyrsta ástæðan fyrir minum fyrirvara. Það stóð svipað á með annan lagabálk, sem afgreiddur var hér í hv. d. fyrir skömmu, það var tryggingarfrv., sem ég var í höfuðatriðum fylgjandi, að einum kafla þess undanskildum. Þessu frv. var hraðað svo gegn um hv. d., að enginn tími var til athugunar á frv., enda kom í ljós, að fyrir þeim, er samið höfðu frv., vakti allt annað en það, sem stóð í frv., og varð ráðh. því að gefa sérstaka yfirlýsingu um það, að allt annað væri meint en orðin sögðu. Því er það ekki tilefnislaust, að ég hefi undirskrifað frv. með fyrirvara.

Nú hefir af öðrum hv. þdm. verið bent á ýms atriði í frv., sem ljóst er, að endilega er þörf að breyta, og jafnvel í sambandi við þá gr. frv., sem felur í sér þá höfuðbreytingu, sem gerð er með lagabreytingu þessari, nefnilega í 12. gr., þar sem lagt er til, að í stað eldri ákvæða skuli hver maður eldri en 16 ára hafa framfærslurétt í heimilissveit sinni. Er þar í sömu gr. brugðið frá þeim ákvæðum, sem eru í öðrum lögum en fátækralögunum, og sett ákvæði, sem brjóta í bága við þau lög og gera ekki annað en villa. Það hefir verið á það bent, hve það er villandi að hafa slíka skilgreiningu og er í 1. mgr. 12. gr. Þar segir svo: „Sérhver íslenzkur ríkisborgari eldri en 16 ára á framfærslurétt í heimilissveit sinni, en heimilissveit er sá kaupstaður eða hreppur, þar sem maður á lögheimili." Lögfræðingurinn, sem síðast talaði, hefir sýnt fram á, hve áberandi smíðisgalla hér væri um að ræða. Svo segir í 2. mgr.: „Verði eigi upplýst um lögheimili manns, er leitar framfærslustyrks, þá skal sú sveit, er hann dvelur í, þegar hann verður styrkþurfi, teljast framfærslusveit hans." Þetta má gera ráð fyrir, að geti valdið allmiklum örðugleikum í framkvæmdinni, og þarf vafalaust mikið meiri vinnu en þessi hv. þd. getur í té látið, til þess að koma lagfæringu á þessi ákvæði, því það er augljóst, að fjöldi manna dvelur á mörgum stöðum á hverju ári, á einum stað yfir vorið, öðrum eða jafnvel tveimur yfir sumarið, fjórða staðnum fram að vertíð, eða kannske heldur hann sér uppi yfir þann tíma

með því að ganga milli góðbúanna, kannske viku eða ekki það í hverju sveitarfélagi og svo er hann á fimmta staðnum á vertíðinni. Ég hygg, að ákvæði 12. gr. reynist óheppileg gagnvart þessum mönnum og muni valda allmiklum vandræðum í framkvæmdinni, en hinsvegar er ekki tóm til að gerhugsa breytingu á þessum ákvæðum og ganga svo frá þeim, að trygging sé fyrir því, að þau séu forsvaranleg. Í hv. Nd. kom fram till. um ákvæði til bráðabirgða, sem áttu að gilda þar til ákveðið væri í lögum um byggðaleyfi. Ég gæti hugsað mér, að þær kröfur kæmu viðsvegar að, að sett yrði einhver takmörkun fyrir því, hversu menn skipta um lögheimili milli sveitarfélaga, en út í það skal ég ekki fara hér. — Hv. 2. þm. Rang. hefir réttilega bent á ósamræmi milli 3. og 14. gr. frv., og hefi ég engu við það að bæta. — Í 16. gr. eru ákvæði, sem ég hygg, að þyrftu athugunar við. Þar er talað um barn, sem verður munaðarlaust, „en munaðarlaust telst það barn, sem engan lögskyldan framfæranda á, þann er vitað sé um eða til verði náð, og er þá sveitarstjórn í dvalarsveit barnsins skylt að annast framfæri þess fyrst um sinn, þar til úr því er skorið, hver sé hin rétta framfærslusveit þess samkvæmt lögum þessum og skal sú sveit þá taka við framfærslu barnsins.“ Þarna er sagt, að sveitarsjóður dvalarsveitar eigi að framfæra barnið „þar til úr því er skorið, hver sé hin rétta framfærslusveit o. s. frv.,“, þá verði sveit sú að taka barnið að sér. Hér þyrfti, að ég hygg, ákvæði um það, að dvalarsveit ætti rétt til endurgreiðslu á framfærslukostnaði barnsins frá framfærslusveit. Ég er hræddur um, að ef þau ákvæði vantar, þá freistist viðkomandi framfærslusveit til þess a. m. k. að tefja fyrir afgreiðslu málsins sem lengst, til þess að geta losnað við framfærslubyrðina, á meðan á málinu stendur. Auk þess veit ég ekki, hvort talizt getur sanngirni, ef það sannast, að önnur framfærslusveit sé barnsins rétta framfærslusveit, þá skuli dvalarsveit verða að greiða framfærslukostnað, meðan framfærsluþurfi dvelur þar aðeins af því, að ekki er þegar í stað hægt að upplýsa, hver sú rétta framfærslusveit er. Hv. 2. þm. Rang. spurðist fyrir um það, í sambandi við ákvæði í 17. gr., hvort íslenzkir ríkisborgarar njóti sama réttar í Danmörku sem hér er gert ráð fyrir, að danskir ríkisborgarar heimilisfastir hér á landi, eigi að njóta hér. Mig minnir, að þetta kæmi lauslega til umtals í n., og ég veit ekki, hvort frsm. n. hefir kynnt sér þetta síðan, en æskilegt væri, að það upplýstist. Réttara hefði verið að bæta aftan við 1. málsgr., sem hljóðar svo: „Danskir ríkisborgarar, heimilisfastir hér á landi, eiga sama framfærslurétt sem íslenzkir ríkisborgarar meðan þeir dvelja hér“, því að jafnvel þó að svona ákvæði muni vera í dönskum l. sem stendur, er engin trygging fyrir því, að það ákvæði haldist. Reyndar munu lögjafnaðarnm., sem sæti eiga hér í d., geta upplýst þetta atriði. — Ég verð að taka undir orð hv. 2. þm. Rang. um ákvæði 20. gr., þar sem gert er ráð fyrir, að framfærsluþurfi geti sezt að, samkv. tilvísun ráðherra, í hvaða sveit, sem hann til þess kýs. Hann getur náttúrlega kosið sér þessa eða þessa sveit fyrst til að byrja með og tilkynnt hreppsn. þeirrar sveitar fyrirætlun sína, og þá gefst tilefni til viðskipta, sem gætu, ef þetta væri framkvæmt við eina sveit af annari, orðið undirrót að verzlun í stórum stíl, sem gæti orðið allhagkvæm fyrir framfærsluþurfa, en ég veit ekki, hvort löggjafarvaldið á að opna dyr fyrir þesshátt verzlunarháttum. — Við 22. gr. hefir verið gerð breyting í Nd., sem ég ætla, þótt lítil sé, að komi mjög einkennilega og jafnvel óviðurkvæmilega fyrir. Í 2. málslið 22. gr. segir svo, með leyfi hæstv. forseta: „Leita skal valdsmaður álits hreppsn., þar sem ekkjan á heima, um hagi hennar áður en úrskurður er upp kveðinn“. Er þarna verið að opna dyr fyrir valdsmann til þess að ganga framhjá því, að leita álits framfærslun. Hv. frsm. n. hvíslar að mér, að þetta sé prentvilla, og þykir mér vænt um, að það eigi að skoðast sem prentvilla. Geri ég ráð fyrir, að d. samþ. án atkvgr., að svo skuli vera, enda er ákvæðið svo hlálegt, að ekki verður hjá því komizt, að reynt verði að leiðrétta það. — Ég hafði í n. talað um, ásamt fleiru, þessi atriði, sem ég hefi bent á. — Þá eru ákvæðin í 2. málsgr. 28. gr., þar sem talað er um, að ef sveitarstj. fari fram á uppskrift allra fjármuna þeirra, sem skulda sveitinni fyrir framfærslustyrk, og ef þinglýst er eftirriti af uppskriftargerðinni, þá leggist veðband á hina uppskrifuðu muni skuldinni til tryggingar, er gangi fyrir öllum öðrum kröfum. Það eru svo margar forgangskröfur og þær svo réttháar, að ekki getur komið til álita að setja þetta veðband fram fyrir öll þau veðbönd. Hvað er þá orðið úr veðkröfum og hvað fara þá að gilda veðsamningar yfirleitt, ef slík ákvæði sem þetta verða framkvæmd. Það hefir verið talað um það frá sjónarmiði bankanna og annara stofnana, sem eiga veðkröfur á menn, svo og ýmsar fleiri kröfur, eins og t. d. vinnukaup. Það yrði ekki hvetjandi fyrir fólk til að hjálpa bágstöddu fólki með vinnu sinni, sem sjaldan myndi verða hægt að greiða út í hönd, ef sveitin gæti þannig sett veðband á vinnukaup, og veðband sveitarinnar gengi fyrir öllum öðrum kröfum. Það hefir verið bent á, af þeim hv. þm., sem síðast talaði, hvílík firra hafi komizt inn í 48. gr. Ég skal ekki fara út í það, en aðeins óska þess, að meiri hl. d., stjórnarmeirihl., fallist á það að leiðrétta þetta, þar sem trygging er talin fyrir því, að ekki verði neitað um afbrigði, og frv. getur því náð fram að ganga eftir sem áður. Þessi breyting, sem hér er gerð, getur e. t. v. talizt stjórnarskrárbrot, þar sem embættismönnum eða opinberum starfsmönnum er falið að framkvæma úrskurði, sem heyra beint undir dómsvaldið. Ef haldið væri áfram á þeirri braut, gæti komið önnur löggjöf, sem gengi bara dálítið lengra í því að svipta menn einum hluta lögræðis. Maður gæti t. d. hugsað sér, að næst kæmi það, að ráðherra gæti svipt mann lögræði almennt. — Í 50. gr. eru og ákvæði, sem ekki geta talizt viðurkvæmileg eða heppileg að mínum dómi. Þar segir í 1. málsgr., með leyfi hæstv. forseta: „Sá, sem þiggur framfærslustyrk og er þó vinnufær, er skyldur að fara í viðunanlega vist og vinna hverja þá vinnu, sem sveitarstjórn ákveður og

honum er ekki um megn og greidd er með venjulegu kaupgjaldi á þeim stað, meðan hann er ekki fær um án sveitarstyrks að framfleyta sér og þeim, er hann á fram að færa að lögum". Hér er komið inn á samskonar ákvæði eins og í 5. kafla tryggingarlöggjafarinnar um atvinnuleysistryggingarnar, að allt er miðað við kauptaxta verkalýðsfélaganna á þessum og þessum stað. En þetta getur orðið mjög óheppilegt ákvæði, a. m. k. í þessu tilfelli, en ég skal nú ekkert tala nánar um hitt tilfellið. Það getur staðið svo á, að maður sé vinnufær að meira eða minna leyti, þótt hann sé það ekki að öllu leyti. Hann getur t. d. verið kominn yfir sextugt og er þá ekki talinn fullvinnufær eða þá að hann getur verið innan við tvítugt. Í hvorugu tilfellinu telst hann að öllu leyti vinnufær. En nú eiga allir, að mér skilst, að geta átt kröfu um að fá venjulegt kaupgjald. Reyndar skal ég ekki segja, að það hafi verið endilega meining þeirra, er sömdu frv., *að þetta nái til þessara manna*. Það geta verið menn, sem geta unnið eitthvað upp í framfærslukostnað sinn, þó að þeir séu ekki fullvinnufærir. Hitt getur líka komið fyrir, að maður sé líkamlega vinnufær, en hafi þá skapbresti, að menn vilji ekki taka hann fyrir fullt kaup. — 53. gr. segir svo, að ef framfærsluþurfi sýni mikla óhlýðni eða þrjózku við sveitarstjórn, þá megi sveitarstjórn taka til sinna ráða. Ég efast um, að hér séu talin upp öll þau ákvæði, sem gætu komið til mála og eru nauðsynleg í þessu sambandi. Ég veit ekki, hvort orðin „illindi" og „óknyttir" taka fyllilega yfir þá bresti, sem gætu hugsazt í fari framfærsluþurfa. Hér gæti komið fleira til greina, svo sem ósæmileg framkoma að öðru leyti, sem ekki kannske þyrfti beint að teljast til illinda t. d. leti og drykkjuskapur. Það getur verið svo ástatt um manninn, þótt ekki sé hægt að saka hann um þetta fernt, þá hafi hann einhvern þann ósæmilegan brest í sínu fari, að sveitarstjórn geti ekki komið honum fyrir á neinu venjulegu heimili og að það sé jafnvel ekki forsvaranlegt að koma honum þar fyrir. Þá virðast þessi ákvæði ekki vera nægilega tæmandi í þessu efni og sveitarstjórn þurfi að hafa nokkuð rýmra vald heldur en hér er gert ráð fyrir.

Í 62. gr. er nokkur ónákvæmni, að því, er snertir 1. lið. Þar er talað um, að sveitarstjórn hafi ekki rétt til að krefjast endurgreiðslu á styrk, sem veittur er af sveitarfé mönnum til greiðslu á nauðsynlegum bókum eða kennsluáhöldum handa börnum undir 14 ára aldri. Þetta er *ekki fyllilega tæmandi ákvæði, því að undir* vissum kringumstæðum geta börn verið skólaskyld og þurft á bókum að halda lengur en til 14 ára aldurs. Það hefði þurft að orða þennan lið betur, til þess að gr. hefði getað orðið tæmandi. Auk þess veit ég ekki, hvort það er algerlega sanngjarnt gagnvart framfærslusveit að hafa svona almennt og undantekningarlaust ákvæði, sem hér er í 7. lið gr., þar sem svo er á kveðið, að sveitarstjórn eigi ekki rétt á að krefja endurgreiðslu á styrk veittum af sveitarfé til framfærslu manna 60 ára eða eldri. Mér finnst hér of fast að kveðið, að hafa þetta undantekningarlaust. Það geta í ýmsum tilfellum verið þær ástæður fyrir hendi, t. d. ef 60 ára manni tæmist stór arfur, að ekki sé ósanngjarnt, að framfærslusveit geti endurkrafið veittan framfærslustyrk. — Ég skal nú ekki fara lengra út í þetta efni, með því að ég kvaddi mér hljóðs aðallega til þess að gera grein fyrir mínum fyrirvara við frv. Ég er meginhugsun þess algerlega fylgjandi, og ég skrifaði ekki undir nál. með fyrirvara af þeirri ástæðu, að ég væri því ósamþykkur í aðalatriðum. En ég þykist með þessum aths. hafa gert nokkra grein fyrir því, af hverju ég taldi ekki forsvaranlegt að skrifa undir nál. án fyrirvara. Það getur vel verið, að ef maður hefði haft tómstundir til þess, þá hefði verið hægt að finna mörg fleiri atriði, sem ábótavant var, en þar sem þetta er mesti annatími þingsins, þá hefir maður ekki haft tíma til að fara rækilega í gegnum þetta frv.

Þorsteinn Þorsteinsson: Það mun vera fastráðið, að þetta frv. eins og það liggur nú fyrir, verði að l. á þessu þingi. Ég hefi því talið þýðingarlaust að koma hér með brtt. Ég geri ráð fyrir, að þær verði ekki teknar til greina, hvernig svo sem þeim er háttað og þótt færð væru gild rök fyrir þeim. Ef ekki verður sinnt þeirri athugasemd, sem hv. 2. þm. Rang. gerði við þetta frv., þar sem beinlínis var sýnt fram á, að í því væri um lögvillu að ræða, sem yrði þinginu til vanvirðu, ef frv. yrði samþ. óbreytt, þá býst ég ekki við, að það þýði neitt að koma með aðrar brtt. Því ætla ég ekki hér að fara að tala langt mál um þetta frv. Ég get sagt það, að fyrir mitt leyti tel ég frv. þetta að mörgu leyti til bóta og að sumu leyti til stórbóta, en þó virðist mér sumt vera til hins verra í því og töluverðra vansmíða gæta á því. Skal ég sem dæmi þess nefna það, sem ég gat um áðan og hv. 2. þm. Rang. hafði minnzt á. En auk þess hefir margt annað verið tekið fram áður af þeim hv. þm., sem hér hafa talað. Það virðist svo sem þetta frv. verði ekki til þess, að hrakningar fátæklinga verði minni en áður, og ég geri ráð fyrir, að málaferli um framfærslu aukist að miklum mun; a. m. k. get ég hugsað, að það verði mikið um slíkt nú fyrstu árin eftir samþ. frv. Ég ætla að geta þess hér, að það myndi, þótt samþ. yrði, verða minna hagræði, ef þau ákvæði um þurfalinga verða samþ., að þeir verði sveitfastir þar, sem þeir eiga lögheimili þegar þessi l. ganga í gildi. Ég veit, að það verður mörgum hreppum til hagræðis, en ég verð að segja það, að ef ég hefi skilið frv. rétt, þá kemur þetta mjög hart *niður á ýmsum sveitarfélögum*. Það er hart fyrir þá hreppa, sem hafa lofað þurfalingum, er hafa átt framfærslusveit annarsstaðar, að vera í sinni sveit og ekki hrakið þá burt, en þeir samt sem áður notið sveitarstyrks, sem svo hefir verið innheimtur hjá framfærslusveitinni. En nú, eftir að l. þessi ganga í gildi, verða þeir, að því, er mér virðist, sveitlægir í dvalarsveitinni, ef ekki hefir verið gerður um þá sérstakur samningur milli hreppa. Með þessu fyrirkomulagi verða það þeir hreppar, sem hafa góðsama hreppsn., sem verða verst úti, og getur þetta orðið til þess, að menn verði bogavarari við að sýna fátæklingum samskonar góðfýsi og

áður, og held ég, að það sé ekki til bóta. Mér virðist þessu svona varið, en ég hefi farið yfir frv. með mesta hraða, og getur verið, að ég hafi ekki athugað þetta atriði nógu vel. En það mun vera þýðingarlítið að ræða málið á þessum vettvangi, og ég ætla ekki að gera það, þar sem ég veit, að afdrif þess munu vera ráðin á þann hátt, að frv. eigi að samþ. án breyt.

Frsm. (Páll Hermannsson) [óyfirl.]: Mér hefir heyrzt það á öllum þeim hv. þdm., sem tekið hafa til máls, að þeir væru vinveittir frv. í heild, þótt ýmsir hafi bent á smærri eða stærri atriði, sem þyrftu lagfæringar. Mér fannst helzt orka tvímælis um hv. þm. Dal., hvort honum sýndist, að það fælust umbætur í frv., en ég geri ráð fyrir, þegar til atkvgr. kemur, þá muni hann ekki bregða fæti fyrir frv.

Ég skal nú virða fyrir mér nokkur þau atriði, sem sérstaklega hefir verið minnzt á, og taka þau í þeirri röð, sem þau hafa komið fram. — Ég er að mestu leyti samþ. þeim almennu hugleiðingum, sem hv. 1. þm. Skagf. hafði um afgreiðslu málsins, og játa það með honum, að hún er mjög óheppileg. — Þá benti hv. 1. þm. Skagf. á 12. gr. frv., þar sem vikur að lögheimilum. Eins og þeir menn, sem upphaflega sömdu frv., gengu frá frv., þá var 1. málsgr. 12. gr. eins og hér segir: „Sérhver íslenzkur ríkisborgari eldri en 16 ára á framfærslurétt í heimilissveit sinni, en heimilissveit er sá kaupstaður eða hreppur, þar sem maðurinn á lögheimili".

Fyrri málsgr. 12. gr. var aðeins þetta, eins og höfundar frv. gengu frá henni, og það, sem fyrir höfundum frv. vakti, var það, að þeir vissu ekki betur en að það væri í undirbúningi sérstök löggjöf um lögheimili og ætluðust til, að þar kæmu þessi ákvæði, en sú viðbót, sem svo hljóðar: „Þar er lögheimili manns, er hann hefir fast aðsetur og greiðir almenn gjöld", var sett inn í hv. Nd. Nú skulum við segja, að þessi viðbót sé óheppileg, og ég er alls ekki frá því, að svo sé. Ég sagði það í framsöguræðu minni, að ég liti svo á sumar þær breyt., sem gerðar hefðu verið á frv. í hv. Nd., að þær orkuðu mjög tvímælis og hefðu jafnvel spillt. Ef til vill væri nú rétt að breyta þessu og fella síðari málsgrein 12. gr. niður og láta svo frv. fara aftur til samþ. í hv. Nd., en þá rekum við okkur á þann annmarka, að ekki er víst, að hv. Nd. vilji samþ. gr. þannig breytta. Hv. Nd. lét setja þennan viðauka inn, og það er óvíst, að hún vilji fallast á að nema hann í burtu aftur, og sama er að segja um fleiri atriði, sem hér hafa vakið sérstaka athygli hv. þdm. — Það, sem hv. 1. þm. Skagf. talaði um framfærslunefndir, skal ég játa, að getur verið álitamál. Hann hélt, að það væri of sjaldan, sem þeirri n. væri skylt að halda fundi. En ég hefi nú veitt því eftirtekt síðan, að þetta ákvæði er um fæsta fundi, en n. getur að sjálfsögðu fjölgað fundum, ef þörf er á. — Hv. 2. þm. Rang. minntist líka á þetta atriði fyrri málsgr. 12. gr., og þarf ég ekki meira um það að segja en ég hefi sagt viðvíkjandi aths. hv. 1. þm. Skagf. — Þá spurði hv. 2. þm. Rang. um það, hvernig mundi vera í Danmörku með þá Íslendinga, sem þar þyrftu á framfæri að halda. Ég þykist muna, að það ákvæði þessa frv., sem snertir Dani, sem búsettir eru hér á landi, sé að öllu leyti hliðstætt við þau ákvæði í löggjöf Dana, sem snertir þá Íslendinga, sem þar eru búsettir. — Þá minntist hv. 1. þm. Skagf. á ákvæði 20. gr., og hv. 10. landsk. gerði það líka. Þetta ákvæði er um það, að þegar þurfamenn séu fluttir inn í landið, þá megi þeir kjósa sér sveit. Þetta getur auðvitað verið álitamál. En þeim, sem frv. sömdu, hefir dottið í hug að koma með þessa uppástungu og ekki fundizt annað fara betur, en ef þetta þætti ekki gott, þá gæti þingið gert aðra till. (**MJ**: Síðasta heimili á undan burtflutningi). Það gæti verið, en er þó vafasamt, ef um langa fjarveru er að ræða, en þetta ákvæði er sett sem till. frá þeim, sem frv. sömdu, og þingið hefir það á sínu valdi að fella þetta eða fallast á það.

Þá minntist hv. 2. þm. Rang. á 48. gr., og hv. 10. landsk. gerði það líka, sem sé á niðurlag gr., um það, að kröfur þær, sem sveitarsjóðir hafa á hendur þurfamönnum gangi fyrir öllum öðrum kröfum. Það er sama að segja um þetta atriði eins og það atriði 12. gr., sem ég minntist á áðan. Þessi viðbót er líka sett inn í frv. í hv. Nd. Ég verð að álíta, að það orki tvímælis að hafa þetta ákvæði, en ég vil benda á, að ef þessu á að breyta, þá rekst það á sama annmarkann og ég benti á áðan, þegar ég var að tala um 12. gr. Hvorutveggja leiðir til áreksturs við hv. Nd. — Hv. 2. þm. Rang. benti sérstaklega á ákvæði 49. gr., sem sé um það, að ráðh. skuli svipta menn lögræði. Hann taldi, að þetta gæti ekki staðizt, því það væri verkefni dómstólanna. Þetta er hálögfræðilegt atriði, og skal ég ekki leggja dóm á það, en vil benda á, að þetta ákvæði er tekið orðrétt upp úr 47. gr. gildandi fátækralaga, svo þótt það sé talið óframbærilegt hér, þá er það búið að standa býsna lengi í lögum. — Hv. 2. þm. Rang. gerði aths. við 14. gr. og álítur hann, að hún stangist við 3. gr. frv. Ég verð að segja, að ég hefi ekki áttað mig svo fullkomlega á þessu, að ég sé viss um nema hv. þm. kunni að hafa rétt fyrir sér, en það, sem vakti fyrir þeim, sem frv. sömdu, var það, að þegar hjón hefðu skilið og gert með sér samninga um börnin og hefðu hvort um sig ákveðin börn á framfæri sínu og ef annaðhvort þeirra bryti, þó væri vafasamt, hvort það væri réttlátt að færa skuldbindingu þess, sem bryti að efnum eða dæi, yfir á það, sem eftir væri eða eftir lifði.

Hv. 10. landsk. vakti eftirtekt á ýmsum þessum sömu atriðum, en minntist auk þess á ýms fleiri atriði, t. d. á 16. gr., en þar er talað um framfærslu munaðarlausra barna, sem njóta styrks í dvalarsveit sinni, en þarf svo að finna, hvar eigi framfærslurétt. Benti hv. þm. á, að það gæti verið vafasamt, hvort þar ætti ekki að hafa ákvæði um endurgreiðslu frá framfærslusveitinni til dvalarsveitarinnar. Það má vel vera, að þetta sé rétt, og yfirleitt er hér farið fram hjá því að skipta framfærslunni á milli framfærsluumdæma, og sumstaðar er það tekið fram, að það, sem dvalarsveit veitir þurfamönnum, skuli allt endurgreitt af framfærslusveit, en hér er aftur farið fram á, að dvalarsveitin annist barnið meðan ekki er búið að

ákveða um framfærslusveitina, en eftir það, að framfærslusveitin er ákveðin, annist hún barnið að öllu leyti. — Þá minntist hv. 10. landsk. á 22. gr. frv., það er að segja á niðurlagsorð gr., þar sem komizt er svo að orði: „Leita skal valdsmaður álits framfærslunefndar eða hreppsnefndar þar, sem ekkjan á heima, eða annara kunnugra, telji hann þess þörf". Nú vil ég geta þess, að þessi orð „eða annara kunnugra" voru sett inn í gr. í hv. Nd., og auk þess hefir hér komizt inn prentvilla. Ég hefi fengið það upplýst, að þetta á að vera „og annara kunnugra", og þetta geri ég ráð fyrir, að verði leiðrétt í prentun, og er þá að mestu kippt burtu þeim annmarka, sem hv. 10. landsk. sá á þessari ákvörðun. — Þá minntist hv. 10. landsk. á 48. gr., og hefi ég minnzt á það atriði áður. Það er um, hve varhugavert það sé að láta kröfur sveitarsjóðs ganga fyrir öllum öðrum kröfum. — Sömuleiðis minntist hv. 10. landsk. á 50. gr. Honum þótti sem sé töluvert athugaverð byrjunin á 50. gr., en sú gr. byrjar svona, með leyfi hæstv. forseta: „Sá, sem þiggur framfærslustyrk og er þó vinnufær, er skyldur að fara í viðunanlega vist og vinna hverja þá vinnu, sem sveitarstjórn ákveður og honum er ekki um megn og greidd er með venjulegu kaupgjaldi". Hv. þm. minntist á, að þannig gæti verið um þessa menn, að þeir væru unglingar eða gamalmenni eða aðrir menn, sem væru vanmetamenn eða gallagripir. Hann áleit varhugavert að leysa nokkuð undan vinnuskyldu, ef ekki fengist venjulegt kaup. Þetta ákvæði finnst mér, að beri að skilja svo, að þar sé talað um venjulegt kaup, sem samskonar menn fá, en ekki um taxtakaup. Unglingar fá það kaup, sem venjulegt er, að þeir fái; rosknum mönnum er ætlað sitt venjulega kaup og gallagripum er ætlað visst kaup, sem þykir samsvara getu þeirra, en ekki sama kaup og fullgildir menn fá. Hinsvegar er langt frá, að ég haldi því fram, að ekki mætti orða þetta betur. — Hv. 10. landsk. áleit það vafasamt, að 53. gr. næði yfir allt það, sem henni væri ætlað að ná yfir. Þar er talað um, hvernig fara skuli með framfærsluþurfa, sem sýni óhlýðni eða þrjózku við sveitarstjórn eða hafi vonda galla. Ég vil ekki fullyrða, að gr. nái yfir alla þá annmarka, sem þyrfti að taka til greina, en býsna langt hygg ég, að megi teygja hana. — Þá minntist sami hv. þm. á 63. gr. og talaði sérstaklega um 1. lið gr., þar sem talað er um, að sveitarstjórn hafi ekki rétt til að krefjast endurgreiðslu á þeim styrk, sem veittur hafi verið til nauðsynlegra bóka og kennsluáhalda handa börnum innan 14 ára aldurs. Hv. þm. benti réttilega á að það geti komið fyrir, að barn, sem er yfir 14 ára, þurfi á þessum bókum og áhöldum að halda. Ég fellst á, að þetta geti komið fyrir, en ég vil benda á, að þetta er samskonar ákvæði og er í 42. gr. núgildandi fátækralaga, en það sannar ekkert um það, að ekki megi breyta þessu ákvæði til betra horfs, því frv. á að vera til þess að breyta framfærslulöggjöfinni til bóta. — Þá benti hv. þm. á 7. lið sömu gr., sem er um það, að sveitarstjórnir hafi ekki endurkröfurétt á sveitarstyrk, sem er veittur þeim mönnum, sem eru 60 ára eða eldri. Það er rétt, að svo getur staðið á, að maður, sem er 60 ára eða eldri, getur haft beztu möguleika til endurgreiðslu. Það má benda á það, sem væri einna líklegast til að valda þessu, að maðurinn hlyti arf eftir efnað barn sitt eða annan nákominn ættingja, en um þetta er þá sömu sögu að segja eins og sum önnur atriði, sem ég hefi minnzt hér á. Þetta ákvæði var sett inn í frv. í hv. Nd. og mun rekast á þann annmarka, að þótt þessu ákvæði væri breytt í þessari hv. d. eru ekki miklar líkur til þess, að hv. Nd. vilji láta sannfærast og fallast á þá breyt.

Ég þykist ekki þurfa að taka til yfirvegunar athuganir hv. þm. Dal. Þær voru almenns eðlis, og ég geri mér von um, að hann muni fylgja frv., jafnvel þótt mér skildist, að hann hefði ekki komið auga á neinar sérlegar umbætur í þessu frv. frá þeirri framfærslulöggjöf, sem nú gildir. Hann talaði um, að hann byggist við, að fátækt fólk yrði jafnmargt eftir sem áður, og ég er hræddur um, að það reynist, því miður, rétt.

Að lokum vil ég geta þess, að ég er reiðubúinn til að grennslast eftir því, hvort hægt muni vera að gera breyt. á frv. og senda það svo aftur til hv. Nd. í trausti þess, að hún fallist á þær breyt., en ég er hræddur um, að það sé varhugavert, og hygg, að ekki sé líklegt, að það verði að liði, vegna þess að þau atriði, sem sérstaklega hefir verið fundið að hér af hv. þdm., eru sett inn í hv. Nd., og ég óttast, að hv. Nd. komi ekki auga á, að breytt verði til batnaðar með því að fella þessi atriði aftur burtu úr frv., og hefst þá ekkert annað upp úr því en að reka frv. á milli d., og það tel ég ver farið en heima setið.

Ég man ekki eftir að það sé fleira, sem ég vildi segja út af því, sem komið hefir fram í þessum umræðum. — Mér virðist, að þetta atriði, sem snerti 49. gr. og hv. 2. þm. Rang. taldi, að hlyti sérstaklega að valda því, að frv. þyrfti að breyta, ekki vera jafn mikilvægt eins og hann vildi vera láta. Fyrst og fremst hefir það staðið í gildandi fátækralöggjöf, og í öðru lagi er mér ekki grunlaust um, að lögfræðinga greini á um það, hvort ákvæðið er jafn hættulegt eins og hv. 2. þm. Rang. taldi, að það væri.

Guðrún Lárusdóttir: Það eru aðeins örfá atriði viðvíkjandi þessum lögum, sem mig langar til að minnast á. — Ég verð að harma það, eins og aðrir hv. þdm., hve lítill tími er gefinn til þess að athuga þetta stórmál, en eigi að síður er rétt að leita upplýsinga um þau atriði, sem vafi leikur á, benda á galla þá, sem á frv. eru og bera fram aths. Ég vil vekja athygli á 13. gr., þar sem talað er um, hvar menn öðlist framfærslurétt og hvar ekki. Það er tekið fram í þessum framfærslul. og er líka í gömlu fátækral., að menn öðlist ekki framfærslurétt í annari sveit með dvöl sinni þar í skóla eða á sjúkrahúsi. En því er við bætt í þessum l., að menn öðlist þegar framfærslurétt í þeirri sveit, er þeir taka sér bólfestu í, að dvölinni lokinni. Þetta ákvæði virðist mér varhugavert fyrir þá staði, þar sem sjúkrahús eru. Þangað kemur fólkið og dvelur á sjúkrahúsi, á meðan því er brýn þörf á því, en hverfur aftur af sjúkrahúsunum, eftir að læknir telur ekki brýna þörf fyrir það

að dvelja þar lengur sem sjúklingar. En þó að sjúklingur geti komizt af án sjúkrahúss vegna þess, að læknir telur honum ekki nauðsynlegt að dveljast þar, verður hann þó í mörgum tilfellum sjúklingur eftir sem áður og óvinnufær. Og vitanlega getur hann dvalið í sveitinni eða kaupstaðnum áfram, þar sem sjúkrahúsið er, þegar hann kemur af sjúkrahúsinu. Verður hann því þeirri sveit eða þeim kaupstað í mörgum tilfellum til þyngsla. Og hvað sem sjúklingum líður, þá er enginn hlutur eðlilegri en það, að þegar svo er komið, að hver maður á þegar framfærslurétt í þeirri sveit, sem hann dvelur í, þá fari menn að hafa vakandi auga á því, vegna síns sveitar- eða bæjarfélags, hvers konar fólk það er, sem sezt að á hverjum stað, hvort það er fólk, sem kemur til með að bjarga sér, eða hvort það er fólk, sem líkur eru til, að geti þá og þegar orðið þurfalingar. Álít ég nauðsynlegt að gefa þessu atriði laganna nákvæmar gætur, því ósanngjarnt virðist, að það eitt, að sjúkrahús sé á staðnum, verði til stóraukinna sveitarþyngsla fyrir viðkomandi hrepps- eða bæjarfélag.

Þá vil ég minnast á 26. gr. frv. og er hún þannig:

„Nú giftist ekkja, sem meðlög fær með börnum sínum samkvæmt fyrirmælum þessara laga, og falla þá meðlagsúrskurðirnir sjálfkrafa úr gildi".

Það er þetta orð: „sjálfkrafa", sem ég vil gera aths. við. Nú er það oft svo, að kona, sem missir mann sinn og á börn í ómegð, er efnalega illa stödd. Hin nýju l. létta að vísu undir með slíkum ekkjum, samkvæmt lagagreininni um meðlög með börnum ekkna. En giftist ekkjan svo af nýju, þá fellur úrskurðurinn um meðlag með börnum hennar niður, með öðrum orðum hún tapar af meðlaginu með börnum sínum við það að giftast aftur. Hins vegar er ekkert því til fyrirstöðu, að maður, sem hún mundi ganga að eiga, ef l. væru ekki þannig úr garði gerð, gæti flutzt inn á heimili hennar og búið með henni utan hjónabands. Þannig gæti þá þetta ákvæði 26. gr. þessa frv. orðið til þess, að ekkja, sem er kannske á bezta aldri og gæti fengið góðan ráðahag, giftist ekki, heldur byggi ógift með manni, til þess að missa ekki af þeim fríðindum, sem framfærslulög þessi veita henni. Ég vil vekja athygli á því, að hér er raunverulega með þessu ákvæði 26. gr. verið beinlínis að stuðla að því, að ekkjur búi með karlmönnum, án þess þó að giftast þeim. Ef stjórnarvöldin vilja virða hjónabandið, þá er þetta ákvæði a. m. k. allóviðkunnanlegt.

53. gr. frv. er um það, að setja megi framfærsluþurfa í fangelsi fyrir þær sakir, sem upp eru taldar í þeirri gr., og er síðasta mgr. þessarar 53. gr. frv. um það, að kostnaður við fangelsisvist eftir gr. þessari greiðist af ríkissjóði. — Nú vil ég spyrja: Er hér ekki átt við neinn annan kostnað en þann, sem leiðir af dvöl fangans persónulega vegna fangavistar hans? Eða er hér einnig átt við það, að ríkissjóður greiði þann óbeina kostnað, sem leiðir af fangavistinni, ef fanginn þarf fyrir fjölskyldu að sjá, og fjölskylda hans verður að fá hjálp vegna vinnutaps heimilisföðursins á meðan hann er fangi? Það er mjög algengt hér í Reykjavík, að menn, sem brotlegir verða, eru hafðir í fangelsi, en samtímis því verður heimilisfólk þeirra að fara á sveitina og fá frá bænum það, sem það þarf til framfæris. Þetta síðartalda tel ég aðalkostnað við fangelsisvist slíkra manna. Vera má, að það sé undirskilið, að þessi framfærslukostnaður eigi líka að greiðast af ríkissjóði sem „kostnaður við fangelsisvist", sem hann og er í raun og veru, en ég vildi fá það upplýst hjá þeim, sem fróðir eru. — Í 66. gr. frv. er talið upp, hvað taka skuli til athugunar, ef maður þarfnast framfærslustyrks, áður en 4 mánuðir eru liðnir frá því hann fluttist til þess sveitarfélags, er hann á heima í. Hv. 1. þm. Skagf. hefir bent á það við þessa umr., að sízt mundi verða minna málarex út úr þessum l. heldur en þeim l., sem við búum nú við um framfærslu þurfalinga. Ég hygg, að þessi gr. gæti stuðlað mjög til þess. Það gæti verið, að um það þyrfti að grennslast, hvort sveitarstjórn eða aðrir í þeirri sveit, sem framfærsluþurfi er nýlega fluttur úr, hafi hvatt hann til þess að skipta um bústað. Og ekki get ég hugsað mér að slíkt sé til þess fallið að treysta góða samvinnu á milli hreppa. — Ég hefði gaman af að bera saman þær spurningar, sem gert er ráð fyrir í þessari gr. og upp eru taldar þar, við spurningar, sem lagðar hafa verið fyrir framfærsluþurfa og ég hefi hér á skýrslu, sem ég er með. Á þessari skýrslu eru allt aðrar spurningar en þær, sem hér í 66. gr. eru taldar upp. Spurningar, sem á þessari skýrslu eru, eru um aldur, barnafjölda, hvort viðkomandi er giftur eða ógiftur, hvernig heilsufarið er, hvaða atvinnu hann hafi, hvað hann eigi, hvort hann hafi notið styrks, hvernig framtíðarhorfur styrkþurfa séu um atvinnu, hvaða matarbirgðir hann hafi og annað þessu líkt. Sem sagt, allt persónulegar spurningar um hagi hans sjálfs. En í þeim spurningum, sem í frv. getur, er farið mjög út fyrir þennan ramma, því að þar er talað um aðra menn, sem alls ekki eru viðstaddir og geta því ekki borið hönd fyrir höfuð sér. Ég get hugsað mér, að slíkar spurningar geti orðið tilefni til óskemmtilegs málaflutnings og jafnvel málaferla. Því að 68. gr. frv. gerir ráð fyrir, að ef uppvíst verður, að sveitarstjórn hafi á einhvern hátt stuðlað að flutningi manna til annars sveitarfélags í því augnamiði að komast hjá að framfæra hann, skuli fyrrverandi heimilissveit styrkþegans borga svo sem til er tekið í þessari gr., og getur það orðið allmikið fé.

Það getur vel komið til mála, að einhver maður spyrjist fyrir um, hvar gott sé að búa, hvort gott sé að vera á þessum eða hinum staðnum. Honum er svo ráðlagt af mestu góðgirni að flytja sig á einhvern vissan stað. Harðvítug sveitarstjórn gæti hártogað þetta. Og ég óttast, að t. d. í svona tilfellum gæti orðið út af þessum ákvæðum leiðinleg rekistefna.

Ég ætla nú ekki að gera aths. við fleiri gr. frv. Yfirleitt er ég frv. hlynnt, þó ég hinsvegar sjái, að margt í því mætti lagfæra og er bráðnauðsynlegt að lagfæra, ef tími væri til þess. Og það er leiðinlegt, að ekki skuli vera hægt að koma við

þeim lagfæringum, áður en frv. verður gert að l. Hér er um vandamál að ræða, sem getur varðað allmikið mikinn hluta þjóðarinnar og snertir alla þjóðina að meira eða minna leyti. En um galla frv. mun ekki vera til neins að fást, að svo komnu.

Magnús Jónsson [óyfirl.]: Það hefir nú gefizt lítill tími til þess að athuga þetta frv. En við að lesa frv. í gegn má strax sjá, að ýms atriði þess horfa til framfara. Vil ég þar á meðal nefna, að nafnið á þessu frv. er með öðrum blæ en nafnið á fyrri l. um sama efni. Þetta frv. heitir frv. til framfærslulaga. En núgildandi l. um framfærslu heita fátækralög. Þó að ekki hafi verið meint neitt lítilsvirðandi með því nafni, hefir þó mörgum manni þótt lítilsvirðing að því, að komast undir l., sem heita fátækral. Hugsunarháttur fólksins hefir smám saman verið að breytast mjög í þá átt að draga úr öllum lítilsvirðandi blæ á hjálp þess opinbera til handa framfærsluþurfum. Ekki skal ég neinu um það spá, hvort hugsunarhátturinn heldur áfram að breytast í þessa átt. Hann getur alveg eins tekið aðra stefnu og tekið að breytast aftur í gagnstæða átt. Getur verið, að í þessu efni komi fram það sama sem í mörgum öðrum hlutum, að þegar einhver hugsunarstefna er búin að ná vissu marki, þá er hún kannske komin framhjá því, sem fólkinu í raun og veru þykir sanngjarnt, og þá byrjar endurkast í gagnstæða átt aftur. — Eins og kunnugt er, hefir nú verið stofnað félag styrkþega, sem styrkþegar hafa stofnað með sér, eins og hver önnur stétt manna í landinu. Ég veit ekki, hvort þetta félag er komið í Alþýðusamband Íslands. En þetta er félag, sem ætlar sér að starfa eins og hver annar atvinnufélagsskapur. Það litur út fyrir, að það sé farið að skoða það sem hverja aðra atvinnugrein að vera styrkþegi. Hvernig skyldi annars eiga að haga verkföllum í þessu félagi? Hv. 4. þm. Reykv. gæti kannske frætt mig um það. Þetta félag hefir það sérkennilegt, fram yfir önnur stéttarfélög, að það getur ekki beitt neinu hárbeittu verkfallsvopni. Ég geri þennan félagsskap ekki að umtalsefni af því, að ég sé á móti því, að styrkþegar myndi félagsskap til þess að sækja sín mál, eins og aðrir. En mér virðist stofnun þessa félagsskapar sýna það, að nú sé kannske þessi hugsunarháttur, að þykja svo sem ekkert fyrir því að vera þurfalingur, eins og það oft hefir verið nefnt, kominn að því að ná því hámarki, sem hann getur náð hjá þjóðinni, og að hann fari áður en langt líður að breytast og taka gagnstæða stefnu.

Í 3. kafla eru ákvæði, sem mjög horfa til framfara, eins og ýmislegt fleira í þessu frv., þar sem um er að ræða (í 3. kafla) styrk með börnum ekkna. Það er ákaflega einkennilegt, að það skuli hafa getað haldizt svo um nokkurt skeið, að kona, sem verið hefir í lögformlegu hjónabandi, skuli vera ver sett um framfærslu barna sinna, ef hún missir mann sinn, heldur en hin, sem eignast börn utan hjónabands. Hinsvegar getur það verið nokkuð hæpið, eins og bent hefir verið á hér við umr., að ákveða, að styrkurinn falli sjálkrafa niður, sem ekkja hefir fengið með börnum sínum, ef hún giftist aftur. Með þessu ákvæði eru beint frá löggjafarinnar hálfu gerðar þær ráðstafanir, sem í mörgum tilfellum mundu stuðla að því, að maður, sem vildi ganga að eiga ekkju, sem fengið hefir styrk með börnum sínum, tæki heldur þann kost að búa með henni, án þess að þau giftust, til þess að þau misstu ekki af styrknum með börnunum. En svo framarlega sem löggjöfin byggir á því, að hjónabandið sé þörf stofnun fyrir þjóðfélagið, þá á löggjöfin ekki að vinna á móti því, að þær persónur gangi í hjónaband, sem fella hugi saman og mundu að sjálfsögðu giftast, ef þetta lagaákvæði væri ekki eins og það er í 26. gr. frv. Það er augljóst, að það hefir ekki getað stafað af öðru en athugaleysi, að með þessu ákvæði er verðlaunuð óleyfileg sambúð karls og konu. Þennan galla og aðra agnúa á frv. væri fyllsta þörf á að lagfæra.

Sem fulltrúi Reykjavíkur vil ég láta í ljós, að ég óttast fyrir hönd míns kjördæmis, að þeirri lagabreyt., sem gerð er með þessu frv. um afnám sveitfestitímans, og öllu, sem því fylgir, sé stefnt fyrst og fremst gegn Reykjavíkurkaupstað, vegna þess að í lagafrv. þessu eru engin sérákvæði um þá menn, sem nú eru á framfærslu, heldur færist hver maður sem framfærsluþurfi yfir á þann bæ, sem hann á heima í. Og svo á það að vera framvegis, að hver styrkþegi, sem flytur úr einum stað í annan, hann flytji einnig sem styrkþegi yfir í annað hérað. Ég hygg, að ákaflega margt af svona fólki, sem hefir ekkert fast og ábyggilegt í atvinnuefnum, heldur er á lausum kili, hafi tilhneigingu til að flytja til Reykjavíkur. Það vill að ýmsu leyti helzt þar vera, sem skiljanlegt er. Ég óttast nú mjög, að þegar þetta frv. er orðið að l., þá muni Reykjavík og nokkrir aðrir stærri kaupstaðir verða að bera ákaflega mikinn framfærsluþunga. Vil ég einnig í því sambandi vekja athygli á 73. gr. Þar er Reykjavík látin hafa sérstöðu um endurgreiðslu framfærslukostnaðar úr ríkissjóði, þar sem allir aðrir kaupstaðir og önnur framfærsluhéruð eru látin vera betur sett í þessu efni en Rvík. Ég er nú með þessu alls ekki að mæla á móti því, að hver maður eigi framfærslusveit, þar sem hann dvelur sem heimilisfastur maður. Það var engum vafa bundið, að að því mundi reka fyrr eða síðar, og til þess liggja a. m. k. tvær ástæður. Í fyrsta lagi koma þar til greina þær ástæður, sem knúið hafa menn til að færa sveitfestitímann úr 10 árum og niður í 2 ár. Sú stefna gat ekki endað í öðru en því, að hver maður sé látinn eiga þar framfærslusveit, sem hann dvelur. Önnur ástæðan til þess eru hinar margfalt hraðari breytingar á öllu, í atvinnulífi sem öðru, heldur en átti sér stað fyrir svo sem t. d. hálfri öld síðan. Nú má segja, að fólkið sé eins og fjaðrafok um allt landið í samanburði við það, sem gilti fyrir hálfri öld. Þá var gamli sveitfestitíminn miðaður við, að það væru undantekningartilfelli, ef menn flyttu úr einu héraði í annað. En þegar flutningar eru orðnir eins tíðir og stórbrotnir eins og þeir eru nú, þá er ómögulegt að eltast við þetta gamla sveitfestiákvæði. Þegar sett er það ákvæði í l., að láta dvalarsveit jafnan vera framfærslusveit

styrkþega, þá finnst mér að jafnframt hefði þurft að hlaupa á einhvern hátt undir baggann með þeim héruðum, sem bersýnilega hljóta að sitja uppi með mestan fjöldann af styrkþegunum í landinu, með því að gera þeim héruðum auðveldara að standa undir kostnaði, sem óbeint leiðir af þessari lagasetningu fyrir þau. Það má nú kannske segja, að hin nýsamþ. l. um alþýðutryggingar miði í þá átt. En þau geta vitanlega ekki að neinu leyti hjálpað, fyrr en þau koma til framkvæmda. Og það er sannast sagna, að slíkt á nú nokkuð langt í land. Það getur margt sveitarfélagið komizt á kaldan klakann, fyrr en það fær notið hjálpar af þeim l., ef það treystir mjög á þau. — Í 73. gr. frv., þar sem ákveðið er, að endurgreiðsla komi til sveitarfélaga, er Reykjavík sett í erfiðasta aðstöðu um þetta efni, einmitt það framfærsluhéraðið, sem kemur til með að bera aðalþungann af löggjöf þessari. Ég get að vissu leyti glaðzt af þeirri viðurkenningu, sem í þessu felst, um að Reykjavík sé þó ljósasti punkturinn í byggð þessa lands með tilliti til fjárhagslegrar afkomu á þessum vandræðatímum. Í allri löggjöf, sem samþ. er, þar sem eitthvað er gert upp á milli héraða, kemur þessi viðurkenning mjög greinilega fram. Hvað sem ýmsir flokkar segja um það, að hér í Reykjavík sé allt í kaldakoli, þá er bersýnilegt, að bærinn er látinn í ákvæðum löggjafarinnar hafa þá sérstöðu, sem getur með engu móti byggzt á öðru en því, að í Reykjavík sé þó hagurinn skárstur. Vil ég þar t. d. benda á kreppuráðstafanir þær, sem gera á fyrir öll önnur héruð og bæi en Reykjavík.

Ég ætla mér ekki þá dul að geta fundið út, hvernig hægt er að framkvæma það á heppilegastan hátt, sem ég hefi talað um. En ég vildi þó hreyfa þessum aths. mínum áður en frv. fer lengra.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
2.—11. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
12.—21. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
22.—26. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
27.—36. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
37.—45. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
46.—53. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
54.—68. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
69.—76. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
77.—79. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.

Fyrirsagnir frv. og kafla þess samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 12 shlj. atkv.

Á 101. fundi í Ed., 21. des., var frv. tekið til 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

Frsm. (Páll Hermannsson) [óyfirl.]: Mér þykir rétt að láta fáein orð fylgja frv., áður en það fer til atkvæða.

Þegar málið var hér til umr. í gær, hafði ég hugsað mér að svara nokkru þeim hv. 1. þm. Reykv. og hv. 5. landsk., sem hvorugur er nú viðstaddur. Mun ég því sleppa að svara þeim, einnig að þessu sinni, en láta mér nægja örfáar aths. um frv.

Hv. 1. þm. Reykv. benti á, að tilraun hefði verið gerð til að koma mildara formi á frv. en áður hefði verið. En þaðan komst hann svo út í hugleiðingar um það, að nú væri verið að mynda félag styrkþega, sem líkur væru til, að láta myndi allmikið til sín taka. Ég get nú ekki skilið, að honum þyki fyrir því, að frv. taki á sig mildara form. En ég get fullyrt það, að þrátt fyrir þetta mildara form, er ekki síður en áður séð fyrir hagsmunum bæjar- og sveitarfélaga, að því, er til framfærslunnar kemur. Þeim er gert kleift að innheimta aftur framfærslustyrk, ekki síður en áður, og eins er séð fyrir því, að framfærslukostnaður komi ekki ranglega niður á þessum aðiljum. Í þessu sambandi vil ég nefna atriði, sem hv. 1. þm. Reykv. og hv. 5. landsk. bentu á, að því er snertir börn ekkna, sem sé það, að úrskurður um meðlag með börnum ekkju fellur úr gildi, ef ekkjan giftist aftur. Þetta ákvæði virðist sjálfsagt, því að þegar ekkja er gift í annað sinn, hafa börn hennar öðlazt nýjan framfærslumann, og sé hann fær um að sjá fyrir börnunum, eru meðlögin óþörf, en að öðrum kosti er það hann, sem á að hljóta framfærslustyrk, en ekki börnin. Ég er sannfærður um, að menn muni almennt geta fallizt á, að mönnum, sem eignast konur, er áður hafa átt börn, beri skylda til að framfæra börnin, ef þeir geta. En þetta ákvæði nær þó auðvitað ekki til föður barnanna, ef hann er á lífi og getur séð fyrir þeim. Þessi skylda hvílir þá á honum eftir sem áður.

Þá vil ég drepa lítillega á atriði, sem hv. 1. þm. Reykv. minntist á, jöfnunaraðferðina. Hann benti á, að Reykjavík væri sett í sérstakan flokk, því að frádráttur annara kaupstaða og sveitarfélaga getur horfið, ef framfærslukostnaður þeirra nemur ekki meðaltalsupphæð. En af því að þetta er nokkuð mikilsvert atriði, vil ég gera nánari grein fyrir því, hvers vegna höfundar frv. hölluðust að þessari aðferð. Það var engan veginn af hvöt til að sýna Reykjavík ranglæti, heldur af því, að Reykjavík er auðugasta framfærsluhérað landsins og nýtur, sem höfuðstaður Íslands, ýmiskonar hlunninda umfram önnur héruð. Við vitum t. d., að höfuðverzlun landsmanna fer þar fram, að þar eru flestir aðalskólar landsmanna, stærstu sjúkrahúsin o. s. frv. Allt eru þetta sérstök hlunnindi í þessu tilliti. Ég vildi drepa á þetta, til að fyrirbyggja misskilning, að fyrir höfundum frv. hafi vakið tilhneiging til að sýna Reykjavík ósanngirni.

Þá vil ég í þriðja lagi geta þess, að enda þótt í frv. séu ýms atriði, sem menn munu yfirleitt vera sammála um hér í d., að æskilegt væri að breyta, þá hefi ég þó ekki séð mér fært að leggja fram neinar brtt. Stafar það af því, að flest það, sem mönnum mun finnast þurfa lagfæringar við, eru ákvæði, sem sett voru inn í frv. í Nd., og eru ekki líkur til, að tími vinnist til þess nú að koma á nauðsynlegu samkomulagi milli d. um slíkar breytingar.

Að síðustu vil ég taka það fram, að okkur tveim, sem undirbúið höfum frv., er það sérstakt

ánægjuefni, hve vingjarnlega frv. hefir verið tekið af þ. í heild, líka af þeim, sem ef til vill hefðu getað haft það á tilfinningunni, að frv. gerði þeirra hag erfiðari.

Magnús Jónsson [óyfirl.]: Það væri mikill munur á meðferð stóru málanna hér í d., þó að nefndir hafi haft litinn tíma til athugunar, ef þau væru yfirleitt rædd eins ýtarlega og sanngjarnlega af framsögumönnum og hv. 1. þm. N.-M. hefir gert hér. Það er mikilsvert að fá slík svör og útskýringar sem þau, er hv. þm. hefir látið í té. — Ég ætla mér ekki að fara að tefja umr. með því að fara út í einstök atriði málsins, en ég gleymdi við síðustu umr. að taka þetta fram: Í 5. gr. frv. segir: „... og verður eigi krafizt framfæris og uppeldis af sönnum foreldrum barnsins, nema kjörforeldrin þrjóti.“ Mér þykir lakari þessi síðustu orð: „nema kjörforeldrin þrjóti“. Um kjörbörn er það að vísu oftast svo, að þau eru orðin sem náttúrleg börn kjörforeldranna. Ég skal ekki fara út í það, sem ákveðið er í III. kafla frv., að meðlag með börnum falli niður, ef ekkja giftist aftur. Það er rétt hjá hv. frsm., að styrkurinn ætti að réttu lagi að falla niður. En þetta gæti þó stundum haft óheppilegar praktískar afleiðingar. Það gæti orðið til þess, að fólk, sem ganga vildi í hjónaband, kysi heldur að lifa í sambúð, sem þjóðfélagið hefir ekki fallizt á, að sé heppileg. Það verður líka að taka tillit til þess, hverja þjóðfélagslega þýðingu hjónabandið hefir. Væri illt, ef slíkt ákvæði í l. yrði til þess að skerða þessa þjóðfélagslegu þýðingu hjónabandsins. En þetta getur hæglega komið fyrir hjá persónum, sem ekki hugsa mjög stórt.

Það var aðallega út af 73. gr., að ég hreyfði andmælum, um jöfnun framfærslukostnaðarins. Ég hreyfði því við 2. umr., að þetta atriði gæti legið nærri að athuga, úr því sú regla er tekin upp að jafna milli sveitarfélaga. Það gæti legið nærri að greiða eitthvað umfram jöfnunarsjóð, en það dugir ekki að taka alveg hvötina frá sveitarfélögunum um að spara, það er ekki alveg óhugsandi, þegar sveitar- eða bæjarfélögin eru komin niður fyrir markið og þau eru látin greiða gjöld til annara hreppa. T. d. í sumar á ferð minni um Norðurland kynntist ég ástandi í 2 hreppum, sem eru þannig settir, að þeir hafa engan ómaga, eða annar hefir raunar 1 ómaga, sem hann hefir grætt á. Þegar þannig er ástatt, þá gæti verið, að hægt væri að finna leið, til að láta slíka hreppa greiða í jöfnunarsjóðinn, en vitaskuld er verkefni n. að athuga þetta og hún hefir kannske gert það. Viðvíkjandi Reykjavík, þá skal ég kannast við það, að hún fær ýms fríðindi sem höfuðstaður, t. d. að þar safnast saman menn, sem fá laun fyrir starf sitt hjá ríkinu. En hvað því viðvíkur um verzlunina, sem hér safnist saman, þá viðurkenni ég ekki, að það sé fyrir neinn óeðlilegan aðstöðumun, heldur er það vegna þess, að Reykvíkingar eru margir dugandi menn, og þess vegna hefir bærinn náð þessari stærð, sem hann hefir, og skapað sér sjálfur með dugnaði einstaklinganna og góðri bæjarstjórn þá aðstöðu, sem af sumum er ranglega nefnd fríðindi, er ríkið eða aðrir landshlutar hafi skapað. Ég hreyfði því líka, að sú breyting, sem gerð væri með því að afnema sveitfestitímann, hlýtur að koma allþungt niður á kaupstöðunum, og þó sérstaklega þeim stærri. Vænti ég þess, að allir geti fallizt á, að það sé hart aðgöngu, að sá staðurinn, sem af þessu hlýtur þyngstan bagga, Reykjavík, skuli svo líka sviptur réttindum til uppbótar úr jöfnunarsjóði. Það var bent á það af hv. þm., að ef tillagið í jöfnunarsjóð, 250 þús. kr., ekki nægði til að fullnægja þörfinni til jöfnunar, þá væri enginn munur á Reykjavík og öðrum bæjar eða sveitarfélögum, og yrði þá hækkuð jafnt jafnaðartalan hjá öllum sveitarfélögum, þannig að meðaltalið hækkaði fyrst, að mér skildist, um 5% og svo aftur um 5% o. s. frv., þar til jöfnunartillagið hrykki. Mér hefir skilizt, að meðalframfærslukostnaðurinn ætti að vera vísitalan, sem gengið yrði út frá að frádregnum 10%. Mér skilst því, að sé Reykjavík tekin með, þá annaðhvort hækki hún eða lækki meðaltöluna, og hvort heldur sem er, þá er réttlátt að hún njóti sömu hlunninda og önnur sveitar- eða bæjarfélög, ef á annað borð þessi regla er sanngjörn og réttlát. Ég skal svo ekki, af því ég sé ekki ástæðu til að tefja fyrir framgangi þessa máls, tala um fleiri atriði.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 15 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 938).

81. Bráðabirgðaverðtollur.

Á 26. fundi í Nd., 12. marz, var útbýtt:

Frv. til l. um viðauka við og breyt. á l. nr. 11 2. júní 1933, um bráðabirgðaverðtoll (þmfrv., A. 112).

Á 28. fundi í Nd., 14. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Frsm. (Ásgeir Ásgeirsson): Eins og kunnugt er, var á síðasta þingi samþ. þáltill. þess efnis, að skora á ríkisstj. að láta rannsaka tollakjör innlends iðnaðar og þeirra iðngreina, sem líklegt er, að gætu þrifizt hér á landi, og leggja fyrir þetta þing till. um breytingar og viðauka á gildandi tollalöggjöf, sem nauðsynlegar eru til að tryggja landsmönnum sem mesta atvinnu og möguleika fyrir auknum iðnaði í landinu. Stjórnin skipulagsnefnd atvinnumála að rannsaka þetta mál og hefir hún samið tvö frv., annað um breyt. á lögum um bráðabirgðaverðtoll og hitt um breyt. á lögum um vörutoll, og afgreitt þau til fjmrn. Hæstv. fjmrh. hefir síðan sent fjhn. Nd. bæði frv., og samkv. þeim eiga tollakjör fyrir innlendan iðnað að vera til muna betri en áður.

Öllum aðiljum, sem um frumvörpin hafa fjallað, kemur saman um höfuðtilgang þeirra; en við í fjhn. lítum svo á, að sumar till. kunni að orka tvímælis, og mun n. athuga þær nánar

á milli umr. En þar sem gera má ráð fyrir, að þingheimur sé yfirleitt samþ. tilgangi þessara frv., þá sé ég ekki ástæðu til að ræða þau nánar við 1. umræðu. Þau atriði, sem ágreiningi kunna að valda, heyra eftir þingsköpum undir 2. umr.

Nú er vafasamt, til hvaða n. á að vísa frv. Það er flutt af fjhn., og gæti eins vel heyrt undir iðnaðarn. Þess vegna tel ég það ekki fjarri, að frv. verði vísað til iðnaðarn. á milli umr. Ég geri það að till. minni og vænti, að n. hafi ekki miklar tafir á afgreiðslu þess.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 18 shlj. atkv. og til iðnn. með 19 shlj. atkv.

Á 74. fundi í Nd., 15. nóv., var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 75. fundi í Nd., 16. nóv., var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 112, 246, n. 529, 561).

Frsm. (Emil Jónsson): N. varð sammála um að leggja til, að frv. yrði samþ. með smábreyt. Fyrsta brtt. er fólgin í því, að undir 30% toll skuli falla húfur allskonar og gólfklútar. Hv. þm. N.-Þ. hefir flutt brtt., sem fer í sömu átt, en aðeins um þær húfur, sem eru úr skinni, en þar sem n. hafa borizt tilmæli um að láta líka húfur úr taui heyra undir þennan toll, þar hún þessa brtt. fram. Önnur brtt. n. er sú, að leggja 15% toll á ístöð, beizlisstengur og beizlismél, vegna þess að þessa hluti má búa til hér á landi, og er þegar gert. — Þá leggur n. til, að kaðlar, færi og fiskilínur, öngultaumar, þorskanet og lóðabelgir fari úr 10% tolli niður í 5% toll, og er það gert með tilliti til örðugrar afkomu útgerðarinnar hér á landi. Sömuleiðis hefir n. lagt til, að baðlyf verði ekki tolluð, þar sem það er upplýst, að þau eru ekki framleidd hér á landi nema að óverulegu leyti. — Þá leggur n. til, að línoleum- og gúmmídúkalím, sem veggfóðrarar nota mikið, en er dýrt, sé fellt niður úr tolli af því að menn munu nú vanrækja að láta líma dúka sína vegna þess, hve dýrt límið er, og stendur tollurinn vitanlega þar í vegi. — Síðasta brtt. n. er sú, að eins og vélar, sem notaðar eru til innlendrar framleiðslu, verða tollfrjálsar, þá verði einnig varahlutar þeirra tollfrjálsir.

Út í einstök atriði frv. þarf ég ekki að fara, þar sem n. er sammála, að það verði samþ. með þeim brtt., sem ég hefi nú skýrt frá.

Gísli Guðmundsson: Ég skal aðeins geta þess, að ég sætti mig við þær brtt., sem n. hefir gert viðvíkjandi brtt. minni á þskj. 246, og tek ég hana hér með aftur.

Frsm. (Emil Jónsson): Það er stutt aths. Frá iðnn. hefir komið brtt. á þskj. 561, sem nýlega hefir verið útbýtt, og er þar lagt til, að orðið „gólfklútar" komi inn í e-lið frv. Bætist sú till. þá við 1. brtt. í nál. á þskj. 529. Ég veit ekki, hvort ég tók þetta nógu skýrt fram áðan, og vil því vekja athygli hv. þdm. á þessu.

ATKVGR.

Brtt. 246 tekin aftur.

— 561 samþ. með 18 shlj. atkv.

— 529,1 samþ. með 17 shlj. atkv.

— 529,2 samþ. með 18 shlj. atkv.

1. gr., svo breytt, samþ. með 18 shlj. atkv.

2.—5. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 19 shlj. atkv.

Á 77. fundi í Nd., 19. nóv., var frv. tekið til 3. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 83. fundi í Nd., 26. nóv., var frv. aftur tekið til 3. umr. (A. 563, 564, 614, 619).

Of skammt var liðið frá útbýtingu brtt. 619. — Afbrigði leyfð og samþ. með 19 shlj. atkv.

Sigurður Einarsson: Við erum þrír, sem eigum brtt. á þskj. 564, og hún er á þá leið, að vissar tollvörutegundir, sem sé kaðlar, færi og fiskilínur, öngultaumar og þorskanet, verði felldar burt úr þeim tollvöruflokki, F-flokki, sem þær eru í eftir ákvæðum frv., og verði settar í G-flokk, sem nær yfir tollfrjálsar vörur. Við flm. þessarar brtt. lítum svo á, að þessir hlutir, sem ég nefndi, séu svo nauðsynlegir fiskimönnum og sjómönnum, að það nái engri átt og sé mjög varhugavert að tolla þessar vörur með svo háum tolli, sem gert er ráð fyrir í F-flokki frv. Það er vitað, að þeir, sem þessar vörur nota, hafa ekki átt við góðan hag að búa undanfarin ár, og það er því ekki nema sanngirnismál, að þessar vörutegundir séu undanþegnar tolli.

Skal ég svo ekki fjölyrða frekar um þetta, en ég vil vænta þess, að hv. deildarm. skilji þá nauðsyn, sem á því er, að hag fiskimanna og sjómanna sé ekki íþyngt með þessum sérstaka tolli.

Frsm. (Emil Jónsson): Iðnn. hefir borið fram tvær brtt. til viðbótar við fyrri brtt. sínar um þetta mál, og eru þær prentaðar á þskj. 614. Þær eru aðallega leiðréttingar, sem bornar eru fram í samræmi við ósk hæstv. fjmrh. Við 1. gr. er gerð sú brtt. að á eftir orðunum „húfur allskonar" í b-lið, komi „nema enskar húfur". Byggist þessi brtt. á því, að n. þótti rétt að reyna að styrkja nýjan vísi til iðnaðar, sem sé tilbúning á enskum húfum. Það hefir þó komið í ljós við nánari athugun, að samkv. millirikjasamningum, sem gerðir hafa verið fyrir landsins hönd, er ekki leyfilegt að hækka tollinn frá því, sem er, á þessari vörutegund. — 2. liður fyrri brtt. fer fram á það, að orðin „reykrör" og „kröfsur" í D.lið verði felld niður, þar sem þetta þótti of óákveðið, til þess að geta staðizt. Þetta getur valdið misskilningi, eins og það er í frv. Það er upphaflega komið inn í frv. samkv. till. járniðnaðarmanna, og þar sem það getur ekki talizt sérlega þýðingarmikið atriði í frv., en getur hinsvegar valdið nokkrum misskilningi, er lagt til, að þessi orð verði felld burt úr frv. N. hefir einnig gert smáorðabreyt. við síðasta lið 1. gr. frv., og leggur hún

til, að í stað orðanna „vélar, sem eingöngu eru notaðar til innlendrar framleiðslu, og varahluta til þeirra“, eins og stendur í frv., komi orðin: „vélar, sem eingöngu eru notaðar til iðju og iðnaðar, og varahlutar til þeirra.“ Þetta er einungis orðabreyt. — Í 2. brtt. er farið fram á það, að ákvæðin um gengisviðauka nái einnig til þessara l. — Ég hygg, að ég þurfi ekki að fara frekari orðum um þessar brtt. Þær eru aðallega leiðréttingar og ættu ekki að geta valdið ágreiningi.

Um brtt. á þskj. 564 vil ég segja nokkur orð. Þar er farið fram á það, að kaðlar, færi, fiskilínur, öngultaumar og þorskanet verði undanþegið frá þeirri 5% tollaálagningu, sem frv. gerir ráð fyrir. Það er nú svo, að það er ekki hægt að hlífa einum atvinnuvegi við tolli, án þess að það verði á kostnað einhvers annars, ef tollálagningin er óhjákvæmileg nauðsyn. Hinsvegar skal ég viðurkenna, að sjávarútvegurinn er ekki fær um að standa undir miklum skattaálögum, eins og nú standa sakir. En þess ber einnig að gæta, að þessar álögur eru mjög litlar, þar sem ekki er farið fram á meira en 5% toll á þessum vörutegundum. En á hinn bóginn er sjávarútveginum jafnnauðsynlegt og öðrum atvinnugreinum að koma sér upp innlendum iðnaði til þess að framleiða þær vörur, sem hann þarf að nota til atvinnurekstrarins. Mér hefir verið sagt, að Íslendingar hafi greitt um milljón kr. fyrir útgerðarvörur á þeim hluta ársins, sem liðinn er. Ef hægt er að lækka þennan kostnað að einhverju leyti, þá sparast á þann hátt töluverður gjaldeyrir. Þá væri stigið spor í rétta átt, og þetta frv. miðar einmitt að því að gera innlendri veiðarfæragerð kleift að keppa við þær erlendu. Þetta er sérstaklega nauðsynlegt, ef það er satt, sem mér hefir verið sagt af mönnum, sem vita góð skil á þessum hlutum, að erlendir keppinautar okkar á þessu sviði hafi bókstaflega undirselt íslenzkar vörur hér, til þess að eyðileggja hina íslenzku framleiðslu. Við höfum átt slíkum söluaðferðum að venjast úr þessari átt, og það er talið sannanlegt, að þessar erlendu vörutegundir séu seldar hér með lægra verði en gangverð þessara vörutegunda er erlendis. Sé þetta satt, þá verður árangurinn vitanlega sá, að innlenda fyrirtækið, sem þessa framleiðslu rekur, verður að leggja starfsemi sína niður, þegar þau eru undirseld, ef ekkert er að gert, og afleiðingin verður svo, að sjávarútvegurinn verður að kaupa þessar vörur hærra verði en annars, ef heilbrigð samkeppni hefði getað staðizt á þessu sviði milli innlendrar og erlendrar framleiðslu. Það getur því verið vafasamur hagnaður fyrir sjávarútveginn, að þessi 5% tollur verði afnuminn. — Skal ég svo ekki fjölyrða frekar um þetta. Mér þykir líklegt að hv. þdm. sjái, að það getur verið varasamt að leggja þennan toll niður, ef það yrði svo til þess, að þessi atvinnugrein, sem hér um ræðir, yrði lögð niður.

Rétt í þessu er verið að útbýta brtt. á þskj. 619, frá hv. þm. Vestm. Að sjálfsögðu hefi ég engan tíma haft til þess að athuga þær, en í fljótu bragði sé ég, að 1. brtt. er samhljóða 1. brtt. okkar á þskj. 614. 2. brtt. er þess efnis, að umbúðakassar, unnir og hálfunnir, verði felldir niður úr frv. Þetta stingur allmjög í stúf við till., sem hann ætlaði að bera fram í fyrra til stuðnings kassagerðinni, því að hann taldi hana alls góðs maklega þá.

Ég vil svo að endingu mælast til þess, að brtt. iðnn. verði samþ., en ég tel aftur mjög varhugavert að samþ. brtt. á þskj. 564, ekki aðeins vegna þeirrar hliðar, sem snýr að iðnaðinum, heldur og einnig þeirrar, sem veit að sjávarútveginum.

Jóhann Jósefsson [óyfirl.]: Ég hefi leyft mér að bera fram brtt. á þskj. 619 við frv. það, sem hér er til umr. Í fyrsta lagi legg ég til, að niður verði felldur 15% verðtollur af unnum og hálfunnum umbúðakössum. Eins og hv. þdm. vita, hvílir vörutollur á öllum þeim vörum, sem taldar eru á þskj. 563, og ekki svo óverulegur á þungavörunum, en það er einmitt mikið af þeim vörum, sem sjávarútvegurinn þarf til starfrækslu sinnar, en nú á að bæta verðtolli ofan á þetta. Hv. frsm. iðnn. sagði meðal annars, að sig undraði það, að ég skyldi vera á móti því að tolla innflutta kassa, af því að ég hefði sagt í fyrra, að kassagerðin hér þyrfti stuðning. Það er rétt, að ég sagði, að kassagerðin væri alls góðs makleg, en með því átti ég ekki við, að farið yrði að taka upp verðtolla til þess að styðja hana, heldur hitt, að það þyrfti að auka möguleika fyrir viðskiptum fyrir hana, t. d. við sænska frystihúsið, með því að leyfa hér vissa veiðiaðferð, sem hefði það í för með sér, að hún gæti selt kassa sína. Stuðningur minn við kassagerðina hefir því aldrei náð svo langt, og nær ekki enn, að ég vilji fara að bæta verðtolli ofan á vörutollinn. Annars er það svo, að kassagerðin er ekki samkeppnisfær við þá t. d., sem flytja hingað inn hálfunna kassa. Það hljóta því einhver mistök að vera hér á, að minnsta kosti hér í Reykjavík. Ég skal þó fúslega játa, að það er margs að gæta í þessu efni. Mér er t. d. kunnugt um, að kassagerðin hér flytur inn heil borð til þess að vinna úr, en erlendis eru kassarnir mestmegnis smíðaðir úr afgöngum og afsneiðingum, og má því vera, að það eigi sinn stóra þátt í að gera hina erlendu kassa miklum mun ódýrari en þá innlendu. Það mun nú varla von, að kassagerðin geti verið samkeppnisfær með kassa langt fyrir utan Reykjavík, þegar þess er gætt, að hún fær allt efni hingað, borgar hér af því skatt og hafnargjöld og verður svo að flytja kassana héðan með strandferða- og milliferðaskipum, þangað sem þeir eru notaðir. Þetta verður óneitanlega nokkuð dýrt, og það er einmitt það, sem ég tel ekki rétt að koma til leiðar, að fiskútflytjendur úti um land þurfi að borga óhæfilega dýrar umbúðir utan um fisk sinn, enda þótt það sé til landsmanna sjálfra. Til þess að sýna, hver munur getur verið á þessu, vil ég geta þess hér, að nú í dag get ég t. d. keypt sænskt kassaefni, sem er svo ódýrt, að umbúðirnar úr því verða kr. 2,50 ódýrari um hvert skpd. fiskjar, miðað við verðið á kössunum hér í Reykjavík. Þetta er vitanlega til staðar úti á landi, sem hefir beinar samgöngur við útlönd. — Þá legg ég til, að allskonar húfur

skuli undanþegnar þessum verðtolli, en ég sé, að hv. n. leggur til, að undanþegnar honum séu aðeins enskar húfur. Ég veit nú t. d. ekki betur en að hinar svo nefndu alpahúfur séu ódýrar og allmikið notaðar. Hvaða ástæða er til að straffa þá, sem þær nota, umfram hina, sem nota enskar húfur, fæ ég ekki skilið. Fleiri ódýrar húfur eru og til, það mun t. d. vart álitið „luxus"-höfuðföt, þó að menn gangi með „kaskeiti", en hver sá, sem svoddan hneykslanlegt höfuðfat á, eftir skilgreiningu hv. iðnn. á þessum hlutum, á að straffast með að greiða af því 30% verðtoll. — Þá hefi ég og lagt til, að blokkir og sigurnaglar, sem taldir eru í D-lið frv., verði undþegið verðtolli. Mér er nú alls ekki kunnugt um, að bátablokkir séu t. d. smíðaðar hér, að minnsta kosti ekki nóg. Ég vil því skora á hv. frsm. iðnn. að upplýsa þetta, því höfuðástæðan fyrir frv. mun vera sú að styrkja hinn innlenda iðnað. — Í E-lið frv., sem á að stimplast með 10%, eru taldar presseningar, en eins og kunnugt er, eru þær mjög nauðsynlegar fyrir útgerðarmenn yfirleitt, til þess að hlífa fiski við regni og vætu. Ég fæ því ekki skilið, hvers vegna það þykir hlýða að láta greiða verðtoll af þeim ofan á vörutollinn.

Þá fór hv. frsm. mjög hjartnæmum orðum um það, að hann væri svo sem ekki hár þessi 5% verðtollur, sem leggja ætti á veiðarfærin. Með honum ætti aðeins að styrkja örlitið innlendu veiðarfæragerðina, og hann væri einnig til góðs fyrir útgerðarmennina. En ég fæ samt ekki séð, að það geti orðið til góðs fyrir útgerðarmennina, þó að fiskilínurnar verði skattlagðar með háum verðtolli. Ég verð þvert á móti að telja, að það lýsi ekki svo litilli blindni hjá þessum mönnum að bera fram slíkt frv. sem þetta, um skattlagningu á útveginn, þegar t. d. hvert skpd. saltfiskjar er selt 20—30 kr. undir kostnaðarverði, að meira og minna leyti vegna imyndaðrar vonar um að geta hlaðið undir eitthvert fyrirtæki, sem býr til línur og sjóklæði. Þetta kemur mér þeim mun einkennilegar fyrir sjónir, þegar þess er gætt, að það hefir ekki þurft að hlaða hér undir heilbrigðan iðnað með verndartollum. Þannig vann t. d. hið innlenda smjörlíki allan markaðinn innan lands á tiltölulega stuttum tíma, án allra slíkra ráðstafana. Að þjóta upp til handa og fóta og hlaða tollmúrum til verndar iðnaðinum er sízt til bóta fyrir þá, sem iðnaðinn reka, því að þeir þurfa að leggja sig í líma með að vanda framleiðslu sína, og til þess að gera það, er þeim jafnvel nauðsynlegt aðhald erlendra keppinauta, að minnsta kosti til að byrja með. Þá má og í þessu sambandi geta þess, að það eru ekki svo ósterkar stoðir, sem settar eru undir innlenda iðnaðinn, með innflutnings- og gjaldeyrishömlunum. Það er sem sé alkunna, að innflutnings- og gjaldeyrisnefnd tekur mjög mikið tillit til þess, hvort hægt er að fá vörurnar hér innanlands eða ekki. Hún beinlínis bægir mönnum frá að kaupa erlendar vörur og bendir mönnum á að kaupa þær hér, ef þess er nokkur kostur. Hinn ungi íslenzki iðnaður stendur því sannarlega ekki eins að vígi og ef allt væri frítt og frjálst. Mér finnst því alls ekki reka nauður til að fara nú að þjóta upp og skattleggja þær vörur, sem atvinnuvegirnir þurfa að nota við framleiðslu sína, atvinnuvegir, sem reknir eru árið út og árið inn með tapi, en til hagsbóta fyrir iðnrekendurna. Slíkt er ranglæti. Þeir, sem iðnaðinn reka, eru að sjálfsögðu allra góðra gjalda verðir, en þeir verða að koma vöru sinni í það horf, að hún sé samkeppnisfær. Ég held t. d., að ekki fáist innfluttur nokkur verkamannafatnaður. Það mun vera sama og biðja gjaldeyrisnefndina um gull, að biðja hana um innflutningsleyfi fyrir honum. En ég býst ekki við, að þetta sé hyggilegt, því að það mun síður en svo vera almenn ánægja með þessa innlendu framleiðslu. Þegar svona er komið, að menn séu útilokaðir frá að geta fengið betri og ódýrari vörur vegna hinnar innlendu framleiðslu, finnst mér nokkuð langt gengið, og því ekki ástæða til að bæta þar við háum verndartolli. Hv. frsm. sagði, að jafnvel væri farið að bera á því, að erlendir keppinautar seldu hér veiðarfæri undir verði veiðarfæragerðarinnar, og myndu gera það vitandi vits, og því gæti svo farið, að þessar vörur yrðu dýrari síðar, þegar búið væri að undirbjóða veiðarfæragerðina nógu mikið. Ég fyrir mitt leyti legg nú ekki mikið upp úr þessu. Að sjálfsögðu ann ég Veiðarfæragerð Íslands alls hins bezta, og því til sönnunar skal ég geta þess, að ég skipti sjálfur við hana að miklu leyti, en hitt tel ég, að hún þurfi að gera, að framleiða góða vöru fyrir sanngjarnt verð, og að því veit ég, að hún reynir að keppa. Að erlendir keppinautar á þessum sviðum séu að gera herferð á hendur henni með því að selja hér veiðarfæri undir verði, held ég, að sé hinn mesti misskilningur. Hin aðalástæðan fyrir því, að nauðsyn beri til að setja þennan verndartoll, var sú, að ef veiðarfæragerðin legðist niður, þá myndu veiðarfæri verða miklu dýrari hér. Án þess að ég á nokkurn hátt sé að óska þess, að veiðarfæragerðin leggist niður, þá held ég, að þetta sé hin mesta firra. Við verzlum með þessa vöru við mörg verzlunarhús, sem eru í mjög harðri samkeppni sín á milli, og það get ég sagt með fullri vissu, að það hefir ekki hin minnstu áhrif á þá samkeppni, hvort hér á Íslandi er svolítill vísir að veiðarfæragerð eða ekki.

Ég skal svo ekki orðlengja þetta miklu meir, en vil aðeins undirstrika það, að ég tel „prinsippið", að styðja innlendan iðnað þegar í byrjun með verndartollum, mjög varhugavert, sem gerir vinnuna dýrari en þörf er á. Sérstaklega tel ég þetta þó óforsvaranlegt gagnvart sjávarútveginum, að koma með verðtoll ofan á vörutoll á nauðsynjar hans, eins og nú stendur á.

Sigurður Einarsson: Þótt ég hafi verið með í því að bera fram brtt. á þskj. 564, vil ég ekki vera með nein harðyrði í garð þeirra, sem frv. flytja né heldur að brigzla þeim um blindni í þessum málum. Það er tvennt, sem vakir fyrir flm. frv., fyrst og fremst vernd fyrir iðnaðarfyrirtækin, og í öðru lagi er það tekjuvon, sem það kynni að gefa ríkissjóði. Að því, er snertir ræðu hv. flm., vil ég segja það, að ég fæ ekki séð, að brottfelling á verðtolli af færum, öngultaumum og þorskanetum geti orsakað það, að þessar

vörur verði seldar hér svo ódýrt af erlendum keppinautum, að hinni innlendu veiðarfæragerð geti stafað hætta af. Ég vil líka í þessu sambandi taka undir það með hv. þm. Vestm., að innflutnings- og gjaldeyrisnefndin getur ekki aðeins takmarkað sölu á þessum hlutum hér frá öðrum löndum, heldur beinlínis séð um að ekki seljist neitt. Gjaldeyris- og innflutningsnefnd hefir það því mjög í hendi sér að vernda þessa framleiðslu. En fyrst svo er, þá er mjög hætt við því, að þessi tollur verði aðeins til þess að skapa verðhækkun til viðbótar við það ofháa verð, sem á vörum þessum er nú, a. m. k. of hátt með tilliti til getu þeirra, sem eiga að nota þær og þeirra kjara, sem sjómannastéttin á við að búa. Stuðningurinn við hinn innlenda iðnað, sem út af fyrir sig er mjög lofsverður, getur þannig orðið hreinasta hefndargjöf, ef hann miðar fyrst og fremst að óþarfri verðhækkun þeirra nauðsynja, sem áður voru nógu dýrar. Ég verð að segja það, að ég er ekki allskostar ánægður með vörugæði okkar innlenda iðnaðar í sumum greinum og þaðan af síður þau viðskiptakjör, sem sjómönnum eru búin í þessari grein. Því hefir verið haldið fram, að erlendar iðnaðarvörur sömu tegundar væru seldar undir kostnaðarverði, til þess að bola út okkar vörum, og má vera, að eitthvað sé hæft í því. En þó er ég ekki allskostar trúaður á það. Hinir innlendu framleiðendur kvarta alltaf undan meðferðinni á sér, en viðskiptamenn veiðarfæragerðarinnar hafa sannarlega líka ástæðu til að kvarta. Ég vil ennfremur taka undir það með hv. þm. Vestm., sem hann sagði um vinnufatagerðina. Það er fullkunnugt um ýmsar iðngreinar, þegar þær hafa bolað út allri samkeppni, að þá hrakar vörugæðunum hjá þeim, þegar neytendurnir eiga ekki annars úrkostar en að nota þær, hvort sem það hefir orðið vegna þess, að aðrar vörur sömu tegundar hafa verið útilokaðar með banni eða tollum, þá verður almenna reynslan jafnan sú, að vörugæðunum hrakar. Ég skal svo ekki fara fleiri orðum um brtt., en það gleður mig, að hv. þm. Vestm. hefir lýst fylgi sínu við það að undanþiggja hérgreindar vörur frá tolli þessum.

Frsm. (Emil Jónsson): Ég ætla að svara nokkru því, sem hv. þm. Vestm. og hv. 9. landsk. færðu fram sínum skoðunum til stuðnings. Ég kemst ekki hjá því að drepa nokkuð á þau höfuðsjónarmið, sem frv. byggist á. Ég hélt, að allir væru sammála um það höfuðsjónarmið, að það beri, meðan hinn ungi iðnaður er að vaxa, að leggja nokkurn toll á innfluttar vörur sömu tegundar og þær, sem framleiddar eru, en létta aftur á móti tollum af hrávörum til framleiðslunnar. Þess vegna er þetta frv. ekki fyrst og fremst tekjuöflunarfrv. Sú hlið þess er algert aukaatriði, en aðalatriði frv. er að hjálpa hinum unga iðnaði. Þess vegna skil ég ekkert í þeirri kenningu hv. þm. Vestm., að það eigi að varast að styrkja iðnaðinn í byrjun. Ef einhver iðngrein er ósamkeppnisfær, þá fellur hún af sjálfu sér. En það vita allir, að erfiðleikarnir fyrir iðnaðinn eru mestir í byrjun, meðan hann er að vinna markaðinn og sigrast á fleiri erfiðleikum, þá er líka þörfin brýnust fyrir hjálp. Ég skil þess vegna ekki, hvernig það á að vera varasamt að styrkja iðnaðinn í byrjun. Ég tel einmitt þörfina þá langsamlega mesta. — Ég skal þá fara nokkrum orðum um brtt. hans, sem útbýtt var hér fyrir skömmu, þó ég hafi þess vegna ekki getað athugað þær gaumgæfilega, en ég vil taka það fram, að tollgreiðsla á þessum vörum þarf ekki endilega að þýða það, að þær þurfi að verða dýrari fyrir útgerðarmenn, heldur hitt að vernda iðnaðarmennina fyrir því, að vörurnar þrengi sér inn á markaðinn. Um blokkir, sigurnagla o. fl. er það að segja, að þær hafa hér á landi verið framleiddar í stórum stíl, meira að segja togblokkir, sem eru hinar stærstu, sem notaðar eru, en þær hafa alltaf verið smíðaðar ein og ein í senn, en ekki í „massafabrikation", eins og þyrfti að vera, ef keppa ætti við erlendan iðnað. Presseningar eru einnig framleiddar hér á landi í stórum stíl, en sá iðnaður á einnig í vök að verjast gegn erlendri samkeppni. Um umbúðakassana er það alveg áreiðanlegt, að sú framleiðsla á rétt á sér, enda minnir mig, að hv. þm. vildi í fyrra styrkja hana og teldi kassagerðina þarft fyrirtæki. Sama ætla ég að segja megi um tunnugerðina, hún á að fullnægja allri eftirspurn í landinu. Þó ekki hafi borgað sig fyrir Vestmannaeyjar að fá kassa senda frá kassagerð Rvíkur, og þó að umbúðirnar utan um eitt skpd. af fiski hafi orðið kr. 2.50 dýrara þaðan en útlend vara sömu tegundar, þá sannar það ekkert. Það þarf að kosta kapps um það að smíða kassana á þeim stöðum, þar sem á að nota þá, vegna þess hve þeir eru erfiðir í flutningum. Ef Vestmannaeyjar þurfa á kössum að halda, þá er sjálfsagt að smíða þá þar. Til þess þarf ekki mikinn útbúnað, aðeins einfalt smíðaverkstæði. Það sannar ekkert um það, að kassagerð sé óframkvæmanleg hér á landi, þó kassar frá kassagerð Rvíkur séu örlítið dýrari úti um land heldur en kassar frá útlöndum, sem keyptir hafa verið og fluttir inn í flekum og hafa reynzt engu betri en hinir innlendu. Tollur á hinni erlendu vöru á ekki að verða til þess, að notendur þurfi að borga hana hærra verði, heldur hins fyrst og fremst, að halda erlendu vörunni burtu af markaðinum. En ég vil bara í sambandi við óánægju hv. þm. Vestm. og hv. 9. landsk. út af innlendu veiðarfærunum benda á það, að ef þau verða seld hærra verði en erlend veiðarfæri, þ. e. a. s. ef eitthvað verður keypt frá útlöndum tollfritt, þá verður ekki minni óánægjan heldur en ef veiðarfærin verða öll framleidd innanlands. Það er þá aðeins um tvennt að velja, hvað veiðarfærin snertir. Annaðhvort verður að útiloka erlendu veiðarfærin með tolli, með því fæst jafnt verðlag á vörunni, eða þá að selja innlendu og erlendu veiðarfærin með mismunandi verði, en það mun hafa í för með sér meiri óánægju heldur en hitt. Í 2. gr. frv. stendur, að fjmrh. sé heimilt með reglugerð að lækka eða fella niður verðtoll af útlendum vörum samskonar og framleiddar eru í landinu, ef verðið á þeim reynist við rannsókn, er ráðh. lætur framkvæma, ósanngjarnlega hátt miðað við verð á hinum erlendu vörum. Það er með öðrum orðum, ef innlenda

framleiðslan verður dýrari en erlendar iðnaðarvörur, þá hefir ráðh. heimild til þess að taka í taumana. Þetta er gert með hliðsjón af því, að verndartollar geti í einstöku tilfellum orðið varasamir, en þá getur ráðh., ef ástæða er til, annaðhvort lækkað þá eða fellt alveg niður. Þetta ætla ég, að sé hæfileg trygging fyrir því, að ekki sé okrað á innlendum iðnaðarvörum.

Ég veit ekki, hvort það voru öllu fleiri atriði í ræðum hv. þm., sem ég þarf að svara, en ég skal taka það fram, að mér þótti það mjög hart af hv. þm. Vestm. að segja, að við sýndum með þessu frv., að við værum haldnir einskonar blindu, þar sem við vildum hlaða háa tollmúra til þess að skapa okur. Mér þykir þetta mjög þung orð í garð þeirra manna, sem eru að reyna að koma upp nýjum atvinnugreinum á þeim tímum, sem hvorugur aðalatvinnuvegur landsmanna ber sig, sem eru að reyna að gera þann iðnað innlendan, sem keyptur hefir verið frá öðrum löndum, eru að reyna að auka lífsmöguleika í landinu. Það má ekki taka þetta mál allt of einhliða. Það þarf að líta til beggja hliða, og mér finnst það afarómaklegt af hv. þm. að vera að bera á okkur blindu í þessu máli, þó við getum ekki viðurkennt hans þrönga sjónarmið. — Hv. 9. landsk. þarf ég ekki að svara frekar, ég get vel skilið það, að bezt er fyrir neytendurna, að vörur séu sem allra lægstar í verði, en á það er líka að líta, að þjóðinni er það farsælast, að geta framleitt sem mest af þeim vörum, sem hún þarfnast. Hv. þm. Vestm. hélt því fram, að erlendu verksmiðjurnar undirseldu ekki sína vöru. Ég skal ekkert um það fullyrða, en hitt veit ég, að ef innlendi iðnaðurinn hyrfi úr sögunni, þá yrði sá erlendi ekki lengi að hækka. Þá var hv. þm. að tala um, að innlendu verksmiðjurnar þyrftu að hafa conkurance. Þetta er alls ekki rétt. Ef fer að bera á því, að innlendar iðnaðarvörur, sem tollaðar eru, hækka óeðlilega, er heimild til þess að lækka tollinn eða fella hann niður. Það er á valdi fjmrh. að gera þetta, ef undangengin rannsókn sýnir, að þess sé þörf.

Jóhann Jósefsson [óyfirl.]: Það er eftirtektarvert, að hv. frsm. leggur nú mesta áherzlu á það, að í frv. sé heimild til þess að afnema þennan toll. Það er satt, þessi heimild er í frv., og hún gerir það að vísu aðgengilegra. En ég þekki nú til þess, að staðið hefir í l. heimild fyrir þetta ráðuneyti um niðurfellingu á tollum af vörum til iðnaðar, og ég hefi ekki orðið var við annað en að þeir iðnrekendur, sem áttu hag sinn undir þessari heimild, hafi þótzt þurfa að sækja nokkuð langa þingmannaleið til þess að fá lækkaðan eða afnuminn toll, sem gefur ríkinu tekjur í aðra hönd. Ég legg því ekki nema hæfilega mikið upp úr þessari heimild. Ég býst við, að óánægjan mætti vera orðin nokkuð mikil og verðið æðimikið yfir hóf áður en það teldist sannað fyrir ráðh., að honum bæri að taka í taumana. Þessi klásúla á frv. er því eins og fellegt erindi, sem hv. aðstandendur frv. eru að raula fyrir munni sér, meðan þeir eru að reyna að koma á þessari lífsbjörg fyrir iðnaðinn, sem hv. þm. Hafnf. er að lýsa. Hv. þm. Hafnf. þótti það einkennilegt, að ég teldi ekki ástæðu til með sérstökum verðtolli að hlaða undir innlenda iðnaðinn í byrjun og útiloka erlenda samkeppni. Það getur vel verið, að honum litist þetta svo. Ég ætla því að færa rök fyrir minni skoðun. Ég fullyrði, að í mörgum tilfellum hefir sá iðnaður, sem settur hefir verið á stofn nú í seinni tíð, ekki getað staðizt samjöfnuð við erlendan fyrsta flokks iðnað, af því hæði hefir vantað kunnáttu og nothæf efni. Meðan svo er ástatt, iðnaðurinn jafnungur og óreyndur og hann er, getur verið mjög athugavert að hlaupa í það að hlaða um hann verndartollamúr, áður en séð er, hvort sá vísir, sem þarna er að myndast, hefir nokkur heilbrigð vaxtarskilyrði eða ekki. Nú skal ég að vísu játa, að í ýmsum tilfellum hefir okkar iðnaður farið myndarlega af stað, án þess að landsmönnum hafi áður verið íþyngt með gjöldum hans vegna, en í byrjun verður ekki séð um hverja grein fyrir sig, hversu hún muni reynast. Hitt er fyrir sig, þegar einhver iðngrein hefir þróazt um nokkurt skeið, hefir sýnt, að hún getur fullnægt þörfum landsmanna og að hún stenzt samjöfnuð við erlenda iðnframleiðslu, ef eitthvað sérstaklega voveiflegt steðjar að slíkri iðngrein, þá getur verið ástæða til að hlaupa undir bagga. En ef hv. þm. vildi í rólegheitum athuga öll þau mörgu iðnfyrirtæki, sem hér hafa verið sett á stofn í skjóli kreppunnar og innflutningstakmarkana, þá hygg ég, að hann muni sjá, að ekki er rétt með skatti að skylda landsmenn til þess að skipta við sum þessi fyrirtæki. Ég vil ekki viðurkenna, að ég hafi sýnt mig fjandsamlegan iðnaðinum með framkomu minni í þessu máli, en það, sem okkur skilur, er þetta, að hann vill knýja iðnaðinn áfram, eins og Daninn segir, með Vold og Magt, en ég vil sjá það áður en farið er að styrkja hann með verndartollum, hvort hann á það skilið. Hv. 9. landsk. kom að því eins og ég, að innlendi iðnaðurinn væri nú ekki svo mjög á flæðiskeri staddur, þegar litið er á það, hvernig honum er hyglað með innflutningshöftum og gjaldeyrishömlum. Það vita allir, hvað höftin gera iðnaðinum mikið gagn. Hinsvegar þótti mér hv. 9. landsk. gera ráð fyrir því, að innflutnings- og gjaldeyrisnefnd beitti sínu valdi um of iðnaðinum í hag. Ég verð að ætlast til þess, að n. gæti þar alls hófs og líti til beggja handa, eins og mér er tjáð að n. hafi gert með því að leyfa innflutning á fiskilínum, svo hægt er að kaupa þær jöfnum höndum við hinar innlendu. Ég vil vona, að n. líti þannig óvilhallt á málið, en beiti sér ekki eingöngu fyrir hagsmunum innlenda iðnaðarins, en þrátt fyrir það stendur það óhaggað, að iðnaðurinn stendur betur að vígi vegna starfs n. en annars hefði verið, ef n. hefði engin verið til. — Hv. þm. Hafnf. sagði, að þetta frv. fæli ekki í sér neina tekjuöflun fyrir ríkissjóð, heldur væri það nokkurskonar hlífðarskjól fyrir þann vísi, sem væri að spretta. Já, ég hefi líka skilið það svo, en ég hefi sagt, að þeir menn væru blindu haldnir, og tek það ekki aftur, sem ætla sér að grundvalla okkar iðnað, studdan af óvenjulegum innflutningstakmörkunum, með því að hlaða um hann órjúfandi verndartollamúr. Hann talaði um, að þetta væri gert til þess að gera iðnaðinum fært

að lifa. Hann talaði ennfremur um mitt þrönga sjónarmið, en ég get nú sagt það, að hans sjónarmið er ekki vítt, það nær ekki út yfir hag notendanna. Honum sést alveg yfir þá hlið, þó hann hafi útsýn yfir hag iðnrekendanna. Það er réttast að tala varlega í þessu máli. Mér finnst það engin þröngsýni, þó maður vilji sporna gegn meiri sköttum á sjávarútveginum, sem þegar er að sligast undan sköttum og skyldum. Fyrir þá, sem standa þannig að vígi, er bezt að tala ekki allt of mikið um það, hvað þröngt sjónarmið aðrir hafi. Ég vil ekki viðurkenna, að það sé þröngt sjónarmið frá nokkurri hlið skoðað, þó að menn vilji á svona tímum sporna við óréttmætum álögum og gjöldum á sjávarútveginn, því hann er í þann veg að verða drepinn með sköttum og álögum. Það getur vel verið, að hv. formaður iðnn. líti á þetta sem þröngt sjónarmið frá sínu iðnaðarmannssjónarmiði, en það er það ekki frá almenningssjónarmiði séð, því það er sjávarútvegurinn, sem gerir það yfirleitt mögulegt, að nokkur iðnaður getur þrifizt í landinu. Iðnaðurinn er eins kominn upp á sjávarútveginn eins og við sjávarútvegsmenn sjálfir. Þetta vil ég biðja hv. formann iðnn. að athuga, þegar hann leggur niður fyrir sér, hvernig megi koma fótum undir ýms iðnaðarfyrirtæki, sem hér starfa. — Hv. þm. sagði í samb. við það að tolla blakkir og sigurnagla, að hann hefði talað við járniðnaðarmenn, sem sagt hefðu, að engin ástæða væri til að flytja þennan varning inn frá útlöndum. En hvar er lagerinn, má ég spyrja? Ég ætla, að það sé nægur tími til þess að leggja verðtoll á þessa nauðsynlegu hluti, þegar sýnt er fram á, að hér væru þeir framleiddir svo nokkru næmi og að ekki fengist markaður fyrir þá. En því er ekki til að heilsa. Þetta er gott dæmi af þeim hugsunargangi, sem ríkir í þeim herbúðum, sem þessi hv. þm. gengur um í. Verndartollur og innflutningshindranir eru alltaf efst í huga margra þeirra, sem eru að hugsa um að framleiða eitthvað til að selja í landinu. Það var þetta, sem ég leyfði mér áðan að kalla óheilbrigðan hugsunarhátt. — Hv. þm. sagði, að það ætti að vera stefna okkar Íslendinga að búa sem mest til sjálfir af þeim vörum, sem við ekki getum án verið. Þetta má rétt vera, en þó því aðeins, að við höfum ekki annað þarfara við tímann að gera. Annars er það þessi innilokunarstefna, sem er að koma okkur Íslendingum á kaldan klaka. Þessi stefna er því miður okkur svo óhagstæð vegna þess, að við erum allra manna mest upp á það komnir, að geta komið okkar framleiðsluvörum út á erlendum markaði. Hversu hagkvæmara væri það t. d. ekki fyrir okkur Íslendinga, ef Spánverjar væru ekki með þá flugu í höfðinu að veiða fisk hér uppi við Ísland. Hitt er annað mál, að það getur í mörgum tilfellum verið nauðsynlegt, að það séu búnar til í landinu ýmsar þær vörur, sem við þurfum að brúka, en að það sé gert á sem flestum sviðum, getur verið spursmál.

Að lokum vil ég mótmæla enn á ný þeirri dæmafáu villu hjá hv. frsm., að það mundi hafa hækkandi áhrif á verðlagið á útlendum veiðarfærum, ef íslenzk veiðarfæri væru ekki búin til hér. Þetta er hinn mesti misskilningur. Ég hefi 25 ára reynslu í kaupum á veiðarfærum, og á því tímabili hefir ekki verið um það að ræða að kaupa íslenzk veiðarfæri, nema 2 síðustu árin. Og ég hefi alltaf orðið þess var, að einmitt í þessari verzlunargrein er svo harðvítug samkeppni milli norsku verzlunarhúsanna innbyrðis, að ég ekki tali um við útlönd, að það mundi engin áhrif hafa, þó hægt væri að kaupa eitthvað í landinu sjálfu. Einmitt á þessu sviði hefir samkeppnin verið með harðasta móti, og veiðarfærin hafa, eins og gefur að skilja, verið á undanförnum árum allt að því helmingi ódýrari en þau eru nú. Ég er ekki með þessu að segja, að það sé veiðarfæragerðinni að kenna, að veiðarfærin eru dýr, því ég veit, að það stjórnast af verðinu á útlendum hráefnum, og því verður ekki stjórnað héðan frá Íslandi, hvorki af iðnn. né Alþingi. Verðið kemur því til með að vera háð sveiflum, eins og það hefir verið hingað til, og hefði hv. frsm. getað sparað sér flutning þessa frv., ef hann hefir ætlað sér að koma í veg fyrir verðsveiflur á veiðarfærum, því það er ekki hægt. — Til þess að taka af allan misskilning, skal ég taka það fram, að ég sjálfur skipti við veiðarfæragerðina eins og ég get, og ég ann henni alls hins bezta. — Það sem ég mæli á móti í þessu frv. er fyrst og fremst sú stefna að styðja iðnfyrirtæki þegar í stað með háum tollmúrum, og svo í öðru lagi það, að íþyngja á þessum tímum þeim atvinnuvegi, sem á að bera alla aðra atvinnuvegi landsins á sínum herðum.

Jón Sigurðsson [óyfirl.]: Þegar gerð var síðasta breyt. á bráðabirgðaverðtollslögunum, þá mun það hafa orðið fyrir óaðgætni, að lagður var tollur á vagnhjól, kerrur og heyvagna. Á vagnhjólum er verðtollur 15 kr. á parið og á heyvögnum, sem eru mjög hagkvæm verkfæri, þar sem hægt er að koma þeim við, er verðtollurinn svo hár, að ekki er viðlit að kaupa þá. Það má náttúrlega segja, að vagnhjól og kerrur sé hægt að búa til í landinu sjálfu, og hefir það verið gert nokkuð, en hingað til hefir ekki verið hægt að fullnægja eftirspurninni, og enn þá hefir hinum íslenzka iðnaði ekki tekizt að framleiða þessar vörur, svo að sambærilegar séu við hinar beztu útlendu vörur á þessu sviði. Ég hefi persónulega reynslu fyrir þessu og veit, að svo er um marga aðra. Og af þeim ástæðum virðist mér meiningarlaust, að minnsta kosti fyrst um sinn, að íþyngja landbúnaðinum með því að leggja slíkan toll á þessar vörur, enda mun það, eins og ég sagði áðan hafa orðið fyrir mistök, að hann var á lagður. Ég vil þess vegna vænta þess, að þetta verði leiðrétt, og leyfi mér að koma fram með skrifl. brtt., sem fer í þá átt, að upp í G-lið 1. gr., þar sem eru verðtollsfrjálsar vörur, verði tekin: vagnhjól, kerrur og heyvagnar.

Forseti (JörB): Mér hefir borizt svo hljóðandi skrifl. brtt.: [Sjá þskj. 636].

Brtt. er skrifl. og of seint fram komin, og þarf því tvennskonar afbrigði til þess, að hún megi komast að.

ATKVGR.
Afbrigði leyfð og samþ. með 17 shlj. atkv.

Frsm. (Emil Jónsson): Ég ætla fyrst að snúa mér að hv. 7. landsk., því það er svo lítið, sem ég hefi við hann að segja. Hans till. er kannske út af fyrir sig eðlileg, en hún stríðir þó á móti þeim anda, sem lá til grundvallar fyrir samningu þessa frv., með því að leggja til að undanskilja verðtolli þær vörur, sem hægt er að framleiða í landinu sjálfu. Ég viðurkenni að nokkru leyti sjónarmið þessa hv. þm. og hinna annara, sem bera fyrir brjósti sjávarútveginn, en það verður þó að taka tillit til þess, þegar um iðnað er að ræða, að það geta verið þær ástæður fyrir hendi, sem gera það nauðsynlegt að leggja einhvern lítinn toll á iðnvörur, sem gerir í raun og veru lítið til, en getur hinsvegar verið nógur til þess að halda uppi iðnfyrirtækjum í landinu.

Annars var það aðallega hv. þm. Vestm., sem ég þurfti að snúa mér að, því hann hélt hér eina afarmerkilega ræðu, sem ég kemst ekki hjá að fara nokkrum orðum um. Maður skyldi ekki ætla, að þessi hv. þm. hafi verið viðriðinn þau störf, sem hann hefir haft á hendi undanfarin ár sem erindreki ríkisstj., og kynnzt verzlunarástandinu í heiminum, því hann vill halda því fram, að þeir menn séu blindu haldnir, sem vilja halda uppi iðnaðinum með tollum. Veit ekki hv. þm., að það er nú orðið minna um vert, hverju verði varan er keypt, heldur en það, að hún sé keypt? Og veit ekki hv. þm. það, að við höfum orðið að gera verzlunarsamninga við Þýzkaland, þar sem við verðum að kaupa vörur, sem eru meira en 5% dýrari heldur en þær, sem við getum fengið annarsstaðar frá. En hvers vegna? Vegna þess að ástandið er þannig í heiminum, að við getum ekki losnað við okkar vörur, nema til þessa lands, gegn því að fá vörur í staðinn. Það er verzlunarástandið í heiminum, sem gerir það að verkum, að við höfum orðið að kaupa vörur, sem eru mikið dýrari heldur en þær, sem við höfum átt kost á að fá annars staðar. Eins getur ástandið orðið með iðnstarfsemina í landinu. Það getur verið heilbrigt frá þjóðhagslegu sjónarmiði að kaupa iðnvörur í landinu sjálfu eitthvað dýrara verði heldur en hægt væri að fá annars staðar. Og þessi hv. þm. ætti allra manna sízt að halda fram þeirri stefnu að kaupa vörur þar, sem þær eru ódýrastar, þar sem hann sjálfur hefir haft afskipti af þeim verzlunarmálum, sem gengið hafa á annan hátt. Það er líka fullkomin ástæða til, undir vissum kringumstæðum, þegar atvinnuleysi er mikið, að taka þau tillit, sem við undir öðrum kringumstæðum værum ekki neyddir til að taka, því það er ekki svo, að nú séu normal tímar. Það verður að fara allar mögulegar krókaleiðir, bæði til Þýzkalands og innflutningshafta og e. t. v. 5% verðtolls á vörur, sem kannske ekki er æskilegt að setja toll á. — Þetta var það, sem mér fannst vera þungamiðjan í ræðu hv. þm., að við mættum alls ekki kaupa neinar iðnvörur, sem væru eitthvað dýrari heldur en þær, sem við gætum fengið ódýrastar erlendis, en hann hefir sjálfur með sinni starfsemi sýnt, að það getur verið nauðsynlegt að gera ráðstafanir, sem ganga í aðra átt. — Hv. þm. sagði, að við vildum með „Vold og Magt" leggja toll á allar þær vörutegundir, sem framleiddar væru í landinu sjálfu. En þetta er ekki rétt. Við viljum ekki leggja toll á aðrar vörur heldur en þær, sem eiga erfitt uppdráttar. — Þá talaði hv. þm. um það, að ég hefði lagt aðaláherzluna á það í minni ræðu, að heimild væri í l. til eftirgjafa. Og sagði hv. þm., að til hefði verið heimild til eftirgjafa í l. um toll af efnivöru til innlends iðnaðar, en að hann hefði ekki getað komizt eftir öðru, eins og hann komst að orði, en að heil þingmannaleið hefði verið til þess að fá þessar eftirgjafir. Ég hygg, að hv. þm. meini með þessu, að það hafi verið neitað eða mjög torveldað að fá eftirgjafir á þessu efni til innlends iðnaðar. Í þessu sambandi vil ég geta þess, að það kom fram frv. á þinginu í fyrra um það, að stj. væri skylt að gefa eftir toll af þessum vörum, í staðinn fyrir að nú er það aðeins heimilt. Og ég hefi fengið það upplýst frá tollstjóra, að það hefir ekki verið neitað um eftirgjafir á tolli á þeim vörum, sem féllu undir þessa lagagr., heldur hafi í þeim tilfellum, sem neitað hafi verið um eftirgjafir, verið um aðrar og óskyldar vörutegundir að ræða, en umsækjendur hafi staðið í þeirri meiningu, að þær féllu þar undir. Eftir þessum upplýsingum hygg ég, að ráðuneytið hafi gefið eftir allan toll á þeim efnivörum, sem undir þessa lagagr. féllu. — Þá var hv. þm. að tala um það, og vildi með því gera mitt sjónarmið afkáralegt, að ég vildi tolla blakkir og sigurnagla, áður en slíkt væri framleitt í landinu sjálfu. Það er alls ekki rétt, að þetta hafi ekki verið framleitt í landinu, ég hefi að minnsta kosti verið með í því að kaupa blakkir, sem hér hafa verið búnar til, og það eru þær stærstu blakkir, sem notaðar eru hér á landi, en þær eru framleiddar í mjög smáum stíl, vegna þess að þær eru undir harðri samkeppni erlendis frá.

Annars hirði ég ekki um að ræða þetta öllu frekar. En ég vil aðeins mótmæla því kröftuglega, að við höfum eingöngu haft sjónarmið iðnaðarins fyrir augum við samningu frv. Okkur bárust margar umsóknir frá iðnaðarmönnum um mikið hærri tolla heldur en farið er fram á með frv. Meðal annars var farið þess á leit við okkur, að settur væri 15—20% verðtollur á skip, en því neituðum við með hliðsjón af sjávarútveginum. Það hafa líka margir iðnrekendur farið fram á það, að hækkaðir væru meira en gert er tollarnir í þessu frv., en við höfum neitað því með hliðsjón af öðrum atvinnuvegum. Við reyndum að synda milli skers og báru og taka sjónarmið til beggja handa, en það hefir ekki tekizt svo, að allir séu ánægðir, enda mundi slíkt vera ógerningur í máli, sem grípur inn á hagsmunasvið mismunandi stétta þjóðfélagsins.

Að lokum vildi ég vænta þess, að hv. þm. Vestm., sem ekkert vildi taka aftur af því, sem hann sagði um blindu og þröng sjónarmið, vildi athuga það verzlunarástand, sem hann hefir mikið verið viðriðinn, og aðgæta, hvort það eigi ekki eitthvað skylt við þær ráðstafanir, sem hér er verið að gera.

Jóhann Jósefsson [óyfirl.]: Mig langar til þess að spyrja hv. frsm. í sambandi við blakkaframleiðsluna — sem ég hefi nú ekki heyrt nefnda fyrr, enda getur það ekki talizt neinn iðnaður, þó að smíðaðar séu trollblakkir, því vitanlegt er, að það eru þúsundir af blökkum, sem brúkaðar eru í landinu aðrar en trollblakkir — hvort hér sé þegar hafin framleiðsla á málningu og þurrkefni. Í frv. er gert ráð fyrir því að verðtolla málningu, kítti, þurrkefni og fernis. Ég veit ekki til þess, að framleiðsla á þessum efnum eigi sér stað, og er það þá annað dæmi um það, að verið er að ryðja braut fyrir þá framleiðslu, sem ekki er enn þá unnið að í landinu.

Það er svo ekki ástæða til að orðlengja um þessi sjónarmið okkar hv. þm. Hann neitar því að hafa eingöngu haft sjónarmið iðnaðarins fyrir augum við samningu frv., en hann hefir áður lýst því yfir, að frv. væri ekki borið fram sem tekjuöflunarfrv. fyrir ríkissjóð, heldur til stuðnings við innlendan iðnað, og þess vegna sé ég ekki, að hvaða haldi það kemur fyrir hv. þm. að gefa yfirlýsingu í seinni ræðu sinni, sem kemur í bága við hans fyrri yfirlýsingu. — Að því er snertir viðskiptin við Þýzkaland, þá eru þau viðskipti ekki sambærileg við þetta mál. Hinsvegar get ég sagt hv. þm. það, að þó það andi ávallt kalt úr stjórnarherbúðunum á þessi Þýzkalandsviðskipti — og það svo áberandi, að ég má helzt ekki láta í ljós meiningu mína hér á þingi, án þess að fá þessi viðskipti á nefið eða vera hundeltur með skömmum í stjórnarblöðunum; mér finnst ástæðulaust fyrir mig að taka því lengur þegjandi — þó þetta sé svo, segi ég, þá get ég talið upp margar vörutegundir, sem verzlunarfyrirtæki hér í bænum segjast kaupa hreint ekkert verri eða dýrari frá Þýzkalandi, heldur en hægt er að fá þær annars staðar að. Ég get t. d. nefnt málningu, af því verið var að minnast á hana. Verzlunarhús eitt hér í bænum, sem flytur inn mikið af málningarvörum og hefir keypt þær allar utan Þýzkalands, en kaupir þær nú þar, telur sig fá bæði betri og ódýrari vörur frá Þýzkalandi nú heldur en það hefir fengið annars staðar að áður. Í sambandi við þetta vil ég benda á, að það þarf ekki að vera að tala um það við okkur hér í hv. d. í sambandi við Þýzkalandsviðskiptin, að farnar séu allar krókaleiðir í verzlun. Ég veit ekki betur en þýzkar vörur hafi verið keyptar hingað til lands allt frá tímum Hansastaðakaupmanna, og Þýzkaland mun vera eitt af þeim löndum, sem framleiða hentugastar vörur fyrir íslenzkan markað. Svo mér virðist þessar krókaleiðir, sem hv. þm. var að tala um, muni liggja eitthvað lengra út í heim heldur en til Þýzkalands. En það mætti benda hv. þm. á það, sem mun tala hér að nokkru leyti fyrir annan stjórnarflokkinn, að það virðist ekki vera mikill þyrnir í augum hans eða annara, sem eru að amast við Þýzkalandsviðskiptunum, sú krókaleið að kaupa þýzkar vörur frá Danmörku og greiða þangað fyrir þær danskar krónur, en ef vörurnar eru keyptar í vöruskiptum beint frá Þýzkalandi, þá virðist það skoðað sem böl. Þessi skoðun kemur hér svo oft fram, að ég sé ekki ástæðu til að þegja lengur alveg við því. Annars liggur það náttúrlega í hendi þeirra, sem ráða hér ríkjum, að leggja þessi viðskipti alveg niður, ef þeim sýnist svo. Ég ímynda mér, að Þjóðverjar myndu ekkert sakast um það, þó við slepptum að skipta við þá, ef við teldum okkur hag í því.

Forseti (JörB): Ég vil beina því til hv. dm., að þeir forðist að draga inn í þessar umr, og umr. yfirleitt, viðskipti við aðrar þjóðir, og það málefni, sem hér liggur fyrir, virðist ekki gefa tilefni til, að frekara framhald verði á því.

Frsm. (Emil Jónsson): Það var ekki min meining að fara langt út í þau mál, þó hv. þm. Vestm. sæi ástæðu til þess. En ég get sagt hv. þm. Vestm. það, að ég tala um þessi viðskipti alveg eins og mér sýnist, hvort sem hann er riðinn við þau eða aðrir. Ég minntist ekki á Þýzkalandsviðskiptin vegna hans persónulegu afskipta af þeim, heldur af því að mönnum er kunnugt, að það er talið hagkvæmt fyrir landsmenn að losna við vörur þangað, sem ekki er hægt að selja annars staðar, og við viljum jafnvel vinna til að kaupa þaðan dýrari vörur heldur en hægt er að fá annars staðar. Því þó til séu vörur, sem hægt er að fá jafn góðar og ódýrar þaðan eins og annars staðar að, þá vita menn, að hitt er líka til. Ég minnist á þetta aðeins til að benda á, að það gæti staðið svo á, að rétt væri að borga meira fyrir vöru heldur en e. t. v. er hægt að fá hana fyrir annars staðar. — Fyrirspurn hv. þm. Vestm. viðvíkjandi málningarframleiðslu get ég svarað því, að iðnn. hefir þegar borið fram frv. á þskj. 616 um að gera tveimur málarameisturum hér í Reykjavík mögulegt að setja á stofn verksmiðju til þess að vinna málningu úr íslenzkum hráefnum. Þessir menn hafa látið fara fram rannsókn á máli og búast við að hefja þegar framkvæmdir, ef frv. fæst samþ. Einnig má geta þess, að það hefir verið framleidd málning, að vísu í smáum stíl, að nokkru leyti á vegum málarameistara og efnafræðings nokkurs hér í bænum. Það er því enginn vafi á, að þetta er hægt að gera, og ég veit að það verður gert, og það því fremur, ef þessi tollur verður samþ.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 84. fundi í Nd., 27. nóv., var fram haldið 3. umr. um frv.

ATKVGR.

Brtt. 619,1 felld með 14:9 atkv.
— 614,1.a samþ. með 18 shlj. atkv.
— 619,2 samþ. með 14:5 atkv.
— 619,3 samþ. með 14:6 atkv.
— 614,1.b samþ. með 21 shlj. atkv.
— 619,4 samþ. með 14:5 atkv.
— 564, út að síðasta málsl., samþ. með 15:5 atkv.
— 564, orðin: en bætist aftan við G-lið, tekin aftur.
— 636 samþ. með 14:6 atkv.
— 614,1.c samþ. með 14:8 atkv.

Brtt. 614,2 samþ. með 19 shlj. atkv.
Frv., svo breytt, samþ. með 18 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 81. fundi í Ed., 28. nóv., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 642).
Á 82 fundi í Ed., 29. nóv., var frv. tekið til 1. umr.
Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 9 shlj. atkv. og til iðnn. með 9 shlj. atkv.

Á 96. fundi í Ed., 16. des., var frv. tekið til 2. umr. (A. 642, n. 810).

Frsm. (Ingvar Pálmason) [óyfirl.]: F. h. iðnn. þarf ég litlu við það að bæta, sem stendur í nál. á þskj. 810. N. hefir leyft sér að bera fram þrjár brtt. við frv., og ég geri ráð fyrir, að tvær þær síðari, 1,b og 2. brtt., valdi engum ágreiningi. En hinsvegar gæti ég trúað því, að um 1,a kynni að verða einhver ágreiningur. Eins og getið er um í nál., var það svo upphaflega í frv., að færi, fiskilínur og öngultaumar voru í E-flokki og áttu að stimplast með 10% tollmerki. Í Nd. var þetta fellt úr frv., en n. gat ekki fundið neina till. um það. Till. kom fram í Nd. um að færa þessa vöruflokka undir F-lið, og vörur undir þeim lið eiga að stimplast með 5%, en hvernig sem því er varið, þá virðist þetta hafa fallið úr frv. í Nd. Iðnn. lítur svo á, að þó það megi líklega búast við, að þessi verðtollur valdi nokkurri hækkun á verði þessara vörutegunda, þá telur hún vera þannig ástatt um þær, að réttmætt sé að leggja lítilsháttar vörutoll á þær. Og er það gert með það fyrir augum, að hér innanlands er rekinn lítilsháttar iðnaður í þessari veiðarfæragerð, sem hefir starfað stuttan tíma og á því eðlilega við marga erfiðleika að stríða í byrjun. Öllum má vera það ljóst, að það hlýtur að verða til mikils hagnaðar fyrir þjóðina, ef sá iðnaður gæti borið sig og framleitt vöru, sem væri eins vel við okkar hæfi og erlend framleiðsla á sama sviði. Reynslan hefir sannað, að vörugæði í veiðarfæragerð Íslands eru fullkomlega sambærileg við erlend veiðarfæri og að hin íslenzku veiðarfæri hafa reynzt samkeppnisfær. Mér er að minnsta kosti ekki kunnugt um annað, þó að einstöku raddir hafi látið annað á sér skilja. Hinsvegar hefi ég heyrt raddir um það, að þau væru nokkru dýrari en erlend veiðarfæri af sömu gerð og sérstaklega að viðskiptin við Veiðarfæragerð Íslands væru erfið, af því að ekki fengist þar neinn gjaldfrestur. En erlendar veiðarfæraverzlanir hafa gefið langa gjaldfresti. Þetta er vafalaust rétt. En á það ber að líta, að fyrirtækið er ungt, og þess vegna er ekki von, að það geti veitt gjaldfresti, þegar það hefir líka átt mjög undir högg að sækja um viðskiptin innanlands vegna samkeppni frá útlöndum. Hinsvegar er það víst, að ef viðskiptin væru viss og örugg, þá mundi Veiðarfæragerð Íslands geta gefið gjaldfresti. Iðnn. lítur því svo á, að réttmætt sé að láta þessi erlendu veiðarfæri falla undir verðtoll, en vill þó ekki, að hann sé hærri en 5%. Önnur ástæða n. er sú, og er hún öllu veigameiri, að dregið verði sem mest úr innflutningnum á þessum vörutegundum frá öðrum löndum vegna gjaldeyrisvandræða. En sú ástæða er tilgreind í nál., og þarf ég ekki að fara mörgum orðum þar um. Í nál. er bent á, að ef við kaupum veiðarfæri frá Norðmönnum, eins og gert hefir verið í mörg ár, þá hafi það slæm áhrif á fjárhag landsmanna á tvennan hátt og illar afleiðingar. Ég hygg, að öllum hljóti að vera það ljóst, þar sem nú stendur svo á, að allar líkur eru til, að við getum ekki selt fisk til Ítalíu á næsta ári, nema að við tökum vörur þaðan í staðinn upp í fiskinn, þá getur verið, að í stað þess að við nú kaupum veiðarfæri af Norðmönnum, þá sé það ekki lítill liður í því að liðka viðskiptin við Ítalíu, ef öll hráefni til veiðarfæra væru keypt þaðan. En það gerir Veiðarfæragerð Íslands nú. Það hlýtur því að vera hverjum manni ljóst, að það er sízt til hagsbóta fyrir sjávarútveginn í heild og viðskipti landsins út á við, að við aukum kaupin á veiðarfærum frá Noregi. — Ég held því, að hvernig sem á þetta er litið, þá verði það að teljast réttmætt, að samþ. brtt. iðnn., og ég lít þannig á, að það verði síður en svo til þess að íþyngja sjávarútveginum. Og ennfremur lít ég svo á, að þessi verðtollur verði síður en svo til óhagnaðar fyrir sjávarútveginn, ef hann bætir viðskiptahaginn út á við og tryggir jafnframt Veiðarfæragerð Íslands verkefni og velgengni í framtíðinni. Ég geri mér fyllilega von um, að d. samþ. þessa brtt. Og ég verð að vona, að þetta atriði valdi ekki ágreiningi í Nd., því eins og ég áður sagði, þá hygg ég, að engin till. hafi komið fram um það í Nd. að fella þetta úr frv., en það mátti skilja atkvgr. þannig að þetta væri þó samkv. þingsköpum. — Að því, er snertir brtt. 1,b, þá get ég sagt, að hún hefir ekki verulega þýðingu, því að sú vara, sem þar er nefnd, heyrir ekki undir frv., en n. sá ekki ástæðu til að neita um að undanskilja hana verðtolli. Um 2. brtt. geri ég ekki ráð fyrir, að verði ágreiningur, og læt ég því þetta nægja.

ATKVGR.
Brtt. 810,1.a samþ. með 9 shlj. atkv.
— 810,1,b samþ. með 9 shlj. atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 11 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
Brtt. 810,2 samþ. án atkvgr.
3. gr., svo breytt, samþ. með 10 shlj. atkv.
4.—5. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 9 shlj. atkv.

Á 97. fundi í Ed., 17. des., var frv. tekið til 3. umr. (A. 857).
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 9 shlj. atkv. og endursent Nd.

Á 101. fundi í Nd., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed., (A. 857).

Á 102. fundi í Nd., 18. des., var frv. tekið til einnar umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 18 shlj. atkv.

Jakob Möller [óyfirl.]: Þetta var nokkurt ágreiningsmál, þegar það var til meðferðar í þessari hv. d., og voru gerðar á því breytingar frá því, sem það var þegar það kom fyrir d. Meðal annars var gerð sú breyting á því, að ýmsar útgerðarvörur voru felldar úr frv., en hv. Ed. hefir sett þær inn aftur. Mér finnst líka rétt, að málið sé afgreitt í n., enda er það vel hægt, því ef samkomulag verður um að afgreiða það óbreytt, þá er tími til þess, þó að það fari til n. Það er að vísu ekki hægt að taka það formlega fyrir, en ef n. er beðin um að athuga það, þá er ég viss um, að hún mun gera það.

Umr. frestað.

Á 103. fundi í Nd., 19. des., var fram haldið einni umr. um frv. (A. 857, 901).

Of skammt var liðið frá útbýtingu brtt. 901. — Afbrigði leyfð og samþ. með 18 shlj. atkv.

Sigurður Einarsson: Við umr. málsins í Nd. fengum við, sem stóðum að þessari till., brtt. samþykkta, sem fól það í sér, að færi, fiskilínur og öngultaumar yrðu undanþegnir þessu 5% gjaldi. Við litum svo á, að þetta væru vörur, sem ekki gæti talizt forsvaranlegt að skattleggja á þennan hátt, þar sem þær eru nauðsynlegar til framleiðslu meiri hl. fiskimanna í landinu. Ed. hefir síðan gert þá breytingu, að þetta skyldi aftur fellt í 5%-flokkinn. Höfum við því enn borið fram brtt. þess efnis, að þessar vörur yrðu fluttar úr F-lið í G-lið. Vona ég, að hv. dm. geti verið sammála um að hafa þetta svo og samþ. brtt.

Fjmrh. (Eysteinn Jónsson): Ég vil benda á það, að till. getur náð tilgangi sínum, þó að niður falli síðustu orðin, um að flytja þessar vörur úr F-lið í G-lið. Formsins vegna vildi ég fara fram á, að þetta yrði niður fellt.

Páll Zóphóníasson: Ég held, að það væri misráðið að samþ. þessa till. Því er að vísu haldið fram af ýmsum sjómönnum, að þessar vörur megi fá ódýrari frá Noregi en innlendar. Það er sennilega eitthvað til í þessu, en á hitt ber líka að líta, að séu vörurnar búnar til hér, þá er efni í þær keypt frá Ítalíu, og það skiptir hundruð þús. kr. að verðmæti. Séu vörurnar aftur keyptar tilbúnar frá Noregi, þá er efnið í þær keypt þangað frá Ítalíu. Nú fer það meðal annars eftir því, hve mikið við kaupum af Ítölum, hve mikinn fisk við megum selja þangað, og sama gildir um Norðmenn. Með því að samþ. þessa till., myndum við þá hjálpa Norðmönnum til að útvega sér markað í Ítalíu fyrir fisk sinn, en annars hjálpum við sjálfum okkur. Ég veit ekki, hvað hér er um miklar upphæðir að ræða, hefi ekki tölur um það, en það er að minnsta kosti þýðingarmikið mál fyrir okkur að afla markaðs á Ítalíu fyrir vörur okkar. Ég held, að það væri meira virði en hitt, að við fengjum þessar vörur eitthvað ódýrari frá Noregi.

Jóhann Jósefsson [óyfirl.]: Það getur verið, að það væri að sumu leyti heppilegra að taka hamp frá Ítalíu, en það er engan veginn útilokað, þó að ekki sé samþ. verðtollur á þessar vörur. Hann hefir ekki úrslita áhrif á það, að Veiðarfæragerðin geti haldið áfram að starfa hér. Sumar sortir línu hafa kostað frá Noregi 80 kr. tylftin, en Veiðarfæragerðin hefir selt tylftina á 103 kr., og gjaldeyrisn. er svo harðdræg í garð sjómanna, að eftir því, sem forstjóri Veiðarfæragerðarinnar sagði mér í gær, neitaði n. um gjaldeyri fyrir bunka af veiðarfæraefnum, sem búið var að kaupa og komið var hér í höfn. Og svo er mönnum sagt að kaupa hjá Veiðarfæragerðinni.

Hv. 2. þm. N.-M. sagði, að það væri gott að geta keypt sem mestan hamp frá Ítalíu. En þegar hann og hans samherjar eru búnir með hverskonar álögum og fjandskap hér á Alþingi að taka bjargarmöguleikana frá þeim, sem fiskveiðar stunda, þá þýðir ekki að tala um að selja Ítölum sem mest og kaupa hamp þaðan. Aðalatriðið er, að sjávarútveginum sé gert fært að lifa. En eftir allt, sem á undan er gengið, væri ekki mikið, þó að höfuðið væri bitið af skömminni og samþ. tollur á færi, öngultauma og þess háttar. Það er engin nauðsyn að vernda Veiðarfæragerðina á þann hátt. Gjaldeyrisnefndin sér svo um, að þeim mönnum, sem nú reka útgerð með sannanlegu tapi, er gerður nauðugur sá kostur að kaupa veiðarfærin hér hærra verði en hægt er að fá þau erlendis. Síðast í dag varð að rifta kaupum, sem gerð voru í Noregi, á veiðarfærum, til þess að þau yrðu keypt fyrir hærra verð af Veiðarfæragerðinni hér. Ég bið alla þá sem ekki eru blindir fyrir því, hve lengi megi vega í þennan knérunn, að styðja að till. hv. 9. landsk. og kippa þessu aftur í það lag, sem það var í, þegar það fór frá þessari hv. d. Það er ekki til of mikils mælzt fyrir þá, sem hlut eiga að máli, þótt hv. Nd. geri yfirbót á því ranglæti, sem hv. Ed. lét sér sæma að gera.

Páll Zóphóníasson: Ég skal ekki segja mikið um þetta mál. Ég vildi aðeins taka það fram, að það gladdi mig að heyra hv. þm. Vestm., sem telur sig fulltrúa sjávarútvegsmanna, lýsa því yfir, að hann teldi það ekkert aðalatriði fyrir fiskframleiðendur að geta tryggt sér markað á Ítalíu með því að kaupa vöru þaðan. Ég vona, að menn hafi tekið eftir þessu og minnist þess í sambandi við það, sem síðar kann að verða sagt, að hann er svo vongóður og bjartsýnn, þrátt fyrir alla erfiðleikana, sem um hefir verið kvartað, að honum finnst það ekkert aðalatriði að geta selt svolítið meira af fiski til Ítalíu.

Jóhann Jósefsson [óyfirl.]: Af því að hv. 2. þm. N.-M. reynir að rangfæra orð mín með því að taka aðeins upp helminginn af því, sem ég

hefi sagt, þá neyðist ég til að vekja athygli hv. þdm. á því, að það er ekkert aðalatriði lengur, þó hægt sé að selja fisk á Ítalíu, ef um leið er gengið þannig frá íslenzkum útvegi, að enginn hagnaðarvon er í því að framleiða vöruna. Við útvegsmenn erum ekki komnir á það góða lag að láta hverja skepnuna eta aðra, eins og þessi hv. þm. hefir ráðlagt sínum umbjóðendum, og láta atvinnuveginn bera sig á þann hátt. Við viljum sjá fram á það, að atvinnuvegurinn eigi við þau kjör að búa, að honum sé lífvænt, og þá fyrst eru til skilyrði fyrir því að hugleiða möguleika til að selja vöruna. En sé þeirri stefnu haldið uppi að gera atvinnuveginum ólífvænt, þá er ekki aðalatriðið að selja. Það er ekkert aðalatriði að selja, þegar verður að selja með tapi. Þetta ætla ég, að menn muni skilja, og jafnvel hv. 2. þm. N.M., ef hann léti sér detta í hug að slíta ekki úr samhengi það, sem ég hefi sagt.

Sigurður Einarsson: Ég mun ekki fara að deila um þessa till. mína með neinum stóryrðum. Till. var aðeins gerð og borin fram vegna kvartana frá ýmsum mönnum, og meðal annars frá mínum kjósendum, um erfið viðskipti við Veiðarfæragerðina. — Það hefir verið tekið fram, að gjaldeyrisnefndin hafi í höndum sér, að innflutningur á veiðarfærum verði ekki meiri en þörf er á. En mér er ekki grunlaust um, að þessi tollhækkun, sem ég hefi ekki trú á, að verði mikil tekjulind, verði skjólgarður fyrir gróðafyrirtæki, sem hefir þá aðstöðu, að það þarf hans ekki með og á ekki að fá meiri vernd en það nýtur nú, vegna þess að sú vernd væri óholl fyrir almenning. Ég get ekki séð, að miklu væri tapað fyrir ríkissjóð, þótt þessi vara væri undanþegin verðtolli, og gjaldeyrisnefnd hefir vald til að takmarka innflutninginn. Ég get ekki heldur séð, að þessi tollaukning mundi auka innkaup á hampi frá Ítalíu svo nokkru nemi umfram það, sem gjaldeyrisnefnd getur ákveðið. Ég get ekki sannfærzt um annað en þessi till. mín hafi fullan rétt á sér. Ég mun svo ekki segja meira um þetta, þótt frekar yrði um það rætt.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 10. fundi í Nd., 20. des., var enn fram haldið einni umr. um frv.

ATKVGR.

Orðin „og bætist aftan við G-lið“ í brtt. 901 tekin aftur.

Brtt. 901, svo stytt, samþ. með 20:4 atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 17:4 atkv. og endursent Ed.

Á 100. fundi í Ed., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við eina umr. í Nd. (A. 925).

Á 101. fundi í Ed., 21. des., var frv. tekið til einnar umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 9 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 940).

---

82. Bráðabirgðabreyting nokkurra laga.

Á 77. fundi í Nd., 19. nóv., var útbýtt:

Frv. til l. um bráðabirgðabreyt. l. nr. 63 28. jan. 1935, um útflutningsgjald (þmfrv., A. 575).

Á 79. fundi í Nd., 21. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 18 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

Frsm. (Sigfús Jónsson): Frv. þetta er flutt af fjhn. samkvæmt tilmælum hæstv. fjmrh. Fer það fram á að fresta árið 1936 framkvæmd þess ákvæðis l. um útflutningsgjald, að goldinn skuli 3/12 af útflutningsgjaldinu til ræktunarsjóðs Íslands. Samskonar frv. var samþ. á síðasta þingi, svo hér er ekki um neitt nýmæli að ræða, og frv. er fram komið nú vegna þeirra örðugleika, sem útlit er fyrir, að verði á því fyrir ríkissjóð, að greiða þetta á næsta ári. Aftur á móti er ætlazt til, að ríkið útvegi sjóðnum markað fyrir tilsvarandi upphæð í vaxtabréfum hans.

Ólafur Thors: Hv. form. fjhn. beindi þeirri fyrirspurn til hv. 3. þm. Reykv. og mín, sem báðir eigum sæti í fjhn., hvort við vildum gerast meðflm. þessa frv. En við færðumst undan því, og frv. er þar af leiðandi ekki flutt af fjhn., eins og hv. frsm. orðaði það, heldur af meiri hl. hennar, eins og hann mun að sjálfsögðu hafa ætlað að segja og frv. ber með sér. En ástæðan fyrir því, að við höfum ekki viljað gerast meðflm. frv., er m. a. og fyrst og fremst sú, að við flytjum, nokkrir sjálfstæðismenn hér í d., frv. um að fella niður með öllu þetta útflutningsgjald. Liggur þá í hlutarins eðli, að meðan við vitum ekki um afdrif þess máls, getum við ekki verið að eiga þátt í því, að nokkrum hluta þessa gjalds sé varið fremur á einn hátt heldur en annan. Sem sagt, við væntum þess þangað til annað kemur í ljós, að gjaldið verði fellt niður. Þegar af þessari ástæðu höfum við ekki viljað gerast meðflm. þess frv., sem hér liggur fyrir, og munum a. m. k. ekki fyrst um sinn fylgja því, meðan ekki er útséð um, hvernig okkar frv. um niðurfellingu gjaldsins reiðir af. Og þar sem þessi eina ástæða er fullgild skýring á afstöðu okkar, hirði ég eigi um að gera þetta frv. að frekara umræðuefni á þessu stigi málsins.

Ég vildi þó gjarnan mega beina þeirri fyrirspurn til hv. flm., af því mér er ókunnugt um, hvernig málið er í pottinn búið, á hvern hátt ríkisstj. hefir útvegað og mun útvega ræktunarsjóði markað fyrir tilsvarandi upphæð í vaxtabréfum eins og gert er ráð fyrir.

Bjarni Ásgeirsson: Það var samþ. í fyrra heimild lík þessari, sem hér liggur fyrir nú.

Var það eiginlega gert í samráði við stj. Búnaðarbankans með því móti, að ríkisstj. lofaði þá að kaupa af honum ræktunarsjóðsbréf sem þessari upphæð svaraði fyrir fé sjóða, sem hún hefir undir höndum. Nú geri ég ráð fyrir, að það verði mjög hæpið að svipta bankann þessum tekjum nema sama sé gert aftur, að sjá honum fyrir jafnmiklu fé með jarðræktarbréfakaupum. Af því að hæstv. ráðh. er ekki við, vil ég ekki ræða þetta frekar, en ég vildi slá því föstu í þingtíðindunum, að þess væri óskað af mér a. m. k. fyrir hönd bankans, að þetta skilyrði fylgi eins og síðastl. ár, og geri ég ráð fyrir, að það verði skilyrði fyrir því, að ég geti greitt frv. atkv.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 15:3 atkv.

Á 81. fundi í Nd., 23. nóv., var frv. tekið til 2. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frvgr. samþ. með 15:2 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 15:2 atkv.

Á 83. fundi í Nd., 26. nóv., var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 18 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 80. fundi í Ed., 27. nóv., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 575).
Á 82. fundi í Ed., 29. nóv., var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv. og til fjhn. með 11 shlj. atkv.

Á 90. fundi í Ed., 9. des., var frv. tekið til 2. umr. (A. 575, n. 719).

Frsm. (Magnús Jónsson): Það er víst ekkert annað um þetta að segja en það sem stendur í einni línu í nál., að n. mælir með að þetta verði samþykkt óbreytt.

ATKVGR.
Frvgr. samþ. með 10 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 10 shlj. atkv.

Á 93. fundi í Ed., 12. des., var frv. tekið til 3. umr. (A. 575, 755).

Jónas Jónsson [óyfirl.]: Þó að ég sé einn flm. till. á þskj. 755, þá er það í rauninni svo, að þær eru fluttar fyrir fjvn., og þó að allir fjvnm.séu ekki á bak við allar till., þá held ég samt, að meiri hl. fjvn. sé á bak við þær allar. En vegna þess, að fjvn. getur ekki lagt till. fyrir d. þingsins, þá hefi ég sem form. n. tekið að mér að flytja till., og vona ég, að aðrir nm. í d. standi að þeim.

Það var þegar ætlun okkar í fjvn., þegar við hófum starf okkar þar í sumar, að við hlytum að leggja til, að breytt væri eða frestað ákvæðum ýmsra laga, sem sett hafa verið til bráðabirgða, um eitt ár. En hinsvegar hefir það verið svo mörgum vandkvæðum bundið, að við höfum ekki sett fram frv. um það fyrr en núna síðast á þinginu, og tókum við þá það ráð, að bæta þessum till. við frv. um útflutningsgjald, þegar það var búið að ganga í gegnum Nd. og tvær umr. í þessari d.

Það kom fram við atkvgr. í Sþ. í gær, að það er ekki til meiri hl. í báðum d. þingsins fyrir einni till., og verður að gera breyt. á henni áður en til atkv. kemur, þar sem hún er að nokkru leyti dauð, eftir atkvgr. í gær í Sþ. — Till. skýra sig að mestu leyti sjálfar, en ég ætla þó að fara nokkrum orðum um hverja till. út af fyrir sig.

1. till. hefir gengið í gegnum þrjár umr. í Nd. og tvær umr. í þessari d.

2. brtt. er um það, að 1936 greiði ríkissjóður dýrtíðaruppbót eftir sömu reglum og árið 1935. Stj. tók þetta ekki upp, því það mátti búast við, að það yrði tekið upp á þessu þingi.

3. brtt., um ritun þingræðna, er útrætt mál.

4. brtt. er um það, að lækka embættiskostnað presta, svo að hann verði tæplega helmingur af því, sem hann hefir verið. Og þó að prestar séu ekki hálaunaðir, þá er það að athuga, að hér er um tiltölulega ný l. að ræða, og þar sem hjá fjvn. hefir verið mikil viðleitni í þá átt, að lækka laun þeirra manna, sem fjvn. hefir getað náð til, þá verður þetta að skiljast á þann hátt, en ekki þannig, að n. telji laun þessara manna of há. En þegar spara á 1 millj., þá verður einhversstaðar að taka hana af.

5. brtt. er um það, að starf gengisnefndar og launagreiðsla til hennar falli niður, þar sem verkefni hennar er lokið. Og þó að hér sé ekki um stóra upphæð að ræða, þá sýnist vera rétt að hún falli niður.

Um 6. brtt. er það að segja, að hún hefir verið felld niður, en er nú tekin upp aftur, þar sem fjvn. hefir viljað halda sig við það að fá sem flest með ákveðinni upphæð. Hér er upphæðin ákveðin lægri en áður, og það er gert ráð fyrir, að landbrh. setji reglur um það, í samráði við Búnaðarfélag Íslands, hvernig þessari fjárhæð verði skipt.

7. brtt. er um það, að á árinu 1936 skuli ekki verja hærri upphæð til búfjárræktar en 30 þús. kr., en í stjfrv. er gert ráð fyrir 42 þús. kr., og leit þá út fyrir, að það væri nægilegt, en sú upphæð, sem til búfjárræktar hefir farið, hefir farið upp í 60 þús. kr. Ég býst við, að áður en atkvgr. fer fram um málið, muni koma brtt. við þetta, og upphæðin verði þá hækkuð aftur.

8. brtt. er um að lækka upphæðina til áburðarkaupa.

9. brtt. er um það, að á árinu 1936 leggi ríkis-

sjóður ekki fram fé til bókasafna prestakalla. Ég játa, að þar er ekki um stóra upphæð að ræða, en hún getur dregið dilk á eftir sér, og því er rétt, að hún sé tekin með.

10. brtt. er um framlag til sýsluvegasjóða, og gengur hún út á það, að hámarksframlag ríkissjóðs sé lækkað. En þar sem það hefir verið hæst, hefir það verið til móts við 6‰ úr héruðum, og hefir það því verið töluverður baggi á ríkissjóði. Nú er lagt til, að framlag ríkissjóðs verði móts við 5‰ úr héruðum. Og munar þessi lækkun um 30 þús. kr. fyrir ríkissjóð, og hún munar líka miklu fyrir héruðin.

Ég mun svo ekki fara fleiri orðum um þessar till. að þessu sinni, en ég býst við, að það komi fram viðaukatill., og mun þá verða gerð grein fyrir þeim, þegar þar að kemur.

Jón Baldvinsson [óyfirl.]: Ég var ekki vel með á nótunum hjá hv. þm. S.-Þ. um það, hvað hann ætlaðist fyrir með 3. brtt. (**JJ**: Ég taldi hana úr sögunni). Ef gert er ráð fyrir því, að hún sé úr sögunni, þá er auðvitað ekki mikið um hana að segja.

Ég vil benda á það, að í gær var fellt í Sþ. að hætta að skrifa ræðurnar og þar með að hætta að prenta umr. á Alþ. Það sýndi sig, að 28 alþm. voru á móti því að hætta að skrifa ræðurnar frá Alþ., og þó að atkvgr. fari ekki eins í d., þá er þetta samt svo mikill meiri hl., að það er ekki hættulaust að blanda inn í hinar aðrar till., sem eru á þskj. 755, atriði, sem fyrirfram er vitað um, að hefir svona mikla mótstöðu; það má vera, að þetta nái samþykki í þessari d., en það nær áreiðanlega ekki fram að ganga í Nd., eftir þeirri atkvgr., sem fram fór í Sþ. í gær. Ég vildi beina því til hv. flm., hvort honum sýndist það ekki ráðlegt að reyna að koma þessari breyt. á með því að bera fram sérstakt lagafrv. um það. Það þyrfti að vísu afbrigði, en þetta er svo einfalt mál, að menn myndu ekki þurfa langan tíma til þess að taka afstöðu til þess. Þó að ég sé á móti því að hætta að skrifa ræðurnar eða að hætta að prenta þær, þá gæti ég fallizt á að samþ. afbrigði, svo að hægt væri að koma því áleiðis, þó að ég myndi annars greiða atkv. á móti málinu.

Það hefir stundum verið gripið til þess að fara í prentun Alþt. og reyna að spara á því að hætta að prenta þingræður. En till. um það hafa jafnan fallið, því að þegar til kastanna hefir komið, þá hafa menn ekki viljað missa þá þingheimild, sem felst í umr., þó að menn verði að játa, að þar kemur ekki allt að miklu gagni. Umr. á Alþ. eru oft nauðsynlegar skýringar við l., og veit ég til þess, að dómarar hafa notað þær til þess að byggja dóma á þeim. Það hefir líka verið siður fjmrh., að þeir hafa þráfaldlega farið í umr. um fjárl. til þess að sjá, hvernig hugur fjvn. hefir verið, þegar hún bar fram ýmsar brtt. við fjárl., og hver ætlun hennar hefir verið með þeim. Umræðupartur Alþt. hefir einnig verið bráðnauðsynleg handbók fyrir stofnanir stjórnarráðsins. Í öllum deildum stjórnarráðsins er það venja, að þegar gefnar eru út reglugerðir vegna l., sem samþ. hafa verið á Alþ., og eru oft lítið annað en ákvæði um það, að þetta eða hitt eigi að ákveða með reglugerð, þá er farið í umræðupart Alþt. til þess að sjá, hvernig fyrirkomulagið á að vera eða hvað á að setja í reglugerðirnar. Þar að auki er það merkilegt mál fyrir Alþ., og ekki alveg vansalaust fyrir það að ætla nú að hætta að skrifa umr. á Alþ. og prenta þær, þegar þess er gætt, að þær hafa verið prentaðar allt frá þeim tíma, er Alþ. var endurreist árið 1845. Á öllum þeim þingum, sem síðan hafa verið haldin, hafa umr. verið skrifaðar og prentaðar, og það á hinum örðugustu tímabilum, svo sem á harðindakaflanum eftir 1880. Og þó að mönnum hafi dottið í hug að fella niður prentunina, þá hefir það samt aldrei verið gert. Ég hygg, að þó að útlitið sé iskyggilegt nú, þá sé það samt aldrei verra en það var um 1880. Umræðupartur Alþt. hefir þannig verið prentaður í gegnum þykkt og þunnt, og hygg ég, að nú sé ekki lögð í kostnað við prentunina hærri krónutala en þá, heldur hygg ég, að kostnaðurinn hafi verið meiri þá miðað við tekjur ríkissjóðs og tekjur almennings þá og nú. Ég hugsa, að kostnaðurinn sé minni nú, ef allt er tekið til greina.

Ég álít þess vegna, að þó að það gæti orðið sparnaður að þessu, þá séu aðrar ástæður, sem gera það að verkum, að við höfum ekki ráð á því að fella niður að rita og prenta umr. á Alþ., sem haldizt hefir alla tíð frá því, að Alþ. var endurreist.

Ég sé, að till. hafa verið bornar fram í Nd., sem eru til breyt. og bóta á þingsköpunum og myndu spara mjög umr., ef samþ. yrðu og þeim væri beitt. Þessar till. myndu stytta ræðutímann, minnka skriftirnar og draga mikið úr kostnaði við prentun umr. Ég hygg, að ef allt er tekið til greina, þá myndu þær geta minnkað kostnaðinn um allt að helmingi. Það hefir nú gengið svo til undanfarið, að það hafa verið áraskipti að því, hversu menn hafa verið langorðir eða stuttorðir. Það er t. d. svo í ár, að þingið hefir staðið óvenjulega lengi, en við skulum vona, að næsta þing verði svo stutt, að nokkur sparnaður verði við þinghaldið. Þingið hefir það í hendi sinni að færa þennan útgjaldalið svo mikið niður, að það eiga ekki að vera tilfinnanleg útgjöld við það að láta skrifa og prenta þingræður.

Það er vitanlegt, að þegar hætt er að skrifa ræðurnar, þá kemur sú krafa fram, bæði frá þm. og n., að fá sérstaka skrifara, sem eru utanþingsmenn, til þess að taka niður það, sem þm. vilja segja um ýms mál. Það myndi ekki lítið lengja nál., því að ég er viss um, að þegar menn vildu sérstaklega láta almenning vita um skoðun sína á einhverju máli, þá myndu þeir heimta það af forsetum, að þeir hefðu skrifara í n. til þess að taka niður það, sem þeir segðu. Það gæti auðvitað orðið langt mál, og fer það eftir því, hvað stórt málið er. En ef þetta yrði, þá hygg ég, að kúfurinn sé farinn af þeim sparnaði, sem á að koma á með því að hætta að rita og prenta ræðurnar.

Það eru til margskonar aðrar aðferðir til þess að draga úr kostnaði við þinghaldið. Ef þm. vilja, þá má t. d. takmarka ræðutíma þm., enda er það eðlilegt, að ekki sé nema einn frsm. í hverju máli frá hverjum flokki. Þetta er búið

að gera í nágrannalöndum okkar, þar sem það eru kannske yfir 100 menn, sem sitja á þingi. enda væri ekki gott, að allir tækju til máls, því að þá myndi afgreiðslu mála aldrei vera lokið. Það verður því að hverfa að því ráði að takmarka ræðutímann, svo að umr. verði ekki óþarflega langar. Það er margt sagt, sem þm. hafa gaman af að segja, en það er ekki allt þarft. og mætti að skaðlausu draga úr því.

Ég hefði viljað mælast til þess við hv. flm., að hann taki þessa till. aftur, og láti hana þá, ef hann vill reyna að halda henni til streitu, koma fram sem sérstakt frv., svo hún stæði eða félli með því fylgi, sem hún ein hefir.

Magnús Guðmundsson: Ég held, að það hefði verið óhætt fyrir hv. 4. landsk. að spara sér þessa ræðu. Það kemur ekki til mála annað en að till., sem hann nefndi, sé tekin aftur, eftir þá atkvgr., sem fór fram í gær. Það má vera, að hún gæti farið í gegnum þessa d., en hún getur ekki farið í gegnum báðar d., eftir atkvgr. í gær að dæma. Það er því enginn vafi á því, að hún verður tekin aftur, enda hefir hv. flm. sjálfur sagt, að það væri ekki um annað að ræða.

Út af því, sem hv. þm. sagði annars um prentun þingtíðindanna, vil ég segja það, að ég tel prentun þeirra mjög þýðingarlitla, þegar svo er komið, að mikill hópur þm. leiðréttir ekki eina einustu ræðu, og svo á aðalgagnið af prentun þingtíðindanna, samkv. því, sem hv. 4. landsk. segir, að vera það, að menn geti sótt þangað skýringar á lögum. En hvað verður úr því, þegar menn leiðrétta ekki það, sem skrifararnir hafa skrifað? Afleiðingin verður vitanlega sú, að þeir eru ekki ábyrgir fyrir því, að þar sé rétt frá sagt. Það fer mikið í vöxt, að menn leiðrétti ekki ræður sínar, og áhuginn fyrir þingtíðindunum hefir farið mjög minnkandi upp á síðkastið, bæði af þessu, sem ég drap á, og eins af hinu, hversu seint þingtíðindin koma út. Ég held, að það sé ekki enn farið að prenta neitt af umr. frá fyrri hluta þessa þings, sem byrjaði 15. febr. síðastl. Og nú flytur útvarpið daglega nákvæmar fréttir af þinginu og úrslitum mála. Heldur hv. 4. landsk., að eins sé ástatt í þessu efni og áður? Hans afstaða er ekki annað en afturhaldssemi hjá hv. þm., hann fylgist ekki með tímanum í þessu efni. Fólkið úti um landið er búið í lok hvers þings að fá miklu greinilegri fréttir af þinginu heldur en áður tíðkaðist, bæði í blöðum og sér í lagi í útvarpinu. (**JBald:** Menn kvarta nú undan því, að útvarpið flytji ekki alltaf greinilegar þingfréttir). Svo koma þingtíðindin 1—2 árum á eftir. Ég skal viðurkenna, að mér þykir leiðinlegra að þurfa að leggja til, að þingtíðindin verði ekki prentuð. Ég vildi helzt, að þau væru prentuð jafnóðum meðan þing situr, en ég lít svo á, að sá sparnaður, sem af þessu leiðir, sé talsverður og að tiltölulega fáir muni sakna þingtíðindanna. Það er í rauninni ekki annað en hégómaskapur að vilja endilega prenta allt, sem sagt er á þingi. Undir niðri virðist hv. 4. landsk. játa þetta, því að hann nefndi í þessu sambandi frv. um þingskapabreytingu, sem nú er til meðferðar í Nd. Þar mun vera gert ráð fyrir að skerða talsvert málfrelsi þingmanna, m. a. í þeim tilgangi að gera umræðupart þingtíðindanna styttri. Ég efast um, að sú aðferð mælist betur fyrir. Ég hefi að vísu ekki kynnt mér þetta frv. rækilega, en ef ég man rétt, getur forseti ákveðið, að umr. um mál skuli ekki taka meira en 2 klst. við hverja umr. Stórum málum er ekki hægt að ljúka á svo skömmum tíma. En annars er það alveg ljóst, að annaðhvort verður að gera, að takmarka verulega ræðutímann eða hætta að prenta þingtíðindin. Hvort vinsælla verður, skal ég láta ósagt. Það er nokkuð til í því, sem hv. 4. landsk. sagði, að hægt væri að koma ýmsu að á skjalapartinum, jafnvel þótt ekki væri farin sú öfgaleið, sem hv. þm. talaði um, að nefndir heimtuðu sérstaka skrifara, sem hraðrituðu allt, sem gerðist á fundum. Það yrði fallegt, ef fjvn. léti hraðrita allt, sem þar er sagt, og gefa það svo út. Þetta er náttúrlega ekkert annað en firra, sem hv. þm. er með til þess að reyna að gera afleiðingarnar af samþykkt þess, að felld verði niður prentun á þingtíðindunum, sem allra ægilegastar. En það, sem er aðalatriðið fyrir mér í þessu máli, er það, að landsmenn fái sem greinilegastar fregnir af þinginu, og svo hitt, að þingtíðindin eru engin sönnunargögn, nema í einstaka tilfelli, fyrir því, sem fram fer á þingi, eftir að fjöldi manna er hættur að leggja verk í að leiðrétta ræður sínar.

Umr. frestað.

Á 94. fundi í Ed., 13. des., var fram haldið 3. umr. um frv. (A. 575, 755, 779, 794).

Of skammt var liðið frá útbýtingu brtt. 779 og 794. — Afbrigði leyfð og samþ. um þær fyrri með 10 shlj. atkv. og um þær síðari með 11 shlj. atkv.

Fjmrh. (Eysteinn Jónsson) óyfirl.: Ég skal fyrst minnast á brtt. á þskj. 779, sem ég hefi leyft mér að bera fram við brtt. frá hv. þm. S.-Þ. á þskj. 755. Hún er um það, að í stað þess, að í brtt. hv. þm. er það lagt til að fella niður ritun umr. á Alþ. 1936 og prentun umræðupartsins, verði felld niður prentun umræðupartsins árið 1935 og 1936.

Eins og hv. þm. rekur minni til, var felld í sameinuðu þingi við 2. umr. fjárl. till. um að fella niður ritun umr. og prentun umræðupartsins. Komu þar fram ýmis rök, sem mér virtust einkum hníga að því að sýna fram á, að ekki væri rétt að fella niður ritunina. Ég geri mér þess vegna von um, að ýmsir af þeim, sem voru á móti því að fella ritun og prentun niður, geti fallizt á þessa millileið, sem sé að fella aðeins niður prentunina, en ritunin fari fram. Þá liggja þingræður fyrir ritaðar, svo að það verður þá síðar hægt, ef Alþingi sýnist, að halda áfram að prenta þingtíðindin, og prenta þá einnig umræðupartinn fyrir árið 1935 og 1936, svo að þótt till. mín verði samþ., þá eru eftir sem áður möguleikar til að fá öll þingtíðindin prentuð, svo að ekkert ár vanti þar í.

Ég skal taka það fram, að ef ekki verður fallizt á þessa till., þá mun ríkissjóður hljóta all-

þungar búsifjar fyrir prentun þingtíðindanna á árinu 1936, og það liggur í því, að á því ári verður að prenta umræðupartinn fyrir þann hluta þessa þings, sem nú stendur yfir, og fari svo, að þinginu 1936 verði lokið á venjulegum tíma og á venjulegan hátt, þá kemur líka á það ár að prenta þingtíðindin fyrir 1936. Mér sýnist því, að allar líkur bendi á það, að ef þingið vill ekki fallast á þessa till., þá verði jafnvel að hækka áætlunina um alþingiskostnað á árinu 1936 frá því, sem nú er, því að mér skilst, að þá muni koma á það ár tvöfaldur prentunarkostnaður, og nú, þegar við erum að færa niður á fjárl. ýmsa liði, sem mönnum er meira og minna sárt um, þá get ég ekki skilið, að hv. þm. vilji ekki fallast á þessa millileið, sem ég sting upp á, heldur en að færa niður framlög til verklegra framkvæmda og ýmissa atvinnuvega.

Ég skal taka það fram, að skrifstofustjóri Alþingis hefir áætlað, að miðað við þá áætlun, sem er um þingkostnað á árinu 1936, þá muni sparnaður af þessari till. nema sem næst 40000 kr., eða um $^2/_3$ hlutum af því, sem áætlað var, að hefði sparazt, ef ritunin hefði einnig verið látin niður falla. Tel ég, að þetta sé allveruleg upphæð eins og nú standa sakir í þessum málum.

Ég þykist vita, að það muni koma fram sem rök í þessu máli, að þetta muni hafa atvinnuskerðingu í för með sér fyrir einhverja menn og að hjá ríkisprentsmiðjunni hljóti að verða minni rekstrarafgangur. En þar til vil ég svara því, að áætlunin um hagnað af ríkisprentsmiðjunni er svo varleg, að hún mundi standast, þó að þessi till. yrði samþ. En hvað snertir atvinnuna í þessu sambandi, þá þarf ekki að færa það fram sem rök sérstaklega í þessu máli, því að þau rök má alveg eins færa fram á móti flestum þeim till. við fjárl., sem hafa sparnað í för með sér. Flestar sparnaðartill. við fjárl. snerta að meira og minna leyti atvinnu manna, ýmist þannig, að menn fá minni atvinnu en áður, eða að það kemur fram í minnkandi tekjum til ýmissa manna, svo að frá þessu sjónarmiði finnst mér ekki hægt að ráðast á þessa till. sérstaklega.

Þá er önnur till. á þessu þskj., þar sem í stað þess, að hv. þm. S.-Þ. ætlar til búfjárræktar 30000 á árinu 1936, þá verði henni ætluð 42000 kr. Samkvæmt þeim upplýsingum, sem ég hefi fengið frá þeim manni í Búnaðarfélaginu, sem er þessu kunnugastur, þá mun láta nærri, að öllu óbreyttu, að þessi liður yrði 57000 kr. á árinu 1936. Ef þessi till. er samþ. þá sparast á þessum lið 15000 kr. En ástæðan til þessarar brtt. minnar er sú, að ekki var hægt að færa þennan lið svona mikið niður nema með því að skerða um of framlög til ýmissa nauðsynlegra mála í landbúnaðinum, t. d. framlög til fóðurtrygginga og ýmissa félaga, sem upp hafa verið sett til þess að bæta bústofn bænda, og er till. miðuð við það, að ekki komi til verulegrar skerðingar á þessum liðum. Í hinu sýndist okkur minni hætta vera fólgin, þó að sýningar féllu niður og sparnaður fengist með því. En til þess að skerða í engu þá niðurstöðu, sem fjvn. hefir verið að stefna að með till., þá legg ég til, að þær 12000 kr., sem þarna væri eytt, þá kæmi um leið jafnmikil lækkun á styrknum til áburðarkaupa. Má segja, að þessi styrkur sé einnig nauðsynlegur, en ég tel þó lakara að skerða starfsemi þessara félaga, sem ég gat um, en þó að færður verði niður styrkurinn til áburðarkaupa, því að þessi 12000 kr. styrkur gerir ekki nema örlítinn mun á áburðarverðinu.

Svo fjölyrði ég ekki meira um þessar till., en ég vil vona, að d. fallist á þær og samþ. þær allar þrjár.

Jón Baldvinsson óyfirl.]: Ég hefi mælt á móti brtt. á þskj. 755, 3. lið, aðallega með það fyrir augum, að þingtíðindin væru svo merkilegt atriði í stjórnmálasögu og stjórnmálastarfsemi landsins, að prentun þeirra mætti af þeim ástæðum ekki niður falla. Það er menningarmál og metnaðarmál fyrir Alþingi að eiga ræður þingmanna jafnt frá þeim tíma, þegar móti blæs eins og þegar vel gengur. Atvinnuspursmálið var því ekki aðalatriði fyrir mér, þó að vera megi, að á það hafi verið minnzt í mótmælum, sem til þingsins hafa komið um þetta mál. En hæstv. fjmrh. mælti með þessu fyrst og fremst sem sparnaði fyrir ríkissjóð og finnst eiginlega engin ástæða vera á móti þessu önnur en atvinnuskerðingin, en mér finnst hitt vera svo miklu veigameira, að Alþingi eigi til óslitin prentuð þingtíðindi, síðan Alþingi var aftur endurreist. Seinni tíminn mundi vafalaust leggja þungan dóm á það þing, sem brygði út af þessari venju, jafnvel þó að hart sé í ári.

Það er rétt, að á árinu 1936 verða mikil útgjöld að óbreyttum l. vegna prentunar á umræðuparti þingtíðindanna, en mér sýnist, að jafnvel þótt það væri æskilegt, að á hverju þingi væru til prentuð þingtíðindi frá næsta þingi á undan, þá sé það að þessu sinni ekki mögulegt, vegna þess hvað stutt er milli þinga. Þess vegna verður þessi útgjaldabyrði á árinu 1936 ekki eins þung og hæstv. fjmrh. gerði ráð fyrir. En það er sök sér, þó að þessum kostnaði sé eitthvað jafnað milli ára, ef fjárhagslegar ástæður eru erfiðar. Á það er líka að líta, að þetta ræðir ekki um annað en að fella niður prentunina, og þá er þessi sparnaður orðinn minni, því að ræðuskriftir haldast þó eftir sem áður, og það er þó nokkur kostnaður, svo að sparnaður fyrir ríkissjóð er þá ekki eins mikill og hugsað var í till. hv. þm. S.-Þ. En þó að þessi sparnaður sé nokkur, og eftir till. hv. þm. S.-Þ. mikill, þá álít ég, að það sé sparnaður, sem við megum ekki leggja í, jafnvel þó að erfiðleikatímar komi, vegna þess að þm. á fyrri tíma hafa, eins og ég sagði í gær, í mestu harðærum, þegar fólkið flykktist burt af landinu, og mátti segja, að sultur væri í mörgum héruðum landsins, aldrei lagt til, að niður væri felld prentun þingtíðindanna.

Ég vildi miklu heldur, að menn sneru sér að því, sem skynsamlegra er í þessu máli, að menn komi sér saman um að takmarka svo ræður sínar, að prentun þeirra yrði ekki til tilfinnanlegra útgjalda fyrir ríkissjóð. Það má áreiðanlega takmarka svo ræðutíma þingsins, að þetta yrðu enganveginn tilfinnanleg útgjöld fyrir ríkissjóð og án þess að nokkru verulegu sé sleppt,

því að það verður að játa, að þótt þm. tali ekki um neina vitleysu, þá má samt niður fella margt af því, sem sagt er í umr. og er til lítils gagns. En stytting ræðutíma, vöndun til ræðumanna og að sérstakir menn væru valdir til að hafa framsögu í málum og þeir settu sig sérstaklega inn í þau og vönduðu sem bezt til ræðuhalda sinna, það gæti orðið svo mikill sparnaður, ef þingsköpum væri breytt í þessa átt, og samkomulag gæti orðið um það milli flokkanna, sem ég tel æskilegast, að kostnaður við prentun þingtíðindanna gæti sennilega lækkað allt að því um helming eða meira frá því, sem nú er. Það hafa þegar verið gerðar ráðstafanir til sparnaðar á prentuninni af forsetum, með því að ákveða að hafa miklu smærra letur á þingtíðindunum heldur en áður, svo að þau verða miklu fyrirferðarminni og prentunin þó ekki dýrari á hverja örk, þó að miklu meira lesmál sé þar en áður. Og þegar þar að auki liggur fyrir þinginu frv. um breyt. á þingsköpum, og ég veit ekki annað en flokkarnir ætli að ganga á fund eftir svo sem hálftíma til þess að koma sér saman um þessa breyt. á þingsköpum, sem felur í sér möguleika til að stytta ræðutímann, þá álít ég, að það sé sú leið, sem fara eigi. Hinu er ég ekki á móti, ef fjárhagur ríkisins er sérstaklega erfiður eitt ár, að láta prentunina dragast, því að það er ekkert á móti þeim ósköpum, að setja það í lög, að hætta við að prenta þingtíðindin, því að þá mætti búast við því, að svo mikið safnaðist fyrir, að menn mundu ekki vilja fara að prenta þingtíðindin aftur, því að þá hefði safnazt svo mikið fyrir, sem ætti að prenta, að það yrði ríkissjóði allt of kostnaðarsamt.

Hér er að vísu um sparnað að ræða, en hann er ekki svo mikill, að hann geti vegið upp á móti því gagni, sem þeir, sem við stjórnmál fást, hafa af því að geta farið í þingtíðindin og fengið þar fróðleik um það, sem gerzt hefir. Ég held, að hv. þm. séu á hverjum einasta fundi að hampa þingtíðindunum til þess að minna mann á það, sem áður hefir verið sagt. Og ég veit ekki betur en að í síðustu eldhúsumr. hafi sjálfur hæstv. forsrh. farið í umræðupart Alþt. til þess að lesa upp hvað andstæðingur hans hafði sagt í vissu máli fyrir tveimur árum síðan. Og meira að segja las hæstv. fjmrh. upp úr þingtíðindunum til þess að bera af sér sakir, sem á hann höfðu verið bornar, en hann kannaðist ekki við. Hann varð að láta senda eftir þingtíðindunum til þess að hann gæti lesið upp úr þeim það, sem hann hafði sagt. Hefði nú ekkert verið skrifað og ekkert verið til prentað frá þessum umr., þá hefði hæstv. ráðh. ekki getað sannað, að hann hefði ekki sagt það, sem á hann hafði verið borið, — hann hefði ekkert getað annað en að neita, að hann hefði sagt þessi orð. Hefði þá staðið þar staðhæfing á móti staðhæfingu, áheyrendur ekki vitað, hvað satt var, — ekki að vita nema þeirri staðhæfingu hefði verið trúað, sem fyrr kom fram, en orð hæstv. ráðh. aðeins verið kölluð undanbrögð. En það, sem bjargaði hæstv. ráðh. í þessu mikilsverða máli, var það, að hann gat hlaupið í þessa merku bók, Alþt., og látið þau fullkomlega skera úr, hvað hann hafði sagt. Þetta eru nú aðeins rök handa hæstv. fjmrh., en þau hafa samt talsvert almennt gildi, því að þm. geta alltaf farið í þingtíðindin og sagt: „Þetta hefi ég sagt, og það, sem hefir verið haldið fram, að ég hafi sagt, og það, sem hefir verið borið út um mig, er ekki satt, því að orð mín eru staðfest í Alþt.“.

Hv. þm. segja kannske, að það sé ekki að marka það, sem stendur í þingtíðindunum, þegar þm. lesi ekki ræðurnar yfir. Ég hefi alltaf gert það til þessa, og það er ekki sérlega mikið verk, ef gengið er að því með nokkru verklagi, og ég veit, að hv. 1. þm. Skagf. sleppir engri ræðu eftir sig inn í þingtíðindin án þess að lesa hana yfir. (*MG: Þeir eru líka margir, sem ekki líta á ræður sínar*). Já, þeir eru til, en hitt þekkist líka, að þm. lesa ræðurnar yfir, en gera það svo seint, að þeir muna þá ekkert, hvað þeir hafa sagt, og láta svo standa við ræðurnar, að þær séu óyfirlesnar. En þó að þær séu ekki yfirlesnar, þá eru þær þó margar — ég vil ekki segja allar — sem næst því, sem ræðumaður hefir sjálfur sagt.

Mér sýnist því, að það renni svo mörg rök undir það að halda prentun þingtíðindanna, að það sé ekki fært að láta hana niður falla. Þetta er líka svo mikið menningarlegt atriði og gömul hefð, að þing, sem stærir sig af því að vera elzt af samskonar stofnunum í heimi öllum, það getur ekki sóma síns vegna hætt að birta þingtíðindin, þótt á móti blási, þegar líka er leið til þess að draga stórlega úr kostnaði við Alþt. með samkomulagi þingflokkanna til að stytta tímann til ræðuhalda á Alþingi.

Jónas Jónsson [óyfirl.]: Við höfum stundum áður í fjvn. reynt í sparnaðarskyni að koma okkur saman um þær sjö till., sem hér liggja fyrir á þskj. 794.

Um 1. till. vil ég taka það fram, sem áður hefir verið minnzt á, að það er í raun og veru aðkallandi, að gerð verði breyt. á fræðslulögunum. Fyrir fjvn. lágu kröfur um það, að hún skyldi leggja til sparnað, sem næmi a. m. k. 1 millj. kr. Höfum við nú gert hér nokkrar till., sem við álítum, að stefni í rétta átt. Ein þeirra er sú, að fræðslumálastjórnin eigi þar, sem það á við, að sameina fræðsluhéruð þar, sem fá börn eru hjá hverjum kennara. Við höfum haft skýrslu frá fræðslumálastjóraskrifstofunni, og af henni er auðséð, hvað núv. fyrirkomulag er fjarri lagi. Það eru til héruð, þar sem eru ekki nema 7 börn, og rétt þar hjá er kannske hreppur, þar sem eru ekki nema 7—10—13 börn. Að hafa einn kennara yfir svo fáum börnum er óhugsandi fyrir héraðið og ríkissjóðinn, og í raun og veru fyrir kennarann líka, því að það eru engin vinnubrögð að vera kennari með 7—10 börn. En við höfum reynt að orða þessa till. svo varlega, að það væri auðvelt fyrir yfirstjórn skólans að koma þessu fyrir. Auðvitað er það sumstaðar, t. d. á Hornströndum, þar sem fólkið er ákaflega dreift, sem við gerum ekki ráð fyrir, að hægt væri að koma slíkri sameiningu við, en víða, bæði í kaupstöðum og sveitum, væri þetta hægt.

2. liður till. miðar að því, að landssíminn hafi það eftirlit, sem er lögskipað að haft sé með raforkuvirkjum. Hér er stefnt að því að hafa

ekki fleiri sjálfstæðar skrifstofur en þörf er fyrir. Það er svo með þessar nýju skrifstofur, að þær sýnast hafa möguleika til þess að hlaða utan á sig, og þótti það varhugavert kostnaðarins vegna.

Þá er 3. brtt., sem ég geri ráð fyrir, að verði borin upp í þrennu lagi. Ég get nú glatt hv. þm. með því, að ég hefi séð í dag nýkomið skeyti frá sendiherranum í Kaupmannahöfn til stj. hér, þar sem hann skýrir frá því, að nokkrir möguleikar séu til þess, að sænska tollstjórnin vilji ef til vill kaupa Óðin, en það er einmitt það skip, sem erfiðast er að selja, vegna þess að það hefir komið í ljós við athugun, að það er ómögulegt að gera úr Óðni annað en varðskip.

Um Þór ætla ég ekki að fara fleiri orðum. Þetta ár kostar landhelgisgæzlan ríkissjóð yfir 600 þús. kr., og það má búast við, að svo verði áfram, ef þrjú varðskip verða meira og minna í gangi allt árið. Þennan lið verður að skera niður á fjárl. um allt að 300 þús. kr., og það verður ekki gert með öðru móti en því, að Óðinn verði seldur, eða látinn liggja allt árið. En hinsvegar er talið, að það muni kosta ríkissjóð um 50 þús. kr. árlega að halda við vél skipsins, þó það sé aðgerðalaust. M. ö. o., það kostar ríkissjóð jafnmikið að hafa Óðinn aðgerðarlausan eins og að halda úti vopnuðum varðbát í Faxaflóa allt árið.

Ef varðskipunum yrði fækkað, þá ætti að hafa Ægi fyrir sunnan land á vetrarvertíðinni og við Vestmannaeyjar.

Vitaskipið Hermóður kostar ríkissjóð um 70 þús. kr. í rekstri á ári. Það er orðið lélegt skip og að líkindum helzt nothæft til línuveiða. Ætti því tvímælalaust að selja það eða leigja. Hinsvegar ætti að styðja Skaftfellinga með því að láta Skaftfelling annast flutninga til vita meðfram suðurströnd landsins, en strandferðaskipin gætu aftur á móti flutt efni til annara vita umhverfis landið.

Í 14. lið frvgr. er ætlazt til þess, að 1. bekkur kennaraskólans verði felldur niður. Venjulega eru mjög fáir nemendur í 1. bekk skólans; en fólk úr öðrum ungmennaskólum tekur próf upp í 2. bekk kennaraskólans. Með því að þyngja það próf má algerlega spara þennan bekk, og mundi þá skólinn sleppa við að greiða sem svarar a. m. k. einum kennaralaunum árlega.

Þá ætla ég að fara nokkrum orðum um stúdentafjöldann í sérfræðideildum háskólans, af því að ég geri ráð fyrir, að sumum hv. þdm. sé það ekki fyllilega kunnugt, út í hvaða öfgar þar er komið. Þar hefir nú í nokkur ár verið svo ástatt, að t. d. í læknadeildinni einni eru útskrifaðir á hverju ári svo margir kandidatar, sem þarf til þess að fullnægja þörfum læknishéraða hér á landi í tíð einnar kynslóðar — eða um mannsaldurs skeið. Það er ákaflega dýrt fyrir þjóðfélagið að kosta til náms og ala upp svo marga lækna, eða 12—14 á hverju ári, sem svo verða að leita til annara landa um atvinnu, þegar þeir geta ekkert fengið að gera hér heima. Sama er að segja um lagadeildina; þar eru útskrifaðir árlega miklu fleiri kandidatar en nokkrar líkur eru til, að geti fengið hér atvinnu við lögfræðistörf. Fjvn. hefir skrifað háskólaráðinu bréf um þá nauðsyn, að takmörkuð verði til mikilla muna inntaka stúdenta í háskólann. Og niðurstaðan af því hefir orðið sú, að rektor háskólans hefir, fyrir hönd háskólaráðs, óskað eftir því, í samráði við kennslumrh., að fá heimild til að takmarka tölu stúdenta í tveimur deildum háskólans, lækna- og lögfræðingadeildunum. En guðfræði- og heimspekideildir háskólans óska ekki eftir slíkum takmörkunum. Aðsóknin er ekki talin að vera of mikil að þeim deildum. Þetta er í samræmi við þær óskir, sem læknadeild háskólans hefir áður borið fram, og gert er ráð fyrir, að þessar takmarkanir verði settar samkv. reglugerðarákvæði af háskólaráðinu sjálfu, er kennslumálaráðh. staðfestir. Ég fer ekkert út í það nú, á hvern hátt þessar takmarkanir verði settar. Sumir tala um, að það verði gert með inntökuprófi eða samkv. vottorðum, er stúdentar leggi fram.

Ég hefi heyrt það haft eftir landlækni, að það þurfi ekki að útskrifa kandidata í læknisfræði í næstu 6 ár. Þó að ekki megi búast við, að nám læknanna verði stöðvað með öllu um nokkurra ára bil, þá bendir þessi vitnisburður landlæknis á, að það er ekkert vit í, eins og nú standa sakir, að eyða svo miklu fé sem nú er gert til embættisnáms fyrir stúdenta algerlega að óþörfu.

Samkv. 16. lið frvgr. er lagt til, að felldir verði niður prófdómendur við ýmsa opinbera skóla, sem njóta ríkisstyrks. Laun til prófdómenda eru talsverður útgjaldaliður fyrir ríkissjóð, og mun því verða að þessu nokkur sparnaður. Við suma skóla er ekki hægt að komast hjá því að hafa sérstaka prófdómendur, en við aðra skóla er engin nauðsyn á því. N. hefir gert undantekningu um sérskólana og um burtfararpróf við menntaskólana og embættispróf í háskólanum. Ætlast hún til, að þar verði launaðir prófdómendur eftir sem áður, en við aðra skóla ætlast hún til, að kennararanir hjálpist að og aðstoði hverjir aðra við próf. Ég vil skjóta því til hæstv. kennslumálarh., að í símtali, sem ég átti við Sigurð Guðmundsson skólameistara á Akureyri, kom í ljós, að hann var ekki ánægður með þessar ráðstafanir.

Í menntaskólanum í Reykjavík er tekinn upp sá siður, að ef nemendur hafa ákveðinn stigafjölda yfir meðaleinkunn eftir veturinn, þá þurfi þeir ekki að ganga undir próf til þess að færast á milli bekkja á vorin. Þetta er ein af þeim leiðum, sem hægt er að fara til þess að spara kostnað við prófin; og fjvn. óskar, að kennslumrh. geri allt, sem unnt er, til þess að greiða fyrir kennurum að flytja nemendur á milli bekkja, svo að vinna við vorprófin hverfi úr sögunni, sem ekki virðist sérlega nauðsynleg.

Þá kem ég að síðasta lið frvgr. Fjvn. stendur ekki öll á bak við þá till. Sjálfstæðismenn í n. eru henni mótfallnir, en við hinir vildum sýna fulla viðleitni til sparnaðar einnig að því er snertir framlög úr ríkissjóði til kvennaskólans í Reykjavík. Og það því fremur, sem n. barst í dag bréf frá framkvæmdanefnd stúdentagarðsins, með tilkynningu um, að fallin væri á ríkissjóð ábyrgð á 28 þús. kr. láni vegna Stúdentagarðsins, sem ekki hafði verið búizt við, að

kæmi til greiðslu úr ríkissjóði. Þannig er full ástæða til þess fyrir hv. þdm. að fyrirlíta ekki þann sparnað, sem þessi till. hefir í för með sér. Ég ætla að útskýra þetta nokkru nánar, af því að útlit er fyrir, að sjálfstæðismenn muni vera þessari till. andvígir. Till. fer fram á það, að frá 1. júlí 1936 hætti kvennaskólinn í Reykjavík að vera sérstæð stofnun, og að eftir það *gildi um hann hin almennu ákvæði laga um* gagnfræðaskóla, nr. 48 19. nóv. 1930, þó þannig, að skólinn heldur áfram að starfa eingöngu fyrir konur, og kennslumrh. getur heimilað, að núv. skólanefnd haldi áfram að stjórna skólanum á sama hátt og áður. Skólinn fær nú um 28 þús. kr. árlegan rekstrarstyrk frá ríkinu. En ef honum væri skipað undir sömu reglugerð og gildir um gagnfræðaskóla, þá mundi hann fá rekstrarstyrk bæði úr ríkissjóði og bæjarsjóði Reykjavíkur. Það hefir verið athugað, eftir aðsókn að skólanum, hvaða styrk hann gæti fengið, og breytingin er engin fyrir skólann að því er upphæðina snertir. Nú eru árlega um 100 nemendur í skólanum, og ef þessi till. verður samþykkt, þá fær skólinn 11 þús. kr. styrk frá ríkinu árlega, og hinn hlutann frá Reykjavíkurbæ. Þó að till. verði samþ., þá er ekki gert ráð fyrir neinni röskun á fyrirkomulagi skólans og rekstri, annari en þeirri, að ¾ rekstrarkostnaðarins verði framvegis greiddir úr bæjarsjóði Reykjavíkur. Kennslukraftar verða hinir sömu og nú, og að því er snertir bæði tekjur og annað, þá á kvennaskólinn ekki að hafa nein óþægindi af þessari breyt. Hér er aðeins um formsbreyt. að ræða á rekstrarstyrk til skólans. Enda sýnist þetta vera fullkomið sanngirnismál, þar sem skólinn starfar svo að segja eingöngu fyrir Reykjavíkurbæ.

Því hefir verið haldið fram í fjvn., að þar sem lögin um gagnfræðaskóla frá 1930 geri aðeins ráð *fyrir einum gagnfræðaskóla í hverju bæjar*félagi, þá muni þessi till. fara í bága við þau. En Alþingi hefir nú fengið fullkomna reynslu fyrir því, að hér í Reykjavík virðist það ekki vera nóg að hafa einn gagnfræðaskóla. Þess vegna hefir verið stofnaður annar skóli hér í bænum, gagnfræðaskóli Reykvíkinga, sem bæjarsjóður *kostar að mestu leyti og leggur honum* árlega til 17—18 þús. krónur í rekstrarstyrk, en úr ríkissjóði hafa verið greiddar árlega 2—3000 krónur. Kvennaskólinn mundi því verða álika dýr fyrir bæjarsjóð og gagnfræðaskóli Reykvíkinga. Ég sé því enga ástæðu á móti því, að hér í bænum komi þriðji gagnfræðaskólinn, því *fremur sem hann verður eingöngu fyrir konur.* Síðustu árin hefir kvennaskólinn ekki verið annað en gagnfræðaskóli fyrir reykvískar stúlkur, og úr því að bæjarfélagið hefir fremur kosið að stofna hér nýjan skóla, heldur en að stækka hinn lögákveðna gagnfræðaskóla í bænum, þá er heldur ekkert á móti því, að bærinn sjái sóma sinn *í því að borga kvennaskólanum* rekstrarkostnað fyrir sínar eigin stúlkur.

Það getur verið, að sumir líti þannig á, að kvennaskólinn sé að einhverju leyti sérfræðiskóli fyrir stúlkur, en ég mótmæli því gersamlega, því að skólinn hefir aðeins haldið uppi tveimur matreiðslunámskeiðum á ári, sem hvort fyrir sig hafa staðið í 4 mánuði. En þeim má vitanlega koma undir fyrirmæli laganna um styrk til námskeiða úr ríkissjóði. — Ég vil benda á það í þessu sambandi, að við héraðsskólana hafa oft verið haldin ýmiskonar námskeið, í íþróttum, matreiðslu o. fl., sem notið hafa styrks úr ríkissjóði, og hafa þeir ekki verið kallaðir sérskólar þrátt fyrir það. — Í kvennaskóla Reykjavíkur hafa að öðru leyti verið kenndar almennar námsgreinar, íslenzka, danska, saga, reikningur, náttúrufræði o. s. frv.; að vísu hefir þar einnig verið kennt eitthvað í handavinnu. En smíðar fyrir pilta og ýmiskonar handavinna fyrir stúlkur hefir einnig verið kennt við héraðsskólana, eftir því sem húsrúm hefir leyft. Sú röksemd *nær því alls ekki til kvennaskóla* Reykjavíkur, að hann sé sérfræðiskóli fyrir stúlkur, eins og húsmæðraskólarnir á Hallormsstað, Laugum, Blönduósi og Staðarfelli. En þeir eru réttnefndir sérfræðiskólar kvenna, einkum í verklegum efnum. Hinsvegar er kvennaskólinn alveg hliðstæður héraðsskólunum og gagnfræðaskólum kaupstaðanna.

Ég gæti skilið mótspyrnu einstakra þdm. gegn þessari till., ef farið væri fram á að rýra að einhverju leyti kosti kvennaskólans, en svo er ekki. Hér er aðeins farið fram á að leiðrétta villu, sem ríkt hefir síðustu árin um rekstur skólans. Þegar kvennaskólinn var stofnaður fyrir 50 árum síðan, áttu konur yfirleitt ekki aðgang að öðrum skólum. Ég hygg, að þær stúlkur, sem ólust upp t. d. á heimilum efnamanna hér í bænum, hafi ekki átt þess kost að fara í menntaskólann, eins og bræður þeirra; þá var það ekki venja. Nú er þetta gerbreytt fyrir nokkrum árum síðan. Nú eiga konur aðgang að öllum skólum jafnt og karlmenn; gagnfræðaskólum, iðnskólum og verzlunarskólum o. s. frv. Og þá er kvennaskólinn orðinn unglingaskóli fyrir Reykjavíkurbæ. Hann er að nokkru leyti eins og forngripur frá þeim tíma, er konur voru réttlausar í þessu efni, og hefir nú ekki sérstakt verksvið. Skólanum hefir verið haldið vel við af myndarlegri skólastjórn og reksturinn verið í góðu lagi. En sú breyt., sem hér er fyrirhuguð, er einungis mjög eðlileg, úr því að skólinn er ekki sérmenntaskóli og konur þurfa ekki á honum að halda sem slíkum, og úr því að þær hafa aðgang að öllum öðrum skólum til jafns við pilta, þá er kvennaskólinn aðeins gagnfræðaskóli fyrir Reykvíkinga, sem ríkissjóður á vitanlega að veita styrk til, þó ekki meira en til gagnfræðaskólans sjálfs. — Það virðist óþarft, að *borgarar höfuðstaðarins séu að afneita dætrum* sínum og fara fram á óeðlilegar gjafir frá ríkinu til þess að greiða námskostnað þeirra. Bæjarfélagið á að bera hann sjálft að sínum hluta.

Ég hefi þá lýst hverri einstakri till. fyrir sig, sem hér liggja fyrir frá fjvn. Það var fullt samkomulag í n. um flestar þeirra. En eins og till. *um að hætta að prenta* Alþt. og spara á kostnaðinum við Alþingi féll, af því að einn þingflokkurinn var henni andvígur, þá getur farið á sama hátt um síðustu till. af því að Sjálfstfl. er á móti henni. En þó að einn flokkur hafi algerlega neitað um þann sparnað, sem kostur er á með breyttu fyrirkomulagi þingtíðindanna, samkv.

till. meiri hl. fjvn., áleit ég rétt, að það kæmi í ljós við atkvgr. í þinginu, hverjir vilja bera ábyrgð á þeim óþarfa kostnaði við þingtíðindin. Á sama hátt álít ég rétt, að það sjáist við atkvgr., hverjir vilja neita um þann sparnað, sem felst í síðustu till., af því að hún verður ekki felld með rökum, heldur með atkvæðamagni.

Atvmrh. (Haraldur Guðmundsson) [óyfirl.]: Það lítur út fyrir, að þetta litla frv., sem lagt var fyrir þingið í upphafi, hafi vaxið alveg óvenjulega mikið í meðferð þessarar hv. d.

Ég skal ekki ræða um þær brtt., sem eru á þskj. 779, — við 2. og 3. lið þeirra till. hefi ég ekkert að athuga og mun ekki blanda mér í umr. um þá.

En þá kem ég að brtt. á þskj. 794, og hafa þær valdið mér nokkurra hugleiðinga. Ég verð að segja, að mig furðar dálítið á þessum till. Fljótt á litið virðast þær mjög lauslega hugsaðar og undirbyggðar. Að því er snertir fyrstu till., þá er ekki sýnilegt, að hún hafi nokkurn sparnað í för með sér, enda hygg ég, að það verði mjög torvelt að framkvæma hana. Ég sé ekki annað en að ætlazt sé til, að gerðar verði miklar breytingar á fræðslulögunum, eða gengið á snið við þau, svo að hægt sé að framfylgja þessari till. Sá sparnaður, sem gert er ráð fyrir, er líka ákaflega vafasamur, þó að honum yrði fram komið. Það er ekki hægt að fækka föstum kennurum, en í flestum fræðsluhéruðum eru skipaðir kennarar. Farkennarar eru að vísu óskipaðir og aðeins ráðnir af skólanefndum. Þessi till. ætlast til þess, að skólahéruðum verði mikið breytt frá því, sem nú er, og jafnvel að tvö eða fleiri héruð verði sameinuð í eitt skólahérað; vegalengdir aukast, svo að það verður mjög torvelt víða í sveitum að sameina börnin til þess að þau geti notið kennslunnar.

Til þess að samfærsla fræðsluhéraða geti farið fram, þá þarf að vera fyrir hendi skólahús með heimavistum, þar sem börnin geti dvalið um kennslutímann. Ég hygg, að þó að þessi till. verði samþ. nú, þá verði enginn teljandi sparnaður að henni, og sízt á næsta ári. Auk þess er á það að líta, að á næsta þingi er búizt við, að fram komi frv. til viðtækra breyt. á fræðslulögunum, sem sérstök n. hefir unnið að undanfarin missiri, og virðist mér að þessi till. megi bíða eftir því.

Um 2. lið á þessu þskj. var mikið rætt á síðasta þingi. Annars er mjög auðvelt að leiða rök að því, að það leiðir ekki til sýnilegs sparnaðar að leggja eftirlit með raforkuvirkjum undir landssímann. Sami maðurinn verður að hafa forstöðu fyrir þessu starfi eftir sem áður. Hvort eitthvað megi spara í húsaleigu frá því, sem nú er, skal ég ekki um segja.

Að því er snertir 3. liðinn á þessu þskj., um að ríkisstj. verði heimilað að selja skipin Óðinn, Þór og Hermóð, þá þykir mér það nokkuð mikið, að veita heimild til að selja þrjú skip á einu bretti. Ég vil fyrir mitt leyti stuðla að því, að fyrst verði athugað, hvaða breyt. beri að gera á landhelgisgæzlunni, og mér lízt vel á að sameina björgunarmálin þeirri gæzlu. Það má væntanlega leggja niður eitthvað af varðskipunum. En að selja bæði Óðinn og Þór tel ég mjög vafasamt. — Ég er ekki við því búinn að fallast á, að Hermóður verði seldur fyrr en betri skýringar hafa fengizt á því máli, þar sem vafasamt er um framtíð Skaftfellings.

Samkv. 4. lið er ætlazt til þess, að felldur verði niður 1. bekkur kennaraskólans frá 1. okt. næstk. — Í þessu sambandi vil ég benda á það, að hér liggur fyrir d. frv., þar sem í er skilyrði um það, að eigi megi aðrir fást við barnakennslu hér á landi en þeir, sem hafa kennarapróf frá kennaraskóla Íslands. Ég ætla, að það vanti árlega um 100 kennara, með kennararéttindum samkv. þessu skilyrði, í kennarastöður hér á landi, ef alstaðar ætti að vera fullskipað. Að vísu eru fleiri með kennaraprófi hér í bænum en þarf til þess að fullnægja eftirspurninni þar, en þeir eru þá til vara, ef starfandi kennarar falla frá hér í bænum eða annarsstaðar. Auk þess held ég, að sparnaðurinn af þessu yrði ákaflega lítill. Hv. þm. sagði, að hægt væri að spara einn kennara, og er það þá það eina, sem sparast. Hann sagði, að kennslan væri nú að sumu leyti úti um bæ. Ef svo er, hygg ég, að megi kippa því í lag þegar gagnfræðaskólinn er farinn úr húsinu, svo það valdi engu hér um.

Þá er 6. till. viðvíkjandi prófdómendum. Ég álít það mjög misráðið að láta kennarana yfirleitt vera prófdómendur. Ég álít, að það komi ekki til mála að því er snertir burtfararpróf, auk þess sem það er áreiðanlega mjög óheppilegt að loka þannig inni kennsluna í skólum, að kennaraliðið eitt sé prófdómendur og dæmi þannig um niðurstöðu kennslunnar, sem koma á fram við próf á vorin.

Í sambandi við það, sem hv. frsm. sagði eftir rektor menntaskólans, að hann áliti, að vetrarpróf gætu fallið niður, get ég sagt það, að ég tel það a. m. k. athugandi. Þó býst ég við, að það yrði að vera skilyrði, að nemendur hefðu náð svo góðri einkunn við bekkjarpróf, að sæmilega örugg gæti talizt yfir veturinn. En þetta hefir aðra hlið, nefnilega þá, að hjá nemendum, sem eru götóttir og hafa lesið stopult, bætir prófið oft upp og hjálpar mönnum til að fá heildarsýn yfir námsefnið. Það má að vísu athuga þetta, en að slá því föstu, tel ég ekki rétt að svo stöddu.

Þá er 7. till. um kvennaskólann í Reykjavík. Ég heyrði henni andmælt af samherja hv. flm. um þessar till., og get því látið hana hjá liggja í bili. Ég vil bara benda á í þessu sambandi, að ég teldi eðlilegt, að sett væri heildarlöggjöf um húsmæðra- og kvennafræðslu í landinu yfirleitt, hliðstæð l. um héraðsskóla og gagnfræðaskóla. Meðan það er ekki gert finnst mér sjálfsagt að athuga a. m. k. vel áður en ráðizt er í verulegar breyt. á þess konar skólum frá því, sem nú er.

Þar sem hér er um svo mikilvægt efni að ræða, vil ég vænta þess, að menn fallist á að fresta umr. og skjóta málinu til athugunar hlutaðeigandi n. (**JJ**: Það er alveg sjálfsagt).

Magnús Guðmundsson: Ég skal byrja með því að segja svipað og hæstv. atvmrh., að mér þykir þetta frv., sem í byrjun var svo fyrirferðarlítið,

ætla að fara að verða nokkuð langt og líka ósamkynja. Skal ég svo svara hv. 4. landsk. viðvíkjandi þingtíðindunum. Honum finnst það vera ákaflega miklum vandkvæðum bundið að hætta prentun þeirra og ber oss saman við önnur lönd í því efni. Þar er því til að svara, að þar er þessu hagað þannig, að haldi maður ræðu í dag, liggur prentað uppkast eða próförk að henni við sæti manns á morgun, og þar er það látið liggja einn eða tvo daga. Sé það ekki leiðrétt á þeim tíma, er það tekið og fullprentað. Auk þess fást ekki aðrir við þingskriftir þar en viðurkenndir hraðritarar og þingtíðindin koma út í hverri viku, nokkrar arkir í einu, eftir því hvað mikið er talað. Hér er það aftur á móti þannig, að frá þinginu, sem hófst 15. febrúar í fyrra vetur, er ekki farið að prenta einn einasta staf af umr. Umræðuparturinn kemur þannig ekki út fyrr en einu eða tveimur árum eftir að ræðurnar eru haldnar, og þá eru allt önnur mál komin upp á teninginn, sem vekja áhuga í landinu, svo enginn hefir lengur „interessu“ fyrir þessum gömlu umræðum. Þegar svo þar við bætist, að þingræðurnar eru prentaðar að mestu leyti eins og skrifararnir ganga frá þeim, með einstaka leiðréttingum á málvillum og þesshátt-ar, þá er heldur lítið orðið á þessu að byggja.

Ég skal svo ekki þræta meira um þetta atriði, en snúa að brtt. á þskj. 755 og 794, frá hv. þm. S.-Þ. Það er alveg rétt, sem hann hefir tekið fram um brtt. á þskj. 755, að meiri hl. fjvn. stendur á bak við hverja þeirra fyrir sig, en þó ekki alltaf sömu mennirnir. Þar af leiðir, að ekki er hægt að búast við, að allir nm. greiði öllum till. atkv.; e. t. v. eru sumir hlutlausir, en sumir munu greiða atkv. á móti einhverju af till.

Ég býst við, að það verði alveg samkomulag um brtt. þá, sem hæstv. fjmrh. flytur; þar er aðeins að ræða um færslu milli liða, sem ég get viðurkennt að er til bóta, og þarf því ekki að fjölyrða um það atriði. Ég fyrir mitt leyti verð að segja það viðvíkjandi 4. brtt. á þskj. 755, um niðurfærslu á embættiskostnaði presta, að mér finnst ákaflega hart að gengið að lækka þann lið um helming nú, þegar vitað er, að prestar landsins eru verr launaðir heldur en kolamokarar á fiskiskipi. Ég held, að það hafi ekki neinn liður verið skorinn eins harkalega niður eins og einmitt þessi.

Þá vil ég benda á það, að við 10. brtt. á sama þskj. flyt ég skrifl. brtt., sem aðeins fer fram á að leiðrétta ranga tilvitnun til l. Það er mér að kenna, að þessi ónákvæmni komst inn í till., því ég mundi ekki eftir, að þau l., sem þarna er vitnað til, voru endurskoðuð og prentuð upp í heild árið 1933, og gengur skriflega brtt. aðeins út á, að vitnað sé til þeirra nýju laga í stað hinna gömlu.

Þá kem ég að brtt. á þskj. 794. Um þær get ég að mörgu leyti tekið undir það, sem hæstv. atvmrh. sagði. Um 1. brtt. viðhafði hæstv. ráðh. nákvæmlega sömu orð sem ég hafði viðhaft um hana í fjvn. Sparnaðurinn, sem af þessu mundi leiða, yrði mjög lítill á árinu 1936, og ég álít, að það væri miklu heppilegra að koma með till. í þessa átt á þingi í vetur, sem þá væri betur undirbúin og fram borin að meira athuguðu máli heldur en þessi óneitanlega er. Þó sé ég raunar ekki, að það spilli neinu, þó þessi till. sé samþ. nú. En ég er sannfærður um, að málið verður samt sem áður tekið upp á næsta þingi í vetur til frekari athugunar, og þá nánari ákvæði um þetta sett, svo samþykkt þessarar till. yrði eiginlega ekki annað en ábending til hlutaðeigenda um, að þetta mál þyrfti athugunar við fyrir næsta þing, og með þeirri „motiveringu“ gæti ég verið samþykkur till., en ekki af því, að ég búist við nokkrum sparnaði af henni fram yfir það, sem yrði þó hún væri ekki samþ. fyrr en á næsta þingi, því skólahaldi þessa árs, sem stendur fram í maí, mun þegar ráðstafað að öllu leyti.

Það má vera, að það sé rétt, að ekki verði mikill sparnaður að því að fela rafmagnseftirlitið landsímanum, en n. hefir áður skotið því til hæstv. stj., hvort ekki væri rétt að gera þessa breyt., og hefir þá álitið, að þannig mætti koma þessu eitthvað ódýrara fyrir.

Viðvíkjandi till. um sölu varðskipanna hefi ég ekki annað að segja en það, að hún fer ekki fram á annað en heimild til handa ríkisstj. til þess að selja eða leigja þessi skip; hún getur selt sum og leigt sum, eða látið það vera, allt eftir því, hvernig kjör bjóðast. Mér finnst ekki rétt að sæta neinum smánarboðum í þessi skip, hvorki eitt þeirra né neitt, það sé þá betra að eiga þau heldur eitt árið enn; en ég er með því að selja hvert þeirra sem er, ef almennilegt verð fæst.

Þá er 4. brtt. um niðurfellingu 1. bekkjar kennaraskólans. Þar um er það að segja, að einn af kennurum skólans á sæti í fjvn., og hafði hann ekkert við till. að athuga. Það er auðsætt, að eitthvað dálítið hlýtur að sparast við að leggja niður þennan bekk. En af því leiðir vitanlega það, að gera verður allstrangar kröfur til þeirra, sem ganga inn í 2. bekk.

Um 5. brtt., viðvíkjandi takmörkun á tölu nemenda, sem teknir eru inn í deildir háskólans, er það að segja, að engan sparnað leiðir af henni á næsta ári. Hvað síðar kynni að verða, skal ég ekki segja, en hitt er víst, að hér er farið út fyrir þau takmörk, að draga úr útgjöldum næsta árs með bráðabirgðabreytingum.

Þá er 6. brtt. Í n. var ég mótfallinn því að hætta að hafa prófdómara við skóla yfirleitt, en hinsvegar munu minir flokksmenn ekki vera mér sammála í því efni, a. m. k. ekki allir. Ég tel ekki heppilegt að hindra það, að skólar hafi utanskóla prófdómendur, því ég álít, að það geti verið gott fyrir hvern skóla. Það er einnig trygging fyrir nemendurna í því fólgin, að utan að komandi menn séu prófdómendur, því það kemur ekki svo sjaldan fyrir, að nemendur verða ósáttir við einstaka kennara, sem þá ef til vill vilja ná sér niðri á nemendum þeim, sem í hlut eiga, og er þá gott tækifæri til þess við próf. Réttur nemenda er óneitanlega betur tryggður, ef utanskólamenn eru prófdómendur, auk þess sem það er líka betra fyrir skólann sjálfan, ef prófdómendurnir bera honum vitni um góða kennslu. Ég greiði því atkv. á móti þessari brtt., þar sem ég tel hana til hins verra.

Þá er 7. liður brtt., sem ég er algerlega mótfallinn. Hann er svo langt utan við þann ramma,

sem frv. er sniðið eftir, að það er þá eins hægt að seilast til hvaða löggjafar sem er á þennan hátt, ef hann er samþ. Mér skildist á hv. þm. S.-Þ., að þetta ákvæði viðvíkjandi kvennaskólanum ætti að hans áliti aðeins að gilda árið 1936, en ég vil benda honum á, að till. byrjar þannig: Frá 1. júlí 1936 gilda um kvennaskólann í Reykjavík o. s. frv. Það er alveg ótakmarkað hvað lengi, svoleiðis að þetta hlýtur að eiga að gilda áfram. Svo þykir mér hv. þm. nokkuð djarftækur til atkv. í n., þegar hann er að skýra frá, hverjir fylgi till. Ég man, að hann spurði báða flokksmenn sína í n., hvort þeir væru með þessari till., annar lét í ljós, að hann kynni að verða með henni, en hinn sagðist vera mjög smeykur við hana. Engin atkvgr. fór fram. Það er vitað, að 4 nm. eru á móti þessari brtt. (**JJ**: Eins og ég sagði frá). Já, það var til sinna flokksmanna, sem ég átti við, að hv. þm. hefði verið djarftækur, en hann veit nú kannske, hvað hann má bjóða sér í þeim efnum. Ég tel mjög hæpið, að meiri hl. fjvn. standi bak við þessa till. Það skiptir að vísu ekki miklu máli, hv. þm. hefir vitanlega rétt til að flytja hér till., sem fjvn. er ekki samþykk, en ég vildi bara benda á það, að um þessa till. gegnir allt öðru máli heldur en hinar flestar eða allar.

Um innihald þessarar brtt. er það að segja, að samkv. henni flytjast ⅝ af kostnaðinum við kvennaskólann hér í Reykjavík af ríkinu yfir á bæjarsjóð Reykjavíkur, eins og hv. þm. tók líka fram. En eins og nú er heldur ríkið þessum skóla uppi að mestu leyti. Nú finnst mér það harla undarlegt, að setja slíka skólalöggjöf inn í þetta frv. Það lítur óneitanlega dálítið „komiskt“ út, að þetta er viðaukatill. við frv. um útflutningsgjald, og svo er verið að gera með henni ákvörðun viðvíkjandi kvennaskólanum í Reykjavík. Þó þetta sé e. t. v. ekki veigamikil ástæða, þá er hitt veigameira, að hér er þverbrotin sú meginregla, sem sett er með l. um gagnfræðaskóla frá 1930. Þar er beinlínis gengið út frá, að í hverjum kaupstað skuli vera einn gagnfræðaskóli, og gagnfræðaskóli Reykjavíkur hefir þegar verið settur hér upp samkv. þeim l. En svo er hér annar gagnfræðaskóli, líka kostaður af bænum að mestu leyti, eða að því leyti sem rekstur hans byggist ekki á skólagjöldunum, sem eru mjög há. Sá skóli var settur á stofn hér vegna þess að hv. þm. S.-Þ. lokaði, er hann var ráðherra, að nokkru leyti menntaskólanum fyrir nemendum héðan úr Reykjavík. Ég segi þetta ekki honum til ámælis, en hann gerði þetta, og afleiðingin varð sú, að Reykvíkingar töldu sig til neydda að setja upp annan skóla, sérstaklega til þess að undirbúa menn undir menntadeild menntaskólans. Þetta er því skóli, sem hefir allt annað markmið heldur en aðrir gagnfræðaskólar, og ég skal ekki um það þrátta, hvort rétt er að kalla hann gagnfræðaskóla eða ekki, en hitt er óumþráttanlegt, að hann er sniðinn fyrir allt annað markmið og kennir þar af leiðandi annað heldur en aðrir gagnfræðaskólar, þar sem hann á að annast undirbúning undir ákveðið framhaldsnám, og er settur upp á kostnað Reykjavíkurbæjar til þess. Ef þessi skóli á að ganga undir gagnfræðaskólaheitinu, þá eru hér tveir gagnfræðaskólar, sem Reykjavík heldur uppi. Nú kemur hv. þm. S.-Þ. og vill heimta af Reykjavíkurbæ, að hann haldi uppi þriðja gagnfræðaskólanum. Þetta finnst mér ekki sanngjarnt, nú á elleftu stundu og án nokkurs undirbúnings. Ég hygg, að í kvennaskólanum séu fleiri nemendur utan af landi hlutfallslega heldur en í öðrum skólum hér. Svo er annað, og það er það, að þessi skóli lifir ekki eingöngu af því fé, sem hann fær frá ríkinu. Hann hefir há skólagjöld; ég hefi ekki leitað mér upplýsinga um, hvað þau nema mikilli upphæð, — það gæti ég gert, ef umr. verður frestað, sem ég geri ráð fyrir; en ég hygg, að það sé ekki undir 10 þús. kr., sem þessi skóli fær inn í skólagjöldum; þau eru sem sé hærri þar heldur en við gagnfræðaskólana.

Ég álít, að ef fara ætti einhverja svipaða leið og hér er lagt til, þá væri rétt, eins og hæstv. ráðh. drap á, að taka málið á miklu breiðari grundvelli og athuga t. d., hvort ekki væri hægt að hafa einn stóran gagnfræðaskóla fyrir Reykjavík. Hitt kemur mjög svo ankannalega við, að bæta við l. um gagnfræðaskóla, þar sem stendur, að gagnfræðaskólarnir skuli vera samskólar, að hér í Reykjavík skuli vera annar skóli eingöngu fyrir kvenfólk. Svo er það, að þetta ákvæði á ekki að öðlast gildi fyrr en 1. júlí næstkomandi, en þá verður næsta þing vitanlega hjá liðið, þannig að ég sé ekki, að þessari brtt. liggi nokkurn skapaðan hlut á. Það er e. t. v. gott, að hún kom fram, til þess að sýna hug hv. þm. S.-Þ. í þessu efni, en hún getur ekki haft hina minnstu þýðingu fyrir tímabilið frá lokum þessa þings og til loka næsta þings, og frá formsins sjónarmiði skilst mér till. vera óframbærileg. Ég mun því greiða atkv. á móti þessum lið brtt., og reyndar líka sumum öðrum af þessum till., en verði hann samþ., munu a. m. k. renna á mig tvær grímur um það, hvað ég á að gera um frv. í heild sinni á eftir.

Jón Baldvinsson óyfirl.: Hv. 1. þm. Skagf. hefir séð ástæðu til að mæla með till. meiri hl. fjvn. og nú hæstv. fjmrh. um að fella niður prentun Alþt. Ég sé nú ekki annað vænna, af því ég veit, hvað mikill vinskapur er á milli hans og hv. þm. S.-Þ. um þessar mundir, svo þar gengur ekki hnífurinn á milli, en að taka nú hv. þm. S.-Þ. og láta hann svara hv. 1. þm. Skagf. Það vill svo vel til, að þetta mál hefir fyrr verið rætt í þinginu, og ætla ég, með leyfi hæstv. forseta, að lesa upp dálítinn kafla úr ræðu hv. þm. S.-Þ. frá þinginu 1924, þegar þetta var til umr. Vona ég, að hv. þm. sannfærist við það, því ræðan er mjög snjöll og í henni felast flest rökin, sem flutt eru fram gegn niðurfellingu umræðupartsins. Ég hefi drepið á sum þeirra áður, en ég játa, að hv. þm. S.-Þ. gerir það miklu betur, og af því ég veit, hvað hv. 1. þm. Skagf. gerir mikið með það, sem hann segir, er rétt að lofa honum að heyra það. Fyrst er hv. þm. S.-Þ. hér að hæla Sigurði Eggerz fyrir það, hvað hann tali vel. Þá segir hann frá því, að málið hafi þrisvar sinnum áður komið fram á þingi. Síðan segir hann svo:

„Má af meðferð málsins í öll þessi skipti nokkuð sjá, hvernig því er varið. Fyrst 1909 bar

það fram leiðandi maður stærsta meiri hluta, sem verið hefir á þingi. Samt verður endirinn sá, að þessi maður verður að gefast upp við að koma málinu fram.“ Þetta fór svona í Sþ. nú, að þessir tveir leiðandi menn höfðu ekki nema 18 með sér í málinu en 28 á móti. Svo heldur hv. þm. S.-Þ. áfram:

„Samhliða því, að hann tekur við stjórn með mikinn meiri hl. að baki sér, verður hann þó í *minni hl. í máli þessu og getur ekkert í því gert.* Bendir þetta á það, að þegar flokksmenn þessa manns, sem sé Björns heitins Jónssonar, fóru að athuga málið, þá treystust þeir ekki til að fylgja honum í því.“

Þá segir hv. þm., þegar hann er að tala um kostnaðinn:

„Þá var, eins og nú, gert ráð fyrir nokkrum þús. kr. í kostnað við fjölritun ræðanna, og hið sama mun hafa vakað fyrir flm. þá sem nú, hvað geymslu handritanna snertir.“

Nú hefir hæstv. fjmrh. borið fram till. um að fella niður prentunina, en það á að skrifa ræðurnar, *og líklega þá að fjölrita þær.* Um þetta segir hv. þm. S.-Þ. 1924: „Það minnir mig reyndar á gamla bók frá 12. öld, sem ég sá í Englandi fyrir nokkrum árum. Hún var járnbent og hlekkjuð föst í múr til varnar móti þjófum. Nú á 20. öldinni erum við á Íslandi að komast í nokkuð svipað ástand með því að gera þingtíðindin að sjaldséðu handriti.“

Enn heldur hv. þm. áfram:

„Ég tek undir það með hæstv. forsrh., enda er mér það persónulega kunnugt, að á mörgum svæðum landsins eru Alþt. lesin með mestu ánægju, og ég veit, að það yrði álitið hið mesta *hermdarverk úti um land, ef frv. þetta yrði* samþykkt. Hv. flm. (JM) gat þess, að blöðin flyttu nú bæði almennar þingfréttir og einstakar ræður þm. Ég er samdóma hæstv. forsrh., að eins og blöðin eru nú, þá taka þau aðallega svari sinna flokksmanna, enda væri fjarstæða að gera ráð fyrir því öðruvísi. Ég vil ennfremur leyfa mér að undirstrika það, sem hv. sami ræðum. (SE) tók fram um blöðin, því að illt er að treysta þeim einum í þessu efni, þegar af þeirri ástæðu, að ríkustu flokkarnir gætu gefið mest út og þannig haft bezta aðstöðuna til þess að ná til fólksins.“ — Stærsti flokkurinn núna *styðst til dæmis við 10 blöð.* Þá herðir hv. þm. á ræðunni og segir: „Ég tel það hneykslí og ósamboðið þjóðinni, eftir að búið er að gefa út þingtíðindin síðan 1845, að leggja þau niður nú, enda þótt tímarnir séu erfiðir. Skil ég ekki, hvernig hv. flm. (JM) getur litið framan í samtíð sína og eftirtíð, þegar hann hugsar um það, hvernig ástatt var fyrir íslenzku þjóðinni fyrir 1874, þegar hún var eins og hreppur í Danmörku, en tókst samt að gefa út þingtíðindin. Þá datt engum í hug að kæfa rödd þingsins eins og nú er gert. Og það er almennt álitið, að á tímabilinu frá 1874 til aldamóta hafi verið gætt mikillar varúðar um fjárhag landsins, en þó kom aldrei til mála að hætta prentun þingtíðindanna, ekki einu sinni milli 1880—1890, þegar landsmenn voru að deyja úr hungri og eymd og flúðu til Ameríku þúsundum saman. Það er fyrst eftir að þjóðin hefir fengið stjórnina inn í landið, og þegar fullveldið er fengið, að það fer að bóla á þessari kyrkingartilraun við Alþ.

Að endingu vil ég, alveg gremjulaust beina þeirri spurningu til hv. flm. (JM), hvort hann sjái ekki það sorglega í því, að hann, sem var stjórnarformaður, þegar landið varð fullvalda ríki, og mun telja sig eiga einhvern þátt í því, að landið varð sjálfstætt ríki á pappírnum, og hann, sem stjórnaði landinu fyrst á eftir, skuli *vera flm. að frv., er gengur í þá átt að loka* þinginu fyrir þjóðinni.“

Og enn segir hv. þm.: Ég fæ engan veginn sætt mig við, að nú sé gripið til þeirra örþrifaráða, sem áður þekktust ekki, þegar fátækt og hörmungar hrjáðu landið meira en nokkru sinni og það var þar að auki undir yfirráðum annars ríkis.“

Þá segir hv. þm. ennfremur:

„Það er engu líkara en að allar þessar till. séu bornar fram með það fyrir augum, að drepa vísvitandi hið frjálsa lýðræði í landinu, sem stjórnskipulag þess byggist á.“

Hv. þm. hefir enn í seinni ræðu sinni sagt um flokk þann, sem stóð að frv.: „Sá flokkur, sem skammast sín fyrir gerðir sínar á þingi, hann er hræddur við að láta prenta þingtíðindin og leggja gerðir sínar undir dóm þjóðarinnar. En hinir, sem halda því fram, að það eigi að prenta þingtíðindin, eru ekki hræddir, af því að þeir vita, að þeir hafa ekkert að fela. Þetta er mjög augljóst mál. Hverjir eru það, sem leggja á flótta, þegar á hólminn er komið? Það eru bleyðurnar, ragmennin og hinir sakfelldu, sem vita á sig skömmina. Hverjir eru það, sem fela sig og fara huldu höfði, er lögregluþjónar nálgast? *Það er þjófarnir, því það er hér eins og* endranær, að sök bítur sekan.“

Margt af þessu, sem ég hefi lesið upp, eru sterk rök, og má segja, að þetta sé laglega orðuð ræða, og með því sérkennilega orðalagi, sem einkennir þennan hv. þm. En öll ræðan hnigur að því að kveða niður þá till., sem hann og hv. 1. þm. Skagf. bera nú fram í þinginu.

Sigurjón Á. Ólafsson [óyfirl.]: Ég ætlaði mér í upphafi ekki að segja mikið um þetta mál, en ég get ekki setið hjá eftir að þessar mörgu brtt. hafa komið fram við það við þessa síðustu umr. *málsins. Mér hefir virzt það einkennandi fyrir* þá hv. þm., sem hafa verið að ræða um að finna leiðir til þess að spara og draga úr útgjöldum ríkissjóðs, að þeir virðast vera svo svartir í sínum eigin huga, að þeir geta aldrei séð neitt bjart fram undan. Þessir hv. þm. virðast vera orðnir svo fastir í þeirri trú, að nauðsynlegt sé að skera niður, að það liggur við, að þeir séu eins og karlinn, sem hélt, að pest væri komin í allar kindurnar og drap þær því, þó að í raun og veru væri pest aðeins í einni kindinni. Mér finnst kenna svipaðs hugsunarháttar hjá þeim, sem nú bera fram brtt. um þetta frv., sem hér liggur fyrir, þó að það sé hægt að virða tilganginn með þeim, eins og hann er út frá þeirra sjónarmiði. En oft er það líka svo, að það er eins og það komi líkn með þraut, og að úr greiðist betur en menn gerðu sér vonir um. Og skal ég í þessu sambandi benda á það, að eftir síðastl.

hörmungarsildarsumar hefir nú í haust veiðzt síld í Faxaflóa, sem hefir verið seld fyrir um 2 millj. kr. En hvern skyldi hafa dreymt um það á liðnu sumri? Og það eru jafnvel til birgðir núna, sem eflaust er hægt að selja fyrir eitthvað. Þó að útlitið sé dökkleitt, þá verða menn samt að vona, að ekki séu allar bjargir bannaðar fyrir þjóðarbúskapinn næsta ár. Ég er einn af þeim mönnum, sem horfa fram á örðugleikana, en ég loka þó ekki augunum fyrir því, sem menn kalla bjartsýni.

Ég vil þá víkja örlítið að þeim brtt., sem liggja hér fyrir á þskj. 755. Um 1. og 2. brtt. skal ég ekki ræða. En um 3. brtt. hefir verið rætt hér töluvert og færð fram skýr rök fyrir nauðsyninni á því að prenta þingtíðindin. En í þessu sambandi hefir ekki verið minnzt á þá stétt, prentara, sem leysa þetta starf af hendi. Ég vil benda á, að á næsta ári mun óttinn við það, að þröngt verði í búi og kaupgeta almennings lítil koma niður á bóka- og blaðaprentun, og þá koma harðast niður á þeim, sem að henni hafa unnið, sem sé prenturum. Á slíkum tíma sem þessum er það ekkert lítill póstur fyrir þessa stétt, að hætt sé að prenta þingtíðindin, en fyrir það er greitt nálega 40 þús. kr. Og þó að nokkuð af þeirri upphæð fari fyrir efni, þá er þó mestur hlutinn vinnulaun. Það er því ekki nema eðlilegt að prenturum þyki það kuldaleg jólagjöf frá Alþ. að ætla nú að fella niður á næsta ári þennan vísi til lífsframfæris fyrir þá. Ég vil líka benda á, að ríkið á fyrirtækið, sem vinnur að þessu, svo þetta er í rauninni að láta úr einum vasa í annan. Það er gert ráð fyrir því í fjárl., að rekstrarhagnaður ríkisprentsmiðjunnar sé 60 þús. kr., og get ég ekki betur séð en að hann sé skertur að miklum mun, ef sleppa á niður 40 þús. kr. upphæð. Ég sé því ekki betur en að það verði þá að draga nokkuð frá rekstrarhagnaðinum í fjárl. En mér virðist, að þetta hafi ekki verið tekið með, þegar rætt hefir verið um að leggja niður prentun þingtíðindanna.

Um 4. brtt. skal ég vera fáorður. Ég hefi ekki haft tíma til þess að kynna mér það, hvort hér er um þungbæra niðurfellingu að ræða fyrir þá, sem hlut eiga að máli, nefnilega prestana. Ég hefi ekki gert mér skýra grein fyrir því, hver laun þessara manna eru, eða hvort það sé mögulegt að klípa af þeirri uppbót, sem hér er um að ræða. Ég skal ekki fara frekar út í liðina á þessu þskj. Þeir snerta flestir landbúnaðinn, og er því eðlilegt, að fulltrúar landbúnaðarins tali um þá.

Þá kem ég að till. á þskj. 794. Ég sé nú, að hv. flm. er horfinn út úr d., en ég mun nú samt halda ræðu minni áfram. Ég skal ekki fara út í 1. liðinn, því að flm. hefir þar verið að nokkru leyti svarað af hæstv. kennslumálaráðh. og einnig af 2 öðrum hv. ræðumönnum. En ég kemst ekki hjá því að minnast á 3. liðinn, sem er um varðskipin. Ég skal geta þess, að ég var með í því að flytja till. til þál. um það, að athugaðir væru mögulcikarnir fyrir ódýrari landhelgisgæzlu, og var sú till samþ., að skipuð væri n. til þess að athuga það mál. Nefndin, sem skipuð var, vann verk sitt lofsaralega, en hún kom þó með till., þar sem hún benti á, að hugsanlegt væri að gera landhelgisgæzluna ódýrari með því að nota minni skip. Nú hefir Alþ. heimilað ríkisstj. að leita tilboða í 2 af skipunum, Óðin og Þór, og var það samþ. þrátt fyrir mótstöðu Alþýðuflokksmannanna. En nú verður að líta á það, að hér er um ólík skip að ræða. Óðinn er dýrasta skipið, sem notað er við landhelgisgæzluna. En Þór er aftur á móti miklu ódýrari, og er munurinn mikill á rekstrarkostnaði skipanna. Ég get verið samþykkur því, að Óðinn sé seldur, ef fyrir hann fæst viðunandi verð, en ég vil ekki láta selja hann fyrir neitt spottverð, eða verð, sem við getum ekki verið þekktir fyrir að selja hann fyrir. Nú skilst mér á hv. flm., að von sé um tilboð í Óðin, og ef það er sæmilegt, þá tel ég rétt að selja hann. En frá mínu sjónarmiði á sú upphæð, sem fæst fyrir hann, að fara til þess að kaupa hagkvæmara og hentugra skip, en ekki að hafa það sem eyðslufé fyrir stj. Mitt atkv. er bundið við það, að annað skip komi í staðinn. En þó að ég geti verið með því, að Óðinn sé seldur, þá er ég andvígur því, að Þór sé seldur. Eins og nú er háttað, þá er ekki hægt að fá við Vestmannaeyjar ódýrara skip en Þór, sem fullnægi þeirri þörf, sem er á gæzlu skipa og mannslífa þar. Ég hefi ekki trú á því, að við fáum öllu betra skip en Þór af sömu gerð til þess að fara út í hvaða veður sem er og bjarga, ef með þarf. Ef Þór yrði seldur, þá teldi ég það brigðmælgi við fiskimannastéttina, ekki einungis við Vestmannaeyjar, heldur líka annarsstaðar, en hún krefst þess, að ríkið veiti henni þá aðstoð, sem það megnar, og reyni að hafa eftirlit með því, ef eitthvað verður að skipum. Það verður að teljast, að Alþ. beri skylda til þess að gera það, sem því er unnt, til þess að vera á verði fyrir þau mannslíf, sem færa þjóðarbúskapnum drýgstan skerfinn. Á meðan engar líkur eru til þess, að hægt sé að fá jafngott skip og Þór, þá má það teljast næstum goðgá að láta hann af höndum. Það eru engar líkur til þess, að það fáist gott verð fyrir hann, því hann er ekki af þeirri gerð togara, sem eru eftirsóttir hér. Hann er af hinni minni stærð, og hefir ekki aflmikla vél, og það hefir sýnt sig, að slíkir togarar eru ekki reknir hér með góðum árangri. Togari af líkri stærð var dreginn einu sinni út af Söndunum, og hefir hann reynzt einna lakast af þeim togurum, sem dregið hafa vörpu hér við land. Þeir eru ekki samkeppnisfærir við hin stærri skip úti á djúpmiðunum. Og hið sama mundi bíða Þórs, svo að útgerðarmenn myndu ekki verða fíknir í að kaupa hann og láta hann stunda veiðar með botnvörpu. Og þó að hann sé nothæfur til síldveiða, þá verður hann aldrei keyptur til þess að nota hann eingöngu til slíkra veiða. Það eru því engar líkur til þess, að hann verði keyptur fyrir það verð, sem ríkið getur verið þekkt fyrir að láta hann fyrir. Af þessari ástæðu er það barnaskapur að láta Þór úr eigu ríkissjóðs. Ég skal geta þess, að það er draumur margra manna, að landhelgisgæzlan og björgunarstarfsemin sé sameinuð. Ég hygg, að það sé skoðun mjög margra, að þetta sé mögulegt. Björgunarstarfsemin í landinu er nú orðin sérstakur félagsskapur, sem er þó nokkuð voldugur, og sýnir

það, að landslýðnum hefir skilizt, að það ber að leggja mikið í sölurnar fyrir þá, sem leggja út á hafið til þess að færa björg í land. En það er ekki víst, hvort hægt er að sameina landhelgisgæzluna þeim félagsskap, sem hefir slysavarnir með höndum. Ef það er álitið kleift, þá verður að byggja björgunarbátana þannig, að þeir geti um leið verið gæzlubátar. En ennþá er enginn útbúnaður hafinn í þá átt. Á meðan svo er, er ekki hægt að kasta frá sér þeim varðskipum, sem til eru. Ég hygg, að Alþ. muni berast þungar ásakanir og kvartanir, ef ríkið sér sér ekki fært að hafa landhelgisgæzluna í sæmilegu horfi, því fjöldi fiskimanna á mikið undir því, hvernig landhelgisgæzlan er framkvæmd. Það hefir verið svo undanfarið og mun verða svo á næstu áratugum.

Það hefir verið drepið á það af hv. flm., að halda mætti uppi landhelgisgæzlu með minni bátum. Ég er sammála honum að svo miklu leyti sem slíkir bátar geta komið í stað hinna fullkomnari skipa. En þeir bátar, sem notaðir hafa verið 2 undanfarin ár, hafa ekki verið svo fullkomnir, að hægt væri að bjóða þeim út í hvaða veður sem er. Það hafa verið gömul skip og ekki svo örugg, að hægt sé að beita þeim út í hvaða sjó sem er. Þessir bátar hafa líka aðallega verið notaðir þann tíma, sem veðrið er bezt og blíðast. En það er þörf annara stærri og fullkomnari skipa, þegar nótt er dimmust og allra veðra von. Og til þess að annast landhelgisgæzluna á þeim tíma þarf skip, sem menn geta verið öruggir um líf sitt á. En um þau skip, sem notuð hafa verið til landhelgisgæzlu að sumarlagi undanfarið, er það að segja, að menn geta ekki verið meira en svo öruggir um líf sitt á þeim á þeim tíma, þegar allra veðra er von. Og ég er á móti slíkri landhelgisgæzlu. Ég er því á þeirri skoðun, að við getum ekki látið af hendi nema eitt af skipunum. Ég vildi láta þetta koma fram í sambandi við þær umr., sem orðið hafa um varðskipin.

Um Hermóð er það að segja, að ég get verið flm. sammála um það, að ríkið getur að meinalausu losað sig við Hermóð. Hann var keyptur fyrir vitana og notaður til þess að flytja efni til byggingar vita og vistir til þeirra, sem vinna við vitana. En til þess þarf ekki sérstakt skip. Það hefir verið bent á, að við suðurströndina getur Skaftfellingur annazt þessa flutninga, enda er það till. samgmn. Reynslan hefir líka sýnt, að sumpart er hægt að flytja þetta með skipum Eimskipafél. og sumpart með strandferðaskipunum. Nú hefir líka dregið úr vitabyggingum vegna hins erfiða fjárhags ríkissjóðs, og engar líkur eru til þess, að flutningur efnis verði svo neinu nemi, og er þá hægur vandi að nota strandferðaskipin til þess að flytja það. Ég verð því að álíta, að ríkið geti sér að meinalausu látið Hermóð. En ég veit bara ekki, hvað er hægt að gera við hann. Hann er gamall hvalveiðabátur, sem búið er að leggja í mikið fé, og er hann þeirrar tegundar, sem ég efast um, að menn vilji eiga. Það mætti ef til vill nota hann til síldveiða. Hann gæti líka verið flóabátur. Í því sambandi má geta þess, að Ísfirðingar ættu að geta notað hann, því þeir hafa nú um tíma notazt við mjög ófullkominn bát. Ég álít því, að það ætti að reyna að leigja Hermóð, því ég býst við, að engar líkur séu til þess, að hægt sé að selja hann.

Um 4., 5., 6. og 7. brtt. hefir verið rætt allmikið. En ég vil ekki láta hjá líða að minnast á 6. brtt. sem er um að afnema prófdómendurna. Fyrst var hugmyndin sú, að láta hana ná til allra ríkisskólanna, en það hefir nú verið leiðrétt, sem betur fer, svo að nú eiga að vera prófdómendur við embættispróf í háskólanum og burtfararpróf í kennaraskólanum og fleiri skólum, sem nefndir eru. Ég get sagt fyrir mitt leyti, að ég er á móti þeirri stefnu, að kennararnir, sem hafa undirbúið nemendurna undir prófin, dæmi einir um frammistöðu þeirra. Ég held, að það ætti að vera regla, að utanaðkomandi menn dæmi a. m. k. um getu nemendanna, þegar þeir fara út úr skólunum. Ég álít, að það sé næstum því goðgá að láta kennarana eina dæma um hæfileika nemendanna við burtfararpróf, því það er vitað, að menn hafa náð prófi fyrir atbeina einstakra kennara. Þetta er auðvitað ekki algengt, en dæmi munu vera til þessa. Ég er því með till. að því leyti, sem hún gerir ráð fyrir því, að prófdómendur séu við embættispróf í háskólanum og burtfararpróf í kennaraskólanum, stýrimannaskólanum og vélstjóraskólanum. En ég býst við, að það þurfi að launa prófdómendur við fleiri skóla. En ég get sagt það, að ég er á móti þeirri stefnu, sem kemur fram í fyrri hluta till.

Um kvennaskólann skal ég ekki fjölyrða, og þarf ég að afla mér frekari upplýsinga áður en ég greiði atkv. um það, hvort rétt sé að skella skólanum á Reykjavík eða ekki. Yfirleitt er kvennaskólinn góður skóli, þó að það megi segja, að yfirleitt sé hann skóli efnaðra borgara í landinu, en það sannar ekki neitt um nauðsyn skólans, og mín skoðun er sú, að kvennaskólar séu nauðsynlegir bæði hér og annarsstaðar. Hitt greinir á um, hvað kenna eigi. Ég er enginn sérstakur fræðimaður, en ég hefi mína leikmannsskoðun á því, hvað beri að kenna húsmæðraefnum og hvað þeim sé mest áríðandi að kunna. Ég hefi mína persónulegu skoðun um þetta, en ætla ekki að fara frekar út í það.

Ég get svo látið útrætt um þessar till. að sinni. Ég þykist vita, að ýmislegt komi fram í umr., sem gefur ástæðu til að taka ýmislegt fleira fram en ég hefi gert í þessari ræðu minni.

Guðrún Lárusdóttir: Ég vil segja fáein orð út af því, sem hv. þm. S.-Þ. sagði hér áðan. Hann hélt því fram, að kvennaskóli Reykjavíkur væri ekki sérmenntunarskóli fyrir konur. Hann vildi gera lítið úr hannyrðakennslu þeirri, sem væri í skólanum, og sagði, að þar hefði verið kennd lítils háttar handavinna. En hvernig stendur á því, að þessi hv. þm. heldur þessu fram, þegar hann veit, að í þessum skóla hefir frá byrjun verið lögð aðaláherzla á hannyrðir og fatasaum, svo að þótt hv. þm. S.-Þ. telji, að handavinnukennsla þar sé lítilsháttar, þá legg ég ekki mikið upp úr því. Hann sagði líka, að kvennaskóli Reykjavíkur væri unglingaskóli fyrir Reykjavíkurbúa. Hvernig á að skilja þetta? Þessi

skóli, sem æfinlega, árs árlega, hefir tekið á móti fjöldamörgum sveitastúlkum. Hér liggur fyrir skýrsla um skólann eftir 60 ára starf, og á þeim tíma hafa 4 þúsund stúlkur notið menntunar í skólanum, og mikill hluti þeirra hefir verið úr sveit. (JJ: Hve mikill hluti er það?). Nú stunda 130 stúlkur nám við skólann, og af þeim eru 50 úr sveit. Af 24 stúlkum, sem eru í húsmæðradeild skólans, eru 21 úr sveit. Ef hv. þm. S.-Þ. efast um, að þetta sé rétt hermt, þá er hægt fyrir hann að hringja upp fyrrv. kollega sinn hér á þingi, fröken Ingibjörgu H. Bjarnason, og athuga, hvort ég fer ekki rétt með.

Hann sagði ennfremur, að skólinn væri forngripur frá réttleysistímum kvenna. Þessi skóli hefir nú starfað í 60 ár og hann hefir staðið vel í stöðu sinni, undirbúið fjöldamargar konur vel fyrir lífsstöður þeirra og fylgzt vel með öllum nýjungum á sviði menntanna. Og ég spyr hv. þm. S.-Þ., hvort hann hyggur, að aðrir skólar hafi staðið öllu betur í stöðu sinni heldur en einmitt kvennaskólinn, sem hann kallar forngrip frá réttleysistímum kvenna.

Viðvíkjandi því, að lítið er gert úr handavinnukennslu skólans, þá vil ég láta það koma fram og fá það skjalfest í þingtíðindunum, að þegar haldin var hér sýning á handavinnu frá ýmsum skólum, þá sóttu sýninguna allmargir útlendingar, og sú handavinna, sem mesta athygli vakti, var frá nemendum í kvennaskóla Reykjavíkur, og vildu ýmsir hinna útlendu gesta fá að kynnast betur þeirri stofnun, sem kenndi þeim nemendum, er höfðu til sýnis jafnfagra handavinnu og vel unna muni eins og voru á þessari sýningu. Þetta bendir á, að það sé enganveginn lítilsháttar kennsla í handavinnu í kvennaskóla Reykjavíkur, enda er sannleikurinn sá, að kennsla í handavinnu er meiri en í bóklegum fræðum; t. d. í 2. bekk eru litlar bóklegar námsgreinar. En hver skyldi annars lasta það, þótt kennslan sé líka bókleg? Er það ekki beinlínis lofsvert að gefa nemendunum kost á að læra sem flest og búa stúlkuna undir það að geta tekið að sér sem flest af þeim störfum, sem snerta daglegt líf?

Í kvennaskóla Reykjavíkur er nú kennd bókfærsla og vélritun; í húsmæðradeildinni er kennt að halda búreikninga; þar er og kennt ýmislegt, er að hjúkrun lýtur, svo sem meðferð á ungbörnum o. fl. Til þess að kenna það hefir verið fengin hæf hjúkrunarkona. Kennaraval skólans er yfir höfuð mjög vandað.

Ég þykist nú hafa sýnt fram á það með þessum fáu orðum, að það er ekki rétt, að kvennaskóli Reykjavíkur sé ekki sérfræðiskóli fyrir konur. Það er ekki heldur rétt, að hann sé aðeins unglingaskóli fyrir Reykjavíkurbúa eða að hann sé forngripur frá réttleysistímum kvenna. Hann er lifræn stofnun, sem stendur fyllilega á sporði hvaða öðrum skóla í þessu landi sem er, að þeim öllum ólöstuðum. Hv. 4. þm. Reykv. lét svo um mælt, að skólinn væri skóli efnaðra borgara. Ég held, að þær stúlkur, sem sækja skólann, ara. Ég held, að þetta sé alls ekki rétt hjá honséu yfirleitt ekki sérstaklega ríkar. Það mun vera alveg upp og ofan. Skólagjaldið er ekki heldur hátt, 100 kr. fyrir allan veturinn, og ég veit til þess, að það eru ekki fá dæmi þess, að sveitastúlkur hafa setið fyrir þeim styrk, sem skólinn hefir yfir að ráða.

Ég ætla ekki að orðlengja þetta meira. Ég kvaddi mér hljóðs til þess eins að leiðrétta þessi ranghermi hjá hv. þm. S.-Þ., og í sambandi við það vil ég svo ljúka þessum fáu orðum mínum með því að segja það, að ekki er of mikið gert fyrir sérfræði kvenna og húsmæðraefnin í landinu, þótt ekki sé farið að skera niður þann styrk, sem kvennaskóli Reykjavíkur hefir notið, því ef það er gert, hlýtur skólinn að draga mikið úr starfi sínu og getur ekki komið að jafnmiklum notum og áður. Mér virðist, að ríkið ætti heldur að spara á öðrum sviðum. Þeir peningar, sem lagðir eru til uppeldismála — og ekki sízt þeir, sem lagðir eru til sérmenntunar kvenna —, eru peningar, sem þjóðin tekur inn aftur á öðrum sviðum. Ég hygg, að þær konur, sem menntunar njóta í kvennaskóla Reykjavíkur, komi til með að vinna þjóðinni það gagn, að ekki verði séð eftir nokkrum þúsundum, sem fara til þess að undirbúa þær undir lífsstarf þeirra.

Umr. frestað.

Á 95. fundi í Ed., 14. des., var frv. tekið til framhalds 3. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 96. fundi í Ed., 16. des., var enn fram haldið 3. umr. um frv. (A. 575, 755, 779, 794, 805, 811).

Þorsteinn Briem [óyfirl.]: Það hefir verið sagt um þetta frv., að því væri líkt háttað og bandorminum, að fyrst hafi verið lítill haus, og svo hafi margir liðir myndazt. Liðirnir eru nú orðnir 16 alls, að því er mér skilst, á eftir litla hausnum, og er fyrirsögnin um útflutningsgjald, en síðasta till. er um kvennaskólann í Rvík, og gætu menn fljótt á litið ímyndað sér, að hér væri um útflutningsgjald af stúlkum að ræða. Um þann lið hefir nokkuð verið talað, og ætla ég ekki að koma inn á það.

Ég ætla, að það verði ekki hjá því komizt að gera nokkra breyt. á þeim lið, sem fjallar um prófdómendur við ríkisskólana, ef frv. á fram að ganga. Ég teldi það óforsvaranlegt að hafa ekki prófdómendur við stúdentspróf og gagnfræðapróf, því þau próf veita mikil réttindi, og ég tel ekki, að nægileg trygging fáist í þeim prófum nema prófdómendur utan skólanna standi líka að þeim. Að öðru leyti má ná þessum sparnaði, sem hér er um að ræða, með einfaldri stjórnarráðstöfun kennslumálaráðh. Mér skilst það á hæstv. ráðh., að honum væri það ekki fjarri skapi að koma á sparnaði í þessu efni, eftir því sem fært þætti. Og þar sem nánari ákvæði um tilhögun prófanna eru ekki í l., heldur í reglugerð, þá mætti ætla, að þessu mætti ná með bráðabirgðabreyt. á reglugerðum skólanna, og mætti þá koma því fram, sem ætlazt er til með þessum lið.

Um takmörkun á tölu nýrra nemenda í einstökum deildum háskólans ætla ég ekki að ræða. Ég efast um, að nokkrum verulegum sparnaði megi ná með þessu ákvæði í 5. lið á þskj. 794.

Með því að leggja niður 1. bekk kennaraskól-

ans finnst mér, að mætti koma við nokkrum sparnaði. Og ef sá kennari skólans, sem á sæti í fjvn., er því meðmæltur, þá ætti að mega taka nokkurt tillit til þeirrar heimildar.

Ég get að mörgu leyti verið samþykkur 3. lið á þskj. 794. Hv. 4. þm. Reykv. benti á, að þau ákvæði, sem eru í þál., sem samþ. var í Sþ. fyrir skömmu, myndu nægileg í þessu efni.

Um 2. lið á sama þskj. verð ég að segja það, að mér er ekki ljóst, hvort þar er um nokkurn sparnað að ræða, þó að hann yrði samþ. Ég ætla, að þó að eftirlitið falli undir landssímann, þá verði að hafa sömu starfsmenn, ef það á ekki að falla niður með öllu. Það er ef til vill ekki loku fyrir það skotið, að síminn reikni sér þóknun fyrir eftirlit með jafnóskyldu starfi.

Um 1. liðinn á sama þskj. skal ég ekki eyða neinum orðum. Hæstv. kennslumálarh. hefir bent á vankantana, sem verða á því í framkvæmdinni, og það liggur líka fyrir þinginu frv., sem hnígur í svipaða átt. Og það frv. er borið fram með það fyrir augum, að jafnframt því, að skólar eru reistir, þá verði svona fyrirkomulag í þessu efni gert mögulegt.

Um 10. lið á þskj. 755 er það að segja, að ég ætla, að sýslurnar treystist yfirleitt ekki til að leggja fram öllu hærra gjald en þar er gert ráð fyrir til sýsluvegasjóða, og get ég því verið þeim lið samþykkur að því leyti. En ef svo vill til, að svo bráð þörf er á um lagningu sýsluvegar í einhverri sýslu, að hún vill leggja á sig hærra gjald, þá er að vísu ekki sanngjarnt að neita viðkomandi sýslufélagi um lögbundinn styrk á móti.

9. liðurinn á þskj. 755 er um það, að á árinu 1936 leggi ríkissjóður ekki fram fé til bókakaupa prestakalla. Ég get ekki skilið, að þetta eigi að gera í sparnaðarskyni, þar sem ekki er um að ræða öllu meira en 1—2 þús. kr. á ári. Og stundum hefir það verið minna, eins og t. d. eitt árið, þá var það ekki nema rúmar 300 kr., og það munar því ekki mikið um þessa sparnaðartill. En hinsvegar er það hart, ef prestur býðst til þess að leggja fram ¼ af andvirði bóka, sem keyptar eru til þess að koma upp bókasafni í prestakalli hans, að þá sé honum neitað um framlag úr ríkissjóði á móti. Ég veit um eitt bæjarfélag, sem hefir boðizt til þess að leggja fram nokkra upphæð úr bæjarsjóði, til þess að mögulegt væri að auka slíkt bókasafn hjá því. Þetta sýnir, að jafnvel utan prestastéttarinnar er nokkur áhugi fyrir slíkum bókasöfnum. Þessi bókasöfn hafa verið smávaxin hingað til, en þau ættu að geta stækkað.

Um lækkunina á styrk til áburðarkaupa, sem um ræðir í 8. lið á þskj. 755, vil ég taka það fram, sérstaklega eftir að borin hefir verið fram brtt. frá ríkisstj. um að lækka hann enn meira, eða niður í 28 þús. kr., að mér virðist þá nokkuð nærri gengið. Þar sem þingið hefir ekki viljað fallast á, að bændur væru styrktir til þess að koma upp betri áburðargeymslum en þeir hafa haft, svo að þeir gætu betur hagnýtt sér hin innlendu efni, sem notuð eru til áburðar, þá finnst mér það vera nokkuð kuldalegt svar að lækka styrkinn til þess að afla áburðar með þessu móti.

Um lækkunina á fjárframlögum til búfjárræktar er hið sama að segja, en þar er bót í máli, að hæstv. fjmrh. hefir lagt til í brtt. við þennan lið, að styrkurinn sé ekki lækkaður meira en niður í 42 þús. kr., og mætti þá ætla, að ekki væru skertir aðrir liðir til búfjárræktarinnar en það, sem gengið hefir til sýninganna. Og ef svo er, þá má kannske við það una.

Ég hafði ætlað eftir þau orð, sem fallið hafa hjá hæstv. ríkisstj., að hún myndi ekki lækka aftur styrkinn til verkfærakaupa, en svo er lagt til í 6. lið á þskj. 755. Við lauslega athugun virðist mér, að sú lækkun, sem þar er lagt til að verði gerð, muni nema eitthvað yfir 20 þús. kr., og munar hún því allmiklu.

Um það, að fella niður starf gengisnefndar og launagreiðslu til hennar, hefi ég ekkert annað að segja en það, að mér hefði þótt betur við eiga, að l. um gengisnefndina hefði verið breytt svo, að fulltrúar frá atvinnuvegunum hefðu haft þar atkvæðisrétt og að þeir hefðu haft áhrif á gengisskráninguna. En eins og tilhögun gengisnefndar er nú, þá er ef til vill ekki skaði að því, þó starf hennar sé fellt niður.

Þá er 4. liður á þskj. 755, en hann er um það, að fella niður embættiskostnað sóknarpresta um hér um bil helming. Það er fært sem ástæða fyrir þessu, að þetta séu ný lög. Þessi l. eru ekki eldri en frá árinu 1934. En það mun ekki almennt álitið, að ný l. hafi minni rétt á sér en gömul l., enda ættu þau að vera síður úrelt og meira miðuð við ástand nútímans en eldri l. Um embættiskostnaðinn sjálfan er það að segja, að upphæðin mun hafa verið byggð á útreikningi þeim, sem fylgdi frv. frá höndum kirkjumálanefndar, þegar það var borið fram á þingi 1930. En sú grg., sem þar kom fram, var samin af séra Jóni Guðnasyni og séra Sveinbirni Högnasyni, og munu þeir hafa stuðzt við reynslu þá, sem þeir sjálfir höfðu um embættiskostnaðinn. Og það má sjá það af nál. því, sem fram kom, þegar um málið var fjallað á þinginu 1931, að n. hefir fallizt á þá grg. og farið eftir henni. Samkv. þeim upplýsingum, sem þar komu fram, var sýnt, að embættiskostnaðurinn í meðalprestakalli er yfir 500 kr., og meiri í erfiðum prestaköllum. Ég hygg, að það liggi fyrir fjvn. upplýsingar um það, að í einu erfiðu prestakalli norðanlands hafi embættiskostnaður 2—3 undanfarin ár numið talsvert á annað þús. kr. Það virðist ekki neitt meiri sanngirni að fella niður nærri helming af embættiskostnaði presta heldur en af þingfararkostnaði okkar þm. Og því síður er ástæða til þess, þar sem það er játað af flm., að laun þeirra manna, sem í hlut eiga, eru ekki há. Byrjunarlaun flestra presta eru 2000 kr., og hækka svo á 15 árum upp í 3000 kr. Ég ætla, að ekki séu aðrir lægra launaðir, miðað við námskostnað og námstíma, sem mun vera 10—11 ár. Það hefir nýlega verið á það bent, að aðsókn að guðfræðideild háskólans sé of lítil. Það er kunnugt, að það, sem aðallega hefir valdið því, að aðsóknin hefir minnkað, eru hin lágu launakjör presta, sem fæla stúdenta frá því að ganga inn á þá braut. Það hefir ekki verið hægt að komast hjá því um ýmsa aðra embættismenn, svo sem lögreglustjóra o. fl., að

endurgreiða þeim kostnað þann, sem fylgir embættunum. Það er ekki meiri sanngirni, að fella niður embættiskostnað presta en að fella niður embættiskostnað sýslumanna eða hliðstæðra embættismanna.

Um þá till., að dýrtíðaruppbót sé greidd eftir sömu reglum árið 1936 og árið 1935, vil ég taka það fram, að þar sem hagur ríkissjóðs er erfiður, þá get ég fallizt á þá till. Þótt þessi ákvæði gefi hinsvegar ríkisstj. hina glöggustu áminningu um að gæta þess, að laun annara manna, sem ekki taka laun eftir launalögum ríkisins, en eru þó í opinberri þjónustu, séu færð til samræmis við þau laun, sem menn fá samkv. launalögunum, þegar dýrtíðaruppbótin fellur að mestu niður á öllum hærri launum.

Um það, að leggja niður framlag úr ríkissjóði til ræktunarsjóðs, vil ég segja það, að ég tel þann sjóð tæplega mega við því að missa þetta gjald, eins og nú er högum háttað, en það verður kannske að líta á fleira en þörf ræktunarsjóðs í þessu efni. En um 3. lið brtt. á þessu sama þskj., prentun þingtíðindanna, verð ég að segja það, að ég hefi haft mikla freistingu til þess að vera með þeirri till., sparnaðarins vegna, og ekki sízt með þeirri till., sem hæstv. fjmrh. hefir borið fram um þetta efni, en hinsvegar verð ég að játa, að ég hefi að nokkru leyti látið sannfærast fyrir hin skýru rök, sem hv. 4. landsk. las hér upp úr ræðu eftir hv. þm. S.-Þ. um þetta efni.

Þorsteinn Þorsteinsson: Enda þótt þetta mál sé orðið miklu fjölþættara en það var í upphafi, ætla ég samt ekki að verða langorður um það. Ég er samþykkur ýmsum af þessum till., en öðrum er ég ósamþykkur. Ég vil taka það fram, að ég get ekki verið samþ. 10. till. á þskj. 755. Ég tel tvímælalaust rangt að svipta sýsluvegasjóði því tillagi, sem til þeirra hefir gengið undanfarið, og tel ég þessa ráðstöfun mjög varhugaverða, ekki sízt með tilliti til þess, að með henni er þeim sýslum, sem vilja leggja hart að sér til þess að gera vegi, gert mjög örðugt með að koma því í framkvæmd. Ég hefði viljað halda l. frá 1933 óbreyttum. Þar sem fjárframlag til sýsluvegasjóða er aukið um talsverða upphæð, en hér liggur hinsvegar fyrir till. um að lækka framlag til sýsluvegasjóða, þá virðist mér þetta tvennt stangast einkennilega á og er ég ákveðið mótfallinn því, að 10. till. á þskj. 755 nái fram að ganga.

Þá vil ég geta þess, að ég er mótfallinn 7. till. á þskj. 794, m. a. af þeirri ástæðu, að hér er um bráðabirgðabreyt. l. að ræða, en mér virðist till. um breyt. á kvennaskólalögunum alls ekki geta átt heima þar. Um efni þessarar till. hefir verið deilt áður og virðist mér fleiri rök hníga undir það, að þessi till. eigi ekki að ná fram að ganga.

Um 1. lið brtt. á þskj. 779, frá hæstv. fjmrh., verð ég að segja það, að ég er henni fullkomlega samþykkur. Það hefir verið rætt um það tvisvar til þrisvar sinnum á Alþingi, að fella niður prentun á umræðuparti þingtíðindanna, en það hefir aldrei náð fram að ganga. En þótt þessu máli hafi hingað til verið eytt, þá er það engin ástæða til þess að drepa það núna, því að viðhorfið hefir óhrekjanlega breytzt mikið í þessu efni upp á síðkastið, með útvarpi og auknum blaðakosti. Yrði umr. frá Alþingi útvarpað meira en gert hefir verið, gæti það orðið til þess að spara dagskrá útvarpsins sjálfs, og auk þess myndi mörgum þykja skemmtilegt að heyra ræður þm. um þau mál, sem kjósendunum liggja mest á hjarta. Þar sem viðhorfið í þessum efnum er allt annað nú en það var 1909 og 1924, þá get ég alls ekki láð neinum, þótt hann hafi breytt afstöðu sinni til þessara mála. Auk þess kemur annað atriði til greina, sem er allsterkur þáttur í þessu máli, og á ég við það, að undanfarið hafa fjölmargar þingræður verið prentaðar óyfirlesnar, og eru því lítil sönnunargögn.

Hv. 4. landsk. hélt því fram, að fyrr meir hefði aldrei komið fram till. um að hætta að prenta umræðupart þingtíðindanna, hversu hart sem árferðið var. En ég verð að segja, að fyrir aldamót var viðhorf þessara mála allt annað en nú. Þá var þingið aðeins háð annaðhvort ár, og öll þingtíðindin voru þá ekki meira en ⅓—¼ af umræðupartinum eins og hann er núna árlega. Þá var umræðuparturinn aðalfréttirnar af þinginu, og var hann lesinn á mörgum sveitaheimilum á kvöldvökunum fyrir allt heimilisfólkið. Nú les varla nokkur maður þingtíðindin, enda koma þau ekki fyrr en ári eftir að ræðurnar eru fluttar og áhugi almennings fjaraður út fyrir þeim málum, en ný áhugamál komin í staðinn. Og svo ber þess að gæta, að þar sem svo hefir verið ástatt hér á landi upp á síðkastið, að landsmenn hafa orðið að þola það, að á þá væri dembt hverjum skattinum á fætur öðrum á grundvelli bágborins fjárhags ríkissjóðs og örðugra tíma, þá finnst mér sjálfsagt að athuga gaumgæfilega, hvort ekki er hægt að spara þann útgjaldalið, sem undanfarið hefir gengið til prentunar á umræðuparti þingtíðindanna..

Sigurjón Á. Ólafsson: Það eru örfá orð út af brtt., sem ég á; þær eru á þskj. 811. Ég er búinn að gera grein fyrir fyrri brtt., og skal ég ekki endurtaka það nú. Viðvíkjandi hinni brtt. vil ég taka það fram, að ég tel mjög nauðsynlegt að hafa prófdómendur við öll siglingafræðipróf og vélgæzlupróf, sem haldin eru úti um land. Skal ég ekki rökstyðja þetta meira en ég gerði síðast, þegar málið var til umr., en þó vil ég segja það, að ég tel jafnnauðsynlegt að hafa prófdómara við þessi próf, sem ég nefndi, eins og við próf í skólunum hér í Reykjavík. Ég hefi bætt því inn í till., að menntaskólarnir skuli hafa aðkomna prófdómara við burtfararpróf, því að ég tel rétt, að kennaralið skólanna sé ekki haft til þess að prófa þá, sem ganga undir stúdentspróf. Ég legg miklu áherzlu á, að fá þetta samþ.

Frsm. (Magnús Jónsson) [óyfirl.]: Það hefir verið talað um, að meðferð þessa máls sé einkennileg, þar sem við þessa einu gr. er tengdur svo langur hali. Ég vil hreyfa hér svipuðum aths. eins og ég gerði við annað mál, sem svipað stóð á um, því að við það var í rauninni tengt alveg nýtt mál með brtt., og taldi ég slíkt

höggva nærri ákvæðum stjskr. um það, að hvert lagafrv. skuli ræða í 3 umr. í hvorri deild. En það verð ég að segja, að í meðferð þessa frv. ber enn meira á þessari óþinglegu aðferð, og man ég ekki eftir því, að nokkurntíma hafi átt sér stað jafnfrekjuleg meðferð á frv. eins og á þessu. Við þetta frv. eru tengdir fjölmargir liðir, sem allir orka miklu meir tvímælis en hið upphaflega efni frv. sjálfs. En það er ekki nóg með það, heldur er l. breytt í nýj l., þar sem frv. er um breyt. á l. nr. 63 28. jan. 1935, um útflutningsgjald, en á að verða breyt. á l. nr. 85 26. apríl 1935, um bráðabirgðabreyt. nokkurra laga. Það er að vísu ekki tekið fram í stjskr., hvað brtt. megi vera víðtækar, en ég hygg þó, að tilgangur stjskr. með því að ákveða 3 umr. um hvert frv. í hvorri deild hljóti að vera sá, að fullkomlega ný mál verði að ræða á þann hátt, sem stjskr. gerir ráð fyrir. Og ætti að fylgja ákvæðum stjskr., þá hygg ég, að hæstv. forseti ætti að vísa þessu máli frá, eða a. m. k. að bera það undir þingið, hvort slík brtt. sem þessi skuli leyfð. Ég er ekki lögfróður maður og skal því ekki skera úr því, hvar draga á takmörkin í þessu efni, en mér er það ljóst, að einhversstaðar hljóta þessi takmörk að vera, en frá mínu leikmannssjónarmiði finnst mér eðlilegt, að þessi takmörk séu við það miðuð, að frv., sem eiga að vera breyt. á einhverjum vissum lögum, séu í raun og veru breyt. á þessum sömu lögum; minna má ekki vera.

Um einstök atriði og brtt., sem fyrir liggja, er búið að segja flest af því, sem ég mundi hafa kært mig um að taka fram. Viðvíkjandi till. um prentun þingtíðindanna, sem ég býst við, að sé fallin úr sögunni eftir atkvgr. um fjárl., vil ég taka það fram, að ég hefi alltaf verið efablandinn í því, hvað gera ætti í þessu efni, en ég get sagt það, að það er eitt atriði í þessu máli, sem ég tel mjög stórt atriði, og það er það, að með því að fella niður prentun þingtíðindanna setjum við okkar þing á dálítið annað stig heldur en löggjafarþingin í nágrannalöndunum eru á; og það er ekki þýðingarlaust fyrir álit þingsins. Samt hefi ég við atkvgr. um fjárl. fallizt á þessa till., bæði af sparnaðarlegum ástæðum og eins af hinu, að ég er þeirrar skoðunar, að þingtíðindin yrðu betri heimildir en áður, ef umræðuparturinn væri felldur burt. Byggi ég þessa skoðun ekki á vantrausti á því, hvernig ræðum þm. er náð af skrifurum, eða á því, hvort þm. leiðrétta ræður sínar — ég hefi ekki leiðrétt mínar ræður í nokkur ár —, heldur byggi ég þessa skoðun mína á eigin reynslu við að nota þingtíðindin. Ég hefi tvisvar átt kost á því að fara í gegnum þingtíðindin frá því að þingið var endurreist og fram á þennan dag í sögulegum tilgangi viðvíkjandi banka- og kirkjumálum. Við þá rannsókn duldist mér ekki hinn mikli munur á pörtum þingtíðindanna sem sögulegum heimildum. Skjalaparturinn er stutt, en ákveðin, örugg og mikilsverð söguleg heimild, en umræðuparturinn er hinsvegar ótrúlega lítils virði. Framsöguræður og ef til vill einstakar aðrar ræður geta orðið nokkurs virði, en yfirleitt eru ræðurnar sumpart endurtekningar á grg. frv. eða nál. að meira eða minna leyti, og sumpart eru svo miklar umbúðir utan um þetta og svo mikið umstang við að fara í gegnum þetta, að umræðuparturinn verður óhjákvæmilega afarlítils virði. Ég hefi líka athugað þetta í öðru sambandi; ég hefi lesið ræður mælskra þm., eins og t. d. Benedikts Sveinssonar, og vil ég skora á hvern þann, sem vill kynnast mælsku hans, að lesa ræður hans og finna, hversu mælskur hann hefir verið. Það myndi engum detta í hug eftir þá rannsókn, að þessi viðurkenndi mælskumaður hafi verið vel máli farinn. Þetta getur hafa stafað af því, að hann hafi talað hart og verið erfitt fyrir þingskrifara að ná ræðum hans niður.

Ég skal ekki segja, hvort mjög mikill sparnaður fengist við það að hætta að prenta umræðuparti nn, en hafa í þess stað ýtarlegri grg. og nál., en ég er sannfærður um, að þingtíðindin yrðu miklu merkilegri söguleg heimild við það heldur en þau eru nú. En þá kem ég að því stóra atriði, sem alltaf er verið að tala um, og það er það, að með þessu sé verið að loka þinginu fyrir þjóðinni, og að kjósendur úti um land eigi ekki kost á að sjá, hvernig fulltrúar þeirra hafa snúizt við málunum. Mér finnst þessi ástæða fara að verða nokkuð brosleg við hliðina á þingskapabreytingunni, sem gengur út á að loka munninum á öllum þingheimi. Það finnst engum neitt við það að athuga, þótt fram sé borin till. um breyt. á þingsköpum, sem hefir það í för með sér, að það er aðeins einn frsm. fyrir hvern flokk, sem fær að tala í málum. Hvernig eiga kjósendur að kynna sér undirtektir sinna fulltrúa, ef þm. er bannað að taka til máls. Í nágrannalöndum okkar er þessu þannig háttað, eins og kunnugt er, að í öllum stærri málum talar aðeins einn maður fyrir hvern flokk, venjulega flokksforinginn, en í öðrum smærri málum bendir flokkurinn á frsm., en aðrir fá ekki að tala. Hvar eru þessi opnu þing? Ég sá það að vísu í einhverju blaði bæjarins nýlega, að þingskrifarar væru allt eins góðir fulltrúar fyrir þingið eins og þm. sjálfir. En hvað eiga þingskrifararnir að skrifa, ef þm. fá ekki að tala? Eiga þeir að búa til ræður fyrir þá þm., sem ekki fá að tala af því að þingsköp banna þeim það? Það getur verið. Ég efast ekki um, að margir þingskrifarar gætu vel reifað mál, en ég er hræddur um, að mönnum líkaði ekki vel, að þingskrifararnir semdu ræðurnar alveg. Ég get ekki samrýmt þetta tvennt; annarsvegar hneykslast menn á því, að það eigi að loka þinginu með því að hætta að skrifa þingræður, en hinsvegar finnst mönnum ekkert athugavert við þá breyt., sem farið er fram á að gera á þingsköpunum, þótt vitanlegt sé, að við það er munni þm. að mestu lokað. En ég verð að segja, að ég held, að flestir þm. hafi það sterkt traust hjá kjósendum sínum, að þeir trúa einhverju af því, sem þeir segja á þingmálafundum; annars mundu kjósendur varla trúa því, sem stendur í þingtíðindunum. En fyrir mér er það sem sagt stórt atriði, að þingið skuli ekki geta tollað í þessari tízku, sem hér um ræðir, því að það er einu sinni svo, að það er dálítið litið á hlutina eftir því, hver siður er í hverju landi, og það væri hálfleiðinlegt, ef Alþingi Íslendinga væri

skoðað sem einskonar hreppsnefnd, sem ekki prentaði umr. sínar, eins og tíðkast á öðrum þingum. En nú er þessi ótti óþarfur, því að þessi till. um niðurfellingu á prentun umræðupartsins hefir verið felld við atkvgr. um fjárl., og mun eiga að prenta þingræður áfram, þótt flestir séu sammála um, að þingtíðindin séu sára lítils virði eins og þau eru nú. Það þarf einkennilegt upplag til þess að geta verið að blaða í þingtíðindunum, sem koma út ári eftir að umræðurnar hafa verið haldnar og eftir að ný mál eru komin á dagskrá, svo að enginn hefir lengur í huga það, sem í þingtíðindunum stendur. Eigi að prenta umræðupartinn áfram, þarf að taka upp nýja aðferð. Sú aðferð ætti að vera fólgin í því, að þingræðurnar verði prentaðar jafnóðum. Engin nauðsyn ber til þess, að hvert mál sé haft út af fyrir sig, heldur koma ræðurnar í tímaröð. Góð og ýtarleg registur ættu að gera fært að rekja hvert mál. Með þessu móti yrði vitanlega ekki hægt að raða þingmálunum niður í rædd mál og ódædd, samþ. og ósamþ., enda er sú skipting ekkert sáluhjálparatriði. En á þennan hátt gætu þingræðurnar orðið einskonar tímarit, sem út kæmi síðari hluta þings. Þingmenn leiðréttu miklu frekar en áður, ef ræðan væri lögð fyrir þá í próförk eftir 2—3 daga, og þeir vissu, að ræður þeirra yrðu lesnar. Nú vita þeir, að ræður þeirra eru ekki lesnar, og þess vegna leiðrétta þeir ekki. Ég hefi áður stungið upp á þessu fyrirkomulagi, en ekki fengið áheyrn. Því hefi ég hallazt að þeirri skoðun, að réttast væri að fella umræðupartinn niður, bæði til þess að spara og til þess að fá betri skjalapart en áður.

Viðvíkjandi því, sem hv. 10. landsk. sagði um niðurfellingu liðsins til bókasafna prestakalla, verð ég að segja, að ég tel þá till. svo hlægilega smávægilega, að ekki sé orðum að henni eyðandi. Styrk þennan hefir undanfarið sjaldnast verið hægt að skrifa með 4 tölustöfum.

Mér finnst það líka dálítið skritin sparnaðarráðstöfun, að ætla að leggja niður 1. bekk kennaraskólans. Það má auðvitað gera við hvaða skóla sem er, að skella aftan eða framan af honum nokkrum bekkjum. Það kostar nemendurna bara það, að læra utanskóla, sem oftast verður þeim dýrara og erfiðara. Það mætti alveg eins leggja til að hafa aðeins einn bekk í menntaskólanum, eða bara próf. Það hafa verið til háskólar, sem enga kennslu hafa haft, heldur aðeins próf. En slíkt hefir þótt gefast illa, og því fljótlega verið fallið frá því aftur. Ég sé ekki ástæðu til þess að taka hér kennaraskólann út úr. Hér er um kostnað að ræða, sem ekki verður komizt hjá, því að fráleitt fá nemendurnir utanskólafræðslu ókeypis.

Hv. þm. Dal. hefir minnzt á 7. brtt. Hvað sem um hana má segja, er þetta framtíðarbreyting á gömlum, stórum og merkum skóla, sem ekki á heima í bráðabirgðalögum.

Ég skal ekki segja mikið um 5. brtt., sem gengur í þá átt að takmarka aðgang að deildum háskólans. Þetta mál var fyrir nokkru á döfinni í háskólanum sjálfum. Menn voru þá klofnir um það, og yfirleitt virtist það verða því óvinsælla sem meira var um það talað. Hvað eiga líka þessir menn að gera, sem búnir eru að búa sig undir sérskólanám í 6 ár? Um árið var talað um nýjar leiðir — atvinnudeild, sem tæki við þeim stúdentum, sem ekki komast að í núv. deildum eða fýsti þangað ekki. En hvað skeður? Svo kölluð skipulagsnefnd kemst í þetta mál og gerbreytir því og gerir úr öllu saman þessa rannsóknarstofu, sem tekur einhverntíma og einhverntíma til starfa, en stúdentar eru engu bættari en áður. Og svo kemur hér annað til greina. Hverjir eiga að velja stúdentana inn í deildir háskólans? Á að láta þá ganga undir inntökupróf, eða eiga einkunnir við stúdentspróf að ráða? Samkv. þeirri reglu hefði Niels Finsen verið vísað frá á sínum tíma. Gott stúdentspróf er ekki einhlítt til sérnáms, og segir sízt til um það, hvernig mönnum hefir notazt að náminu.

Hitt er mér vel ljóst, hvílík hætta getur stafað af offramleiðslu t. d. í læknadeild, vegna þess, hve þeir, sem þaðan útskrifast, eru einangraðir frá öðrum störfum eftir langt nám. Allt öðru máli gegnir um lögfræðingadeild. Þeim, sem þaðan koma, bjóðast mörg tækifæri, þótt þau séu ekki beinlínis í þessari sérgrein.

Ég held því, að framkvæmd þessa máls sé erfið, og sparnaðinn fyrir ríkissjóð af slíkri framkvæmd er mér ekki unnt að sjá. Ekki yrði hægt að fækka kennurunum, minnka húsnæði, né heldur lækka námsstyrki frá því, sem nú er. Ég verð að fá jafnmikið fyrir mína fyrirlestra, hvort sem ég held þá fyrir 15 eða 50 stúdentum. Kennslustofurnar þarf jafnt að hita upp, hvort sem stúdentarnir eru fleiri eða færri o. s. frv. Ef á nú líka að fara að blanda inn í þetta frv. ýmsu, sem alls ekki kemur sparnaði við, þá finnst mér nú skörin fara að færast upp í bekkinn. (JJ: Það mætti lækka húsaleigustyrkinn). Húsaleigustyrkurinn hefir ekki hækkað í sama hlutfalli og nemendum hefir fjölgað. Húsaleigustyrkur sá, sem nú er, væri því alls ekki of hár, hve mjög sem nemendum yrði fækkað. Stúdentar hafa að loknu námi flestir safnað skuldum, eytt beztu árum sínum og margir stórspillt heilsu sinni með áreynslu og óhollum húsakynnum. Kjör stúdenta verða því að breytast mikið til batnaðar til þess að hægt verði að lækka náms- og húsaleigustyrk stúdenta frá því, sem nú er.

Um prófin er það að segja, að mér finnst, að enginn herbrestur þyrfti að verða, þótt enginn prófdómari væri. Í Svíþjóð eru t. d. engin guðfræðipróf til í okkar merkingu. Lærisveinninn fer aðeins heim til prófessors síns, sem segir síðan til um það, hvort hann telur hann hæfan eða ekki. En hitt er auðvitað, að við aðalpróf, eins og stúdentspróf og burtfararpróf, vilja kennararnir gjarnan varpa af sér þeirri ábyrgð að úrskurða um próf nemenda sinna. Þannig er í sumum deildum háskólans enginn kennaranna prófdómari. Það fyrirkomulag getur að vísu verið gott, en þó held ég, að þessi brtt. sé nú ekki svo voðaleg, að ekki sé óhætt að prófa hana.

Brtt. hv. 4. þm. Reykv. við þessa brtt., um prófdómendur við burtfararpróf við menntaskólana, tel ég réttmæta og eðlilega.

ATKVGR.

Brtt. 755,I.1 samþ. með 13 shlj. atkv.
— 755,I.2 samþ. með 11 shlj. atkv.
— 779,1 samþ. með 9:5 atkv.
— 755,I.4 samþ. með 9:4 atkv.
— 755,I.5 samþ. með 11 shlj. atkv.
— 755,I.6 samþ. með 11:2 atkv.
— 779,2—3 samþ. með 12:3 atkv.
— 755,I.7, svo breytt, samþ. með 12:1 atkv.
— 755,I.8, svo breytt, samþ. með 11:2 atkv.
— 755,I.9 samþ. með 10:3 atkv.
— 805 samþ. án atkvgr.
— 755,I.10, svo breytt, samþ. með 12:3 atkv.
— 794,1 samþ. með 9:5 atkv.
— 794,2 samþ. með 10:2 atkv.
— 811,1 felld með 9:4 atkv.
— 794,3 samþ. með 9:4 atkv.
— 794,4 samþ. með 9:4 atkv.
— 794,5 felld með 8:6 atkv.
— 811,2.a—b samþ. með 9:3 atkv.
— 794,6, svo breytt, samþ. með 9:5 atkv.
— 794,7 samþ. með 8:7 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: SÁÓ, BSt, HG, HermJ, IngP, JBald, JJ, EÁrna.

nei: MG, MJ, PM, ÞBr, ÞÞ, GL, JAJ.

PHerm greiddi ekki atkv.

Brtt. 755,II samþ. með 9 shlj. atkv.
— 755,III (ný fyrirsögn) samþ. með 10 shlj. atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 9 shlj. atkv. og endursent Nd., með fyrirsögninni:

Frv. til l. um viðauka við l. nr. 85 26. apríl 1935, um bráðabirgðabreyting nokkurra laga.

Á 101. fundi í Nd., 17. des., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 862).

Á 102. fundi í Nd., 18. des., var frv. tekið til einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 103. fundi í Nd., 19. des., var frv. aftur tekið til einnar umr. (A. 862, 886, 891, 896).

Fjmrh. (Eysteinn Jónsson) [óyfirl.]: Eins og hv. þdm. sjá, hefir þetta frv. tekið allmiklum stakkaskiptum frá því það var á ferðinni hér í d. fyrir nokkru. Ég sé í raun og veru ekki ástæðu til að fjölyrða um þær breyt., sem gerðar hafa verið á frv., en þó tel ég rétt, af því að þær snerta mjög afgreiðslu fjárl., að fara um þær nokkrum orðum.

1. liður frv. er sá, sem var upphaflega í frv., þegar það fór í gegnum þessa d., og sé ég því ekki ástæðu til þess að gera hann að umræðuefni.

2. liðurinn er ákvæði um að greiða dýrtíðaruppbót á sama hátt og gert er þetta ár, 1935, og geri ég ekki ráð fyrir, að um það verði ágreiningur.

Þá er 3. liðurinn, en hann er um það, að á árinu 1936 skuli fella niður prentun umræðuparts Alþt., og skuli það einnig taka til umr. á þingi 1935. Þessi liður er kominn inn í frv. í Ed. fyrir mína tilstuðlan. Eins og menn muna, var gengið til atkv. um það í Sþ. að lækka áætlaða upphæð alþingiskostnaðar með það fyrir augum, að hætt yrði að rita umr., og þá auðvitað einnig hætt að prenta umræðupartinn, en meiri hl. þm. var þessu mótfallinn. Eftir því, sem ég hefi getað kynnt mér þetta mál hjá hv. þm., hefir mér skilizt, að andstaðan hafi mest verið gegn því að fella niður að rita ræðurnar, miklu fremur en að fella niður prentunina. Þess vegna lagði ég til, að það yrði borið undir þingið, hvort það vildi ekki fallast á að fresta prentun umr. frá þinginu 1935 og 1936, þótt þær yrðu ritaðar. Það er auðvitað hægt að segja, að það er margt, sem mælir gegn því, að hætt sé að rita ræður, því að þá tapast sú heimild, sem í þeim felst, og þá er ekki hægt síðar, þó að þingið vildi, að prenta ræðurnar. Þær eru því tapaðar fyrir fullt og allt, ef hætt er að rita þær.

Séu ræðurnar hinsvegar ritaðar, þó að þær séu ekki prentaðar þegar í stað, þá eru heimildirnar til, og ef Alþingi vildi einhverntíma síðar taka upp prentunina á ný, þá er alltaf hægt að grípa til handritanna og fá prentuð þingtíðindi samfellt án þess að nokkuð verði niður fellt.

Ástæðan til, að ég hefi lagt þetta til, er eingöngu sú, að fá sparnað. Fjárl. eru orðin ærið há eins og mönnum er kunnugt og hefir verið reynt að færa niður á mörgum liðum, sem menn hefðu gjarnan viljað láta óhreyfða. Sýnist mér þessi liður eðlilegri til sparnaðar en ýmsir aðrir, sem krukkað hefir verið í. Vil ég því vænta þess, að þessari till. verði tekið vel í þessari d. Ég veit vel, að ýmsir eru henni andvígir, og get ég vel skilið þeirra afstöðu út af fyrir sig, en ég hefi þó ímyndað mér, að menn vildu samþ. þennan sparnað með tilliti til þeirrar niðurfærslu, sem orðið hefir á ýmsum öðrum liðum.

Ég skal benda á það, að ef þessi till. verður ekki samþ., koma til prentunar tveir árgangar af Alþt. á næsta ári, sem sé frá þinginu 1935, sem nú stendur yfir, og ennfremur frá þingi 1936, sem væntanlega verður haldið á fyrri hluta næsta árs. Mundi ríkissjóður því hljóta þungan bagga af, ef engu af prentuninni verður frestað.

Hæstv. forseti hefir flutt brtt. við þennan lið, sem er aðeins orðabreyt., og felli ég mig vel við hana, því að þar er skýrt tekið fram, að aðeins skuli fresta prentuninni, en ekki fella hana niður.

Þá er 4., 5., 6., 7. og 8. liður, sem allir hafa komið inn í frv., að því er ég bezt veit, fyrir tilstuðlan fjvn., en í þeim felst frestun á ýmsum l. í því skyni að koma til leiðar sparnaði á fjárl., sem n. flytur sérstaka till. um í sambandi við fjárl. sjálf. Ætla ég ekki að gera þessa liði að umræðuefni, því að ég býst við, að hv. fjvnm. þessarar d. muni minnast á þá, ef ástæða þykir til.

Um 9. og 10. lið er það sama að segja.

11. liðurinn er hv. þdm. kunnugur frá því þegar hér var rædd þál., sem heimilaði stj. að leita tilboða í varðskipin Óðin og Þór, sem að vísu var í Sþ., og liggja að mestu leyti sömu rök til þessarar till. og færð voru fram fyrir þeirri till., sem sé að ríkissjóði er það gersamlega um megn að halda úti öllum varðskipaflotanum næsta ár til viðbótar þeim bátum, sem

nauðsynlegt þykir að hafa til gæzlu, og er sú upphæð, sem fjvn. leggur til, að veitt verði til landhelgisgæzlu, miðuð við það, að ekki sé að staðaldri nema eitt af stóru skipunum við gæzlu, en hinsvegar hafðir 4 bátar til aðstoðar á ýmsum árstímum, eftir því sem talið er nauðsynlegt á hverjum stað. Við þennan lið eru brtt. frá hv. 2. þm. Reykv. og hv. 5. landsk., og ein frá hv. þm. Borgf. Tvær af þessum till., frá hv. 2. þm. Reykv. og hv. 3. landsk., eru um að fella niður heimildina um að selja Þór. Get ég ekki verið því samþykkur fyrir mitt leyti, að þetta verði fellt niður, en geri það þó ekki að kappsmáli, hvort svo verður gert eða ekki. En sú afstaða mín byggist á því, að ég tel landhelgisgæzlunni borgið með stærsta varðskipinu og nokkrum varðbátum, a. m. k. má komast af með það. Og ríkissjóður hefir ekki tök á að verja meira fé til landhelgisgæzlunnar, hvað þá að halda úti slíkum varðskipaflota sem nú er. Þetta vildi ég taka fram um 13. lið frv. — Um 11., 12., 14. og 16. lið frv. fjölyrði ég ekki, en get aðeins lýst því yfir, að ég mun fylgja brtt. hæstv. forseta, sem gerir ráð fyrir, að felldir verði niður úr frv. þessir liðir, og mun ég því fylgja 1. gr. frv. eins og hún er orðuð á þskj. 906. Við 3. lið frv. eru tvær brtt., önnur um að fella niður prentun á þingræðum, en hin er um að fresta á næsta ári prentun á umræðupartinum í Alþt., og tekur það einnig til umræðna frá Alþingi 1935.

Vona ég, að samkomulag geti orðið um það meðal þm. að fresta prentun á umræðupartinum, hvað sem öðru líður. Það mun yfirleitt mega segja, að flestir liðir þessa frv. séu framkomnir fyrir atbeina hv. fjvn., og er frv. flutt af form. n. í Ed.

Ég mun ekki fara fleiri orðum um efni frv. Ég veit, að á því eru ýmsir annmarkar, og þykist vita, eftir þeim orðum, sem hv. alþm. úr andstöðufl. stj. hafa látið falla í sambandi við annað mál, að þeim þykir hér vera farið ranglega að, og ekki þingleg meðferð á máli, að við lítið frv. um frestun á greiðslu á útflutningsgjaldi til ræktunarsj. Íslands, sem áður hefir gengið í gegnum þessa d., skuli hafa verið bætt svo mörgum nýjum liðum í Ed. — Það er að vísu æskilegt, að um hvert mál fari fram þrjár umr. í hvorri þd., eins og mælt er fyrir um í þingsköpum, en hinsvegar er ekki hægt að komast hjá því að gera meiri og minni breyt. á málum við 3. umr.

Annars er mér vel kunnugt um það, að þessar till., sem hér liggja fyrir, eru fram komnar vegna starfa hv. fjvn., og einnig 1. liður frv., um frestun á útflutningsgjaldi til ræktunarsjóðs. Ég veit ekki til, að þessi meðferð á till. hafi sætt neinum ágreiningi í fjvn., og standa þar að fulltrúar úr öllum flokkum. — Ég vil svo að lokum taka það aftur fram, að ég er samþykkur brtt. hæstv. forseta á þskj. 906.

Jakob Möller [óyfirl.]: Ég kvaddi mér hljóðs eiginlega í því skyni að ræða um þingsköp. Ég hygg nefnilega, að hæstv. forseta sé ekki ætíð kunnugt um, hvernig mál bera að hér í d. Ég er sem sé ekki í vafa um það fyrir mitt leyti, að þetta frv., sem hér er á dagskrá og nú hefir verið tekið til umr., var fellt í hv. Ed. Og þess vegna er að sjálfsögðu alveg ólögleg meðferð á því hér í d. í dag.

Það er alveg rétt, sem hæstv. fjmrh. sagði, að það eru margir annmarkar á frv., og ekki sízt að því er snertir meðferð þess, en ég sé ekki, að það þýði neitt að skjóta þeim annmörkum til úrskurðar hæstv. forseta, af því að hann hefir þegar fellt úrskurð um samskonar atriði í sambandi við annað frv. Þessu frv. var við síðustu umr. í Ed. umsteypt svo gersamlega, að því var gefið nýtt heiti, og mætti því ætla, að eðlilegast væri að vísa því hér frá af þeirri ástæðu. En ég tel hæstv. forseta þegar hafa gefið úrskurð um það áður, og þýðir því ekki að óska eftir því nú.

En um hitt vil ég beiðast úrskurðar hæstv. forseta, hvort hægt sé að taka þetta mál upp hér, sem hefir fallið við atkvgr. í hinni d. Ég hygg, að það sé gagngert brot á þingsköpum. Við atkvgr. í Ed. um þetta frv. fyrir nokkru síðan sögðu 8 þdm. já, 7 nei, en einn þm. greiddi ekki atkv. Hinsvegar var hann ekki krafinn um neinar ástæður fyrir því að sitja hjá atkvgr., og hefir því vafalaust verið atkvæðisbær. Þess vegna hefir ekki verið fullnægt ákvæði þingskapa í 47. gr. 2. mgr., en þar stendur, með leyfi hæstv. forseta:

„Afl atkvæða ræður um úrslit mála og málsatriða, nema öðruvísi sé ákveðið í stjórnarskránni eða þingsköpum (sbr. 26. gr.). En það er afl atkvæða, ef meiri hluti þingmanna þeirra, sem á fundi eru og atkvæðisbærir, gera annaðhvort að játa eða neita“.

Til þess að ályktun sé lögmæt og löglega samþ., þurfa að greiða atkvæði með henni meira en helmingur þeirra þm., sem staddir eru á fundi og eru atkvæðisbærir. Í þetta skipti voru allir þdm. mættir á fundi, og helmingur þeirra, eða ekki nema 8 af 16, greiddu atkv. með frv., svo að samkv. þessari gr. þingskapanna er enginn vafi á því, að frv. var fallið. Og það verður alls ekki tekið upp aftur á þessu þingi. Ég vil því gjarnan mælast til þess, ef hæstv. forseti er við því búinn, að úrskurður verði kveðinn upp um það, áður en lengra er haldið, hvort málið á að ganga áfram og þess vegna segi ég ekki meira um það að svo stöddu.

Forseti (JörB): Hv. 3. þm. Reykv. var svo góður að skýra mér frá því, áður en þessi umr. hófst, að afgreiðslu þessa máls hefði verið svo háttað í Ed. sem hann hefir nú skýrt frá í ræðu sinni. Það hefir verið einhver mismunur á skilningi forseta deildanna á þeim ákvæðum þingskapa, er að þessu lúta. Ég ætla, að atvik svipað þessu hafi áður borið við í Ed. og mál verið afgr. þar og samþ., sem aðeins hafði hlotið atkv. frá helmingi þdm., eftir því sem mér er tjáð. Og þó að ég ætli ekki að fjölyrða neitt um það, þá hefir náttúrlega sá forseti, sem þá var í d., fellt úrskurð þar um, en ekki ég. — En svo ég víki að afgreiðslu þessa máls, þá bað ég trúverðugan mann að athuga um það í dag, mann, sem ég hefi ekki ástæðu til að rengja, og mér er sagt, að frv. hafi verið afgr. frá Ed. með 9:7 atkv. Og hvað sem líður skilningi manna á

þessu ákvæði þingskapanna, sem hér var tilgreint, þá mun hér vera fyrir hendi svo skýlaus úrskurður um afgreiðslu þessa frv., einnig samkv. dómi hv. 3. þm. Reykv., að það mun ekki koma að sök.

Jakob Möller [óyfirl.]: Það verður vitanlega skoðað sem hæstaréttardómur um afgreiðslu þessa máls sú frásögn, sem fyrir liggur um það í fundarbókun Ed. Mér var sagt það af skýrum manni, sem á sæti í Ed., að þetta frv. hefði verið afgr. þar á þann hátt, sem ég gerði grein fyrir. En það, sem hæstv. forseti og trúnaðarmaður hans segja, ætla ég ekki að rengja. Þó verð ég að láta það í ljós, að mér þykir þetta mjög leyndardómsfullt, og væri full ástæða til að rannsaka það nánar, hvað fundargerðin segir um atkvgr., svo að um það sé enginn vafi. En óþarft er að ræða frekar um það, sem hæstv. forseti skýrði frá, að áður hefði verið mismunandi skilningur hjá forsetum deildanna á þessu ákvæði þingskapanna um úrslit mála. Ég man að vísu eftir líku dæmi um forsetaúrskurð í Ed., sem féll á þann hátt, að málið var talið samþ., þó að það fengi ekki nema helming atkv. í þd. En það mun ekki hafa gerzt alveg með sama hætti og nú. Ég man ekki betur en að þáv. forseti krefði hlutaðeigandi þm., sem ekki greiddi atkv., um ástæður, en tók þær ekki gildar og felldi svo úrskurð á þá leið, að hann væri ekki atkvæðisbær. En þetta mál kom þá ekki til kasta forseta þessarar d. Nú liggur það aftur á móti í augum uppi, að það hlýtur að koma til kasta forseta þessarar d. að úrskurða um það, hvort þetta mál, sem hér liggur fyrir, ber rétt að. Og ef hann er beðinn um slíkan úrskurð, þá verður hann að úrskurða eftir sinni eigin skoðun, en má ekki láta sér nægja að vísa til úrskurðar forseta Ed.

Að svo mæltu fell ég frá því að krefjast forsetaúrskurðar um þetta atriði, ef svo er sem hæstv. forseti upplýsir, að samkv. gerðabók Ed. sé þetta frv. afgr. þaðan með 9:7 atkv., því að það er náttúrlega lögmætt.

Forseti (JörB): Ég verð að byggja á því, sem stendur í gerðabók Ed., og læt því nægja að lýsa því yfir, að umr. verður haldið áfram.

Héðinn Valdimarsson [óyfirl.]: Ég á hér brtt. á þskj. 884 og eru þær sama efnis og brtt., sem fluttar voru við þetta frv. í Ed., en voru felldar þar við atkvgr.

Ég mun ekki, vegna þess hvað orðið er áliðið kvölds, lengja umr. um málið, en legg það til, að felldur verði niður 3. liður frv., um að fella niður prentun á umræðuparti Alþt., og 11. liður, sem fjallar um samdrátt á barnafræðslunni, samsteypu fræðsluhéraða og fækkun barnakennara. Ennfremur legg ég til, að 14. liður frv. verði felldur úr því, en hann fjallar um breytingu á Kennaraskólanum í Rvík.

Við 13. lið, sem heimilar stj. að selja tvö varðskip og vitabátinn Hermóð, hefir komið fram brtt. frá hv. 3. landsk., um að ekki verði heimiluð sala á Þór. Ég fellst á þá brtt., hún er betri en till. mín, og mun ég því taka hana aftur. En það, sem vakir fyrir okkur báðum, er þetta: Við teljum það alls ekki verjandi að hafa aðeins eitt varðskip (Ægi) hér við land, sérstaklega með tilliti til Vestmannaeyja. Enda hefir það sýnt sig, að þegar ekkert eftirlitsskip hefir verið við Eyjarnar, þá hafa orðið þar mannskaðar á vertíðinni, en hafi skipið verið þar yfir vertíðina, þá hafa engir mannskaðar orðið við Eyjar. Það er líka kunnugt, að á þeim fiskistöðvum er stærsti vélbátafloti hér við land. Þó að hæstv. fjmrh. áliti hægt að láta Ægi vera björgunarskip við Vestmannaeyjar samhliða landhelgisgæzlunni, þá teljum við það ekki hugsanlegt. Ég geri ráð fyrir, að hv. 3. landsk. geri að öðru leyti grein fyrir brtt. sinni.

Viðvíkjandi prentun á umræðuparti Alþt. erum við Alþflm. sömu skoðunar og fram kom í atkvgr. við 2. umr. fjárl., og ég vænti þess, að sá meiri hl., sem þá kom hér fram í Nd. gegn þeirri till., sé einnig til staðar nú.

Hæstv. fjmrh. virðist hallast að því, að umr. frá þessu þingi og því næsta yrðu ekki prentaðar fyrst um sinn, og tók þar undir brtt. hæstv. forseta um að fresta prentun þingtíðindanna. Um þessa frestunartillögu verð ég nú að segja það, að fyrst þó á samt sem áður að hafa fyrir því að skrifa ræðurnar, þá minnkar þessi umtalaði sparnaður allverulega, og svo þegar aðeins er nú orðið um það að ræða að fresta prentun á þingræðunum, þá verður sparnaðurinn enginn. Framkvæmd verksins og prentunarkostnaðurinn er aðeins flutt frá einu ári til annars. Og hv. þdm. verða að gæta þess, að það er ekki nóg að hafa ræðurnar í handritum skrifaranna og geyma þau í skápum, þar sem enginn maður getur komizt að þeim; þau eru ekki vélrituð af þingskrifurum, og þess vegna alls ekki aðgengileg fyrir almenning eða aðra, sem þurfa oft nauðsynlega að grípa til þeirra. Mér finnst þessi till. um frestun á prentun Alþt. vera sú allra hlægilegasta, sem flutt hefir verið í þessu máli. Ég er því á móti brtt. hæstv. forseta, eins og ég er líka mótfallinn 3. lið á þskj. 862. Og ég vænti þess, að hæstv. forseti láti atkvgr. fara þannig fram, að hægt sé að greiða atkv. um hvern lið út af fyrir sig.

Þó að ekki sé búið að tala fyrir þeim brtt., sem hér liggja fyrir, af flm. þeirra og skýra þær, þá verð ég að segja það um brtt. hæstv. forseta, þó undarlegt sé, að hún virðist ekki vera gerð til annars en að koma í veg fyrir, að hægt sé að greiða atkv. um hina einstöku liði frv., hvern út af fyrir sig.

Forseti (JörB): Útbýtt er í deildinni brtt. við frv., á þskj. 904, 905 og 906. Brtt. eru of seint fram komnar, og þarf því afbrigði frá þingsköpum. Vil ég bera það undir atkvæði d.

ATKVGR.
Afbrigðin leyfð og samþ. með 19 shlj. atkv.

Forseti (JörB): Ég skal aðeins geta þess út af atkvgr. um þá brtt., sem ég ber fram á þskj. 906, að ég hefi hugsað mér — og tel það líka fullkomlega þinglegt — að bera brtt. einstakra þm. upp við þá stafliði, sem eftir eru í frv.,

þegar búið er að samþ. brtt. mína, enda séu þær fluttar á eftir frvgr. og stílaðar við frv., þá geta þær allar komið til greina. En ef meiri hl. fellst á mína brtt., þá mun ég bera hana upp í einu lagi (**HV**: Hv. þdm. geta verið á móti brtt. hæstv. forseta). Ég ætla, að brtt. liggi nú fyrir um það, að fella niður alla þessa liði í frv., að einum undanskildum.

Jakob Möller [óyfirl.]: Ég vil vekja athygli hæstv. forseta á þeirri tilhögun, að hægt er að bera upp einstaka liði í brtt. hæstv. forseta, og þá geta þeir þdm. greitt þeim atkv., sem það vilja, og hinir vitanlega á móti.

Eins og hv. þdm. munu hafa tekið eftir, þá á ég tvær brtt. við frv. eins og það nú er á þskj. 862. Þessar brtt. mínar eru á þskj. 896 og eru um það að fella tvo liði úr frv., 4. og 16. tölul. 4. liður fjallar um það, að framlag úr ríkissjóði til greiðslu á embættiskostnaði presta verði lækkað um 30 þús. kr. Það var rætt nokkuð um þetta atriði í sambandi við 2. umr. fjárl. (**Forseti**: Það er æskilegt, að menn séu ekki með smáfundahöld í þd.). Var þá gerð fullkomin grein fyrir því, hversvegna það er ekki rétt að samþ. þessa till. En hún kom þá ekki til atkv., — fjvn. tók hana aftur til 3. umr. Og nú er hér aftur komin fram heimildartill. um að fella þessa greiðslu niður. Það var þó undirstrikað í umr. um fjárl., að þessi embættismannastétt — prestarnir — ætti tvímælalaust við verst kjör að búa allra opinberra stétta, og minni laun. Og hinsvegar liggur í raun og veru fyrir fullkomin viðurkenning á því, að launakjör þeirra eru óviðunandi. Kemur það greinilega fram í frv. um launalög, sem liggur fyrir þessu þingi, þar sem lagt er til, að prestum verði fækkað, aðallega í þeim tilgangi, að hægt sé að launa þá betur en nú er gert. Virðist allhæpið, samtímis því að þetta er þannig opinberlega viðurkennt, að skera niður þau litlu laun, sem þeir nú hafa, með því að lækka svo mjög heimildina til greiðslu embættiskostnaðar, sem hér er farið fram á. Hinsvegar eru þessar 30 þús., sem spara á með þessu móti, ekki sú upphæð, sem hægt er að segja, að ríkissjóð varði nokkru verulegu. Hagur ríkisins hlýtur að teljast jafn eftir sem áður, þó það sleppi við að greiða þessar 30 þús. Þess vegna virðist mér það gersamlega óviðurkvæmilegt að grípa til þessa ráðs og ráðast þannig á garðinn þar sem hann er lægstur.

Hin till. mín er um að fella niður 16. eða síðasta lið frv., sem er um það, að frá 1. júlí 1936 skuli gilda um kvennaskólann í Rvík almenn ákvæði l. um gagnfræðaskóla, nr. 48 19. nóv. 1930. Þarna er í rauninni um einkastofnun að ræða, sem gersamlega óviðeigandi er, að löggjafarvaldið fari að setja slík ákvæði um, án þess einu sinni að leitað sé samþykkis umráðamanna hennar. Nú hafa Alþingi borizt skrifleg mótmæli frá umráðamönnum þessarar stofnunar gegn þessari lagasetningu, og er þess vegna vitað, að þó hún yrði samþ., yrði það tvímælalaust ógild ráðstöfun. Það er því alveg tilgangslaust að vera að svo stöddu að skipa fyrir um að haga þessari stofnun á þann hátt, sem til er tekið í frv. Nú, ég sé, að hæstv. forseti hefir tekið þetta til greina í sinni brtt. við frv., þar sem hann einmitt fellir þennan lið burt, og er ég honum þakklátur fyrir það og mun styðja að því, að hans till. nái fram að ganga að því leyti.

Hinsvegar vil ég taka það fram, að þegar ég samdi mínar brtt., voru fram komnar brtt. frá hv. 2. þm. Reykv. á þskj. 886, um að fella niður 3., 11. og 14. lið frv. — 3. liðurinn er, eins og menn vita, um að fella niður prentun umræðuparts Alþt., og ég er að sjálfsögðu till. hv. 2. þm. Reykv. um að fella þann lið niður fyllilega samþykkur. Um þetta voru raunar greidd atkv. við 2. umr. fjárl. í Sþ. Þá var að vísu um það að ræða að fella niður bæði skriftir og prentun umr., svo það er í sjálfu sér ekkert því að segja, þó nú komi till. fram þannig breytt, að aðeins falli niður prentunin. En ég vil vekja athygli hv. dm. á því, að svo fráleitt sem það var að fella niður skriftirnar, og þá náttúrlega um leið prentunina, þá virðist mér hitt þó ennþá fráleitara, að halda áfram að láta skrifa umr. í því skyni að láta þó ekki prenta þær. Nú gerir hæstv. forseti það að till. sinni, að þetta skuli ekki orða þannig, að niður skuli falla prentun umræðuparts með öllu, heldur skuli henni frestað á árinu 1936. Og í rauninni virðist mér sú till. ennþá fráleitust, því hún gerir beinlínis ráð fyrir, að sá kostnaður, sem hér er um að ræða, verði ekki felldur niður, heldur sé þessum útgjöldum aðeins frestað í bili. Ég man ekki, hvað kostnaðurinn við prentun umræðupartsins nemur mikilli upphæð, en ég sé ekki, að það geti varðað ríkissjóð neinu, hvort hann greiðir hana árinu fyrr eða seinna. (**Fjmrh.**: Þetta munar 40 þús. kr. — **ÓTh**: Sem koma fram í verri afkomu ríkisprentsmiðjunnar). Mér virðist ekki taka því að veita ríkissjóði þennan greiðslufrest, sérstaklega þegar athugað er, að sú vinna, sem hér er um að ræða, eykur tekjur ríkisprentsmiðjunnar. Má jafnvel gera ráð fyrir, að ef þessi prentun væri tekin af henni, minnkaði ágóði hennar ekki aðeins sem því svaraði, heldur meira, vegna þess að af því kynni að leiða, að prentsmiðjan hefði ekki nægilegt verkefni fyrir þá, sem við hana starfa, svo þeir ynnu þannig lakar fyrir sínu kaupi heldur en ella. Sparnaðurinn yrði því að mestu aðeins tilfærsla milli vasa fyrir ríkissjóðinn, þ. e. a. s., sparnaður ríkissjóðs kæmi fram í minni tekjuafgangi ríkisprentsmiðjunnar. Eftir því sem ég þekki til um prentkostnað, þá er bein útborgun prentsmiðjunnar í vinnulaun ekki svo mikill hluti af rekstrarkostnaðinum; þar kemur ýmislegt fleira til greina, svo sem húsaleiga, fyrning áhalda o. fl., sem greiða þarf jafnt hvort sem meira eða minna er prentað. Þó prentunin minnki, sparast því lítið á rekstri prentsmiðjunnar, svo ágóðinn verður þeim mun minni. Ég álít því, að það sé til ákaflega lítilla hagsbóta fyrir ríkissjóð að fella niður þessa prentun, og því síður að fresta henni um stundarsakir, ef hvort sem er á að greiða þennan kostnað fyrr eða síðar. Hitt, að fella með öllu niður að skrifa umr., verð ég að játa, að mætti telja til sparnaðarráðstafana, þó vitanlega sé sama um það að segja að því er snertir rekstur ríkisprentsmiðjunnar. En um það er að öðru leyti

það að segja, að ég álít, og hefi alltaf litið svo á, að það væri gersamlega ósæmilegt, að þingið lokaði sig á þann hátt inni fyrir allri þjóðinni svo að segja, sem gert væri með því að hætta að prenta ræður þm. Því þó sagt sé, að fáir menn í landinu lesi þingtíðindin, þá á allur landslýður kost á að lesa þau og kynna sér þannig, hvað hver einstakur þm. leggur til málanna. Jafnframt eiga menn með lestri þingtíðindanna kost á að kynna sér rökin með og móti hverju máli og fá þannig betri skilning á starfi þingsins yfirleitt heldur en ella. Þó allur fjöldinn noti ekki þetta nema að litlu leyti, þá er það *engin afsökun fyrir þeirri óhæfu, sem* það væri, ef Alþingi meinaði mönnum með sérstakri ráðstöfun aðgang að þessum gögnum.

Ég er sömuleiðis samþykkur till. hv. 2. þm. Reykv. um að fella niður 11. lið frv., og hæstv. forseti mun einnig hafa tekið þá till. til greina í sinni brtt. Ég held, að það sé mjög hæpin sparnaðarráðstöfun að fara að sameina skólahéruð. Í mörgum tilfellum mundi verða að greiða kennurunum kaup eftir sem áður, svo sparnaðurinn yrði þar af leiðandi mjög vafasamur. Ætti þetta hinsvegar að vera til frambúðar, væri í því fólgin röskun, sem varla er ástæða til að gera ráðstafanir til að koma fram.

Aðrar till. hv. 2. þm. Reykv. sé ég ekki ástæðu til að gera að umræðuefni. Viðvíkjandi því, að undanskilja Þór söluheimildinni, er það að segja, að í rauninni teldi ég réttara að selja Þór heldur en Óðin, því Óðinn er vafalaust að öllu leyti vandaðra og merkilegra skip og hæfara til þeirrar starfsemi, sem þessi skip eru aðallega ætluð til. Hinsvegar er talið, að Þór hafi *alveg sérstakt hlutverk, sem sé gæzlu* við Vestmannaeyjar á vertíðinni, og að vafasamt sé, hvort hægt sé að fá annað hentugra skip til þess starfs. Þess vegna mundi ég helzt hallast að því að selja hvorugt skipið, Þór eða Óðin. Ég geri ráð fyrir, að litið verð væri hægt að fá fyrir þau, og hvað sem sagt er um það nú í svipinn, að landhelgisgæzlan verði eins vel rækt með vopnuðum vélbátum, þá getur hver og einn sagt sér það sjálfur, að slíkt er ekki annað en firra, að landhelgin geti orðið betur varin með lélegum skipum heldur en fullkomnum skipum. Hitt er annað mál, hvort ríkið hefir eins og nú standa sakir efni á að starfrækja öll þessi skip til landhelgisgæzlu. Virðist að þá lægi nær að leggja þessum skipum upp og starfrækja þau eigi um tíma, heldur en að rjúka í að selja þau fyrir litið verð og leggja fé í lélegri skip, sem vitanlega yrði fljótt að endurnýja og mundu með tíð og tíma verða eins dýr eða jafnvel dýrari í rekstri við þessar þarfir ríkisins. — Ég skal svo ekki tefja tímann með lengri umr. um þetta mál.

Sigurður Kristjánsson óyfirl.]: Ég ætla að byrja á því, sem reyndar er búið að drepa á af öðrum hv. þm., að þetta mál ber talsvert öðruvísi að heldur en venja er til með mál hér á Alþingi. Það er nokkuð sjaldgæft, að afnám, gerbreytingar og frestun á framkvæmd gildandi l. komi fram á síðasta stigi máls og hljóti þar af leiðandi ekki þá meðferð, sem ætlazt er til og beinlínis fyrirskipað í stjórnskipunarlögum landsins, að lagasetning skuli sæta, þ. e. a. s. fari gegnum þrjár umr. minnst í hvorri d. Þetta er ekkert annað heldur en að fara í kringum stjórnskipunarlögin. Hvort það á að líðast og komast hefð á það, er náttúrlega ágreiningur um. Æskilegra væri þá að breyta bara stjórnskipunarlögunum og hætta að fyrirskipa þessar þrjár umr. í hvorri d. Ég hefði farið fram á við hæstv. forseta, að hann úrskurðaði um það, *hvort þetta mál skyldi tekið til afgreiðslu hér í* d., einmitt út frá því, sem ég hefi nú sagt, að ég tel þetta algerlega að fara í kringum stjórnskipunarlögin, en ég sé ekki, að það þýði neitt, því mér skilst hæstv. forseti vera óbeinlínis búinn að fella úrskurð með því að bera fram brtt. við frv., sem ég býst ekki við, að hann hefði gert, ef hann hefði litið á þetta sömu augum og ég. Ég kæri mig náttúrlega ekki um að biðja um úrskurð bara til þess að úrskurður sé felldur, heldur vakti fyrir mér, þegar mér datt þetta í hug, að fá málinu hrundið frá.

Það er fleira sérkennilegt við þetta mál, sem gerir það litt þinghæft að mínu áliti. Hér eru saman komin 16 atriði, sem mörg eru afaróskyld hvert öðru. Þó sú firra væri framin að bræða saman öll þessi atriði í eitt frv., þá átti það að sjálfsögðu a. m. k. að vera í 16 greinum. En þessu er hnoðað hér saman í eina einustu grein með þeim afleiðingum, að ekki er hægt að fella eitt atriðið nema fella þau öll. Þessi óskapnaður að frv. er eitthvað því líkur eins og *maður sæi 16 óskyld dýr gróin saman á rössunum* og orðin að einni flygsu.

En það þýðir víst ekki að fárast um þetta; *málinu mun ekki fást* vísað frá úr því sem komið er, þó það hefði fyllilega verðskuldað það. Held ég, að verði þá að freista þess, hvort ekki er hægt að leggja óskapnaðinn að velli við atkvgr. Ég hlýt að hlaupa yfir nokkuð mörg atriði frv. Það yrði svo langt mál að tala um þau öll. Ég vil aðeins minnast á þá liði, sem ég tel mestu máli skipta, að ekki verði samþ.

Það er þá í fyrsta lagi 3. liður, um niðurfellingu prentunar umræðuparts þingtíðindanna. Um það atriði hefir þegar verið talsvert rætt, og mætti ætla, ef þm. væru sjálfum sér samkvæmir, að þeir felli þennan lið niður, þar sem komin er fram brtt. í þá átt. En þó nokkuð hafi verið um þetta rætt, hefi ég ekki heyrt bent sérstaklega á það, að það er alveg tvímælalaust falsvon, sem menn gera sér um sparnað af þessari ráðstöfun. Það er hugsanlegur einhver sparnaður á einu einasta þingi, en varla fleirum. Það er *skiljanlegt mál*, að ef hætt væri að rita ræður þm., og þó ekki væri nema hætt að prenta þær, þá mundi taka við skriflegur málaflutningur á þingi. Breyt. yrði sú, sem orðið hefir á meðferð mála fyrir dómstólum, þar sem skrifleg málafærsla er viðhöfð. Reynslan er sú, að skriflega málfærslan hefir ekki orðið minni fyrirferðar heldur en sú munnlega. Auðvitað mundi svo fara hér, ef hætt væri að rita umr., að menn mundu taka til að skrifa geysilega löng — og þá væntanlega um leið ýtarleg — nál. Með frv. mundu fyrst koma margra arka grg. og svo kæmu nál., sem gætu orðið heilar bækur,

og yrðu það eflaust sum. Þetta yrði það reginbákn, sem mundi gera þm. lítt kleift að fara gegnum mál, og það mundi skapa kostnað engu minni heldur en ritun ræðnanna og prentun. Sem betur fer verða menn hér leiðir á allt of miklu málæði, og mér sýnist hv. dm. hér séu búnir að finna ágætt meðal til þess að drepa í mönnum löngunina til að tala, því það er farið að ganga svo til hér í fundarsalnum, að hann er venjulega hér um bil mannlaus. Það eru aðeins tveir til þrír smáhópar, sem eru þá á aukafundum og tala svo hátt, að ekkert heyrist til þess manns, sem er að tala um hin svokölluðu þjóðmál. Þessi framkoma, sá óþinglegi bragur, alvöruleysið, hirðuleysið og ókurteisin, sem hér er farin að tíðkast í þingsölunum, getur orðið til þess að drepa löngun manna til þess að tala og stytta þannig ræðurnar. Og ef þannig heldur áfram, er ég ekki í vafa um, að kostnaðurinn við prentun umr. verður minni heldur en kostnaðurinn við þau löngu nál. og grg., sem fæðast mundu, ef prentun ræðnanna væri hætt. Þó það séu ekki annað en líkur, sem hægt er að færa fram fyrir þessu, þá eru þær afarsterkar, og ég vildi gefa hv. þm. tækifæri til að hugleiða þetta atriði.

Ég þarf ekki mikið um það að segja, hvað eðlilegt það er að fara að grafa það, sem þm. segja, og firra sig þannig þeirri ábyrgð, sem ætlazt er til, að hver maður beri á orðum sínum, einkum þó þegar það, sem talað er, snertir úrslit málefna alþjóðar; um það hafa aðrir farið svo mörgum orðum. M. a. kom það skemmtilega fram í sambandi við umr. um þetta í hv. Ed., hvað mikilsvert það getur oft verið að hafa þingtíðindin fyrir sér og geta núið því mönnum um nasir, sem þeir hafa áður sagt og gert. Því þar kom fram eftirtektarverð áminning fyrir þá menn, sem nú berjast fyrir niðurfellingu umræðupartsins, þar sem voru mjög harðvítug og markvís orð þess sama hv. þm., sem nú berst mest fyrir niðurfellingunni, um slíka till., sem fram kom fyrir nokkrum árum. Hann sagði eitthvað á þá leið, að undirrót þess, að vilja hætta prentun umr. væri hin sama og undirrót þeirra athafna þjófsins að reyna að fela sig og þýfi sitt. Ég vil nú ekki taka svo djúpt í árinni, en það er gott að hafa þingtíðindin fyrir sér, þegar hægt er að slá þannig niður röksemdir manna með þeirra eigin orðum. (TT: Hver er þessi maður?). Það sést í þingtíðindunum, ef þau verða prentuð, annars er það sjálfsagt tilgangurinn, að það verði gleymt og grafið.

Ég get ekki látið hjá líða að minna á það, að frá sjónarmiði sjálfstæðismanna — og segi ég það ekki af því, að ég hafi neitt umboð til þess að segja það fyrir flokksins hönd, heldur tala ég þar út frá mínu persónulega sjónarmiði — hlýtur að vera mikils virði fyrir þá sem minnihl.flokk, sem er í stjórnarandstöðu, að hafa tækifæri til þess að gagnrýna stjórnaraðgerðir og koma áliti sínu á málunum út til almennings. Í lýðfrjálsu landi hljóta vonir manna um að koma hugsjónum sínum í framkvæmd að byggjast á því, að þeir geti unnið sannfæringu fólksins til þess að vera með málstað þeirra. Það er því eðlilegt, að minnihl.flokkur, sem er í stjórnarandstöðu, leggi kapp á það, að ekki sé lokuð nein af þeim leiðum, sem hann hefir til þess að koma málstað sínum á framfæri. Það verður því að teljast einkennileg aðstaða og varfærni svo fágæt, að ég vonast til, að hún sé óvíða til, því hún gæti orðið að slysi, ef minnihl.-flokkur, sem þarf að sækja mál sín og vinna sér fylgi, til þess að geta hrundið þeim meiri hl., sem hann telur, að ekki fari þjóðhollega með málefni almennings, berst fyrir því, að lokað sé fyrir munninn á honum. Það er svo mikil varfærni, að ég get ekki ímyndað mér, að flokkur stjórnarandstæðinga leggi því lið, að lokað sé fyrir munninn á honum. Ég get ekki hugsað mér, að nokkur flokkur vilji það, því þá má hann hafa litla trú á sínum málstað eða sínum málflutningi. Ég vil ekki segja það, sem haldið hefir verið hér fram áður, að ástæða til þess, að þessi till. er nú fram komin, sé sú, að stj.-flokkarnir vilji sem minnst láta berast út til almennings af því, sem þeir gera, svo að almenningur geti ekki um það dæmt. En hinu verð ég að slá föstu, að það er óeðlilegt hjá stjórnarandstæðingum, ef þeir telja nauðsynlegt að hefta það, að málstaður þeirra komi fyrir eyru og augu almennings í landinu. Það getur komið til greina sérstaklega rótgróin sparnaðarhvöt, og skal ég ekki lasta það, því að full þörf er fyrir slíkt, en hún getur orðið að slysi, ef girða á fyrir það, að hægt sé að hefta þá eyðslukló, sem nú um stund hefir farið með fé og gæði þessa lands.

Ég ætla svo ekki að fara fleiri orðum um þennan lið. Það hefir komið fram brtt. við þennan lið, og verður hún borin upp sérstaklega, eftir því sem hæstv. forseti hefir sagt. Ég vænti þess, að eftir atkvgr. í Sþ. að dæma og eftir þátttöku þessarar hv. d. í henni, verði sú brtt., sem gerir ráð fyrir því, að liðurinn sé felldur, samþ. nú í þessari hv. d. Ég treysti því fastlega, að svo verði.

Það eru nokkrir aðrir liðir, sem ég ætla að minnast á. Ég skal lýsa því yfir um 4. lið, sem er um embættiskostnað presta, að ég mun greiða atkv. á móti honum. Það mun vera komin fram brtt. við hann, og er líklegt, að ég muni greiða henni atkv. Ég verð að segja það, að þó að ég sé ekki einn af þeim, sem biðjast fyrir á gatnamótum, þá þykir mér það merkilegt, hvað andar kalt til prestastéttarinnar hér á hv. Alþ. Ég veit ekki annað en að kjör þau, sem prestar hafa búið við, séu í engu samræmi við þá menningu, ekki sízt fyrr á tímum, sem þeir hafa breitt út meðal fólksins, sérstaklega í fásinninu. Mér finnst það óviðkunnanlegt að klípa af embættiskostnaði presta á sama tíma sem þeim með nýjum álögum er gert dýrara að fá þeim stærra verksvið og erfiðari prestaköll. Ég mun því greiða atkv. á móti þessum lið, því að ég tel þessa lúsaleit eftir sparnaði ekki vera í samræmi við þær stóru sneiðar, sem skornar eru af tekjum manna til þess að auka tekjur ríkissjóðs, því tekjuöflunarleiðir ríkisstj. eru knúðar fram með talsvert miklu forsi.

Þá er till. um að selja 3 af skipum ríkissjóðs, varðskipin Óðin og Þór og svo vitabátinn Hermóð. Það væri í rauninni þörf á að tala nokkuð

langt mál um þessa till., og einkanlega þyrfti það að vera kröftugt. Hún kemur úr einkennilegustu átt, því ég held, að flestum sé kunnugt um, hvernig stuðningsmenn núv. stj. töluðu um landhelgisgæzluna meðan hún var í höndum Magnúsar Guðmundssonar. Þá var hann niddur í blöðum núv. stj. næstum vikulega fyrir það, að eitt varðskipið af 3 lá venjulega inni á höfn til sparnaðar fyrir ríkissjóðinn. En samt voru tvö skip venjulega í gangi. Þetta átti að vera sú höfuðsök á hendur Magnúsi Guðmundssyni, að hann var í blöðum núv. stj. talinn óalandi og óferjandi til æfiloka fyrir þetta. En rétt eftir að hann hefir sleppt hendi af þessum málum, þá kemur fram till., ekki um það að láta skipin liggja í höfn, heldur blátt áfram um að selja 2 af 3 skipunum. Það hafði ekki vantað, að eftir að fyrrv. ráðh. lét af embætti lægju skipin í höfn á víxl. Og það, sem verra var, var það, að á meðan annað lá í höfn, þá var hitt í snattferðum, svo að engin landhelgisgæzla var viku eftir viku. Það skipti þannig um, eftir alla skothríðina á fyrrv. ráðh. fyrir það, að 2 af varðskipunum væru að starfi, þó að eitt væri látið liggja, að þá var hætt að verja landhelgina. Það var hér eitt danskt skip, og þekkja nú allir, hve röggsamleg sú gæzla er eða hversu ánægjulegt það er, að landhelgin sé varin undir dönskum fána. En svo á að bæta því ofan á þetta, að nú á að selja skipin. Það var samþ. þál. í þá átt, svo að þetta er í samræmi við hana, en það er jafnfjarstætt fyrir því. Það væri meiri mannræna í, að stefna að því að samþ. till. um það, að Íslendingar tækju landhelgisgæzluna alveg í sínar hendur af Dönum, heldur en að ætla nú eftir öll svigurmælin að bíta höfuðið af skömminni með því að ætla að farga 2 skipunum, og hafa aðallega skip undir dönskum fána til landhelgisgæzlu. Fyrir 18 árum sömdu Íslendingar um það við Dani, að þeir skyldu sjálfir taka landhelgisgæzluna að nokkru eða öllu leyti í sínar hendur, þegar Alþ. samþ. það. Þá áttu Íslendingar ekkert varðskip, þegar þeir gerðu þennan samning við Dani, en nú eiga þeir 3. Það er einkennilegt, að ég held, að það hafi aldrei verið ríkari tilhneiging í huga ráðandi manna heldur en nú til þess að hafa skip undir dönskum fána til þess að verja landhelgina. Allir vita þó, að slík gæzla, undir sömu stjórn og verið hefir, gæti aldrei komið nema að litlum notum, því Danir hafa ekki þau tök á landhelgisgæzlunni sem okkar skipstjórar hafa haft. Ég get ekki séð, að þessi mikla löngun til þess að hafa landhelgisgæzluna undir dönskum fána stafi af öðru en því, að þessir sömu menn hafi sérstaka andlega fullnægingu í því, að útlend þjóð hafi lögregluvald hér í landi. En fyrir þá menn, sem eru dálítið þjóðræknislega sinnaðir, er þetta mjög særandi. Ég get sagt fyrir mig, að þó að mér þyki ekkert á móti því, að þeir menn, sem brjóta landhelgislögin, séu dregnir fyrir lög og dóm, þá þykir mér það ekki ánægjulegt að sjá íslenzk skip tekin af útlendu valdi. Ég hefi séð danskan dáta ganga vopnaðan um þilfar ísl. skips og horfa á íslenzka skipstjórann eins og glæpamann. Við þekkjum nú svipinn á Dönum, þegar þeir hafa hremmt slíka bráð. Það er ekki litið ánægjulegt fyrir Íslendinga, þegar þeir eru búnir að selja íslenzku skipin að horfa á danska dáta standa með byssur yfir höfðum íslenzkra heiðursmanna. Ég vona, að þessi till. verði þessu óskapnaðarfrv. að bana, þó að það verði nú ekki annað.

Ég ætla svo ekki að gera fleiri liði að sérstöku umtalsefni, þó að full ástæða hefði verið til þess. Um síðustu till., sem er um kvennaskólann í Rvík, skal ég láta mér nægja að segja það, að ég er á móti þeim lið, og tel það alveg merkilegt, að hv. Ed. skuli telja það sóma sínum samboðið að samþykkja annað eins, og vænti þess, að þessi hv. d. verði vandari að sóma sínum.

Pétur Ottesen [óyfirl.]: Út af því, sem þeim hefir farið á milli hæstv. forseta og hv. 2. þm. Reykv. um það, hvernig bæri að bera upp till. þær, sem hér liggja fyrir og fram hafa komið við þetta frv., þá vildi ég taka í strenginn með hv. 2. þm. Reykv. um það, að sú till., sem hæstv. forseti hefir borið fram, er ekkert rétthærri um það, hvernig hún er borin upp, en aðrar brtt., þó að þær séu minni fyrirferðar. Að sjálfsögðu ber að bera upp hvern lið, sem brtt. eru við, eins og hina aðra liði, sem engar brtt. eru við. Ég vildi láta þetta koma fram til stuðnings því, sem hv. 2. þm. Reykv. hélt fram um þetta efni, hvaða úrskurð sem hæstv. forseti kann að fella um það, hvernig beri að bera upp hans eigin brtt.

Annars finnst mér, að í þessari brtt. hæstv. forseta kenni nokkurs yfirlætis, og hefi ég fengið staðfestingu á því, að sú ályktun var rétt hjá mér, í orðum þeim, sem hæstv. fjmrh. lét falla áðan um brtt. hæstv. forseta, þar sem hann lagði til, að 4 liðir væru felldir niður úr því frv., sem hv. þm. S.-Þ., sem jafnframt er form. Framsfl., fékk komið í gegnum hv. Ed. Mér virðist þarna koma fram það sjónarmið, að hæstv. fjmrh. sé búinn að mynda með hæstv. forseta nokkurskonar samsæri gegn sparnaðartill. hv. þm. S.-Þ., formanns fjvn., sem náð hafa samþykki í hv. Ed. Ég get ekki skilið þetta öðruvísi en svo, að hæstv. forseti hafi með brtt. sínum gefið það fyllilega í skyn, hvernig eigi að afgr. málið. Það hafa verið teknir inn í brtt. 9 liðir, sem hæstv. forseti og ef til vill einhverjir fleiri af hans flokksmönnum og svo jafnaðarmenn hafa komið sér saman um við hæstv. fjmrh., að eigi að samþ. Mér virðist, að formið á brtt. og undirtektir hæstv. fjmrh. gefi verulega bendingu í þá átt, að þessu sé þannig háttað. Þó að hv. þm. S.-Þ. væri einn flm. að þessum till., þá stóð samt á bak við flestar till. töluvert einbeittur stuðningur fjvn. Að vísu var nokkur ágreiningur um 3 eða 4 af 16 liðum, en að öðru leyti stóð fjvn. nokkuð sammála um þetta mál. Nú er þessi framkoma hér í samræmi við, að það hefir nú orðið ofan á hjá stjflokkunum að hverfa meir og meir af þeirri braut að ná jöfnun á fjárl. með því að draga úr útgjöldum, heldur á að leggja á nýja skatta, og í skjóli þeirra hverfa frá öllum sparnaði og bæta á nýjum og nýjum útgjöldum. Það er ekki hægt að segja annað en framkoman hér gagn-

vart þeim sparnaðarhug, sem felst í till. frá hv. þm. S.-Þ., sé í samræmi við þessa stefnu.

Ég hefði haft tilhneigingu til þess að mæla fram með ýmsum sparnaðartill. hér, og mæta nokkuð þeirri gagnrýni, sem sumir liðirnir hafa orðið fyrir, bæði frá hv. 6. þm. Reykv. og öðrum. Ég skal lýsa því yfir, að ég styð þá till., sem hann fór hörðustum orðum um, en það var 3. liðurinn. En af því að aðstaða hæstv. fjmrh. er slík sem raun er á orðin, og að því er virðist margra manna í hans flokki gagnvart þessum sparnaðartill., þá mun ég ekki hlaupa fram fyrir skjöldu og verja þær, þar sem stj-flokkarnir leggja ekki meira upp úr till. en raun er á orðin. Ég skal líka taka það fram, að þetta getur orðið til þess að sú afstaða, sem ég hafði til till., breytist, og að ég telji mig ekki eins bundinn að fylgja þeim eins og ég hefði talið mig vera, ef ég áliti, að þær hefðu fengið viðunandi móttökur hjá hæstv. fjmrh. og öðrum ráðamönnum stj.flokkanna.

Ég skal svo ekki fara fleiri orðum um frv. En ég á eina brtt. við 13. lið frv. eins og það kom frá hv. Ed., en sá liður snertir landhelgisgæzluna, og er ríkisstj. þar heimilað að selja eða leigja 2 af varðskipunum og auk þess vitabátinn Hermóð, sem notaður hefir verið til þess að flytja efni til byggingar vita og eldsneyti og hitt og annað til rekstrar vitanna. Í þessum lið er gert ráð fyrir, að stj. sé heimilt að gera þetta, ef hún fær viðunandi boð og skilmála, sem hægt er að hlíta. Ef það fæst, þá er henni heimilt að gera þessar ráðstafanir með skipin. Þessi till. hefir nú orðið fyrir allhörðum dómum í þessari hv. d. út frá því sjónarmiði, að með þessu væri mikið verið að draga úr þeirri landhelgisgæzlu, sem við nú höfum, eða möguleikunum til þess að halda uppi sæmilegri landhelgisgæzlu. Ég skal ekki ganga langt inn á að gagnrýna það, sem sagt hefir verið í þessa átt, því ég tel það litla skyldu mína, úr því sem komið er, að verja sparnaðartill. þær, sem fram koma í þessu frv. Ég vil aðeins benda á, og ég staðfesti það með brtt. minni, að ég lít ekki á þessa ráðstöfun sem afturför eða afturkipp í því að halda uppi landhelgisgæzlunni, heldur sé þetta gert með það fyrir augum, að breyting verði á fyrirkomulagi landhelgisgæzlunnar. Það er vitað, hvernig sú landhelgisgæzla hefir reynzt, sem hefir verið hér að undanförnu með þessum skipum. Hún hefir oft verið lítilfjörleg, vegna þess að það hefir ekki verið hægt vegna fjárhags ríkissjóðs að halda skipunum úti við gæzluna, þó að þörf hefði verið á því og það verið æskilegt. En um þessi skip er það að segja, að þó þau séu góð, þá koma þau því aðeins að gagni, að þau séu á siglingu með ströndum fram, því að það skiptir ekki miklu máli um útbúnað þeirra og stærð, þegar þau liggja bundin inni á höfn. En sú breyt., sem mér virðist, að ætti að verða á landhelgisgæzlunni í framtíðinni, er sú, að hún verði meir og meir sameinuð björgunarstarfseminni. Eins og nú er háttað fiskiflotanum, þá getur það ekki talizt sæmilegt til afspurnar að hafa ekkert björgunarskip með bátunum, þar sem þeir eru að veiðum kannske svo hundruðum skiptir, eins og t. d. í Faxaflóa, og það í svartasta skammdeginu, þegar veður eru hörðust. Ég sé ekki, að þessi skip séu þannig útbúin, að þau séu líkleg til þess að veita liðsinni, þegar vél bilar og skip rekur fyrir straumi og vindi.

Vestmannaeyjar eru eina veiðistöðin hér á landi, þar sem björgunarmálum og nauðsyn þessara mála hefir verið sinnt með þeim hætti, að þar hefir verið haft skip yfir vertíðina, sem hefir haft það verk með höndum að líta eftir bátum og veiðarfærum þeirra eyjaskeggja. Með stofnun Slysavarnafélags Íslands er lagður grundvöllur að því að færa þessa starfsemi yfir á miklu víðtækara svið, og nú hefir þessum málum miðað það langt áfram, að nú er byrjað að safna fé til þess að kaupa eða láta byggja 4 björgunarbáta; einn fyrir Faxaflóa, einn fyrir Vesturland, einn fyrir Norðurland og þann fjórða fyrir Austfirði. Fjársöfnuninni er mismunandi langt komið; hér við Faxaflóa er henni svo langt komið, að Slysavarnafélagið hefir nú nóg fé til þess að láta byggja eitt skip, sem gert er ráð fyrir, að taki til starfa næsta ár. Á Vestfjörðum er búið að safna allmiklu fé í þessu augnamiði, og á Norðurlandi er a. m. k. búið að safna helmingi þess fjár, sem gert er ráð fyrir, að skipið kosti. Af reynslunni þekkjum við það vel, að oft tekst vel að koma fyrirtækjum á fót með samskotum. En hitt vill oft verða ýmsum erfiðleikum bundið, að halda áfram að reka slík fyrirtæki, sem hér er átt við. Þess vegna geri ég ráð fyrir, að sú hugmynd, sem verið er að klæða holdi og blóði, ef ég mætti komast svo að orði, með því að koma upp björgunarskipum á þennan hátt, yrði erfið til framkvæmdar, þegar til þess kæmi að halda slíkum skipum áfram á þessum grundvelli. Þess vegna verður framhald þessa verks að byggjast á því að sameina eftir föngum björgunarstarfsemi og landhelgisgæzlu, og ætla ég, að það megi víða takast, t. d. við Faxaflóa og sumstaðar annarsstaðar meðfram ströndum landsins. Þegar á þessa hlið málsins er litið, þá er auðsætt, að það verður að taka nokkuð af því fé, sem ríkissjóður leggur nú fram til landhelgisgæzlu, og verja því til rekstrar þessara báta, sem eiga að taka að sér landhelgisgæzluna í hlutfalli við það fjármagn, sem til útgerðar þeirra er varið úr ríkissjóði. Það er með hliðsjón af því, að undanfarið hefir reynzt mjög örðugt að halda varðskipunum í gangi, og er óhætt að fullyrða, að ekki blási byrlega í því efni núna frekar en áður, það er með hliðsjón af þessu, sem ég get fallizt á, að þessu nýja viðhorfi verði mætt með þeim hætti, sem lagt er til í þessu frv. um bráðabirgðabreyt. nokkurra laga. En þar sem dráttur getur orðið á því, að þessi björgunarskip verði tekin til notkunar, þá vil ég tryggja það, að ekki falli niður landhelgisgæzla hér við land; og að því lýtur mín brtt., því að hún felur það í sér, að ef til þess kemur, að þessi varðskip, sem hér um ræðir, yrðu seld eða leigð, þá yrði það tryggt, að jafnframt því skipi, sem eftir yrði, væru starfræktir ekki færri en 4 vopnaðir vélbátar, sem hafðir væru við landhelgisgæzlu.

Ég hefi þá gert grein fyrir minni brtt., og ætla ég, að þeir, sem annars eru óánægðir með

þennan lið, sem mér finnst ekki óeðlilegt, sjái nokkra úrlausn í slíkum öryggisráðstöfunum, ef til kemur með sölu þessara skipa.

Það var eitt atriði, sem fram kom í sambandi við þetta hjá hv. 6. þm. Reykv., sem ég vil minnast aðeins á. Þegar hann var að andmæla þessum lið, þá vitnaði hann í það, sem menn úr núv stjfl. höfðu sagt um landhelgisgæzluna, þegar Magnús Guðmundsson var atvmrh. í samsteypustj.; höfðu þeir þá fellt harðan dóm yfir honum fyrir að hafa látið leggja varðskipunum. Það var sem sé af alveg sömu rót runnið og það, sem hér um ræðir, sem sé erfiðum fjárhag ríkissjóðs.

Fjmrh. (Eysteinn Jónsson [óyfirl.]: Ég skal ekki lengja umr. mikið, en ég vil þó svara með nokkrum orðum því, sem komið hefir fram við þessar umr. — Ég vil þá byrja með því að svara síðasta ræðumanni, hv. þm. Borgf. Ég held, að hann hafi misskilið afstöðu mína til þessa frv. að verulegu leyti, svo að ég tel sjálfsagt að upplýsa hann um ástæðuna fyrir því, að ég vil fella niður þennan lið nú þegar; það er ekki af því, að ég sé mótfallinn þeim sparnaði, sem kynni að vera falinn í þessum lið, heldur af því, sem ég nú skal taka fram. Í einni till. er gert ráð fyrir, að ráðh. sé heimilað að sameina skólahéruð landsins. Ég lít í fyrsta lagi þannig á, að þótt þetta yrði samþ., þá fengist lítill sparnaður við það árið 1936, því að þetta kæmi ekki til framkvæmda fyrr en um haustið það ár. Í öðru lagi lít ég svo á, að þetta eigi ekki heima í þessu frv., heldur ætti að flytja það sem sérstaka breyt. við fræðslulögin, og tel ég nógu fljótt að gera þessa breyt. á næsta þingi. Ég er samþykkur efni þessarar till. og myndi þá verða því meðmæltur, að fræðsluhéruðin væru sameinuð. Hv. fjvn. hefir ekki reiknað með því í till. sínum við fjárlfrv., að þetta hefði sparnað í för með sér árið 1936.

Viðvíkjandi till. um að leggja rafmagnseftirlitið undir landssímastjóra vil ég segja það, að ég álít engan sparnað af því leiða, því að það yrði að hafa eitthvert eftirlit í einhverju formi eftir sem áður, og breytingin yrði því bara sú, að landssímastjóri hefði yfireftirlit með þessu; en slíkt væri vitanlega enginn sparnaður. Hinsvegar er ég ekki á móti þessu sérstaklega út af fyrir sig. Þess ber og að gæta, að landssímastjóri hefir nú þegar í svo mörg horn að líta, að það virðist varla fært að bæta á hann fleiri störfum.

Af því, sem nú var sagt, legg ég ekki áherzlu á, að þetta nái fram að ganga. Um það að fella niður 1. bekk kennaraskólans er sama að segja frá mínu sjónarmiði og um heimild fyrir ráðh. að sameina fræðsluhéruðin. Ég lít þannig á, að rétt sé að flytja þessa till. í sambandi við þau lög, sem fjalla sérstaklega um skipulagningu skólamálanna, og til þess er nógur tími á næsta þingi, enda kæmi sparnaður af þessu ekki fram fyrr en haustið 1936. Á sínum tíma mun ég einnig verða því fylgjandi, að þessi breyt. verði gerð.

Um þá breyt., að kvennaskólinn verði felldur undir ganfræðaskólalögin vil ég segja það, að ég tel þá ákvörðun ekki eiga heima í þessu frv. Ég lít þannig á, að hv. meiri hl. fjvn., sem nú flytur brtt. við fjárl. um að gera það að skilyrði fyrir framlagi til kvennaskólans, að ⅔ komi frá Reykjavík, hafi rétt fyrir sér í þessu efni, og tel ég það rétta málsmeðferð. Mun ég því greiða atkv. með þessum sparnaði á þessum grundvelli. En ég hygg hinsvegar, að það sé ekki eins rétt að setja lagaákvæði um það, að þessi skóli skuli lúta sömu lögum og gagnfræðaskólarnir. Það er því mesti misskilningur, að í minni afstöðu felist einhver lítilsvirðing á þeirri viðleitni, sem hv. meiri hl. fjvn. hefir haft til sparnaðar á þessu þingi. Ég veit ekki betur en að ég hafi stutt þessa hv. n. í hverri sparnaðarráðstöfun, sem hún hefir komið fram með.

Þá vil ég víkja nokkrum orðum að rökunum gegn því að fresta prentun umræðuparts þingtíðindanna. Það er talað um, að það sé lítill sparnaður. Eftir því, sem skrifstofa Alþingis hefir reiknað út, er áætlað, að af þessu leiði 40 þús. kr. sparnað á árinu 1936, en svo ber þess að gæta, að þessi sparnaður á þessu ári verður meiri, vegna þess, að verði till. ekki samþ., þá munu koma til prentunar þingtíðindin frá árinu 1935, svo að þessu sinni verður í raun og veru meiri sparnaður heldur en 40 þús. kr. Ég skal viðurkenna það, að hagur ríkisprentsmiðjunnar myndi skerðast lítið eitt við þessar ráðstafanir, en hinsvegar er ég ekki í nokkrum vafa um það, að sparnaðurinn við þessa frestun mundi meira en vega upp á móti þessum tekjumissi ríkisprentsmiðjunnar, svo að sparnaðurinn að þessu næsta ár yrði áreiðanlega minnst 40 þús. kr. Því hefir verið skotið fram, að ríkissjóð munaði ekkert um þetta, því að þetta væri svo lítil upphæð. En slíkt hið sama má segja um allar sparnaðartill. og hverja upphæð, sem spöruð er. Þegar margar upphæðir, þó smáar séu, safnast saman, þá verður úr því mikið fé, sem ríkissjóð munar mjög mikið um.

Hv. 2. þm. Reykv. minntist á það, að nál. lengdust mikið, ef prentun umræðupartsins yrði frestað, og skal ég fallast á, að það er rétt. En það er líka reiknað með því í áætlun skrifstofustjóra, að skjalaparturinn lengist allverulega við þessa breyt. Og sú upphæð, sem ég benti á, að myndi sparast, er fengin út með því að taka þetta sjónarmið til greina að verulegu leyti, þótt ekki sé hægt að segja það alveg með vissu, hversu mikill aukakostnaður stafar af auknu skjalapartsins.

Ég ætla ekki að eyða mörgum orðum í það að ræða um þýðingu þingtíðindanna. En ég vil þó aðeins minna á það, að aukinn blaðakostur og útvarpið hafa mjög rýrt gildi þingtíðindanna fyrir þjóðina. Hv. 6. þm. Reykv. sagðist ekki skilja, að nokkur stjórnarandstæðingur væri því fylgjandi að fresta prentun umræðupartsins, en ég hefi samt orðið var við, að margir hv. stjórnarandstæðingar líta þeim augum á þetta, að nú sé, eins og nú standa sakir, fullkomin ástæða til þess að framkvæma þessa frestun.

Um landhelgisgæzluna skal ég ekki vera fjölorður. Hv. þm. Borgf. hefir að verulegu leyti skýrt út, hvað fyrir mönnum vakir með því að

heimila sölu á varðskipunum. Eins og mönnum er kunnugt, er ráðgerð skipulagsbreyt. á landhelgisgæzlunni á þann hátt, að gert er ráð fyrir, að notuð verði smáskip, en þau stóru látin hverfa. Ég skal taka það fram, að ég legg þann skilning í till. hv. þm. Borgf. — og vil ég óska, að hann leiðrétti það, ef það er ekki rétt —, að hann eigi við, að það séu hafðir 4 vopnaðir vélbátar við landhelgisgæzluna yfirleitt, en ekki að þeir þurfi allir að vera við gæzluna í einu.

Sigurður Einarsson [óyfirl.]: Við hv. þm. Hafnf. eigum eina brtt. við 4. lið frv., sem mælir svo fyrir, að á árinu 1936 skuli aðeins greiða prestum 35000 kr. þess embættiskostnaðar, sem ræðir um í þeim l., sem fjalla um uppbót á launum presta. Þessi upphæð nemur 65000 kr., og er því hér um 30000 kr. lækkun að ræða á launum presta. Það má segja sama um þetta eins og hv. þm. Borgf. sagði í öðru sambandi, að mönnum er óljúft að gera slíkar till., en það er að sjálfsögðu hin knýjandi sparnaðarþörf, sem veldur því, að þessi till. er fram komin. Byrjunarlaun presta eru lægstu laun embættismanna, en þau hækka um 1000 kr. á nokkrum árum, svo að það er mikill munur á kjörum á byrjunar og beztu launum presta. Till. okkar hv. þm. Hafnf. fer fram á, að þessum 35000 kr. skuli, ef till. um niðurfærslu verður samþ., þannig hagað, að svo miklu leyti sem upphæðin hrekkur til, að þeir, sem eru á byrjunarlaunum, missi einskis í, en niðurfærslan komi aðeins niður á þeim, sem komnir eru í hæsta launaflokk. Ég held, að þetta sé hyggilegra heldur en að skipta þessum 35000 kr. jafnt niður á milli allra presta. Eins og kunnugt er, má telja, að í rauninni sé ekki lífvænlegt á byrjunarlaunum presta, nema á tiltölulega fáum stöðum á landinu, þar sem prestar geta skapað sér aðra launaða atvinnu auk embættisins, eða þar, sem embættisreksturinn er svo umfangsmikill, að hann gefur af sér aukatekjur, en það er tiltölulega óvíða.

En svo kemur eitt veigamikið atriði til greina, sem mælir með því, að hv. d. fallist á þessa till. Mér er kunnugt um það frá námsárum minum í háskólanum, og ég veit, að það er svo enn þann dag í dag, að mikill meiri hluti manna, sem námi lýkur í háskólanum, er meira og minna skuldugur, og með tilliti til þessa hefir okkur þótt sanngjarnt, að fé það, sem hér um ræðir, væri fyrst og fremst látið renna til þeirra presta, sem eru nýkomnir frá prófborðinu og við lægst laun búa, en þurfa samt flestir að borga námsskuldir meira og minna.

Skal ég svo ekki fara fleiri orðum um þessa till. okkar, en ég vona svo að lokum, að hv. þdm. sjái sér fært að samþ. till. Skal ég svo taka það fram, sem liggur í hlutarins eðli, að till. verður tekin aftur, ef 4. tölul. 1. gr. nær ekki samþykki.

Eiríkur Einarsson [óyfirl.]: Ég ætla að drepa á tvo liði þessara till., og álít ég þá báða skipta miklu máli. Annar er prentun þingtíðindanna. Þegar greidd voru atkv. um þennan lið við 2. umr. fjárl., þá var ég einn af þeim, sem greiddu atkv. gegn niðurfellingu á prentun á umræðuparti þingtíðindanna. Það gerði ég þó ekki af því, að ég áliti, að þetta skipti ríkissjóð engu, því að vitanlega yrði þessi prentunarsparnaður talsverður, heldur af öðrum ástæðum, sem ég met meira en þennan sparnað, og skal ég ekki endurtaka þær ástæður nú. En ég vil minnast á eitt atriði, sem ég tel skipta mjög miklu máli í þessu efni, og það er gildi umræðuparts þingtíðindanna fyrir framtíðina, svo framarlega sem hún lætur sig nokkru skipta rannsókn á pólitiskri sögu þjóðarinnar. Nú á tímum verjum við fé úr ríkissjóði til þess að vernda frá glötun ýms forn gögn og skjöl, sem varða sögu þjóðarinnar og við teljum ómissandi sagnfræðilegar heimildir. Hvað gæti þá verið því til fyrirstöðu, að framtíðin liti sömu augum á þetta mál eins og við nú gerum? Er ekki sennilegt, að umræðupartur þingtíðindanna verði, engu síður en nú, merkilegt rit með tilliti til pólitískrar sögu þjóðarinnar? Þegar tekið er tillit til þessa sjónarmiðs, álít ég mikils virði að vernda umræðupart þingtíðindanna frá glötun.

Þá hefir og á það verið bent, að ríkisprentsmiðjan myndi óhjákvæmilega bíða fjárhagslegt tjón við að missa þetta starf. Það viðurkenndi hæstv. fjmrh. líka. Ég vil því spyrja: Er ekki skynsamlegt að gera samning um þetta mál, fara hér milliveg, og fá prentsmiðjuna til að inna þetta starf af höndum fyrir lægra gjald en verið hefir? Slíkt hefir oft viðgengizt, þegar um deilumál hefir verið að ræða, og gefizt vel. Læt ég svo útrætt um þennan lið, og samkv. því, sem ég hefi tekið fram, þá treysti ég mér ekki til að ljá atkv. mitt með þessum sparnaði.

Þá er eitt enn, sem ég vildi minnast á, en það er lækkunin til landbúnaðarframkvæmda. Þó að hinir ýmsu liðir frv. feli í sér nokkra lækkun til þeirra framkvæmda, eins og t. d. lækkun á framlagi til verkfærakaupasjóðs og lækkun til búfjárræktar, þá tel ég samt, að takmarkanir á kaupum á erlendum áburði muni geta haft hvað alvarlegastar afleiðingar. Ég held hreint og beint, að Alþingi geti ekki réttlætt þá lækkun, þegar litið er til annara gerða þess. Það afgreiðir hin gjaldahæstu fjárlög, sem nokkru sinni hafa verið afgr. frá Alþingi, og leggur á geysiháa nýja skatta, sem nema hundruðum þúsunda. Þá er býsna hart, að það skuli ganga inn á þá braut, að fara að lækka styrk til jafnnauðsynlegs hlutar sem ræktunar landsins. Að till. þessi hefir komið fram, hlýtur að vera sökum þess, að ekki hefir verið nægilega rannsakað, hver áburðarþörfin sé í raun og veru hjá okkur. En um það mun hinsvegar ekki deilt, að búpeningsáburður landsmanna er ekki svo mikill, að hann dugi einvörðungu til fitunar jörðinni, bæði því landi, sem þegar hefir verið ræktað, og einnig til aukinnar ræktunar. Frá mínu sjónarmiði séð tel ég þessa lækkun á styrk til áburðarkaupa mjög misráðna, m. a. sökum þess, að bændur hafa þegar notað tilbúinn áburð um nokkurt skeið, og eru því farnir að miða ræktun sína við notkun hans að meira og minna leyti. Eigi því að fara að draga úr styrknum til áburðarkaupanna og knýja bændur að einhverju leyti til þess að draga úr notkun á-

burðarins, og um leið að draga úr auknum ræktunarframkvæmdum, væri það sama og kallað er í sveitinni að gefa til hors.

Ég vil svo að síðustu endurtaka það, að af öllum styrkjum til búnaðarframkvæmda tel ég, að síðast megi skerða styrkinn til áburðarkaupanna, svo fremi menn hugsa að vernda afkomumöguleika bændanna. Hver sá, sem vill telja sig fulltrúa bændastéttarinnar hér á Alþingi, má síðast grípa til þess úrræðis.

Áður en ég lýk máli mínu vil ég taka það fram að því er snertir sparnað við þinghaldið, að mér virðist, að Alþingi ætti fyrst og fremst að reyna að spara sjálft, eyða ekki allt of miklum tíma í þinghaldið. Það munar t. d. miklu, hvort prentuð eru þingtíðindi eftir tveggja mánaða þinghald eða eftir þinghald allan þann óratíma, sem Alþingi hefir átt setu nú. Nú liggur fyrir þinginu frv. til laga um breyt. á þingsköpum Alþingis, sem ég skal ekki fara að ræða nú. Hvort þau ákvæði, sem frv. það hefir að geyma, geti orðið til þess að stytta þingtímann, skal ég ekkert segja um á þessu stigi málsins, en hitt tel ég, að þingtíminn geti verið styttri, og prentunarkostnaður Alþt. þá mun minni en hann er nú.

Skal ég svo ekki að svo stöddu fara lengra út í þetta mál, en vænti, að þessar bendingar mínar megi verða til athugunar framvegis.

Jóhann Jósefsson [óyfirl.]: Ég mun að miklu leyti láta nægja að sína með atkv. mínu afstöðu mína til ýmsra liða bandormsins. Þessi ormur mun vera einn sá undarlegasti hlutur, sem sézt hefir hér á Alþingi, og er því ekkert undarlegt, þó að mönnum verði tíðrætt um hann. Það eru þó aðeins tvö atriði, sem ég vildi minnast á í þessu sambandi. — Eins og frv. ber með sér, er farið fram á, að seld verði tvö varðskipin, Þór og Óðinn, en við það hefir verið flutt brtt. Eins og ég tók fram undir umr. um heimild fyrir stj. til að selja varðskip þessi, þá taldi ég það hið mesta óráð, og ég vil endurtaka það nú, hvers vegna ég tel misráðið að selja þessi skip. Hvað Þór snertir, þá hefir hann, sem kunnugt er, björgunarstarfsemi með höndum ásamt landhelgisgæzlunni, og hefir reynzt vel, a. m. k. eftir því, sem við var að búast. Óðinn er aftur á móti miklu dýrara skip, og mun erfitt að fá gott verð fyrir hann, því að það mun nú vera svo, að þar, sem slíkir strandvarnarbátar eru notaðir sem Óðinn, þá er farið að hafa þá með dieselvél. Óðinn myndi því þykja of dýr í rekstri til slíkra hluta. Ég held því, að það yrði betri lausn á þessu máli, sem hv. 3. þm. Reykv. benti á, að láta bíða með sölu á Óðni nú fyrst og sjá, hverju fram yndi, heldur en fara að rjúka til og selja hann nú fyrir mótorbáta, og það án efa fyrir mjög lágt verð.

Hvað Þór snertir, þá kom hann sem kunnugt er í staðinn fyrir gamla Þór, tók við hans starfi, og hefir reynzt hentugur til þess. Það er nú að vísu svo, að Ægir á ekki að selja, hann á að verða eftir og taka við störfum hinna skipanna. En ég býst við, að ekki verði gott að staðbinda hann á sama hátt og t. d. Þór á vetrarvertíðinni við Vestmannaeyjar. Hann hefir t. d. sérstök björgunartæki og hefir verið notaður af stjórninni til þess að bjarga skipum, sem hann hefir oft verið bundinn við svo vikum skipti. Ég gæti t. d. búizt við, að það þætti súrt í brotið, ef togari strandaði austur með Söndum, að Ægir væri bundinn við Vestmannaeyjar, við það starf, sem Þór hefir nú, og gæti hvergi farið. Í slíku tilfelli myndi það áreiðanlega verða úr, að skipið færi austur til björgunartilrauna, en engin björgunarstarfsemi verða við Vestmannaeyjar á meðan, hvað sem fyrir kynni að koma.

Það hefir mikið verið rætt um, að í stað varðskipanna ættu að koma mótorbátar til gæzlunnar, og hv. þm. Borgf. talaði langt mál um það, að í framtíðinni ætti að sameina landhelgisgæzluna og björgunarstarfsemina. En þetta út af fyrir sig er ekkert nýtt mál. Það er þegar orðið langt síðan við töluðum um þetta í Vestmannaeyjum, enda munum við hafa verið manna fyrstir til þess að vekja máls á þessu. Í þessu sambandi verður að gæta þess, að þau skip, sem ætlað er að hafa eftirlits- og björgunarstarf samhliða, verða jafnan að hafa mikla yfirburði yfir hin, sem þau eiga að vera til aðstoðar. Að halda að smámótorbátar geti veitt hjálp eða bjargað skipum, sem eru miklu stærri en þeir eru sjálfir, er hinn mesti misskilningur. Og hvað gæzluna snertir, þá held ég, að varla geti orðið tiltækilegt að nota vélbáta til gæzlunnar nema á flóum og fjörðum, þar sem þeir geta leitað hafnar þegar þörf krefur. Þau skip, sem björgunarstarfsemi eiga að hafa með höndum, þurfa helzt að hafa sterka gufuvél og vera að öðru leyti vel útbúin. Ég held því, að það sé misskilningur og jafnvel hin mesta fjarstæða að halda, að hægt sé að sameina björgunarstarfsemina og landhelgisgæzluna með því að hafa mótorbáta, og þá sérstaklega fyrir Suðurlandi og við Vestmannaeyjar á vetrarvertíðinni. Um björgunarstarfsemina við Vestmannaeyjar á vetrarvertíðinni er það að segja, að hún er alls ekki fyrir Vestmanneyinga eina, heldur njóta fleiri og færri héruð góðs af henni, því að þau 1600 manna, sem sjó stunda við Vestmannaeyjar á vetrum, eru ekki svipað því allir þaðan, heldur eru þeir komnir til Eyja frá svo að segja öllum héruðum landsins.

Síðan Vestmannaeyjar gerðu samningana við ríkisstj. 1926, um björgunarstarfsemi við Vestmannaeyjar, hefir allt staðið heima frá stjórnanna hálfu. Að vísu vildi hv. þm. S.-Þ., sem var ráðh. þegar gamli Þór fórst, láta þá hætta björgunarstarfseminni, en þingið tók þá svo rækilega í taumana, að skoðanir hans í þessu efni biðu algerlega lægri hlut. Nei, björgunarstarfsemin við Vestmannaeyjar má ekki leggjast niður, hún er svo þýðingarmikil, og það sannast, að enda þótt sumir haldi, að björgunar- og eftirlitsstarfsemina megi sameina, þá verður slíkt aldrei framkvæmanlegt með Ægi einum.

Ég skal svo ekki eyða miklu meiri tíma í þetta, þó aldrei nema um þessa hluti megi mikið segja, þar sem það kom líka fram í ræðu hæstv. fjmrh., að þessir 4 mótorbátar, sem hugsað er að nota til gæzlunnar, eiga ekki alltaf að starfa allir, heldur jafnvel einn í einu. Það er því alveg bersýnilegt, að ef varðskipin verða

seld, þá verður stórkostleg afturför í landhelgisgæzlunni frá því, sem nú er.

Þá mun það og sannast, að verði t. d. Óðinn seldur, þá mun ekki fást það verð fyrir hann, að það bjargi fjárhag ríkisins hið minnsta. Hann verður aldrei seldur eins og nú standa sakir, nema fyrir „slikk"verð, en það kalla ég, þó að fyrir hann fengjust 150—200 þús. króna. Hvað Þór snertir, þá mætti kannske smyrja honum út fyrir fiskiskip, en þó fyrir lágt verð, því að skipið er orðið gamalt, og myndi því þykja úrelt. Það, sem fyrir hann fengist, myndi því aldrei hossa háu fyrir ríkissjóðinn.

Þegar Hermóður var keyptur, var hann orðinn gamalt skip, og ekki hefir hann yngzt síðan. Þó að hann væri seldur, tel ég allt öðru máli gegna en um hin skipin. Í sambandi við það, sem ég nú hefi sagt, höfum við hv. þm. Snæf. leyft okkur að bera fram skrifl. brtt., svohljóðandi: „Alþingi heimilar ríkisstj. að selja eða leigja skipið Hermóð með þeim kjörum, sem bezt eru fáanleg".

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 916) leyfð og samþ. með 17 shlj. atkv.

Jörundur Brynjólfsson [óyfirl.]: Ég hafði ekki hugsað mér að tala um þessa brtt., sem ég flyt hér; hún er svo smávægileg. En ég hafði ekki búizt við því, að svo yrði litið á, að mér væri tæpast heimilt að gera brtt. Hv. þm. Borgf. taldi, að það kenndi nokkuð mikils yfirlætis hjá mér, að ég skyldi leyfa mér að bera fram þessa brtt. Ég veit ekki, hvert sakarefni kann að vera í þessu fólgið, en mér virtist, sem hv. þm. teldi, þar sem hæstv. ráðh. hefði lýst sig samþykkan brtt. minni og mundi hafa um hana vitað, að þá hefði verið óviðfelldið, að ég hefði flutt hana. Það má vera, að hv. þm. hafi þá talið „yfirlætið" í því fólgið, að ég gerðist flm. að till., sem núv. hæstv. ríkisstj. stóð að. Ég kemst þá ekki undan slíku ámæli, ef þannig er ástatt, og verð að láta mér það lynda. En það vill svo til, án þess að það skipti máli, að ég átti tal við hæstv. ríkisstj. um þessa brtt., áður en ég bar hana fram, en ég ætla ekki að fara út í það, af hvaða ástæðum það var. Ég taldi mér það frjálst og áleit, að það kæmi eiginlega ekki öðrum við. Mér finnst það ekkert óskiljanlegt, þó ég ætti tal við hæstv. ríkisstj. um flutning slíkrar till., þar sem hún hefir verið allmikið við þetta mál riðin. Ef hv. þm. Borgf. hefði verið í stj., þá hefði ég hagað mér eins gagnvart honum, ef ég hefði verið stuðningsmaður hans, en ég skal náttúrlega ekki segja, að ég hefði gert það, ef ég hefði verið andstæðingur hans. En þessi afstaða mín til málsins er að dómi hv. þm. Borgf. ekki nóg. Mér láðist sem sé að fara til hans líka og segja honum, að nú ætlaði ég að leyfa mér að bera fram brtt. við þetta frv., sem hann stendur að með mestu prýði. Þessa vangá verð ég að játa. En ég get samt ekki farið að biðja hv. þm. afsökunar á neinu; bæði er skaplyndi mínu þannig farið, að ég tel mig jafnréttháan og hann, og svo veit ég ekki heldur, hvort það væri í þökk minna kjósenda, að ég færi að biðja hann leyfis til að bera fram mál á Alþ. Svona lít ég sem sagt á málið, og þó hv. þm. Borgf. þyki sér misboðið með því, hvernig ég hefi hagað mér í þessu efni, þá verður hann að hafa það.

Nú vill svo til, að aðrir hv. þm. hafa flutt brtt., sem fella niður þá 3 liði, sem ég hefi gert till. um að fella niður. Það er þá einn liður, sem sé 12 liðurinn í þessu frv., sem ég geri till. um, að niður sé felldur umfram það, sem aðrir þm. hafa gert till. um. Ég lýsti því yfir strax af forseta stóli, að ég mundi bera upp mína brtt. fyrst, en svo aðrar brtt. hv. þm. við mína brtt., sem upphaflega væru eðlilega stílaðar við frv., svo atkv. gætu farið fram um það. Mín yfirlýsing var því fullkomlega þingleg og sjálfsögð eftir þingsköpum. Ef þannig kann að vera ástatt í d., að meiri hl. sé ósamþykkur því, að fyrst og fremst þessir 3 liðir verði felldir niður og svo einnig þessi eini liður, sem ég legg til að verði felldur niður, þá er það náttúrlega eðlileg afleiðing, að min brtt. verði felld, og nær það þá ekki lengra. Hv. dm. hafa gert sig ánægða með það, hvernig ég ætla að haga atkvgr. Ég hefi meira að segja heitið því — sem þó ekki er alveg sjálfsagt —, að ef hv. þm. óskar eftir atkvgr. um sérstaka liði í minni brtt., þá mundi ég verða við þeim tilmælum. Og er þá sakarefnið ekki orðið mjög mikið. Ég misskil heldur ekkert tilgang þessa máls, sem er sparnaðurinn, eins og hæstv. fjmrh. tók fram, og þá kem ég að hinum einstöku liðum, sem ég legg til, að niður verði felldir.

Hvað viðvíkur 11. liðnum, þá er ekki gott að segja, hvort nokkur sparnaður leiði af honum. Slíkt fer eftir því, hvernig þeim málum er háttað, og er mjög líklegt, að enginn sparnaður leiði af þessum lið.

Um 12. liðinn er það að segja, að það á að fela annari stofnun starf heldur en l. mæla fyrir. Starfið á því að rækja og það verður að greiða fyrir það, þó það falli undir landssímann. Sparnaðurinn verður því enginn á þessum lið.

Um 14. liðinn get ég skírskotað til þess, sem hæstv. fjmrh. sagði, og þarf ég því ekki að fjölyrða um hann frekar. — Og um 16. liðinn get ég líka látið mér nægja það, sem hæstv. fjmrh. sagði.

Mér komu satt að segja orð hv. þm. Borgf. ákaflega einkennilega fyrir. Ég veit ekki, hvort honum sýndist prentsvertan eitthvað öðruvísi á þessari till. minni heldur en öðru prentuðu máli. Ef svo er, að hún ber með sér eitthvert sérstakt yfirlæti, þá tel ég mig ekki eiga sök á því; ég hefi þar hvorki ráðið lit né letri. En ég hefi verið að rýna í þessa till. mína til þess að sjá, hvort hún væri nokkuð öðruvísi heldur en aðrar till., en ég hefi ekki getað séð, að hún væri það, nema hvað efnið áhrærir og mitt nafn, og ég gat ómögulega farið að breyta því. Ég get sem sagt ekki séð neitt við mína brtt., sem er öðruvísi heldur en það, sem tíðkast hjá öðrum hv. þm. og hv. þm. Borgf., sem nú sjálfur flytur till. og telur sig hafa heimild til þess, og mér dettur ekki í hug að segja, að það sé af yfirlæti gert hjá honum. Ég veit, að það er af umhyggju fyrir landhelgisgæzlunni, og þó að það sé allt annað en sparnaður, sem af till. leiðir,

þá dettur mér ekki í hug að áfella hann fyrir það, að bera slíka till. fram. Ég viðurkenni þýðingu málsins, og þó að hv. þm. hafi ekki átt tal við mig um það, að hann ætlaði að bera fram brtt. við frv., þá tel ég honum það ekki til yfirlætis. En ég kann ekki við það, að meðan við erum jafnréttháir um afstöðu til afgreiðslu mála, að ég megi ekki bera fram mál. Og mér er sem sagt óskiljanlegt, hvað hv. þm. hefir átt við með því að tala um yfirlæti hjá mér í þessu sambandi. Ég vona, að hv. þm. útskýri þetta eitthvað, og sé það eitthvað sérstakt, sem hann sér með sínum andans augum, þá væri æskilegt, að menn gætu öðlazt þessa gáfu hans, en það væri þá betra, að sá ókostur fylgdi ekki með, sem fylgir hans sálarsjón, að menn sæju ofsjónir eða sæju það, sem ekki er.

Hvað viðvíkur till. hv. þm. Borgf., þá veit ég, að hann á ekki sök á því, að það mætti misskilja hana. Hæstv. fjmrh. minntist á það, að hann vonaði, að hv. þm. ætti ekki við það, að 4 bátar væru samtímis auk Ægis á hverjum stað. Ég hefi nú ekki skilið þetta þannig. En ef ætti að skilja till. eftir orðanna hljóðan, þá ættu jafnvel 4 bátar að vera á hverjum stað og Ægir. Ég segi nú Ægir í eintölu af því, að ég hefi skilið, að það væri átt við varðskipið. En ef ætti að skilja þetta eftir orðanna hljóðan, þá ætti Ægir að vera með á hverjum stað. Þetta er að sínu leyti eins og guð er bæði einn og þríeinn og alstaðar nálægur. Þetta er náttúrlega sagt til gamans. En ég vildi aðeins benda hv. þm. á það, að það getur farið þannig, jafnvel hjá þeim, sem ekki kennir hins minnsta yfirlætis, að það má misskilja till. þeirra. Tilgang hv. þm. misskil ég vitanlega ekki, en það er sem sé greinarmerki, sem vantar, og það er auðvelt að sjá, við hvað er átt.

Ég skal taka það fram, að mér þykir þetta leiðinlegt, sem fram hefir farið milli okkar hv. þm. Borgf., því okkur hefir ekkert farið í milli þannig lagað, að ég eigi í neinum útistöðum við hann. Mér þykir leiðinlegt, þegar þm. þykir eitthvað miður við mig. Og ég vona, að þó hv. þm. Borgf. hafi eitthvað mislíkað flutningur þessarar brtt. minnar, að hann fyrirgefi mér og að við verðum jafngóðir vinir eftir sem áður, þegar afgr. þessa máls er lokið, og helzt fyrr.

Ég vil svo að lokum bæta því við til réttlætingar á því, að ég ber fram till. um það, að þar sem stendur í 3. lið frv., að fella skuli niður prentun umræðuparts Alþt., skuli standa, að fresta skuli prentuninni. Það er búið að reyna það áður, hvort meiri hl. sé fyrir því á þingi að fella alveg niður umræðupart þingtíðindanna, og slík till. var felld. Ég hefi því talið hyggilegt, að orðalagið væri vafalaust, og breytt því þannig, að hér væri aðeins um frestun að ræða. Ég veit, að þó prentun sé nú felld niður, þá er hægt með lagasetningu, þar sem handritin eru til, að ákveða, að þau skuli prentuð, en það er bezt, úr því meiri hl. er fyrir því, að prentun þingtíðindanna skuli haldið áfram, að þetta sé ekkert vafamál.

Pétur Ottesen [óyfirl.]: Hv. 1. þm. Árn. getur séð það á andliti mínu, ef hann lítur á mig, hvernig ræða hans hefir verkað á mig. Mér þykir gaman að því að hafa orðið til þess að lyfta undir andríki hæstv. forseta. Mér virtist ræða hans, að því leyti sem hún snéri að mér, gera mönnum mjög létt í skapi, enda held ég, að aðalerindi hans í ræðustólinn hafi verið það að víkja sínu máli til mín. Honum varð mjög tíðrætt um þessi orð, sem ég lét falla, að mér virtist kenna nokkurs yfirlætis hjá honum með þessari brtt. sinni, og fór hann þar að sið prestanna, sem velja sér texta til þess að leggja út af. En það, sem ég átti við með þessum orðum, var það, að ég þóttist fá nokkra sönnun fyrir því, eftir að hæstv. fjmrh. hafði talað, að nú væri stjórnarliðið búið að koma sér niður á hið endanlega form til afgreiðslu þessa frv., sem byggðist á því að skera af því ¼ part af innihaldi þess, að liðatölu til, og mér virtist, eftir því sem áframhaldið kom hjá hæstv. forseta, að hann ætlaði að leggja þessa till. til grundvallar fyrir atkvgr. hinna till. Ég gat því ekki varizt því að líta svo á, að í þessu fælist nokkurt yfirlæti. Ég skal ekki fara neitt frekar út í þetta; ég ann hæstv. forseta allrar sæmdar af því að hafa sýnt þingheimi það, hversu mikil málsnilli ingur hann er og hversu andríki hans er ótakmarkað.

Þá gerði hæstv. forseti sér far um að kafa djúpt í sinni orðgnótt og hugsanaauðlegð til þess að snúa út úr minni till. og vildi komast að þeirri niðurstöðu, að ef ætti að skilja hana bókstaflega, þá ætti Ægir að vera alstaðar nálægur, þar sem einhverjir af þessum bátum væru, og þó þeir væru allir úti samtímis. Hæstv. forseti komst þarna svo langt í því að feta í fótspor prestanna, að hann ekki aðeins valdi sér texta til þess að leggja út af, heldur vitnaði hann í guð almáttugan og heilaga þrenningu. Ég skil satt að segja ekkert í þessu. Hæstv. forseti er óvanur því að færa úr lagi rétta hugsun og sæmilega framsetningu, eins og er á þessari till. minni. Ég held, að þetta hljóti að vera einhverjar eftirstöðvar frá því, að við deildum hér á dögunum um till., sem hann var flm. að, og ég var harðorður um, að ekki væri góður frágangur á. En hæstv. forseti viðurkenndi það strax með því að láta meðflm. sinn bera fram brtt. á orðalagi þessarar till. Þetta hefir víst átt að vera nokkurskonar borgun til mín fyrir það, sem hann hefir álitið, að ekki væri að fullu upp gert okkar á milli út af þeim viðskiptum, og eins og ég ann honum ánægjunnar út af hans andríki, eins ann ég honum þeirrar ánægju að hafa nú að fullu kvittað fyrir það, sem hann kynni að hafa átt eftir að kvitta við mig út af þeim viðskiptum.

En ég held, að það sé fullskýrt í minni till., hvað meint sé með henni. Ef hin skipin eru seld, þá er vitanlega Ægir eftir, og það, sem ég meina, er það, að til viðbótar við starf Ægis séu 4 bátar og að starfsemi þeirra sé raðað niður eftir því, sem þörf er fyrir þá á hverjum stað. Hitt er vitanlega alls ekki hægt — eins og hæstv. forseti veit — að ákveða Ægi neinn stað. Það verður vitanlega að fara eftir þörfinni á hverjum tíma og eftir því, sem skipstjórinn álítur í samráði við þá menn í landi, sem hafa

yfirstjórn landhelgisgæzlunnar á hendi. — Ég held, að ég hafi þá gert full skil á þessari till. minni. Það kann að vanta einhversstaðar kommu í hana, til þess að greina á milli, en það er náttúrlega ekki gott fyrir hæstv. forseta að dæma um það, hvort það er frá minni hendi, sem hefi skrifað þessa till., eða þeirra, sem prentuðu hana og lásu prófarkir.

Þá var það hæstv. fjmrh., sem vék að mér nokkrum orðum áðan. Ég heyrði því miður ekki allt, sem hann sagði, því ég átti annríkt við undirbúning brtt. við annað mál heldur en það, sem hér er til umr. En út af þeirri fyrirspurn, sem hann beindi til mín, hvernig bæri að skilja mína till., þá get ég skírskotað í því efni til till., sem liggja fyrir bæði hér á Alþ. og stjórnarráðinu frá þeirri n., sem kosin var á síðasta þingi til þess að gera till. um landhelgisgæzluna. Þar sem þetta liggur fyrir í stjórnarráðinu, þá getur hæstv. ráðh., ef hann vill kynnast þessu nánar, séð, hvað í þessum till. minum felst um þetta atriði, en það er það — án þess að taka nokkuð til um tímalengdina, — að haga starfsemi þessara báta þannig, að þeir séu við landhelgisgæzlu á þeim tíma við strendur landsins og á þeim stöðum, þar sem fiskveiðar eru stundaðar, og að starfsemi þeirra sé einkum miðuð við þann tíma, sem aðalvertíðin er á hverjum stað.

Ég skal svo ekki fara frekar út í þetta. Það má vel vera, að eitthvað hafi komið fleira fram, sem ég ekki heyrði, en ég læt það þá niður falla.

Thor Thors: Ég geri ráð fyrir, að þetta frv. muni síðar verða álitið eitt af furðuverkum þessa þings, þó að þar megi eflaust finna hvert furðuverkið öðru merkilegra, þegar fram líða stundir og reynsla tímans er á fallin. Eitt þeirra var frv. til l. um bráðabirgðabreyt. nokkurra l. í 8 liðum, sem lagt var fram á fyrri hluta þessa þings. Nú á að bæta þar við nýrri bráðabirgðabreyt. í 16 liðum um óskyldustu efni. Lagabreytingin, sem samþ. var á fyrra hluta þingsins, fjallaði m. a. um bifreiðaskatt og tóbak. Nú á að bæta við prestum, kvennaskólanum, tilbúnum áburði, búfénaði o. s. frv. Hér er hrúgað saman í eitt frv. brtt. um svo að segja allt milli himins og jarðar. Hefir verið á það bent af ýmsum hv. þm., hve óviðurkvæmilegt það er að blanda þannig saman óskyldustu málum, að láta brtt. við margskonar l. koma fram sem brtt. við einstakt frv.

Ég ætla nú ekki að fara að ræða um alla þessa 16 liði, vil aðeins minnast á fáein atriði, til þess að gera grein fyrir atkv. minu. 3. liðurinn er um það að fella niður prentun á umræðuparti Alþt. árin 1935 og 1936. Ég er þessu algerlega mótfallinn. Það er látið í veðri vaka, að þetta eigi aðeins að vera bráðabirgðabreyt. En reynslan af þeim bráðabirgðabreyt. á l., sem gerðar hafa verið undanfarin ár, hefir verið sú, að þessar breyt. hafa verið teknar upp aftur frá ári til árs. Nær allar breytingarnar frá fyrra hluta þessa þings hafa verið endurtekningar á bráðabirgðabreytingum frá 1933. Og ég er hræddur um, að eins myndi fara um þetta atriði, að haldið yrði áfram að framlengja breytinguna. Þetta myndi því ekki vera annað en fyrsta sporið að því að hætta með öllu prentun þingtíðindanna og loka þar með að miklu leyti þinginu fyrir þjóðinni. Þetta væri því stórkostlegt spor í afturhaldsátt, ef fram næði að ganga. Alþingi hefir nú staðið hér frá því 1845, en þótt oft hafi á þeim tíma árað illa hjá íslenzku þjóðinni, hefir aldrei verið sýndur slíkur vesaldómur og kotungsháttur, að ástæða hafi þótt til að varna þjóðinni að fylgjast með því, sem gerzt hefir á Alþingi. Nú ætla svokallaðir framsóknarmenn að fara að innleiða þetta nýja tímabil. Ýmsum óhlutvöndum mönnum kann að vísu að koma það vel, að ekki sé hægt að sýna skjallega, hvað sagt hefir verið á Alþingi, og þeir hlakka eflaust til, ef þessi breyting skyldi komast á. En það fer illa á því, að þeir, sem þykjast vilja halda á lofti lýðræðishugsjóninni, skuli gerast forgöngumenn að lokun Alþingis. — Þó að sporið væri nú ekki stigið allt til að byrja með og haldið áfram að skrifa ræðurnar, þá væri það lokuð bók öllum almenningi, og jafnvel líka þm. að miklu leyti. Það er reyndar sagt, að þeim fækki, sem þingtíðindin lesa, og efast ég ekki um, að það sé rétt, en þó eru áreiðanlega fjölmargir menn hér á landi, sem ánægju hafa af því að fylgjast með því, sem á Alþingi er sagt. Og það verður að segja, að prentuð þingtíðindi eru til ómetanlegs gagns í stjórnmálabaráttunni, ekki sízt hér á landi, þar sem mönnum hættir svo mjög til útúrsnúninga og rangfærslu. Lokun Alþingis myndi því stuðla mjög að því að færa stjórnmálabaráttuna hér heima í átt skrælingjaháttarins. Ég mun því hiklaust greiða atkv. gegn þessu tilræði við lýðræðið, sem till. felur í sér, eins og ég greiddi atkv. á móti till. um að hætta að skrifa ræðurnar.

Þá er 4. liður þessa frv., sem fer fram á að spara að nokkru leyti við prestastéttina greiðslu embættiskostnaðar, að fresta að nokkru framkvæmd l. nr. 36 frá 1931. Þar segir í 1. gr.:

„Söknarprestar fá greiddan ferða- og skrifstofukostnað embættis síns, með 500 eða 700 kr. hver, og fer upphæðin eftir stærð prestakalla, erfiðleikum og kostnaði við þjónustu þeirra.“

Hér er um að ræða örlitla launauppbót hjá þeim starfsmönnum ríkisins, sem einna lægst eru launaðir, og er þó ekki hægt að kalla þetta hreina launauppbót, þar sem prestar hafa oft mikinn kostnað af ferðum og skrifstofuhaldi. Sjá allir, hver höfðingsskapur felst í því að ætla að klípa þannig nokkrar krónur af prestum, þeirri stétt, sem einna smánarlegast er launuð af starfsmönnum þjóðfélagsins. Það getur verið, að ýmsir hv. alþm. séu á móti launagreiðslum til presta, en þá væri karlmannlegra og heiðarlegra að koma með till. um að afnema alveg prestastéttina. Það væri a. m. k. ákveðin stefna. En hér er verið að vega aftan að ákveðinni stétt manna. Það er ekki ástæða til að þessu sinni að fara út í almennar umr. um prestastéttina eða það, sem hún hefir unnið í þágu íslenzkrar menningar. En ég held, að þeir, sem vilja leggja til atlögu við prestastéttina, ættu að fresta atlögunni, þangað til þeir geta vegið stærra en gert væri með því að samþ. þessa till.

Þá er liðurinn, sem snertir landhelgisgæzluna.

Hv. þm. Vestm. hefir rætt allrækilega um brtt., sem við berum fram sameiginlega við þennan lið. Við viljum ekki, að varðskipin séu seld. Það þótti ekki svo litill viðburður, þegar þjóðin eignaðist varðskip, ekki sizt meðal sjómanna. Hvert varðskip þótti nýr fengur og vegsauki, tákn þess, að þjóðin væri að verða sjálfri sér nóg. Nú vilja framsóknarmenn stiga spor í þessu máli, ekki fram, heldur aftur, þeir vilja fækka varðskipunum og taka upp smábátarekstur í staðinn. Mun síðar verða litið svo á, að hér sé verið að stiga spor til vansæmdar, sem orðið geti þjóðinni dýrt. Það er öllum vitanlegt, að smábátar geta ekki í óveðrum og stórsjó, sem oft geisar hér við strendurnar, annast gæzluna á við eimskipin. Alþingi eru alltaf að berast óskir frá sjómönnum um bætta landhelgisgæzlu. Það verður því að teljast einkennilegt svar, sem Framsókn er að veita sjómönnum með þessari till., og því einkennilegra, ef þess er gætt, að meðan andstæðingar framsóknarmanna fóru með stjórn, voru þeir látlaust svívirtir fyrir að halda ekki uppi nógu öflugri landhelgisgæzlu. Ef það kom fyrir, að varðskipin urðu að liggja í höfn lengur en venja var til, voru stöðug klögumál í blöðum þeirra. En slíkar eiga svo að verða aðgerðir þeirra, sem nú fara með völdin.

Þá er 16. liður þessarar halarófu um kvennaskólann í Rvík. Þar er verið að gera tilraun til að leggja hann að velli, án þess að nokkuð hafi verið ráðgazt um við skólastjórnina. Skólinn hefir nú starfað í 60 ár, og verður ekki um það deilt, að hann hefir átt mikinn þátt í því að mennta íslenzku kvenþjóðina. Flestum sanngjörnum mönnum mun þykja leitt, ef þessi stofnun verður niður lögð, en með þessari till. er beinlínis stofnað til þess. Ég vænti þess, að þeir hv. þm. verði ekki margir, sem greiða þessari till. atkv. sitt.

Um einstaka liði þessa frv. mætti margt fleira segja, en flest af því hafa aðrir þegar tekið fram. Ég vil aðeins láta það álit mitt í ljós að lokum, að slík afgreiðsla mála sem þessi muni verða þinginu til lítils sóma. Ég hygg, að slíkur sparðatíningur og nánasarháttur geti ekki orðið Alþingi til annars en vansæmdar.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 104. fundi í Nd., 20. des., var fram haldið einni umr. um frv.

Forseti (JörB): Þá verður næst tekin fyrir atkvgr. um 6. dagskrármálið. Koma fyrst til atkv. brtt. á þskj. 906, og hefi ég hugsað mér að bera þær allar upp í einu lagi.

Jakob Möller: Ég vildi aðeins skjóta því fram, hvort ekki væri rétt að taka aftur till. um að fella niður einstaka liði, ef hæstv. forseti vildi bera upp till. á þskj. 906 lið fyrir lið. Það kemur út á eitt.

Héðinn Valdimarsson: Mér finnst t. d. um brtt. mína á þskj. 886a, að það sé æskilegt, að hún sé borin upp á undan.

Garðar Þorsteinsson: Ég vil leyfa mér að benda á það, að þetta frv. hefir raunverulega, þótt það sé tekið hér til einnar umr., aldrei legið fyrir Nd. Það verður þess vegna að fara með það eins og mál við 2. umr. og greiða atkv. um hverja einstaka grein. Þetta er allt óskylt efni hvað öðru. Og hvernig á ég t. d. að greiða atkv. með till. á þskj. 906, ef ég er samþykkur sumum liðunum, en vil fella aðra? Það getur ekki gengið að samþ. fyrst gr. og fara svo að fella burt einstaka liði, í stað þess, að allar brtt. séu í raun og veru teknar aftur og hver einstakur liður á þskj. 862 borinn upp til atkv.

Forseti (JörB): Það kann að vera, að þetta sé fremur einfalt með þeirri aðferð, sem hv. 8. landsk. bendir á, en ég hefi mínar ástæður fyrir því að haga atkvgr. svona.

Pétur Ottesen: Ég vildi aðeins benda á það, í samræmi við það, sem ég hélt fram í gær, að með þeirri aðferð, sem hæstv. forseti hyggst að viðhafa við þessa atkvgr., sem sé að bera upp sínar brtt. í einu lagi, þá eru þeir, sem greiða atkv. með þeim brtt., að samþ. að fella niður 4 liði frv. Nú getur það vel verið svo, að einhverjir vilji fella niður 2 eða 3 liði af þessari brtt., en séu að öðru leyti með henni. Mér finnst því hæstv. forseti setja menn í nokkuð erfiðar kringumstæður með því að vilja haga þessari atkvgr. þannig.

Það var við þetta, sem ég átti í gær, þegar ég fór fram á það við hæstv. forseta, að hann liti sömu augum á sína brtt. eins og okkar brtt. og að hver liður hennar væri borinn upp í sambandi við frv.

Forseti (JörB): Þetta er rétt hjá hv. þm. Borgf., og mér var það ljóst, hvernig háttað væri um uppburð á þessum brtt., sem fyrir liggja. Þessir 4 liðir, sem mín brtt. fer fram á að fella niður, koma ekki til atkv., en allir aðrir liðir frvgr. gætu komið til atkv., ef menn óska þess. Því hefi ég heitið. — Nú liggja fyrir brtt. um að fella niður 3 af þessum 4 liðum. Það er því aðeins 12. liðurinn, sem ég legg til, að niður verði felldur umfram það, sem aðrir þm. hafa gert till. um. Að vísu sannar það ekki, að meiri hl. sé fyrir því, þó að nokkrir þm. flytji brtt. með mér um að fella 3 af þessum liðum niður. En ég vildi spara þm. frekara ómak um þessa liði og hefi mínar ástæður fyrir því að haga atkvgr. á þennan veg.

Jakob Möller: Það er aðeins fyrirspurn. Ef ég tek aftur brtt. mínar á þskj. 896 og fer jafnframt fram á það, að sá liður*inn*, sem er í till. hæstv. forseta, verði borinn upp sérstaklega, fæ ég því þá framgengt? **(Forseti:** Já). Það er ágætt; það var þetta, sem ég átti við. Ég kann ekki við að samþ. fyrst brtt. hæstv. forseta og fara svo á eftir að ganga til atkv. um burtfellingu liða. — Þess vegna vil ég heldur taka aftur till. mínar, ef hæstv. forseti vill ganga inn á þetta, að þessir einstöku liðir verði bornir upp sérstaklega.

Forseti (JörB): Mér hefir sjálfsagt ekki lánazt — og má það vera mín sök — að gera mönnum það skiljanlegt, að alla þá liði, sem liggja fyrir í brtt. og ekki eru niður felldir í minni brtt., hafði ég hugsað mér að bera upp sem brtt. við mína brtt. Það er hægt, þegar það er gert með þessu fororði. — Hv. þm. ráða því svo, hvort þeir taka aftur sínar till., en mér finnst þess ekki þörf. — Ég hefi líka látið það í ljós, að ef menn óskuðu þess, að einstakir liðir í minni brtt. væru bornir upp sér, jafnvel þó að ekki lægju fyrir við þá neinar brtt., þá mundi ég gera það. — Þess vegna getur ekki verið ágreiningur um annað en það, að fá ekki sérstaka atkvgr. um þá einstöku liði, sem ég legg til, að niður verði felldar. — En til þess að breyta ekki umr. um þetta frekar og spara mönnum ómak, þá get ég lýst því yfir, að þessir 4 liðir, sem ég legg til, að niður verði felldir, koma ekki til atkv.

Gísli Sveinsson: Herra forseti! Mér líkar vel þetta síðasta, að láta ekki ganga til atkv. um þá liði, sem brtt. á þskj. 906 gerir ráð fyrir, að falli burt. En má ég þá leggja til, að hæstv. forseti hagi atkvgr. þannig, að hann beri upp sína brtt. á þskj. 906 hvern lið fyrir sig, þangað til kemur að þeim lið, sem brtt. eru við, og staldra þá við, og séu þær ekki teknar aftur, verður að bera þær upp fyrst, ella liðinn.

Forseti (JörB): Ég get fallizt á ósk hv. þm. V.-Sk. um þetta atriði, og vil ég þá vona, að málið sé leyst.

Pétur Ottesen: Ég vildi aðeins spyrja, hver ástæða væri fyrir því, að hæstv. forseti vill ekki láta þessa 4 liði koma til atkv. Það er náttúrlega einhver ástæða fyrir því, og ég óska, þar sem mér er vel kunnugt um undirbúning þessara till. og stend að þeim að nokkru leyti, að heyra ástæðuna fyrir því, að þeim sé vísað frá atkvgr.

Héðinn Valdimarsson: Ég vil biðja hæstv. forseta að bera sérstaklega upp liðinn um frestun á prentun Alþt., og eins óska ég, að brtt. hv. 3. landsk. viðvíkjandi landhelgisgæzlunni verði borin upp sem brtt. við brtt. hæstv. forseta.

Hannes Jónsson: Ég get vel skilið þá niðurstöðu, sem hér hefir orðið um samkomulag við hæstv. forseta, og ég er ekki hissa á því, að þm. noti sér þetta, en ég skil bara ekki, að slík skipun á meðferð mála geti orðið til frambúðar. Með því er verið að brjóta venjulegar þingskapareglur. Ég vil því spyrja hæstv. forseta, hvort honum finnist það ekki óviðfelldnar reglur, sem hér er verið að leiða inn?

Forseti (JörB): Ég get fallizt á, að menn greiði atkv. um hvern lið fyrir sig, að undanskildum þeim fjórum liðum, sem hægt er að komast hjá að greiða atkv. um samkv. brtt. minni.

Það er ekki óeðlilegt, að svona komi fyrir, þegar brtt. sníða sundur frumvarpsgreinar, en aðrar eru róttækari og till. þm. komast ekki að, nema vikið sé frá orðalagi, og hér því aðeins um formsatriði að ræða. En annars, þegar innra samband raskast, eftir því sem málefni standa til í hvert sinn, þá gera þingsköp ráð fyrir, að svona komi fyrir, og leggja það á vald forseta að skera úr um slíkt.

Hv. þm. Borgf. vildi heyra frekari ástæður fyrir því, að liðir væru bornir upp hver fyrir sig, en synjað um þessa fjóra liði. Ég hefi gert grein fyrir því og get ekki farið að fjölyrða um það öllu meira.

Þegar frv. kom fyrst fram hér í d., þá var ekki um frestun á framkvæmd laga að ræða, eins og þann hluta, er ræktunarsjóði við kemur. Í Ed. var bætt við frv. margháttuðum brtt., sem að mestu leyti snerust um að fresta framkvæmd laga.

Ég tel, að þegar þetta kom við efni frv., þá var það samkv. venju og ekki sérstaklega athugavert. En í brtt. frá Ed. eru líka önnur málefni, sem ekki er eins ástatt um, og það eru þau, sem heyra undir þessa fjóra liði. Aðaltilgangur með þessum brtt. var náttúrlega sparnaður, og önnur atriði, sem inn í frv. hafa verið felld af þeim mönnum, hafa þeir vonazt til, að til sparnaðar gætu leitt. En þau grípa á annan hátt inn í l. um svipað efni og raska framkvæmd gildandi l. Þetta tel ég vera fjarskylt efni frv. eins og það byrjaði hér í hv. deild. Því kann ég ekki við, að þessir liðir, sem ég hefi tilnefnt, kæmu hér ekki undir atkv., aðrir en þeir, sem brtt. mín er við. Og því vil ég ekki, að þeir komi til atkv. hér í deildinni. — Hv. þm. Borgf. má gera hér aths., en það breytir ekki þessari ákvörðun.

Pétur Ottesen: Ef þetta hefði borizt til tals meðan á umr. stóð, þá var þetta eðlilegt, en undir þeim kringumstæðum, að nú er búið að slíta umr., er allt öðru máli að gegna. Og ég vil benda á, að hér ber forsetum deildanna á milli, því að forseti Ed. hefir látið þessa liði koma undir atkv. og þar hefir þetta verið samþ. Forsetum deildanna ber því hér á milli.

Forseti (JörB): Hvað snertir ákvörðun forseta Ed., þá er ekki nema eðlilegt, að skoðanamunur kunni að verða um slík mál, og hvor kann að hafa nokkuð til síns máls. Vera má og, að ekki hafi verið vakin athygli forseta Ed. á þessu atriði. (**ÓTh:** Það er ótrúlegt, að forseti Sþ. skyldi ekki vekja athygli hans á því).

Þá er óskað eftir, að upp verði borinn hver einstakur liður.

ATKVGR.

Brtt. 906,1 samþ. með 22:1 atkv.

— 906,2 samþ. með 24 shlj. atkv.

— 906,3 felld með 16:15 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: SigfJ, ÞorbÞ, BJ, BÁ, BB, EystJ, GG, GSv, GÍ, JÓl, JS, MT, PZ, PO, JörB.

nei: SE, SK, StJSt, TT, EE, EmJ, FJ, GÞ, HannJ, HV, JakM, JJós, JG, ÓTh, PÞ, PHalld.

Tveir þm. (ÁÁ, JónP) fjarstaddir.

Brtt. 904 samþ. með 17 shlj. atkv.

Brtt. 906,4 samþ. með 17:13 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: ÞorbÞ, BJ, BÁ, BB, EmJ, EystJ, FJ, GG, HV, JG, MT, PZ, PÞ, SigfJ, SE, StJSt, JörB.
nei: GÞ, GSv, GÍ, HannJ, JakM, JJós, JÓl, JS, ÓTh, PHalld, PO, SK, TT.
EE greiddi ekki atkv.
Tveir þm. (ÁÁ, JónÞ) fjarstaddir.
Brtt. 906,5—8 samþ. með 17:2 atkv.
— 906,9 samþ. með 20:9 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: JG, MT, PZ, PÞ, PO, SigfJ, SE, StJSt, ÞorbÞ, BJ, BÁ, BB, EmJ, EystJ, FJ, GG, HV, JÓl, JS, JörB.
nei: ÓTh, PHalld, SK, TT, EE, GÞ, GSv, HannJ, JakM.
GÍ, JJós greiddu ekki atkv.
Tveir þm. (ÁÁ, JónÞ) fjarstaddir.
Brtt. 906,10 samþ. með 20:1 atkv.
— 916 felld með 20:11 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: JJós, ÓTh, PHalld, SK, TT, EE, GÞ, GSv, GÍ, HannJ, JakM.
nei: JÓl, JS, JG, MT, PZ, PÞ, PO, SigfJ, SE, StJSt, ÞorbÞ, BJ, BÁ, BB, EmJ, EystJ, FJ, GG, HV, JörB.
Tveir þm. (ÁÁ, JónÞ) fjarstaddir.
Brtt. 891 felld með 17:9 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: SE, StJSt, EmJ, FJ, HV, JJós,[2]) JG, MT, PÞ.
nei: SigfJ, SK, ÞorbÞ, BJ, BÁ, BB, EystJ, GÞ, GG, GÍ, JakM, JÓl, ÓTh, PZ, PHalld, PO, JörB.
TT,[1]) EE, GSv, HannJ, JS greiddu ekki atkv.
Tveir þm. (ÁÁ, JónÞ) fjarstaddir.
Brtt. 905 samþ. með 20:1 atkv.
— 906,11, svo breytt, felld með 15:15 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: JÓl, JS, JG, MT, PZ, PO, SigfJ, SE,[4]) ÞorbÞ, BJ, BÁ, BB, EystJ, GG, JörB.
nei: HannJ, HV, JakM, JJós, ÓTh,[3]) PÞ, PHalld, SK, StJSt, TT, EE, FJ, GÞ, GSv, GÍ,
EmJ, greiddi ekki atkv.
Tveir þm. (ÁÁ, JónÞ) fjarstaddir.
Brtt. 906,12 samþ. með 20:2 atkv.
— 906, með áorðnum úrfellingum og viðauka, samþ. með 20 shlj. atkv.
Frv., svo breytt, samþ. með 18 shlj. atkv. og endursent Ed.

Á 100. fundi í Ed., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við eina umr. í Nd. (A. 926).

Á 101. fundi í Ed., 21. des., var frv. tekið til einnar umr.
Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 9:1 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 941).

---

83. Málning úr íslenzkum hráefnum.

Á 82. fundi í Nd., 25. nóv., var útbýtt:
Frv. til l. um einkaleyfi til að vinna málningu úr íslenzkum hráefnum (þmfrv., A. 616).

Á 84. fundi í Nd., 27. nóv., var frv. tekið til 1. umr.
Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 20 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

Frsm. (Guðbrandur Ísberg) [óyfirl.]: Frv. þetta er flutt af iðnn. og gengur út á það, að tveim tilteknum málarameisturum verði veitt einkaleyfi um næstu 5 ár til að vinna málningu úr íslenzkum hráefnum. Vil ég í þessu sambandi geta þess, að til landsins munu nú vera fluttar málningarvörur fyrir um ½ millj. kr. á ári. Það er augljóst, að það væri ákaflega æskilegt, ef hægt væri að losna við þennan innflutning að sem mestu leyti. Það er að vísu ekki hægt að búast við, að þetta takist fljótt, eða að þeim mönnum, sem lagt er til hér, að veitt verði einkaleyfi þetta, takist það á næstu 5 árum að framleiða málningarvörur þær, sem við þurfum að nota. En þessi viðleitni getur orðið spor í þá átt að gera þjóðina óháða erlendum innflutningi á þessum vörum.
Talið er víst, að hér á landi finnist ýms litunarefni í jörð, steinefni, sem megi nota til framleiðslu á málningarvörum. Það er æskilegt, að hafizt verði handa sem fyrst í þessu augnamiði, og þetta frv. er borið fram til þess að gera tilraun í þá átt og gefa tilteknum mönnum, sem hafa áhuga á málinu, tækifæri til þess að koma þessum iðnaði af stað.
Ég sé svo ekki ástæðu til að fjölyrða frekar um þetta mál. Það miðar í áttina til þess, að við getum orðið sjálfum okkur nógir, og ég vænti, að þeir, sem bera iðnaðinn fyrir brjósti, fylgi þessu frv.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 21 shlj. atkv.

Á 86. fundi í Nd., 29. nóv., var frv. tekið til 2. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
2.—4. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.

---

1) **TT:** Eins og sjá má á brtt., sem ég hefi borið fram við þennan lið, vil ég samþ. að selja annað skipið, en ekki hitt. Get ég því ekki samþ till. eins og hún nú liggur fyrir, og greiði því ekki atkv.
2) **JJós:** Ég hefi að vísu borið fram till. um að selja hvorki Óðin né Þór. Er mér mjög óljúft að greiða atkv. með till. eins og hún er orðuð, en þar sem búið er að fella till. hv. þm. Snæf., og vegna hinnar miklu þarfar að halda Þór, mun ég þrátt fyrir þennan árekstur milli till. segja já.
3) **ÓTh:** Ég hefi ekki enn fengið nægilegar upplýsingar til þess, að ég vilji að svo komnu máli taka ákvörðun um að selja varðskipin, en það getur vel komið að því, að þess þurfi, en vegna þess, að mér þykir það ekki nægilega upplýst nú, segi ég nei.
4) **SE:** Í trausti þess, að ríkisstj. selji ekki varðskipin, nema sæmilega sé séð fyrir landhelgisgæzlunni á annan hátt, segi ég já.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 18. shlj. atkv.

Á 88. fundi í Nd., 2. des., var frv. tekið til 3. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 95. fundi í Nd., 10. des., var frv. aftur tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 16:1 atkv. og afgr. til Ed.

Á 91. fundi í Ed., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 616).
Á 93. fundi í Ed., 12. des., var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv. og til iðnn. með 10 shlj. atkv.

Á 99. fundi í Ed., 19. des., var frv. tekið til 2. umr. (A. 616, n. 872),

Frsm. (Ingvar Pálmason) [óyfirl.]: Þetta frv. er komið frá hv. Nd. og gekk í gegnum þá hv. deild mótstöðulítið, eða að minnsta kosti án nokkurrar sérstakrar mótspyrnu. Þegar svo frv. kom til þessarar hv. d., virtist svo sem annað hljóð væri komið í strokkinn, því að strax fóru þá að streyma til iðnn. óskir um viðtöl um þetta frv. Strax sama daginn og máli þessu var vísað til n. tók n. á móti heimsóknum tveggja manna, Péturs Guðmundssonar, forstj. verzlunar hér í bænum, sem heitir Málarinn, og Trausta Ólafssonar. Erindi þessara tveggja manna til n. var það að leitast fyrir um, hvort n. vildi ekki fallast á að veita þessum tveimur mönnum sérleyfi. Þessi fundur stóð nálægt tveim tímum, og meira var ekki gert í málinu á þeim fundi. Þessu hélt svo áfram. Síðar kom þriðji aðilinn, sem ég ætla að hafi heitið Ólafur Jóhannesson, í sömu erindagerðum. Hann vildi líka fá einkaleyfi á þessu. Á endanum taldi n. rétt að kalla til viðtals þá, sem nefndir eru í þessu frv., sem báðu um þetta einkaleyfi, sem í frv. er getið um. Átti n. allýtarlegt tal við þá. Áður en n. fór nokkuð að athuga málið var auðséð, að sækja átti áróður á móti því. Það er náttúrlega ekki nema gott og blessað, að n. fái upplýsingar í málinu. Og þær n., sem ég hefi starfað í á Alþ., hafa tekið vel upplýsingum, en venjulega óskað eftir því, að þeir, sem upplýsingarnar veittu, gæfu þær skriflega, því að slíkt er miklu hentugra upp á vinnubrögð n., að upplýsingarnar séu skrifaðar, og enda betur viðeigandi.

Ég vil taka það fram í þessu sambandi, að þau 14 þing, sem ég hefi setið, hefir aldrei borið eins mikið á áróðri á n., af mönnum héðan úr bænum aðallega, um þingmál eins og á þessu þingi. Og þetta er orðin hreinasta plága, því að það er eins og mönnum nægi það ekki lengur að senda sín skjöl til þingsins um mál, sem þeir láta sig varða, og láta þar uppi það, sem þeir vilja, að komi fram með eða móti málum. Það hefir farið svo mjög í vöxt nú á þessu þingi, að menn hafa tafið n. við störf, að ég álít, að það horfi iskyggilega við, ef slíkt fær að halda áfram. Fyrir slíkt verður að taka. Það getur ekki gengið, að allur fundartími n. fund eftir fund fari í að ræða um málin við utanþingsmenn, auk þess sem þetta er óviðeigandi, því að þingmál eru öllum opin og menn geta með því að senda erindi eða skrifa í blöð gert við þau sínar aths. Ef utanþingsmenn fá að hafa viðræður við n. á nefndafundum, getur það alveg eins leitt til þess, að nm. eigi erfiðara með að glöggva sig á málunum. — Þetta var nú útúrdúr. En ég notaði tækifærið nú til þess að geta þess arna, vegna þess að eitt af þeim málum, sem þessu framferði af utanþingsmönnum var beitt sérstaklega við, er einmitt þetta mál.

Eftir allar þessar heimsóknir og viðtöl fór svo n. að athuga málið. Það var auðséð, að þeir, sem heimsóttu n., töldu velta á miklu, hvernig mál þetta færi. En n. hafði litið svo á, og litur svo á enn, að hér sé ekki um stórmál að ræða. Svo fór n. að bera saman upplýsingar, sem hún hafði fengið frá þessum umsækjendum, og vildi hún sérstaklega fá að vita, hvort litir unnir úr íslenzkum jarðefnum gætu orðið nothæfir til málningar. Ég hygg, að umsækjendurnir hafi allir svarað n. því, að þeir hafi verið búnir að vinna í mörg ár að tilraunum í þessa átt. Einn þeirra mun hafa sagt, að hann væri búinn að fást við þetta síðan fyrir 14 árum. Ég skal ekki draga það neitt í efa, að menn þessir hafi skýrt rétt frá. En einu umsækjendurnir, sem sýndu n. svart á hvítu, ef svo mætti orða það, árangur af starfi sínu, það voru umsækjendurnir, sem nefndir eru í þessu frv. Þeir sýndu n. liti í dufti, sem þeir tjáðu, að væru unnir úr íslenzkum jarðefnum. Þeir sýndu einnig n. þessa liti færða á tré. N. virtist því, að hvað sem um tímalengd viðvíkjandi starfi umsækjendanna að þessari litarvinnslu væri að ræða, þá væri árangurinn beztur af tilraunum þeirra tveggja manna, sem nefndir eru í frv.

Rétt er í þessu sambandi að geta þess, að n. stakk upp á því við þá forstjóra Málarans og Trausta Ólafsson, hvort ekki væri rétt að kalla þá aðila báða, sem nefndir eru í frv., fyrir n. og láta þá ræðast alla við þar, og vita, hvort þeir gætu ekki sjálfir fundið lausn á þessu máli sín á milli. En þeir óskuðu ekki eftir því. N. sá það strax, að þó að málið í sjálfu sér sé, eða virðist vera, frá leikmanns sjónarmiði séð, ekki mjög stórvægilegt, þá var ákaflega mikið kapp í umsækjendunum út af þessu máli. Hélt n. því um þetta nokkra fundi í næði, til þess að athuga það, sem fyrir lá í málinu, og það, sem n. gat fengið upplýst. Og niðurstaða n. varð sú, að hún legði til, að þetta frv., sem hér liggur fyrir, yrði samþ. og þessum mönnum, sem þar eru nefndir, yrði veitt einkaleyfi í 5 ár til þess að vinna málningu hérlendis úr ísl. hráefnum. En þar sem skilyrði er sett um það, að einkaleyfishafar eigi að hafa notfært sér leyfið að

verulegu leyti innan 2 ára, þá tel ég hvað það snertir nægilegan varnagla. Af þeim tilraunum, sem gerðar hafa verið með að vinna málningu úr íslenzkum jarðefnum, virðist árangurinn beztur hjá þeim málarameisturunum Ósvald Knudsen og Einari Gíslasyni, og því mælir n. með, að þeir fái einkaleyfið. Um hina mennina er það að segja, að n. var það ljóst, að hvað snertir t. d. forstöðumann Málarans, þá er þar aðeins um verzlunarfróðan og eflaust duglegan mann að ræða, og enda þótt með honum væri efnafræðingur, sem vitanlega er gott, þá sá n. samt ekki ástæðu til að taka þá fram yfir málarameistarana, sem báðir eru taldir mjög vel að sér í sínu fagi, og leggur því til, að frv. verði samþ. óbreytt. N. sá ekki heldur, að málningarverzluninni væri neinn sérstakur ógreiði gerður, þó að einkaleyfið væri veitt öðrum, þar sem hún er í fullum gangi og því engin ástæða út af fyrir sig að fara að styrkja hana. Hinsvegar hélt forstöðumaður hennar því fram, að það gæti haft slæm áhrif fyrir verzlunina, ef það væri notað sem gyllingar af seljendum innlendu málningarinnar, að þeir einir hefðu innlenda framleiðslu á boðstólum. Þessi ástæða virtist n. ekki veigamikil, þegar líka fyrir lá yfirlýsing frá þeim E. Gíslasyni og Ó. Knudsen um það, að ef hin innlendu málningarefni reyndust sæmileg, myndu þeir fúsir til að selja verzluninni þau til blöndunar.

Annars verð ég að taka það fram í sambandi við þetta mál, að ég hefi aldrei vitað dæmi þess, að mál væri sótt á þann veg sem þetta mál. Það hefir verið sífelldur áróður á n. af þeim mönnum, sem vildu spilla fyrir, að frv. þetta næði fram að ganga í þeirri mynd, sem það er nú, og ég býst við, að þegar áróðrinum var hætt á n., hafi honum verið haldið áfram við einstaka þm. Ég verð hreinskilnislega að taka það fram, að ég hefi aldrei átt neinu líku að venjast síðan ég kom á þing. Ég sætti beinlínis ákúrum fyrir að taka þá afstöðu til þessa máls, sem ég tók. Þegar svo langt er gengið sem hér, að þm., sem bera ábyrgð gerða sinna fyrir Alþingi og þjóðinni, fá ákúrur frá óviðkomandi áróðrarmönnum og þeir fara beinlínis að segja heilum þingnefndum fyrir verkum, þá veit ég hreint og beint ekki, hverskonar stofnun fólk heldur, að Alþingi sé. Ég fyrir mitt leyti þoli slíkt ekki. Það er því komið svo fyrir tilstilli þessara undirróðrarmanna, að mér, sem var alveg sama um þetta mál, er ekki orðið sama um það nú. Ég vil, að það nái fram að ganga í þeirri mynd, sem það er nú, því að þó ég sé ekki sérfræðingur á þessum sviðum, þá tel ég athuganir n. réttar og því miður farið, nái málið ekki fram að ganga. Að ég óska þess, að málið nái fram að ganga, er ekki sakir þess, að ég í raun og veru telji það svo mikilsvert, heldur er það sökum þess, að afdrif málsins eru vitni þess, hvernig undirróðrarmönnum tekst að róa hér á Alþingi. Að ég hefi sagt þetta hér, er m. a. vegna þess, að ég vil fá þetta staðfest í þingtíðindunum, því að það má gjarnan verða lýðum ljóst, hvernig reynt er nú á tímum, bæði leynt og ljóst, að hafa áhrif á þm. hér í Reykjavík.

Forsrh. (Hermann Jónasson) [óyfirl.]: Ég hafði því miður ekki tíma til að hlusta á alla ræðu hv. frsm., því að ég var einmitt að tala við þá menn, sem hann var að tala um. Mál þetta stendur þannig nú, að miklar líkur eru fyrir því, að samkomulag náist um það höfuðatriði, sem togstreitan stendur um. En áður en ég vík að því vil ég minnast á ákvæði frv., sérstaklega það, að veita 5 ára einkaleyfi fyrir þessari framleiðslu. Ég býst við, að flestir séu þeirrar skoðunar, að þegar veita á einkaleyfi, þá verði það að gerast með mestu varúð. Hér er þó nokkuð öðru máli að gegna en um mörg önnur einkaleyfi, þar sem það er veitt til þess að vinna úr innlendu efni. Annars er reynsla okkar í þessu efni sú, að þegar einhver er búinn að brjóta ísinn og koma á fót nýjum iðngreinum, þá koma margir á eftir og um þá fer á ýmsan hátt. Má í því sambandi minna á ölgerðina. Þegar hún virtist komin yfir byrjunarörðugleikana, reis hér þegar upp annað fyrirtæki í sömu iðngrein, reisti stórt hús og byrjaði á framleiðslu, en sá sinn kost vænstan eftir tiltölulega stuttan tíma að hætta og sameinast því fyrirtæki, sem fyrir var í þessari grein. En stórhýsið stendur autt síðan.

Þá má og minna á smjörlíkisgerðirnar. Að samkeppnin yrði til þess að gera verðið á smjörlíkinu lægra, sannaðist ekki þar, því að smjörlíki er dýrara hér en nokkursstaðar, sem við þekkjum til. Verksmiðjurnar urðu nfl. að koma sér saman um að hafa verðið á smjörlíkinu svo hátt, að þær gætu allar lifað. Sama reynslan er og um súkkulaði- og konfektgerðirnar. Af þessum ástæðum verður því að álítast forsvaranlegt að gefa svona fyrirtæki einkaleyfi um stuttan tíma, á meðan það er að brjóta ísinn, og þá sérstaklega þegar svo stendur á eins og í þessu tilfelli, að ekki er um erlent efni að ræða til framleiðslunnar. En erlent efni verður flutt inn meðan hið innlenda verður ekki samkeppnisfært.

Það er að sjálfsögðu ekki nema eðlilegt, að þeir menn, sem brjóta ísinn í þessu efni og kosta til þess miklu fé, vilji fá það tryggt, að þeir þurfi ekki strax að lenda í samkeppni, sem þeim sem byrjendum í þessum iðnaði gæti orðið mjög erfið. Frv. gengur því í þá átt að gera þeim mönnum, sem vilja byrja á þessu, það mögulegt, og jafnframt er séð fyrir því, að fyrirtæki þeirra selji með sanngjörnu verði, þegar jafnan verður keppt á móti því með erlendu efni. Að tekið er vel í þetta mál nú, er alveg í samræmi við það, sem gert var í fyrra að því er snerti sérleyfið með vikurinn.

Erfiðleikar þeir, sem mál þetta hefir átt við að stríða nú, stafa af því, að þegar umsóknin var komin frá hinum tveimur fyrstu, sem teknir eru upp í frv., komu aðrir tveir menn, sem töldu sig vera búna að vinna að þessum rannsóknum jafnlengi og hina, og auk þess töldu þeir sig hafa keypt vélar, sem eftir rannsóknum hafa sýnt það, að þær myndu nægja til þess að framleiða næga málningu fyrir landsmenn fyrst um sinn. Nú ber þess að gæta, að annar þessara manna, sem vélarnar keyptu, er efnafræðingur, en hinn er forstjóri fyrir stærstu máln-

ingarvöruverzlun landsins, en hinsvegar eru tveir þekktustu málarameistarar landsins, þá er ekki nema eðlilegt, að maður vilji fá þá til þess að sameina sig um þetta. Ég hefi því átt tal um málið við þá í dag. Og er þar ekki nema um tvær leiðir til samkomulags að ræða. Önnur er sú, að taka nöfn þeirra Trausta Ólafssonar og Péturs Guðmundssonar upp í frv. og gera þá að einkaleyfishöfum eins og hina, sem þegar hafa verið teknir upp. En hin er sú, að þeir tveir, sem einkaleyfið eiga að fá, veiti hinum tveimur, þeim Trausta Ólafssyni og Pétri Guðmundssyni, sömu réttindi og þeir eiga að öðlast með frv. Um þetta var samin yfirlýsing í dag. En Trausti Ólafsson taldi hana lítilsvirði, því að þeir hefðu komizt svo langt í samningum í dag við hina væntanlegu sérleyfishafa, að þeir teldu sig hafa hag af því, að frv. næði fram að ganga. Gæti mál þetta samizt á þann veg, að þeir tveir, sem keypt hafa inn vélarnar, komist í samband við hina, þá er ekki rétt að fara að leyfa hinum að flytja inn vélar líka. Hitt held ég að væri betur ráðið, að sameina þá alla um einkaleyfið á þann hátt, að þeir, sem einkaleyfið fá að lögum, taki hina tvo í félag með sér, því að á því leikur ekki tveim tungum, að Trausti Ólafsson hefir yfir mikilli þekkingu að ráða, sem að gagni má verða í þessu efni, og einnig hitt verður ekki vefengt, að málarameistararnir, sem hér eiga hlut að máli, eru einhverjir hinir beztu í þessum bæ. Forstjórinn fyrir Málaranum er og talinn mjög duglegur kaupsýslumaður. Eins og málið stendur nú, er því áreiðanlega bezt komið, að þessir ágætismenn sameini sig allir sem einn maður um það. Að því tel ég mig hafa leitt rök.

Magnús Jónsson óyfirl.: Ég verð að byrja á því að láta í ljós samúð mína með hv. 2. þm. S.-M. út af þeim miklu mannraunum, sem hann hefir lent í í sambandi við þetta frv. Hér hlýtur að hafa verið um verulega miklar mannraunir að ræða, þar sem hann, sem aldrei skiptir skapi, virtist vera ofsareiður. Og ekki nóg með það, að á hann væri ráðizt, heldur fengu meðnm. hans sömuleiðis að kenna á árásarmönnunum. Mér virðist, að það beri vott um, að hér eigi hlut að máli dugandi menn, þar sem þeir sækja mál sitt af svona miklu kappi. Annars finnst mér ekkert á móti því, þó að menn sæki mál sín fast við þingnefndirnar, á meðan þeir beita n. ekki líkamlegu ofbeldi. Og mér finnst það hreint og beint ekki ná nokkurri átt, að útiloka menn frá því að skýra mál sín fyrir n. Þær hafa vitanlega alveg óbundnar hendur með það, hvað þær taka til greina af málflutningi manna, og jafnframt hitt, hve oft þær veita mönnum áheyrn. Ég verð því að segja það, að ég var hálfundrandi á ummælum hv. frsm., en hinsvegar veit ég það,að þau hafa verið sögð undir hinum djúpu áhrifum, sem hann komst í þegar hann fór að tala um hinar miklu mannraunir sínar. Annars er ég hissa á því, hversu nærri hv. þm. tók sér þessar heimsóknir, því að ég hélt, að hann væri svo vanur allskonar hörku í þessum vonda heimi, að hann færi ekki að láta svona smáhluti raska hugarró sinni.

Um einkaleyfisbeiðendurna skal ég ekkert segja. Ég veit, að þeir eru allir dugandi menn. Ég verð að bæta því við út af ræðu hv. 2. þm. S.-M. að mér þykir það undarlegt ef þeir hafa komið ókurteislega fram, en það er ekkert undarlegt, þó að menn gangi dálítið fast fram í sínu máli.

Ég ætla ekki að gera upp á milli þessara manna, en vil lýsa því sem minni skoðun, að ég er á móti því að veita einkaleyfi. Þar með er að vísu ekki sagt, að ég sé á móti því að veita einkaleyfi undir vissum kringumstæðum, en mér finnst þetta einkaleyfi svo víðtækt, að það nái ekki nokkurri átt. Ef hér hefði verið um það að ræða að fá einkaleyfi á ákveðinni aðferð til þess að vinna málningu, eða vinna úr ákveðinni jarðtegund, þá hefði ég kannske getað fallizt á það, en að enginn fái að snerta neitt efni í íslenzkri jörð til þess að búa til málningu úr, nema einhverjir ákveðnir menn, álít ég hreinustu fjarstæðu.

Ég var ekki mótfallinn því þegar lágu tvær einkaleyfisbeiðnir fyrir síðasta þingi um að gera ákveðnar vörutegundir að verzlunarvöru erlendis. Annað einkaleyfið var samþ., en hitt var felt. Það var um það, að gera ísl. vikur að verzlunarvöru í útlöndum, en hitt var um að gera ísl. múrhúðun að verzlunarvöru. Mér fannst þau einkaleyfi vera innan mjög þröngra takmarka og eiga fullan rétt á sér. En mér hefði aldrei dottið í hug að samþ. einkaleyfi handa einhverri matreiðslukonu til þess að búa til mat úr íslenzkum jurtum.

Ég vil, út af því, sem hæstv. forsrh. var að segja um, að það þyrfti að ýta undir, að hægt væri að búa sem mest til úr íslenzkum hráefnum, benda á, að þetta er ekki til þess að ýta undir slíkt. Við skulum segja, að á þessum einkaleyfistíma fyndi einhver maður upp mjög góða aðferð til þess að vinna málningu úr þessum efnum. Er það þá ekki alveg dæmalaust, að sá maður má ekki vinna málningu, þó að hann með því gæti komið í veg fyrir innflutning á dýrum erlendum hráefnum. Hann verður að fara til einkaleyfishafanna og vita, hvort þeir vilja þiggja hans aðstoð til þess að gera þetta.

Ég hefði að vísu ekki óskað þess, að hv. frsm. hefði fellt neitt niður af sinni raunasögu, en hinsvegar hefði hann átt að bæta einhverju við um það, hvar þessu máli væri komið, hvað þessir einkaleyfisbeiðendur hefðu gert í þessu efni. (**IngP**: Ég skýrði frá því). Það var víst eitthvað lítið. Það var ekkert um það, hvort þeir væru búnir að afla sér véla, hvað vélarnar mundu kosta, hvort þeir hefðu fé til þess að koma upp nægilega fullkomnum vélum. Þó að þeir hafi komið með málaða fjöl, þá hefir það ekkert að segja; hún hefir vel getað verið máluð með útlendri málningu.

Hæstv. forsrh. talaði í þessu máli og mælti með frv. með þeim rökum, sem ég get ekki fallizt á, því að það var einhver sú ómengaðasta einokunarræða, sem ég hefi heyrt. Það var ekki annað hægt að leiða af ræða hæstv. forsrh. en það, að ekki ætti einungis að veita einkaleyfi til 5 ára í senn, heldur um aldur og ævi, og það á öllum vörutegundum, því að rök hæstv.

ráðh. voru þau, að það væri venjulegt, þegar sett væri á stofn fyrirtæki í einhverri grein, þá kæmu önnur og þau berðust og stönguðust þangað til eitthvert biði lægra hlut. Mér finnst, að niðurstaðan af þessari röksemdafærslu hljóti að verða sú, að aðeins eitt fyrirtæki eigi að verzla með hverja vörutegund. Ef þetta væri svona einfalt, mundi það vafalaust spara miklar deilur. Það hefir sína kosti, að aðeins einn fáist við framleiðslu á vissri vörutegund og selji hana, en það hefir líka sína ókosti. Ég vil spyrja hæstv. ráðh., hvort hann haldi virkilega, að t. d. íslenzk smjörlíkisgerð mundi vera komin lengra áleiðis, ef aðeins eitt einasta fyrirtæki hefði verið verndað gegn útlendum og innlendum keppinautum og alveg mátt ráða sér í því efni. Ég get svarað því fyrir hæstv. ráðh. Hún hefði vitaskuld verið komin miklu styttra. Það er einkenni einokunartímanna, að þá stöðvast allar framfarir. Það er samkeppnin, sem leggur að vísu mörg fyrirtækin í valinn, en hún veldur framförum í hverri grein. Út frá hugsunarhætti hæstv. forsrh. skil ég vel, að hann er með því að veita þetta einkaleyfi, eins og öll önnur.

Ég skal svo ekki lengja mál mitt miklu meira. Mér þykir vænt um, ef samkomulag næst um það, að allir þessir ágætu og duglegu menn, sem þarna eiga hlut að máli, komi sér saman um að starfrækja þetta fyrirtæki. Ég ber bezta traust til þessara manna að gera eins gott úr þessu og hægt er. En mér þykir það bara fjarstæða að vera að veita einkaleyfi.

Ég vil aðeins hreyfa því í þessu sambandi, af því að ég veit ekki, hvað mikið liggur á bak við, að ég sé ekki betur en ef frv. verður samþ. óbreytt, þá séu það hinir upphaflegu umsækjendur, sem fái einkaleyfið, og engir aðrir. Ég sé ekki betur, ef þeir fá þessi spil í hendurnar, en að þeir geti spilað úr þeim eins og þeim sýnist, og það geti hvorki ráðh. né stj. í heild ráðið neinu í því efni. Alþingi hefir veitt þessum mönnum einkaleyfið, og þeir hafa þessi spil á hendinni, en annað mál er það, ef á bak við liggja samningar, sem hæstv. ráðh. sagði að vísu ekki nema með óákveðnum orðum, þannig, að búið væri að ná samkomulagi við þessa menn. En ég kynni betur við, að nöfn þessara fjögurra umsækjenda væru líka tekin upp í frv., a. m. k. yrði um þetta samið áður en frv. verður gert að lögum.

Ég get ekki greitt atkv. með þessu frv., jafnvel þótt allir leyfisbeiðendurnir fengju að annast þessa framleiðslu, því að ég álít þetta einkaleyfi allt of viðtækt og stríða á móti þeim reglum um frjáls viðskipti, sem ég vil, að sé haldið uppi sem allra mest.

Sigurjón Á. Ólafsson óyfirl.: Ég hafði búizt við, að þetta mál kæmi ekki fyrir hér í kvöld, en úr því að svo er, þá ætla ég að segja nokkur orð, sem lýsa minni afstöðu til málsins.

Í þessum umr. hefir verið vitnað í mál, sem lágu fyrir síðasta þingi og voru um einkaleyfi. Ég skal játa, að ég var með einkaleyfi til þess að vinna vikur innanlands og gera að verzlunarvöru erlendis. Ég veit ekki, hver árangur hefir orðið af þessu, en mér fannst skoðun manna á því máli þá vera sú, að rétt væri að lofa mönnum að reyna þetta. Ég var með því af þeim ástæðum, að þetta væri fundið fé, af það gæti borið árangur. Á sama þingi var annað mál til umræðu um einkaleyfi, sem var lagt á móti af ýmsum áhrifamönnum þessa lands, m. a. af því, að það gat verið um svo mikið verðmæti að ræða, sem ekki ætti að lenda í höndum einstaklinga, heldur gæti ríkið sjálft tekið þetta að sér. Ég var á móti því að veita slíkt einkaleyfi.

Nú liggur fyrir frv. um að veita einkaleyfi til innlendrar framleiðslu úr innlendu efni. Það er virðingarvert, að til eru í landinu menn, sem komið hafa auga á, að í landinu eru til efni, sem má vinna úr vöru þá, er hér er gert ráð fyrir. Ég hefi ekki neina sérþekkingu á því, hvort hér er um mjög kostnaðarsama tilraun að ræða. En ég hefi heyrt, að þessi tilraun mundi ekki vera mjög kostnaðarsöm og að frekar ódýrt mundi að vinna þessi efni.

Ég hefði að sumu leyti helzt óskað þess, að þetta mál hefði verið látið bíða, en það er víst ekki um það að tala. En höfuðatriðið fyrir mér er það, að ég vil yfirleitt ekki, að gengið sé inn á þá braut að veita einstökum iðjuhöldum einkaleyfi til innlendrar framleiðslu. Ég er t. d. sammála hv. 1. þm. Reykv. um það, að við hefðum nú ekki smjörlíki með því verði og þeim gæðum, sem við nú höfum það, ef veitt hefði verið einkaleyfi til þess að framleiða það. Af því að menn hafa verið frjálsir að því að framleiða þessa vöru, hafa þeir keppzt um að vanda hana sem bezt og jafnframt lækkað verðið. Nú er það vitanlegt, að einkaleyfi í höndum einstaklinga hafa ósjálfrátt í för með sér þá aðstöðu þeim til handa að leggja það verð á sína vöru, sem þeim vel líkar. Þegar svo er komið, þá er ekki nema ein leið til, sem er í samræmi við stefnu okkar jafnaðarmanna, og það er, að hið opinbera taki framleiðsluna í sínar hendur og setji sanngjarnt verð á vöruna.

Hér er um að ræða vöru, sem við höfum hingað til flutt inn frá útlöndum. Ég man að vísu ekki, hvað það nemur mikilli upphæð af erlendum gjaldeyri, en það mun vera eitthvað nálægt ½ millj., sem við höfum orðið að borga fyrir þessa vörutegund. Án málningar er ómögulegt að vera, og þess vegna er ekki nema eðlilegt, að upp rísi raddir um það að reyna að vinna hana í landinu sjálfu, bæði til þess að skapa atvinnu við það, og eins að spara þann gjaldeyri, sem ella mundi fara út úr landinu. En ég vil, eins og ég sagði áðan, að þeim, sem sjá sér möguleika til þess að ráðast í þetta, sé það frjálst, og að engum sé veitt sérstaða í þessum sökum fram yfir annan. Mér virðist, að þessarar stefnu hafi alls ekkert verið gætt í meðferð málsins.

Ég minntist hér á smjörlíkisgerðina áðan. Ég veit ekki til, að neinum hafi verið veitt einkaleyfi til slíks iðnaðar; sama er að segja um konfektgerðina og ölgerðina. Það er hverjum manni frjálst að fást við slíkt, sem treystir sér til að leggja út í það.

Ég skal svo benda á eitt enn. Eftir að hætt var að vinna dúka á heimilunum og ullarverk-

smiðjurnar risu upp, hefir mikið verið takmarkaður innflutningur á dúkum. Mundi það því vera mjög óheppilegt, ef ein verksmiðja réði verðinu á dúkunum. Af þessum ástæðum tel ég mjög varhugavert að veita einkarétt til slíkrar framleiðslu, sem hér um ræðir. Í þessu frv. er enginn varnagli settur við því, að leyfishafarnir geti sett ótakmarkað verð á vöruna. Það eina, sem hér er lagt við, er, að ef leyfishafarnir hafa ekki notað þennan rétt áður en 2 ár eru liðin, þá má svipta þá sérleyfinu.

Fyrir mér skiptir það engu máli, eða a. m. k. mjög litlu, hvort hér eru á ferðinni einhverjir menn með samskonar tilburði um að vinna málningu úr innlendum efnum. Fyrir mér er þessi tilhögun jafnfjarstæð, hvort heldur einkaleyfið er veitt 4 mönnum eða 2. Það er nákvæmlega sama einkaleyfið, þó að fleiri séu komnir inn í það, en hitt er rétt, að ég tel það í raun og veru ekki einskisvert, að þegar við setjum á stofn verksmiðju til þess að vinna málningu bæði úr innlendu og erlendu efni, og þegar reynslan hefir leitt í ljós, að nóg innlent efni er til þess að vinna úr, að það kostar ekki mikið að bæta við vélum til þess að vinna málningu úr innlendu efni samtímis og unnið er úr erlendu efni. Ég hefi hugsað mér, að þetta væri nóg verkefni fyrir tvær litlar verksmiðjur, en ég er alveg á móti því að veita einstökum mönnum, hverju nafni sem þeir nefnast, einkaleyfi til þess að reka hvort heldur er svona fyrirtæki eða einhver önnur. En hinsvegar tel ég rétt og sjálfsagt, að hið opinbera taki slíka framleiðslu í sínar hendur, þegar það er vitanlegt, að það varðar alþjóðarheill.

Ég skal geta þess að lokum, að ég tel, að þetta mál hefði mátt bíða það sem eftir er af þessu þingi, og það hefði verið skemmtilegri meðferð á málinu að láta það hverfa út af dagskrá og koma þar ekki meira það sem eftir er af þessu þingi.

Forsrh. (Hermann Jónasson) [óyfirl.]: Ég skal ekki lengja umr. um þetta mál mikið. Ég tók fram öll þau atriði, sem máli skipta, þegar ég talaði áðan.

Það, sem helzt er haft á móti þessu, er, að hér sé verið að veita einkaleyfi til þessarar framleiðslu og þess vegna sé alveg sérstök aðstaða fyrir þessa menn. Þessu er líkt, að mér skilst, við að gefa einkaleyfi á því að framleiða smjörlíki og öl og aðrar þesshættar vörur. En það er bara sá galli á þessari samlíkingu, að hún fær á engan hátt staðizt. Það er tvennu ólíku saman að jafna. En jafnframt koma þessir sömu menn, sem andmæla frv., með það, að ef hér væri um það að ræða að veita einkaleyfi fyrir einhverri sérstakri aðferð, þá gætu þeir verið meðmæltir því. En þetta er í raun og veru það, sem verið er að ræða um í þessu máli. Hver vill líkja því saman að vinna málningu úr innlendu efni og hinu, að framleiða öl? Það var vitað af öllum fyrir löngu, að það var auðvelt að framleiða öl og að til þess voru notaðar aðferðir, sem kunnar voru. Sama er að segja um smjörlíkið. En hér er verið að ryðja nýja braut, og það er einmitt það, sem skiptir máli. Þeir, sem hafa rannsakað þetta og eytt fé í það á undanförnum árum, hafa einmitt brotið ísinn og fundið sérstakar aðferðir til þess að vinna málningu úr innlendu efni. Og sú reynsla, sem þeir hafa þannig safnað saman með miklum kostnaði, vilja þeir að komi þeim til góða fyrstu 5 árin, þó undir þeim kringumstæðum, að öllum sé frjálst að keppa við þá á þann hátt að selja erlenda málningu og einnig að vinna málningu úr erlendu efni. Hvi skyldum við ekki eiga að verðlauna þessa menn með því að láta þá fá þessa sérstöku aðstöðu, sem þó er ekki sérstakari en það, að það má keppa við þá á allan hátt? Hverja á að verðlauna, ef ekki þessa menn? Ef hv. d. samþ. þetta ekki, þá er það í ósamræmi við það, sem fram kom á síðasta þingi, að gefa nokkrum mönnum einkaleyfi til að framleiða úr vikur. Hér stendur nákvæmlega eins á. Enginn taldi það vera hættulegt, og það var það heldur ekki fremur en þetta. Ég álít því, að þau rök, sem færð hafa verið fram gegn frv., séu miklu fremur rök með því að samþ. frv. Hið eina, sem gert er, er að verðlauna það, að þessir menn hafa gerzt brautryðjendur á þessu sviði og hafa kynnt sér sérstakar aðferðir til að vinna úr íslenzkum hráefnum. Og þetta er gert fullkomlega samkeppnishæft bæði um verðlag og gæði, svo að það getur ekki verið hættulegt. Þetta einkaleyfi er líka svo takmarkað, að það er ekki af þeim ástæðum annars eðlis en frv., sem samþ. var hér í fyrra. Og með því að líkur eru til, að þeir menn, sem hafa rannsakað málið, hrindi því líka í framkvæmd, þá álít ég undir öllum kringumstæðum rangt að neita þeim um þessa heimild. Þar sem talað er um, að þetta hafi átt að vera heimild handa ráðh., en ekki eins og gengið er frá í 1. gr. frv. þá má segja, að ríkisstj. hafi á sínu valdi að koma því í framkvæmd, að þessir 4 menn vinni saman um málið, því að auðvitað er hægt að neita þeim um innflutningsleyfi, til þess að þvinga þá til að vinna saman um þetta mál á sanngjörnum grundvelli.

Ég sé svo ekki ástæðu til að fara fleiri orðum þetta að svo komnu. En ég endurtek það, að mér finnst einkennilegt, ef ekki má samþ. frv. eins og það liggur fyrir, því að það hefir ekki verið bent á neitt, sem mælir á móti því.

Þorsteinn Þorsteinsson: Ég skal ekki teygja mikið lopann, en eftir því, sem mér hefir skilizt, þá hefir verið upplýst, að þeir Pétur Guðmundsson og Trausti Ólafsson efnafræðingur hafi þegar flutt inn vélar, svo miklar, að þær myndu að mestu leyti vera fullnægjandi til að vinna málningu fyrir allt landið, og þær þyrftu ekki nema litla viðbót til að vinna málningu úr íslenzkum efnum. Ég álít, að það væri skaði, ef tveir keppinautar fara að vinna að þessu, svo að hvorugir hefðu kannske nóg að gera og yrðu að reka fyrirtækið með skaða eða selja vöruna með óviðunandi háu verði.

Það er upplýst, að samningsumleitanir hafa farið fram milli þessara tveggja aðilja. Eftir því, sem ég hefi komizt næst, hafa verið gefnar gagnkvæmar yfirlýsingar af aðiljum, sem er byrjun að samkomulagi þeirra á milli. Því álít

ég rétt, að í þessu máli sé gert eitt af tvennu, *að taka upp nöfn þessara 4 manna í frv.*, sem veita á einkaleyfið, eða fresta umr. um málið til morguns. Á þeim tíma álít ég, að þessir aðiljar gætu lagt fullan grundvöll undir samninga um málið, eða mætti ef til vill sleppa hjá því að veita leyfið öðrum en þessum tveim leyfishöfum. Þó að farinn sé að styttast þingtíminn, þá ætti þessi frestur ekki að verða til skaða. Það mætti veita afbrigði um málið, svo að ekki þyrfti að stöðva það þess vegna.

En það var eitt atriði hjá hæstv. forsrh., sem ég vildi aðeins víkja að. Hann sagði, að þó Alþingi veitti leyfið, þá mætti neita um innflutningsleyfi á vélunum. Mér skilst, að þetta sé ákrekstur, því að um leið og Alþingi veitir mönnunum þetta leyfi, þá ætlast það til, að þeir geti notið leyfisins. Hitt væri að taka það aftur með annari hendinni, sem veitt er með hinni.

Ég tek það fram aftur, að ég held heppilegast að fresta umr. og vita, hvort ekki lægi fyrir heppilegri grundvöllur á næsta degi.

Magnús Jónsson [óyfirl.]: Ég vil bara segja við hv. samþm. minn, 4. þm. Reykv., að mér þótti gaman að heyra af hans munni þá játningu, að hin banvæna frjálsa samkeppni myndi hafa komið því til leiðar, að við höfum komizt lengra áfram *í sumum greinum en hægt hefði* verið annars. Og ég býst naumast við, að það opinbera hefði farið lengra í þeim efnum en komið er nú í höndum einstaklingsins. En ég skal ekki fara út í það hér að deila um það, hvort það opinbera hefði verið betur að því komið að hirða ágóðann. En samkeppnin hefir einmitt þá miklu kosti, að hún knýr menn til að gera allt, sem þeir geta.

Hæstv. forsrh. sagði, að það væri í ósamræmi *við afgreiðslu máls á síðasta þingi að vera móti* þessu frv. En ég vil minna hann á það, að fyrir síðasta þingi lágu tvær umsóknir um einkaleyfi. Önnur var samþ., en hin ekki. Svo það verður alltaf samræmi og alltaf ósamræmi, hvernig sem fer um þetta mál, hvort sem leyfið verður veitt eða synjað verður um það. Og ég veit ekki, með hverju þessir menn reikna. Eins og ég hefi sagt, lágu fyrir á þinginu í fyrra tvær umsóknir, og sú umsóknin, sem ekki fékk framgang, var til *muna merkilegri en hin*, því að hún var til að hagnýta uppgötvun, en hin var til vinnslu og útflutnings á hráefni. Og nú hefi ég gaman af að spyrja hæstv. ráðh., hvað það opinbera hefir gert til að koma þessu góða efni á framfæri í útlöndum og notfæra sér það? Ætli það liggi ekki á því? Bezt gæti ég trúað, að það fari svo, að þessi 5 ár, *sem mennirnir áttu að hafa* til að hagnýta sér efnið, líði svo, að ekkert verði gert í því.

Hæstv. ráðh. sagði, að einkaleyfishafarnir ættu að vinna í fullri samkeppni. Ég þakka fyrir. Það er víst ekki ónýt samkeppni, sem t. d. ölgerðirnar hér vinna í, þegar neitað er með tollum eða öðrum ríkislögum um innflutning. Það er alkunnugt, að allar innlendar vörur eru dýrari en útlendar. Ég vil ekki þar með segja, að ekki beri að hlynna að *innlendum iðnaði*, en það er bara ekki samkeppni. T. d. veiðarfæragerð, — það er gott að geta búið til veiðarfæri í landinu, en við verðum bara að borga á annað hundrað krónur fyrir sama hlut og við fáum fyrir 70 kr. frá útlöndum.

Ég hefði gaman af að vita, hvernig á að hafa eftirlit með því, hvort hér verður unnið úr innlendu efni eða erlendu. Hvernig á að vera kontroll með því? Ég býst við, að verksmiðjan, sem sett verður upp, *muni vinna ýmist úr innlendum og útlendum efnum*. Mér skilst, að það sé ekki meiningin að brenna þessi efni, það yrði of dýrt, heldur vinna þau hrá, koma upp litagerð jöfnum höndum úr innlendum og útlendum efnum.

Það er erfitt að segja, hvað mikið þetta verður starfrækt eftir tvö ár. Ég met kapp þeirra manna, sem hér eiga hlut að máli. Það fleytir hverjum atvinnurekstri, að honum sé fylgt með kappi. *Og það er það eina, sem mér þykir leiðinlegt í þessu máli*, að gera móti þeim mönnum, sem leggja kapp á að hagnýta þetta. En hvað myndu þeir segja, sem hafa unnið mikið að þessu, ef svo væri skellt á einkaleyfi til annara? Þetta er gott fyrir þá, sem hlotið hafa leyfið. En hvað er um alla hina, sem koma eftir eitt ár eða nokkur ár og hafa sama áhuga að setja á stofn verksmiðju til að framleiða þetta efni? Þetta tekur fyrir kverkarnar á allri *viðleitni frá öllum öðrum. Þeir sömu menn*, sem nú eru ánægðir yfir því að fá leyfið, hefðu verið í hópi hinna óánægðu, ef þetta hefði verið keyrt í gegn fyrir nokkrum árum, áður en þeir voru viðbúnir.

Hv. þm. Dal. skaut því fram, hvort ekki væri rétt að fresta málinu og leitast við að fá nöfn allra þessara 4 manna inn í frv. Þó að ég sé andvígur því að veita einkaleyfi, þá þykir mér réttara, að þeir menn séu teknir með, sem búnir eru að undirbúa þetta um langan tíma. Ég skal ekki neita um afbrigði, og ég gæti farið til margra til að tryggja, að afbrigði yrðu veitt. Mér þykir það réttari afgreiðsla á málinu, úr því að samningar eru komnir svo langt sem hæstv. forsrh. segir.

Frsm. (Ingvar Pálmason) [óyfirl.]: Ég get verið hv. 1. þm. Reykv. þakklátur fyrir þá umhyggju, sem hann sýndi mér í sinni ræðu fyrir það andstreymi og þá baráttu, sem ég hefði lent í. Ég býst við, að hann kippi sér ekki upp við, því hann mun hafa heyrt það áður, að laun heimsins eru vanþakklæti, og svo mun líka verða nú. En það fór fyrir hv. þm. nú sem oftar, að það er erfitt að vita, hvað hann meinar. Síðar í ræðu sinni sagði hann, að þetta væri ekki *hættulegt, ég væri svo sterkur á svellinu*, að ég skipti ekki um skoðun, þó að reynt væri að hafa áhrif á mig, enda væri svo yfirleitt með þm., að þeir létu ekki agitera í sér. En því er þá framkvæmd þessi agitation, ef það er ekki til þess, að hún hafi einhver áhrif? Er hún þá bara spaug? Ég held hv. þm. hljóti að skilja, að áróður er gerður í einhverjum tilgangi og til þess að hafa áhrif. Að öðru leyti kom hv. þm. inn á efni frv. og taldi, að hann væri á móti frv., því að það þæri svo viðtækt. Ég get ekki séð, að það sé rétt. Frv. gefur ekki einkarétt

til annars en vinna efni úr íslenzkum jarðvegi. Það er tekið fram í 2. gr. þess, að meðan leyfistíminn standi, hafi ekki aðrir heimild til að vinna þessi efni úr jörðu í þeim tilgangi að vinna úr þeim málningu til sölu. Það er því öllum heimilt að vinna þau úr jörðu, og nota þau til málningar meira að segja, en þeir mega bara ekki selja hana. Þetta er svo takmarkað sem hægt er, ef á að vera einkaleyfi á annað borð.

Að því leyti, að þetta snerti nokkurn hlut þau fyrirtæki, sem vildu vinna málningu úr erlendu efni, þá er það langt frá, að svo sé. Þetta hefir ekki nokkur áhrif á önnur fyrirtæki, eins og t. d. Málarann. Hið eina, sem hér er gert, er að gefa þeim mönnum, sem hafa fengið einkaleyfið, stuðning til að halda áfram tilraunum í þessu efni. Hinsvegar ef bætt er við nöfnum þessara tveggja manna, forstjóra Málarans og Trausta Ólafssonar, þá er vitanlegt, að einkaleyfið yrði nokkuð viðtækara, því að þeir ætla að hafa með höndum talsvert fleira. Ég sé því ekki ástæðu til að bæta nöfnum þeirra við í frv. Þeir geta átt um það sín á milli, hvort þeir vilja gera með sér félagsskap um einkaleyfið, þannig að aðrir leggi til vinnsluna, en hinn aðilinn áhöldin til að koma á fót fullkominni málningarverksmiðju.

Að því er snertir till. hv. þm. Dal. um að fresta umr. um málið, þá sé ég ekki ástæðu til þes . Vilji hann koma með brtt. við frv., er það nógur tími við 3. umr. Ég álít hyggilegast að ljúka umr. nú, en svo er opin leið fyrir hann og aðra að koma með brtt. við 3. umr.

Forseti (EÁrna): Fram hefir komið skrifl. brtt. frá hv. þm. Dal., og þarf að veita tvenn afbrigði til þess að hana megi taka til meðferðar.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 928) leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

Sigurjón Á. Ólafsson [óyfirl.]: Út af nokkrum aths., sem komið hafa fram, sumpart við það, sem ég hefi sagt, ætla ég að segja nokkur orð. — Hæstv. forsrh. vill halda uppi vörn fyrir einkaleyfin, sem ég leyfi mér að mótmæla frá mínu sjónarmiði. Hann vill verðlauna menn, sem byrja á slíku sem þessu. En ég veit ekki, hvort hér er um svo áhættusaman atvinnurekstur að ræða, að nauðsynlegt sé að verðlauna hann umfram það, sem gert er í löggjöf fyrir alla þá, sem byrja á nýjum iðnaði. Ég veit ekki betur en að Alþingi hafi tekið upp þá stefnu að styðja allan nýjan iðnað, og það eru sæmileg verðlaun. Í öðru lagi er reynt að lyfta undir nýjan iðnað með fjárveitingum, og hefir verið stofnaður sjóður í því skyni. Og ég held, að benda mætti á ýmislegt, sem byrjað hefir verið á að framkvæma, og alls ekki hefir verið verndað á þennan hátt.

Það hefir einnig komið fram í umr., að það eru ekki eingöngu þessir menn, sem komið hafa auga á, að þessi efni eru til í íslenzkum jarðvegi. Það hefir verið upplýst, að 2 menn eru að setja upp verksmiðju. Ég veit um einn mann til, sem varið hefir tíma og fjármunum til þess að leita þessa sama. Þetta virðist því hafa verið í hugum allmargra, en svo á aðeins að verðlauna 2 af þessum mönnum með sérleyfi, — og hvernig ætli verði þá um samkeppnina eða verðlækkun á þessari vöru? Hæstv. forsrh. segir, að á því sé engin hætta, þessir menn verði alltaf í samkeppni með vöru sína. Ég vil spyrja hæstv. ráðh., hvernig ástandið muni verða, ef þessir menn framleiða eins og við þurfum og lokað verður fyrir innflutninginn, sem er sjálfsögð afleiðing, ef fullnægt er þörf landsmanna. Og hvar er samkeppnin þá? Hún er engin. (**MJ:** Er það ekki það bezta?). Þessum mönnum er þá gefin aðstaða til að setja það verð, sem þeim líkar, en ég vil nota samkeppnina, þegar það er hægt, til að girða fyrir möguleikana til að okra, en það verður ekki gert með svona einokunarlögum. Ég man ekki, hver það var, sem sagði, að eftir þessu frv. væri öllum frjálst að vinna úr þessum efnum. En til hvers er að vinna úr þeim, ef ekki má selja framleiðsluna? Ég býst ekki við, að menn vinni úr þessu efni til þess að mála einn hesthúskofa eða eitt bátkorn. Svona röksemdir get ég ekki fallizt á.

Þá hefir mönnum orðið tíðrætt um, að hægt væri að þvinga fram, að ekki yrðu aðrir með vöru sína hér á markaðnum en sérleyfishafarnir og þeir, sem nú eru að setja upp verksmiðju hér. En mér er sama, hver leiðin er farin, því mín stefna er sú, að ég vil ekki veita neinum sérleyfi, hvorki einum eða tveimur einstaklingum. Þetta mál mundi þó horfa öðruvísi við, ef hér væri um að ræða félagsskap allra málara, og þó væri hægt að selja framleiðsluna dýrt. En eins og málið liggur fyrir, eða eins og frv. er nú, er gert ráð fyrir, að það verði aðeins tveir úr málarastéttinni, sem eiga að hafa leyfi til að selja öllum hinum. Hv. 1. þm. Reykv. vildi halda því fram, að ég væri að hylla frjálsa samkeppni, en ég skal bæta því við, að ég tel hana ekki gallalausa, en það er satt, að hún getur haft örlítið brot af kostum, en það hefir auðvaldið líka séð, að hún getur drepið auðvaldsþjóðfélagið sjálft, og ég, sem vil þetta skipulag feigt, syrgi það ekki, þó samkeppnin sé notuð til þess. Ef frjáls samkeppni er í algleymingi, þá er leiðin opin til þess að éta hvern annan upp, og það hefir sína kosti, því að á meðan er vöruverðið lágt og vöruvöndun meiri, og ég hefi alls ekki á móti því, að þeir geti hjálpað hver öðrum til að eyðileggja sitt skipulag.

Ég býst við, að þetta mál gangi sína leið, og við því er ekkert að segja, en ég vil endurtaka það, sem ég sagði í minni fyrri ræðu, að ég álít heppilegast, að það dagaði uppi.

Ef þetta einkaleyfi verður samþ., fær Alþingi beiðni frá fleirum. Ég veit ekki, hvaða stefnu hv. þm. hafa hugsað sér að taka, en það verður gaman að sjá, hvort menn verða þá eins örir og fúsir til að fylgja þeim beiðnum og gefa fleiri slík leyfi. En vitanlega er eðlilegt, að iðjuhöldarnir reyni að koma ár sinni fyrir borð á þennan hátt. — Skal ég svo ekki orðlengja frekar nú.

Forsrh. (Hermann Jónasson) [óyfirl.]: Ég skal ekki deila lengi um þetta mál; það eru örfá

atriði, sem ég þarf að svara. Hv. 1. þm. Reykv. benti á, að það væri ósamræmi í að veita einkaleyfi í fyrra fyrir vikurvinnslu, ef svo ætti að neita um annað nú, en síðan samþ. þetta. (**MJ**: Ég var ekki með því). Við skulum athuga ósamræmið í þessu. Í öðru tilfellinu, þegar um vikurinn var að ræða, var einkaleyfið veitt manni, sem sérstaklega hafði unnið mikið að þessu máli undanfarið, og þeirri stefnu hefir verið haldið að láta menn fá einkaleyfi um stuttan tíma. Í hinu tilfellinu var maður, sem sótti um einkaleyfi til að starfrækja aðferð, sem húsameistari ríkisins hafði fundið upp, og hann var í vafa, hv. þm., hvort rétt væri að láta það daga uppi. Ég tel engan vafa, hvað er rétt í þessu efni. Það var *rétt, og er rétt*, að *láta það daga* uppi, af því það er í fyllsta samræmi við þá stefnu, sem haldið hefir verið, en alls ekkert í samræmi að veita manni einkaleyfi til að starfrækja aðferð, sem embættismaður ríkisins hefir fundið upp. Þá er annað atriði, hvort ekki muni hægt að sjá, hvað mikið er notað af innlendu efni, þó það sé framleitt hér. Því er til að svara, að það er mjög auðvelt að fylgjast með því af innflutningsskýrslunum, og ef innflutningurinn minnkar ekkert, þá er auðséð, að einkaleyfið er ekki notað. Það var fært fram af hv. 1. þm. Reykv., að þetta væri of viðtækt leyfi. En hverskonar röksemd er það, að ef tveimur mönnum er bætt við í þetta einkaleyfi, þá eru allir gallar roknir út í veður og vind og sjálfsagt að flýta fyrir málinu með því að veita afbrigði? Eða m. ö. o. síðari hluti ræðu hv. þm. hrakti öll þau mótmæli, sem komu fram í fyrri hluta hennar, en aðalrökin áttu að vera þau, hvað einokun væri hættuleg. Auðvitað sér þessi hv. þm. enga hættu við hina dásamlegu samkeppni. Mér finnst þetta vera brosleg rök hjá hv. þm. — Og hvernig var með hv. 4. þm. Reykv. Var hann ekki samþykkur frv. um vikurinn í fyrra? Og hver er munurinn? Þetta ósamræmi er komið inn í deiluna m. a. hjá þessum hv. þm., að það, sem sjálfsagt var að samþ. í fyrra, þykir jafnsjálfsagt að fella nú. Hann var að ræða um, að 4 menn væru að vinna að þessu sama, og því væri ekki rétt að veita 2 leyfið. Ég held, að það væri ástæða til að knýja þessa menn til að vinna saman alla. Viðvíkjandi 5. manninum, sem hann var að tala um, að hefði að þessu unnið, þá lít ég svo á, að honum sé það heimilt að vinna þessi efni og selja þau hrá, eða þannig skil ég þessi lög, og er ástæða til að taka það fram.

Hv. 4. þm. Reykv. færði það fram sem aðalrök gegn frv., að verðhækkun myndi verða hræðileg, og heldur svo, að hann eyðileggi rök okkar hinna með þessu. En hafa menn ekki séð, hvernig verðið hefir rokið upp úr öllu valdi, og hafa þeir ekki gáð að því, að það hefir verið í frjálsri samkeppni? Við getum nefnt t. d. smjörlíkið eða ölið, og fleira má nefna, og þetta fór svona þrátt fyrir frjálsa samkeppni. Þegar hv. 4. þm. Reykv. ætlaði að nota frjálsa samkeppni sem rök, fór það honum því hörmulega í munni, eins og við var að búast. Það eru einmitt sterk rök með málinu, að beztu kraftarnir standi sameinaðir að því, svo að ekki fari eins og t. d. um ölið, að um leið og við greiðum fyrir ölflöskuna erum við að borga tómt hús, sem stendur ónotað inn við Rauðarárstíg.

Hvar er tekið verðið fyrir smjörlíkið? Hér eru reknar nú 4 verksmiðjur með dýru fólki. (**SÁÓ**: Verðið hefir lækkað síðan þær fjölguðu). Það eru engin rök til að styðjast við, þó að verðið hafi lækkað á einni eða annari vöru, sem til þessarar framleiðslu eru notaðar.

Ég ætla svo ekki að orðlengja þetta frekar. Það sýnir sig, að rök þau, sem færð hafa verið gegn málinu, hafa ekki við mikið að styðjast, þegar þeir menn, sem rökin flytja, voru með samskonar máli í fyrra.

Sigurjón Á. Ólafsson (óyfirl.): Út af ummælum hæstv. forsrh. um vikurinn vil ég segja það, að ég legg það alls ekki að jöfnu. Þar var einum manni leyft að safna vikri við eina af stórám landsins, til þess — ef hann sæi sér fært — að skapa þar möguleika fyrir nýrri útflutningsvöru og með því aukinn gjaldeyri. Hitt er framleiðsla á vöru unninni úr íslenzkum jarðveg, til sölu innanlands.

Það er ekki rétt, að smjörlíkið hafi ekki lækkað í verði vegna þess að samkeppnin var hörð. Hæstv. ráðh. veit það eins vel og ég, að svo hefir verið, — eða er hann búinn að gleyma öllum auglýsingunum í útvarpi og blöðum, sem ringdi niður frá sjörlíkisgerðunum?

Ég hélt, að hæstv. ráðh. væri allt annars sinnis en að hann vildi hlaða undir kapitalistisk fyrirtæki hér í þessu landi, en það er annað að heyra nú.

ATKVGR.
Brtt. 928 felld með 8:5 atkv.
1. gr. samþ. með 9:4 atkv.
2.—4.gr. samþ. með 9:2 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. visað til 3. umr. með 10:4 atkv.

Á 100. fundi í Ed., 20. des., var frv. tekið til 3. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 101. fundi í Ed., 21. des., var frv. aftur tekið til 3. umr.

Magnús Jónsson (óyfirl.): Ég get ekki annað en verið dálítið hissa, hvað mikið kapp er lagt á að ná fram á þessu þingi frv. því, sem hér liggur fyrir, sérstaklega þegar á það er litið, hve skammt er þangað til þing kemur saman aftur, — að því viðbættu, að síðan málið kom hingað í deildina hefir verið upplýst, að það eru töluvert fleiri menn en þessir umsækjendur, sem hafa lagt í kostnað við að hagnýta þessi efni, sem verið er að sækja um einkaleyfi á til að hagnýta, og þegar þess er ennfremur gætt, að aðrir menn hafa töluvert betri skilyrði til að hagnýta og vinna þessi efni í stærri stíl en þessir 2 menn, sem hér ræðir um.

Ég hefi aflað mér nokkurra upplýsinga um þetta milli funda, og eru það sérstaklega 2 menn, sem hafa lagt í þessar athuganir, og er annar þeirra framkvæmdastjóri fyrir langstærsta

fyrirtækinu í þessari grein, sem hefir h. u. b. helming allrar verzl. í landinu með þessar vörur. Mér finnst það hart, þegar fyrirtæki, sem hafa svona mikla möguleika til að selja, og m. a. er við ríðinn sá maður, sem mesta og elzta þekkingu hefir á þessu sviði, og góða aðstöðu til að ná góðum samböndum, — þegar slíku fyrirtæki er neitað um sérleyfi. Ég neita því að vísu ekki, að þessir 2 menn, sem samkv. frv. eiga að fá einkaleyfið, geta verið duglegir í sinni grein, en mér er ekki kunnugt um, að þeir séu þekktir þar út fyrir. — Ég verð að segja, að mér finnst stefnt í óefni með því að hraða svona afgreiðslu þessa máls. Mér er kunnugt um, að utan þings hafa farið fram samningaumleitanir þessara manna og e. t. v. við ráðh., og ég teldi æskilegra, að þeir samningar næðust, sem ég tel möguleika á heldur en flaustra svona þessu máli.

Þessir menn, sem utan við standa, hafa um mörg ár unnið að undirbúningi og rannsóknum. Hví eiga þeir að verða afskiptir? Mér finnst eðlilegt að afgr. þetta mál með rökst. dagskrá. Ég fyrir mitt leyti er á móti því, að mönnum sé veitt viðtækt einkaleyfi til að vinna efni úr íslenzkri mold. Mér finnst það óviðfelldið. Samt fyndist mér nokkuð annað, ef athugað væri, hvaða möguleikar eru í þessu, og hverjir hafa unnið að þessu undanfarið, og þeir yrðu ekki afskiptir.

Þá vil ég hreyfa hér einu atriði. Mér hefir skilizt, að þetta frv. eða einkaleyfi hindraði ekki að flytja út óunnin efni, og sé ekki annað bannað en að vinna úr þeim hér af öðrum en þessum 2 mönnum. Ég skil þetta svo, en ekki að bannað sé að flytja ísl. efni óunnin út til erlendra verksmiðja, enda verð ég að segja, að þá fyndist mér skörin vera farin að færast upp í bekkinn, ef íslenzkar leirtegundir markaðshæfar mætti ekki grafa úr jörð og flytja út. Mér skilst, að þetta nái aðeins til þeirra efna, sem vinna má málningu úr. Af því að dálítill rekspölur er kominn á það mál, að útlendar verksmiðjur kaupi íslenzk hráefni og flytji út, er ekki alveg ástæðulaust að æskja svars hæstv. ráðh. við þessum aths. Ég vil því mælast til þess við hann, að athuga, hvort orðalagið í 2. gr. útilokaði þessa sölu, sem a. m. k. eitt fyrirtæki hér í bænum hefir von um að gera að útflutningsvöru. Það væri einkennilegt, ef komið yrði í veg fyrir, að flytja mætti út ísl. jarðveg, en það er kunnugt, að t. d. England kaupir að mikið af slíkum hráefnum. — Ég vil svo að lokum lesa upp svo hljóðandi rökst. dagskrá, sem ég vil leyfa mér að bera fram og mun síðan afhenda hæstv. forseta:

Þar sem það hefir komið fram undir meðferð málsins, að fleiri menn en þeir, sem í frumv. er getið, hafa haft með höndum rannsókn og undirbúning í þá átt, sem hér er um að ræða, en tími vinnst ekki til þess að laga frumv. eftir því, sér deildin sér ekki fært að afgreiða málið að svo komnu og tekur fyrir næsta mál á dagskrá.

Atvmrh. (Haraldur Guðmundsson): Vegna fyrirspurnar hv. 1. þm. Reykv. um það, hvort ákvæði þessa frv., ef að l. verður, útiloki, að aðrir en þeir, sem veitt verður sérleyfi með þessum l. til þess að vinna málningu úr íslenzkum hráefnum, megi flytja út slík efni óunnin, skal ég taka það fram, að ég tel, að þó að þetta einkaleyfi verði veitt, þá sé jafnheimilt hverjum sem er að flytja þessi efni út óunnin og selja þau þangað.

ATKVGR.

Rökst. dagskráin frá 1. þm. Reykv. felld með 9:7 atkv.

Frv. samþ. með 9:5 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 942).

84. Ferðaskrifstofa ríkisins.

Á 64. fundi í Ed., 8. nóv., var útbýtt:

Frv. til l. um ferðaskrifstofu ríkisins (þmfrv., A. 504).

Á 66. fundi í Ed., 11. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 9 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

Frsm. (Sigurjón Á. Ólafsson): Þetta mál er flutt fyrir beiðni hæstv. atvmrh. af meiri hl. allshn. Málið hefir ekki enn verið athugað af n., en það verður gert. Ég ætla ekki nú að fara neitt út í frv., en því fylgir ýtarleg grg., og má að miklu vísa til hennar, og vil ég mælast til, að málinu verði vísað til 2. umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 8:1 atkv.

Till. um að vísa frv. til samgmn. felld með 8:8 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: PM, PBr, PÞ, BSt, GL, JAJ, MG, MJ.

nei: SÁÓ, HG, HermJ, IngP, JBald, JJ, PHerm, EÁrna.

Frv. vísað til allshn. með 11 shlj. atkv.

Á 85. fundi í Ed., 3. des., var frv. tekið til 2. umr.

Magnús Guðmundsson: Ég ætla aðeins að fara fram á það við hæstv. forseta, að hann taki málið af dagskrá að sinni, því að frsm. minni hl. er ekki viðstaddur og hefir beðið mig að fara fram á þetta. Annars kæmi það í minn hlut að hafa framsögu fyrir minni hl., en við því er ég ekki búinn.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 87. fundi í Ed., 5. des., var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 504, n. 657 og 675).

Frsm. meiri hl. (Sigurjón Á. Ólafsson): óyfirl. : Þetta mál, sem flutt er af meiri hl. allshn., hefir legið fyrir n. til athugunar, og á því tímabili var talað við ýmsa menn, sem þessum málum eru kunnugir, sumpart menn, sem hafa

fengizt við þessa starfsemi, sem hér um ræðir, og sumpart aðra menn, sem kynnzt hafa þessu máli að meira eða minna leyti. En n. var ekki sammála um afgreiðslu málsins, og fyrir það eru fram komin tvö nál., frá meiri og minni hl. Ágreiningur sá, sem er á milli nefndarhlutanna, er aðallega sá, að frv. gerir ráð fyrir afskiptum ríkisins af þessu máli. Hinsvegar kemur það glögglega fram í áliti hv. minni hl. n., að hann telur ýmsa vankanta á því fyrirkomulagi, sem hann segist ekki geta fylgt af „princip"-ástæðum. En ég geri ráð fyrir, að álit hv. minni hl. í þessu efni komi frekar fram við þessa umr. En hitt blandast n. ekki hugur um, að hér sé mjög merkilegt mál á ferðinni, en eins og ég hefi drepið á, greinir minni og meiri hl. n. á um aðferðina í þessu máli.

Ég býst við, að allir séu sammála um það, að hér sé um verulegar tekjur að ræða fyrir ríkið, ef hægt væri að laða hingað meira en verið hefir straum erlendra ferðamanna, og munu flest menningarlönd gera mikið til þess að hæna að sér erlenda ferðamenn með það fyrir augum, að þeir skilji eftir peninga í þeim löndum, sem þeir ferðast um. Þetta er mjög merkilegt mál fyrir okkur Íslendinga, þar sem það er vitanlegt, að landið okkar hefir mikla möguleika til þess að verða ferðamannaland sökum náttúrufegurðar sinnar. En þótt ferðamannastraumurinn hafi að vísu aukizt að talsverðu leyti á seinni árum, þá er samt augljóst, að eitthvað verður að gera til þess að glæða hann enn meir, og frv. bendir á, með hvaða móti þetta er kleift, án þess þó að það hafi í för með sér veruleg útgjöld fyrir ríkið. Ég mun nú ekki fara út í einstök atriði frv., því að bæði talar frv. máli sínu og eins sú ýtarlega grg., sem frv. fylgir. En reynslan hefir sýnt, að við höfum alls ekki verið við því búnir að taka á móti ferðamannastraumnum frá útlöndum, því að sá litli vísir, sem fengizt hefir hér undanfarið í þessu efni, hefir verið gerður af einstökum mönnum, og hafa þær framkvæmdir verið af vanefnum gerðar, sem eðlilegt er, þar sem þessir menn hafa ekki haft vald yfir einu og öðru, sem óumflýjanlega þarf að vera fyrir hendi til þess að móttaka ferðamanna geti orðið sem ákjósanlegust. Talið er, að nokkur brögð hafi verið að tilhneigingu til þess að hafa ferðamennina að féþúfu að þessu leyti, meira en ástæða er til. Skal ég ekkert um það fullyrða, hvort þessi orðrómur hefir við mikil rök að styðjast, en þó vil ég taka það fram, að kunnugir menn hafa sagt, að oft hafi verið teknir of miklir peningar af ferðamönnum, sem hingað hafa komið. Jafnframt því sem gera þarf gangskör að því að auka ferðamannastrauminn til landsins á allan hugsanlegan hátt, þarf að stemma stigu fyrir því, að unnt sé að okra á ferðamönnum meira en góðu hófi gegnir. Eitt aðalatriðið í þeirri viðleitni, sem miðar að því marki að auka straum erlendra ferðamanna hingað til lands, er ráðstafanir til þess að bæta úr gistihúsakosti landsmanna, en honum hefir verið talsvert ábótavant undanfarið, svo sem kunnugt er. Það liggur í augum uppi, að stefna ber að því að gera erlendu ferðafólki vistina hér á landi sem bezta, með því að bjóða því upp á sæmileg gistihús á þeim stöðum, sem fegurstir þykja og mesti ferðamannastraumurinn liggur um. Í þessu sambandi má ennfremur geta þess, að víða er þörf á betri vegum en nú eru á fjölförnustu svæðunum, sem ferðamannastraumarnir liggja eftir. Má þar til nefna, að ákjósanlegt væri, að akvegurinn austur að Geysi, okkar ómetanlega gimsteini, væri bættur svo sem nauðsyn krefur, ef vel á að vera. Vitanlega þarf að leggja og bæta marga fleiri vegi á landinu, eins og t. d. vegasamband milli Þingvalla og Sogsins o. s. frv. Vitanlega þurfum við líka sómasamleg farartæki, og hygg ég, að það sé nokkurn veginn vissa fyrir því, að við getum flutt ferðamennina á þá staði, sem þeir helzt vilja sjá. Hin hlið þessa máls snýr að „agitation" út á við, til þess að hæna ferðafólkið til landsins. Frv. bendir á ráðstafanir, sem miða í þessa átt, og má þar til nefna útvarpið, fyrirlestra, samband við erlendar ferðamannaskrifstofur o. s. frv. Meiri hl. n. álítur, að hér liggi svo víðtækt verkefni fyrir hendi, að það sé ókleift fyrir einstaklinga að koma því í framkvæmd á viðunandi hátt. Þetta er skoðun okkar meiri hl. í þessu máli. Til þess að standa undir a. m. k. nokkru af þeim kostnaði, sem þetta hefir í för með sér, gerir frv. ráð fyrir að skattleggja fastar áætlunarferðir með 5% gjaldi. N. hefir ekki átt kost á að kynna sér til hlítar, hversu miklu þetta nemur. En gera má ráð fyrir, að sú stj., sem hefir skrifstofu þessa fyrirtækis með höndum, þyrfti ekki miklu meira fé til rekstrar fyrirtækisins en hægt væri að afla á þennan hátt.

Í grg. frv. má sjá, að þetta mál hefir verið tekið föstum tökum í nærliggjandi löndum og að ríkisvaldið í þeim löndum hefir gert þýðingarmiklar ráðstafanir í þessu efni, enda þótt þær séu á nokkuð annan veg en hér er ætlazt til. Það má geta þess, að í þessum löndum hefir þótt nauðsynlegt að sameina alla þá starfskrafta, sem fengizt hafa við móttöku erlendra ferðamanna, í eitt, til þess að reyna að forðast árekstra á milli þeirra aðilja, sem hér eiga hlut að máli.

Okkur Íslendingum er áreiðanlega óhætt að taka nágrannaþjóðir okkar, sem allar eru miklu auðugri en við, til fyrirmyndar í þessu efni, og þar sem það er vitanlegt, að einstakir menn hafa yfirleitt ekki yfir nægilegu fjármagni að ráða í þessu efni, þá er það auðsætt, að flest rök hníga undir það, að ríkið taki að sér starfsemi þá, sem hér um ræðir, og reyni að koma henni í höfn, heilu og höldnu.

Eins og ég hefi þegar drepið á, er öll n. sammála um það, að þetta mál, sem hér um ræðir, sé mjög þýðingarmikið fyrir þjóðina. Ágreiningurinn er einvörðungu um aðferðirnar, sem nota þarf í þessu efni. Hv. minni hl. er sem sagt mótfallinn afskiptum ríkisvaldsins af þessum málum, en það telur meiri hl. hinsvegar nauðsynlegt, ef málinu eigi að vera vel borgið í framtíðinni.

Okkur virðist 1. og 2. gr. svo skyldar að efni, að í raun og veru gætu þær orðið sem ein grein, og leggjum það til. Auðvitað breytist greinatalan eftir því.

Í 6. gr. töldum við rétt, að væru skýrari ákvæði en eru um gisti- og veitingahús. Í brtt. okkar við þá gr. er gert ráð fyrir, að erlendir gestir eigi aðgang að þeim stöðum fram yfir innlenda gesti, að öðru jöfnu. Það skiljum við þó ekki svo, að innlendur maður, sem búinn er að panta greiða eða rúm, eigi að víkja fyrir útlendingi úr herbergi eða rúmi, heldur að útlendingar gangi fyrir að öðru jöfnu, ef ferðamannaskrifstofan æskir eftir plássi fyrir þá. Þetta skoðum við sem gestrisnisskyldu. Þess vegna er einnig ferðamannaskrifstofunni gert að skyldu að gera pantanir vegna útlendinga til gistihúsanna með nægilegum fyrirvara, svo ekki þurfi að eiga sér stað árekstur milli erlendra og innlendra ferðamanna.

Þá eru brtt. ekki fleiri. N. taldi yfirleitt vel frá frv. gengið og sættir sig við það með þessum breytingum, að öðru leyti en því, að minni hl. n. vill ekki, að ríkið reki þessa stofnun, og skal ég ekki að svo stöddu fara frekar út í það mál.

Frsm. minni hl. (Þorsteinn Briem) [óyfirl.]: Ég hefi að vísu tekið að mér framsögu um frv. af minni hl. hálfu, þó ég sé ekki alveg viss um, að skoðanir okkar í minni hl. fari að öllu leyti saman. Ég tala því að nokkru leyti frá mínu eigin sjónarmiði, og vænti þá þess, að sá hv. þm., sem er með mér í minni hl., geri grein fyrir sinni afstöðu að því leyti, sem hún er frábrugðin minni.

N. hefir, eins og frsm. meiri hl. tók fram, litizt frv. allvel stílað og grg. þess allrækileg, þó nokkuð geti orkað tvímælis um sumar þær fullyrðingar, sem þar eru. Það mun hafa vakað fyrir þeirri hv. utanþingsnefnd, sem fætt hefir þetta afkvæmi, að koma hér á mjög skjótstígum breytingum. Það virðist vera hugmyndin að koma hingað í einu vetfangi stríðum ferðamannastraum frá útlöndum. Þó minni hl. sé að vísu þeirrar skoðunar, að rétt sé að stuðla að aukinni aðsókn ferðamanna hingað til landsins, þá er ýmislegt við það athugavert frá sjónarmiði minni hl., og verður hann af þeim ástæðum að telja heppilegra, að aukningin komi smátt og smátt. Eitt af því, sem mælir á móti hraðauknum ferðamannastraum, er það, að við höfum mjög litinn viðbúnað til þess, helzt engan, að taka á móti fjölda gesta. Gistihúsakosturinn er svo lítill, að hann gerir ekki betur en fullnægja innlendu gestunum og þeim fáu erlendu, sem hingað sækja, en ef við ættum að fullnægja þeim erlendu gestum, sem mesta peninga mundu flytja inn í landið, þá stöndum við algerlega vanmáttugir gagnvart þeim. Þjóðin hefir ekki upp á að bjóða nægilegan gistihúsakost, og því lítur minni hl. svo á, að ferðamannastraumurinn verði að aukast smátt og smátt, svo að við höfum ráðrúm til að fjölga gistihúsum, bæta vegina og yfirleitt búa okkur betur undir það að geta veitt erlendum ferðamönnum sæmilegar viðtökur, sem þeir geti verið ánægðir með, og ef við skoðum þetta sem gróðaspursmál, þá þarf fyrst og fremst að fullnægja þeim gestum, sem mesta peninga hafa, en til þess að geta það, erum við lítt færir sem stendur.

Það er talað um að afla fjár bæði til þessa og annara hluta, og venjulega aðferðin til þess er að leggja á nýja og nýja skatta, og svo mun það reynast, ef ríkið á að reka þessa starfsemi, eins og mér skildist á hv. frsm. meiri hl. Er þó alllangt gengið á skattabrautinni þegar, og virðist þó tæplega komið að ferðalokum í því efni. Önnur leið til fjáröflunar er varla til, nema að taka lán til byggingar sæmilegra gistihúsa, en oss hefir virzt svo, sem ekki stæðu opnar dyr fyrir lántökur erlendis, jafnvel þó ríkisábyrgð væri boðin. Ef ætti að taka til þessa innlent fé úr einhverjum rekstri, verður að telja mjög tvísýnt, hvort það væri rétt, því atvinnugreinunum mun sannarlega ekki veita af því fjármagni, er þær hafa til umráða, svo sem sparifé o. fl. Mér virðist það sérstaklega vaka fyrir þeim, sem að frv. standa, að auka mjög skjótt ferðamannastraum til okkar, og þykir mér það líkast því, að bóndi safnaði að sér miklum fénaði að haustlagi og setti á vetur án þess að hafa aflað honum nægilegra heyja. Ég álít ennfremur, að skyndileg aukning ferðamannastraums til landsins án nægilegs undirbúnings hér heima fyrir gæti haft í för með sér þær hættulegu afleiðingar að fæla ferðamenn héðan vegna vonbrigða, sem þeir menn yrðu fyrir, er ginntir hefðu verið hingað og ekki fengið þann aðbúnað, sem menn með mikla fjármuni gera kröfu til.

Minni hl. n. lítur svo á, að ferðamannastraumur til landsins muni aukast á næsta ári, sérstaklega vegna Geysis, sem dregur ferðamenn allmjög að sér, en þar er svo lítill viðbúnaður, að þangað er ekki einu sinni vegur, hvað þá að þar sé gistihús. Þar er því ekki hinn allra nauðsynlegasti viðbúnaður fyrir hendi.

Viðvíkjandi ríkisrekstri á ferðamannaskrifstofu býst ég við, að í „principinu“ séum við minnihlutamenn ekki að öllu leyti sammála. Ég býst við, að hv. 1. þm. Skagf. mótmæli ríkisrekstri, en þó ég sé ríkisrekstri ekki hlynntur, þá get ég samt fylgt honum í einstökum myndum, en þrátt fyrir það verð ég að telja mikla tvísýnu á, að hann sé heppilegur hér. Mér skildist hv. frsm. meiri hl. vilja segja, að einskonar ríkisrekstur ætti sér stað í þessum efnum hjá flestum þjóðum, ég man ekki ummæli hans orðrétt. Við öfluðum okkur nokkurra upplýsinga í þessum efnum, að vísu ekki nákvæmra, en þó hygg ég, að fullkominn ríkisrekstur sé hvergi nema hjá Rússum og fasistunum á Ítalíu. Hinsvegar mun það altítt víða í löndum, að afvinnumálaráðuneytin styðji mjög móttöku og leiðbeiningastarfsemi fyrir erlenda ferðamenn, en þau gera það sem hjálpandi hönd til þeirra einkafyrirtækja og einstaklinga, sem þar eru að starfi. Hvað sem segja má um aðferðir kommúnistanna og fasistanna, þá er það víst, að í mesta ferðamannalandi álfunnar, Sviss, ætla ég, að þetta sé einstaklingarekstur að mestu eða öllu leyti, og hefir ekki öðrum þjóðum tekizt betur um árangur í þessum efnum en Svisslendingum. Hv. frsm. talaði um, að þó stóru þjóðirnar hefðu ekki ríkisrekstur í þessu efni, þá væri okkur það nauðsynlegt, af því við værum svo smáir. En það er nú á fleira að líta fyrir litla þjóð í því sambandi. Það þarf líka að líta á kostnaðarhliðina. Ferðamannaskrifstofa kostar mikið fé. Það

er oft sagt, þegar talað er um að byrja á einhverjum ríkisrekstri, að hér þurfi svo sem engan kostnað, ekki nema fáa menn, það muni ekki nema nokkrum skildingum fyrir ríkissjóðinn, þó þessari stofnun væri bætt við. En svo hefir reynslan oft viljað vera önnur. Það hefir farið með þessar stofnanir eins og snjóboltann, sem veltur ofan fjallshlíð og hleður utan á sig þangað til hann er orðinn svo stór, að hann er meira en meðalmannstak. Svo gæti einnig farið með ferðamannaskrifstofuna, þó hún þyki ekki ægileg í byrjun.

Þá er þessi litli skattur, sem á að leggja á innlenda ferðamenn. Þó hann sé ekki hár, þá er á það að líta, að ferðalög kosta allmikið, og ekki lækkar sá kostnaður þegar benzínskatturinn verður tvöfaldaður. Ég hygg einnig, að þeim, sem bílana eiga, finnist benzínskatturinn þá nógur, þó ekki bætist við þessi skattur á ferðamennina. T. d. er það með ferð frá Reyðarfirði til Rvíkur, að hún er ærið dýr, og á svo langri ferð *nemur þetta hundraðsgjald þó nokkru*. Það má náttúrlega segja, að hægt sé að kúga bílastöðvarnar til þess að selja ferðamönnum ekki hærra vegna þessa gjalds; þó kemur það nokkuð í sama stað, því einhversstaðar þarf að taka þessa peninga. En ef skattur þessi verður lagður á, þá get ég ekki annað séð en skipulagið geti séð um það, að hann komi ekki niður á farþegunum, þó engin skrifstofa verði stofnuð.

Þó minni hl. verði að telja ýmislegt athugavert við þá leið, sem hér er haldið fram, þá álítur hann, að rétt sé að gera nokkuð til þess að auka straum ferðamanna til landsins, en minni hl. telur, að með tiltölulega litlum kostnaði sé unnt að kynna landið, án þess sett sé upp sérstök stofnun, sem eins og snjóboltinn hleður utan á sig áður en varir. Minni hl. vill benda á það, að útvarpserindi um landið og þjóðina, sem endurvarpað sé frá stöðvum í öðrum löndum geti haft mikla þýðingu. Það hefir dálítið verið byrjað á þessu, og mætti auka það án verulegs kostnaðar. Auk þess gæti ríkisútvarpið komið sér í fréttasamband við erlendar útvarpsstöðvar og sent þangað fregnir um það, sem hér gerist. Mundi það vekja eftirtekt á landinu og auka ferðamannastraum hingað. Ég hefi orðið var við það af kynnum við menn af öðrum þjóðum, að jafnvel daglegu veðurfregnirnar vekja athygli.

Ennfremur vill minni hl. benda á, að of mikið hefir verið vanrækt að láta ræðismönnum Íslendinga og Dana hjá öðrum þjóðum í té nægilegar upplýsingar um landið. Það hefir orðið vart við það, þegar útlendingar hafa leitað til ræðismannanna um ýmsar upplýsingar viðvíkjandi Íslandi, að þeir hafa gripið í tómt. Sömuleiðis þegar Íslendingar erlendis hafa leitað til ræðismannanna, hafa þeir ekki getað gefið þeim þær upplýsingar, sem óskað hefir verið. Það er nauðsynlegt að bæta úr þessu, því það getur skipt alvarlega miklu bæði gagnvart ferðamönnum og einnig öðrum málum, svo sem afurðasölumálum o. fl.

Minni hl. n. getur ekki fallizt á að samþ. frv., en hann vill leggja það til, að málið verði afgr. með þeirri rökst. dagskrá, sem er í nál. minni hl. á þskj. 675, sem er á þá leið, að Ed. vænti þess að ríkisstj. hlutist til um, að endurvarpað verði frá útlendum stöðvum fræðslufyrirlestrum, sem ríkisútvarpið væri látið flytja, og að ræðismönnum okkar í öðrum löndum verði látnar í té þær upplýsingar um land og þjóð, sem að gagni mættu verða. Ég skal og geta þess, þó það sé ekki tekið fram í nál. okkar, að ég fyrir mitt leyti gæti fallizt á, að nú þegar í þessum fjárl. væri stj. heimilað nokkurt fé í þessum tilgangi og til þess t. d. að styðja að einhverju leyti námskeið fyrir íslenzka túlka og leiðsögumenn erlendra ferðamanna. Það hefir verið upplýst fyrir n., að túlkar þeir, sem gripið er til handa erlendum ferðamönnum, eru ekki svo færir í starfi sínu sem æskilegt væri, enda er þess ekki að vænta, þar sem hér er um að ræða stopula atvinnu og gripið er til þessara manna aðeins við og við, dag og dag í einu. Ég teldi það nokkra bót, ef þessu yrði kippt í lag, og tel það vel þess vert að vera tekið til athugunar.

Frsm. meiri hl. (Sigurjón Á. Ólafsson) [óyfirl.]: Hv. minni hl. allshn. hefir nú gert nokkra grein fyrir sinni afstöðu til málsins. Mér skilst, sem minni hl. sé innbyrðis ekki fyllilega sammála og að það muni eiga að koma betur fram síðar. Mér skildist og á hv. frsm., að hann teldi í raun og veru ekki ávinning í því að auka ferðamannastraum til landsins, því öll ræða hans gekk út á það, að það væri varhugavert og hættulegt og till. hans hnigu allar í þá átt, að gera sem minnst. Allshn. hefir fengið það upplýst, að á þessu ári hafi borizt til landsins um 200000 kr. í erlendum gjaldeyri vegna ferðamanna. Um það eru engar heimildir fyrir hendi, hvort þetta er meira eða minna en áður hefir verið, en í því mikla gjaldeyrishungri, sem nú þjáir okkur, þá er það sýnilegt, að ef leið væri til þess að auka þessa upphæð verulega, þá væri það eitt út af fyrir sig stór ávinningur fyrir þjóðina.

Ennfremur má benda á, að í gegnum kynningu við slíka menn getum við fengið ýms sambönd og hrein og bein verzlunarviðskipti. Engu af þessu virðist hv. 10. landsk. vilja reikna með, þegar talað er um aukinn ferðamannstraum til landsins. Hann drap á það, sem ég einnig gerði, að gistihúsin væru helzt til lítil. Ég skal játa, að gistihúsvandræði yrðu okkur e. t. v. örðug í bili, en úr þeim má bæta svo að viðunandi sé fyrir alla ferðamenn, sem dvelja hér bezta tíma ársins. Hv. þm. segir, að ferðamannastraumurinn eigi að koma smátt og smátt. Það er hætt við, að um það fari eins og mér er nær að halda, að aukningin verði mjög smávægileg. Hv. frsm. minni hl. minntist á, að skattarnir væru orðnir nógir, þó að ekki væri bætt við þessum skatti, sem hér er gert ráð fyrir, að geti numið 50 þús. kr., og hann á aðeins að koma niður á einum aðila, sem sé þeim, sem hafa einkaleyfi til að flytja fólk á langleiðum. Hann heldur, að þau leyfi þyki ekki þess virði, að það megi iþyngja þeim, sem þau hafa, með þessu gjaldi, og taldi, að ekki yrði jafnmikill ávinningur að halda uppi ferðum eftir sem áður. Ég held nú, að sérleyfishöfunum verði ekki íþyngt til muna, þó að 5% skattur verði á þá lagður. Annars ætla ég ekki

að fara að tala um skattafrv. almennt. Við getum rætt það við annað tækifæri. Það liggur að vísu ekki fyrir áætlun um, hvað kostar að reka slíka skrifstofu, en það eru a. m. k. líkur til, að þessi upphæð muni nægja. Ég held, að það sé ástæðulaust að halda, að um meiri fjárútlát verði að ræða en hér er gert ráð fyrir, eins og ég sagði í upphafi míns máls. Ræða hv. 10. landsk. benti til þess, að þetta ætti að vera stórhættulegt fyrirtæki. Hv. þm. hélt því fram, að við myndum safna að okkur fleiru fólki en við gætum tekið á móti. Nú skulum við gera ráð fyrir þeim möguleika, að hingað kæmi óeðlilega mikill straumur, þá má ekki gleyma því, að ferðamannaskrifstofan hlýtur að hafa skipulag á því, í hvaða röð ferðamannaskipin koma, svo að sem minnstur árekstur verði. Ef þetta skipulag væri ekki og mörg skip kæmu e. t. v. í einu, þá gæti orðið óþægilegt að taka á móti þeim öllum í einu. En það er einmitt þetta, sem ferðamannaskrifstofan á að sjá um, að ekki komi fyrir. Það ætti hún að geta með þeim samböndum, sem henni er ætlað að hafa við erlend ferðafélög.

Þá minntist hv. þm. á það, að ríkisrekstur á slíkum fyrirtækjum og ferðamannaskrifstofum væri aðeins í Rússlandi og Ítalíu. Ég skal játa, að við erum nú líklega jafnfróðir um það, hvaða l. gilda um þetta hjá öðrum þjóðum, en í grg. eru talin upp auk þessara landa Tjekkoslóvakía, Þýzkaland og Austurríki. Að vísu er í Austurríki og Þýzkalandi hliðstætt fyrirkomulag og í Ítalíu. Með þessum l. er gert ráð fyrir, að komið verði á fullkomnu skipulagi, svo sem hent hefir verið á, að er í Noregi og Svíþjóð. Þar er fyrirkomulagið þannig, að það er falið einum félagsskap, sem hefir þessi mál með höndum. Það er alveg áreiðanlegt, að það er því að þakka, að í Noregi er ferðamannastraumurinn búinn að vera svona marga áratugi. Þar þótti nauðsynlegt að setja þetta undir eina sameiginlega stjórn, sem á norsku máli heitir „Landslaget". Þetta mun ekki vera neitt eins dæmi, hvað sem um Sviss er að ræða. Það liggur ekkert fyrir um skipulag þar, enda mér ókunnugt um það og skal því ekki dæma um það, en ég býst við, að Sviss hafi áreiðanlega komið á einhverju skipulagi um þetta. Þá minntist hv. þm. á það, og var að draga í vafa, hvað þessi kostnaður við flutning erlendra ferðamanna yrði mikill, og hélt því fram, að ekki yrði nægilegt upp úr því að hafa, þegar þessi tvöfaldi skattur — benzínskatturinn — yrði kominn á, en hann hefir nú ekki verið samþ. á Alþ. enn. En við skulum nú gera ráð fyrir, að hann geti komið, þá geri ég ekki ráð fyrir, að benzínið út af fyrir sig yrði svo þung byrði, að menn gætu ekki ferðazt eftir sem áður, því að þörfin fyrir fólkið að komast ferða sinna minnkar ekkert fyrir það, þó að fargjöldin hækki. Reynslan hefir verið sú, að fólk vill miklu heldur ferðast með bílum þann tíma, sem fært er, þó að það þurfi að borga meira fyrir það. Ég býst við, að innlendi ferðamannastraumurinn myndi ekki minnka, þó að tilkostnaðurinn ykist. Þá kom hv. frsm. með það, að svo gæti farið að þessar 50 þús. kr. nægðu ekki til að halda uppi þessari ferðaskrifstofu. Hann vildi láta nægja, að fá ríkisútvarpið til þess að flytja fræðandi erindi um Ísland, þegar færi að vora. Ég er ekki viss um, að þetta yrði beinlínis til þess að hvetja menn til að koma hingað, af því að þessir fyrirlestrar yrðu aðallega fræðilegs efnis. En aftur á móti myndi ferðamannaskrifstofan benda mönnum á, hvað vert væri að sjá í landinu og gefa upplýsingar um, hvernig heppilegast væri að ferðast. Það er gert ráð fyrir, að hún hafi það verkefni með höndum að gefa út rit, einmitt með það fyrir augum að kynna landið erlendis. Í öðru lagi að halda uppi fyrirlestrastarfsemi og kannske fá erlenda menn til að halda fyrirlestra hvern í sínu landi. Loks eru það kvikmyndirnar. Það hefir verið bent á, að hægt væri að gefa upplýsingar um landið okkar í lifandi myndum, þar sem sýnd væri náttúrufegurð þess, atvinnuhættir landsmanna og þar sem einnig mætti sýna ýmsar afurðir, en það gæti haft mikla þýðingu fyrir útflutning okkar. Hér er því sýnilega um stórt hlutverk fyrir skrifstofuna að ræða — verkefni, sem á kannske eftir að sýna sig sem ómetanlegt gagn fyrir land okkar og þjóð, fjárhagslega og menningarlega séð. En þessu hefir því miður hingað til enginn gaumur verið gefinn. Ég er ekki að áfellast neinn sérstaklega fyrir þetta. Ég veit, að þetta útheimtir sérstaklega skipulagsbundið starf og nokkur fjárútlát. Ég skal játa, að við höfum sennilega ekki jafnfullkomna leiðsögumenn ferðamanna eins og vera ætti, og ég býst við, að hægt væri að koma því í lag, þótt ekki væri stofnuð ferðaskrifstofa. En vitanlega verður ferðaskrifstofan að tryggja sér til þessa hæfa menn, sem geta gefið réttar og ábyggilegar upplýsingar um landið. En þessu hefir verið ábótavant í einstökum tilfellum. Viðvíkjandi erlendum ræðismönnum skal ég ekki hafa á móti því, að þeim verði gert að skyldu að veita meiri upplýsingar um landið. Mér er kunnugt um, að flestir þessara manna eru útlendir menn, sem hafa þetta að aukastarfi og hafa e. t. v. mjög litlar „interessur" fyrir okkar þjóðerni og vilja lítið leggja sig í framkróka í þessu efni, enda hygg ég, að störf þeirra séu lítið launuð. Menn ættu ekki að leggja mikið upp úr slíkum falsvonum, og ég geri ekki ráð fyrir, að við getum grætt ýkjamikið á því, að þeir kynni öðrum þjóðum landið. Hitt er annað mál, að þeir munu ekki amast við því, að þeim verði lögð í hendur þessi skilríki. Ég hefi talað við fjölda manna, sem hafa haft viðskipti við þessa menn, og þeir segja, að þetta séu upp og niður menn — flestir þeirra séu þurrir og drembnir, sem bera nafnið og ekkert annað.

Ég held, að það sé nú ekki fleira, sem ég þarf að svara hv. 10. landsk. og skal því ekki hafa þetta mál mitt lengra.

Magnús Guðmundsson: Eins og sést hér á nál. á þskj. 675, þá hefi ég ekki getað orðið sammála meiri hl. í þessu máli frekar en hv. 10. landsk. Ég er alveg mótfallinn því að taka einokun á ferðamannakomu hér og setja á stofn skrifstofu í því sambandi. Það er alveg rétt, sem hv. 10. landsk. tók fram, að fyrir n. hefðu legið upplýsingar um, að þetta er hvergi gert nema í

Rússlandi og meira að segja er gengið þeim mun lengra í þessu frv., að hér er bannað að hafa skrifstofu við hlið ríkisskrifstofunnar, en það er heimilt í Rússlandi. Ég geri ráð fyrir, að þó að það yrði bannað að hafa skrifstofu hér við hliðina á þessari ríkisskrifstofu, þá sé mönnum þó heimilt að hafa mök við útlendinga, þannig að leiðbeina þeim án þess að til skrifstofunnar kasta þurfi að koma. Ef það er meiningin að útiloka það alveg, að menn hafi nokkur viðskipti við þá eða leiðbeini þeim eða eitthvað þesshättar gegn gjaldi, þá nær þetta frv. ekki tilgangi sínum. Ég er viss um það, að ferðamannaskrifstofurnar geta vel haft svipaða starfsemi og þær hafa nú, þrátt fyrir það, þótt þetta frv. yrði að lögum.

Hv. 4. þm. Reykv. talaði hér áðan langt mál. Hann sagði, að útlendingar myndu hafðir hér fyrir féþúfu. Ég veit ekki, til hvers þeir eru að koma, ef ekki á að hafa út af þeim dálitið af peningum. Hitt er rétt, að ef tekið væri óhæfilega mikið af útlendingunum, þá er það ófært. Það voru dálitið villandi ummæli hjá hv. þm., þegar hann sagði, að farþegarnir á hinum stóru ferðamannaskipum, sem hér koma, kvörtuðu yfir því, að það væri okrað á þeim, því að það er skemmtiferðarskipið, sem selur fólkinu bílferðir og annað slíkt, og fær umboðsmaður ferðaskrifstofunnar hluta af því gjaldi, og þessu næst eiga bílstöðvarnar hlut að máli líka. En frá þeim liggur ekkert fyrir um þetta nema yfirlýsing frá einum bílstjóra um það, að ökugjöldin séu of há. Ég veit ekki til, að skipin, sem hingað hafa komið, hafi neitt kvartað yfir of dýrum ferðalögum. Slíkt er hreinasta fjarstæða. Ef einhver er, sem fer fram á að borga landferðalögin sjálfur, t. d. af því að hann hefir komizt að því, að þau séu seld með uppskrúfuðu verði af skipunum, þá getur hann það, en það er fremur illa þokkað og því sjaldgæft. Ég skil það ekki, að þau skip, sem hafa komið hingað ár eftir ár, myndu ekki kvarta, ef það væru saman tekin ráð að skrúfa upp gjöldin, en ef engin samtök eru á milli þessara stöðva, þá geta félögin gengið á milli þeirra og látið þær keppa um aksturinn. Ég sé því ekki, að það geti verið, að ferðamenn á skipum þessum hafi verið hafðir að féþúfu meira en á að vera, því að vitaskuld er ekkert land, sem ekki reynir að teygja til sín ferðamenn í þeim einum tilgangi að hafa af þeim fé. Ég verð að segja, að mér finnst sá taxti, sem farið er eftir, þegar um innlenda menn er að ræða, t. d. til Þingvalla, sé of lágur fyrir útlendinga. Hv. frsm. meiri hl. sagði, að við hv. 10. landsk. vildum gera sem minnst í þessu máli. Það má auðvitað leggja það þannig út, þó að ekki sé það vingjarnleg skýring. Við viljum ekki fara það langt í þessu, að það geti komið okkur í koll síðar og að ferðafólkið verði óánægt, þegar það kemur hingað. En til þess að það verði ekki, þá verður að byggja hótel hér, en á því eru engin tök nú. — Hv. frsm. meiri hl. sagði, að ekkert hefði verið gert í þessu máli. (**SÁÓ**: Ég sagði lítið). Hv. þm. getur vel kallað það lítið, en ég efast um, að það verði til að fjölga ferðamönnum hingað að koma þessari einokun á, og ég er hræddur um, að á þessu sviði sem öðrum, þar sem einokun er komin á, verði ekki sýnd nægileg lipurð til þess að hæna ferðamenn að. Ég verð að segja það, að þótt ekkert hafi verið gert af hálfu hins opinbera eða lagt í kostnað til þess að ná hingað ferðamönnum, þá er það þar framtak einstaklingsins, sem verið hefir að verki eins og svo oft áður, enda hefir ferðamannastraumurinn aukizt mjög á síðari árum. Í þessum tilgangi hefir líka talsvert af auglýsingum verið sent út úr landinu. Eftir upplýsingum, sem ég hefi fengið um þetta, er það áreiðanlegt, að það er ekki minni upphæð en 20 þús. kr., sem hefir verið lögð í það að prenta og dreifa út bæklingum í útlöndum. Hv. þm. getur kallað þetta lítið eftir því, hvað hann er kröfufrekur. Ég er ekki farinn að sjá, að lagt verði í meiri kostnað í útlöndum heldur en nú er gert. Mér sýnist vera óeðlilegt að setja hér upp skrifstofu með forstjóra og skrifstofufólki, því að það er engin trygging fyrir því, að það beri nokkurn árangur. Hv. frsm. vildi gera mjög lítið úr þeim skatti, sem hér er lagður á umferð í landinu. Ég verð að segja, að ég veit ekki til, að það eigi sér stað nokkursstaðar í heiminum, að lagður sé skattur á farseðla með bílum. Hv. þm. segir, að þessi skattur skipti ekki miklu máli. Það sé ekki nema 5 aurar af hverri krónu. En við skulum segja, að maður fari t. d. til Húsavíkur og borgi fargjald fram og til baka 60 kr., þá færir skatturinn fargjaldið fram um 3 kr. Auðvitað má segja, að ekki muni mikið um þetta, en margt smátt gerir eitt stórt, og þegar líka á að hækka benzínskattinn, er augljóst, að fargjöldin hljóta að hækka til muna.

Svo vildi ég gjarnan beina þeirri fyrirspurn til hv. frsm. meiri hl., hvernig beri að skilja 9. gr. frv., því að ég álít, að hún komi ekki heim við 8. gr. Það stendur þar: „Skylt skal vera að afhenda jafnan farþega, er fluttur er í bifreið gegn greiðslu, farseðil með áletraðri upphæð þeirri, er greiða ber, enda sé farseðillinn stimplaður svo sem mælt er fyrir í 8. gr.“ Nú eru alls ekki allir farseðlar stimpilskyldir, og á það var bent í n. Þetta er mjög óljóst og full ástæða til að taka þetta til frekari athugunar. Það þarf ekki alltaf að afhenda farseðil, og þá er stimpilskylda ekki fyrir hendi. Ég kem hingað á skipi, fæ bifreið niður að höfn og læt aka mér heim. Þetta er engin áætlunarferð og á ekki að þurfa að borga stimpilgjald, en hér er þó sagt, að alltaf skuli vera skylt að afhenda stimplaða farseðla.

Eitt af þeim atriðum, sem talað er um í grg. frv., er, að nauðsynlegt sé að ná í þá útlendu peninga, sem útlendingar koma með hingað til landsins. Til þessa er því að svara, að eftir gildandi reglum er skylda að afhenda alla slíka peninga, og er það hart, ef setja þarf á stofn sérstaka skrifstofu til þess að fá fylgt gildandi lögum. Það var líka upplýst í n., að aðalferðamannaskrifstofan, Hekla, hefir skilað öllum þeim útlendu peningum, sem hún hefir fengið. Þessi upplýsing er fengin hjá forstöðumanni skrifstofunnar, Birni Ólafssyni. Þá er og í þessu sambandi annað atriði, sem vert er að minna á. Það er mjög algengt, að útlendir ferðamenn

komi hingað til landsins með íslenzka peninga. Íslenzkir ferðamenn selja sjálfir þessa peninga erlendis og svo fá útlendu ferðamannaskrifstofurnar þá, og útlendu ferðamennirnir fá þá svo þar og koma með þá hingað heim og borga hér með þeim það, sem þeir þurfa hér að fá.

Þá þykir mér mjög losaralega búið um þann kostnað, sem leiða kann af frv. Um það er ekkert sagt annað en að laun forstjóra skrifstofunnar skuli ákveðin í launalögum, en þangað til þau lög séu sett eigi ráðherra að ákveða þóknun fyrir starfið. Mér þykir víst, eftir þeim launareglum, sem fylgt hefir verið hér um einokunarskrifstofurnar, að þessi laun verði eitthvað frá 10 til 12 þús. kr. á ári, og svo verður þessi forstjóri að hafa sér við hlið allskonar fólk, og það er alveg ótiltekið, hve margt það verði. (**JJ**: Það verður sett á mannahaldslistann hjá ykkur). Okkur? (**JJ**: Já, hjá fjvn.). Já, en fólkið fækkar ekki fyrir það. Svona frágangur er alveg fjarri öllu lagi og þvert á móti því, sem fjvn. er nú að reyna að gera að reglu; og í tilefni af því, sem hv. þm. S.-Þ. skaut hér inn í ræðu mína, skal ég geta þess, að hann var sjálfur með í því að ákveða starfsmannafjölda ríkisins og laun þeirra, þótt hann nú flytji hér sjálfur frv. um nýja ríkisstofnun, þar sem ekkert ákvæði er til um þessi atriði, en allt gefið á vald ríkisstj.

Nú hefir n. fundið til þess, að til nokkuð mikils var mælzt, þar sem í frv. stendur, að ferðaskrifstofunni sé heimilt að ákveða, að útlendir ferðamenn skuli sitja fyrir innlendum gistihúsum, ef húsrúm nægi ekki öllum. Nú vill n. breyta þessu þannig, að það þurfi þó að vera gefinn nægilegur fyrirvari, ef reka eigi Íslending í burtu úr rúmi fyrir útlendan drjóla, sem ber að dyrum. Ég veit ekki, hvað n. ætlast til, að þessi fyrirvari sé langur, en hann á þó að fá heimild til að taka á sig einhverjar spjarir, en að hann verði rekinn upp úr rúminu, er ekki fyrirbyggt með brtt. n., þó hann eigi að fá tíma til að fara í fötin. (**JBald**: Ef hann vantar þá ekki tölurnar). Já, ef svo skyldi fara, að búið yrði að tolla tölur svo hátt, að þær væri ekki hægt að kaupa, þá yrði Íslendingurinn sennilega að fara nakinn burt úr gistihúsinu, því þar má hann ekki vera, ef útlendan drjóla ber þar að.

Ýms fleiri ákvæði ganga svo langt, að fjarri er öllum sanni. T. d. það, ef ferðaskrifstofunni líkar ekki við eitthvert hótel, að þá megi láta stjórnina loka því.

Ég hirði ekki um að hafa þessi orð fleiri að sinni, en má vera, að ég svari eitthvað hv. frsm. meiri hl., þegar hann hefir svarað ræðu minni.

Magnús Jónsson [óyfirl.]: Ég er samþykkur þeim tilgangi, sem liggur á bak við þetta frv., sem sé þeirri hugsun, að það eigi að hvetja erlenda ferðamenn til þess að koma hingað til lands. Það er enginn vafi á því, að þegar mjög amar að skortur á erlendum gjaldeyri, þá er á þann hátt stóraukinn möguleiki á að bæta úr því.

Við höfum ekki haft mikið af þeim tekjum að segja, en ef litið er út um lönd, þá er, meira að segja hjá stórþjóðunum, ferðamannastraumurinn ein megintekjulind. Það má til dæmis nefna, að eins stórar þjóðir og Frakkland og Ítalía komust í örðugleika vegna þess, hve heimsstyrjöldin dró úr ferðamannastraumnum, því hann var orðinn svo stór liður hjá þeim, hvað þá hjá minni þjóðum, eins og t. d. Sviss og Noregi, sem áttu við mjög verulega örðugleika að stríða út af því, hve ferðamenn voru fáir. Það er líka alkunnugt frá deilum Þjóðverja og Austurríkismanna, hversu Þjóðverjar beittu Austurríkismenn því vopni, að koma í veg fyrir ferðamannastraum til Týról.

Ég er ekki í nokkrum vafa um það, þó Ísland hafi ýmsa ókosti sem ferðamannaland, svo sem hafið — það eru alltaf nokkuð margir ferðamenn, sem eru mótfallnir löngum sjóferðum —, svo er veður hér oft illa fallið til þess að laða ferðamenn hingað, að landið hefir þrátt fyrir þetta ýmislegt til að bera, sem gerir það einstakt í veröldinni. Það hefir náttúrufegurð, — ég vil ekki segja, að hún sé meiri en almennt gerist, en hún er svo sérkennileg, að það þarf langt að leita til að finna náttúrufegurð, sem er svipuð. Vegna þess hve landið er bert og skóglaust, eru hér dæmalaust hreinar línur og litir, svo menn sjá ekki annað eins annarsstaðar.

Ég er sannfærður um, að ef hægt væri að beina ferðamannastraum hingað til Íslands, þá yrði það mjög mikilvægt afkomuatriði fyrir þjóðina. Þeir gallar, sem talið er hættulegt, að verði á skapgerð þjóðar, sem mikið þarf að taka á móti erlendum ferðamönnum, tel ég ekki líklegt, að kæmu mikið fram á íslenzku þjóðinni. Það er sagt, að Sviss hafi liðið undir þessum göllum. Það er satt, það elur upp sérstaka skapgerð að taka á móti ferðamönnum og bukka sig og beygja fyrir þeim, en ég held, að það sé ekki hættulegt fyrir íslenzka skapgerð, því það er margt í íslenzku eðli, sem stríðir sterklega á móti því. Það er lítil hætta á, að Íslendingar verði síbukkandi, og ég er ekkert hræddur við þennan galla; en ég verð þó að segja það, að ef nokkuð miðar í þá átt, þá er það þetta frv.

Ég er á þennan hátt samþykkur þeirri hugmynd, sem felst á bak við frv. En það er ákaflega táknandi fyrir stefnu hæstv. ríkisstj. og hv. stjórnarflokka hér á hinu háa Alþ., að þegar þeim verður þessi hugmynd ljós, þá er farin þessi leið, sem hér kemur fram í þessu frv. Þeim dettur engin önnur leið í hug en sú, að leggja á nýja skatta og koma á stofn nýju ríkisfyrirtæki. Nú hefir þó fyrir áhuga einstakra manna nokkuð áunnizt um þetta á fyrirfarandi árum, og það er sagt frá því í grg. þeirri, sem frv. fylgir, að landsmenn muni fá um 200 þús. kr. árlega frá útlendum ferðamönnum, og þetta sýnir, að dálítið hefir þó verið unnið að þessu af einstaklingum. Ég get verið samþykkur því, sem segir í áliti n., að kraftarnir séu enn fulldreifðir og of litlir og ekki nógu mikið gert til þess að hæna ferðamenn að landinu, en játning þess, að kraftarnir séu of litlir og of dreifðir, leiðir ekki nema í sérstaklega gerða heila þá hugsun, að ríkið eigi að taka þetta að sér og koma að einokunarlöggjöf og setja upp nýja ríkisstofnun, þegar á að vinna

að því að hæna erlenda ferðamenn til landsins. Og það er ekki eingöngu, að setja eigi upp nýja ríkisstofnun, heldur á líka að banna einstaklingum að vinna áfram að þessum málum. En hvers vegna ekki, ef þeir hafa ekki trú á einstaklingunum til þess að vinna þessum málum gagn, að setja upp skrifstofu sína til þess að hæna útlenda ferðamenn að landinu og láta einstaklingana líka vinna að því? Menn geta kannske sagt um ferðamannaskrifstofurnar hér, eins og t. d. ferðamannaskrifstofuna Heklu, að það sé óhætt að ráðast á þær, en ég vil minnast á það, að ferðamannaskrifstofur úti um heim eru sérstaklega alþjóðleg fyrirtæki, og það eru til í þessari grein einhver þau alþjóðlegustu fyrirtæki, sem til eru í veröldinni, eins og t. d. ferðamannaskrifstofa í London, sem hefir skrifstofur í fjölda mörgum borgum vítt úti um heim. Ég hefi ekki farið um nema litinn hluta af veröldinni, en æfinlega, hvar sem ég hefi farið, hefir í hverri borg verið skrifstofa frá þessu fyrirtæki og starfsdeildir þaðan á hverri járnbrautarstöð og við hvern lendingarstað. Menn munu nú vilja segja, að ekki sé svo komið hér á landi, en hv. allshn. veit þó, að þessi skrifstofa hefir starfað hér á landi. Ég vil nú spyrja hv. meiri hl. allshn., hvort hún hefir gert sér grein fyrir því, hvort þessi fyrirtæki muni vilja láta reka sig á burt, án þess að gera þann usla á móti, sem ferðaskrifstofa ríkisins vegur ekki á móti. Getur hv. allshn. ekki látið sér detta í hug, að þessi skrifstofa, sem á að annast um stóru farþegaskipin, geti unnið á móti ferðamannastraum til Íslands, ef ferðaskrifstofa ríkisins vinnur á þann hátt, sem hér er fyrirhugað? Ég held, að ef beina á ferðamannastraum til landsins, þá sé það skilyrðið að ná í lið með sér þeim stórfyrirtækjum, sem annast um þetta úti um víða veröld, og fá þau til að beina straumnum sem mest hingað.

Það getur vel verið, að hvorki Cook's skrifstofuna né aðrar muni mikið um það, þó þær fái ekki að reka þessa starfsemi hér, en þessi fyrirtæki hafa sínar grundvallarreglur, sem þær starfa eftir og láta ekki breyta á móti að ósekju. Og ég gæti trúað eins og nú er víða tilhneiging til að draga allt undir ríkið, að þeir sæju þar vísi að öðru meira og hugsuðu sér, að bezt væri að stemma á að ósi og láta sjá það strax í byrjun að það borgi sig ekki að byggja starfsemi þeirra út. Mér finnst, að þetta gæti verið hættulegt og framúrskarandi fjarstætt, að ætla sér að efla og auka ferðamannastraum til landsins með því að banna þeim, sem áhuga hafa á því og í það vilja leggja, að gera nokkuð til þess.

Hv. 1. þm. Skagf. tók fram margt af því, sem ég vildi minnast á, t. d. það, að leggja skatt á þá útlenda menn og innlenda líka, sem ferðast með áætlunarbílum. Það þarf enginn að ætla sér að telja nokkrum trú um, að það sé hægt að leggja 5% á hvaða fyrirtæki sem er án þess að starfsemi þess liði við það, og auðvitað kemur þetta fyrr eða síðar fram í hækkuðum fargjöldum. Þegar þessar ferðir eru settar undir opinbert eftirlit, sem á að sjá um, að ekki sé meira tekið í fargjöld heldur en nauðsynlegt er, þá er ekki nema um tvennt að velja: Eftirlitið er ekki í lagi og bifreiðaeigendur geta tekið of mikið, eða farseðlarnir hækka. Það er ekki hægt að greiða 5% án þess að það komi einhversstaðar við. Það er ekki hægt að leggja 50 þús. kr. á ári á bifreiðaferðir með áætlunarbifreiðum án þess að þess sjái stað. Mig minnir, að í grg. standi, að þetta eigi að koma í veg fyrir lækkun, en eigi ekki að leiða til hækkunar, en það er sama, hvort er, því sparaður eyrir er græddur eyrir, og það er ekki til að hlúa að ferðalögum í landinu að hækka fargjöldin með nýjum skattaálögum.

Eftirlitið með gistihúsum sýnir vel myndina af því, hvernig fer þegar ríkið hefir reksturinn með höndum. Þá eru engin takmörk á því, hvernig beita má hnefunum. Þá er bara að setja menn fyrir skrifstofurnar og láta þá hafa vald til að vaða uppi eins og þeim sýnist. Ef forstjóra ferðaskrifstofunnar líkar ekki að fullu við starfshætti einhvers gistihúss, þá hefir hann heimild til að svipta eiganda þess réttinum til að reka það og loka því — það er hvorki meira né minna! (**JJ**: Það er svo sem ekkert!). Nei, það er svo sem ekkert! Það má bara reka eigandann út, ef hann breytir ekki eftir því, sem skrifstofan vill vera láta. Hér er ekki gert ráð fyrir, á hvern hátt hann verði rekinn út, en ég held, að þessi atvinnurekstur og þessar eignir hljóti að vera eins og aðrar eignir verndaðar af stjórnarskránni, og ekki sé hægt að svipta menn þessum eignum án þess að skaðabætur komi fyrir, og þá gæti svo farið, að þessi ráðsmennska yrði nokkuð dýrkeypt.

Hv. 1. þm. Skagf. minntist á þetta einstaka ákvæði, að ferðaskrifstofan gæti ákveðið, að erlendir ferðamenn yrðu látnir sitja fyrir innlendum mönnum á gistihúsum. Þetta er nú meira en lítil afskiptasemi, — og hvernig á að framkvæma þetta? Ætla þeir, ef ferðamannaskip kemur hingað, að fara t. d. á „Hotel Borg" og reka þá út, sem fyrir eru? Eða ætla þeir, þegar þeir t. d. vita, að skip leggur af stað frá Englandi, að halda svo auðu af herbergjum, að víst sé, að það nægi, og leigja svo þessi herbergi allan tímann þangað til skipið kemur?

Ég þykist vita, að þetta verði aldrei annað en dauður bókstafur, en þessu er svo undarlega háttað og er svo geipilega skriðdýrslegt, að ef þetta á að vera afleiðing þess, að Ísland verði ferðamannaland, þá borgar það sig ekki. Þarna kemur einmitt fram það, sem margir hafa óttazt, að Íslendingar yrðu að skriðdýrum, ef landið yrði ferðamannaland. Ef farið er svo langt að reka innlenda gesti úr gistihúsum vegna erlendra ferðamanna, þá er byrjað á þann freklegasta hátt sem hægt er í þessu efni. En ég veit, að þetta yrði aldrei hægt að framkvæma vegna almenningsálitsins.

Það er talað um í grg., að hér muni hafa verið okrað á erlendum ferðamönnum. Ég vil taka undir það með hv. 1. þm. Skagf., að við höfum engan áhuga fyrir því að fá hingað erlenda ferðamenn til annars en að græða á þeim peninga. Einstaka þjóðarvinir eru auðvitað undantekning, en yfirleitt er ferðamannastraumur ekkert annað en böl, sem menn leggja á sig til

þess að hafa upp úr því fé, og sem ekkert annað er við að gera, og þá er auðvitað sjálfsagt að stilla öllu í það hóf, að sem mest sé upp úr því að hafa. Ekki að okra á ferðamönnunum, því þá fælast þeir frá, og ekki heldur að setja verðið svo lágt á það, sem þeir þurfa, að ekkert sé upp úr því að hafa, og við þetta verða þeir menn að vera, sem vanir eru og vita, hve langt má fara.

Ég vil benda á í sambandi við það, hvort okrað muni á útlendingum með bifreiðaferðir, að ég held, að aldrei hafi komið fram kvartanir um það efni, og til að sýna fram á, að þetta stafar ekki af því, að ekki sé litið eftir verðlagi, má geta þess, að ár eftir ár komu fram kvartanir um, að vitagjöld hér væru of há, svo há, að ef skip ættu að koma hér við, þá væri nauðsynlegt að færa þessi gjöld niður. Ég flutti frv. um að lækka þessi gjöld um helming, og var það að sjálfsögðu samþ. Þessi félög, sem eru svona nákvæm, að þau láta sig það máli skipta, hve vitagjöldin eru há, sem þau munar þó sannarlega ekki mikið um, þau hafa aldrei gert kvartanir um taxta á bifreiðum, og sýnir það, hve fjarri sanni það er, að okur á fargjöldum fyrir erlenda ferðamenn hafi hér spillt fyrir. Maður skyldi halda, að það kæmu þó einhverjar kvartanir fram, áður en þetta væri farið að spilla svo fyrir, að það væri farið að draga úr ferðamannastraumnum. Ég verð að hafa það fyrir satt, að hér sé bara reynt að finna ástæður fyrir máli, sem í raun og veru er erfitt að finna ástæður fyrir. Ég get fallizt á, að hér séu ekki fyrir hendi hjá einstaklingum þau samtök eða geta, sem þarf til þess að hrinda þessu stórkostlega máli í framkvæmd, því að þetta mál getur orðið stórmál fyrir þjóðarbúið. Þess vegna verður nauðsynlegt að hafa þarna einskonar samvinnu á milli þess opinbera og þeirra krafta útlendra og innlendra um þetta, þannig að hver aðili leysi sitt verkefni af hendi. Ég get hugsað mér strax sem verkefni þess opinbera upplýsingastarfsemi í útlöndum. Slíku má koma í kring, bæði gegnum ríkisútvarp og sendisveitir. Einstaklingar, sem hafa með þetta að gera, munu að sjálfsögðu annast þetta meðfram, t. d. gegnum þær stóru útlendu ferðaskrifstofur, sem yfirleitt hafa samvinnu margar saman á einhverjum mest áberandi stað í hverri borg um að setja auglýsingar sínar upp í hinum stóru auglýsingagluggum, með myndum alstaðar að úr heiminum frá þeim stöðum, sem þær vilja beina sínum ferðamannastraum til. Það þarf að búa svo um, að Ísland verði auglýst þar einnig, með því að sýna þar fagrar myndir frá Íslandi á viðeigandi hátt. Þetta gætu umboðsmenn þessara ferðaskrifstofa annazt, sérstaklega ef ríkið stuðlaði að því að láta þá hafa efnið í þessar auglýsingar. Það er alveg þersýnilegt, að ef gerð væri íslenzk filma, þá mætti koma á hana ákaflega miklu af fögrum landslagsmyndum. Það sjást hér í búðargluggum í Rvík myndir, sem mundu hafa stórkostlegt auglýsingagildi með tilliti til ferðamanna hingað til lands sem auglýsingar í gluggum auglýsingaskrifstofanna.

Annað, sem ég gæti hugsað mér sem hlutverk ríkisins, er að haga samgöngum og samgöngubótum a. n. l. eftir þörfum ferðamannastraumsins. Það er t. d. alveg sjálfsagður kafli, þar sem þyrfti vegna ferðamannastraumsins að vera mjög greiðar samgöngur, leiðin að Geysi og öðrum náttúrufyrirbrigðum, svo sem til Sogsins, og þá má ekki gleyma Gullfossi. Einnig ber að greiða fyrir því, að ferðamönnum verði kleift að geta virt fyrir sér hina tröllauknu náttúru landsins. Að mínu áliti þyrfti ríkið að stuðla að því, að fremur yrði hraðað vegagerðum, sem kæmu að notum í því skyni, t. d. að taka upp að Hvítárvatni. Þetta gæti ríkið án þess að leggja á sig nokkurn skatt sérstaklega. Þessum framkvæmdum þyrfti bara að aka til hvað tíma snertir, því að þessar vegabætur verða hvort sem er framkvæmdar. Ég gæti hugsað mér sem hlutverk ríkisins, sem það gæti ofur vel, að það veitti styrk eða lán til þess að ýta undir, að komið verði upp verulega góðum gistihúsum á næstu stöðum í byggð við ýmsa mikilfenglega staði í óbyggðum, sem eru aðlaðandi fyrir ferðamenn.

En það er þó kannske allra fyrsta skilyrðið fyrir því, að ferðamannastraumur komi til landsins, að Eimskipafélag Íslands hafi verulega hraðskreitt skip í förum á milli landa. Ég hefi orðið var við ýmsa enska ferðamenn, sem ekki eru auðmenn, heldur skrifstofumenn, kennarar, starfsmenn ýmissa fyrirtækja og aðrir slíkir, sem hafa þetta hálfs mánaðar og upp í þriggja vikna sumarfrí. Þetta sumarfrí notar þetta fólk til að fara eitthvað sér til gamans. Þarna eru milljónir af mönnum, körlum og konum, sem er um að gera fyrir okkur að ná í örlítinn hluta af til að ferðast hingað til lands. Það gæti orðið stórkostlegur auður fyrir Ísland að ná í tiltölulega mjög lítinn hluta af þessu fólki, þó ekki væri meira. Þetta fólk kæmi aðeins til stuttrar dvalar. Það kærir sig ekki um mikinn lúxus, og það má ekki selja því dýrt. Það gerir ekki mjög háar kröfur, og okkar hótel mundu verða við þess hæfi.

Ef þetta fólk kemur hingað í sumarfrii sínu, þá verður það að sæta þeim hörmulegu kjörum að liggja megnið af tímanum, sumt alveg dauðsjóveikt, í mjög ófullkomnum döllum, sem fara nú á milli Íslands og útlanda. Þegar það kemur svo aftur heim til sín er spurt um ferðir þess, þá segir það: Jú, landið er inndælt, en ég vil samt ekki ráðleggja ykkur að fara til Íslands í sumarfriinu, því að menn hafa meira gaman af öðru í sumarfriinu en að liggja veikur meira en helming tímans.

Ég er alveg sannfærður um, að verulega hraðskreitt skip, sem væri eins og tvo til tvo og hálfan sólarhring á milli Englands og Íslands, og yrði að vera stærra skip en þau, sem nú eru hér, það væri eitt hið mest áríðandi í þessu efni, eitt hið fyrsta skilyrði fyrir því, að peningar þeir, sem þetta fólk, sem ég nefndi áðan, ver til þess að skemmta sér í sumarfriinu, kæmu hingað til okkar að einhverju leyti. Og það fé, sem ríkið setti í að koma upp og viðhalda slíku skipi, það mundi skila sér með góðum rentum og renturentum til þjóðarbúsins. Norðmenn hafa gert mikið að þessu. M. a. styrkti ríkissjóðurinn þar með hundruðum þús. útgerð skips, sem fór

í þessu skyni á milli Englands og Noregs, sem var svo fullkomið ferðamannaskip, að það var eitthvert finasta hótel Noregs. Og það fé skilaði sér margfalt aftur til þjóðarinnar. Í Noregi eru margir staðir, sem eru aðlaðandi fyrir ferðamenn, svo sem Sogn, Harðangur, Voss og margir staðir í vesturhluta Noregs.

Þau skip, sem haldið hafa uppi beinum ferðum á milli Íslands og Englands, eru mjög leiðinleg skip. Það eru einkum skip Sameinaða gufuskipafélagsins, sem halda uppi þessum ferðum. Það, að ekki eru hentug skip í þessum förum, svo t. d. enskir ferðamenn geti fengið með þeim góðar ferðir á milli landa, er svo mikil tálmun þess, að ferðamannastraumur komi hingað til landsins, að gagnvart þeirri tálmun standa allar ferðaskrifstofur og annað slíkt alveg máttlausar. Í sambandi við þetta góða skip, sem ég tel í þessu tilliti nauðsyn á, að við eignumst verðum við þá líka að hafa sæmilega gististaði fyrir ferðamenn. Ég er sannfærður um, að ef ríkið ekki lætur sig þetta mál skipta, þá dregst um of framkvæmd þess. En ef það lætur þetta mál til sín taka, þá munu áreiðanlega vera til menn, sem vildu setja upp slíka gististaði, sem ég hefi nefnt. Það er ekki sagt, að undir eins þurfi að byggja gistihús upp við Hvítárvatn fyrir mörg þús. manns. En það yrði að vera gott, það sem það væri, og mætti svo þreifa sig áfram um fyrirkomulag á þessum hlutum, hvernig haga skyldi byggingum þessara gistihúsa. Þetta yrðu hús, sem notuð væru aðeins að sumrinu, og mætti því byggja þau úr ódýrara efni en ella þyrfti að vera. En þó að þau yrðu ekki ætluð til að nota þau í vetrarhörkum, þá yrði samt að vera hægt að hita þau upp.

Þó að ég hafi talað um umhverfið kringum Hvítárvatn, þá eru vitanlega margir aðrir staðir, sem hafa tröllaukna náttúrufegurð, svo sem Hveravellir o. fl. staðir.

Af því, sem ég nú hefi sagt, er hv. þm. ljóst, að ég er ekki frv. þessu fylgjandi eins og frá því er gengið. Ég hygg, að þetta mál hafi ekki verið nógu vel íhugað. Ég held, að í sambandi við þetta mál hafi verið miklu meira hugsað um að koma upp einni skrifstofu enn, — kannske til þess að koma einhverjum vissum mönnum í stöður — heldur en að athuga málið frá rótum, og að þess vegna liggi á því að koma skrifstofunni upp. Svona skrifstofa, sem egna mundi á sig aðrar ferðaskrifstofur, hún stæði alveg máttlaus gegn þeim. Gæti hún helzt annazt upplýsingastarfsemi.

Annars þarf, til þess að koma þessum málum í gott horf, stórt sameiginlegt átak allra aðilja, sem ég hygg, að mætti lánast jafnvel á erfiðum tímum, ef ríkið sýndi sig velviljað þessu stóra máli og gerði veigamiklar framkvæmdir í því.

Forseti (EÁrna): Ég vil vekja athygli hv. þdm. á því, að þingsköp mæla svo fyrir, að við 2. umr. um frv. sé rætt um einstakar gr. frv. og brtt., sem fyrir liggja, en ekki nema sem allra minnst um málið almennt. Það er kunnugt, að það eru mikil störf, sem fyrir þessu þingi liggja, þann tíma, sem það á eftir að standa að þessu sinni. Þess vegna þarf að haga þingstörfum þannig, að þingið geti afkastað sem mestu verki á sem stytztum tíma. Ég vil beina þeirri ósk til hv. þdm., að þeir hér eftir á þessu þingi fylgi þeirri reglu að tala samkv. þeim reglum, sem þingsköp ætlast til, og haldi sig yfirleitt að því að tala um einstakar gr. frv. við 2. umr. en almennt um málin við aðrar umr. Ég býst svo við að fresta umr. um þetta mál um stund og taka fyrir fyrsta málið á dagskránni.

Frsm. meiri hl. (Sigurjón Á. Ólafsson) [óyfirl.]: Herra forseti! Ég skal reyna að takmarka ræðu mína við málið eins og það liggur fyrir, en ég er þó tilneyddur að taka til athugunar það, sem andmælendur frv. hafa sagt um málið.

Hv. 1. þm. Skagf. mælti hér nokkur orð og gagnrýndi frv. þetta eins og það nú liggur fyrir. Það kom mér nokkuð á óvart hvað nál. snertir, að því leyti sem það lýtur að frv. efnislega, því að mér skildist á þeim hv. þm., að hann hefði ekki mikið við samningu þess að athuga.

Hv. þm. vildi gera lítið úr því í grg. frv., sem sagt er um það, að útlendir ferðamenn séu látnir sæta ósanngjörnum kjörum í fargjöldum hér á landi, og að ferðamenn séu nú látnir greiða óeðlilega hátt gjald fyrir þau þægindi, sem þeim eru hér veitt. Um þetta voru nokkurskonar réttarhöld innan n. Menn spurðu og spurðu í þaula. Ég veit þó ekki, hvort n. komst að nokkurri fastri niðurstöðu. En það, sem upplýstist í n., var, að svo virðist sem hér á landi sé tekið óeðlilega hátt gjald fyrir bíla á hinum stuttu leiðum, sem ferðamenn fara oftast um, eins og til Geysis, Gullfoss, Þingvalla o. s. frv. Ég hygg, að það sé nokkurn veginn víst, að fyrir 7 manna bíl sé tekið allt að 105 kr. til Þingvalla. (MG: Nei, nei). Getur verið, að ferð til Grýlu sé þar innifalin í. En það lágu fyrir n. upplýsingar um, að þetta gjald hefði verið 105 kr. fyrir 7 manna bíl til Þingvalla. En aftur, að fyrir 5 manna bíl hefðu verið teknar 70 kr. fyrir svipaða leið. En mér er kunnugt um, að það er alvanalegt, að bílar séu leigðir á helgum til að fara til Gullfoss og Geysis fyrir 70 kr. Þetta mun nú vera það almenna. Og bílastöðvar þykjast sæmilega að því komnar að taka þessa leigu fyrir bílana. En þessar skyndiferðir með ferðamenn munu ekki taka allan daginn. Og miðað við það, sem landsmenn sjálfir greiða hér fyrir bílferðir, þá virðist þetta vera nokkuð há leiga fyrir bílana. Nú hefir því verið haldið fram, að bíleigandi, sem leigir bíl sinn, fái ekki alla þessa upphæð, vegna þess að hann verði að gefa afslátt af þessu, sem nemi 30% af fargjaldinu. Það er ekki alveg upplýst, hvort það er ferðaskrifstofan, sem fær þennan afslátt. Þó virðist sem innlenda ferðaskrifstofan fái mikinn hluta af honum. Ég fullyrði ekki, að hún eigi að fá hann allan.

Í öðru lagi hefir verið bent á það, að ætlazt sé til, að ekki sé öllum bifreiðastöðvum frjálst að annast þessa flutninga, heldur sé sérstakri bifreiðastöð veitt sérstök aðstaða til þess að hafa þetta á hendi. Um þetta er óánægja í bænum, vegna þess að það virðist svo sem það sé ekki nema ein bifreiðastöð, sem eigi að flytja

þessa ferðamenn, þegar kannske fleiri skip eru komin með ferðamenn.

Það mun vera rétt, að fyrir bíla sé tekið mikið af erlendum ferðamönnum, alveg óþarflega mikið. Það væri æskilegra að leigja þeim bíla fyrir lægra gjald heldur en þetta, sem ég hefi nefnt. Skal ég í þessu sambandi benda á, að 4 manna bíllinn á að kosta á leið eins og til Þingvalla 120 kr. ... Þetta er fyrirkomulag, sem hefir verið gagnrýnt meðal þeirra, sem áhuga hafa fyrir því, að ferðamannastraumurinn aukist, og sumir hafa jafnvel gengið svo langt að kalla þetta fljótandi hótel, sem menn gætu farið í ferðalög frá út um allt land, og haft með sér nesti frá o. s. frv., til þess að þurfa sem minnst að kaupa af landsmönnum.

Ef það er rétt, sem heyrzt hefir, að óhæfilega hátt gjald sé tekið fyrir bíla, þá er ekki nema eðlilegt, að að því sé fundið, og jafnframt að fram komi raddir um, að sem flestir fái að njóta þess að flytja ferðamennina.

Þá minntist hv. 1. þm. Skagf. á það, að hér væri allt of lítið til af ferðamannahótelum. Þetta get ég viðurkennt. En það er bara engum bannað að reisa gistihús og starfrækja þau. Það eru hvergi ákvæði í frv., sem banna slíkt.

Þá vildi hv. þm. draga í efa, að jafnmikil lipurð væri sýnd ferðamönnum yfirleitt eins og nú er gert, ef þetta kæmist undir ferðamannaskrifstofu ríkisins. Ég fyrir mitt leyti gæti þvert á móti búizt við, að hún yrði fullt eins mikil. Með því er ég þó alls ekki að segja, að þeir, sem tekið hafa á móti gestunum að undanförnu, hafi ekki sýnt þeim lipurð og kurteisi. Auk þessa má gera ráð fyrir, að í höndum skrifstofu, sem rekin er af ríkinu, verði allur aðbúnaður og móttaka ferðamannanna fullkomnari en í höndum einstaklinga.

Þá gat hv. þm. þess, að það væri bágborið, að fara að hækka fargjöldin um 5%. Út af þessum ummælum hv. þm. vil ég taka það fram, að þessi 5%, sem ræðir um í grg., eru bara gjöld, sem eiga að koma niður á sérleyfishafana, sem þóknun fyrir sérleyfin.

Hvað það snertir, sem komið hefir fram undir þessum umr., að hinn erlendi gjaldeyrir, sem erlendir ferðamenn hafa greitt fyrir sig með hafi ekki komið allur inn til bankanna, vil ég segja það, að ég býst við, að allur sá gjaldeyrir, sem komið hefir inn hjá ferðamannaskrifstofunni Heklu hafi komið fram, en hinsvegar mun það rétt, að hér er alltaf töluvert af erlendum gjaldeyri, sem ekki er skilað, en á því er ég ekki að gefa ferðamannaskrifstofunni Heklu neina sök. Annars er það líka rétt, að það, sem erlendir ferðamenn greiða fyrir sig, er ekki allt í erlendum peningum. Margir þeirra útbúa sig með íslenzka peninga áður en þeir leggja á stað; fá þeir þá peninga hjá ferðamannaskrifstofum og öðrum stofnunum erlendis. En það eru peningar, sem íslenzkir ferðamenn og aðrir hafa fengið skipt ytra.

Þá vildi hv. þm. halda því fram, að ferðamannaskrifstofa þessi yrði eitthvert feikna bákn með fjölda háttlaunaðra starfsmanna. Um það er vitanlega ekkert hægt að segja fyrirfram, hve margt fólk muni þurfa við þessa stofnun, það fer að sjálfsögðu eftir því, hve ferðamannastraumurinn verður mikill. Og ég býst við, að enda þótt það verði úr, að skipaður verði forstöðumaður fyrir þessa stofnun, þá þurfi tæplega að óttast það, eftir þeim anda, sem nú ríkir um launagreiðslur yfirleitt, að farið verði að troða upp á hann einhverjum óhemju launum.

Að öðru leyti mun ég svo ekki deila við hv. 1. þm. Skagf., hann er beinlínis á móti frv. og vill ekki, að það nái fram að ganga.

Þá kem ég að hv. 1. þm. Reykv. Hann virtist skilja, um hve mikla nauðsyn hér væri að ræða, enda er hann maður, sem ferðast mikið og hefir því aðstöðu til þess að geta dæmt um þessa hluti. Þó var það svo, að enda þótt hv. þm. viðurkenndi nauðsyn þessa máls, þá virtist hann alltaf draga úr því með öðru orðinu, sem hann sagði í hinu. Hann vildi helzt halda því fram, hv. þm., að erlendar ferðamannaskrifstofur myndu verða Þrándur í Götu, ef ríkið tæki þetta í sínar hendur. Um þetta skal ég ekkert segja, þó ég hinsvegar búist við, að hinar erlendu ferðamannaskrifstofur taki mest tillit til þess, sem ferðamönnunum er fyrir beztu.

Þá breiddi hv. þm. sig allmjög út yfir 6. gr. frv., og máladi ákvæði hennar allsvörtum litum. Það hefir víst engum dottið í hug, nema ef til vill þessum hv. þm., að hér væri stefnt að því að reka menn t. d. út úr gildaskálanum á „Hótel Borg" til þess að rýma fyrir erlendum ferðamönnum. Hér er aðeins átt við það, að erlendum ferðamönnum verði séð fyrir gistingu, og að þeir skuli sitja fyrir innlendum, ef húsrúm nægir ekki öllum. Annars á að skipa nánar á um þetta með reglugerð.

Þá sagði hv. þm. dálítið, sem mér þótti kynlegt, en það var, að í sumum tilfellum væri bara bölvun að ferðamannastraumnum. Hvað hv. þm. á við með þessum ummælum, fæ ég ekki skilið, því að ég veit ekki betur en flestir ferðamenn skilji eftir í landinu meira og minna af peningum. Væri því gaman að fá upplýst, hvaða tegund ferðamanna það er, sem hv. þm. telur, að bölvun geti stafað af fyrir þjóðina.

Það er alveg rétt, að um vitagjöldin hefir verið kvartað, en það eru ekki ferðamennirnir eða ferðamannaskrifstofurnar, sem hafa gert það, heldur eru það skipafélögin, sem ferðamennina flytja, sem hafa gert það.

Það, sem ferðamennirnir kvarta yfirleitt yfir, eru hin dýru ferðalög. Margir ferðamenn hafa t. d. orðið óánægðir, þegar þeir hafa komizt að því eftir ferðalögin, að ódýrari farkost hafi verið hægt að fá til ferðarinnar en þann, sem þeim var fenginn. Þeir spyrja, hvers vegna þeim hafi ekki verið bent á hann. Það er vitanlega alveg rétt, að það er ekki alltaf ríkt fólk, sem ferðast. Margir, sem lítlu fé hafa yfir að ráða, ferðast t. d. í sumarleyfum sínum, til þess að hressa sig upp og víkka sjóndeildarhring sinn um leið. Slíkt fólk þolir eðlilega illa, að á því sé okrað. Aftur á móti er líka margt fólk, sem ferðast til þess að eyða tímanum, með gnægð fjár. Heimsókn þess getur oft haft töluverðan hag í för með sér fyrir okkur, því að umfram það, sem það greiðir fyrir og eyðir til ferðalaga, kaupir það ýmsan varning, sem okkur

væri óseljanlegur, eins og t. d. ýmislegar innlendar iðnaðarvörur.

Það hefir verið minnzt á „Eimskip“ í þessu sambandi. Það er vitanlega hárrétt, að það væri mjög nauðsynlegt fyrir okkur að eiga góðan farkost, sem héldi uppi beinum ferðum á milli Rvíkur og Englands. Endirinn á ræðu hv. 1. þm. Reykv. hné að því, að þetta væri stórt og nauðsynlegt mál, sem full þörf væri að vinna að, en hann vildi helzt ekki láta ríkið hafa neitt með það að gera. Þau einu afskipti, sem hann telur, að ríkið megi hafa af því, sé að annast auglýsingastarfsemina, en svo vill hann, að einstaklingar njóti ávaxtanna. Í þessu er fólginn aðalágreiningurinn, sem á milli okkar er í þessu máli, sem jafnframt er mikill stefnumunur, því að ég tel, að ríkið eigi ekki aðeins að annast auglýsingastarfsemina, heldur og að njóta ávaxtanna af henni.

Magnús Guðmundsson: Ég ætla að svara hv. frsm. meiri hl. nokkrum orðum. — Hann fór ekkert út í það, sem ég sagði hér áðan, að þetta fyrirkomulag væri hvergi viðhaft annarsstaðar. Og það er eftirtektarvert, að við skulum skera okkur úr og ætla að vera eina þjóðin í heiminum með svona rígbundið einokunarskipulag, jafnvel bundnara en í Rússlandi. Er það met í þessu efni, að við skulum fara lengra en kommúnistarnir þar austur frá. Það er og eftirtektarvert, að t. d. í Danmörku voru gerðar ráðstafanir viðvíkjandi þessum ferðamannamálum í sumar, og jafnaðarmannastjórninni þar datt ekki í hug að orða það, að ríkið ætti að taka þau mál í sínar hendur. Það er þannig með jafnaðarmenn í Danmörku, að þeir vilja ekki ríkisrekstur, en hér þykir ekkert gott og gilt nema það sé rekið af ríkinu.

Hv. frsm. meiri hl. sagði, að sér hefði komið á óvart, að ég gerði aths. við orðalag frv. Ég gerði aths. við eina grein og vakti athygli á því í n., svo að ég skil ekki, hvernig það getur komið hv. frsm. meiri hl. á óvart, þó ég segi það sama hér í hv. d. og í n. Þessi grein er ekki orðuð eins og ætti að vera, því að samkv. henni lítur út fyrir, að það eigi alltaf að afhenda farmiða, þegar farþegar eru fluttir í bílum gegn greiðslu. Þetta var ekki meiningin, enda tilgangslaust nema þegar á að stimpla farseðlana, og það á einungis að gera í áætlunarferðum.

Þá fullyrti hv. frsm. meiri hl., að teknar hefðu verið 105 kr. fyrir bíl héðan og til Þingvalla. En ég hefi síðan fengið að sjá samning um þetta, og þar er sagt, að greiða skuli 105 kr. fyrir bifreið til Þingvalla og Grýlu. Það er því ekki nema hálfsögð sagan, að segja, að þessar 105 kr. hafi aðeins verið teknar fyrir ferð til Þingvalla, og það er það, sem villir. Hv. frsm. meiri hl. sagði, að það væri algengt, að hægt væri að fá bíl allan daginn fyrir 70 kr. Ég efast um, að það sé hægt að fá t. d. 7 manna bíl fyrir það verð, en þó að það væri hægt, sannar það ekkert í þessu máli. Ég segi fyrir mig, að ég sé ekkert eftir þessum útlendu mönnum, sem eru kannske ekki hér á landi nema 12 tíma, þó að þeir borgi dálítið meira heldur en innlendir menn. Svo er það, að þessir ferðamenn, sem koma á stórum lystiskipum, eyða ekki í neitt annað hér en bifreiðar, og þeir heimta að hafa varabifreið með, ef eitthvað skyldi koma fyrir. Þess vegna er ekki hægt að bera þetta saman við þegar ég eða hv. frsm. erum að ferðast, því að við heimtum ekki neinn varabíl.

Þá sagði hv. frsm. meiri hl., að ekki væri óeðlilegt, þó að innlendir menn væru reknir úr herbergjum fyrir útlendinga. Mér finnst það óviðkunnanlegt. Ef innlendur maður er búinn að leigja sér herbergi á hóteli, á hann eins mikinn rétt til þess herbergis eins og einhver og einhver útlendingur. Annað eins lagaákvæði og þetta hygg ég, að hvergi sé þekkt.

Þá áleit hv. frsm. meiri hl., að það gæti e. t. v. átt sér stað, að eitthvað af þessari borgun fyrir bifreiðarnar rynni til umboðsmanna. En hv. frsm. meiri hl. getur ekkert fullyrt um það, þó að hann hafi heyrt einhvern orðróm í þá átt, og þessu hefir verið neitað af umboðsmanni ferðaskrifstofunnar Heklu. En þó að svo væri, að einhver prósenta færi til þessara aðila, hvað gerði það þá til? Er nokkuð glæpsamlegt við það? Ég sé ekki neitt við það að athuga. Hví mega umboðsmenn ekki fá borgun fyrir störf sín?

En hvað því viðvíkur, að það sé ein bifreiðastöð, sem sitji fyrir viðskiptum, þá veit ég ekkert um það. En ef svo er, skil ég ekki, að það geti verið af neinu öðru en því, að bezt sé að skipta við hana. Það er enginn lögverndaður réttur fyrir neina bifreiðastöð.

Hv. frsm. meiri hl. sagði, að það væru nálega engin gistihús úti um land. Það er satt, og fyrst og fremst mun það vera af því, að það eru líklega ekki margir, sem vilja leggja peninga í það, og ekki er fýsilegt að leggja fé í það hér eftir, þar sem þeir, sem það gerðu, eiga á hættu að vera reknir frá því starfi, því að samkv. frv. er ferðaskrifstofunni gefin heimild til þess að loka þeim gistihúsum, sem henni líka ekki.

Svo er það viðvíkjandi taxtahækkuninni, sem svarar stimpilgjaldinu. Hv. frsm. meiri hl. heldur því fram, að fyrir þá sök verði gjaldið ekki hækkað. Það sé af því, að svo mikil eftirspurn sé eftir því að fá að aka á þessum leiðum, sem leyfi þarf til. Ég vil benda á, ef svo er, að þá er ekkert hægara en að setja fargjöldin niður um það, sem stimpilgjaldinu svarar.

Ég skal ekki tala langt mál um starfsmannahaldið. Það eru komin svo mörg dæmi um það. Ég skal benda á, að við eina heildverzlun ríkisins eru 38 starfsmenn á föstum launum. Þó hefir þessi verzlun ekki viðskipti við nema fáar verzlanir, og það heildverzlanir. Ég held, að þetta sé gott dæmi um hversu hlaðið er starfsmönnum í stofnanir hins opinbera, og það er sízt að undra, þó að menn stingi við fótum, þegar farið er fram á ótakmarkaða heimild handa ríkisstj. um að ráða starfsmannafjölda.

Svo var hv. frsm. meiri hl. að tala um mikinn mun á minni ræðu og ræðu hv. 1. þm. Reykv. En ég segi eins og er, að ég fann ekki neinn mun á skoðunum okkar. Við viðurkenndum báðir, að mikið mætti upp úr ferðamönnunum hafa,

en erum báðir á móti þeirri aðferð, sem hér á að viðhafa, og teljum, að hún muni leiða til minni aukningar á ferðamannastraumnum en ella mundi. Ferðamannastraumurinn hefir aukizt mikið og heldur áfram að aukast og kannske margfaldast, en ég efast um, að það verði í eins ríkum mæli, ef á að binda þetta í hendur ríkisins.

Ég óska, ef hv. frsm. meiri hl. talar aftur, að hann a. m. k. útskýri, í hverju þessi mismunur á ræðu minni og ræðu hv. 1. þm. Reykv. liggur.

Frsm. meiri hl. (Sigurjón Á. Ólafsson) [óyfirl.]: Ég man ekki eftir aths. hv. 1. þm. Skagf. í n. En það blandast engum hugur um, að 9. gr. á við 8. gr. og að aðeins farseðla þeirra farþega, sem ferðast samkv. 8. gr., á að stimpla. Þetta ætti því ekki að geta valdið misskilningi, að um þessa einu seðla er að ræða, því að það er beinlínis vitnað í 8. gr. En þyki þetta ekki lögfræðilega nógu skýrt, er tækifæri til að koma með brtt.

Um hitt, sem við höfum verið að þrátta um, skal ég vera fáorður, en það var um þessa prósentu til umboðsmanna. Ég sagði ekkert um það í n., hvort umboðsmenn hér tækju 30%, en eins og kunnugt er, hefir því verið haldið fram, en ég gerði það ekki að minum orðum, að það rynni til umboðsmanna, sem hefðu umboð á hendi fyrir erlendar ferðaskrifstofur. En hinsvegar féll ég ekki frá þeirri skoðun, að óeðlilegt sé að taka hærra fargjald fyrir erlenda ferðamenn.

Viðvíkjandi heildverzlun ríkisins er ég ekki viðbúinn að svara. Hv. þm. (MG) hefir haft betri aðstöðu til að kynna sér það í fjvn. en ég. En því var svarað í útvarpsumr., að þar væri minna lið en áður var við samskonar stofnanir.

Um mismuninn, sem er á skoðunum hv. 1. þm. Reykv. og hv. 1. þm. Skagf., er það að segja, að samkv. dagskrártill. vill hv. fyrri þm. Skagf. aðeins láta ríkið semja við útvarpið um útbreiðslu og fréttaflutning, sem gæti komið þessum málum að liði. En hv. 1. þm. Reykv. vill láta alla útbreiðslustarfsemi vera í höndum ríkisins, meira að segja lét hann svo um mælt, að fyrir þetta mál ætti að gera allt, sem hægt væri. En ágreiningurinn á milli hans og okkar í meiri hl. n. er sá, að hann vill láta einstaklingana hafa framkvæmd málsins, en ríkið útbreiðslustarfsemina, en við viljum, að ríkið hafi framkvæmd málsins alveg í sínum höndum.

Þorsteinn Þorsteinsson: Áður en þetta mál kemur til atkvæða, verð ég að standa upp til þess að lýsa vanþóknun minni á ýmsu, sem stendur í þessu frv. Sérstaklega er það eitt ákvæði, sem vekur ógeð mitt, og það er ákvæði 6. gr. um það, þegar rekast á Íslendingar og útlendingar, þá hafi ferðaskrifstofan fullt vald til þess að vísa innlendu mönnunum á bug og láta þá útlendu sitja í fyrirrúmi. Ég held, að hér hafi einna skýrast komið í ljós undirlægju háttur gagnvart útlendingum. Ég get ekki betur séð en í þessu tilliti séu innlendir menn réttlausir gagnvart útlendingum. Þetta verður til þess að innlendir menn þora ekki að treysta þeim samningum, sem þeir kynnu að vera búnir að gera við gistihúsin, því að þeim er skylt að víkja, ef erlendan mann ber að garði. Þetta er þar að auki óþægilegt fyrir gistihúsin sjálf, sem taka á móti ferðamönnum. Verður það sennilega til þess að draga úr aðsókn innlendra manna til gistihúsanna, þegar þeir eiga þar ekki öruggan stað þann tíma, sem ákveðinn er. Það getur komið fyrir, þótt innlendir ferðamenn séu búnir að útvega sér gistingu á gistihúsi og er þeir koma þar að kvöldi, að þeim verði sagt: Hér getið þið ekki fengið gistingu, ferðaskrifstofan skipar okkur að taka útlenda gesti, og ekkert húsrúm er til óskipað.

Ég vil svo minnast nokkrum orðum á 8. gr. frv. Þar er ákveðið, að taka eigi 5% af hverjum farseðli með bifreiðum, sem eru í áætlunarferðum. Þegar var verið að koma skipulagi á bifreiðaferðirnar í fyrra, var það látið í veðri vaka, að með því ætti að gera ferðirnar ódýrari. En sú raunin hefir samt á orðið, svo ég taki það, sem mér er kunnugast, að á milli Dala og Reykjavíkur hafa fargjöldin hækkað um 30% við þessa skipulagningu. Ofan á þetta á svo að bæta 5%. Þó að þetta sé ekki mikil upphæð fyrir hverja ferð, dregur það sig saman, og fyrir menn, sem þurfa að fara langferðir til þess að leita sér atvinnu eða til útréttinga fyrir heimili sitt, verður þetta tilfinnanleg upphæð. Ég sé því ekki annað en að þetta ákvæði sé til stórþæginda fyrir landslýðinn.

Magnús Jónsson [óyfirl.]: Ég vildi aðeins út af orðum hæstv. forseta, sem hann beindi til hv. d. um það, hvernig umr. á að haga, segja það, að hann hefir á réttu að standa. Það á ekki við samkv. þingsköpum að ræða mál almennt við 2. umr. En sannleikurinn er sá, að þetta tíðkast samt sem áður, og ákvæði þingskapa hafa að þessu leyti í raun og veru verið dauður bókstafur. Vil ég í þessu sambandi segja, að ég er ekki viss um, að það tefji fyrir málum. Það er orðið algengt að hleypa málum gegn um 1. umr. umræðulaust, og eftir að n. hefir haft málið til meðferðar eru svo teknar upp frekari umr. Ég er þeirrar skoðunar, að þetta spari tímann heldur en teygi hann, því að það vill jafnan verða svo, þegar umr. eru komnar á stað, að þær vilja verða nokkuð langar.

Ég skal ekki tefja umr. fram úr hófi. Það voru aðeins nokkur orð út af ummælum hv. frsm. meiri hl. í sambandi við það, hvernig ákveða beri fargjöld með bifreiðum. Hann telur fargjöldin oft hafa verið óeðlilega há. Það fer allt eftir því, við hvað er miðað. Hann virðist miða við nauðsynleg ferðalög innlendra manna, og er það þá sjálfsögð krafa, að taxti bifreiðanna sé sem lægstur. En þegar um erlenda ferðamenn er að ræða, er allt öðru máli að gegna. Þá á ekki að miða við annað en það, hvort fargjöldin séu svo há, að þau dragi úr ferðamannastraumnum, eða ekki. Við höfum ekkert með þessa menn að gera annað en að græða á þeim. Og það ber heldur ekki á því, að undan okkur hafi verið kvartað í þessu efni.

Viðvíkjandi því, að ein bifreiðastöð hafi ráðið mestu af þessum bifreiðaferðum, verð ég að segja það, að ég skil ekki, hvað þetta kemur Alþingi við. Þetta frv. miðar að því að fá peninga inn í landið með erlendum ferðamönnum, en Alþingi kemur ekkert við, hvernig þessir peningar skiptast. Ef einhver bifreiðastöðin reynist svo vel rekin, að hún fær flestar af þessum ferðum sé ég ekki ástæðu til, að Alþingi sé að amast við því. Mér er sama, hvort þetta fé gengur til umboðsmanna eða bifreiðastöðva. Aðalatriðið er, að þjóðarbúið hafi ágóða af þeim. Ég efast ekki um, að oft væri hægt að fá bifreiðar með ódýrara verði en gerist og gengur, ef klókur maður gengi milli stöðvanna og reyndi fyrir sér. En svona er þetta alstaðar. Ef ég hefi þurft að nota bifreið, hefi ég oft frétt eftir á, að hana hefði mátt fá ódýrar annarsstaðar. Það er ekki aðeins hér á landi reynt að hafa sem mest upp úr erlendum ferðamönnum. Við eigum margt eftir að læra í því efni.

Ég ætla ekki að fara hér út í það böl, sem leitt getur af miklum ferðamannastraum til landsins. Það er svo sem ekki að öllu leyti æskilegt að fá allan þennan lýð hingað og sumir drættir í skapgerð manna, sem af honum mótast, eru allt annað en eftirsóknarverðir. Ef ekki er hægt að hafa fé upp úr ferðamönnunum, er ekki óskandi eftir þeim. Oft bera þeir landinu ranga söguna. Sumir segja t. d., að hér sé fullt af ísbjörnum, að hér sé „plenty ice and snow", eins og einn skrifaði á bréfspjald heim til sín.

Það getur verið, ef frv. verður samþ., að ég beri fram brtt. til 3. umr. Þó að ég sé ekki á móti því, að þessi leið sé farin, álít ég samt, að hægt sé að gera nokkrar umbætur. En málið hefir ekki verið nægilega rannsakað enn sem komið er.

ATKVGR.

Rökst. dagskráin á þskj. 675, frá minni hl. allshn., felld með 9:6 atkv.

Brtt. 657,1 (ný 1. gr.) samþ. með 9 shlj. atkv.

— 657,2 (2. gr. falli burt) samþ. án atkvgr.

3.—5. gr. (verða 2.—4. gr.) samþ. með 9:3 atkv.

Brtt. 657,3 samþ. með 10 shlj. atkv.

6. gr. (verður 5. gr.), svo breytt, samþ. með 9 shlj. atkv.

7.—11. gr. (verða 6.—10. gr.) samþ. með 9 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. visað til 3. umr. með 9:6 atkv.

Á 89. fundi í Ed., 7. des., var frv. tekið til 3. umr. (A. 710, 711, 724).

Of skammt var liðið frá útbýtingu brtt. 724. — Afbrigði leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.

Magnús Jónsson [óyfirl.]: Ég hefi leyft mér að bera fram brtt. á þskj. 724, enda þótt ég, eins og ég lýsti við 2. umr. málsins, sé í raun og veru vonlítill um, að þetta mál verði leyst á fullnægjandi hátt með þeirri löggjöf, sem hér er á ferðinni. Ég lýsti þá minni skoðun á þessu ferðamannamáli yfirleitt og skal ekki endurtaka það hér, en það eru að ýmsu leyti talsvert aðrar aðferðir, sem þyrfti að gera að mínu viti heldur en að byrja á að setja upp þessa ferðamannaskrifstofu hér. Þetta er áreiðanlega eitt af þeim málum, sem er ekki til mikils að káfa í hér á þingi. Það eru fleiri hliðar, sem verður að snúa sér að, ef þetta á að verða að verulegu gagni. Það má vel fara svo með þetta mál, að það hafi í för með sér talsverðan kostnað fyrir ríkið án þess að það eiginlega beri nokkurn árangur, en verði bara kostnaður, í stað þess að ef hægt væri að sameina þá nauðsynlegu liði, sem hér koma til greina, þá gæti það vel borgað sig, þó að í það færi talsvert fé, vegna þess að það mundi skila sér aftur.

Enda þótt ég hafi þessa skoðun á málinu, þá hefi ég samt sem áður borið fram brtt. við þetta frv. til þess að nema af því það, sem mér hefir þótt óviðkunnanlegast við það. Sérstaklega er það fyrsta brtt., sem er veruleg efnisbreyt., því að með henni ætlast ég til þess, að ríkið taki sér ekki nein einkaréttindi til þess að reka slíka skrifstofu. Mér finnst það vera hrein fjarstæða, þegar á að auka ferðamannastraum til landsins, að vilja leggja niður þá starfsemi, sem hingað til hefir verið framkvæmd í þessu skyni og gæti vel haldið áfram og komið að gagni. Það er einkennilegt, að ætla sér að auka ferðamannastrauminn með því að leggja niður þessa starfsemi. Þetta get ég ekki með nokkru móti gengið inn á og legg því til, að úr 1. gr. verði fellt niðurlag síðustu setningar, nefnilega það, sem gefur ríkinu einkarétt til að hafa þessa starfsemi á hendi, svo að öll sú starfsemi, sem til er í landinu í þessa átt, geti staðið eftir sem áður. Það er bæði til þess, að þeir menn geti beitt sér að þessu, sem nú hafa fengið nokkra kunnugleika á þessu, og sömuleiðis að þær erlendu ferðamannaskrifstofur geti haft hér sína umboðsmenn, ef þær vilja, því að langsterkasta aflið til þess að beina ferðamannastraumnum í ákveðna átt eru áreiðanlega hinar stóru ferðamannaskrifstofur erlendis.

Ég get yfirleitt ekki séð, hvað ætti að geta verið á móti því að leyfa fleirum en ríkinu að hafa þessa starfsemi á hendi. Það mætti kannske benda á það, að með því að ríkið hefði þetta eitt með höndum, þá gæti skrifstofan fengið meiri tekjur, náð þeim tekjum, sem þarna er um að ræða. En ég held, að þetta sé alls ekki höfuðtilgangurinn, að láta þessa litlu skrifstofu bera sig sem bezt. Tilgangurinn hlýtur að vera sá, að ná inn í landið því, sem ferðamenn skilja eftir.

Ég veit um það, að a. m. k. þar sem ég hefi farið um, t. d. í Noregi, þar er í sambandi við ríkisbrautirnar ferðamannaskrifstofa, sem ég minnist vel, vegna þess að ég held, að ég hafi hvergi hitt eins einstaka lipurð eins og þar. Ef maður kemur þarna og hugsar sér að fara 1—2 daga krók um leið og farið er til Osló, þá getur maður fengið þarna mann, sem sæti yfir manni heilan dag, ef maður vildi, til þess að leiðbeina manni á allan hátt. Það er svo hér um bil í öllum löndum, sem ég hefi komið til, að ríkið rekur þetta sjálft án þess að láta sér detta í hug að fá nokkurn eyri fyrir allar sínar leið-

beiningar. Þetta er bara gert til þess að hæna menn að. Svona er það líka á Spáni. Þar er í hverjum einasta bæ skrifstofa, sem veitir ókeypis upplýsingar um allar mögulegar ferðir. Þar var maður með mér meira en heilan dag til þess að útbúa „plan“, sem ég ætlaði að ferðast eftir, og tók ekkert fyrir það, en svo starfa skrifstofur einstaklinga við hliðina á ríkisskrifstofunum. Ríkið gerir sitt til að gefa allar mögulegar upplýsingar, en leyfir um leið öllum, sem geta gert gagn, að starfa einnig að þessu. En það, sem liggur hér á bak við, er þessi eilífi „tendens“, að ríkið hafi allt, en allir aðrir séu reknir burt. Við hlaupum hér yfirleitt langt fram úr því, sem þekkist nokkursstaðar í okkar nágrannalöndum, að hrifsa allt undir ríkið, en reka alla aðra burt. Og þegar ekki er um stærra atriði að ræða en þetta, þá finnst mér, að þessi ferðamannaskrifstofa gæti fyrst starfað við hliðina á þeim skrifstofum, sem eru fyrir, og sjá, hvernig sú samvinna gengur. Þetta er aðalatriðið í minni brtt.

2. brtt. mín felur eiginlega í sér tvö atriði, þ. e. a. s. að fella niður einn málslið í 5. gr., og ég sé, að hæstv. forsrh. leggur til að fella niður einn af þessum málsliðum. Það er sem sé liðurinn um það, að láta útlenda ferðamenn sitja fyrir innlendum mönnum á gistihúsum. Ég sé, að hann ber fram brtt. um að fella þetta niður, og það felst í minni brtt. líka. Mín gengur bara það lengra, að ég vil byrja einum málslið fyrr og fella líka niður heimild þá, sem stj. er gefin í þeim málsl. til þess að svipta eigendur gistihúsa og veitingahúsa rétti til þess að reka þau, ef þau láta ekki skipast við umvöndun ferðamannaskrifstofunnar. Ég er ekki svo mikill lögfræðingur, að ég geti fullyrt, hvort þetta fær staðizt, en þegar á það er litið, hverjar þessar sakir eru, þá sér maður, að svo er fyrirskipað, að á gistihúsum skuli gætt hreinlætis, prúðmannlegrar umgengni og góðs aðbúnaðar ferðamanna. Finni skrifstofan, að ekki sé nógu gott lag á þessu, þá vandar hún um við þann, sem rekur gistihúsið, en láti hann sér ekki segjast við það, þá má svipta hann leyfinu. Ég vil fella þetta niður, en vil halda því, að ferðamannaskrifstofan hafi eftirlit með þessu, og finni hún, að ekki sé allt í góðu lagi, þá geti hún skipt sér af því, og það er vissulega nóg, að haft sé eftirlit af hálfu þess opinbera og dregið fram í dagsljósið, ef eitthvað er öðruvísi en það á að vera á gistihúsunum. Hvaða gistihús mundi standast það, og hvaða gistihús mundi vilja leiða yfir sig þau traustsspjöll, að ferðamannaskrifstofan yrði að vara menn við þessu gistihúsi, vegna þess að þar skorti svo mjög á hreinlæti og kurteislega framkomu og góðan aðbúnað? Hitt, að geta svipt eigendurna leyfi til að reka þessa eign sína, það er allt of gífurlegt. Ég veit ekki, hvort þetta kemur í bága við eignarréttarheimild stjórnarskrárinnar, en það er nærri því að svipta mann eign sinni, að reka hann úr þeirri stöðu, sem hann er í sökum kunnáttu sinnar, auk þess sem hann hefir fest fé sitt í þessari eign.

Þá hefi ég í þriðja lagi lagt til, að 8. gr. falli niður, og það er af því, að mér er ómögulegt að sjá annað en að hún sé óþörf. Það er búið að taka það fram í 7. gr., að það eigi að leggja stimpilgjald á farseðla, en svo kemur í 8. gr., að skylt sé að afhenda farþegum, sem fluttir eru í bifreið gegn greiðslu, farseðil, enda sé farseðillinn stimplaður eins og mælt er fyrir í 7. gr., en í 7. gr. er aðeins talað um farseðla með bifreiðum, sem hafa fastar áætlunarferðir. Mér finnst þetta reka sig hvað á annað, því að 8. gr. gerir ráð fyrir, að stimplaðir farseðlar séu afhentir öllum, sem eru fluttir í bifreiðum fyrir borgun, því að í gr. stendur „enda sé farseðillinn stimplaður“.

Það er vitanlegt, að um þetta má setja nánari reglur, ef með þarf, en það er vitanlegt, að stimpilgjald er ekki hægt að leggja á farseðla, nema þeir séu afhentir. Ég held því, að óhætt sé að segja, að þessi gr. megi falla niður, bæði af því að hún er óþörf og mjög óskýrt, við hvað er átt með henni. Hún gæti átt við, að stimpla skyldi alla farseðla, og 7. gr. væri þá um það, að ákveða gjaldið sérstaklega fyrir farseðla með áætlunarferðum. — Skal ég svo ekki tala frekar fyrir þessum till. að sinni.

Forsrh. (Hermann Jónasson) [óyfirl.]: Ég á eina brtt. á þskj. 711, við 5. gr. frv., um að síðasti málsl. gr. falli burt, og vildi ég mælast til þess, að hún yrði samþ. Þó þetta sé ekki annað en heimild fyrir ferðamannaskrifstofuna, að ákveða, að úlendir ferðamenn skuli sitja fyrir innlendum um rúm í gistihúsum, þá finnst mér ekki vera rétt að hafa þetta ákvæði í frv. Ég held, að það geti ekki komið til mála að gefa út í reglugerð fyrirmæli um þetta. — Um brtt. hv. 1. þm. Reykv. er það að segja, að hann virðist leggja mikla áherzlu á, að þessi störf verði ekki tekin af þeim skrifstofum, sem hafa rækt þau hér á landi undanfarið; en ég sé ekki, að það sé mikið í húfi, þó slík verkefni séu tekin af þessum ferðamannaskrifstofum, sem hér hafa starfað og eru á góðum vegi með að eyðileggja ferðamannastrauminn til landsins. Það er til hreinustu vanvirðu fyrir þjóðina, hvernig sumar þeirra hafa hagað störfum sínum og beitt sér gagnvart útlendingum.

Viðvíkjandi 2. brtt. hv. þm., að ekki sé hægt að taka veitingaleyfi af gistihúsi, ef þar er sóðaleg umgengni og slæmur aðbúnaður fyrir ferðamenn, þá er það að segja, að ákvæði þess efnis eru nú í lögum, og t. d. er svo fyrir mælt í lögreglusamþykkt Reykjavíkur. Ef sóðalega er umgengið á kaffihúsum og veitingastöðum hér í bænum, þá má taka af þeim veitingaleyfið. Enda er það ekkert tiltökumál. Það er vitað, að á gistihúsum og veitingastöðum hér á landi er yfirleitt sóðalegri umgengni en á erlendum gistihúsum. Þess vegna er full ástæða til, að hafa heimild fyrir því í lögunum, að ríkisstj. megi svipta eigendur gistihúsa og veitingahúsa réttinum til þess að reka þau, ef þeir hafa eigi látið skipast við umvöndun ferðamannaskrifstofunnar. Því aðalkrafa erlendra ferðamanna, og sú, sem þeir leggja mesta áherzlu á, er, að umgengnin á gistihúsum sé sem þrifalegust.

Um síðustu brtt. hv. þm., þar sem lagt er til, að 8. gr. verði felld úr frv., er það að segja,

að mér finnst hún ekki fráleit. Ég vil spyrja hv. n., hvað vakað hafi fyrir henni með þessari gr., og ef n. gefur ekki fullgildar skýringar á því, þá sýnist mér í raun og veru rétt að fella hana niður. Ég sé ekki betur en að efni hennar sé nægilega ljóst fram tekið í 7. gr. frv.

Jónas Jónsson [óyfirl.]: Ég vildi segja nokkur orð um þetta mál út af aths. hv. 1. þm. Reykv. Hann minntist á nokkur atriði frv. og fleira viðvíkjandi ferðamannamálunum. En þar sem ég var í fyrravetur í þeirri n., sem undirbjó þetta mál, þá vil ég láta þess getið, hvað fyrir n. vakti, þegar hún lagði það til, að ferðamannaskrifstofa, rekin af ríkinu, væri ein um það hlutverk, að veita erlendum ferðamönnum viðtöku hér á landi. Ég get tekið undir það, sem hæstv. forsrh. sagði um mistök hjá þeim ferðaskrifstofum, sem hér hafa starfað. Ég hygg, að það hafi aðallega verið þrjár ferðaskrifstofur, allar mjög vanmáttugar. Og engin þeirra hefir haft nokkurt bolmagn til þess að gera nokkuð „propaganda" erlendis. Þó hygg ég, að sú fátækasta hafi kostað mestu til í því efni, enda þótt hún hefði minnsta getu til þess.

Út af því, sem hv. 1. þm. Reykv. sagði, að samkeppnin væri heppilegust á þessu sviði, vil ég benda honum á, að flokksbræður hans trúðu því lengi vel, að samkeppnin væri heilladrýgst við útflutning og sölu á saltfiskinum. En þrátt fyrir marga ára reynslu og kunnáttu í þeim verzlunarháttum, þá komust þeir sjálfir fyrir þremur árum síðan, að þeirri niðurstöðu, að Íslendingar, og hinir einstöku fiskseljendur, væru of smáir og máttlitlir til þess að standast samkeppnina á heimsmarkaðinum. Þess vegna vildu þeir stofna fisksölusamlagið. Og nú er komið það skipulag á fisksöluna, sem ætlazt er til, að verði á ferðamannamálunum, þar sem ein skrifstofa á að veita þeim forstöðu.

Ég vil minna á það, að þegar skipulagi var komið á fisksöluna, þá þótti það nóg til þess að veikja samtökin, þó að ekki væri nema ein fiskverzlun utan fisksölusamlagsins. Ég get sagt hv. 1. þm. Reykv. það, að ég álít, að það hefði vel getað komið til mála að reka ferðamannaskrifstofuna sem einstaklingsfyrirtæki, ef einhver af þeim ferðamannaskrifstofum, sem hér hafa starfað, hefðu farið þannig af stað, að hún gæti talizt nægilega sterk og traust stofnun til þess að vera fær um að hafa yfirumsjón með ferðamannastraumnum. En ég held það sé óhætt að fullyrða, þó að ekki sé fullkomin vissa fyrir, að það sé að öllu leyti kunnugt, að öflugasta ferðaskrifstofan, sem starfað hefir hér á landi og gert að mörgu leyti gagn, hefir selt útlendum ferðamönnum svo dýrt fyrirhöfn sína og leiðbeiningar, að það gengur ósvífni næst. Og ekki er hægt að hugsa sér meira ósamræmi en komið hefir fram í störfum þessarar skrifstofu, ef borið er saman við starfshætti Norsku ferðamannaskrifstofunnar, sem hv. 1. þm. Reykv. sagði réttilega frá, þar sem norsku ríkisjárnbrautirnar eru látnar greiða sem allra bezt fyrir erlendum ferðamönnum. Þessi framkoma ferðaskrifstofanna hér á landi útilokar það með öllu, að nokkrum geti dottið í hug að styðja þær til starfa, af því það hefir sýnt sig, að þær eru ekki á réttri leið.

Ég vil benda á það, að í Svíþjóð voru tvær ferðamannaskrifstofur; var önnur þeirra rekin undir yfirumsjón ríkisins, en hin sem einkafyrirtæki. Í Svíþjóð eru um 6 millj. íbúa, og þar þótti ekki ástæða til að hafa fleiri ferðamannaskrifstofur. Það sýnist því fullljóst, þegar litið er á smæð og fámenni okkar Íslendinga og þá reynslu, sem við höfum fengið í þessu efni, að það tekur því ekki að skipta slíkum störfum milli margra aðilja. Það vill verða svo í framkvæmdinni, að samkeppnin gerir fyrirtækin of veik og vanmáttug.

Ég álít, að samkv. reynslu þeirra nágrannaþjóða, sem eru okkur skyldastar, þá séum við á réttri leið með því að gera það tvennt, að styrkja Ferðafélag Íslands og starfrækja eina skrifstofu fyrir erlenda ferðamenn. Sú skrifstofa þarf vitanlega að reka fjölbreytta fræðslustarfsemi um landið og þjóðina, bæði utanlands og innan, en þó sérstaklega fyrir útlendinga.

Ég vil taka það fram, að Ferðafélag Íslands, sem hér hefir starfað síðustu missirin, hefir að vísu sótt um litilsháttar styrk úr ríkissjóði á þessu þingi, og þó að fjvn. hafi ekki séð sér fært að verða við þeirri beiðni að svo stöddu, þá hefir n. fullan skilning á verkefni félagsins og samúð með því. Ferðafélag Íslands hefir tekið alveg rétta línu, með því að kynna sem flestum landið og náttúrufegurð þess, og það hefir byggt mjög myndarlegt sæluhús við Hvítárvatn. Ég verð að segja það, að ef hér væri starfandi ferðamannaskrifstofa fyrir erlenda ferðamenn, sem hefði farið eins myndarlega af stað og Ferðafél. Ísl. hefir gert, þá hefði mátt veita henni einkaréttindi á því sviði. Ég vil taka það fram, að þeir menn, sem hafa beitt sér fyrir stofnun og starfi Ferðafélagsins, hafa unnið þannig og með þeim árangri, að það má vera öllum gleðiefni. — Í Svíþjóð eru um ½ millj. manna í ferðamannafélagi, sem byggt hefir fjölda sæluhúsa og ferðamannaskála víðsvegar um landið, og hefir þannig rekið nokkurskonar Rauðakrossstarfsemi fyrir ferðafólk og túrista, en ekki sem gróðafyrirtæki. Svo koma ferðamannaskrifstofurnar, sem hafa hagnað af því að selja ferðamönnum þjónustu sína og fyrirhöfn, og eru fráskildar ferðafélaginu.

Ég skal ekki fara langt út í það, sem hv. 1. þm. Reykv. var að finna að um það aðhald og eftirlit, sem samkv. frv. á að hafa um rekstur gistihúsa. En þó að frv. verði samþ. eins og það nú er, með þeirri ákvörðun, að ferðamannaskrifstofan hafi eftirlit með hreinlæti á gistihúsum, og þó að nú séu í lögum ákvæði um svipað aðhald gagnvart veitingahúsum, þá vil ég benda á, að það er fullkomin þörf á, að skipað verði fyrir um skoðun og eftirlit með þeim skipum og bifreiðum, sem erlendum ferðamönnum er ætlað að nota. En ég geri ráð fyrir, að slíku aðhaldi verði beitt með hófsemi, hvort heldur væri gagnvart gistihúsum eða ferðamannabílum. Það væri náttúrlega ekkert vit í því að svipta menn réttindum til þess að reka gistihús, nema ærnar sakir væru fyrir hendi, eins og hv. þm. tók fram. En þar sem búast má við,

að ferðamannastraumurinn aukist mjög í sambandi við endurvakningu Geysis, þá verður að gera harðari kröfur en ella um viðbúnað til móttöku ferðamanna. Við verðum að fá þar gistihús og víðar. Okkur vantar viðunandi hjónastétt, bæði á gistihúsum og á skipunum. Það eru yfirleitt ótal hlutir, ekki sízt þeir, sem í fljótu bragði virðast vera litlir, er við þurfum að bæta úr.

Ég get nefnt dæmi um það, hvað litlir hlutir í þessu efni geta skipt miklu máli. Útlendur maður, sem er kunningi minn, hefir sagt mér tvö dæmi um það, hversu mikil þörf er á því að sýna erlendum ferðamönnum nærgætni á gistihúsum. Hann benti mér á, að á gistihúsum utan Reykjavíkur, vantaði víðasthvar dökk tjöld fyrir glugga. Þó að við Íslendingar séum því vanir að sofa um bjartar sumarnætur, þegar sólin er á lofti um miðnættið, þá heldur birtan vöku fyrir útlendingum, sem eru vanir dimmum nóttum. En okkur dettur ekki í hug, að þetta geti verið neitt verulegt atriði fyrir gestina. Ég býst ekki við, að neinum gestgjafa hér á landi detti það í hug, hvað slíkir smámunir og þetta eru í okkar augum geta haft mikla þýðingu fyrir útlendinga. — Hitt dæmið, sem sami maðurinn benti mér á, er það, að í mörgum gistihúsum hér á landi er engin vatnsleiðsla, eða rennandi vatn, og þá þykir það sumstaðar fullnægjandi að færa gestum t. d. hjónum, eina þvottaskál. Þetta þekkist hvergi erlendis, t. d. í gistiskálunum í Svíþjóð. Þó að þar sé ekki mikið borizt á, þá eru hjónum æfinlega ætlaðar tvær þvottaskálar. Að vísu má kalla þetta smámuni, en þeir hafa þó sína miklu þýðingu. Og það eru þúsund atriði af þessu tægi, sem við eigum eftir að færa í lag og ferðamannaskrifstofan þarf að leiðbeina um og hafa eftirlit með. Það verður dálítið erfitt fyrst í stað, af því að gistingarstaðirnir eru svo dreifðir um landið. Ég hefi fremur kosið að nefna smærri agnúana, af því að ég vil frekar sneiða hjá því að telja fram hina stærri annmarka á þjóðinni í þessu efni; en það, sem ég hér hefi drepið á, ber vott um, hvað við eigum mikið eftir að læra, jafnvel á hinum stærri gistihúsum, í umgengni gagnvart útlendingum. Það má vel vera, að hv. 1. þm. Reykv. sannfærist ekki af því, sem ég nú hefi sagt, um þörfina á því, að hafa eftirlit með gistihúsum. En það hlýtur hann að sjá og viðurkenna, sem reynslan bendir til um allan heim og hnígur í þá átt, að öll stærri verkefni eru nú leyst með samtökum eða „trustum“. Það hefir stundum mikið verið talað um hina marglofuðu frjálsu samkeppni og hvað hún væri farsæl. En hún er bara búin að vera í bili. Ef til vill kemur hún aftur til sögunnar, en þá verðum við sennilega dauðir. — Nú eru það stóru hringarnir, sem ráða í heiminum, og við erum því nauðbeygðir til þess að beita starfsorku okkar í samræmi við það lögmál, á þessu sviði sem öðrum, ekki sízt þar sem við erum byrjendur í því starfi, að gera þetta land að ferðamannalandi.

Magnús Guðmundsson: Mér þykir vænt um, að hæstv. forsrh. hefir komið hér með brtt. við einn leiðinlegasta liðinn í þessu frv., því að þá má gera ráð fyrir, að hv. n., eða meiri hl. hennar, láti sannfærast um það atriði. Mér þykir einnig vænt um, að það hefir komið fram brtt. um að fella 8. gr. úr frv., því að hún er til hinnar mestu vanvirðu. Ofan á aðra agnúa á þessu frv., sem ég benti á við 2. umr., bætist það, að hv. meiri hl. n. hefir gleymt að leiðrétta ranga tilvísun í 8. gr. En ef þessi grein á að standa óbreytt að öðru leyti, þá stendur í henni, að jafnan skuli afhenda farþega, er fluttur er í bifreið gegn greiðslu, farseðil með áletraðri upphæð þeirri, er greiða ber; það lítur því út fyrir, eftir þessu, að það eigi alls ekki að afhenda nema stimplaða seðla; og ef þeir eru óstimplaðir, þá eigi ekki að afhenda neinn seðil. Auk þess segir svo í gr.: „enda sé farseðillinn stimplaður svo sem mælt er fyrir ...“. Ef staðið hefði í gr.: „enda sé farseðillinn stimpilskyldur“, þá hefði mátt við það bjargast, þó að ógreinilegt sé.

Ég þykist vita, eftir þeim undirtektum, sem brtt. hæstv. forsrh. hefir fengið, að hv. meiri hl. n. hefir séð ýms missmíði á frv., þó hann hafi ekki hirt um að leiðrétta þau.

Um brtt. hv. 1. þm. Reykv. er það að segja, að ég er þeim öllum samþykkur, þær eru allar til bóta. Annars greiði ég atkv. á móti frv., enda þótt það þýði ekki neitt, því mér er sagt, að það sé ákveðið að láta það ganga fram. Og ennfremur, að það sé nú þegar búið að ráða forstjóra fyrir ferðamannaskrifstofuna, mann, sem rekið hefir „forretningu“ hér í bænum, en muni nú vera búinn að selja hana af þessum ástæðum.

Mér finnst, að þau ferðamannafélög, sem hér hafa starfað, geti tekið á móti erlendum ferðamönnum eftir sem áður, þó að þetta frv. verði að lögum, ef þau hafa bara ekki skrifstofu. Þau geta samið við skipin um að flytja ferðamenn, útvegað bíla handa þeim og annað þess háttar, er þeir þurfa á að halda. En mér skildist á ræðu hv. þm. S.-Þ., að með frv. eigi að fyrirbyggja allt þetta.

Ég held það sé gersamlega rangt hjá þeim hv. þm., að þær ferðamannaskrifstofur, sem hér hafa starfað undanfarið, hafi spillt fyrir ferðamannastraumnum til landsins. Eins og ég tók greinilega fram við 2. umr., þá sé ég ekki betur en að sókn erlendra ferðamanna til landsins sé í hröðum vexti. Hv. þm. verður að sanna, að ferðamannastraumurinn hefði vaxið meira, ef þessar ferðamannaskrifstofur hefðu ekki starfað, en það getur hann ekki sannað.

Ég benti einnig á það við 2. umr., að ferðamannaskrifstofurnar hefðu varið 20 þús. krónum til leiðbeininga fyrir erlenda ferðamenn og til þess að undirbúa og gefa út bækling, sem svo hefir verið dreift um ýms lönd í Evrópu og til Ameríku. Ég er ekki farinn að sjá, að hin væntanlega ferðamannaskrifstofa ríkisins geri betur. — Hv. þm. S.-Þ. viðurkenndi, að það væri ekki búið að stofna til ríkiseinokunar á þessum ferðamannamálum annarsstaðar á Norðurlöndum, en taldi, að það væri nauðsynlegt hér á landi, af því að þjóðin væri svo lítil og fámenn. Ég get ekki séð, að þetta séu nein

rök í málinu. Ég sé ekki annað en að ferðamannaskrifstofur, sem eru einkafyrirtæki, geti þrifizt hér eins og annarsstaðar, og gefið góða raun, ef á annað borð er hægt að laða hingað erlenda ferðamenn.

Það er nú upplýst og ómótmælt, að þessi einokun á erlendum ferðamönnum er hvergi annarsstaðar en í Rússlandi. Og þó á hún að vera strangari hér á landi, því að það er beinlínis bannað í frv. að reka hér einkaskrifstofu til að greiða fyrir erlendum ferðamönnum. En samkv. símskeyti frá erlendri ferðaskrifstofu, sem lagt var fram í n., var öðrum en ríkinu einnig heimilt að reka ferðamannaskrifstofur í Rússlandi.

Ég skal svo ekki fara um þetta fleiri orðum. Ég vona, að brtt. hv. meiri hl. n. við 8. gr. frv. verði svo skýr, að greinin upplýsi það, sem henni er ætlað, þannig að ekki verði um villzt.

Forseti (EÁrna): Mér hefir borizt skrifl. brtt. frá hv. 2. þm. S.-M., við 8. gr. frv., er hljóðar svo:

„a. Í stað „bifreið" komi: áætlunarbifreið.
b. Í stað „8" komi: 7."

Ég mun nú taka málið af dagskrá að þessu sinni og fresta umr. til næsta fundar, og mun brtt. þessi þá liggja fyrir prentuð.

Umr. frestað.

Á 90. fundi í Ed., 9. des., var fram haldið 3. umr. um frv. (A. 710, 711, 724, 732).

Frsm. meiri hl. (Sigurjón Á. Ólafsson) [óyfirl.]: Ég get verið fáorður. Vil þó segja örfá orð út af framkomnum brtt.

Á þskj. 724 eru við frv. 3. brtt. frá hv. 1. þm. Reykv. Í 2. brtt. sinni þar leggur sá hv. þm. til, að tveir síðustu málsl. 5. gr. frv. falli niður. En nú liggur fyrir önnur brtt. á þskj. 711, frá hæstv. forsrh., sem er a. n. l. sama efnis og brtt. hv. 1. þm. Reykv., nefnilega um það, að síðasti málsliður 5. gr. frv. falli burt. Um þennan síðasta málslið, sem hv. 1. þm. Reykv. vill fella niður, og hæstv. forsrh. gerir einnig till. um niðurfellingu á, vil ég segja það, að ég sé ekki neina hættu í því fólgna, þó að þessi heimild standi í l. eins og til er ætlazt, um það, að ferðaskrifstofan geti aðvarað gistihús um að halda eftir plássi handa útlendum ferðamönnum, sem von er á til gistihússins. En sumum hv. þm. finnst þetta ákvæði óviðkunnanlegt. Og þar sem tveir flokkar virðast ætla að leggjast á eitt um þetta atriði, geri ég ráð fyrir, að brtt. hæstv. forsrh. verði samþ. Það rýrir vitanlega ekki mikið gildi frv. í heild, þó að þessi brtt. verði samþ.

Ég get ekki fallizt á, að næstsíðasti málsl. 5. gr. falli niður, eins og hv. 1. þm. Reykv. gerir þó till. um. Það hefir verið á það bent, að full nauðsyn sé á því, að gistihús hafi aðhald um að viðhafa allt hreinlæti. Mun ég því greiða atkv. á móti brtt. hv. 1. þm. Reykv.

Þá liggur fyrir brtt. frá hv. 2. þm. S.-M. á þskj. 732, við 8. gr. frv. Það hefir komið fram í ræðum sumra hv. þm., að þeir álíti 8. gr. frv. óþarfa. En slíkt er misskilningur. Í 8. gr. er heimild til þess, að hægt sé að hafa nákvæmt eftirlit um það, hvað ferðaskrifstofunni beri að innheimta af gjöldum. Í 8. gr. er ekkert annað tekið fram en að afhenda skuli jafnan farþega, er fluttur er í bifreið gegn greiðslu, farseðil með áletraðri upphæð þeirri, er greiða ber, enda sé farseðillinn stimplaður o. s. frv. Það er full nauðsyn á þessari heimild, til þess að ferðaskrifstofan geti á hverjum tíma vitað, hvað henni ber af því gjaldi, sem 8. gr. getur um. Í 9. gr. eru svo ákvæði til þess að fyrirbyggja, að prettazt verði um að framfylgja ákvæðum 8. gr.

Ég vænti þess, að brtt. á þskj. 732 verði samþ. Tel ég ekki þörf á að fara frekar út í þann ágreining, sem var á milli nefndarhlutanna um frv. og málið í heild.

ATKVGR.

Brtt. 724,1 felld með 9:5 atkv.
— 724,2 felld með 9:3 atkv.
— 711 samþ. með 10 shlj. atkv.
— 724,3 felld með 9:5 atkv.
— 732,a—b samþ. með 10 shlj. atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 9:5 atkv. og afgr. til Nd.

Á 95. fundi í Nd., 10. des., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 744).

Á 96. fundi í Nd., 11. des., var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 97. fundi í Nd., 12. des. var frv. aftur tekið til 1. umr.

Garðar Þorsteinsson [óyfirl.]: Ég vil ekki láta þetta mál fara orðalaust til 2. umr.

Það er kunnugt, að stj. leggur mikla áherzlu á það, af ýmsum ástæðum, sem ég mun víkja að síðar, að koma þessu frv. fram. Í grg. frv. eru nokkur atriði tekin fram sem rök fyrir frv. En þrátt fyrir það hefi ég ekki getað sannfærzt um, að ríkið eigi að reka þessa stofnun. Því verður ekki neitað, að æskilegt er, að ferðamannastraumurinn hingað fari vaxandi, bæði til þess að rétt þekking á þjóð og landi megi fara vaxandi erlendis, og jafnframt vegna hins beina hagnaðar, sem þjóðin hlýtur að hafa af komu slíkra gesta. En eins og ég mun færa rök að, get ég engan veginn séð að þessi tilgangur náist bezt með ríkisrekstri á ferðamannaskrifstofu hér.

Þær stofnanir, sm hvarvetna beita sér fyrir ferðalögum, eins og þeim, sem hér ræðir um, og beina þeim í vissar áttir, eru hin stóru gufuskipafélög og ferðamannaskrifstofur erlendis, sem hafa umboð í öllum helztu borgum heimsins. Þessar stofnanir beita sér fyrir ákveðnum ferðum með ákveðnum skipum, og gera það auðvitað fyrst og fremst með allskonar víðtækri auglýsingastarfsemi. Fyrsta skilyrðið fyrir því, að ferðamannastraumurinn beinist hingað meira en verið hefir, er því að standa í föstu og góðu sambandi við hinar miklu og þekktu ferðamannaskrifstofur erlendis. En nú er mér sagt með góðum heimildum, að ferðamannaskrifstof-

ur þær, Cook's og Bennet's, sem einkum hafa séð um slík ferðalög hingað, eða a. m. k. önnur þeirra, hafi látið svo um mælt, að ekki myndi af þeirra hálfu verða lagt kapp á það að beina straumnum hingað, ef þessi hugmynd um ferðamannaskrifstofu ríkisins verður framkvæmd.

Ég fæ ekki séð, að nein frambærileg rök séu fyrir því, að betri árangur náist með ríkisrekstri heldur en þótt einstaklingar annist allar móttökur, eins og hingað til. Straumurinn hingað hefir farið stórum vaxandi hin síðustu ár fyrir atbeina þeirra, sem fyrir þeim móttökum hafa staðið. Ferðaskrifstofurnar hérna eru umboðsskrifstofur fyrir Cook og Bennet, en eins og ég hefi sagt áður, eigum við ferðamannastraumsinn fyrst og fremst undir starfsemi þeirra stofnana. Það er fjarri því, að ég sé á móti því, að hið opinbera láta til sín taka um það, hvernig landið skuli auglýst og um sambandið milli ferðamannaskrifstofanna og gestanna, ef ástæða þykir til. En ég legg áherzlu á það, að fellt sé niður, að ríkisstj. hafi íhlutun um rekstur slíkrar skrifstofu. Ég tel víst, að nást myndi eins góður og sjálfsagt betri árangur af auglýsingastarfsemi, sem rekin væri með samvinnu ríkis og ferðamannaskrifstofanna, heldur en að hún væri í höndum ríkisins eins. Ýmsar tilraunir í auglýsingaráttina hafa þegar verið gerðar með góðum árangri fyrir atbeina ferðamannaskrifstofanna og íslenzkra ræðismanna erlendis. Þannig hafa góðir bæklingar um land og þjóð verið gefnir út á hinum þrem höfuðmálum, ensku, þýzku og frönsku. Nú hefir útvarpið bætzt við í þjónustu þessarar starfsemi. Það er engin hætta á, að ferðamannaskrifstofur þær, sem nú eru, myndu setja sig upp á móti slíkri starfsemi af hálfu ríkisins, heldur þvert á móti. Kynningarstarfsemi ætti því að geta orðið rekin með jafn góðum árangri, þótt ríkið reki ekki ferðamannaskrifstofu. Ríkið á að stuðla að slíkri kynningu, eins og það hefir þegar gert að nokkru leyti með fyrirlestrum, útgáfum bæklinga, filmum og fræðslu í útvarpi, og öll slík kynning yrði auðveldari og áhrifameiri í samvinnu við þær skrifstofur, sem hér eru fyrir.

Ég get ekki séð, að sleginn sé neinn varnagli við því, að útlendir ferðamenn verði ekki látnir greiða fyllilega fyrir sig, þótt ríkið taki að sér þennan rekstur. Enda hafa allar aðdróttanir og álygar rauðliða og blaða þeirra um okur á erlendum ferðamönnum verið kveðnar gersamlega niður. Seinast í dag er í Morgunblaðinu sundurliðaður reikningur yfir 4 daga dvöl erlendra ferðamanna hér, og sést af þeim plöggum, að þessir menn hafa jafnvel verið látnir borga heldur minna fyrir sig en tíðkast um íslenzka menn. Hitt dettur engum manni í hug að bera í bætifláka fyrir, ef það reyndist rétt, að einhver, hvort sem það væri nú bílaeigandi eða gestgjafi, misbeitti aðstöðu sinni í þessum efnum. En stj. er ekkert hægara en að slá varnagla við slíku hugsanlegu okri með almennri löggjöf. Annað en gistihús og bifreiðar kemur hér ekki til greina, nema þá túlkar, sem upplýst er um, að séu ódýrari hér en annars staðar. Hinsvegar er það með öllu rangt og ómaklegt, sem sagt er í grg., að leiðsögumenn vorir séu framúrskarandi þekkingarsnauðir, bæði í erlendum málum og um landið sjálft. Þetta kann að vísu að vera satt í örfáum tilfellum, en ég sé ekki, hvernig ríkið getur sneitt hjá slíku, þegar slíkan fjölda túlka þarf, eins og þegar 2—3 stór ferðamannaskip koma í einu. Þessi ummæli eru því aðeins illgirnisleg árás á þá menn, sem þetta hafa stundað undanfarið, enda ekki við góðu að búast, þegar litið er á það, hverjir að samningu frv. hafa staðið.

En það er m. a. ein mjög sterk ástæða fyrir stjórnarflokkana að koma þessu máli fram, auk hinnar venjulegu kúgunartilhneigingar. Það er nefnilega fullyrt, að það sé ákveðinn maður úr stjórnarliðinu, sem fá eigi bitling þennan. Og þegar svo stendur á, er auðvitað ekki verið á það að líta, þó að einstaklingar utan liðsins og þjóðin í heild liði tjón af tiltektunum. Ég hefi tekið það fram, að ég tel rétt, að til séu almenn lagafyrirmæli um ferðamannaskrifstofur, verð og álagningu o. þ. h. En til þess þarf ríkið ekki að grípa til slíkra kúgunarráðstafana, sem allir skaðast á, en enginn græðir, nema sá eða þeir, er bitlingana fá við stofnunina.

Ef svo er, sem ég hefi ekki ástæðu til að vefengja, að sú skrifstofa, sem ræður í raun og veru mestu um ferðamannastrauminn hingað, sem er Cook's-skrifstofan, hafi látið svo um mælt, að hún mundi ekki beita sér fyrir því að beina ferðamannastraumi til landsins, ef þetta frv. næði fram að ganga, þá er það svo mikilsvert atriði, að það er næstum því útilokað, að þeir, sem standa að frv., vilji láta það ná fram að ganga.

Umr. frestað.

Á 100. fundi í Nd., 16. des., var fram haldið 1. umr. um frv.

Jóhann Jósefsson: Ég veit ekki, hvort hæstv. forseti heldur því fast fram, að þetta frv. verði nú tekið til umr. Ég ætlaði að tala um málið, áður en því verður vísað til n. Þetta er þannig lagað mál og svo víðtækt, að það er mikil þörf á að upplýsa hv. þdm. um það. — Ég er reiðubúinn til að tala nú, en það verður að líkindum nokkuð langt.

Forseti (JörB): Vill hv. þm. Vestm. aðeins bíða litla stund.

Héðinn Valdimarsson: Ég vil skjóta því til hæstv. forseta, hvort honum sýnist ekki réttast að fresta fundi til kl. 8½ í kvöld, til þess að hv. þm. Vestm. geti þá flutt sína löngu ræðu og haldið áfram í nótt.

Forseti (JörB): Ég hafði að vísu hugsað mér að hafa kveldfund, en þetta mál er nú búið að ganga í gegnum Ed. og ætti ekki að þurfa langan tíma hér við 1. umr. Sjálfstfl. er vanur að hafa flokksfund á mánudagskvöldum og raunar fleiri flokkar, og hefir stjórn flokksins tjáð mér, að flokknum sé brýn nauðsyn að hafa fund í kveld. Ég lét þess getið, hver ætlun mín

væri, en sjálfstæðismenn töldu sig ekki geta frestað þessu. Ef þeir halda fast við þessa ósk sína, eins og nú standa sakir, þá mun ég ekki hafa þingfund eftir kl. 8 í kveld.

Héðinn Valdimarsson: Ég vildi gjarnan beina þeirri fyrirspurn til hv. Sjálfstfl., hvort hann vill lofa því að leyfa afbrigði frá þingsköpum um afgreiðslu þessa máls hér í d.

Jóhann Jósefsson: Mér þykir satt að segja dálitið undarlegt, hvað það getur komið miklu róti á hv. sósialista hér í d., þó að einn þdm. kveðji sér hljóðs í þessu máli. Ég hefi alls ekki tekið til máls hér í d. í dag fyrr en nú, og kl. er orðin 7½, svo að ég hélt, að það væri ekki dauðasök, þó að ég kveddi mér hljóðs við þessa umr. málsins. Að því, er snertir flokksfundartíma okkar sjálfstæðismanna, skal ég geta þess, að við fengum ekki að nota okkar venjulega flokksfundartíma síðastliðið mánudagskvöld, en þó hefir hæstv. forseti lofað að beita eigi harðneskju við flokkinn í því efni. Hinsvegar vita allir það, að stjórnarflokkarnir hafa tíma til flokksfunda, þegar þeir vilja, og fresta þingfundum til þess, ef svo stendur á. — Þetta er nú annað kveld vikunnar, sem Sjálfstfl. er vanur að hafa sína reglulegu flokksfundi, og verð ég nú að treysta svo sanngirni hæstv. forseta, að hann neiti okkur ekki um þennan fundartíma, þar sem við vorum sviptir síðasta fundardegi okkar. Mér finnst tæplega kominn tími til að beita slíkri hörku, enda ekkert tilefni til þess.

Hv. 2. þm. Reykv. vil ég aðeins segja það, að þar sem ekki er enn búið að breyta þingskapunum eftir vilja stjórnarflokkanna, þá verður hann að sætta sig við það, að stjórnarandstæðingar kveðji sér hljóðs við umr. mála á Alþingi. Ég fæ ekki séð, að honum hafi gefizt neitt tilefni til þess að vilja beita harðneskju til þess að takmarka málfrelsi andstöðuflokka stj. í þessu máli.

Forseti (JörB): Það er ekki rétt hjá hv. þm. Vestm., að ég fresti kvöldfundum í þinginu til þess að stjórnarflokkarnir geti haft flokksfundi, þegar þeir óska þess. Ég hefi oft eyðilagt flokksfundartíma þeirra líka, með því að hafa þingfundi þau kvöld, sem þeir eru vanir að halda flokksfundi. En hinsvegar hefi ég eftir föngum reynt að taka til greina óskir Sjálfstfl. um flokksfundartíma.

Héðinn Valdimarsson [óyfirl.]: Ég skil ekki, að hv. þm. Vestm. hafi ástæðu til að segja, að ég vilji beita við hann harðneskju, þó að ég beini þeirri ósk til hæstv. forseta, að hv. þm. fái að halda sína löngu ræðu hér í þd. á kveldfundi, og jafnvel til kl. 9 í fyrramálið. (**JakM:** Harðneskjunni var beint gegn Sjálfstfl., út af flokksfundartíma hans). — En það hefir hvað eftir annað verið talað um flokksfundi sjálfstæðismanna, sem yrði að taka tillit til. Ég mun við síðara tækifæri benda á, hversu vel það hefir gefizt, þegar svo áliðið er orðið þings, að hafa ekki næturfundi, og mörg mikilsverð mál liggja fyrir, sem nauðsynlegt er, að nái samþ. þingsins. Sérstaklega er það, þegar sjálfstæðismenn beita þeim ráðum, til þess að hefta framgang mála, að þegar þeir geta ekki fellt mál, þá reyna þeir að hindra framgang mála með því að greiða ekki atkv.

Thor Thors [óyfirl.]: Ég vildi aðeins benda á, að Sjálfstfl. er ómögulegt að hafa flokksfundi meðan deildarfundir eru, en stjórnarfl. er það hinsvegar kleift, og það hefir oft komið fyrir, að jafnaðarmenn hafa allir verið á flokksfundi meðan deildarfundir hafa verið.

Þeir eru vanir því að hlaupa burt úr d., meðan umr. standa yfir, en hinsvegar verða andstöðuflokkarnir að vera við umr., a. m. k. svo margir af stjórnarandstæðingum, að ómögulegt er að halda flokksfundi. Þess vegna er því ekki hægt að jafna saman.

Hæstv. forseti beindi því til mín, hvort ekki væri hægt að ná samkomulagi um greiðan framgang málsins á morgun. Það er nú ekki hægt að kalla saman fund í einni svipan til þess að ræða um það. Ég hafði kvatt mér hljóðs í þessu máli, en skal falla frá orðinu við þessa umr., ef hæstv. forseta nægir það.

Jóhann Jósefsson: Fyrir stundu síðan var útbýtt til þm. seðli, um að 3. umr. fjárl. yrði næstkomandi miðvikudag, og skyldu þm. vera búnir að skila brtt. við þau til skrifstofustjóra í síðasta lagi fyrir kl. 9 annað kvöld. Nú er það vitað, að 3. umr. fjárl. er afdrifamikil fyrir afgreiðslu fjárl., og ýmislegt, sem tekið er aftur við 2. umr., mun verða tekið upp. Ég vil því beina til hæstv. forseta í viðbót við það, að því hefir verið lofað, að Sjálfstfl. fengi að hafa sína reglulegu fundi, hvort hann sjái ekki, að Sjálfstfl. er þetta nauðsynlegt, til þess að hann geti borið sig saman við sína nm. í fjvn., og annað það að bera sig saman um brtt., sem einstakir þm. koma fram með, eins og gert var fyrir 2.umr. Þá var a. m. k. í Sjálfstfl. talað um það, hvaða brtt. þm. ætluðu að koma fram með. Kvöldið í kvöld virðist mér vera einasti tíminn, sem hægt er fyrir Sjálfstfl. að hafa nokkurt næði, til þess að athuga þetta mál, þar sem menn eiga að hafa skilað brtt. fyrir kl. 9 annað kvöld, og ég geri ráð fyrir, að á morgun verði þrotlausir deildarfundir.

Forseti (JörB): Það eru mjög andstæð öfl, sem hér stríðast á. Það er eins og tvö samkynja segulskaut komi nærri hvort öðru. Það er þess vegna ekki hægt að gera báðum fullkomlega til geðs. Ég mun því taka til úrskurðar, án þess þó að sjálfsögðu að gera mönnum fullkomlega til hæfis, en í þetta sinn mun ég láta það standa, sem ég hefi sagt við sjálfstæðismenn, að þeir fái þetta kvöld til sinna fundahalda, en ég geri það í trausti þess, að þeir fremur en hitt tefji ekki framgang þessa máls og annara mála, sem í ráði er, að nái fram að ganga og á dagskrá eru.

Verður því frv. til l. um ferðaskrifstofu ríkisins tekið út af dagskrá og umr. frestað.

Sigurður Kristjánsson [óyfirl.]: Ég get í raun og veru að mestu leyti fallið frá orðinu, en

ég kunni bara ekki við, af því að ég var búinn að biðja um orðið, að vera sviptur því. (**Forseti**: Það var ekki meiningin). En hv. þm. Vestm. hefir tekið fram það, sem ég vildi sagt hafa. — Það nær vitanlega ekki neinni átt að ætlast til þess, að við sjálfstæðismenn höfum engan tíma til þess að ráðgast um brtt. okkar við fjárlagafrv. En um það þarf ég ekki að fjölyrða frekar.

En út af því, sem hv. 2. þm. Reykv. sló fram, hvort sjálfstæðismenn vildu lofa að leyfa afbrigði frá þingsköpum um afgr. mála, ef þeir fengju að hafa flokksfundi, vil ég taka það fram, að fyrst og fremst þykist ég ekki eiga að standa honum neinn reikningsskap um það, og í öðru lagi hefir enginn leyfi til þess að svara fyrir Sjálfstfl., formaður hans er ekki við, og hann mundi heldur ekki hafa svarað, nema að ráðgast um það við flokkinn. — Annars vil ég benda hv. þm. á það, að það fer að ganga nokkuð langt úr hófi sú ófyrirleitni, þegar þeir flokkar — þeir menn á þingi fara að tala um það með miklum ofstopa, að sé verið að tefja mál, sem eru orðnir berir að því að margfara í kring um stjórnarskrána með því að hrúga inn málum, sem eru óbeinlínis um afnám laga, og málum, sem varða stórkostlega fjárhag landsins, svo að jafnvel að velti á millj., hrúga þessu inn sem brtt. á síðasta stigi málsins.

Hér er að ske frá hendi þessara manna, sérstaklega hv. 2. þm. Reykv., fullkomið þinghneyksli, að fara í kringum stjórnarlög landsins og knýja fram mál óundirbúin og án þess að mönnum gefist kostur að kynna sér þau á nokkurn hátt og leita álits þeirra manna, sem eru sérfræðingar um ýms þessi efni. Ég held, að það mætti telja frekar til gagns, að það væri tafið fyrir þessum málum, svo sem unnt er, og ég ætla að lýsa því strax yfir, að ég mun ekki með hin stærri mál hér á nokkurn hátt greiða fyrir því, að þau komist í gegn um þingið með afbrigðum.

Héðinn Valdimarsson [óyfirl.]: Þetta, sem hv. 6. þm. Reykv. sagði hér, hefir víst átt við hv. þm. S.-Þing., og er það nær öðrum að taka hans svari heldur en mér, enda mun ég ekki gera það að þessu sinni, einkum þegar þess er gætt, að þær brtt., sem hann hefir borið fram og greitt var atkv. um í Ed. í dag, hafa verið samþ. með sameiginlegum atkvæðum sjálfstæðismanna og framsóknarmanna og á móti atkvæðum jafnaðarmanna. — En það fór, eins og mig varði, að mundi sýna sig, hvernig sjálfstæðismenn verða við afgreiðslu mála hér á þingi, og það mun undra mig mikið, ef þeir halda ekki uppi þeim sið, sem þeir hafa haldið á undanförnum þingum, að reyna að tefja mál með því annaðhvort að greiða ekki atkv. eða vera ekki viðstaddir. Það fer illa á því hjá hv. þm. Snæf. að vera að tala um fjarveru annara þm., þegar hann dögum saman hefir verið fjarverandi, eftir að hann kom heim, og það að ástæðulausu. Aftur á móti hafa Alþýðuflokksmennirnir setið betur á þingi en flestir aðrir. Það hefir sýnt sig á næturfundunum, hverjir hafa átt flesta þm. hér að tiltölu, en þá hafa sjálfstæðismenn kannske verið á flokksfundum eða a. m. k. ekki verið viðstaddir af einhverjum ástæðum, nema þá einn eða tveir.

Forseti (JörB): Umræðum um þetta er lokið. Ég hygg, að þessar tvær síðustu ræður hefðu verið betur óhaldnar. Það er alveg óþarfi að vera að fara út í nokkurn sparðatíning um það, hverjir ræki störf sín hér á þingi betur eða miður. (TT: Ætlar hæstv. forseti að neita mér um að bera af mér sakir). — Mundi ekki hv. þm. Snæf. nægja, að ég beri af honum sakir? Því fer fjarri, að þessi hv. þm. hafi verið meira fjarverandi en aðrir, nema sökum lasleika. Hann hefir setið hér mörgum þm. betur og kyrrari í sínu sæti á þingfundum. Þennan vitnisburð get ég gefið hv. þm. Snæf.

Umr. frestað.

Á 101. fundi í Nd., 17. des., var enn fram haldið 1. umr. um frv.

Jóhann Jósefsson [óyfirl.]: Maður er nú orðinn hálflúinn af setum og verður að fara hægt að öllu, til þess að ofreyna sig ekki. — Þetta mál mun hafa legið fyrir síðasta þingi, ef ég man rétt, en komst þá ekki svo langt, að það fengi fullnaðarafgreiðslu. En þá þegar komu fram gegn því ýms þau rök, sem liggja í augum uppi. Þetta frv. er „produkt" frá þessari skipulagsn., er sett var á stofn í hitt eð fyrra og í daglegu tali er kölluð Rauðka. Það verða víst margir fallegir smíðisgripir, sem þjóðin eignast frá þeirri stofnun, og er þetta frv. ekki hvað sízt. Í 1. gr. frv. þessa er hvorki meira né minna en slegið föstu, að ríkisstj. eigi að setja á stofn skrifstofu, sem nefnist Ferðaskrifstofa ríkisins. Verkefni hennar á að vera að kynna landið út á við og hafa á hendi leiðbeiningar og fyrirgreiðslur erlendum og innlendum ferðamönnum. Svo er því bætt við, að þessi ferðaskrifstofa skuli ein hafa rétt til að starfa sem ferðaskrifstofa fyrir erlenda menn. Þó að maður geti í sjálfu sér ekki sagt, að nauðsyn beri til þess, að hið opinbera fari að kosta til skrifstofuhalds í Reykjavík til þess að kynna landið, þá er ekkert nema gott við því að segja út af fyrir sig, að ríkisvaldið stuðli að því að kynna landið, og má náttúrlega gera það með mörgu móti. En svo bráð nauðsyn er nú ekki á því, að ferðamannastraumurinn aukist fram úr því, sem verið hefir, að það eru mörg verkefni, sem mér finnst, að ríkisvaldið gæti eins vel tekið sér fyrir hendur og þetta. Annars er það einkennilegt og sérkennandi fyrir það stjórnarfar, sem nú ríkir í landinu, að annaðhvort eru hlutirnir látnir algerlega afskiptalausir og ekkert gert til að beina þeim í réttara farveg eða þá að ríkið einokar hreint og beint það, sem um ræðir. Hér er það spor stigið með þessu frv., og það tekið fram þegar í 1. gr. þess, að afskipti ríkisins af þessum málum eigi að vera því skilyrði bundin, að enginn maður megi lengur skipta sér af ferðamönnum til þess að leiðbeina þeim annar en ferðaskrifstofan ein. Ég segi, að það er dálítið einkennandi fyrir þann litt þroskaða hugsunarhátt, sem hér ríkir í ýmsum efnum, þetta, að í stað þess að ríkið láti sér nægja að

styrkja þá starfsemi, sem þegar er komin á fót, þá sé hún að öllu leyti lögð undir ríkisvaldið. En þessi nefnd og þeir, sem að flutningi þessa frv. standa, geta ekki hugsað sér nein önnur afskipti af þessu máli en þau að taka rekstur ferðamannaskrifstofanna algerlega í ríkisins hendur, m. ö. o. að þjóðnýta þessa starfsemi. Nú veit maður ekki til, að þeir menn, sem haft hafa með höndum að taka á móti ferðamönnum hér og leiðbeina þeim og fylgja þeim um landið, hafi leyst verk sitt illa af hendi. Ég hefi aldrei haft þessi störf með höndum, en ég hefi oft talað við ferðamenn, sem stundum hafa komið hingað ár eftir ár, og hefi ég þá oft orðið þess vísari, að þeir hafa tekið tryggð við leiðbeinendur sína og leitað til þeirra hvað eftir annað. Þetta bendir ekki til þess, að þessir menn séu illa til starfsins fallnir eða hafi gert nokkuð fyrir sér. Það verður því að teljast hörkuleg aðferð að taka af þeim þessa starfsemi og leggja hana undir ríkið.

Í 2. gr. frv. er talað um, að ferðaskrifstofan skuli veita fræðslu um landið með fræðsluritum, útvarpserindum, fyrirlestrum, kvikmyndum, auglýsingum og öðru. Við þessu er auðvitað ekki nema gott að segja, sé þetta gert með hóflegum tilkostnaði. Hingað til hefir ríkið látið sig þessi mál engu skipta. En að það opinbera gangist fyrir fræðslustarfsemi um landið á þennan hátt er annað en að ríkið fari að einoka hvern erlendan túrista, sem til landsins kemur. Annars var í frv., þegar það var fram borið í upphafi, það einkennilega ákvæði, að innlendir ferðamenn áttu að ganga úr rúmum, ef erlenda gesti bar að garði. Þetta verður að teljast alveg einstakt ákvæði, að menn, sem fengið hafa rúm í gistihúsi, þó að innlendir séu, skuli eiga að víkja úr bólinu, ef einhver útlendingur ber að dyrum. Ég get þessa aðallega mönnum til skemmtunar, því að nú er búið að koma viti fyrir stjórnarliðið, og þessu ákvæði hefir verið kippt burt.

Allt kostar nokkuð í þessum heimi. Það hefir líka Rauðku verið ljóst, að þetta myndi ekki verða tilkostnaðarlaust, því að í 8. gr. er þess getið, hvernig Ferðaskrifstofa ríkisins skuli afla sér tekna. Það á nú að taka með nýjum skatti. Það má segja, að ekki muni um einn blóðmörskeppinn enn í sláturtíðinni, að ekki muni miklu, eftir allt annað, þó að settur sé á 5 aura skattur af hverri krónu, sem menn greiða fyrir flutninga með bifreiðum. Þjóðina munar ef til vill ekki svo mikið um þetta, samanborið við ýmislegt annað. Eins og nú er, eru bílar svo að segja einu farartækin, sem menn kaupa farseðla með (áætlunarferðir). Ég hefi ekki tölur um það, hve mikið fé fer á ári hverju hjá þjóðinni í þessi fargjöld, en það hlýtur að vera orðin allstór upphæð, og 5% af þeirri upphæð er sjálfsagt sæmilega ríflegt fúlga til að uppihalda ferðaskrifstofu þessari, og eru allar líkur til, að stj. gæti komið þar að jötunni þó nokkuð mörgum mönnum.

Ég ætla þó, að enda þótt bílafargjöldin séu hér ódýr, þá muni fáir óska eftir að þurfa að greiða 5 aura af hverri krónu í viðbót, jafnvel þó að þessi viðbót eigi að ganga til skrifstofu þeirrar, sem hér um ræðir. Ég skal játa, að ég hefi frá upphafi litið á þetta sem hégómamál, en á hinn bóginn er undarlega mikið kapp lagt á að keyra málið í gegn, sbr. kast það, sem hv. 2. þm. Reykv. fékk hér í gær, er ég og einhverjir fleiri kvöddu sér hljóðs til að tala um málið. Og það getur orðið skiljanlegt af ákvæðum 4. gr., þar sem ætla má, að hann og ef til vill fleiri honum nákomnir ætli sér hag af þeim ákvæðum, en þar segir svo:

„Ferðaskrifstofan gerir samninga við skipafélög, bifreiðafélög eða eigendur bifreiða og umráðamenn annara farartækja um flutning á ferðamönnum og um fargjöld".

Í þessu sambandi kemur mér í hug löggjöf, sem sett var á síðasta þingi, þar sem áætlunarferðir bíla voru skipulagðar. Það var eitt af aðaláhugamálum hv. 2. þm. Reykv. — Í 4. gr. þessa frv. er sagt, að ferðaskrifstofan eigi að gera samninga við skipafélögin o. s. frv. Nú er það vitað, að flestir ferðamannahóparnir koma hingað á erlendum skipum. Ég geri nú ekki ráð fyrir, að ferðaskrifstofan hafi ástæður til að semja um fargjöld á skemmtiferðaskipunum, sem hingað koma á sumrum. Þá má segja, að henni sé ætlað að semja við áætlunarskipin, er hingað ganga, en það væru þá helzt þau íslenzku, því að skrifstofan mun varla hafa tök á að gera slíka samninga við Sameinaða eða Bergenska. Hún getur ekki boðið þeim neitt í móti, nema ef vera kynni styrk úr ríkissjóði. Aftur er það svo um Eimskipafélagið, að það er svo háð ríkinu og Alþingi, að hugsanlegt er, að ríkisstofnun eins og ferðaskrifstofan gæti haft áhrif um fargjöld með skipum þess. En ég held þó naumast, að það gæti haft stórvægilega þýðingu, því að á þeim tíma, er erlendir ferðamenn koma með þessum skipum, er sízt hörgull á farþegum. Verða þau jafnvel oft að neita mönnum um far á sumrum, ef þeir hafa þá ekki pantað farmiða löngu fyrir fram. Svo að mér virðist þetta ákvæði um samninga við skipafélögin sett í gr. meira sem punt eða öllu heldur sem réttlæting þess, að skrifstofunni sé gefinn kostur á að semja við viss bifreiðafélög hér innanlands.

Frv. felur þá í sér þetta þrennt í stuttu máli, auk heimildar fyrir ferðaskrifstofuna til að auglýsa landið: Ríkið einokar alla starfsemi við leiðbeiningu ferðamanna hér á landi, ferðaskrifstofan einokar bifreiðaferðir þessara manna um landið og allur landslýður er skattlagður til ágóða fyrir þessa starfsemi.

Frv. fylgir grg. talsvert löng og ýtarleg. Ýmislegt af því, sem þar er tekið fram, getur vel staðizt. Það er ekki allt fjarstæða. Þar er meðal annars áferðarfallega sagt frá nauðsyninni á því að koma upp ferðaskrifstofu. Það er t. d. satt, sem stendur hér í grg. (með leyfi hæstv. forseta):

„Nú er það á almanna vitorði, að naumast er nokkur þjóð til, sem á allt sitt eins afdráttarlaust undir því komið, að hin erlendu viðskipti gangi sem greiðlegast. Hitt er og ekki síður kunnugt, að aldrei hefir verið bráðari þörf á því að neyta allrar orku í þessu sambandi en nú".

Þetta er, almennt skoðað, mikið rétt. En ég hefði haldið, að þessar athuganir ættu að leiða til annars en þess að koma á fót ríkiseinokun á þeim erlendu ferðamönnum, er hingað vilja koma.

Þá er minnzt á það í grg., að með nágrannaþjóðunum tíðkist það, að við utanríkisráðuneytin starfi blaðaskrifstofa, sem hér er kölluð „Udenrigsdepartementets Pressekontor“ í þessu plaggi. Mér er nú ekki ljóst, þó að vitað sé, að við utanríkisráðuneytin og sendisveitirnar starfi slíkir pressukontórar, hvað það kemur því við, að íslenzka stj. eigi að einoka ferðamannastraumurinn til landsins. Að svo miklu leyti sem ég þekki til slíkra „pressuafdelinga“ í útlöndum, er það ekki fyrst og fremst tilgangur þeirra að starfa sem „reklamebureau“.

Svo er í grg. skýrt frá því, hvernig þeir hugsa sér að þessari kynningarstarfsemi eigi að vera háttað í einstökum atriðum. Er þar talið upp: 1) Útgáfa rita, 2) fyrirlestrar, 3) kvikmyndir, 4) útvarp, 5) auglýsingar um afurðir. Hér ber að sama brunni og áður. Allt getur þetta verið gott og blessað, ef það veldur ekki of miklum kostnaði. En ekkert af þeim er neitt framkvæmanlegra eða aðgengilegra eða frambærilegra, þó að þessi skrifstofa hafi einokun á útlendum ferðamönnum. Allt þetta má framkvæma án þessarar fimmliðuðu einokunar á ferðamönnum, sem hingað koma.

Um það má deila, hvað af þessu sé nauðsynlegast. Sumt af því er t. d. varlega meðfarandi. T. d. þarf mjög vel að vanda til kvikmynda, sem kynna eiga landið, því að annars geta þær haft öfug áhrif við það, sem til var ætlazt. Nokkrar kvikmyndir, sem hér hafa verið teknar og sýndar erlendis, hafa engan veginn verið heppileg auglýsing fyrir landið. Ég sá í fyrra nokkrar slíkar kvikmyndir, sem áttu að vera af vandaðra tæginu, og fannst mér þar niðurröðun efnisins ekki þann veg, að það gæfi útlendingum glögga hugmynd um Ísland og atvinnuhætti þess.

Í sjálfu sér er það leitt, að ekki skuli meira hafa verið gert að því að auglýsa landið út á við en orðið er. Ég geri t. d. ráð fyrir, að ríkissjóður gæti látið nokkuð af hendi rakna til að hafa einhverskonar auglýsingastarfsemi í helztu borgum erlendis til leiðbeiningar ferðamönnum. Mætti gera það án allrar einokunar á mönnum þessum. Svo er það að athuga, að ef halda á uppi fullkominni auglýsingastarfsemi til að auka ferðamannastrauminn, þá myndi það kosta allmikið fé. Í nokkrum borgum eru ferðamannaskrifstofur, t. d. norsk, sænsk, dönsk, hver við hliðina á annarri, og þarna er fast starfsfólk, þar liggja frammi kort, teikningar og aðlaðandi myndir, sem eiga að gefa ferðamönnum sem gleggsta hugmynd um land það, sem þeir ætla að heimsækja. En slíkt yrði okkur Íslendingum ofvaxið sakir kostnaðar, því að slík starfsemi myndi naumast geta borgað sig, enda er sá ferðamannastraumur, sem við getum tekið á móti, ekki svo mikill, að leggjandi sé út í svo kostnaðarsöm fyrirtæki. Má þar margt á milli vera, að landsins sé að engu getið og að lagt sé út í slíkan tilkostnað. Það mætti með minni tilkostnaði auglýsa í útlendum blöðum og tímaritum, sem almennt eru mest lesin erlendis, og hafa þar myndir af þeim stöðum, sem beztir þætti, og myndi það ekki kosta líkt því að hafa skrifstofu í öllum helztu stórborgum, og hvað snertir Ísland sem ferðamannaland, er heppilegast í byrjun að hugsa sér ekki að stiga mjög stór spor í að beina ferðamannastraumnum hingað, því það mundi valda vonbrigðum og ekki svara kostnaði. Hitt er annað mál, að það er rétt að greiða fyrir því, að ferðamannastraumurinn hingað til landsins aukist, og það er skýrt, að minni hl. hv. allshn. í hv. Ed. hefir lagt fram hóflegar till. í þessu efni. T. d. hefir verið, og er ennþá gistihúsaskorturinn, sem mest stendur því í vegi, að hægt sé hér á landi að ferðast fyrir þá menn, sem vanir eru þeim nauðsynlegu þægindum, sem ferðamenn þurfa að hafa, en úr þessu hefir talsvert verið bætt á síðari árum, eins og vitað er, og vel hægt að bjóða bæði innlendum og erlendum ferðamönnum þann aðbúnað, sem þau gistihús, sem ég hefi séð, hafa að bjóða. Vitanlega eru þau ekki eins útbúin eins og dýr gistihús í stórborgum, en það ætlast heldur enginn til þess, að þau séu það, en öll þau gistihús, sem ég hefi séð hér til sveita, hafa það, sem snertir nauðsynleg tæki til þrifnaðar og hreinlætis, fyrir hendi; sæmileg rúm og þrifaleg herbergi o. s. frv. hafa þau gistihús, sem ég hefi séð hér á landi á síðari árum.

Það er tæpt á því í þessari grg., að hér sé farið illa með erlenda ferðamenn, þ. e. a. s. að það sé okrað á þeim. Það er ekki nema tæpt á þessu í grg., en ég verð að segja, að það komi þó svo bert fram í grg., að þeir menn, sem hana hafa samið, séu þar að bera sakir á þá menn, sem hafa haft það með höndum, að leiðbeina erlendum ferðamönnum og flytja þá, að það hefði verið sæmilegra og réttlátlegra að leiða að þessu önnur og sterkari rök heldur en þau að segja eins og hér er gert og ég vil með leyfi hæstv. fors. leyfa mér að lesa hér upp. Það segir svo: „Orð leikur á, að ferðamenn greiði stundum yfir 100 krónur fyrir 7 manna bíl í 50 kílómetra ferð með skammri viðdvöl og þaðan af meira fyrir lengri ferðir. Þetta gjald er 3—4 sinnum meira en innlendir menn greiða. Að vísu má segja, að fyrir þær sakir óski menn eftir útlendum ferðamönnum, að eftir þá liggi eitthvert fé í landinu, en hér er um hófleysu að ræða, sem miklum skaða getur valdið“. Fyrst slær höfundur grg. því fram, að leiki orð á þessu, og svo dregur hann þá ályktun, að hér sé um hófleysu að ræða, alveg eins og hann hafi hér komið fram með einhverjar óhrekjanlegar sannanir. Þetta er illa tilfallinn málsflutningur, og ég hefi ekki orðið þess var, að við umr. í hv. Ed. hafi tekizt að leiða nokkur minnstu rök að því, að þessi gróusaga væri sönn, og þó er hún framflutt sem einskonar rök fyrrir því, að nauðsyn sé á, að ríkið taki þetta í sínar hendur. Þegar einhver stétt er rekin frá atvinnu sinni, hvort sem hún er stór eða lítil, þá má sannarlega ekki minna vera en að þau rök, sem til þess liggja, séu ekki óréttmæt og ástæðurnar ekki tilbúningur einn, en mér liggur við, eftir orðalagi grg. að dæma og eftir því, að engin staðfesting á þessum ummælum kom fram í umr. í hv. Ed., að ætla, að hér sé aðeins um ósannan orðróm að ræða. Og sé svo, sem ég að öðru ósönnuðu verð að álíta, þá er hér farið með rangan málflutning til þess að taka af vissum mönnum atvinnu, sem þeir hafa nú og hafa með löglegu móti komizt yfir.

Þá segir ennfremur hér í grg. þessa frv., með leyfi hæstv. forseta: „Önnur hlið, sem snýr að ferðalögum útlendinga um landið, við kemur þeim fararstjórum og túlkum, er til þeirra veljast. Sem stendur er allt undir hælinn lagt, hvernig um þetta tekst“. Ég verð að játa, að ég þekki ekki alla þá menn hér á landi, sem hafa haft það með höndum að vera túlkar og fararstjórar fyrir útlenda ferðamenn, en ég þekki þó suma þeirra og hefi fyllilega orðið var þess, að þeir njóta vinsælda hjá viðskiptamönnum sínum, sem eru hinir erlendu ferðamenn. Það verður að teljast algerlega ósannað, að það sé að nokkru frekar undir hælinn lagt, hvernig um þetta tekst, þótt þeir útlendu ferðamenn séu sjálfráðir um, hverja þeir velja sér fyrir túlka og leiðbeinendur, heldur en þó þessi „Rauðku“-stofnun, sem hér er verið að tefla fram, eigi að taka að sér að leiðbeina ferðamönnunum. Hér hafa verið leiðbeinendur ferðamanna, sem hafa unnið starf sitt með mestu prýði. Í útlendum ferðabókum ber oft við, að ferðamennirnir minnast með sérstakri viðurkenningu á þá, sem hafa leiðbeint þeim hér á landi. Ég minnist þess að hafa oft séð nöfn íslenzkra stúdenta og annara, sem hafa verið leiðbeinendur ferðamanna og hlotið bezta orðstír frá þeim. Þessi önnur hlið, sem nefnd er í grg. frv., um fararstjórana og túlkana, er álíka vel undirbyggð eins og orðrómurinn um okrið á ferðamönnunum. Það getur vel komið fyrir, og það vita flestir, sem eitthvað hafa ferðast til útlanda, að það getur oft komið fyrir, að mönnum sé selt of dýrt það, sem þeir þurfa að kaupa, og það hefir viljað bera við t. d. í Sviss, að betra þætti að hafa gát á því, hve mikið þyrfti að borga fyrir þá hluti, sem ferðamenn þurfi að fá. Svo þó þetta kæmi fyrir hér, þá eru það engin eins dæmi. En ég vil endurtaka það, að þeir erlendir ferðamenn, sem ég hefi kynnzt, og ég hefi oft átt tal við þá, þegar þeir hafa verið á heimleið héðan, því þar sem ég bý í Vestmannaeyjum, ganga þeir oft um hlaðið, þegar þeir eru á heimleið. Það hefir þá oft borizt í tal um ferðalag þeirra hér á landi, og ég man ekki eftir einum einasta manni, sem hafi haft orð á því, að hann hafi orðið að borga hér of mikið fyrir nokkurn hlut eða á honum hafi verið okrað á einn eða annan hátt. — Það er talið hér í grg., að það séu um 200 þúsund kr., sem landinu berast árlega frá útlendum ferðamönnum fyrir allskonar viðskipti. Því er haldið fram í sambandi við þetta og flaggað með það af hálfu hv. flm. frv., að sá útlendi gjaldeyrir, sem berst hingað til landsins, hafi ekki skilað sér til bankanna, og þess vegna á að hafa hendur í hári þessa gjaldeyris með þessari einokun. Ég hefi fyrir satt, að því hafi verið hrundið í hv. Ed., og ég staðhæfi, að það hafi verið gert, og ég vil skora á hv. frsm. hér í þessari hv. d. að gera þetta meira sannanlegt heldur en gert er í grg. Þar er ekki meira en lausar fullyrðingar, eins og um okrið, og sleggjudómur, eins og um túlkana og fararstjórana, sem hvorttveggja virðist vera slúður.

Í grg. er því meðal annars haldið fram, að samskonar ríkiseinokun og hér er verið að undirbúa eigi sér stað í 5 ríkjum í álfunni, þ. e. a. s. í Ítalíu, Rússlandi, Tékkóslovakiu, Þýzkalandi og Austurríki, og er komizt svo að orði, að þau hafi komið á hjá sér einkarétti um þessi efni í mismunandi myndum, en þeir fara svo ekki lengra út í það að skýra þessar mismunandi myndir. Nú er þetta villa, og var sýnt fram á það af hv. andmælendum frv. í hv. Ed., að það er ekki í fimm ríkjum, eins og hér er sagt, og ekki heldur í einu ríki, ekki einu sinni í Rússlandi, og því til sönnunar nægir að benda á, að samkv. ákvæðum 1. gr. á ríkisstjórnin ein að hafa rétt til þess að starfrækja skrifstofu fyrir erlenda ferðamenn. Engar aðrar ferðamannaskrifstofur fá að vera til við hliðina á þessu ríkisfyrirtæki. En í því landi, sem lengst gengur í þessu efni og mun vera fyrirmynd flm. frv., þar hefir ferðaskrifstofa ríkisins, Inturist, ekki einkarétt, og aðrar ferðaskrifstofur mega starfa þar, þótt Inturist hafi viss forréttindi. Um hin löndin, sem nefnd eru í grg. er ekki komið nálægt því að sýna fram á, á hvern hátt þessi einkaréttur er framkvæmdur — í Tékkóslovakiu, Þýzkalandi, Ítalíu og Austurríki. Ég vil nú beina því til hv. formælenda frv., að þeir segi hv. d. frá því, hvernig hún er þessi einokun í þeim löndum, sem ég nú nefndi. Ég hygg, að það muni vefjast fyrir þeim að sýna fram á, að það sé einokun á þessu starfi í Þýzkalandi, í Ítalíu o. s. frv.

Það er talsvert erfitt að sjá, að með þessari einokun, sem hér er farið fram á, verði eiginlega nokkur framför í því að gera Ísland aðgengilegt sem ferðamannaland, og það er nokkurn veginn áreiðanlegt, að ferðamennirnir sjálfir verða ekki neitt himinfallnir yfir því, þótt þeim sé sagt, að íslenzka ríkið ætli að einoka allan ferðamannastraum til landsins. Ég held þvert á móti, að ef um slíkt vitnaðist, þá mundi það fæla marga ferðamenn frá að koma hingað, sem annars hefðu komið, svo megn andúð er gegn allri ríkiseinokun í nærliggjandi löndum, og það meira að segja þar, sem sósíalistar ráða lögum og lofum í ríkisstjórn.

Ég gat þess áðan, að ferðamannaskipin, sem hingað koma, flytja langsamlega stærstu og mestu ferðamannahópana, sem til Íslands koma, og þessi skip eða þau félög, sem að þeim standa, hafa í mörg ár haft sína föstu umboðsmenn, og það er ekki sérlega líklegt, að þessi félög myndu hafa sömu umboðsmennina ár eftir ár, ef þeir okruðu á viðskiptamönnunum. Ef þau væru ekki ánægð með umboðsmenn sína, þá mundu þau skipta um og fá sér aðra, en það ber ekki oft við, og ég held, að ekki séu dæmi til þessa, að erlend ferðamannaskip hafi skipt um umboðsmenn hér, og ég þori að fullyrða, að það hafi aldrei komið fyrir. Það að erlendu félögin skipta ekki um umboðsmenn sína og halda samböndunum við þá, ber vott um, að viðskiptin hafi ekki verið þeim á móti skapi, og þegar þessa er gætt í sambandi við annað, þá finnst mér það nokkuð hart af hinu háa Alþingi að gera löggjöf, sem bannar skipunum að skipta áfram við þessa viðskiptamenn sína.

Annars hafa sumir þeirra, sem talað hafa fyrir frv., haft mjög skrítna hugmynd um, hve víðtækt valdsvið þessarar stofnunar ætti að vera. T. d. sagði hv. frsm. frv. í hv. Ed., að ferðaskrifstofan ætti að regulera ferðamannastrauminn til

landsins!! Hún átti að segja þessum stóru gufuskipafélögum fyrir verkum. Eftir hugmynd þessa hv. frsm. átti ferðaskrifstofa íslenzka ríkisins að segja þessum amerísku, frönsku, þýzku, hollenzku og ensku gufuskipafélögum til um það, hvenær þær mættu senda ferðamannaskipin hingað til Íslands!! Það er ekkert óeðlilegt og sæmir vel öðru eins frv. að hafa þann frsm., sem heldur fram jafnmikilli vitleysu og það er, að ferðamannaskrifstofan geti haft áhrif á og „regulerað" ferðir gufuskipanna frá þeim sérstöku „línum", sem fara með skemmtiferðafólkið, ekki eingöngu til Íslands, heldur stóra hringferð, frá Íslandi til Spitsbergen og Noregs og síðan suður til Danmerkur og Mið-Evrópu.

Annars er ég ekki frá því, eins og ég sagði áðan, að það gæti verið full hætta á því, að ríkiseinokun hefði fælandi áhrif á ferðamannastraumurinn hingað til landsins. Það er aðgætandi, að ekki eru allir útlendingar eins ginkeyptir fyrir þjóðnýtingu eins og hið íslenzka framsóknar- og jafnaðarmannalið. Við höfum á undanförnum árum fengið ýmsa löggjöf um þjóðnýtingu í ýmsum myndum innanlands, og náttúrlega er það á valdi þingmeirihluta að einoka ýmsar verzlunargreinar og starfsgreinar fyrir landsmenn sjálfa. Ríkið á þegnana og þeir, sem fara með valdið, geta misbeitt því á ýmsan hátt og kúgað þegnana, eins og hv. þingmeirihluti gerir nú, án þess að þegnarnir fái rönd við reist í bili. Við eigum það við sjálfa okkur, hve mikið við viljum leggja á okkur af fjötrum í þessum efnum. En þessi aðferð horfir öðruvísi við mönnum, sem búsettir eru í öðrum löndum. Þingmeirihlutinn hefir ekki eins mikil tök á að keyra þá menn í einokunardróma mótmælalaust og möglunarlaust. A. m. k. getum við ekki komizt hjá þeirri gagnrýni, sem óhjákvæmilega hlýtur að verða víðsvegar um lönd hjá þeim mönnum, sem annars vita nokkuð um Ísland og taka eftir því, sem hér er að gerast. Þeir munu áreiðanlega veita því eftirtekt, þegar búið er að innleiða hér ríkiseinokun á ferðamönnum þeim, sem til landsins koma. Þess vegna er full ástæða til þess að vara við að beita einokunaraðferð gagnvart útlendum ferðamönnum, sem til landsins koma, ef við viljum græða á þeim peninga, þó ekki tjái að vara við þeirri einokunarherferð, sem þingmeirihlutinn hefir hafið á hendur landsmönnum sjálfum.

Ég sá fyrir skömmu grein í Morgunblaðinu, sem rituð er af manni, sem í fleiri ár hefir staðið að því að taka á móti ferðamönnum, og er þetta mál tekið þar til gagnrýni.

Þessi maður, sem er hr. Björn Ólafsson, sýnir fram á, hve rangar þær ásakanir eru í garð ferðaskrifstofu þeirrar, sem hér hefir starfað, sem koma fram í grg. fyrir frv. því, sem hér um ræðir. Í sambandi við þessa ritgerð hr. Björns Ólafssonar vil ég taka fram áður en ég vitna þar í einstök atriði eftir honum, að hann hefir staðið með mikilli prýði fyrir móttöku erlendra ferðamanna, og hefir hún verið í alla staði ólastandi. Hefir Björn staðið fyrir ferðaskrifstofum Heklu, og hefir því langa reynslu af því að taka á móti og leiðbeina ferðamönnum. Hann segir, eins og ég hefi bent á, að fyrir þessu frv. séu færðar fjórar veigamiklar ástæður. Fyrst minnist hann á það, sem flm. frv. telja, að geri það nauðsynlegt, að ríkisvaldið beiti sér fyrir því að hæna ferðamennina að. Hann segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Í grg. frv. er líka leitast við að draga fram ástæður fyrir þessu, og þær eru í aðaldráttum þessar:

1. Ríkisrekstur er hið eina fyrirkomulag, sem tryggir það, „að unnt verði að einbeita sér í málinu, sem þörf er á. Þessi einkaréttur skrifstofunnar til sliks starfs er á engan hátt eins dæmi". Er bent á, að sama skipulag sé í Rússlandi, Tjekkóslóvakíu, Austurríki, Þýzkalandi og Ítalíu.

2. Menn láta undir höfuð leggjast að skila gjaldeyrinum inn til bankanna.

3. „Orð leikur á", að erlendum ferðamönnum sé seldur greiði og farartæki hóflausu verði. „Úr þessu verður naumast bætt, eins og háttar til hér á landi, nema með því að sérstök ríkisstofnun taki málið í sínar hendur".

4. Ferðamannastraumurinn til landsins þarf að aukast. Til þess þarf margskonar auglýsingar- og kynningarstarfsemi, sem einstaklingar hafa ekki bolmagn til að kosta. Þess vegna þarf ríkið að taka verkefni þetta í sínar hendur.

Eins og sjá má af þessu, eru rökin fyrir nauðsyn þessa skipulags ekki eins þung á metunum og ætla mætti. Ekkert af ofangreindum atriðum bendir á nokkra höfuðnauðsyn. Og það, sem meira er um vert, sum af rökunum hafa við enga stoð að styðjast. Þau eru byggð á misskilningi og ókunnleika.

Um fyrsta atriðið er það að segja, að slíkt skipulag á ferðamannastarfsemi á hvergi sinn líka í nokkru landi í heiminum. Rússland er eina landið, sem hefir ríkisrekstur á þessari starfsemi. En þó er frjálsræðið svo mikið meira í þessum efnum í Rússlandi en það verður á Íslandi eftir að frv. er orðið að lögum, að í Sovjetríkjunum geta ferðaskrifstofur starfað í sambandi við ríkisskrifstofuna „Intourist", en á Íslandi verður slíkt bannað. Margir hafa trúað því til þessa, að ekki væri hægt að ganga lengra í ríkisrekstri en gert er í Rússlandi. Mikil börn eru þeir, sem slíku hafa trúað. En út á þessa braut hefir jafnvel Rússland ekki þorað að leggja. Ekkert hinna landanna, sem nefnd eru til fyrirmyndar, hafa ríkisrekstur í nokkurri mynd á ferðamannastarfsemi. Sú staðhæfing í grg. er röng og stafar vafalaust af ókunnleika, eins og auðvelt er að sanna.

Um annað atriðið, þar sem mönnum er borið á brýn, að þeir hafi ekki skilað gjaldeyrinum, þarf ég ekki að vera langorður. Hefir áður verið sýnt fram á og sannað, að slík aðdróttun er með öllu ómakleg og á sér ekki stoð í veruleikanum.

Um þriðja atriðið, „okrið" á erlendu ferðamönnunum, hefir svo lengi og oft verið ritað í stjórnarblöðunum, að gengið hefir ofsóknum næst. Hafa blöð þessi verið með fullyrðingar um, að verðlag á því, sem útlendingum er selt hér, sé svo hátt, að þjóðinni væri það bæði til vansæmdar og skaða. Þeir menn, sem sakaðir hafa verið um þetta, hafa sjaldan reynt að bera hönd fyrir höfuð sér og látið sig litlu skipta

gífuryrðin, róginn og svívirðingarnar. Þögn þeirra hefir verið skilin svo af mörgum, að allt sé rétt, sem á þá er borið. Þetta atriði um okrið, er ein aðaluppistaðan fyrir skipulagningunni. En einnig þetta hefir við engin rök að styðjast.

Allir þeir erlendu ferðamenn, sem hingað koma með millilandaskipunum, hafa tækifæri til að ferðast hér í fjóra daga fyrir £1:15:0 eða kr. 38.75 á mann. Verð þetta er prentað í ritlingum, sem ferðamönnum eru gefnir og verður því ekki rengt. Það, sem ferðamennirnir fá fyrir nefnda fjárhæð, er þetta. Fyrsta daginn er þeim sýnt allt hið markverðasta í borginni. Annan daginn er farið með þá til Grýtu og Gullfoss og gist um nóttina að Laugarvatni. Þriðja daginn er farið til Þingvalla og komið til Rvíkur um kvöldið. Fjórða daginn er farið til Hafnarfjarðar. Annan og þriðja daginn er þeim séð fyrir fæði og gisting. Leiðsögumaður er með *þeim alla dagana.*

Ef reynt er að gera sér grein fyrir, hvort hér er verið að féfletta ferðamennina með hóflausu verði, virðist liggja beint við að athuga, hvað slíkt ferðalag mundi kosta Íslendinga sjálfa með því að ferðast á ódýrasta hátt, en það er með áætlunarbílum. Þá verður útkoman þannig:

Geysir, 1 sæti fram og aftur	kr.	16.00
Þingvellir, 1 sæti fram og aftur	—	6.00
Laugarvatn (frá aðalveginum)	—	2.00
Hafnarfjörður	—	1.00
Gisting og matur að Laugarvatni	—	10.00
Matur á Þingvöllum	—	3.50
Matur á leiðinni	—	2.00
	Kr.	40.50

Þetta er útlendingum selt hér á kr. 38.75, og auk þess fá þeir leiðsögu ókeypis í fjóra daga, að ógleymdri fyrirhöfn þeirra manna, sem sjá um þessa framkvæmd. Eftir þessu, sem að ofan greinir og ekki verður hrakið, geta útlendingar ferðast á umræddri leið ódýrar en landsmenn sjálfir. Þetta er sorgleg staðreynd fyrir þá, sem *heimta ríkisrekstur á ferðastarfsemi til* þess að vernda útlendinga gegn okri".

Ég hefi talið nauðsynlegt að láta þessi rök koma fram, til þess að staðfesta það, sem ég hefi áður sagt, því þar sem er Björn Ólafsson, talar maður, sem hefir fulla þekkingu á þessum málum. — Það er annars eftirtektarverð og sorgleg staðreynd, að fullyrðingar og staðleysur eins og í þessari grg. skuli vera bornar fram opinberlega aðeins sem rógur vegna öfundar til þeirra manna, sem aðallega hafa haft með höndum að taka á móti ferðamönnum undanfarandi ár.

Ég hefi nú ef til vill að sumra dómi notað *nægilegan tíma í þessa fyrstu ræðu, en mér hefir* þótt rétt að benda á, eins vel og unnt er, þær stóru veilur, sem eru á því að einoka ferðamannastrauminn til landsins. En ég hefi gert það fyrst og fremst vegna þess, að ég er sannfærður um, að það er komið fram af óheiðarlegum hvötum með aðdróttunum til þeirra manna, sem farið hafa með þessi mál, eins og grg. frv. öll ber vitni um, en náði þó hámarki hjá frsm. málsins í Ed.

Þó ekki sé um stóra upphæð að ræða, ca. 200 þús. kr. í erlendri mynt, sem talið er, að ferðamennirnir skilji eftir í landinu, er ekki gerandi leikur að því með heimskulegum og illgjörnum lagasetningum að fæla meiri eða minni hluta þeirra frá að koma til landsins og hafa þannig af þjóðinni þær tekjur, sem hún annars mundi hafa af útlendum ferðamönnum.

Það er ábyggilegt, að þetta mál er ekki meðal þeirra mála, sem þjóðin telur nú mestu skipta. Það kann að vera, að það sé áhugamál einhverrar *kliku hér í Rvík*, sem vill troða sér eða sínum nánustu inn í eitthvert starf í skjóli þess, en það er áreiðanlega þjóðinni ekkert áhugamál. Fulltrúum þjóðarinnar ber skylda til, jafnvel þó þetta sé í upphafi skoðaður hégómi, að forða þjóðinni frá því, að svona skaðræðislöggjöf sé sett, sem bæði verður til þess að skaða álit landsins út á við og bægja ferðamannastraumnum frá landinu.

Jakob Möller: Ég hafði kvatt mér hljóðs í gær í þessu máli, en eftir þessa ýtarlegu og ágætu ræðu hv. þm. Vestm. hefi ég ekki fleiri rök að færa fram í málinu heldur en hann hefir tekið fram, og sé því ekki ástæðu til þess að endurtaka þau, en fell frá orðinu.

Emil Jónsson: Hv. þm. Vestm. hefir nú flutt hér langt mál og að sögn hv. 3. þm. Reykv. ýtarlegt og gott. Það er því e. t. v. ekki þörf að bæta þar miklu við, en þar sem hv. þm. skoraði á formælendur frv. að bera fram sínar skoðanir og rök til stuðnings málinu, get ég ekki látið hjá líða að segja nokkur orð.

Það er öllum ljóst, og áreiðanlega bezt þeim, sem mestar hafa haft af því tekjurnar, hve feikna mikla peninga mikill ferðamannastraumur gæti flutt inn í landið. Aðrar þjóðir hafa opin augun fyrir þessu. Noregur, Danmörk og Svíþjóð, og margar aðrar þjóðir, reka sérstaka útbreiðslustarfsemi til þess að kynna lönd sín. Er nú svo komið, að Norðmenn hafa 30—40 millj. kr. tekjur af ferðamönnum í þjóðarbúið. Er það nú orðinn 4. stærsti atvinnuvegur þjóðarinnar eða fyllilega eins og allur fiskiiðnaðurinn, sem gefur um 37—38 millj. kr. tekjur.

Þetta hefir að vísu orðið án ríkisreksturs fyrir ötula útbreiðslustarfsemi, sem ríkið hefir þó tekið stórfeldan og margvíslegan þátt í, sem ég get ekki farið út í að skýra hér. Eins og hv. þm. hlýtur að vera kunnugt, ef hann hefir nokkurt vit á að tala um þessi mál, þá halda flest lönd uppi stórfeldri auglýsingastarfsemi til þess að kynna land sitt, náttúrufegurð þess, samgöngur, menningu o. fl. T. d. eyða járnbrautarfélögin *í Danmörku og Noregi* tugum og hundruðum þús. kr. í þessu skyni, svo þeir telja það ekki lítils virði.

Ég skal aðeins nefna eitt dæmi, sem alls ekki er gripið úr lausu lofti, eins og hv. þm. virðist halda um þetta mál allt, um það, hve höndulega Íslendingum hefir tekizt sín auglýsingastarfsemi. Fyrst þegar leitað var eftir því, hvort Eimskipafélag Íslands hefði ekki interessur fyrir að auka ferðamannstrauminn var svarið á þann hátt, að ég verð að segja, að mér kom

það alveg á óvart. Nú hafa skipin svipaða þýðingu fyrir okkur og járnbrautirnar í öðrum löndum. Og maður skyldi því ætla, að félagið væri álíka áhugasamt um auglýsingastarfsemina og járnbrautirnar eru þar. — En svarið var: „Blessaðir verið ekki að auglýsa landið, við höfum ekki skipakost til þess að flytja fleiri menn en nú ferðast". Þetta lýsir svo megnri kyrrstöðu og íhaldi, að það má ekki líðast. Það er ekki hægt að takmarka ferðamannastrauminn á hverjum tíma við skipakost eins félags. Ef félagið vill ekki styðja jafn þarft mál og meta þar, sem vert er, hag landsins, verður á annan hátt að útvega aukinn og nýjan skipakost.

Það má vel vera, að ég sé fáfróður um þessi mál, en hv. þm. Vestm. sitji þar inni með alla vizku. Og ég vil því benda honum á eitt fyrirbrigði í viðbót, sem ég skora á hann að skýra. Á síðastliðnu sumri voru 150 piltar í Ameríku, sem ætluðu að komast til Íslands, búnir að semja um ferð til Englands, en þá var enginn skipakostur til þess að flytja þá hingað. Nú vil ég skora á hv. þm. Vestm. að skýra það, ef hann getur, hvernig þessi tvö fyrirbrigði, sem ég hefi nefnt, geta orðið til þess, að hróður okkar vaxi í öðrum löndum, eða til þess að auka ferðamannastrauminn til Íslands. Í nágrannalöndum okkar, þar sem ég þekki bezt til, Danmörku og Noregi, kosta ríkin að miklu leyti auglýsingastarfsemi til þess að auka ferðamannastrauminn. Í Danmörku hefir ríkisvaldið tekið á sína arma forstöðu ferðaskrifstofu, sem organiserar túristalífið. Einkaleyfi (monopolvirksomhed), sem nál. talar um, eru starfrækt í öllum þeim 5 löndum, sem þar eru nefnd. Ég veit ekki til, að annað sé tekið upp í nál. en það, sem haft er eftir prentuðum heimildum, og hægt er að sanna frekar, ef óskað er. Norðmenn hafa t. d. leyft sér að kalla þetta „monopol" í nýútkomnu norsku nál. um ferðamannamálið. Ég vil því skora á þennan hv. þm., sem þykist sitja hér inni með alla vizku, að sanna, að þar sé nokkuð sagt ósatt. T. d. um, hvað Danir leggja mikið upp úr auglýsingastarfseminni í þessu efni má nefna, að þar hefir verið rætt um að ríkið starfrækti kvikmyndahús á bezta stað í Kaupmannahöfn, og yrði tekjunum af því eingöngu varið til auglýsingastarfsemi og annars, sem örvað gæti ferðamannastrauminn til landsins. Ef þetta eru ósannindi, þá afsannar hv. þm. Vestm. það, ef hann veit betur.

Hér verður að koma til íhlutun ríkisvaldsins til þess að koma á þessi mál föstu skipulagi, eins og hv. frsm. málsins í Ed. tók fram. Það hefir sýnt sig, að þeir menn, sem standa að Eimskipafélaginu og ferðaskrifstofunni, hafa ekki áhuga á því að auka ferðamannastrauminn hingað,heldur hafa óskað eftir, að landið væri ekki auglýst, svo þeir ekki lendi í vandræðum með að flytja fólkið til landsins.

Þá má minna hv. þm. á, að ein ástæðan fyrir frv. er sú, að sú valúta, sem inn hefir komið með ferðamönnunum, hefir ekki komið til skila nema að litlu leyti. Hingað kemur margt manna, sem dvelur hér um lengri tíma, auk þeirra, sem hér koma með hinum stóru „fljótandi hótelum", sem lítið skilja hér eftir annað en fargjöld með bílum. Í sumar var af gjaldeyrisnefndinni farið fram á það við bankana, að þeir hefðu sérstaka móttöku fyrir ferðamenn, til þess að skipta erlendum gjaldeyri. Þetta gerði landsbankinn, en þar komu inn aðeins 8 þús. kr. í allt, að því er mér hefir verið sagt, þó einn 7 manna bíll sé leigður fyrir 100 kr. til Þingvalla, og ættu því stundum að koma inn meira en 8 þús. kr. á einum degi.

En hvað verður af þeim peningum, á hv. þm. eftir að upplýsa, úr því að þeir hafa ekki komið til Landsbankans. (JJós: Auðvitað er þetta lýgi með 7 manna bílinn, og á hv. þm. eftir að sanna þau ummæli). Ég hefi nú gefið hv. þm. nóg úrlausnarefni í bráðina, og er bezt fyrir hann að leysa fyrst úr þeim.

Þá hefir verið vikið að því, að það væri ekki alltaf sem ákjósanlegast, hvernig túlkar færu með ferðamenn um landið. Ég þekki nokkur dæmi þess, hvernig þeir fara með ferðamenn. Þegar þeir koma með þá til Hafnarfjarðar, sýna þeir þeim einna helzt það, sem gamaldags er og úr sér gengið. Þeir fara og með þá ofan á bryggjur og sýna þeim fiskhúsin. En aldrei er farið með ferðamennina á þá staði þar, sem útsýnið er fegurst. Maður nokkur hefir sagt mér af því, er hann eitt sinn kom gangandi niður Almannagjá, þegar verið var að sýna hóp af útlendingum gjána og Þingvöll. Þessi maður sagði mér, að hann hefði hugsað sér að taka nú eftir, hvernig þessu fólki væri sýndur þessi fagri sögustaður. Fylgdarmaðurinn fór með ferðamennina upp á Lögberg og hélt þar um 10 mínútna ræðu. Svo var strax farið til Rvíkur aftur. Ég skal færa sannanir fyrir þessu, ef óskað er.

Hv. þm. Vestm. talaði um skýrslu Björns Ólafssonar. En ég hefi hér aðra skýrslu, þar sem líka er frá því skýrt, sem hv. þm. gerði að umtalsefni. Þessi skýrsla er frá ferðamannaskrifstofu Cook's, sem gefur út á hverju ári slíka skýrslu um kostnað við ferðir útlendra ferðamanna hingað til lands. Skýrsla þessi er frá 1931, og má vera, að fargjöld hafi eitthvað lækkað síðan. Þar stendur, að ferð til Íslands frá Leith kosti kringum 475 kr. Ef fargjaldið með skipi fram og til baka er dregið frá, sem er um 270 kr., verða eftir 200 kr., sem er kostnaður við ferðir hér á landi í 4 daga. 50 kr. koma þá á hvern dag. Næst kemur ferð frá Hamborg eða Hull, sem kostar £54.15 sh, sem er um 1210 kr. Sú ferð er áætluð með 10 daga viðdvöl hér á landi. Þegar búið er að draga fargjald með skipi frá, verða eftir 940 kr., sem er kostnaður við veru og ferðir hér á landi, meðaltalskostnaður á dag 94 kr. Ég gæti nú hugsað mér, að hægt væri að hafa fararbeina og annan greiða ódýrari en þetta fyrir útlenda ferðamenn. Síðast á þessari skýrslu eru ferðir frá Leith, þar sem gert er ráð fyrir 15 daga viðdvöl hér á landi. Þær ferðir kosta £72.5 sh., sem er kringum 1600 kr. Að frádregnu fargjaldi með skipi um 1330 kr., eða sem næst 89 kr. fyrir hvern dag, sem dvalið er hér á landi.

Þetta er nú tekið fyrir að fara með útlenda gesti um næsta nágrenni Rvíkur og Borgarfjörð árið 1931.

Í þessum bækling, sem ferðaskrifstofa Cook's hefir gefið út, eru myndir með skýringum frá Danmörku, Noregi og Svíþjóð, en engar frá Íslandi. Ég álít, að helzt ættu að vera myndir frá Íslandi líka og lýsingar um landið í svona bæklingum, sem ferðaskrifstofur gefa út.

Ég gæti tínt margt fleira til, ef ég vildi. En ég þykist hafa gert það, sem hv. þm. Vestm. skoraði á mig að gera, ef ég gæti, að sanna, að ferðir hér á landi og allur greiði í heild sé gerður útlendum ferðamönnum dýrari en þörf er á. Sé ég svo ekki ástæðu til að hafa um þetta fleiri orð, nema að svara því, sem hv. þm. Vestm. sagði síðast, svara orðum, sem honum einum eru samboðin og hann ber ábyrgð á. Hann sagði, að frv. þetta væri mest byggt á öfund og rógi. Ég hefi svolítið verið við samningu þessa frv. riðinn. En ég hefi aldrei orðið var við öfund eða róg sem hvatir til þess að koma fram með þetta frv. Mér er sama, hvort hv. þm. Vestm. trúir þessu eða ekki. Það er líka rangt, að frv. sé komið fram af miður hreinum hvötum. Ég skora á þennan hv. þm. að sanna, ef hann getur, að frv. þetta sé fram komið af óhreinum hvötum af minni hálfu, og segja til, hvaða óhreinu hvatir hafi mér þar gengið til. Þá sagði þessi hv. þm., að hér væri verið að undirbúa heimskulega og illgjarna lagasetningu, að haft væri fé af þjóðinni með þessu móti og að hér mundi eiga að setja l. til þess, að hægt væri að troða vildarmönnum stjórnarflokkanna í embætti. Hann sagði og, að engin áhugi væri fyrir þessari löggjöf hjá þjóðinni. Það er þó a. m. k. ein stétt manna, sem hefir áhuga fyrir þessu máli, og það eru bílstjórarnir. Þeir hafa mikinn áhuga fyrir því, að þeir fái a. m. k. að gera tilboð í að flytja útlenda farþega. Það er sagt, að bílstjórum hafi verið neitað um að gera tilboð í að flytja útlenda ferðamenn — ekki einasta að flytja, heldur að gera tilboð um að flytja þá. Af hverju skyldi það hafa verið? Hv. þm. Vestm. getur líklega útskýrt það af vísdómi sínum.

Ég sé svo ekki ástæðu til að fara frekar út í að rekja einstök atriði í ræðu þessa hv. þm. Gæti ég þó gefið ýmsar fleiri upplýsingar, ef ástæða reyndist til þess síðar. En höfuðatriði þessa máls eru þessi. Það þarf að vera einhver sterk central organisation, til þess að auglýsa landið út á við og koma því til vegar, að þeir menn, sem sjá þær auglýsingar, geti átt kost á að komast til landsins til að ferðast um það. Síðan, að þeim sé veitt sú fyrirgreiðsla í landinu, sem viðunandi sé og á þann hátt, að þeir þurfi ekki að borga hana yfir viðunandi verði. Í þriðja lagi til þess, að banki hérlendis fái þá valútu, sem inn kemur fyrir þessi ferðalög. Og í fjórða lagi til þess að farið sé með ferðamenn á þá staði hér á landi, sem fagrir eru og yfirleitt hafa það til að bera, sem vert er að sýna ferðamönnum.

Vænti ég nú, að hv. þm. Vestm. reyni að finna betur orðum sínum stað í síðari ræðu sinni en þeirri löngu ræðu, sem hann hélt hér í kvöld, þar sem hann sló fram svo mörgum einskisverðum fullyrðingum, sem ég nú hefi hrakið.

Jóhann Jósefsson [óyfirl.]: Ræða mín í kvöld hefir komið illilega við kaun þessa hv. nm. úr skipulagsn., sem hér talaði síðast, og ég verð að biðja hann afsökunar á því, þó að ég komist ekki upp í þriðja veldi reiðinnar, þegar ég svara honum, eins og hann virtist jafnvel vera kominn fast að að sleppa sér í, af ósköpum yfir ræðu minni. — Ég ætla þá að byrja á að svara því, sem hv. þm. sagði núna síðast í sambandi við það, hvaða áhugi væri fyrir þessu máli hjá þjóðinni. Hann sagðist vita af einni stétt manna, sem hefði sérstakan áhuga fyrir því, að ferðaskrifstofa kæmi hér upp. Ég vil nú spyrja, svona í meinleysi: Eru það ekki bílstjórar, sem stýrt hafa bílunum, sem útlendir ferðamenn hafa verið fluttir í um landið? Þegar þess vegna hv. þm. talar um, að bílstjórar hafi áhuga fyrir því, að þetta mál komist í gegn á þinginu, þá lætur hann undan falla að bæta við, að þetta séu einhverjir sérstakir bílstjórar. Það getur verið veigamikil ástæða fyrir því, að áliti hv. þm. Hafnf., að setja þessa löggjöf, að einhverjir sérstakir bílstjórar vilji fá þessari breyt. komið á, og þeir vilji fá að aka þessum bílum, sem flytja á ferðamennina í. En ég fullyrði, að engin ástæða er fyrir þessu frá almennu sjónarmiði. Vitaskuld hefir fjöldi bílstjóra haft atvinnu af því undanfarin ár að flytja útlenda ferðamenn um landið. En þó að einhver sérstakur hópur bílstjóra krefjist þess, að hv. þm. Hafnf. komi á fót skrifstofu þeirra vegna, þá er slíkt ekki alþjóðarnauðsyn, heldur er það óframbærilegt. En ef svo hefði staðið á, að átt hefði að taka til þess að flytja útlenda ferðamenn aðra menn en venjulega bílstjóra, að öðrum kosti, ef þessari skrifstofu ekki væri komið upp, þá hefði verið eðlilegt, að bílstjórar hefðu risið upp og heimtað breytingu þar á. En nú er engu slíku til að dreifa.

Það kemur ekki spor við mig, þó hv. þm. Hafnf. sendi mér svívirðingar persónulega. Það snertir mig ekkert fremur nú en fyrr. Og þrátt fyrir þessa framkomu hans, mun ég alveg eins hér eftir sem hingað til segja honum álit mitt um mál nokkurn veginn umbúðalaust.

Nú játaði þessi hv. þm., að hann væri höfundur að þessu frv. Ég vissi það ekki vel áður. En hafi hv. þm. Hafnf. ætlað að slá sig til riddara með einhverju móti, þá hefði hann ekki átt að velja til þess þetta mál.

Mér dettur ekki í hug að rengja, að hv. þm. hafi lesið rétt upp úr bæklingnum frá ferðaskrifstofu Cook's, sem hann var með. En þetta var frá 1931. Og í öðru lagi er þess að gæta, að það er alls ekki taxti bílstjóra í Rvík, sem hv. þm. vitnaði í, heldur var hann að tala um heildarupphæðir, sem ferðaskrifstofa Cook's í London setur upp fyrir mismunandi ferðir til Íslands með enskum skipum, þar sem enginn Íslendingur á hlut að máli, nema að vinna fyrir þessa menn, þegar þeir koma hingað. Ég hygg því, að þessar tölur, sem hv. þm. les hér upp, séu ekki sérlega vel til þess fallnar að undirbyggja það, sem haldið er fram í grg. frv., að Íslendingar reki eitthvert sérstakt okur í sambandi við fyrirgreiðslu þessara ferðamanna. En hv. þm. Hafnf. kemst ekki fram hjá því, að

þessu frv. er raunverulega stefnt gegn þeim mönnum, sem atvinnu hafa haft af því að taka á móti útlendum ferðamönnum og leiðbeina þeim um landið. Ég býst ekki við, að þessi hv. þm. hugsi sér að stefna þessu frv. gegn ferðaskrifstofu Cook's. Heldur ekki er því stefnt að Sameinaða gufuskipafél. (**EmJ**: Þetta var Eimskipafélagstaxti). Það mun vera svipaður taxti hjá þessum félögum. — Lestur þessa hv. þm. sannar ekki, að hér á landi sé tekinn óhæfilega hár taxti við flutninga með bílum. Ég hefi að vísu engan bækling til að lesa upp úr. En ég hefi séð í skipi, sem gengið hefir á milli Hamborgar og Íslands til þess að flytja ferðamenn, skýrslu um fargjöld, sem lá þar frammi, og gefin var út í Englandi. Þá taxta, sem þar voru gefnir upp, kannaðist ég við úr skýrslu Björns Ólafssonar, og þessi skýrsla sannar, að Björn Ólafsson fer með rétt mál. Þessir taxtar voru gefnir upp í Englandi með þessum áðurnefndu skýrslum, eftir upplýsingum frá mönnum eða skrifstofum hér í Rvík, skrifstofum, sem þessi hv. þm. vill leggja að velli með þessu frv. og þeirra starfsemi.

Þá sagði hv. þm. í sambandi við valútuna, að þessi nýstofnaði kontór í Landsbankanum hefði fengið aðeins 8 þús. kr., fyrir 6—8 ferðir skemmtiskipa hingað til lands, af erlendum gjaldeyri. Í þessu sambandi taldi svo hv. þm., að útlendir ferðamenn hafi þurft að borga 100 kr. fyrir ferð í bíl austur á Þingvöll. Nú vil ég spyrja hv. þm., hvort hann hafi nokkurn reikning í höndum frá mönnum, sem borgað hafa 100 kr. fyrir bíl austur á Þingvöll. Hv. þm. hefir svona sína eigin trú um þetta atriði. Þessi taxti ferðaskrifstofu Cook's sannar alls ekki, að Íslendingar hafi fengið ofborgað það, sem þeir hafa gert fyrir útlenda ferðamenn. Í þeim töxtum, sem ferðamannaskrifstofur gefa svona upp, er tiltekið, fyrir hvað þær selja t. d. 12—14 daga ferðalög eða hvað marga daga svo sem þau taka. Og þetta gjald er greitt í einu lagi fyrir ferðina, þar sem allt er innifalið í. Þessi tölulestur hv. þm. er því ákaflega veik sönnun fyrir því okri, sem hann heldur fram í grg., að hér hafi verið haft í frammi.

Viðvíkjandi einokuninni í sambandi við frv. var hv. þm. að vitna í eitthvað, sem ætti sér stað í Þýzkalandi og hann kallaði monopolvirksomhed. Hann vildi láta þetta vera sönnun þess, að svipað eða sama fyrirkomulag ætti sér stað þar eins og gert er ráð fyrir í þessu frv. Ég hefi haldið því fram, að það sé rangt, að sama fyrirkomulag og gert er ráð fyrir í þessu frv., sé á þessum hlutum í nokkru öðru landi. Ég skora á hv. þm. Hafnf. að sanna, að það sé beitt einokun við túrista í nokkru þessara landa, sem hann hefir verið að ræða um eða í nokkru landi yfirleitt. Ef einokun er á þessu í Þýzkalandi, hvernig stendur þá á því, að fjöldi ferðamannaskrifstofa starfar þar í hverri einustu borg, norskar, sænskar, amerískar og rússneskar og frá fleiri löndum? Ef einokun væri á þessum hlutum í Þýzkalandi, þá væru þessar ferðaskrifstofur þar ekki allar opnar. Í engu þessara landa, sem nefnd hafa verið í sambandi við þetta mál nú við þessa umr., hefir ríkið sett á stofn ferðaskrifstofu nema í Rússlandi, með því þó að útiloka ekki aðrar ferðaskrifstofur. En hér vill hv. þm. Hafnf. setja á stofn algerða einokunarstarfsemi á þessu sviði, sem algerlega á að útiloka aðrar ferðaskrifstofur. Ég get náttúrlega ekki sannað þetta um erlendar ferðaskrifstofur hér sem ég stend. Ég get ekki draslað Cook's eða Bennett's ferðaskrifstofum hingað inn, fram fyrir nefið á hv. þm. Hafnf. En það vita menn, að t. d. Unter den Linden í Berlín eru þessar ferðaskrifstofur og ýmsar fleiri.

Hv. þm. Hafnf. talaði um bureau í Þýzkalandi. Þessi bureau í Þýzkalandi selja farmiða í allar heimsins álfur. (**EmJ**: En innan Þýzkalands?). Sumar af þeim selja líka farmiða innan Þýzkalands. Hv. þm. þarf ekki að fara nema til Danmerkur til þess að geta fengið farmiða til þess að komast um allt Þýzkaland fyrir þá. Og þetta gildir ekki aðeins um Þýzkaland, heldur öll lönd, að utan þeirra er hægt að fá keypta farmiða, sem hægt er að ferðast fyrir um þau þver og endilöng, með því að rífa úr þeim smámiða smátt og smátt, eftir því, sem greiða þarf á hverjum stað. Cook's og Bennett's ferðaskrifstofur eru þær almennu ferðaskrifstofur, sem selja farmiða, sem hægt er að fara með svo að segja í hvert einasta land og nota þá þar. Enda veit maður, að ferðamenn, sem hingað hafa komið til landsins, hafa verið útbúnir með farmiða frá Cook's ferðaskrifstofu t. d. fyrir ferðirnar til landsins og frá. Þeir hafa haft þetta allt tilbúið fyrir sig fram og ekki þurft að kaupa þetta hér.

Þá var hv. þm. að tala um þetta mikla afturhald hjá Eimskipafélagi Ísl. Já, það er náttúrlega mikið afturhald, að Eimskipafélagið segir eins og satt er, að það hafi ekki skip til að flytja mikinn túristastraum. En er hv. þm. svo mikið barn að halda, að Ferðaskrifstofa ríkisins — þessi fyrirhugaða — bæti nokkuð skipakost Eimskipafélags Íslands? — Hv. þm. talaði um það sorglega fyrirbrigði, að þegar ameríski „túristar" hefðu fengið löngun til þess að koma til Íslands, eftir að þeir voru komnir til Skotlands, þá hefði Eimskipafélag Íslands ekki viljað skaffa skip handa þeim. Það er spursmál, hvort það borgar sig að leigja heilt skip fyrir „túrista"-hóp, sem kemur til landsins einu sinni á ári. En hitt er annað mál, að það væri æskilegt, að skip Eimskipafélagsins hefðu meira farþegarúm, en þá yrðu þau líka að vera stærri eða að hafa minna lestarpláss. Það kostar allt peninga, og eins kostar það fé að halda skipunum í gangi, til þess að flytja ferðamenn, sem hingað koma, og þó að það sé mjög gagnlegt og arðberandi að auka heimsóknir erlendra skemmtiferðamanna hingað, þá er ekki sama, hverju til þess er kostað. Það, sem hv. þm. tók fram, að forstjóri Eimskipafélagsins hafi sagt, að það hefði enga þýðingu að vera að senda okkur fleiri erlenda ferðamenn en gert hefir verið, það getur forstjórinn jafnt hafa sagt í gamni sem alvöru, enda þótt hv. þm. tæki þetta í alvöru. En þessi orð forstjórans sanna það sem ég hefi áður sagt og allir vita, að á sumrin er svo mikið um ferðalög til útlanda af hálfu Íslendinga, að þau farþegaskip, sem hér um ræðir, ekki einungis

þau innlendu, heldur jafnvel einnig þau erlendu, fullnægja oft varla íslenzkum ferðamannastraum, hvað þá heldur erlendum.

Hv. þm. talaði af mjög miklum fjálgleik um þær tekjur, sem Norðmenn hefðu af ferðamannastraumnum, og taldi hann, að þessar tekjur gætu skipt millj. króna. Einnig minntist hann á Danmörku og fleiri nálæg lönd, sem gerðu ýmsar opinberar ráðstafanir og veittu opinbert fé til þess að auka ferðamannastrauminn til þessara landa. Ég vil minna hv. þm. á það, að ég hefi aldrei verið mótfallinn slíkum ráðstöfunum hér hjá okkur í sjálfu sér. Ég tók það þvert á móti fram í minni fyrri ræðu, að þau ákvæði þessa frv., sem hér liggur fyrir, er miða að því að hæna hingað erlenda ferðamenn með upplýsingastarfsemi, væru mjög gagnleg. En það þarf bara ekki að vera ríkiseinokun á þessari starfsemi. Það er einmitt höfuðgallinn á þessu frv., að það gerir ráð fyrir slíkri ríkiseinokun, sem við sjálfstæðismenn erum algerlega mótfallnir. Þessu höfuðatriði gleymir hv. þm., þegar hann er að gera samanburð á okkur og Norðmönnum í þessu efni, því að þeir gera það, sem rétt er og skynsamlegt í þessu efni, en láta hitt aftur á móti ógert, sem er aðalatriðið hjá hv. þm. Hafnf., sem sé ríkiseinokunina á þessari starfsemi. Ég fyrir mitt leyti skyldi vera því mjög fylgjandi, að varið væri opinberu fé og miklum kröftum til þess að auglýsa landið út á við og auka ferðamannastrauminn til landsins, en ég sé ekki, að við höfum ráð á því að skylda Eimskipafélag Íslands til þess að leigja farþegaskip í þessu skyni, því að þessi ferðamannastraumur nær aðeins yfir kringum tveggja mánaða skeið, eins og kunnugt er; hinn tíma ársins leggst ferðamannastraumurinn hingað niður. Það má vera, að sú „centralorganisation", sem hv. þm. var að tala um, gæti komið að gagni, og hún getur það sennilega bezt með því að styðja að þeirri starfsemi, sem smátt og smátt hefir þróazt hér á landi, með því að styðja að þeim litla vísi, sem hér er fyrir í þessu efni og taka sem bezt á móti og leiðbeina erlendum ferðamönnum, en ekki með því að fæla ferðamannastrauminn frá landinu, en það er vitanlega það, sem hv. þm. Hafnf. berst fyrir með oddi og egg að koma á kné, eins og öllum er kunnugt, að kippa fótunum undan slíkum fyrirtækjum og koma þeim undir ríkið.

Dæmi hv. þm. um illa meðferð á erlendum ferðamönnum, sem hingað koma, áttu víst að vera til þess að sýna fram á, hversu litilfjörlegir menn hafi verið valdir sem leiðsögumenn fyrir erlenda ferðamenn. En þessi dæmi hv. þm. benda alls ekki til þess, að ferðamenn, sem hingað koma, sæti vitund verri viðtökum eða meðferð en tíðkast hefir í erlendum ferðamannalöndum. Ég geri ráð fyrir, að hv. þm. hafi orðið þess var, þegar hann hefir dvalið erlendis, að sú tegund ferðafólks, sem er þannig hugsandi, að það vill sjá þetta og hitt, vill geta sagt, að það hafi t. d. séð pýramídana í Egyptalandi, Niagarafossinn og Geysi o. s. frv., sætir alveg samskonar meðferð hér eins og annars staðar. Ég fyrir mitt leyti hefi oft verið sjónarvottur að því, að leiðsögumaður ferðamanna erlendis hefir haldið stuttan fyrirlestur fyrir heilan hóp ferðamanna, ekki í 10 mínútur, heldur 2—3 mínútur um hitt eða þetta minnismerki, og svo rokið með allan hópinn í burtu að þessu loknu. Mér hefir dottið í hug, þegar ég hefi séð þetta, að menn væru litlu bættari eftir slíka fyrirlestra, og þar sem sú tegund, sem hér um ræðir, leggur mesta áherzlu á að hafa séð nafntogaða merkisstaði, eins og t. d. Þingvelli, Geysi og Gullfoss, þá get ég ekki skilið, að það sé neitt afskaplegt, þótt haldnar séu stuttar ræður á Þingvöllum fyrir ferðafólk. En svo er auðvitað til önnur tegund af þessum ferðamönnum, sem láta sér ekki slíka leiðsögu lynda, en ferðast á allt annan hátt og hafa sérstaka leiðsögumenn, sem eru verulega valdir menn, er geta gefið ýtarlegar og nákvæmar upplýsingar um ýmsa merkilega sögustaði og minnismerki. Þessi tegund ferðamanna er aðallega listamenn og menntamenn, sem heimsækja landið í allt öðrum tilgangi heldur en hin tegundin.

Þá held ég, að ég hafi svarað flestu af því, sem hv. þm. Hafnf. minntist sérstaklega á í sinni ræðu. Mér fannst ræða hans vera greinileg staðfesting á gagnrýni þeirri, sem fram kemur í grg. frv. á starfsemi þeirra manna, sem nú standa fyrir móttöku ferðamanna hér á landi, og á þessi gagnrýni að vera grundvöllur fyrir því að kasta þessum mönnum frá atvinnu sinni og láta ríkið taka við starfsemi þeirra. — Hv. þm. tók eitt dæmi í sambandi við Hafnarfjörð. Sagði hann, að þegar erlendur ferðamannahópur kæmi þangað, þá væri þessu fólki sýndir fiskreitirnir, bryggjurnar, fiskhúsin og annað þess háttar. Ég verð að segja, að það sé ekki illa til fallið að sýna erlendum ferðamönnum bryggjurnar í Hafnarfirði, þar sem þær eru vel gerðar og Hafnarfjörður er gamall fiskibær. Svo ber að gæta þess, að tíminn er allt of takmarkaður, sem menn hafa til þess að sýna þessum ferðamönnum hitt og annað, og það getur vitanlega verið mikið álitamál, hvað helzt beri að sýna þessum erlendu gestum okkar. — Hv. þm. bar mér það á brýn, að ég þættist allt vita í þessu efni og flestum öðrum betur. Ég veit ekki, hvað gefur hv. þm. ástæðu til þess að vera með slíka sleggjudóma annað en þessi meðfædda óvild, sem hann ber í minn garð og brýzt fram í næstum hverri einustu ræðu hv. þm., ef nokkurt tækifæri er til þess að minnast á mig þar. Ég hefi ekki sagt neitt annað í þessu sambandi en það, sem ég veit, að er satt og rétt, og sem ég get fullkomlega staðið við. Ég kæri mig að vísu ekki um að endurtaka það, en samt sem áður vil ég taka það fram, að eftir athugun á grg. frv. og sérstaklega eftir að hafa hlustað á ræðu hv. þm. Hafnf., þá sé ég, að ég veit fullt eins mikið um þetta efni eins og hv. þm. eða sá, sem hefir samið þessa grg., því að ég hygg, að það þurfi ekki neinn úrvalsmann til þess að hafa þekkingu í þessu efni á borð við þann, sem hefir samið grg. frv. Ef hv. þm. Hafnf. hefir samið þessa grg., þá getur það hafa sært hégómagirnd

hans, að ég skuli hafa orðið til þess að benda á, að þetta, sem á að vera rök hjá hv. þm., er í rauninni alls ekki rök. Það kann að hafa verið það, sem olli þessum geðofsa í hv. þm., þegar hann var að tala. Það, sem hv. þm. getur ekki hrakið, þrátt fyrir allt sitt hjal um það, hvað gert sé í Noregi, Danmörku og Þýzkalandi í þessu efni, er það, að hv. þm. vill koma hér einokunarskipulagi á móttöku og meðferð á erlendum ferðamönnum, sem hingað koma. Hann vill láta loka öllum þeim skrifstofum, sem hafa haft móttöku erlendra ferðamanna með höndum; hann vill láta banna öllum þeim, sem hafa verið túlkar eða á annan hátt leiðbeinendur ferðamanna að hafa það starf á hendi; samkvæmt skoðun hv. þm. má enginn fást við þessa starfsemi nema starfsmenn þessarar tilvonandi Ferðamannaskrifstofu ríkisins. Slík einokunaraðferð er þvílík fásinna, að hv. þm. má ekki vænta þess, að ekkert sé að þessu frv. fundið og enginn bendi á, hvílíkur kjánaskapur er hér á ferðinni, því að það má hv. þm. vita, að jafnskjótt og það kemst inn í meðvitund þeirra útlendu ferðamanna, sem hingað koma, að þeir séu eins og ófrjálsir menn undireins og þeir hafa stigið á land og séu hafðir undir umsjón ríkisvaldsins, þá mun áhuginn fyrir því að sjá landið áreiðanlega ekki vaxa a. m. k.

Garðar Þorsteinsson [óyfirl.]: Ég var að vona, að hv. þm. Hafnf. risi hér upp til þess að verja þetta mál, því að honum mun ekki vera það með öllu óviðkomandi. Hv. þm. Vestm. hefir nú hrakið lið fyrir lið allt, sem þessi hv. þm. kom fram með áður. Og í sambandi við þær tölur, sem hann kom fram með viðvíkjandi þeim kostnaði, sem kæmi fram í þessari bók frá ferðaskrifstofu Cook's, er það að segja, að þessar tölur eru, eins og hv. þm. tók fram, frá árinu 1931, og þess vegna ekki að öllu sambærilegar við það verð, sem nú er. Og í öðru lagi er í þessum kostnaði falið allt, sem viðkomandi ferðamaður á að greiða, frá því, að hann stígur á skipsfjöl og þar til hann stígur aftur af skipsfjöl á þeim stað, sem hann ætlar á, hvort sem um er að ræða Hull, Leith eða Hamborg. (**EmJ**: Þetta er rangt). Það stendur, að það sé allur kostnaður innifalinn í þessu verði. (**EmJ**: Nei, það er ekki rétt, ég skal sanna það). Hv. þm. sannar það með álíka góðum heimildum eins og þegar hann las upp tölur hér áðan til þess að slá ryki í augu manna, svo að þeir sæju ekki hinn raunverulega kostnað. Ég skal ekki segja, hvað kann að standa einhvers staðar í þessari skrá, það skiptir engu máli upp á heildarkostnaðinn, sem menn greiða, og verð ég að segja, að það er lítið hálmstrá, sem þessi hv. þm. hangir í, ef hann finnur í þessum kafla ákvæði um það, að farþegar eigi að fæða sig sjálfir í þessa 6—7 daga fram og til baka. Það má vel vera, að það kosti 30—50 kr., en sú upphæð hleypir a. m. k. lítið upp þeim kostnaði, sem þarna er um að ræða. En til þess að fá samanburð á þessu og sjá, hvað hv. þm. er ómerkilegur í sínum málflutningi, skal ég geta þess, að þegar ég bað hann um að lána mér þessa ferðaskrá, þá neitaði hann mér um það. Hann sagði, að ég gæti fengið aðra bók hjá Cook, og þegar ég svo sagði hv. þm., að ég myndi segja hv. þdm. frá þessu, þá fyrst lánaði hann mér bæklinginn, það skal ég játa. Svo fletti ég þessu kveri af handahófi, og tók kostnaðarliði, sem ná yfir ferð frá London, Hull eða Leith bæði til Noregs og Danmerkur. Hv. þm. talaði t. d. um 12 daga ferð til Íslands, en hann talaði um, hve marga daga ferðamaðurinn dveldi hér á landi. En ég tek tímann, sem farþeginn notar til þess að fara frá einhverjum stað á Englandi og þangað til hann kemur aftur; ég tek sem dæmi 12 daga ferð, sem kostar £21:10; hinsvegar stendur í skránni, að 12 daga ferð til Noregs kosti £24:5, en ferð til Íslands kosti £21:10; m. ö. o. er ferðin til Noregs um 80 kr. dýrari en ferðin til Íslands. 27 daga ferð til Íslands kostar £54:15, þ. e. £2 á dag. Svo tók ég næst ferð til Noregs upp úr bókinni; hún tekur 17 daga og kostar £32. Hún er lítið eitt ódýrari, og svo tók ég 15 daga ferð, sem kostar £38:18. Af þessu mega menn sjá, að þegar þessi hv. þm. er að færa rök fyrir sínu máli um það okur, sem hér eigi sér stað á útlendum ferðamönnum, þá tekur hann viljandi tölur aðeins til þess að blekkja, áður en hann hefir komið fram með nokkra sundurliðun á þessum kostnaði, og þegir svo yfir því, að ferð til tilsvarandi landa er dýrari. En hitt er vitanlega annað mál, að það er athugandi, að ferð út af fyrir sig kann að verða dýrari við það, að skipaferðir eru lengri en ella eða að farnar eru langar ferðir í bíl á hinum eða þessum stað o. s. frv. Meiri munur getur komið til greina, og stafar hann af því, hvort viðkomandi ferðamaður m. a. borgar kostnaðinn í pundum, mörkum eða ekki, eins og sést á tveim ferðum til Íslands, sem eru mismunandi dýrar. Ég skal því ekki þræta við hv. þm. um það, að það geti ekki komið ýms smáatriði til greina, sem gera það að verkum, að ferðirnar geta orðið mismunandi dýrar. Svo þegir hv. þm. yfir því, sem er í samræmi við annan málflutning hans, að þessi kostnaður, sem hann las upp, er miðaður við einn farþega, en í bókinni stendur, að kostnaðurinn fyrir 1 farþega sé £54:15 í 27 daga, £49:10 fyrir 2 farþega £46:10 fyrir 3 farþega £42:10 fyrir 4 farþega og £40 fyrir 5. Þessu þegir hv. þm. alveg yfir. Þetta skiptir miklu máli og kemur til greina, þegar dæma á um, hvort ferð slík sem þessi er dýr eða ekki. Ég verð að segja það, að ég fyrir mitt leyti tel það ekki dýra ferð fyrir 1 mann í 27 daga að borga um 44 kr. á dag fyrir alla aðhlynningu og öll fargjöld. Enda þótt það ætti fyrir þessum hv. þm. að liggja að hafa afskipti af þessari tilvonandi Ferðaskrifstofu ríkisins, þá dreg ég samt í efa, að honum mundi takast að fara niður fyrir þann taxta, sem Cook setur á þessar ferðir, og ég efast stórlega um, að þessi heimskunna ferðaskrifstofa, sem hefir skrifstofur í flestum löndum álfunnar, færi að lækka þennan taxta, jafnvel þótt íslenzk ferðamannaskrifstofa rísi upp. Það hefir vitanlega engin áhrif í þessu efni. Þeir sem koma t. d. frá Þýzkalandi til Íslands á vegum Bennett's og Cook's, borga taxta þessara skrifstofa fyrir ferðina til Íslands með mörkum, og þeir borga það úti, svo að það kemur í rauninni ekkert málinu við í því

sambandi, hver taxti skrifstofunnar hér er að öðru leyti. Þetta getur vitanlega „varierað“ dálitið frá ári til árs eftir dýrleika ýmsra farartækja, fæðis o. s. frv., en það hefir engin veruleg áhrif í heild, hvort þessi íslenzka ferðamannaskrifstofa er starfandi eða ekki. Það eru þess vegna andstyggilegar blekkingar, þegar þessi hv. þm. rís hér upp og ávítar aðra í vandlætingarrómi, þegar hann les svo sjálfur upp rangar tölur.

Hvers vegna kostar jafn mikið að ferðast til Danmerkur og Íslands? Hvers vegna er jafn dýrt að ferðast til Bergen og Harðangurs eins og til Íslands? Er það af því, að Cook vilji okra á ferðum til Íslands? Þessum hv. þm. er oft hælt fyrir sanngirni í umræðum. Ég held, að sú sanngirni hafi orðið sér til skammar í þetta sinn, og þykir mér það leiðinlegt. Þessi hv. þm. má ekki gleyma því atriði, að ferðamenn, sem hingað koma, hafa greitt allan kostnaðinn úti á ferðaskrifstofunum þar, áður en þeir lögðu af stað hingað; þannig eru þeir farþegar,sem hingað koma með stóru skemmtiferðaskipunum, búnir að greiða allan kostnað, þegar þeir koma hingað. Svo er það samningsatriði milli ferðaskrifstofanna úti og umboðsmanna þeirra hér, að hve miklu leyti sá kostnaður, sem farþegarnir borga, skiptist niður á ferðakostnaðinn hér innanlands.

Eins og hv. þm. Vestm. benti á, þá er það vitanlega hagsmunamál fyrir bifreiðastjórana, að ferðamannastraumur aukist hingað til lands, en hvort Ferðamannaskrifstofa ríkisins verður sett á stofn, er þeim vitanlega ekkert kappsmál. Á móti því hefir vitanlega enginn, að sú atvinna, sem af ferðamannastraumnum skapast, skiptist sem réttlátlegast niður. Að bílstjórum hafi verið neitað um að flytja erlenda ferðamenn, eins og hv. þm. Hafnf. gaf í skyn og sagði jafnvel berum orðum, er vitanlega ekki nema hálfur sannleikur. Ég veit ekki, hvernig hv. þm. getur hugsað sér það, að einstakir bílstjórar geti fengið tilboð um að flytja erlent ferðafólk, sem venjulega kemur hingað í stórum hópum. Það eru vitanlega bifreiðarstöðvarnar, sem mörgum bílum hafa á að skipa, sem koma til greina í því efni. Það er leitað tilboða um flutning fólksins til forstjóra stöðvanna, þeir beðnir um tilboð fyrir hönd stöðvanna, og það alveg án tillits til þess, hvort stöðin er einkaeign eða eign einstakra bílstjóra í félagi. Það er því hrein og bein hugsunararvilla hjá hv. þm. að halda það, að einstakir bílstjórar sem slíkir geti komið til greina með tilboð í flutning ferðamanna, þegar nota þarf fjölda bifreiða. Þetta hlýtur hv. þm. að skilja, ef hann athugar það. — Vill ekki hæstv. forseti biðja hv. þm. Ísaf. að flytja sig héðan og hætta þessu gaspri við sessunaut minn, því ég heyri vart til sjálfs mín fyrir málæði hans. Hann hefir að vísu ekki tekið þátt í umr. um þetta mál, og er það sízt að saka, því að hann mun þegar vera búinn að gera sér nógu oft til skammar. (Forseti hringir.) Mér þykir betra, að hæstv. forseti hringi og hvessi sig, heldur en hafa hið leiða mas þm. Ísaf. stöðugt í eyrunum.

Þá var hv. þm. að reyna að læða því inn hjá hv. þdm., að einstakir menn væru útilokaðir frá því að fá atvinnu við fylgdir og flutning hinna erlendu ferðamanna. Eins og ég tók fram í fyrri ræðu minni um þetta mál, þá sé ég ekkert á móti því, að sett væri löggjöf, sem útilokaði allt slíkt, og sömuleiðis, að settur yrði taxti fyrir gistihúsin. En þetta má hvorttveggja gera, án þess að ríkið taki einkarekstur á öllu því, sem lýtur að ferðalögum erlendra manna hér á landi.

Undir umr. í Ed. mun það hafa verið upplýst, að bílferð til Þingvalla, sem sérstaklega þótti dýr og tekin var sem dæmi um okur á erlendum ferðamönnum hér, var ekki aðeins til Þingvalla, heldur og til Geysis, Gullfoss og Grýlu. Það má vel vera, að sú upphæð, sem fyrir þetta var tekin hafi verið nokkuð há, samanborið við það, sem bifreiðar eru venjulega leigðar hér, en þá ber þess að gæta, að þegar mikið er að gera, þá verður venjulega að greiðast nokkuð hærra gjald en ella, og nægir í því efni að vísa til þess, að við Íslendingar verðum sjálfir að greiða hærra gjald fyrir bifreiðar á sunnudögum, þegar mikið er að gera, en á virkum dögum, þegar lítil eftirspurn er eftir bílum. Þetta er eðlilegt, því að mikil eftirspurn leiðir jafnan af sér hækkandi verð.

Þegar rætt var um það í fyrra hér á Alþingi að skipuleggja fólksflutninga á landi, var það ein af höfuðröksemdum stjórnarsinna, að fargjöld öll myndu lækka, sakir þess að bílstjórarnir, sem sérleyfin fengju, þyrftu ekki að óttast samkeppni frá öðrum. Þeir sætu einir að öllum flutningum. En nú hefir þetta skipazt á þann veg, að hið gagnstæða hefir komið í ljós. Fargjöld hafa hreint og beint hækkað sums staðar um allt að 30%. Það þarf því tæplega að vænta þess, að fargjöld fyrir erlenda ferðamenn myndu lækka mikið, þó að flutningur þeirra komist í hendur ríkisins.

Þá sagði hv. þm. Hafnf., að ég hefði sagt um daginn, að búið væri jafnvel að ráða mann til þess að veita ferðaskrifstofu ríkisins forstöðu. Þetta er ekki rétt hjá hv. þm. Orð mín féllu aðeins á þá leið, að ég hefði heyrt hver ætti að fá þessa stöðu, og hafði ég þar ekki ómerkari mann fyrir mér en hæstv. forsrh., sem sagði við mig, að jafnvel hefði komið til orða að fá sænskan mann í þessa umræddu stöðu. Ég vil því leyfa mér að halda því fram, að ummæli mín hafi verið á fullum rökum byggð, þar sem ég hafði forsrh. fyrir mér.

Þá hafa þeir hv. þm., sem að frv. þessu standa, talað um það, að gestir hafi oft haft slæma aðbúð við að búa hjá okkur. Um þetta skal ég ekkert segja með vissu, en ég hélt þó, að það væri ekki hægt að bera íslenzkri alþýðu það á brýn, að hún væri ógestrisin.

Þá fæ ég heldur ekki séð, að ekki sé hægt að setja ákvæði um það, hvernig menn geti öðlazt rétt til þess að vera túlkar erlendra ferðamanna. Löggjöfin hlýtur að geta sett skilyrði um það, alveg eins og hún setur t. d. skilyrði um það, hvernig menn geti öðlazt rétt til þess að vera kennarar, skjalþýðendur o. s. frv. Um þetta má setja ákvæði, alveg án tillits til þess, hvort ferðaskrifstofa ríkisins er sett á stofn eða ekki. Alveg hið sama er að segja um auglýsingastarfsem-

ina, hún er vitanlega mjög þýðingarmikil, en hana getur ríkið annazt alveg eins án tillits til þess, hvort ríkið rekur ferðaskrifstofu eða ekki, og ég sé ekkert á móti því, að þetta 5% gjald, sem talað er um í 7. gr. frv., gangi til auglýsingarstarfseminnar. Árangurinn af auglýsingarstarfseminni og kynningarstarfseminni verður áreiðanlega alveg hinn sami, hvort sem þessi umrædda ferðaskrifstofa verður sett á stofn eða ekki. — Út af þeim ummælum hv. þm. Hafnf., að okrað sé á erlendum ferðamönnum, vil ég benda honum á, eins og ég í raun og veru hefi gert áður, að það ætti ekkert að vera auðveldara fyrir löggjöfina en koma í veg fyrir slíkt. Og ég segi fyrir mitt leyti, að ég er fús til þess að styðja skynsamlega löggjöf til þess að koma í veg fyrir slíkt, því að það er fjarri mér, að mæla því bót, að okrað sé á þeim, sem hingað koma til þess að kynnast landi og þjóð. Hinsvegar sé ég ekkert á móti því, þó að útlendingar séu látnir greiða eitthvað lítið hærra fyrir flutninga og uppihald en innlendir menn, því að það viðgengst víða erlendis, að erlendir ferðamenn verða að greiða eitthvað hærra fyrir sig en innlendir eru látnir borga. Að sjálfsögðu yrði slíkt að vera innan takmarka alls velsæmis. Að hér sé sérstaklega dýrt að ferðast með bílum, held ég, að ekki sé rétt, samanborið við það, sem víða er erlendis. Ég vil t. d. spyrja hv. þm. Hafnf., hafi hann komið til London, hvort hann hafi ekki orðið að greiða þar meira fyrir bíla en hann er vanur að þurfa að borga hér fyrir svipaða keyrslu. Þannig er það almennt í enskum borgum, að maður verður að greiða meira fyrir bíla en maður á að venjast hér. Þetta sannar, að taxti bifreiðanna hér, er alls ekki of hár. Það þýðir því ekkert fyrir þennan hv. þm. að koma með slíkar dylgjur sem þessar, að hér sé okrað á erlendum ferðamönnum af bifreiðaeigendum, að minnsta kosti ekki á meðan að hægt er að sanna það, að það sé beinlínis ódýrara að ferðast með bifreiðum hér en víða erlendis. Geti hann afsannað það og sannað hið gagnstæða, þá getur hann kannske talað um okur, en fyrr ekki. Fargjöld með bifreiðum hafa tekið mjög miklum breytingum hér á landi nú hin síðustu ár. Þau hafa lækkað að miklum mun. Þannig minnist ég þess t. d., að fyrst þegar ég kom hingað til Reykjavíkur, kostaði fyrir manninn milli Hafnarfjarðar og Reykjavíkur 2 kr., en nú kostar það aðeins 50 au. Þá er ekki langt síðan, að bifreið til Þingvalla kostaði 150—200 kr., sem nú kostar 30—40 kr., og þannig mætti lengi telja. Það er hin heilbrigða samkeppni, sem komið hefir fargjöldunum svona niður. Að taxti íslenzku bifreiðanna sé yfirleitt hár, er því alls ekki rétt. Það út af fyrir sig getur því ekki réttlætt það, að ríkið taki þessi mál í sínar hendur.

Mér þykir það óneitanlega leiðinlegt, að það skuli hafa upplýstst undir þessum umr., að það sem vakir fyrir hv. þm. Hafnf. og fylgismönnum hans, er ekki það að vinna að því, að sem bezt geti farið um hina erlendu ferðamenn, sem hingað koma, heldur allt annað, eins og bent hefir verið á.

Eins og ég þegar hefi tekið fram, er ég reiðubúinn að semja við hv. þm. Hafnf. um að fylgja frv., sem miðar að því að bæta sem bezt fyrir hinum erlendu ferðamönnum, en ég mun vinna á móti öllu því, sem gengur í einokunaráttina, hvort sem það er í þessu efni eða öðru.

Hvað snertir hinar þekktu ferðamannaskrifstofur Bennet's og Cook's, þá er ég ekki viss um, að þær taki sömu afstöðu til ferðamannastraumsins hingað til lands eins og þær hafa gert hingað til, ef frv. þetta verður að lögum. Hvort hér starfar ferðamannaskrifstofa eða ekki, er vitanlega ekkert atriði í því sambandi, hvort ferðamannastraumurinn beinist hingað eða ekki. Það eru hinar stóru ferðamannaskrifstofur, sem hafa samband um allan heim, sem ráða mestu þar um. Getur það því verið stórt atriði í þessu sambandi, hvernig þær snúast í málinu.

Sigurður Kristjánsson [óyfirl.]: Þegar ég kvaddi mér hljóðs, var ætlunin að gera að umtalsefni ýms atriði úr ræðu hv. þm. Hafnf., en þar sem að nú er komið langt fram á nótt, mun ég mjög takmarka mál mitt. Það er eitt atriði, sem ég vil benda á, áður en málið fer til n., og það er, hvort ekki sé óráðlegt að knýja fram á þessu þingi slíkt mál sem þetta. Málið er í raun og veru ekki mikilsvert. Það er skammt til næsta þings, og ég sé ekki, að það ætti að stafa neinn háski af því, þó að það dragist um fáa mánuði að afgreiða þetta frv. Mér dettur það næstum því í hug, og meira en næstum, enda mun fleirum hafa komið það til hugar, að það sé einhver önnur frekari nauðsyn heldur en almennir þjóðarhagsmunir, sem liggja til grundvallar fyrir því mikla kappi, sem á það er lagt að ljúka þessu máli. Ég vil benda á það í þessu sambandi, að það er ákaflega algengt, að mál, sem eru mikilsvarðandi fyrir þjóðfélagið, þurfi langan tíma til að mótast, áður en þau verða að l. Og ég hygg, að það sé almennt álitið nauðsynlegt um þau, sem mikla þýðingu hafa, að þau séu lengi á leiðinni. Hinsvegar skiptir það sjálfsagt minna um ómerkileg dægurmál.

Í þeirri löngu og daufu grg., sem fylgir frv., er sagt, að á síðasta þingi hafi þetta mál ekki verið flutt á réttum grundvelli og ekki stefnt að réttu marki. Þetta mál hefir sáralítið verið gert að umtalsefni, og ég veit ekki betur en að það hafi algerlega verið gengið fram hjá þeim mönnum við undirbúning þessa frv., sem hafa unnið að þeim málum af nokkrum krafti og sett sig inn í þau. En að undirbúningi málsins hafa unnið menn, sem hafa enga praktiska þekkingu á því. Ég verð því að telja mjög misráðið, að ýta aftur fyrir þetta mál miklum nauðsynjamálum, sem varða þjóðina mikils, en þetta frv. er keyrt fram hálfkarað, sem engin nauðsyn er á, að verði afgr., og skiptir engu, hvort það verður að lögum nú eða á næsta ári. Samt sem áður er verið að knýja það hér fram á næturfundum með ofstopa og svigurmælum þeirra þdm., er að því standa, en stórmál, sem varða atvinnuvegi landsins, sitja á hakanum.

Af því að nú er næturfundur, og þetta mál kemur væntanlega hér aftur til umr., þá ætla ég að ganga framhjá ýmsum atriðum, sem ég hefi skrifað hjá mér. En þó er það eitt atriði, sem ég vil drepa á, en það er viðvíkjandi því, hvernig

á að afla skrifstofunni fjár. Ég held, að það geti ekki orðið neinn ágreiningur um það, að þeir, sem eiga að njóta þeirra þæginda, sem ferðamannaskrifstofan kemur til með að veita, verði jafnframt að borga fullkomlega fyrir það. Það er næsta einkennilegt, ef ferðamannastraumur útlendinga á að verða einhverskonar plága á Íslendingum, þegar það er alstaðar annarsstaðar talinn fjárhagslegur fengur að ferðalögum útlendinga. En hér virðist eiga að refsa saklausum almenningi í landinu, með því að leggja á hann skatta til þess að standa straum af ferðamannaskrifstofunni, sem eingöngu verður rekin fyrir útlenda ferðamenn. Vitanlega er það eðlilegast, að skrifstofunni sé aflað fjár á þann hátt,að þeir, sem eiga að njóta þægindanna, borgi fyllilega fyrir þau. Annars get ég nú þegar lýst því yfir, að mér finnst það mjög eðlilegt, að ríkið stuðli að því á einhvern hátt að laða erlenda ferðamenn til landsins, t. d. með því að kynna það erlendis. Af því hefir þjóðin bæði beinan og óbeinan hag. En ég er sannfærður um, að aðstoð ríkisins kemur að beztum notum þannig, að einstakir menn, sem gera það að atvinnu sinni að leiðbeina ferðamönnum, séu styrktir til þess. Vitanlega ætti ríkið jafnframt að hafa eftirlit með starfsemi þeirra manna, sem hafa atvinnu af því að taka á móti ferðamönnum. Það er áreiðanlegt, að ágreiningurinn í þessu máli, er ekki um það, sem hv. þm. Hafnf. vildi láta á sér skilja, að annars vegar séu þeir menn, sem vilja útiloka erlenda ferðamenn frá landinu, en hinsvegar framsýnir sósialistar, sem vilja laða þá hingað. Mér hefir fundizt, að menn vildu yfirleitt, þeir sem á málið hafa minnzt, utan þings og innan, að ferðamannastraumurinn ykist; bæði vegna þess að þá mundi meira fé streyma inn í landið, og eins vegna hins, að það er heppilegasta aðferðin til að kynna landið út á við. Ég hefi sem sagt ekki orðið var við ágreining um þetta. En ágreiningurinn er um allt annað. Sá ágreiningur er á milli allra frjálslyndra manna í landinu annars vegar og hins vegar kommúnistanna, það er að segja íslenzkra sósialista, sem eru róttækustu kommúnistar í heimi. Þeir vilja þröngva öllu undir ríkisvaldið, drepa niður alla frjálsa þróun og kyrkja framtak einstaklingsins, en keyra allt í greipar ríkisins. — Frjálslyndu mennirnir trúa því aftur á móti og vita það raunar, að Ísland verður því aðeins ferðamannaland, að héðan berist þær fréttir út um löndin, að hér sé farið með útlendu gestina á frjálsan máta. Það er þetta, sem skilur, en ekki hitt, að aðrir vilji útiloka ferðamannastrauminn frá landinu, en hinir greiða fyrir honum. Ég hefi skrifað hjá mér margar aths., en af því nú er langt liðið á nótt, þá mun ég geyma til 2. umr. að minnast á það. Ég endurtek það, að þetta mál á engan rétt til þess á því stigi, sem það nú er, að vera rekið í gegnum þingið með ofsahraða. Og verði það gert, þá verður frágangurinn hið mesta flaustursverk. Þess eru að vísu ekki fá dæmi um afgreiðslu mála á Alþingi, en venjulega hefir það gefizt illa, svo að þeim hefir verið breytt eftir litinn tíma. Ég vænti því, að hv. þdm. sporni við því á sæmilegan hátt, að þetta mál verði hér útkljáð með ofsahraða.

Emil Jónsson: Ég get að því leyti tekið undir með hv. 6. þm. Reykv., að af því nú er orðið svo áliðið nætur, þá sé sjálfsagt að reyna að vera sem fáorðastur. Þetta er líka nálega það eina, sem ég er honum sammála um. Hann talaði mikið um þann ofsahraða, sem væri á þessu máli í gegnum þingið, og að sósíalistar vildu keyra það fram með miklu offorsi. Svona voru rök hv. þm. — Ég get nú upplýst það, að á þingi 1934 var lagt fram frv. um þetta efni, að vísu í dálítið annari mynd. Það frv. var afgreitt hér í Nd., en tími vannst eigi til afgreiðslu þess í Ed. Málið var þá mikið rætt í Nd., og komu fram brtt. við frv. í þá átt að beina því í það horf, sem það nú er í.

Þá sagði hv. 6. þm. Reykv., að þetta mál hefði ekki fengið þann undirbúning, sem því hæfði, og ég hefði enga þekkingu á þessu máli. (**SK:** Þetta eru ósannindi). Það lá í orðum hv. þm. Hann sagði, að það hefði ekki verið leitað til þeirra manna um undirbúning málsins, sem hefðu þekkingu og kunnáttu í þessum efnum og sett hefðu sig inn í þau. (**SK:** Þetta eru hrein ósannindi). Ummæli hv. þm. gátu ekki skilizt öðruvísi. Annars er hv. þm. svo espur, að ég hygg, að hv. þm. Vestm. þurfi að taka hann til uppfræðslu og tyftunar. — Það er ekki satt, að ég hafi talið mig aðalhöfund þessa frv., eins og hv. þm. Vestm. sagði, Það er samið af öðrum mönnum, sem eru mér færari í þessum málum, en ég hefi aðeins átt lítinn hlut að því og unnið með öðrum að undirbúningi þess. — Þá sagði hv. 6. þm. Reykv., að sósialistar hefðu unnið með svigurmælum að því að hespa þetta mál gegnum þingið. Þetta er auðvitað tilhæfulaust. En hverjir eru það, sem hafa verið með svigurmæli í þessum umr.? Engir aðrir en hv. þm. Vestm. og 6. þm. Reykv. (**JJós:** Þetta er ósatt). Ég skal sanna það á hv. þm., með því að hafa upp eftir honum það, sem hann sagði í ræðu sinni. Hann sagði, meðal annars, að sókn þessa máls væri mest byggð á rógi og öfund til þeirra, sem hefðu gert sér að atvinnu að taka á móti erlendum ferðamönnum. Frv. væri borið fram af miður hreinum hvötum og undirbúið af mönnum, sem væru ókunnugir öllu, sem þessu máli tilheyrir. Þá sagði hann líka, að þetta væri heimskuleg og illgjörn lagasetning, sem hefði af þjóðinni stórfé. Og ennfremur að aðstandendur þessa frv. væru að troða sér og sínum að embættum, en að enginn áhugi væri meðal þjóðarinnar fyrir slíkri skaðræðislöggjöf. Þessi svigurmæli og aðdróttanir endurtók hv. þm. Vestm. í ræðu sinni og klykkti út með því, að hann hefði ekkert sagt annað en það, sem hann vissi um. Svo kemur hv. 6. þm. Reykv. á eftir þm. Vestm. og segir að við Alþýðuflokksmenn séum með svigurmæli í garð annara út af þessu máli. Ég hygg, að sá hv. þm. hefði heldur átt að skjóta þeim ásökunum í aðra átt og snúa þeim til annara en okkar, að minnsta kosti ef hann vill vera óhlutdrægur.

Að því, er snertir kostnaðinn af rekstri ferðamannaskrifstofunnar, sem hv. 6. þm. Reykv. var að tala um, að ætti að taka með refsiskatti á saklausan almenning í landinu, þá er þar nú ekki um annað að ræða en það, að ætlazt er til, að

nokkur hluti kostnaðarins verði greiddur af þeim bílaeigendum í landinu, sem njóta tekna af ferðamannastraumnum. Þetta gjald á að greiðast af ferðalögum á landi, þannig að 5% falli á farseðla með áætlunarferðum. Það er í raun og veru ómögulegt annað, en að taka að einhverju leyti skatt í þágu skrifstofunnar af þeim aðilum, sem njóta hagnaðar af ferðalögum útlendinga. Það kom til álita, að taka einnig gjald af hótelum í því skyni, en það var þó ekki gert í þetta sinn. Annars hefir mér verið sérstök ánægja að því að hlusta á ýmislegt í þessum umr., t. d. þegar hv. 8. landsk., og hinir andmælendur frv. að nokkru leyti líka, viðurkenndu ýms grundvallaratriði frv. og höfuðástæðurnar fyrir því, að það er fram komið. Þeir hafa viðurkennt nauðsyn þess, að ferðamannaskrifstofa væri starfrækt hér á landi og að hafin yrði öflug auglýsingastarfsemi til þess að kynna landið út á við og laða hingað erlenda ferðamenn. Hv. 8. landsk. viðurkenndi ennfremur nauðsyn þess, að eftirlit væri haft með gistihúsum og að túlkar erlendra ferðamanna yrðu að ganga undir próf o. s. frv. Hann sagðist vera reiðubúinn til samkomulags um að haft væri eftirlit með ferðamannabifreiðum og farþegatöxtum þeirra. (GÞ: Nei, það er ekki rétt). — Þetta sagði hann líka. Ég skrifaði þetta upp eftir hv. þm. Allt þetta staðfestir það, sem ég hefi haldið fram, hversu mikil nauðsyn er á því að stofna ferðamannaskrifstofuna nú þegar.

Síðast í ræðu sinni varpaði hv. 8. landsk. fram þeirri staðhæfingu, að það væri fyrir fram búið að ráða menn í þær stöður, sem ákveðnar væru í sambandi við ferðamannaskrifstofuna. Þessir menn mundu nú vera atvinnulausir, og þess vegna væri málinu hraðað svo mjög. Nú er þessi atvinnulausi maður, sem hv. þm. segir, að eigi að verða forstjóri ferðaskrifstofunnar, allt í einu orðinn sænskur! Ég kannast ekki við, að þeir, sem stóðu að samningu þessa frv., hafi haft nokkurn sérstakan mann í huga til þess að vera forstjóri ferðaskrifstofu ríkisins, og að hann sé sænskur, það hygg ég að engum hafi komið til hugar. (GÞ: Hvar er hæstv. forsrh? Mér skildist þetta á honum nýlega). Ég veit ekki, hvað þeim kann að hafa farið á milli, hæstv. forsrh. og 8. landsk. En höfundum frv. hefir aldrei dottið í hug neinn sérstakur maður í þessa stöðu, og allra sízt útlendur maður. Enda hygg ég að þetta sé slúður úr hv. þm.

Þá kem ég að því, sem hv. 8. landsk. lagði mesta áherzlu á í ræðu sinni, en það var um fargjöld erlendra ferðamanna til Íslands og Noregs. Hv. þm. fór þar með svo miklar fjarstæður og hagaði sér svo ósæmilega, að hæstv. forseti fann ástæðu til að víta hann. (GÞ: Það var ekki af því). Máske hv. þm. vilji neita þessu. (GÞ: Vill ræðumaður spyrja hæstv. forseta? — **Forseti**: Ekki samtal!). Hv. þm. vill máske aftur fá víti. Hv. þm. sagði, að ég hefði farið með andstyggilegustu blekkingar um fargjöldin. Ég tók þær tölur, sem ég nefndi, upp úr pésa, sem ég hefi hér í höndum, frá erlendum ferðaskrifstofum. Það er rangt hjá hv. þm., að ég hafi neitað honum um að sjá hann. Hv. þm. gat bara ekki lesið rétt; hann fór rangt með þær tölur, sem hann tilgreindi úr pésanum. Það er ekki allur fararkostnaður innifalinn í því fargjaldi til Íslands, sem gefið er upp í pésanum, fæðiskostnaður á leiðinni til landsins er þar ekki talinn með. Hv. þm. getur sennilega reiknað, hvað sá mismunur nemur miklu. Fæðispeningar á skipinu eru 8 kr. á dag í 10 daga, eru það samtals 80 kr. Það eru líka peningar eins og fargjaldið sjálft. Svo þegar þessi ráðvandi maður(!) ætlar að fara að bera saman hvað kosti jafnlangar ferðir til Noregs og Íslands, þá telur hann ferðina til Íslands £ 22, en til Noregs £ 24. Nú vill hann með þessu gefa það til kynna, að ferðirnar séu ódýrari til Íslands. En ég vil biðja hv. þdm. að taka eftir því, að hv. þm. hefir enga hugmynd um, hvað fólgið er í þessari ferðakostnaðarupphæð £ 24 til Noregs. Hvað það er, sem verið er að selja ferðamönnum fyrir þetta fé. Fæðiskostnaðurinn er innfalinn í þessari upphæð til Noregs, en aftur á móti er hann ekki talinn með fargjaldinu til Íslands. Það stafar af þessu, að ferðirnar eru talsvert mikið dýrari hingað en til Noregs. Hv. 8. landsk. getur ekki neitað því, að ferðakostnaður til Íslands er reiknaður 84 kr. á dag, en 60—70 kr. á dag, ef fleiri eru saman. (GÞ: Þetta er alrangur útreikningur). Ég get sannað þetta. Ég get lesið það, sem um þetta stendur í bókinni, en hv. þm. virðist ekki geta lesið það. Ferðin kostar £ 54 og 15 sh. hingað til lands. Ef reiknað er, hvað það nemur miklu í íslenzkum krónum, þá eru það sem næst 1210 kr. Sé frá þeirri upphæð dregið fargjaldið frá Englandi til Íslands og aftur frá Íslandi til Englands, það eru 270 kr. báðar leiðir, þá verða eftir um 940 fyrir þessa 10 daga dvöl í landinu. — Ég bið hv. þdm. að taka eftir því, að fyrir £ 54 og 15 sh. fá ferðamenn 10 daga viðdvöl hér á landi, að frádregnu fargjaldinu. (GÞ: Ef ég má taka fram í, þá lýsi ég þetta alrangt). Mér er alveg óskiljanlegt, hvernig hægt er skýra þetta á annan hátt en ég geri. Upphæðin er alls 1210 kr., og þar af 940 kr. til ferða- og dvalarkostnaðar innanlands. Ég sagði, að dvölin hér væri 10 dagar og að hún kostaði ferðamennina 90—100 kr. á dag. Ég veit ekki, hvernig hv. þm. fer að því að reikna þetta á þann hátt, sem hann gerir. Ég býst við, að það sé rétt, sem hv. þm. Ísaf. segir um hv. 8. landsk., að hann beri aldrei við að reikna, heldur slumpar hann til. Mér hefir ekki verið kennt að reikna þannig, og ég hélt, að ég kynni betur reikning en hv. þm. — Vill hv. þm. ekki láta blöðin afskiptalaus á borðinu, meðan ég er að tala!

Við hv. þm. Vestm. hefi ég ekki annað að segja en það sama, sem ég nú hefi vikið að í stórum dráttum í svari mínu til hv. 6. þm. Reykv. og hv. 8. landsk. Um ræðu hans er það eitt að segja, að hann gat ekki hrakið með rökum neitt af því, sem ég hafði sagt. — Hefir hv. þm. Vestm. hrakið það, að Eimskipafélag Íslands hafi ekki getað flutt með skipum sínum erlenda ferðamenn, en frekar orðið að biðjast undan því? Hefir hann afsannað það, að 150 manna hópur erlendra ferðamanna hafi orðið að hverfa frá för til Íslands, af því að þá vantaði skip til fararinnar? Hefir hann afsannað það, að hin útlenda valúta frá erlendum ferðamönnum hafi ekki komið til skila hér í bönkunum? Hefir hann afsannað, að

það hafi verið beitt okri í viðskiptum við erlenda ferðamenn hér á landi? Ekkert af þessu hefir hv. þm. Vestm. afsannað. En það var eitt annað hálmstrá, sem þessi hv. þm. hélt í, að ferðaskrifstofum væri hvergi í heiminum veittur einkaréttur til þess að taka á móti ferðamönnum. Og hann tók til dæmis og til sönnunar sínu máli ferðaskrifstofu í Berlín og víðar þar, sem hann sagðist vera kunnugur. En ég greip fram í og spurði, hvort þær seldu farmiða innanlands, en hv. þm. snéri út úr og sagði, að hver maður gæti fengið farmiða hvert, sem hann vildi. Þetta er að vísu rétt. En ef um fyrirgreiðslu innanlands er að ræða, er hún þá ekki veitt á þessari ferðaskrifstofu og fær hún ekki greiðslu fyrir? Það er alls ekki ómögulegt, að útlendur ferðamaður, sem kemur til Íslands, geti farið hvert á land, sem er, án þess að ferðaskrifstofan skipti sér af honum. En sú fyrirgreiðsla erlendra ferðamanna, sem fer fram gegnum þessa central-organisation, er samskonar og er í nágrannalöndum vorum.

En ég kann illa við, þegar hv. 6. þm. Reykv. er að tala um, að við séum með svigurmæli um að koma þessu máli áfram, en hann minnist ekki á ofstopafull orð þeirra sjálfra og staðlausar blekkingar hv. 8. landsk., þegar hann var að bera saman ferðakostnaðinn frá Englandi til Noregs og frá Englandi til Íslands. Hv. 8. landsk. reyndi ekki að tiltaka, hvað menn fengju fyrir sína peninga.

Ég býst ekki við að taka frekar til máls við þessa umr., en vil að lokum undirstrika það, að höfuðatriði í þessu máli er, að við fáum einhverja sterka stofnun til þess að taka þetta mál að sér, annast auglýsingastarfsemi erlendis, sjá um fyrirgreiðslu og leiðbeiningar innanlands og ennfremur að sjá um að bjóða út fargjöld innanlands, þannig að bifreiðastjórum sé gefinn kostur á að koma með tilboð um þau. Hv. þm. Vestm. vildi fara háðulegum orðum um að ekki væri hægt að taka mark á bifreiðastjórunum í þessu efni. En það er misskilningur hjá hv. þm. Bifreiðastjórarnir hafa viljað gera tilboð. En það eru ekki þeir, sem hafa fengið að aka með þessa erlendu ferðamenn. Það eru fyrirfram ákveðnir menn, sem fá það, án þess að nokkuð sé leitað tilboða annarsstaðar frá. Hv. 8. landsk. vildi halda því fram, að úr því að fargjöld væru dýr í London, þá þyrftu þau að vera það líka hér. En ég sé ekki ástæðu til þess. Hv. þm. sér það kannske. Yfirleitt finnst mér, að ekkert hafi komið fram, sem geti hrakið réttmæti þess að mál þetta er fram komið. Hér er ekki nein central-organisation til þess að taka að sér þessa auglýsingastarfsemi. Þess vegna þurfum við að setja á stofn sérstaka skrifstofu í þessum tilgangi, í svipuðu formi og hér er gert ráð fyrir. En að með þessu sé verið að fara inn á einkaleyfisbrautina, því mótmæli ég alveg. Það er ekki rétt, að menn séu teknir og skilyrðislaust neyddir til að fara um landið, en vilji þeir fá fyrirgreiðslu og leiðbeiningar verða þeir að snúa sér til skrifstofunnar. Það ætti að verða einhver munur fyrir erlenda ferðamenn að snúa sér til þessarar skrifstofu, sem hefir alla þessa starfsemi með höndum. Það ætti ekki að verða til þess að fæla útlendinga frá því að koma hingað til landsins.

Ég skal svo ekki vera að skattyrðast frekar við hv. þm. út af þessu máli. Þeir mega bjóna sinni lund og tala um það eins og þeim þóknast, eins og t. d. hv. þm. Vestm., sem viðhafði sérstök stóryrði um málið, sem hans er líka vandi um öll svipuð mál þessu. En ég set það ekki fyrir mig. Ég veit, að það sem kemur fram í þessu máli, verður tekið aðallega til greina málefnislega, en ekki stóryrðin.

Sigurður Kristjánsson [óyfirl.]: Ég neyðist til þess að taka til máls aftur vegna ummæla hv. þm. Hafnf.

Ég kann illa við það, af því að ég gaf ekki tilefni til þess, að tekið yrði mjög óvinsamlega undir mína ræðu, að hv. þm. Hafnf. hafði eftir mér ummæli, sem ég alls ekki viðhafði. En þetta er mönnum náttúrlega viðkvæmt mál og þeim tekur sárt til þess, enda skal ég gjarnan taka tillit til þess. En hv. þm. Hafnf. verður að venja sig á að segja satt. Það er auðvelt, ef menn vilja leggja sig niður við það, að skýra frá því, að annar maður hafi sagt allt annað en hann sagði. En það er ekki góðra manna háttur að haga sér þannig.

Úr því að svona fór, að ég stóð upp aftur, þá skal ég byrja á að leiðrétta það mikla hneykslismál, sem mér virtist hv. þm. álíta, að væri, að ég hafði sagt, að það ætti að knýja þetta mál fram með svigurmælum. Nú vildi hv. þm. Hafnf. snúa því þannig við, að ég hefði verið að ávíta andstæðinga mína fyrir ósæmilegt orðbragð, og vildi álíta, að meiri þörf hefði verið á, að snúa slíkum aðfinnslum til minna samherja. Ég sagði ekkert orð um það, hvernig umr. féllu, en ég taldi það óviðeigandi og enga þörf að knýja mál fram með slíku offorsi, sem hér er gert. Hér stóð upp þm. í gærkveldi, sem er ekki viðstaddur nú, og vildi krefjast þess af hæstv. forseta, að hann léti okkur sjálfstæðismenn ekki hafa venjulegan fundartíma til þess að halda flokksfund, sem okkur var nauðsynlegur til þess að undirbúa brtt. við fjárl. Þessi hv. þm. sem er hv. 2. þm. Reykv., vildi knýja hæstv. forseta til þess að taka af okkur þennan fundartíma til þess að knýja þetta mál fram á næturfundi, en að öðrum kosti, að við lofuðum að veita afbrigði frá þingsköpum til þess að þetta mál gæti náð fram að ganga. Ég kallaði þetta að knýja mál fram með svigurmælum og tek það ekki aftur. En um það, hvernig ræður hafa fallið um þetta mál, hefi ég ekkert sagt, fyrr en nú, að ég vil segja, að framkoma hv. þm. Hafnf. hafi verið ósæmileg, því að hann gerði mér upp ummæli, sem ég aldrei viðhafði. En annað, sem ég sagði um undirbúning þessa máls, var það, að ekki hefði verið leitað til þeirra manna, sem helzt höfðu praktiska reynslu í þessum efnum. Þetta er rétt, enda hefir hv. þm. Hafnf. ekki reynt að afsanna það.

Ég sagði um grg. frv., að hún væri löng og leiðinleg, og ég held, að enginn geti annað sagt. En hv. þm. Hafnf. vildi ekki við annað kannast en að málið væri mjög vel undirbúið, og sagði, að það hefði verið flutt á þinginu í fyrra.

En nú hafa flm. þess komizt að þeirri niðurstöðu, að það hafi ekki verið flutt á réttum grundvelli í fyrra.

Það er einkennilegt, að hér hefir verið sett á stofn nefnd, sem kostar tugi þúsunda og er kölluð skipulagsnefnd atvinnumála. En flest, sem hún gerir, er alveg óviðkomandi atvinnumálunum. Hún hefir samið mörg frv., en fæst hafa orðið að lögum. N. er nú upp á síðkastið ekki orðin annað en einkafyrirtæki hjá sósialistum til þess að unga út frv., allskonar óskapnaði, og þetta er eitt af því, sem hún hefir ungað út, sem algerlega er óskylt skipulagningu á atvinnumálum. (**EmJ**: Er ekki móttaka ferðamanna atvinnuvegur?). Við vitum ósköp vel, hverjir atvinnuvegir eru stundaðir hér á landi, og hingað til hefir ekki móttaka ferðamanna verið talinn atvinnuvegur. Það getur ekki talizt mikilsverður atvinnuvegur, ef það þarf að leggja nýja skatta á fólkið til þess að halda uppi þessari skrifstofu. Það er alveg óhæfilegt, að leggja sérstakan skatt á alla þá, sem þurfa að ferðast innanlands, til þess að ríkið geti haldið uppi þessari skrifstofu. Vitanlega eiga þeir einir, sem einhvers góðs njóta af þessari skrifstofu, að borga fyrir það, hinir ekki. Hvað mundu þeir njóta góðs af þessari skrifstofu, sem fara með áætlunarbifreiðum, t. d. til Hafnarfjarðar? Þeir mundu einskis góðs af henni njóta. Auðvitað á sú skrifstofa, sem sér um ferðalög erlendra ferðamanna, að hafa sínar tekjur af ferðalögum þeirra og annara ekki. Ef þarf að kosta einhverju til annars, t. d. kynningarstarfsemi, þá á ríkissjóður að bera kostnaðinn af því, en ekki fólkið, sem ferðast um landið. Það er merkilegt, að hv. flm. þessa máls skuli hafa komizt að þeirri niðurstöðu, að það þyrfti að forða erlendum ferðamönnum úr greipum þeirra manna, sem hafa séð um þessi ferðalög undanfarið.

Síðan þetta mál kom á dagskrá hefi ég spurt menn, sem aðstöðu hafa til þess að vita það, hvernig útlendingar, sem hér hafa ferðazt, beri Íslendingum söguna. Ég hefi að vísu ekkert í höndum um þetta, en ég trúi því, að þessir menn segi satt. En mér hafa verið hermd fjölda mörg lofsamleg ummæli um það, hvernig með þá sé farið. Og það mun vera mjög sjaldgæft, þegar þessir menn segja frá heima, að þeir kvarti undan illri meðferð, að þeir séu snuðaðir í viðskiptum eða farið illa með þá á annan hátt eða að þeir fái ekki að skoða þá staði, sem þeim er hugleikið að sjá, og fái ekki sæmileg farartæki og kurteisa menn til fylgdar. Yfirleitt munu þeir fara lofsamlegum orðum um viðtökur og allar fyrirgreiðslur hér á landi.

Ég veit, að erlendir ferðamann njóta ekki verri aðbúðar heldur en innlendir ferðamenn, og ég hefi ferðazt mikið með bifreiðum hér innanlands, og ég get ekki borið bifreiðastjórunum annað en það, að þeir hafa bæði verið áreiðanlegir og sérstaklega kurteisir. Ég skil því ekki, að menn hafi undan neinu að kvarta. En það er að vísu aldrei hægt að girða fyrir, að í einstökum tilfellum sé misbrestur á þessu, en það hefir ekki gildi almennt.

Hv. þm. Hafnf. minntist á Eimskipafélagið og sagði, að það hefði mælzt undan því að laða menn til landsins, en við verðum að gæta að því, að það er ekki búið þannig flutningatækjum, að það eigi þægilegt með það, og við megum þess vegna ekki gera allt of háar kröfur til þess um þá hluti. En hvernig er það með Eimskipafélagið? Mundi sitja vel á þeim sömu mönnum, sem telja, að það standi ekki sómasamlega í stöðu sinni, að vera að narta í þann styrk, sem félagið á að fá. Ég veit ekki betur en að það sé búið að klípa 50 þús. kr. af þeim styrk, sem félagið átti að fá. Ég vil vona, að þeir, sem bera umhyggju fyrir fólksflutningunum, sýni þá mannlund að hækka styrkinn til Eimskipafélagsins upp í það, sem hann áður var. Hefi ég fullan hug á að koma með brtt. þess efnis við fjárlögin, og geta þá þessir menn sýnt, hversu mikil alvara þeim er með þessa hluti.

Ég held, að það sé ekki öllu fleira, sem er ástæða til að fara út í við þessa umr. Ég vil aðeins ennþá leggja áherzlu á, að það er ákaflega tortryggilegt, svo ég leyfi mér að viðhafa það orð, hversu mikill ákafi er lagður í að koma þessu máli í gegnum þingið. Ég held, að enginn maður geti með sanni sagt, að velferð landsins velti á nokkurn hátt á því, hvort þetta verður að lögum ári fyrr eða síðar. Þessi áhugi hlýtur því að eiga rætur sínar að rekja til einhvers annars en umhyggju fyrir ferðamönnum. Það hlýtur að vera einhver nauðsyn, sem er nákomin flm. sjálfum, en ég held, að við verðum að leyfa okkur að láta þá nauðsyn sitja á hakanum fyrir heill almennings, og það hafa legið mörg mál fyrir þessu þingi, sem almenningsheill er meir bundin við en þetta mál.

Jóhann Jósefsson [óyfirl.]: Hv. þm. Hafnf. er ákaflega hróðugur yfir því, að við andmælendur frv. skulum hafa játað það, að ýmislegt í því gæti komið til mála að framkvæma. Ég sagði t. d., að skrifstofa, sem annaðist upplýsingar og auglýsingarstarfsemi, gæti vel komið til mála, ef hún yrði ekki allt of dýr. En ég hafði þann fyrirvara, að það yrði að leggja hæfilega mikið í kostnað, því að ekki væru ótakmarkaðir möguleikar til þess að auka ferðamannastrauminn hingað til landsins.

Þá spurði hv. þm. Hafnf. um það, hvort ég gæti hrakið, að Eimskipafélagsskipin væru of lítil til þess að taka farþega frá útlöndum á sumrin. Ég hefi ekki hrakið það, það vita allir, að þau hafa ekki getað tekið alla þá farþega, sem þeim hafa boðizt. — Í öðru lagi spurði hv. þm., hvort ég gæti hrakið, að þessi 150 manna hópur, sem ætlaði að koma frá Skotlandi til Íslands, hefði ekki getað fengið far. Þetta getur vel verið satt. En ég vil spyrja þennan hv. þm., hvort hann haldi, að þessir menn hefðu siglt á ferðaskrifunni hingað til landsins, ef hún hefði verið komin á stofn. Ég sé ekki, að það hefði verið neitt auðveldara að flytja þá yfir hafið, þó að ferðaskrifstofan hefði verið komin upp. — Hv. þm. Hafnf. var að spyrja mig um, hvort ég héldi ekki, að í Þýzkalandi væru einhverjar ríkisskrifstofur, sem seldu farmiða á staði innanlands. Ég get svarað því, að ég veit ekki til, að í Þýzkalandi sé neinn slíkur central. Menn geta keypt farmiða og kaupa á járnbrautastöðunum á þá

staði, sem þeir ætla að fara. Ég get hugsað mér, að höfuð-„kontór“ járnbrautanna selji eitthvað af farmiðum innanlands, en að það sé einhver einokunarstofnun, sem geri það, er fjarri öllum sanni. Það er satt, eins og ég hefi sýnt fram á og hv. þm. Hafnf. ekki reynt til að hrekja, að í öllum nærliggjandi löndum eru starfandi ferðaskrifstofur hver við aðra, án þess að ríkið hindri þær á nokkurn hátt í starfi sínu.

Hv. þm. sagðist vera ágætur að reikna og að hann tæki sessunaut sinum mikið fram í því að eigin áliti. Ég skal ekki rengja það, að þessi hv. þm. sé góður í reikningi, en ég tók eftir því, að hann er slarkfær í fleira. Ég heyri t. d., að hann er ágætur að skálda öðrum upp orð, sem aldrei hafa verið sögð. Hann „brilljeraði“ í því í síðustu ræðu sinni, gekk á röðina og rangfærði orð okkar allra, sem andmælt höfum honum í kvöld. Ég veitti þessu sérstaka athygli af því ég hlustaði á allar ræðurnar, sem fluttar hafa verið. Um mig sagði hann, að ég hefði farið háðulegum orðum um bílstjóra hér í bænum. Ég fór aðeins kímnum orðum um þennan hv. þm., af því hann kom því upp um sig, að hann var að bera fyrir brjósti aðra bílstjóra en þá, sem venjulega aka ferðamönnunum. Ég fór raunar ekki háðulegum orðum um hann, en það vakti kímni hjá mér, að hv. þm. skyldi gera sig beran að því að bera einhverja sérstaka bílstjóra fyrir brjósti í þessum efnum. Það, sem hann sagði í áframhaldi af þessu, sannaði það, sem ég benti á, að þetta mál mundi ekki öfundarlaust til komið. Hann sagði, að það væri ekki mikið um skiptingu á keyrslunni milli manna; það hefði viðgengizt, að samið væri við sérstaka stöð um flutning hinna erlendu ferðamanna, og svo væri hann ekki boðinn upp. Hvar heldur hv. þm., að það fyrirkomulag sé haft, þar sem erlendir ferðamannahópar stíga á land, að það sé haldið uppboð á keyrslu þeirra. Ein undirrót þessa frv. er sú, að það er lögð öfund á þá menn, sem hafa nú með höndum móttöku og keyrslu ferðamanna.

Hvort hv. þm. Hafnf. vill kalla það róg, eins og ég gerði, þegar sagt er í grg., að orð liggi á, að óhæfilegt verð sé tekið fyrir það sem gert sé fyrir ferðamenn af sérstökum mönnum hér í bænum, án þess nokkrar sannanir séu færðar fram, skiptir ekki máli. Það vita allir, hvaða aðferð það er, þegar viðhöfð eru svona orðatiltæki til þess að vekja grun um ósæmilegt athæfi, hvaða nafn, sem því er valið. Það á dálítið skylt við það, þegar Gróa á Leiti sagði, að ólýginn maður hefði sagt sér.

Að síðustu mótmælti hv. þm., að með þessu frv. væri farið út á það, sem hann kallaði einokunarbraut í þessu máli. Það tjáir ekki fyrir hv. þm. að mótmæla því, að með þessu frv. sé farið inn á einokunarbraut í þeirri starfsemi, sem hér er um að ræða, og að slíka einokunarbraut hefir hvergi verið gengið inn á annarsstaðar, ekki einu sinni í Rússlandi, sem er sjálfsagt stærsta fyrirmynd, sem hv. þm. Hafnf. getur hugsað sér. Það þýðir ekki að standa hér í stóryrðum við þm. Vestm. eða setja upp fermingardrengssvip og segja, að frv. innihaldi ekki það, sem það inniheldur. Það er, eins og ég hefi bent á, ágreiningsatriðið í þessu máli að við, sem andmælt höfum því, erum mótfallnir, burt séð frá þeim miður hreinu forsendum, sem fylgismenn þess hafa sjálfir sannað, að fyrir því eru, að ráðizt sé á atvinnu manna í landinu, sem þeir hafa byggt upp á löglegan hátt, og sett í staðinn ríkiseinokun. Við álítum það bæði til skaða fyrir þá menn, sem hér er stefnt að, og fyrir landið og þjóðina í heild.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 118. fundi í Nd., 18. des., var enn fram haldið 1. umr. um frv.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 17 shlj. atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: HV, JG, MT, PZ, PÞ, SigfJ, SE, StJSt, ÞorbÞ, BJ, BÁ, BB, EmJ, EystJ, FJ, GG, JörB.

Gf, HannJ, JakM, JJós, JónP, ÓTh, PHalld, PO, SK, TT, EE, GÞ, greiddu ekki atkv.

Fjórir þm. (GSv, JÓl, JS, ÁÁ) fjarstaddir.

Frv. vísað til allshn. með 19:9 atkv.

Á 104. fundi í Nd., 20. des., var frv. tekið til 2. umr. (A. 744, n. 893 og 907).

Frsm. meiri hl. (Héðinn Valdimarsson): N. hefir athugað þetta mál, en ekki orðið á eitt sátt og er klofin í málinu. Meiri hl. n. leggur til, að þetta mál verði afgr. óbreytt, en áskilur sér rétt til að koma með brtt. við 3. umr. Að öðru leyti hefir svo mikið verið talað um málið við 1. umr., að ég fer ekki út í einstök atriði.

Frsm. minni hl. (Garðar Þorsteinsson) [óyfirl.]: Eins og tekið er fram í nál. minni hluta allshn., klofnaði n. um málið. Það fóru allvérulegar umr. fram um málið við 1. umr. þess og sjálfstæðisflokkurinn dregur enga dul á það, að hann sé eindregið á móti slíkri aðferð sem liggur í meginatriði þessa frv., sem sé að ríkið eitt hafi með ferðaskrifstofu að gera. Hinsvegar vill hann fallast á, að sett séu ákvæði með löggjöf um, að ríkið setji á stofn auglýsingastarfsemi í öðrum löndum, og að því sé gefinn möguleiki til að afla fjár, svo unnt verði að standast þann kostnað, sem af því verður. Slík starfsemi gæti að öllu leyti farið fram, án þess að ríkið eitt ræki ferðaskrifstofu. Á þetta allt saman var bent við 1. umr. þessa máls. Undanfarið hafa staðið yfir umr. um, hvort ekki væri hægt að setja inn í lögin, að jafnframt auglýsingastarfseminni hefði ríkið á hendi leiðbeiningar fyrir ferðamenn hér innanlands og að þeir aðrir, sem nú reka þennan starfa hér, gætu einnig framvegis haft þennan starfa með höndum. Af því að ég tel útlit á, að samkomulag fáist um þessar breytingar, sem sjálfstæðisflokkurinn getur gengið að, þá vil ég mælast til þess, að frv. nái að ganga til 3. umr., þrátt fyrir það, þó við séum andvígir því. Ég sé ekki ástæðu til þess á þessu stigi málsins að fara út í einstakar gr. frv., en vil áskilja mér rétt til þess við hæstv. forseta að mega þá gera það við 3. umr. málsins, ef samkomulag ekki næst.

Forseti (JörB): Ég skal verða við tilmælum hv. 8. landsk., hvað þetta snertir, og þá ekki binda mig fast við þingsköp við 3. umr.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 15:2 atkv.
2.—10. gr. samþ. með 14:3 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 14:3 atkv.

Á 105. fundi í Nd., 21. des., var frv. tekið til 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 17 shlj. atkv.

Frsm. meiri hl. (Héðinn Valdimarsson) [óyfirl.]: Það hefir orðið samkomulag innan allshn. til þess að tryggja framgang þessa máls í sambandi við önnur mál, sem eftir er að afgreiða. — Kemur allshn. því með skrifl. brtt., sem ég ætla að leyfa mér að lesa upp með leyfi hæstv. forseta: [Sjá þskj. 943.]

Út af þessari brtt. vil ég ekki taka annað fram en það, að með fyrstu brtt. er gefin heimild til þess að veita umboðsmönnum ferðaskrifstofa leyfi til þess að starfa eftir sérleyfi, sem gildir í 5 ár í senn. Ég hefði kosið, að þessi liður hefði ekki verið eins viðtækur eins og hann er. Ég álít, að það verði mikilsvert mál fyrir Íslendinga yfirleitt, að ferðaskrifstofa ríkisins geti orðið sem öflugust, en til þess að tryggja framgang málsins, hefi ég og aðrir nm. fallizt á þetta ákvæði. — Önnur brtt. er um það, að síðasti málsliður 3. gr. falli burt. Það er einmitt vegna þessa ákvæðis. — Þá er 3. brtt. Hún gefur ferðaskrifstofunni heimild til þess að skipta akstri með ferðamenn jafnt á milli bifreiðastöðva. — Loks er 4. brtt., um það, að heimila ríkisstjórninni að svipta umboðsmenn erlendra ferðaskrifstofa, sem hafa fengið leyfi til að starfa, þessu starfsleyfi, ef þeir hafa brotið settar reglur í verulegum atriðum.

Ég vil svo leggja til, að málið verði sem fyrst afgr.

Frsm. minni hl. (Garðar Þorsteinsson) [óyfirl.]: Allshn. hefir nú rætt þetta mál. Hv. d. er kunn afstaða sjálfstæðisfl. til þessa máls, og það, sem hann hefir lagt höfuðáherzlu á, er, að það væri ekki ríkið eitt, sem hefði einkarétt á að reka hér ferðaskrifstofu. — Með þessum brtt. allshn. er fengin sú bót, að öðrum er einnig veitt leyfi til þess að reka slíkar ferðaskrifstofur og erlendum ferðaskrifstofum gefið leyfi til þess að hafa hér sína umboðsmenn. Þetta er að vísu aðeins heimild, sem ráðh. getur notfært sér. Þess vegna mun ég óska þess, að hv. atvmrh. vildi staðfesta það hér í umr., að þessi heimild yrði notuð á þann hátt, að hinar erlendu ferðaskrifstofur fengju leyfi til að hafa hér umboðsmenn á svipuðum grundvelli og verið hefir. — Önnur brtt. er aðeins leiðrétting í samræmi við 1. brtt. þess efnis að aftan af gr. falli ákvæðið, sem heimilar ferðaskrifstofunni að semja um fargjöld við skipafélög og bifreiðafélög. Þetta ákvæði er vitanlega óþarft, og leiðir af sjálfu sér, að ferðaskrifstofan hefir eins og hver annar aðili rétt til þess að semja. — Þá er 3. brtt., um að jafna skuli akstri á milli bifreiðastöðva. Það er atriði, sem Sjálfstfl. er vitanlega ekkert á móti. Telur hann rétt, þegar erlend skemmtiferðaskip koma hingað og þurfa á mörgum bifreiðum að halda, að þá sé þeim akstri skipt sem réttlátast milli hinna einstöku bifreiðastöðva. — Loks er hér síðasta brtt., um það, að heimilt sé að svipta umboðsmenn erlendra ferðaskrifstofa réttindum, brjóti þeir verulega settar reglur. Þetta er vitanlega ekkert athugavert, því að það leiðir af sjálfu sér, að þetta er principsatriði, og það er nauðsynlegt, að þeir, sem með þessi mál fara komi fram gagnvart hinum erlendu ferðamönnum sem góðir og heiðarlegir menn og að þeir vinni í hvívetna fyrir landið sem slíkir.

Þó að Sjálfstfl. hefði kosið, að fellt hefði verið niður ákvæðið um að ríkið ræki ferðaskrifstofu, vill þó flokkurinn ganga inn á frv. með þessum breytingum, enda komi þá umsögn hv. atvmrh. um að þessi heimild verði notuð, sem ég minntist á áðan.

ATKVGR.
Afbrigði um skrifl. brtt. frá allshn. (verður þskj. 943) leyfð og samþ. með 22 shlj. atkv.

Atvmrh. (Haraldur Guðmundsson): Ég skal í tilefni af þeim brtt., sem allshn. hefir hér flutt, og þeirri fyrirspurn, sem beint var til mín áðan taka það fram, að ég mun veita þeim erlendum ferðaskrifstofum, sem hér hafa haft umboðsmenn, leyfi til þess að hafa umboðsmenn hér áfram næstu 5 ár, enda fylgi þessir umboðsmenn þeim reglum, sem settar verða samkv. þessum lögum og séu að öðru leyti óaðfinnanlegir menn.

Ég sé svo ekki ástæðu til þess að taka fleira fram í sambandi við þessar brtt. Ég get á þær fallizt og læt þetta því nægja.

Frsm. minni hl. (Garðar Þorsteinsson) [óyfirl.]: Ég get sætt mig við þá yfirlýsingu, sem hæstv. atvmrh. gaf um það, hvernig hann ætlaði að framkvæma þá heimild, sem þarna er um að ræða. En ég vil, til þess að ég sé ekki misskilinn, taka það sérstaklega fram, að þó að þessar brtt., sem nú eru bornar fram af allshn., nái ekki lengra en rétt til þess að Sjálfstfl. vill ekki á þessu þingi neita um afbrigði fyrir framgangi málsins, þá er hann í sjálfu sér ekki ánægður með ýms atriði frv. og þá sérstaklega með 1. gr. þess, eins og áður hefir verið tekið fram í ræðum.

ATKVGR.
Brtt. 943,1 samþ. með 21 shlj. atkv.
— 943,2 samþ. með 22 shlj. atkv.
— 943,3 samþ. með 22 shlj. atkv.
— 943,4 samþ. með 26 shlj. atkv.
Frv., svo breytt, samþ. með 16:8 atkv. og endursent Ed.

Á 101. fundi í Ed., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 944).

Á 102. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til einnar umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 9 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 9:3 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 948).

85. Kartöflusala o. fl. (frv. BSt).

Á 57. fundi í Ed., 31. okt., var útbýtt:
Frv. til l. um verzlun með kartöflur og aðra garðávexti (þmfrv., A. 440).

Á 59. fundi í Ed., 2. nóv., var frv. tekið til 1. umr.
Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 10 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

Flm. (Bernharð Stefánsson): Eins og menn sjá á dagskrá þessa fundar, eru á henni tvö mál um sama efni. Þessi frv. eru, a. m. k. hvað sumar gr. snertir, samhljóða. Þetta er þannig til komið, að fyrir landbn. þessarar d. var lagt frv. um þetta efni, samið af n. þeirri, sem margir kalla Rauðku, en mun heita skipulagsn. atvinnumála. Nú var í landbn. nokkur ágreiningur um þetta frv. Einn nm., hv. 2. þm. Rang., vildi ekki taka þátt í að flytja þetta frv. Við hinir tveir nm. vildum að vísu flytja það, en hv. 4. landsk. vildi flytja það óbreytt, eins og það var lagt fyrir n., en ég vildi gera á því nokkrar breyt. Þar sem ekki náðist samkomulag, lagði ég fram frv. með þessum breyt., en hv. 4. landsk. lagði fram frv. óbreytt.

Takmark það, sem ætlað er að ná með báðum þessum frv., er það, að þjóðin fari sjálf að framleiða nóg af kartöflum til neyzlu innanlands. Eins og getið er í grg. annars þessara frv., hafa undanfarið verið fluttar til landsins kartöflur fyrir ca. 350000 kr. á ári, og er enginn efi á því, að þessa upphæð í erlendum gjaldeyri mætti spara, því að þjóðin gæti vel framleitt þessa vöru sjálf. Og ekki aðeins það, heldur verður líka að gera ráð fyrir, að neyzla á kartöflum geti aukizt mikið í landinu frá því, sem er, og myndu þá sparast kaup á ýmsum öðrum vörum frá útlöndum, svo að hér er í raun og veru um miklu meiri upphæð að ræða en þá, sem ég nefndi. Núna í sumar, seinni partinn, eða í haust var skrifað um það, að Íslendingar gætu t. d. framleitt kartöflumjöl það. sem þeir nota, og ef horfið væri að því ráði, væri enn um nýja möguleika að ræða í þessu máli.

Ég ætla ekki að fjölyrða um málið, en eins og menn sjá, eru það einkum þrennar ráðstafanir, sem ætlazt er til, að gerðar verði til þess, að þetta takmark náist. Í 1. lagi að veita verðlaun nú næstu 3 árin fyrir aukna kartöfluframleiðslu, til þess að hvetja menn til að gera sem mest í þessu efni, í öðru lagi að takmarka og banna að nokkru leyti algerlega innflutning á útlendum kartöflum, eftir því sem nauðsynlegt reynist, og að svo miklu leyti sem innlend framleiðsla fullnægir þörfum landsmanna. Þá er í þriðja lagi það atriði, að ríkið reki verzlun með þessa vöru, til þess að greiða fyrir sölu á innlendum markaði, og tryggja hæfilegan geymslustað fyrir kartöflur.

Í sambandi við þetta atriði er rétt að taka það fram, að fyrirkomulagið á þessari verzlun er aðalágreiningsefnið milli mín og hv. 4. landsk. Mér þykir nægja, að ríkið hafi einkasölu á útlendum kartöflum, sem hingað eru fluttar, en á innlendum kartöflum sé ekki einkasala, heldur verði framleiðendum frjálst að selja hverjum sem vera vill, hvort heldur sem er neytendum sjálfum eða verzlunum. Hv. meðnm. minn vill hafa einkasölu á innlendum kartöflum, að svo miklu leyti sem þær eru hafðar í verzlun.

Ég geri ráð fyrir, að þegar bæði þessi mál koma til n., verði einhver ráð með að steypa þeim saman, svo þau verði ekki tvö að þvælast hvort fyrir öðru. Tel ég því rétt að ræða ekki einstök atriði fyrr en n. skilar málunum frá sér. — Leyfi ég mér svo að óska þess, að frv. verði vísað til landbn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 9 shlj. atkv. og til landbn. með 10 shlj. atkv.

Á 76. fundi í Ed., 22. nóv., var frv. tekið til 2. umr. (A. 440, n. 571).

Frsm. (Bernharð Stefánsson): Eins og getið er um í nál. landbn. á þskj. 571, sá n. ekki ástæðu til að afgr. nema annað þeirra frumv., sem vísað var til hennar um þetta efni. Og hefir n. afgr. það frv., sem hér liggur fyrir á þskj. 440. — N. flytur fjórar brtt. við frv., á þskj. 571. Fyrsta brtt. er við 4. gr., en sú gr. fjallar um það, að banna megi innflutning á kartöflum og öðrum garðávöxtum. N. þykir óþarft að banna sérstaklega innflutning á þeim garðávöxtum, sem grænmetisverzlun ríkisins kemur til með að hafa einkasölu á; því að vitanlega hefir hún það í hendi sinni að takmarka innflutninginn eftir vild og fella hann niður með öllu vissa tíma. Er því samkv. 1. brtt. bannaður innflutningur á þeim grænmetisvörum, sem framleiddar eru í landinu og grænmetisverzlun ríkisins annast ekki innflutning á.

Þá er 2. brtt. n. við 5. gr. Þar er lagt til, að grænmetisverzlunin geti einnig selt vörur til bæjar- og sveitarfélaga eins og til kaupmanna og kaupfélaga. Það getur vel farið svo, að bæjar- og sveitarfélög vilji gjarnan kaupa vörur beint frá grænmetisverzluninni, og sér n. ekkert á móti því, að það sé leyft.

3. brtt. n. er við ákvæði til bráðabirgða. Samkv. frv. eru heimiladar 60 þús. kr. á næstu þremur árum til þess að veita verðlaun fyrir aukna kartöfluframleiðslu. N. þykir rétt að takmarka, hversu miklu skuli varið á hverju ári fyrir sig til verðlauna, m. a. vegna þess, að réttara er að tiltaka þá fjárhæð í fjárl. N. hefir reynt að skipta þessu niður á árin, eftir því

sem hún taldi líkur til, að kostnaðurinn mundi verða hvert árið fyrir sig, miðað við þær reglur, sem í frv. eru um það. Vitanlega verður hann mestur fyrsta árið, en svo dregur smámsaman úr því. Hvort n. hefir hitt nákvæmlega rétt á um þetta, er ekki gott að fullyrða neitt um, en varla mun það fara mjög fjarri lagi. — 4. brtt. n. þarf engra skýringa við.

N. hefir verið einhuga um þessar brtt. og stendur öll að þeim. En hinsvegar er það kunnugt, að hv. 4. landsk. óskar eftir frekari breyt. á frv. og vill sennilega koma því í sama horf og það frv. var, sem hann flutti hér í d. — Hv. 2. þm. Rang. skrifaði undir nál. með fyrirvara, og geri ég ráð fyrir, að hann geri grein fyrir honum.

Jón Baldvinsson [óyfirl.]: Það er aðallega eitt atriði í frv., sem ágreiningur er um milli mín og hv. 1. þm. Eyf., frsm. n. — Það er atriðið í 7. gr. á þskj. 440, en var 6. gr. í frv. því, sem ég flutti á þskj. 454.

Samkv. þessu ákvæði er grænmetisverzlun ríkisins að vísu ætlað að verzla með allt grænmeti, sem hún flytur inn, en það er ekki gert ráð fyrir, að hún verzli með innlenda framleiðslu nema að framleiðendur óski þess. Þeim er heimilt að selja hana hverjum sem vera skal. Nú er ég hræddur um, að það verði lítið skipulag á sölu þessa innlenda grænmetis, ef salan fer ekki öll fram í gegnum grænmetisverzlun ríkisins. Þess vegna býst ég við að flytja brtt. við 3. umr., þess efnis, að í stað 7. gr. þessa frv. komi 6. gr. úr frv. því, sem ég flutti. — Þetta er nú aðalágreiningurinn, en að öðru leyti er ég sammála meðnm. mínum um þær brtt., sem n. hefir gert á frv. Þessi ágreiningur er ekki ákaflega mikill, en eins og ég þegar hefi tekið fram, þá tel ég miklu heppilegra, að grænmetisverzlunin hafi til meðferðar allt grænmeti, sem framleitt er innanlands til sölu.

Ég tel víst, að hér á Suður- og Suðvesturlandi, þar sem grænmetisframleiðslan yrði langsamlega mest, mundi það valda miklum glundroða og erfiðleikum, ef hver framleiðandi ætti að pota út af fyrir sig við sölu á framleiðslu sinni, og jafnframt yrði það stórum erfiðara fyrir grænmetisverzlunina að leysa sitt hlutverk af hendi. — Ég sé svo ekki ástæðu til að orðlengja þetta meira.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 8:2 atkv.

2.—3. gr. samþ. með 9:1 atkv.

Brtt. 571,1 samþ. með 10 shlj. atkv.

4. gr., svo breytt, samþ. með 9 shlj. atkv.

5. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.

Brtt. 571,2 samþ. með 9 shlj. atkv.

6. gr., svo breytt, samþ. með 9 shlj. atkv.

7.—15. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.

Brtt. 571,3 samþ. með 9 shlj. atkv.

Ákvæði til bráðabirgða, svo breytt, samþ. með 9 shlj. atkv.

Brtt. 571,4 samþ. með 9 shlj. atkv.

Fyrirsögn, svo breytt, samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 9:2 atkv., með fyrirsögninni:

Frv. til l. um verzlun með kartöflur og aðra garðávexti o. fl.

Á 78. fundi í Ed., 25. nóv., var frv. tekið til 3. umr.

Magnús Guðmundsson: Ég ætlaði aðeins að biðja hæstv. forseta að taka málið út af dagskrá. — Það kom til umr. í fjvn., að það væri ekki í samræmi við þingsköp að afgr. frv., sem hafa í för með sér útgjöld fyrir ríkissjóð, án þess að leita álits fjvn. um þau, eða fjárhagsatriði þeirra. Nú er það svo, að fjvn. hefir dag eftir dag og viku eftir viku, og jafnvel að segja megi mánuð eftir mánuð, setið með sveittan skalla við að finna leiðir til þess að færa niður og spara útgjöld ríkisins. Það verður því að telja fremur óvíðeigandi að afgr. á bak við hana frv., sem talsverð útgjöld fylgja, einkum þar sem í 17. gr. þingskapanna er skýrt ákvæði um, að leita skuli álits fjvn. um öll þau atriði, er leiða af sér útgjöld fyrir ríkissjóðinn. En þó að þessum ákvæðum hafi ekki verið fylgt, sýnist það ekki heppilegt, en réttara að hverfa að því að fylgja þeim framvegis.

Og hér er alls ekki um svo lítið fjárhagsatriði að ræða, þar sem á að ráðstafa 60 þús. kr. til verðlauna, og í 5. gr. frv. er gert ráð fyrir að byggja geymsluskála hér í Reykjavík, og jafnvel víðar út um land. Hér er því um talsverða upphæð að ræða, og sýnist því rétt í þessu sambandi að minna á ákvæði þingskapanna. Ég vil því mælast til, ég held fyrir hönd allrar n., — það verður leiðrétt ef ekki er rétt —, að málið verði nú tekið út af dagskrá og vísað til athugunar fjvn.

Frsm. (Bernharð Stefánsson): Það er að vísu óneitanlega nokkurt fjárhagsatriði falið í þessu frv., en svo hefir verið um fleiri frv., sem lögð hafa verið fyrir þingið, án þess að þeim hafi vegna þess atriðis verið vísað til fjvn. eða nokkuð undir hana borin, og það þó um stærri atriði hafi verið að ræða en eru í þessu frv. Ég skal ekki beinlínis mótmæla því, að málið verði tekið af dagskrá nú, enda ræður hæstv. forseti því vitanlega einn. En mér þykir það dálítið undarlegt, ef nú á að taka þetta eina mál af þeirri n., sem um það hefir fjallað, og vísa því til fjvn. Ég veit ekki heldur hvort fært er að bæta á hana störfum með því að láta hana fara að fjalla um fjöldamörg frv., auk annara starfa, sem hún hefir fyrir. A. m. k. þætti mér skemmtilegra að sjá framan í fjárl. áður en vísað er til fjvn. mörgum frv., því hv. fjvn. hefir nú haft fjárlagafrv. óvanalega lengi til meðferðar og er marga farið að lengja eftir nefndarálitinu.

Magnús Guðmundsson: Ég vona, að hv. 1. þm. Eyf. lifi það að sjá álit fjvn., og það áður en langur tími líður.

Ég vil taka það fram, að ég er ekki sérstaklega að álasa hv. landbn. fyrir að hafa ekki leitað álits fjvn. í þessu máli. En ég vildi minna á þessi ákvæði þingskapanna, sem að vísu hafa verið látin sofa að undanförnu. Og þegar svo

er fyrir mælt í þingsköpum, að leita skuli álits fjvn. um öll fjárhagsatriði, er ekki hægt að mæla á móti, að því sé hlýtt, ef farið er fram á það í einhverju máli.

Það má vera, að þetta verði ekki stórt fjárhagsatriði, en það getur þó orðið nokkuð stórt. Hefir hv. landbn. gert sér grein fyrir, hvað mundi kosta að reisa skála hér í Reykjavík yfir 6 þús. t. af garðávöxtum? Það er dýrt að byggja hér í Reykjavík, svo slík bygging kostar alltaf töluvert. Einnig er heimilt að byggja a. m. k. tvo skála annarsstaðar, og það kostar þó eitthvað.

Forseti (EÁrna): Það hefir réttilega verið á það bent af hv. 1. þm. Skagf., að ákvæði í þingsköpunum mæla svo fyrir, að leita skuli álits fjvn. um fjárhagsatriði þeirra frv., sem fram koma. Þessu ákvæði hefir að vísu ekki verið fylgt, en þar sem ósk hefir komið fram um að taka málið af dagskr. af þessum ástæðum, þá geri ég það hér með.

Á 82. fundi í Ed., 29. nóv., var frv. aftur tekið til 3. umr.

Forseti tók málið af dagskra.

Á 83. fundi í Ed., 30. nóv., var frv. enn tekið til 3. umr. (A. 598, 599, 602, 645).

Þorsteinn Þorsteinsson: Ég á hér brtt. á þskj. 599, þar sem ætlazt er til, að hverjum einstaklingi verði veitt verðlaun fyrir alla árlega aukningu á kartöfluframleiðslu, ef hún nemur 3 tunnum eða meiru. Ég hefi litið svo á, að stefna bæri að því, að landsmenn yrðu sjálfum sér nógir að því er kartöfluframleiðslu snertir, og að hvert heimili, sem land hefir til umráða, geti framleitt nógar kartöflur fyrir sig. Það hefir verið gert töluvert að því að styrkja garðyrkju í sveitum, og hafa búnaðarsamböndin gengið á undan í því, með því að veita verðlaun fyrir aukningu matjurtagarða, en nú lítur út fyrir, að búnaðarsamböndin hafi ekki framvegis yfir eins miklu fé að ráða til þessara hluta eins og undanfarið, og væri því æskilegt, að styrkur í þessu skyni félli ekki niður, þótt ekki sé um stórframkvæmdir að ræða.

Hvað frv. þetta snertir, þá virðist mér, að ákvæði þess um verðlaun fyrir kartöflframleiðslu gætu nokkuð hjálpað, ef lágmark tunnufjöldans fyrir verðlaununum væri fært niður frá því, sem það er sett í frv. Ég geri nfl. alls ekki ráð fyrir, að það verði nema stærri framleiðendurnir, sem hefðu tök á að auka framleiðslu sína um 10 tunnur og meira á ári; myndu verðlaunin því ekki ná til smærri framleiðenda.

Ég átti að sjálfsögðu kost á að fylgjast með félögum minum úr fjvn. um brtt. á þskj. 645: Hvað 1. brtt. snertir, bæði a. og b. lið, get ég tekið það fram, að ég tel hana til bóta. Aftur á móti skildi á um aðra brtt., 2, a. og b. Hana tel ég síður en svo til bóta við frv. eins og það er nú, því að með henni er mörgum gert erfiðara um að fá verðlaunin, og ákvæði hennar geta einnig orðið til þess, að verðlaunin komi ranglátlega niður, þar sem svo er ákveðið í henni, að framleiðandi fái engin verðlaun, enda þótt hann auki árlega framleiðslu sína til heimilisnota um 10 tn. eða meira, en auki hann hana um 5 tunnur til sölu, fær hann verðlaunin. Þetta finnst mér ekki réttlátt, því að ég tel, að á sama megi standa um það, hvort framleiðslan er aukin til neyzlu heima eða til sölu út af heimilinu. Ég vildi svo að síðustu mega leggja það til, að brtt. min verði samþ., því að ég er alveg sannfærður um, að frv., ef að lögum verður, kemur ekki almenningi að notum nema því sé breytt í það horf, sem brtt. min fer fram á.

Jónas Jónsson [óyfirl.]: Fjvn. hefir athugað frv. þetta frá hinni fjárhagslegu hlið, sem snýr að ríkissjóðnum, og hafa tveir af þremum nm., sem sæti eiga í n. héðan úr hv. Ed., orðið sammála um að flytja við það brtt. þær, sem eru á þskj. 645. Fyrst leggjum við til, að í staðinn fyrir, að í frv. stendur, að grænmetisverzlunin skuli láta reisa geymslu- og markaðsskála o. s. frv., komi, að henni sé það heimilt. — Þá þótti okkur rétt að bæta aftan við gr. þeirri aths., að í framkvæmd þessara bygginga mætti ekki ráðast nema með samþykki ríkisstj. og fjvn. Þetta verður að teljast rétt með tilliti til þess ástands, sem nú er í þinginu, að hnitmiða verður niður öll útgjöld, hverju nafni sem þau nefnast, og ennfremur sakir þess, að mjög er erfitt með allt byggingarefni eins og sakir standa nú. Það minnsta sem hægt yrði að gera, væri þó það, að láta fram fara rannsókn um, hvað verkið myndi kosta, áður en lagt væri út í það. Sumum okkar fannst líka, að jafnvel gæti komið til greina að nota kjallara þjóðleikhússins til geymslunnar, ef hann væri innréttaður með það fyrir augum. Ennfremur höfum við lagt til, að sú breyt. verði gerð á bráðabirgða ákvæðum frv., að verðlauna ekki framleiðsluna til neyzlu á heimilunum, heldur aðeins það, sem verður til sölu, og í sambandi við það leggjum við til, að fyrir töluna 10 á tveimur stöðum í 9. málsgr. komi talan 5. Með því er lagt til, að ekki verði veitt verðlaun fyrir minni aukningu en 5 tunnur, ef um einstaka framleiðslu er að ræða.

Jón Baldvinsson [óyfirl.]: Ágreiningurinn, sem varð í landbn. um þetta mál, var út af verzluninni með innlendar kartöflur. Í frv. því, sem ég ber fram um þetta mál, var svo ákveðið, að framleiðendum kartaflna og grænmetis væri ekki heimilt að selja öðrum framleiðslu sína en grænmetisverzlun ríkisins, og í samræmi við það hefi ég komið fram með brtt. á þskj. 602, þar sem eru ákvæði um það, að hina umræddu innlendu framleiðslu megi ekki selja hverjum sem er. Ég vil ekki banna, að framleiðendur megi selja framleiðslu sína beint til neytenda, en eigi að lofa þeim að selja hana hverjum, sem hafa vill, má búast við, að meiri glundroði geti orðið á verzluninni með þessar afurðir, sem geri hana yfirleitt áhættusamari. Skal ég svo ekki fara fleiri orðum um þetta atriði, en vil aðeins undirstrika það, að ég tel frv. skemmt frá því, sem það átti að vera, nema brtt. þessi verði samþ.

Út af brtt. á þskj. 599 vil ég segja það, að mér finnst afaróhyggilegt, ef fara ætti að lækka

lágmark þess, sem veitt eru verðlaun fyrir, því að með því er farið að verðlauna framleiðslu til heimilisnotkunar, farið að borga fyrir að afla sjálfum sér matar. Að vísu kemur fjvn. með brtt., sem bæta nokkuð úr þessu og ég fyrir mitt leyti get því fallizt á. Verði framleiðslan til heimilisnotkunar ekki alveg felld niður, svo hún geti ekki komið til greina við úthlutun verðlaunanna, og markið um aukna framleiðslu sett nokkuð hátt, þá verður svo lítið að keppa að. Væri lágmarkið fyrir verðlaununum t. d. sett við 10 tunnur, miðað við aukna framleiðslu til sölu, þá gæti keppnin orðið nokkuð almenn, og gæti þá farið svo, að á ekki mjög löngum tíma næði framleiðslan því að fullnægja þörfinni innanlands fyrir þessa vörutegund, en það er vitanlega það, sem okkur ber að keppa að.

Jón Auðunn Jónsson [óyfirl.]: Mér virðist, að eftir brtt. hv. 4. landsk. sé gert ráð fyrir, að grænmetisverzlun ríkisins hafi á hendi sölu á öllum garðávöxtum í landinu. Slíkt held ég, að yrði mjög erfitt, því að þá myndi óhjákvæmilegt að setja upp deildir frá verzluninni úti um allt land, jafnvel í hinum minnstu sjóþorpum. Ég held því, að þessu verði bezt fyrir komið eins og það er í frv., að framleiðendur megi selja vörur sínar annað tveggja beint til neytendanna eða þá til kaupmanna og samvinnufélaga, eftir því sem fyrir liggur. Það vill nú oft verða svo, að bændur t. d. fara ekki nema eina ferð í hverri kauptíð með framleiðsluvörur sínar til markaðsstaðanna. Í því tilfelli, að ekki mætti selja garðávexti nema til neytendanna, myndu þeir oft verða að fara heim aftur með framleiðslu sína, svo fremi sem ekki væri útibú frá grænmetisverzlun ríkisins á staðnum.

Annars hygg ég, að öll þessi verzlun, eins og hún er hugsuð í frv., verði umfangsmikil og erfið, og illt að reka hana.

Hvað snertir ákvæði frv. um verðlaun fyrir aukna framleiðslu á þessari vörutegund, þá get ég fylgt því, a. m. k. fyrst um sinn. Annars held ég, að öllum ætti að vera það ljóst, að það er í mörgum tilfellum jafnvel meira upp úr því að hafa að framleiða kartöflur og grænmeti en t. d. mjólk. Hvað snertir neyzlu grænmetis yfirleitt, þá vantar enn mikið á, að almenningur sé farinn að nota það sem skyldi, og í því efni þarf að kenna fólkinu að lifa. Á Vesturlandi hefir t. d. verið maður um nokkurt skeið, sem kenndi mönnum að hagnýta sér grænmeti umfram það, sem áður hafði þekkzt þar. —

Að endingu vil ég benda á, að ég gæti ímyndað mér, að allt þetta umstang geti orðið til þess að gera vörur þessar allt of dýrar fyrir fólkið.

Frsm. (Bernharð Stefánsson): Það eru þegar komnar fram allmargar brtt. við frv. þetta, og kynni því að vera ástæða til þess að fá umr. frestað, svo n. gæfist kostur á að athuga þær. En þar sem ein þýðingarmesta brtt. er komin frá einum nm., og þannig kominn fram ágreiningur í n., mun ég ekki gera kröfu um það, að n. fái frv. til athugunar á ný. Af því, sem ég nú hefi sagt, leiðir það af sjálfu sér, að það, sem ég segi um brtt., er á mína eigin ábyrgð, en ekki landbúnaðarnefndar.

Fyrsta brtt. er á þskj. 599, og er þess efnis, að verðlaun verði veitt fyrir aukna ársframleiðslu á kartöflum, sem nema 3 tunnum og yfir. Ég get alls ekki fallizt á að lækka þetta lágmark svona mikið, fyrst og fremst sökum þess, að þó framleitt sé til heimilisnota, þá tel ég ekki rétt að verðlauna það, og í öðru lagi yrðu verðlaunin svo lítil, að það munaði ekkert um þau. Þannig yrðu þau fyrsta árið 9 kr. fyrir 3 tunnur, 6 kr. annað árið, og 3 kr. síðasta árið. Þetta myndi engan draga neitt.

Þá hefir hv. fjvn. borið fram brtt., svo sem vænta mátti, þar sem einn nm. bað um, að þessu máli yrði vísað til hennar. Skal ég ekki beinlínis mæla á móti þeim, en ekki tel ég það viðeigandi að ætla fjvn. vald á milli þinga, eins og lagt er til í þessum till., og efasamt, að nokkur fjvn. sé þá til. Annars hefir landbn. enga afstöðu tekið til þessara tillagna, og mun ég því ekki fara fleiri orðum um þær.

Þá kem ég að þeirri brtt., sem virkilegur ágreiningur er um, en það er brtt. hv. 4. landsk. Í henni felst það ágreiningsatriði, sem varð þess valdandi, að 2 frv. komu fram um þetta mál í vetur, og sem kunnugt er þótti það mjög einkennilegt. Í blöðunum var skýrt frá því, að það, sem á milli bæri í frv., væri það, að í öðru frv. væri svo til orða tekið, að heimilt væri að taka einkasölu á kartöflum, en í hinu væri sagt að það skyldi gert. Það lítur nú helzt út fyrir, að þeir, sem skýrðu þetta þannig í blöðunum, hafi aldrei lesið frv., því að ágreiningurinn er allt annar. En hann var eins og hann kemur nú fram í brtt. á þskj. 602, sem hv. 4. landsk. flytur, sem sé sá, hvort taka skuli einkasölu á öllum kartöflum, jafnt útlendum sem innlendum. Í frv. eins og það liggur fyrir nú er einkasala aðeins heimiluð á útlendum kartöflum. Einkasalan nær því aðeins til þeirra vara, sem inn eru fluttar, en verzlun með innlenda framleiðslu er alveg frjáls. Nú vill hv. 4. landsk. ekki heimila beina sölu á innlendri framleiðslu nema til neytendanna, en þessu er ég mótfallinn. Ein af röksemdum hv. 4. landsk. með brtt. hans var sú, að það myndi valda glundroða í verzluninni með þessa hluti að hafa hana eins og ætlazt er til í frv., og jafnframt gera verzlunina áhættusamari. Þetta held ég, að sé mesti misskilningur. Ef einkasala er á öllum kartöflum, jafnt útlendum sem innlendum, sé ég ekki annað en að verzlunin yrði þá að hafa útibú á flestum höfnum landsins, og vitanlega yrði það mjög kostnaðarsamt og mjög þungt í vöfum. En hitt held ég yrði miklu einfaldara, að menn geti selt þessa vöru sína til þeirra, sem þeir eru vanir að selja afurðir sínar, t. d. að bændur geti lagt kartöflur inn í sitt kaupfélag eða inn hjá þeim kaupmanni, sem þeir eru vanir að verzla við, og kaupfélagið eða kaupmaðurinn sjái svo um söluna út til neytendanna. Það kann að vísu að vera rétt, að með þessu fyrirkomulagi verði kannske frekar áhætta fyrir grænmetisverzlun ríkisins, en þar sem hún hefir innflutning til landsins í hendi sér og getur ráðið honum alveg, þá geri ég ekki mikið úr því.

Þorsteinn Briem [óyfirl.]: Ég hefi að nokkru gert grein fyrir afstöðu minni til þessa frv. í sambandi við annað mál, sem var hér á döfinni fyrir nokkru. Lýsti ég því þá, að ég fagnaði framkomu þessa frv., sérstaklega þar sem frv. það, sem ég flutti og fól í sér styrk til jarðræktar, náði ekki fram að ganga. Og ég vona, að það komi ekki mjög verulega að sökum, að hér er farin nokkuð önnur leið til þess að verðlauna eða styrkja menn til kartöfluræktunar heldur en ætlazt var til í mínu frv. En sérstaklega verð ég að láta í ljós ánægju mína yfir einu ákvæði frv., þar sem segir í 10. gr., að þess skuli gætt, að framleiðendum sé tryggt hæfilegt framleiðsluverð fyrir vörur sínar, og því þakklátari sem þetta hefir ekki fengið viðurkenningu valdhafanna hingað til. — Skal ég þá víkja að einstökum brtt., sem fram hafa komið við þetta frv.

Um brtt. á þskj. 602, frá hv. 4. landsk., skal ég taka það fram, að ég get ekki veitt henni atkv. mitt. Ég hygg meira að segja, að það yrði mjög miklum erfiðleikum bundið fyrir grænmetisverzlun ríkisins að hafa þessa verzlun með höndum fyrir allt landið, ef ekki væru þær undanþágur, sem eru í frv., sem hér liggur fyrir. Og grænmetisverzlunin þyrfti þá, ef þessi till. yrði samþ., að hafa mörg og smá útibú, sem yrði tiltölulega kostnaðarsamt á móts við umsetninguna; annars gæti komið til þess, að framleiðendur yrðu að senda framleiðsluvöru sína alllanga leið til þess að fá markað, og svo kaupmennirnir að senda hana eitthvað til baka til þess að selja hana, og gæti margvíslegur óþarfa kostnaður af því leitt.

Hv. þm. Dal. hefir flutt brtt. á þskj. 599, sem hljóðar á þá lund, að verðlaun skuli veita fyrir framleiðsluaukningu, sem nemur 3 tunnum, og skil ég, hvað bak við till. liggur, sem sé það, að styðja smærri framleiðendur og tryggja það, að þeir verði ekki settir hjá. Í sjálfu sér get ég ekki verið mótfallinn þeirri till., en samræmisins vegna tel ég þó rétt að styðja fremur þá till. á þskj. 645, þar sem gert er ráð fyrir, að verðlaun skuli veitt fyrir 5 tunnur. Miða ég við það, að þá er nokkurn veginn samræmi milli þeirrar tunnutölu og þess, sem ákveðið er í núgildandi ræktunarlögum. Þar er gert ráð fyrir því, að veittur sé styrkur til matjurtagarða, sem nema um 200 m², og ætla ég, að það megi teljast mjög góð uppskera, ef 5 tunnur fást af því svæði. Tel ég þó rétt að fylgja þeirri tölu, með því að það er þá í nokkurn veginn samræmi við gildandi ákvæði í jarðræktarlögunum. Aftur á móti get ég ekki fallizt á brtt. fjvn. 2. a., þar sem sagt er, að engin verðlaun skuli veita fyrir aðrar kartöflur heldur en þær, sem framleiðandi selur til neyzlu eða útsæðis. Í jarðræktarlögunum er enginn greinarmunur gerður á þessu; menn eiga að fá styrk fyrir sína jarðrækt, hvort sem þeir neyta hennar sjálfir eða selja hana, og sé ég enga ástæðu til að breyta til með principið, þegar um þessi verðlaun er að ræða. Auk þess mundi þetta verka sem einskonar skattur á mikla fjölskyldumenn, því eðlilega þurfa þeir að nota meira af þessari vöru heldur en þeir, sem eru ómagalausir og hafa fátt heimilisfólk. Ég tel því, að ef þessi brtt. verður samþ., þá komi hún ómaklega niður á fjölskyldumenn, en þá vildi ég örva ekki síst til aukinnar garðræktar, með því að garðávextir eru holl fæða, sérstaklega fyrir börn. Auk þess tel ég, að það eigi að örva menn til þess að nota kartöflur sem mest heima fyrir, m. a. í staðinn fyrir korn til brauðgerðar að meira eða minna leyti. En þessi till., ef að l. verður, stefnir í þveröfuga átt. Það er einkanlega þetta tvennt, sem veldur því, að ég get ekki verið fylgjandi þessari brtt. fjvn. Hv. flm. geta e. t. v. sagt, að það sé erfitt að hafa gætur á því, hversu mikið hver einstakur notar til síns heimilis, og að það kunni kannske ekki að vera að marka framtöl manna í því efni. En þegar l. byggjast einmitt á því, að framtöl manna hingað til hafi verið hárrétt, þá sé ég ekki ástæðu til þess að gera ráð fyrir öðru en að framtöl manna hér eftir verði a. m. k. jafnrétt. Auk þess eru eðlilega, ef menn vilja hafa sig til þess, ýmsar leiðir til þess að fara í kringum þetta. Menn gætu t. d. selt sína framleiðslu, sem þeir ella mundu nota til heimilisþarfa, og keypt svo aftur kartöflur af öðrum. Þannig gæti gengið óendanleg svikamilla, ef menn á annað borð væru þannig gerðir. En ég sé ekki ástæðu til þess að væna menn um það, að þeir telji rangt fram þær kartöflur, sem þeir nota til heimilisins, fremur en menn hafa gert hingað til.

Um fyrri brtt. hv. fjvn. hefi ég hinsvegar það að segja, bæði hvað a- og b-liðinn snertir, að ég get verið henni fyllilega samþykkur og mun greiða henni atkv. mitt.

Þorsteinn Þorsteinsson: Það var hv. 4. landsk., sem gat um það, að ekki væri ástæða til þess að borga fyrir það, þó menn ræktuðu ofan í sjálfa sig. Ég held, að þetta sé ekki rétt, og við gerum það a. m. k. að sumu leyti nú, að borga fyrir ræktun nytjajurta, sem koma heimilunum að gagni, og mér virðist, að í þessu tilfelli sé ekki síður ástæða til þess en í mörgum öðrum, þar sem það er viðurkennt, að sú nytjajurt, sem hér er um að ræða, er mjög holl. Og ef menn fengju ekki verðlaun fyrir það, sem ræktað er til heimilisnotkunar, þá held ég, að það yrði til þess, að menn seldu þessa framleiðslu sína nær alla, en hirtu ekki um að leggja hana til heimilisins, og keyptu þá kannske eitthvað annað í staðinn, sem ekki væri eins hollt eða notadrjúgt. Ég held því sannast að segja, að það sé skökk stefna að hlynna ekki jafnt að því, sem menn rækta ofan í sjálfa sig, og því, sem menn selja öðrum.

Hv. 1. þm. Eyf. gat um það, að það mundi engan draga um þau verðlaun, sem gert er ráð fyrir í brtt. þeirri, sem ég flyt. Ég veit náttúrlega ekki, hvað þeir eru stórir upp á sig þarna í Eyjafirðinum, en þetta nemur þó 18 kr. fyrir þá menn, sem aðeins eru í lágmarkinu, og eftir því, sem veitt hafa verið verðlaun til jarðræktar, þá þættu það sæmileg verðlaun. En ef maður tekur dæmi um þá, sem ekki næðu verðlaunum eins og þau eru ákveðin í frv., en eru rétt við þau, t. d. með 9 tunnur, þá næmi þetta 27 kr. fyrsta árið, og mundi það þykja allsæmilegur styrkur.

Hv. 10. landsk. hefi ég ekki neinu að svara. Hann hefir lýst því yfir, að hann teldi það hlutfallslega réttara, að lágmarkið væri 5 tunnur, og það getur verið, að það sé nokkuð til í því, miðað við þann styrk, sem áður hefir verið veittur til stækkunar á kálgörðum. En þar er miðað við frekar góða uppskeru, en ef miðað er við lakari uppskeru, þá láta 3—4 tunnur nærri. Ég verð að halda fast við það, að þeim, sem eiga erfitt með ræktun og hafa minna um sig, séu gerð sömu skil og hinum, sem hafa betri möguleika, annaðhvort efnalega eða aðstöðulega, og þess vegna tel ég sjálfsagt að hafa þetta lágmark, sem ég hefi stungið upp á í minni brtt.

Jón Baldvinsson [óyfirl.]: Það er rétt hjá hv. frsm., að ágreiningurinn um frv. fólst ekki í því, hvort standa skuli „má“ eða „skal“, hvort það skuli taka einkasölu eða að það sé heimilt. Þetta var sagt við 1. umr. og einnig í n., svo það er alveg upplýst, að ágreiningurinn er um það, hvort verzlunin eigi að vera frjáls innanlands eða hvort hún eigi að vera í höndum verzlunar ríkisins, og mér finnst margar stoðir renna undir það, að hið síðara sé hentugra fyrirkomulag, m. a. vegna þess, að ef ríkið hefir alla verzlunina, þá veit það á hverjum tíma, hversu mikið liggur í vörzlu hennar af birgðum, og eftir því getur hún hagað innflutningi sínum frá útlöndum. En ef ríkisstj. veit ekki hversu miklar birgðir eru til í landinu, þá rennir hún alveg blint í sjóinn með pantanir frá útlöndum, og gæti þá bæði komið fyrir, að hún keypti of mikið af þessari vöru, sem er mjög viðkvæm og þolir ekki langa geymslu, og eins hitt, að hún yrði uppiskroppa með hana, og er hvorttveggja jafnslæmt. — Ég geri ráð fyrir því, að verzlunin þyrfti að hafa útibú í stærri kauptúnum kringum landið, en ég teldi næganlegt, að í smábæjunum hefði hún aðeins umboðsmenn til þess að taka við vörunni. Það væri engin meining að fara að senda kartöflur t. d. frá Hornafirði til Reykjavíkur og svo þaðan aftur austur á firði. Verzlunin gæti látið umboðsmenn sína miðla vörunni á þá staði, sem stytzt er að flytja hana, og ætla ég, að því þyrfti ekki að fylgja nein sérstök skriffinnska. Þetta tel ég veigamesta atriðið, að verzlunin geti alltaf vitað, hversu miklar birgðir eru til í landinu, svo að hún geti hagað verzlun sinni og innflutningi frá útlöndum eftir því. Það mætti náttúrlega hugsa sér, að þessu mætti ná með því að skylda menn til þess að tilkynna ríkisverzluninni jafnóðum og þeir tækju við eða keyptu kartöflur frá framleiðendum eða legðu inn til kaupfélaga eða kaupmanna, til þess að hún hefði einhverja hugmynd um birgðirnar. En ég er hræddur um, að það kynni að gleymast og að hið eina örugga sé því, að ríkisverzlunin taki við þessu öllu saman.

Hv. frsm. hefir mælt á móti till. þeirri, sem hv. þm. Dal. hefir flutt, og hefi ég þar engu við að bæta. Ég álít það misráðið að samþ. verðlaun fyrir svo lítið sem hann gerir ráð fyrir í sinni brtt., og jafnvel fyrir það, sem þeir leggja til í sínum brtt., hv. þm. S.-Þ. og hv. 1. þm. Skagf.

ATKVGR.

Brtt. 645,1.a samþ. með 15 shlj. atkv.
— 645,1.b samþ. með 10:1 atkv.
— 602 felld með 8:3 atkv.
— 645,2.a samþ. með 9:4 atkv.
— 599 felld með 11:2 atkv.
— 645,2.b samþ. með 9:6 atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 8:3 atkv. og afgr. til Nd.

Á 88. fundi í Nd., 2. des., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 668).

Á 89. fundi í Nd., 3. des., var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 19 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 17 shlj. atkv. og til landbn. með 18 shlj. atkv.

Á 100. og 101. fundi í Nd., 16. og 17. des., var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 102. fundi í Nd., 18. des., var frv. enn tekið til 2. umr. (A. 668, n. 800 og 861, 801, 840).

Frsm. meiri hl. (Bjarni Ásgeirsson): Mál þetta er komið frá hv. Ed. og hefir nú legið fyrir hjá landbn. þessarar deildar. Landbn. er ekki öll samferða eða sammála um afgreiðslu þessa máls. 4 af 5 nm. leggja til, að frv. nái fram að ganga, þó eru tveir þeirra með fyrirvara. En 1 nm., hv. þm. Ak., mælir gegn frv. þessu.

Frv. miðar að því að greiða fyrir verzlun með kartöflur og aðra garðávexti frekar en nú á sér stað. Er í því falin heimild til handa ríkisstj. að taka í sínar hendur þessa verzlun við útlönd frá 1. maí næstk., en gert er ráð fyrir, að salan verði frjáls innanlands. Þá er verzluninni gert að skyldu að taka við öllum kartöflum, sem bjóðast og ætlaðar eru til sölu innanlands, að svo miklu leyti sem geymslumöguleikar og aðrar ástæður leyfa. Er lögð áherzla á það í frv., að verzluninni sé ekki skylt að kaupa meira en tök eru á að geyma. Meiri hl. n. lítur svo á, að svo mikill vandi sé og áhætta að geyma mikið af kartöflum saman, að ekki sé rétt að gera ráð fyrir og ekki ástæða til, að falli meira en þarf í forsjá verzlunarinnar, en þykir þó rétt að skylda hana til að taka við því, sem býðst, meðan framboðið er mest — á haustin — og mönnum er þörf að koma þessari vöru út og frá sér. Er þá gert ráð fyrir, að þeir sitji fyrir, sem næst búa verzlunarstaðnum.

Þá er ákvæði í 5 gr., sem heimilar grænmetisverzlun ríkisins að reisa geymslu og markaðsskála hér í Rvík. Þetta er mikið nauðsynjamál fyrir framleiðsluna, og hefir því iðulega verið hreyft hér áður á Alþ., en aldrei náð fram að ganga. Er gert ráð fyrir, ef ágóði verður af verzluninni, að honum verði varið til að koma upp slíkum skálum í öðrum kaupstöðum. Ef verulegur árangur verður af þessari tilraun, má fara svo áður en mjög langt líður, að vegna

ráðstafana þessara aukist svo innlend framleiðsla garðávaxta, að hlutverk verzlunarinnar um verzlun með erlendar kartöflur og garðávexti falli niður og ekki þurfi að flytja þessa vöru inn í landið, en að því er einmitt stefnt með frv. þessu.

Án þess að ég ætli mér að fara út í einstakar gr. frv., þar sem ég geri ráð fyrir, að þm. hafi kynnt sér það, þá vil ég aðeins minnast á ákvæði til bráðabirgða, þar sem gert er ráð fyrir að verja ákveðinni upphæð af fé ríkissjóðs á næstu 3 árum til verðlauna fyrir aukna kartöfluframleiðslu, og er þá búizt við, að náð verði því framleiðslumagni, að ekki verði skortur á innlendri vöru þessarar tegundar.

Landbn. hefir orðið sammála um að bera fram nokkrar brtt. við frv., og skal ég skýra þær lítilsháttar.

Við 1. gr. gerum við breyt. við það ákvæði, sem snertir innflutning á kartöflum með skipum og skotið er til álits tollstjóra, að við bætist „eða lögreglustjóra". Þótti okkur réttara að taka það fram, þar sem tollstjóri er aðeins í Rvík.

Í 2. gr. frv. stendur: „Grænmetisverzlun ríkisins skal annast innflutning og verzlun kartaflna og annara garðávaxta." Þetta er svo undantekningarlaust ákvæði og svo fast að orði kveðið, að okkur þótti rétt að bæta inn í frvgr. „samkv. lögum þessum", af því annarsstaðar í frv. er gert ráð fyrir, að sala þessi fari gegnum annara hendur, eða bændum sé frjálst að selja til neytenda og innlendra verzlana. — Þá er brtt. við 5. gr. þar sem ákvæði var sett inn í Ed. um, að geymsluskála hér í Rvík mætti aðeins byggja, ef bæði hæstv. ríkisstj. og fjvn. áliti það rétt. Okkur þykir nægilegt, að hæstv. ríkisstj. samþ. þetta ein og ekki ástæða til að skjóta þessu til hv. fjvn., sem hér er aðeins samankomin lítinn hluta ársins, og yrði þá e. t. v. að kalla hana saman til að afgr. þetta mál, sem yrði óþarfur kostnaðarliður.

Í ákvæði til bráðabirgða stendur svo, að eigi megi veita verðlaun fyrir framleiðslu annara kartaflna en þeirra, sem seldar eru til neyzlu. N. álítur þetta ákvæði mjög óheppilegt, vegna þess að ef svo væri, að engin verðlaun yrðu veitt fyrir það, sem gengi til heimilisneyzlu, yrði framboð á kartöflum óeðlilega mikið og selt meira en rétt er til þess að ná í verðlaunin, og yrði þá síðari hluta ársins að kaupa aftur til heimilisþarfa, — auk þess, sem mætti fara í kringum þetta ákvæði, því það væri nægilegt, að A. seldi B. kartöflur og B. seldi svo aftur A. til að ná í verðlaunin. Fyrir þessa óeðlilegu verzlun vill n. komast og leggur því til, að þetta verði niðurfellt.

Þá eru fram komnar brtt. frá þeim þm., sem skrifað hafa undir nál. með fyrirvara, hv. þm. A.-Húnv. og hv. þm. Hafnf., sem skrifaði undir með fyrirvara um 1. gr., og hv. þm. Ak., sem er á móti frv. — Sé ég ekki ástæðu til að sinni að segja fleira um þetta mál.

Pétur Ottesen: Ég sé, að hér vantar 3 hv. þdm., sem skrifað hafa undir nál. með fyrirvara, og býst ég við, að það sé vegna þess, að málið er neðarlega á dagskrá og þeir hafi því búizt við, að önnur mál yrðu tekin á undan. Ég vil þó minna á vafaatriði í sambandi við frv. og beina fyrirspurnum til hv. frsm. viðvíkjandi ákvæðum 10. gr. frv. En áður en ég geri þetta, vildi ég benda á það, að þetta er ekki í fyrsta sinn, sem fram kemur á Alþ. till. viðvíkjandi verzlun með innlendar kartöflur, sérstaklega að því, er snertir fyrirgreiðslu með að koma innlendum kartöflum á stærstu og beztu markaðssvæðin, bæði til Rvíkur og á aðra staði. Ennfremur hafa komið fram till. um að koma upp geymslustöðum fyrir innlendar kartöflur í stærstu markaðsstöðunum, og þá fyrst og fremst í Rvík. Við hv. þm. Mýr. höfum oftast verið tillögumennirnir og komið okkur allvel saman um það, hvaða leiðir væru líklegastar til að greiða fyrir framleiðslu þessarar vörutegundar. Þessar leiðir hafa verið þær, sem ég minntist á áðan, að greiða fyrir að koma vörunni á markaðsstaði með ívilnun á flutningsgjöldum og koma upp góðum geymsluhúsum fyrir kartöflurnar, en þetta hefir verið á öðrum grundvelli, að því, er til framkvæmda kemur, heldur en hér er ætlazt til, að verði samkv. þessu frv. Við höfum ætlazt til, að allar framkvæmdir yrðu í höndum framleiðenda sjálfra eða þess félagsskapar, sem þeir myndu með sér í þessu augnamiði, og að það yrðu þeir, sem verzluðu með kartöflurnar. Við höfum hugsað okkur á undanfarandi þingum, að í markaðsstöðunum yrðu geymsluhúsin byggð þannig, að myndaður væri samfélagsskapur kartöfluframleiðenda, sem verzluðu með kartöflur og byggðu þessi hús, en nytu styrks frá hinu opinbera til þess að koma þessu í framkvæmd. Höfuðatriðið var, að allar till. stóðu á þeim grundvelli, að framleiðendur sjálfir beittu sér fyrir þessum málum og hefðu allar framkvæmdir með höndum. Mín aðstaða er sú, að ég álít heppilegast, að málið sé leyst á þennan hátt. Hinsvegar hefir hv. þm. Mýr. horfið að því að láta ríkið taka að sér verzlun með þær kartöflur, sem innfluttar eru, og að nokkru leyti með innlendar kartöflur, og að ríkið hafi forgöngu með að koma upp geymslu- og markaðsskála. Þetta er áframhald af þeirri hröðu sókn sósíalista í áttina til allskonar einokunar, sem þeir nú hafa hafið í samvinnu við framsóknarflokkinn og knúið fram svo hröðum skrefum sem raun ber vitni um. Hv. þm. Mýr. hefir við það að komast í þessa nánu samvinnu við sósíalista horfið af þeim grundvelli, sem hann áður áleit heppilegastan. Um þetta hefi ég ekki annað að segja en að ég harma það, að hann skuli hafa horfið frá sinni fyrri stefnu, því ég tel þessa leið sízt til bóta frá þeirri, sem við áður vorum sammála um, að mundi vera líklegust til að greiða fyrir málinu. Frv. er allt byggt upp á þeirri hugmynd að láta ríkið eitt hafa framkvæmdarvald til þess að flytja inn kartöflur og hafa hagnað af því að verzla með þær og láta þennan verzlunarhagnað renna til þess að koma upp geymsluskála og bera verzlunina uppi. Það getur verið rétt að leggja nokkurt gjald á kartöflur í þessu augnamiði, en það bar enga nauðsyn til þess fyrir hv. þm. Mýr. að hverfa til ríkiseinokunar, til þess að fá skatt af kartöflum til

fyrirgreiðslu innanlands ræktunar. Það var hægt að leggja verðtoll á innfluttar kartöflur og láta þann skatt renna til þeirra hluta, sem þessi verzlunarágóði á að renna til. Það var mjög einföld leið, ef heppilegt þótti að leita þessum málum stuðnings, að leggja þá gjald á aðfluttar kartöflur. — Að vísu er það svo, að unnt á að vera að verzla með innlendar kartöflur, án þess að það sé ríkbundið við þetta kartöfluverzlunarfyrirtæki ríkisins. Kartöfluframleiðendum á þó að vera frjálst að selja framleiðslu sína hverjum, sem vera skal. Þó mun þetta frjálsræði bundið við, að þeir selji beint til neytenda, en bundið af ákveðnu verðlagi. Nú hefir það til þessa fyrst og fremst verið gildandi lögmál um verðlag á innlendum kartöflum, að það skapaðist af hlutfalli á milli framboðs og eftirspurnar. Hins vegar hafa oft verið uppi till. um það, og seinast samþ. frá síðasta þingi, sem réttmætt er til stuðnings þessu máli, að takmarka eða banna innflutning á erlendum kartöflum á þeim tíma, sem nógar birgðir af innlendum kartöflum eru til í landinu. Aðalástæðan fyrir því er sú, að greiða fyrir því, að menn geti selt afurðir sínar á þessum tíma. Víða eru erfið skilyrði fyrir því að geyma kartöflur og þess vegna var á þennan hátt nokkuð aukin trygging fyrir því, að framleiðendur gætu fengið það verð fyrir vöru sína, að þeir stæðust kostnaðinn við framleiðsluna, en það þarf ekki að grípa til neinnar einokunar til þess að ná þessum tilgangi. Í lögum frá síðasta þingi er ríkisstjórninni heimilað að láta gjaldeyrisnefnd banna innflutning á erlendum kartöflum á þeim tíma, sem nógar innlendar kartöflur eru á markaðinum. Þarna er ekki farið inn á einokunarbrautina en spursmálið er leyst á þennan hátt. — Þótt nú framleiðendur eigi að fá að selja vöru sína og selja hana beint til neytenda, þá á verðið ekki að vera byggt á samkomulagi milli framleiðenda og neytenda, eins og verið hefir, heldur verður hér sett á stofn ein af þessum n., sem við höfum búið við nú um nokkurt skeið og eiga að vera til þess að verðleggja afurðir bænda, hliðstæð n. við þá, sem verðleggur kjöt, og við þá n., sem ákveður verð á mjólk, og þessa n. á að byggja upp á svipuðum grundvelli. Með þessum nefndarskipunum er horfið inn á þá braut að fela neytendum að ákveða, hvaða verð framleiðendur fái fyrir vöru sína, en hingað til hafa það verið framleiðendur, sem hafa ákveðið verðlagið, og hefir það ekki valdið neinum árekstri í viðskiptum. Hér er svo haldið lengra inn á þá braut með því að láta umboðsmenn neytendanna líka ákveða verð fyrir kartöflur. Ef reynslan hefði sýnt, að framleiðendur væru ánægðir með verðskráningu á kjöti og mjólk, þá væri síður hægt mikið við því að segja, þótt þetta væri fært út á víðara svið, en reynslan hefir orðið sú, að það liggja frammi áskoranir frá bændum um, að þessu verði breytt og það fært í fyrra horf og þeir látnir um að ákveða verð á sinni vöru, eins og verkalýðsfélögin ákveða, hvaða kaups verkamenn skuli krefjast fyrir vinnu sína. Þetta tvennt er hliðstætt og eðlilegt, að það haldist í hendur, og reynslan í þessu efni að undanförnu er sú, að þetta hefir ekki valdið erfiðleikum á nokkurn hátt, að því, er afurðasöluna snertir, en hvað hið nýja skipulag snertir, er óhætt að segja, að það hefir þegar reynzt svo illa, að það er stórum varhugavert að halda lengra inn á þá braut. Ég er þess vegna andvígur því, að þetta sé tekið upp í frv., að fulltrúar neytendanna ákveði verð á kartöflum, sem einstakir framleiðendur selja einstökum viðskiptavinum sínum, þótt það jafnvel sé ekki meira en ½ tunna. Ég held, að þetta sé óheppilegt fyrirkomulag, og ég vil vekja athygli þeirra hv. þdm., sem á mál mitt hlusta, á því, að það er varhugavert að fara út af þeirri braut, sem farin hefir verið að undanförnu. Ég vil vekja athygli á því, að það er varhugavert að fara þannig með allskonar verðlagsákvæði, og að fara með verðlag á kartöflum inn á þessa braut uggir mig, að gæti orðið til þess að verka gagnstætt þeim góða tilgangi hv. þm. Mýr. að greiða fyrir sölu á kartöflum og bæta úr á þessu sviði framleiðslunnar, en ég þekki það frá fyrra samstarfi, að hann hefir áhuga fyrir því, að fyrir þessu verði greitt.

Næst kem ég svo að þeim grundvelli, sem ætlazt er til, að verðlagsnefndin byggi verðlagsákvæði sín á. Það kann að vera, að ég hafi ekki sett mig nógu vel inn í tilhögun þá, sem gert er ráð fyrir í 10. gr., en mér finnst, að það geti orkað tvímælis, sem þar segir, og að það geti valdið óþægilegum árekstrum við framkvæmd verðskráningar. Það segir hér fyrst í 10. gr. orðrétt þannig: „Verðlag á innlendum garðávöxtum skal ákveðið þannig, að verð um uppskerutímann, frá 15. sept. til 1. nóv., skal lagt til grundvallar". — Hvaða verð er það, sem nefndin á að leggja til grundvallar? Mér skilst helzt, að n. eigi sjálf að skapa það. (**BÁ**: Það kemur fram síðar í greininni). — Svo er haldið áfram og ekki um annað talað en nefndin ákveði verðið, en sagt, að eftir þennan tíma eigi verðið að fara hækkandi, og er það rétt í sjálfu sér, þar sem bæta verður við geymslukostnaði á þeim kartöflum, sem síðar eru seldar, svo að hann gangi ekki út yfir verðlagið. En átti ekki líka að haga þessu þannig til með kjötið? Hvernig fór það í höndum kjötverðlagsnefndarinnar? (**PZ**: Í hvaða gr. kjötsölulaganna er talað um það?). — Ég veit ekki, hvort það er í kjötsölulögunum, en ef það er þar ekki, þá hefir n. ákveðið það heimildarlaust, og er það því verra. Annars er ég hissa á því, að hv. 2. þm. N.-M. skuli nú minnast á kjötsölulögin, því við háðum nokkra sennu um þau nú á dögunum, og ég hélt, að hann fýsti ekki að halda þeim orðaskiptum áfram eða fá gleggri mynd af aðstöðu sinni í kjötverðlagsnefnd heldur en þá kom fram. En þar sem nú kemur fram nýtt frv. um annað hliðstætt mál og sporin virðast stefna inn á sömu braut, þá minntist ég á þetta hliðstæða mál til þess að minna á, hvernig leiðin hefði reynzt. — Svo stendur hér: „Nýir innlendir garðávextir, sem koma á markaðinn fyrir 15. sept., skulu skráðir hærra verði, því fyrr sem þeir eru afhentir til sölu". Um þessa nýju garðávexti er svo sagt: „Skal verðlagið miða að því, að tryggð verði framleiðsla snemmvaxinna garðávaxta". Þarna er það skýrt tekið fram, að

verðlagið eigi að miða að því að tryggja framleiðsluna, þannig að framleiðslukostnaðurinn fáist uppborinn í verðlaginu á snemmvöxnum garðávöxtum, en svo koma almennu ákvæðin, sem eiga að tryggja framleiðendum, sem selja á almennum markaðstíma, að þeir fái uppborinn framleiðslukostnað sinn, og þar virðist mér, að ákvæðin stangist allmikið og að óvíst sé, hvað verður ofan á í höndum hinnar væntanlegu verðlagsnefndar. Þar segir svo: „Verðskráning garðávaxta skal aðallega miða við markaðsverð garðávaxta í nálægum löndum, að viðbættum flutningskostnaði". — Það á að fara að miða verðlag aðallega við það, sem er markaðsverð á garðávöxtum í nálægum löndum. Það er það fyrsta, sem á að leggja til grundvallar, þegar verðið er ákveðið, en svo kemur hitt atriðið, sem nefndin á aðeins, að því er virðist, að líta á sem nokkurskonar aukaatriði, nefnilega þetta: „Þó skal þess gætt jafnframt, að framleiðendum sé tryggt hæfilegt framleiðsluverð". Aðallega á að miða við verðlag í nálægum löndum, en svo má n. rétt gjóta augunum út undan sér til framleiðslukostnaðarins. Nú skulum við líta á aðstöðuna, sem er til ræktunar í nágrannalöndunum, og þá aðstöðu, sem hér er, og athuga, hvort réttmætt er að leggja verðið í nágrannalöndunum aðallega til grundvallar, og er þá auðsætt, hve fjarstætt það er, þar sem öll framleiðsluskilyrði eru margfalt betri hjá nágrannaþjóðunum heldur en hér á landi. Ég vildi benda á þann reginmun, sem er á því, sem aðallega á að leggja til grundvallar fyrir verðlaginu, og á hinu, sem á að hafa til hliðsjónar, og ég er hræddur um, að verðlagsnefndin eða fulltrúar neytendanna þar geti fest fætur sína svo vel í því bili. sem þarna er á milli, að ekki verði gott að krefja hana reikningsskapar um það að tryggja framleiðsluna, þegar þess er beinlínis krafizt í lögunum, að fyrst og fremst sé miðað við markaðsverð í nálægum löndum. Við stöndum höllum fæti með að segja, að nefndin hafi gengið í berhögg við lögin, þótt verðið sé sett fyrir neðan það, sem framleiðendur þurfa að fá, til þess að þeir beri uppi þann kostnað, sem þeir hafa af framleiðslunni. Það er fullkomlega ástæða til að taka þetta grundvallaratriði nánar til athugunar.

Ég hefi sýnt fram á það, að þótt þessu máli hefði verið haldið á þeirri braut, sem við hv. þm. Mýr. höfum verið með það á að undanförnu, þá hefði mátt ná þeim sama tilgangi, að greiða fyrir sölu á þessari vörutegund og efla framleiðslu hennar innanlands. Þessum tilgangi var hægt að ná, án þess að fara með málið inn á þá braut, sem það nú hefir verið fært á, og án þess að raska því heilbrigða fyrirkomulagi, að láta verðlagið liggja í samkomulagi milli kaupenda og seljanda, með þeim stuðningi, sem felst í því að offylla ekki markaðinn með erlendum kartöflum á þeim tíma, sem nóg er til af innlendum kartöflum, og það er hægt að gera samkvæmt heimild í núgildandi lögum.

Þá er aðeins eitt atriði eftir, sem er nýtt og við hv. þm. Mýr. höfum ekki verið með í þessari mynd, en á að miða að því að ýta undir kartöfluframleiðsluna í landinu, og það eru verðlaunin, sem á að veita í þessu skyni. En ég þykist sjá, að þetta muni bera að sama brunni og þær till., sem við hv. þm. Mýr. höfum verið með áður, og að þetta sé ekki alveg viðbót við það, sem í þeim till. hefir falizt; því jafnframt því, sem þetta ákvæði hefir verið tekið upp, hefir verið fellt niður það ákvæði, sem við höfðum áður verið með, að létta undir með flutning á kartöflum frá framleiðslustöðunum til sölustaðanna, og það ákvæði var mikilsvirði fyrir þá, sem langt þurfa að flytja framleiðslu sína. Ég skal ekki um það dæma, hvort muni vera betra til þess að ýta undir kartöfluframleiðsluna, þau verðlaun, sem hér er gert ráð fyrir, að séu veitt, eða sá stuðningur, sem fólst í till. okkar um að greiða fyrir flutningi vörunnar á sölustaði, því einn aðalþröskuldurinn í vegi fyrir dreifingunni úti um land er vitanlega það, hve kostnaðurinn er mikill við flutninginn bæði á landi og með ströndum fram. Sá kostnaður er meiri heldur en við að flytja vöruna frá öðrum löndum, og þetta gerir aðstöðuna innanlands svo erfiða í samkeppninni við erlendar kartöflur. Ég skal ekkert um það dæma segi ég, hvort muni verka betur þessi verðlaun eða sá léttir, sem fólst í till. okkar áður, en það er áreiðanlegt, að í þeim fólst mikill léttir fyrir framleiðendur og mikil örvun til aukinnar framleiðslu. Mér er nær að halda, að till. okkar um flutningsgjöldin séu meira virði en verðlaunin.

Ég mun við 3. umr. athuga frv. nokkru nánar og bera þá fram brtt. við þau atriði, sem ég hefi nú minnzt á, að mér þættu varhugaverð. Ég álít óliklegra til úrlausnar og fyrirgreiðslu á kartöfluframleiðslunni í landinu að færa þetta mál inn á þá braut, sem hér er gert, heldur en að halda því á þeirri braut, sem við hv. þm. Mýr. höfum verið með það á á undanfarandi þingum.

Jón Pálmason: Ég var ekki kominn hér á fund. þegar hv. frsm. talaði og gat því ekki heyrt hans ræðu, en eins og menn hafa tekið eftir, varð ágreiningur í landbn. um þetta mál, og skal ég víkja að því almennt, og síðan einstökum atriðum, sem fram koma í mínum brtt., og loks að öðru leyti að málinu í heild. Einn nm., hv. þm. Ak., hefir klofið n. og leggur til, að þetta frv. verði alveg fellt. Hv. þm. er ekki viðstaddur, en ég skal geta þess, sem hv. þdm. er ef til vill ekki ljóst, að hann byggir þessa afstöðu sína fyrst og fremst á því, að það hafa verið sett lög um þetta efni fyrr á þessu þingi, sem nú stendur yfir, og það mun líklega vera einsdæmi í þingsögunni, að á sama þinginu sé farið fram á að afnema lög, sem sett voru á fyrri hluta þess, en það er gert með þessu frv., því að það fer fram á afnám á lögum, sem sett voru á fyrri hluta þessa þings. Ég skal taka það fram, að ég hafði mikla tilhneigingu til þess að taka sömu afstöðu í þessu máli eins og hv. þm. Ak. í n., en það sem gerði það að verkum, að ég tók ekki sömu afstöðu, var það, að hér er boðin fram af hálfu hæstv. stj. töluverð fjárupphæð til styrktar kartöfluræktinni. Af því að svo standa sakir, að ég sé, að þannig er farið með fé hér á þinginu í sambandi við ýms önnur mál,

að það er ekki ástæða fyrir okkur framleiðendur að hafna þessu boði, þá fannst mér það ekki vera réttmætt frá minni hálfu, enda þótt ég teldi þetta frv. mjög gallað, að slá á þessa hönd, sem fram er rétt til styrktar þeirri framleiðslu, sem hér um ræðir. Það er vitað, að kartöfluræktarskilyrðin í landi okkar eru það góð, að það ætti að vera auðvelt að framleiða ekki aðeins allar þær kartöflur, sem þjóðin þarf að nota með sömu neyzlu í landinu og verið hefir, heldur miklu meira, því að þjóðin getur haft þörf fyrir að nota miklu meiri kartöflur en hún nú notar. Frá þessu sjónarmiði er sjálfsagt, að löggjafarvaldið hlynni að því, að allar þær kartöflur og allt það grænmeti, sem þjóðin þarf, sé ræktað í landinu, en í því sambandi þarf að athuga þá leið, sem bezt væri að fara í þessu efni. Fljótt sagt, er ég andvígur þeirri leið, sem hér er stungið upp á, að fara að stofna einkasölu á erlendum kartöflum og láta ríkið taka að sér mikla verzlun í þessu sambandi. Ég tel tvímælalaust hægt að ná þeim tilgangi, sem þarf að ná, án þess að ganga inn á þessa braut. Þess vegna er það mín till., að þessi einkasöluheimild á innfluttum kartöflum sé numin burt úr þessu frv., hún er alveg óþörf, sérstaklega vegna þess, jafnvel þótt ekkert annað kæmi til greina, að stjórnarvaldið eitt hefir það alveg í hendi sér samkvæmt öðrum lögum og líka samkvæmt 4. gr. þessara laga að takmarka innflutning þessarar vöru, til þess að hún hlaðist ekki á markaðinn til samkeppni við innlenda framleiðslu. Till. mín fer fram á að afnema þessa einkasöluheimild úr frv. Geri ég ráð fyrir, að þessi verzlun sé sett á stofn aðallega í þeim tilgangi, að með þeim hætti sé hægt að koma upp geymslustöðum fyrir innlendar kartöflur. Þegar þetta er athugað, þá liggur það í augum uppi, að ég tel það ekki miklu skipta í þessu sambandi, þótt slík verzlun sé sett upp, aðeins ef þeirri takmörkun er haldið í þessu efni, sem frv. gerir ráð fyrir í 7. gr., að innlendir framleiðendur hafi leyfi til þess að selja sínar afurðir, en séu ekki skuldbundnir á neinn hátt til þess að fela ríkisverzlun þessa sölu, eins og nú á sér stað að mjög miklu leyti bæði með kjöt og mjólk. Skal ég ekki fara út í þá brtt., sem flutt er af einum nm. til þess að afnema þessa heimild, það gefst tækifæri til þess síðar við þessa umr. En að því, er snertir það atriði, sem hv. þm. Borgf. var að tala um, viðvíkjandi verðlagsnefndinni, þá vil ég taka það fram, að mér virðist það ekki skipta mjög miklu máli, þótt hún sé skipuð á þann veg, sem gert er ráð fyrir í þessu frv., því að það er ekki nema um einn mann að ræða af hálfu neytendanna, og að því, er verðlagsákvæðið snertir, þá held ég, að höfuðóánægjan með starfsemi þessara n. sé ekki sprottin af verðlagsákvæðinu fyrst og fremst, heldur af annari þeirri starfsemi, sem þessar n. hafa framkvæmt í sambandi við þau mál, sem þeim er falin yfirstjórn á. Frá þessu sjónarmiði lagði ég ekki til, að breytt yrði ákvæðinu um þessa verðlagsnefnd, en að því yrði haldið með þeim skilgreiningum, sem í frv. eru. En hinsvegar ætlast ég til þess, eins og brtt. mín ber vott um, að síðari setning 12. gr. falli niður, en hún gerir ráð fyrir, að einhverri ríkisstofnun eða S. Í. S. sé falið að hafa þessa verzlun með höndum.

Skal ég svo ekki fara nánar út í þennan hluta brtt., sem hér liggur fyrir á þskj. 840, en snúa máli mínu að því stóra atriði, sem hér er aðalatriðið í þessu sambandi, og það er, hvernig skuli haga þeirri styrkveitingu, sem ráðgerð er til þess að létta fyrir framleiðendum, að því, er þessa vöru snertir. Í frv. er gert ráð fyrir, að veittar verði árið 1936 30 þús. kr. til verðlauna, á árinu 1937 20 þús. kr. og 10 þús. kr. 1938. Það er ætlazt til þess samkvæmt þessu ákvæði, að þessum verðlaunum sé skipt niður á það, sem framleiðslan eykst um frá því, sem hún var á þessu ári. Ég veit ekki, hvort hv. flm. þessa frv. hefir gert sér það ljóst, hversu margir annmarkar hljóta að koma fram á þessari leið, sem hér er gert ráð fyrir að fara. Í fyrsta lagi er ófullkomin skýrsla um það, hver framleiðslan er á þessu yfirstandandi ári, því að þótt þessi framleiðsla sé talin fram, þá er ég viss um, að það framtal er í mörgum tilfellum gert af handahófi. Svo koma aðrar ástæður til greina, sem gera það að verkum, að þetta er mjög varhugaverð leið. Í fyrsta lagi er talað um, að það skuli aðeins veita verðlaun út á þá aukningu, sem er seld og sem fer fram úr 5 tunnum. Þetta ákvæði, sem miðað er við 5 tunnur, verkar þannig, að það verða mjög fáir einstakir framleiðendur, sem fá nokkuð af þessum verðlaunum. Það verða fáir bændur, sem eru nú flestir að verða einyrkjar, sem hugsanlegt er, að fái þessi verðlaun, sem hér um ræðir, heldur verða það félög og þeir menn, sem sérstaklega tækju það fyrir sem atvinnugrein að fara að auka í stórum stil framleiðsluna á þessari vöru, enda gerir þetta frv. ráð fyrir því, að það verði stærri félög, sem gefi sig við þessari starfsemi og hljóti þessi verðlaun. Þá verða það ekki síður kauptúnin heldur en sveitirnar, sem starfa að ræktun á kartöflum í stórum stil, til þess að eiga kost á verðlaununum. En þess ber að gæta, að þetta ákvæði um það, að ekki skuli veitt verðlaun fyrir aðra aukningu en þá, sem er seld, er óframkvæmanlegt í „praksis“, þegar til kemur, vegna þess að bændur geta selt hverjum öðrum eins og þeim sýnist og fengið verðlaun fyrir allar kartöflurnar. (**BÁ**: N. leggur á móti því). Ég er að tala um þetta eins og það er í frv. sjálfu, og þannig liggur það fyrir hér. Svo er annað, sem athuga ber í þessu sambandi, og það er það, að óneitanlega verður það að teljast mjög óeðlilegt að grípa svona inn í á þessu sviði af handahófi og upp úr þurru og veita verðlaun fyrir þá aukningu, sem fram kemur frá því, sem orðið er. Það hefir verið svo, að ýms búnaðarsambönd í landinu hafa lagt mikið kapp á að auka framleiðsluna á þessari vöru eftir því, sem þau hafa getað. Hefir þessu sumstaðar verið mjög vel tekið, enda þótt ekki hafi enn náðst það takmark, sem ætlazt var til. Hugsum okkur nú, að tveir bændur hefðu sett sér það mark, t. d. í fyrra, að auka kartöfluuppskeruna, t. d. um 10 tunnur hvor. Gerum ráð fyrir, að annar bóndinn hafi verið duglegur fyrirhyggjumaður og komið þessu í verk á þessu ári, en

segjum svo, að einhverjar orsakir hafi orðið þess valdandi, að hinn hafi ekki getað komið þessu í framkvæmd á þessu sama ári, en að honum tækist það á næsta ári, þá ætti hann að fá verðlaun fyrir alla kartöfluaukninguna bara fyrir það, að hann var ekki eins duglegur í þessu efni og hinn var. Svo eru það ýms önnur atriði í þessu sambandi, sem gera það að verkum, að ég tel þessa leið ófæra. Ég teldi það miklu nær sanni að grípa til þess að auka jarðræktarstyrkinn samkvæmt jarðræktarl., og það kæmi öllum þeim að gagni, sem auka sína jarðrækt. Í öðru lagi er ýmislegt í þessu sambandi, sem gerir það að verkum, að menn gætu kannske ekki, þrátt fyrir ríka viðleitni til aukningar á þessari framleiðslu, átt kost á því að fá þessi verðlaun, t. d. vegna óhagstæðs tíðarfars á vissum svæðum landsins. Annars eru skilyrðin fyrir kartöfluræktyfirleitt sæmilega góð hér á landi, og er hún nú án efa sá þátturinn í starfsemi íslenzkra bænda, sem einna bezt borgar sig, og það er alls ekki af því, að kartöfluræktin borgi sig ekki, að hún hefir ekki verið meiri undanfarin ár en raun ber vitni um, heldur eru aðrar orsakir sem þar koma til greina, og mættu þeir menn hugsa rækilega um það, sem á síðari árum hafa mest barizt fyrir því að teyma, ef ég mætti svo að orði komast, vinnandi fólk burt úr sveitum landsins, því að það er einmitt ein aðalorsökin fyrir því, hversu kartöfluræktin hefir víða verið lítil upp á síðkastið. — Til þess að hafna því ekki á nokkurn veg, að þessi styrkur, sem boðinn er, verði notaður til þess að greiða fyrir viðskiptunum og greiða fyrir því, að þessi framleiðsla verði aukin, þá legg ég til, að þessu verði snúið upp í að greiða fyrir flutningnum innan lands milli markaðsstaðanna, því að það er sannleikur, að viðskiptin með þessa vöru milli seljanda og neytenda hafa fyrst og fremst strandað á því, hve dýrt er að flytja þessa vöru milli landshluta í hlutfalli við það verðgildi, sem liggur í ákveðnu magni af vörunni, því að hún er, eins og kunnugt er, fyrirferðarmeiri og þyngri en flest önnur vara í hlutfalli við verð á hverri einingu. Nú er það víst, að í stærri kaupstöðunum, Reykjavík, Hafnarfirði og Ísafirði, og víðar á landinu, er markaður fyrir meiri innlenda framleiðslu af þessari vöru en þar er notað, og þessi markaður hefir verið notaður fyrir meiri útlenda framleiðslu af þessari vöru en nokkurt vit er í, og stafar þetta af því, að flutningarnir eru svo örðugir. Þess vegna kemur það sér bezt, að þessu fé, sem hér um ræðir, sé varið til þess að styrkja flutninga innanlands, bæði á sjó og landi, og greiða þar með fyrir því, að ekki þurfi að nota erlendar kartöflur í bæjum landsins.

Ég vona, að ég hafi nú gert grein fyrir því, hvað það er, sem veldur því, að okkur nm. greinir á, og ég veit, að þeir fáu hv. þm., sem hér eru, skilja, að það er síður en svo, að það sé nokkur tilhneiging frá minni hálfu til þess að drepa þetta mál, heldur vakir það fyrir mér í þessu efni að koma þessu í það horf, að það geti komið að því gagni og náð þeim tilgangi, sem til er ætlazt, því að á þessu sviði, sem öllum öðrum, tel ég, að löggjafarvaldið eigi að gera sitt ýtrasta til þess að þjóðin geti notað það, sem hægt er að framleiða í landinu sjálfu, svo að hún þurfi ekki að kaupa eins mikið og gert hefir verið af erlendum vörum.

Frsm. meiri hl. (Bjarni Ásgeirsson): Ég skal ekki verða eins langorður og þeir tveir hv. þm., sem andmæltu þessu frv. Ég verð að taka undir það með hv. þm. Borgf., að það er illt til þess að vita, ef leiðir okkar ætla að skilja í þessu efni, því að við höfum saman stritað marga langa og erfiða daga í þessu máli undanfarin þing, og ég hefði viljað, að við gætum fylgzt að allt til enda í því að koma þessu góða áhugamáli, kartöflugeymslu og markaðsskála, í framkvæmd; en því miður virðist þetta samkomulag ætla að fara út um þúfur að nokkru leyti. Þó vil ég ekki trúa því, að hv. þm. ætli að leggjast á móti þessu máli, enda þótt það sé ekki í alveg sama formi og hann hefir hugsað sér.

Hv. þm. talar um, að hann vildi halda áfram með þetta mál á sama grundvelli og við höfum barizt fyrir því. Það má vera, að það sé betra, en hv. þm. veit, að þótt við fylgdum málinu fast eftir, þá hafa því verið grafnar grafir, bæði af okkar eigin flokksmönnum og andstæðingum bæði í þessari hv. d. og eins í hv. Ed., grafir, sem málið hefir ekki getað risið upp úr aftur. Hugsum okkur nú, að við vildum breyta þessu máli í það form, sem hv. þm. vill hafa það á. Er hv. þm. viss um, að málið næði fram að ganga á þeim grundvelli? Enda þótt margt í þessu frv. sé öðruvísi en ég fyrir mitt leyti hefði óskað, þá verð ég samt að segja, að ef þau stóru atriði, sem í því eru, nást á þann hátt, sem þetta er fram borið, þá mun ég sætta mig við það, eins og nú standa sakir í þessu efni. Við skulum hugsa okkur, að við hefðum borið fram brtt., t. d. um það, að ekki yrði um neina einkasöluverzlun að ræða á erlendum kartöflum. Er hv. þm. viss um, að það hefði ekki einmitt orðið til þess, að þetta mál hefði strandað á því? Eða segjum t. d., að við hefðum verið sammála um, að enginn skyldi ráða verðlagi á kartöflum nema framleiðendur sjálfir. Er hv. þm. viss um, að það hefði náð fram að ganga? — Ég verð að segja, að það sem hv. þm. var að gefa í skyn, að það væri sama að segja í þessu tilfelli og venjulega, að það væru jafnaðarmenn, sem öllu réðu hjá framsóknarmönnum, að þetta er heldur hæpin fullyrðing. Vil ég minna hv. þm. á till., sem formaður Alþýðuflokksins bar fram í hv. Ed., og till., sem flokksbróðir hans, hv. þm. Hafnf., ber fram hér í þessari hv. deild, um það, að ríkið skuli eitt mega verzla með allar kartöflur, bæði erlendar og innlendar. Ég skal segja hv. þm. það, að till. hv. 4. landsk. var felld í hv. Ed. af mínum flokksbræðrum, og ég hefi lagt á móti þessari till. hv. þm. Hafnf. og mun greiða atkv. á móti henni, m. a. vegna þess, að ég álít svo mikla áhættu fylgjandi verzlun með kartöflur, að það nái engri átt að leyfa ríkinu einu og engum öðrum að verzla með þessar vörur. Ég álít nauðsynlegt, að sem flestum gefist kostur á því að verzla með þessar vörur, m. a. til þess að forð-

ast, eins og unnt er, þá miklu áhættu, sem stafar af geymslunni, sem einstaklingar með litlar birgðir eiga mikið auðveldara með að hafa, heldur en einn allsherjar kaupandi. Hér er farið bil beggja í þessu frv. milli hv. þm. Borgf. og sumra samflokksmanna hans annarsvegar og hv. þm. Hafnf. og samflokksmanna hans hinsvegar. Hitt tel ég að sumu leyti kost að láta ríkið verzla með kartöflur, m. a. er þá mögulegt gegnum innflutning á kartöflum að nota þann hagnað, sem verða kynni af sölu þeirra, til þess að koma upp þessu fyrirtæki, sem við höfum barizt fyrir, en aldrei fengið fé til.

Hv. þm. var að fetta fingur út í ýms ákvæði frv., einkum verðlagsákvæðin, og þá einkum skipun verðlagsnefndar. En um leið og löggjafarvaldið gefur innlendum framleiðendum aðstöðu til þess að vera einir um söluna, virðist ekki ósanngjarnt, að settur sé nokkur varnagli við því, að þeirri aðstöðu verði ekki misbeitt gagnvart neytendum. Samkv. frv. á landbrh. að skipa formann nefndarinnar, Búnaðarfélag Íslands að tilnefna einn mann, S. Í. S. einn Alþýðusamband Íslands einn og Verzlunarráð Íslands einn. Með þessarri skipun verður að telja hag framleiðenda fyllilega borgið, þar sem þrír menn af þessum fimm eiga að gæta hagsmuna þeirra, en þeir tveir, sem Alþýðusambandið og Verzlunarráðið skipa munu fremur mega teljast fulltrúar neytendanna. Nefndin virðist því vera fullkomlega eðlilega skipuð á þennan hátt.

Þá vék hann að 10. gr., sem fjallar um það, hvaða grundvöll eigi að leggja að verðlagi á íslenzkum kartöflum. Það má vel vera, að orðalag greinarinnnar hefði getað verið betra og rétt hefði verið að breyta því, ef nú væri ekki orðið svo áliðið þings sem er, en þó held ég, að ekkert í henni geti orkað tvímælis, ef hún er lesin með skilningi. Hann fetti fingur út í það ákvæði, að verðskráningu garðávaxta skuli miða við markaðsverð í nálægum löndum auk flutningskostnaðar. Þetta er einmitt það, sem mestu hefir ráðið um verðlag á íslenzkum kartöflum hingað til. En jafnframt er tekið fram í lok gr., að framleiðendum skuli jafnan tryggt hæfilegt framleiðsluverð. Þetta er tekið svo skýrt fram, að ummæli hv. þm. um þetta eru ekkert nema útúrsnúningar. Hér er á alveg ótvíræðan hátt verið að tryggja hagsmuni innlendra framleiðenda.

Þá minntist hann á framleiðsluverðlaunin og flutningsstyrkinn, sem við höfum áður borið fram. Ég get játað, að ég legg að vísu ekki sérstaklega mikið upp úr verðlaununum, en þó má vel vera, að þau geti orðið til að glæða framleiðsluna eitthvað. Fyrir mitt leyti get ég ekki gert upp á milli þess, hvort muni hafa meiri áhrif, verðlaunin eða flutningsstyrkurinn.

Hv. þm. A.-Húnv. sagði, að það myndi víst vera einsdæmi, að lög, sem samþ. hefðu verið á fyrri hluta þings, séu afnumin á seinnihluta þess. En þótt hér sé að nafninu til um sama þingið að ræða, verða þinghlutarnir að sumu leyti sem tvö þing, og eins og hv. þm. veit, er ekkert eins dæmi, að lög séu afnumin á næsta þingi eftir að þau voru sett. Hér er í raun og veru um breytingu á eldri lögum að ræða, þótt þetta sé borið fram sem sérstakt frv.

Ég skal ekki deila við hv. þm. A.-Húnv. um verðlaunin. Fyrir mér eru þau ekkert aðalatriði, þótt ég álíti, að þau geti orðið til þess að ýta nokkuð undir framleiðsluna.

Þá vil ég drepa nokkuð á þá tillögu, þótt hún verði tekin aftur til 3. umr., sem fjallar um það, að engum skuli heimilt að verzla með kartöflur, nema ríkinu. Ég álít, að það gæti valdið hinum mestu vafningum, að enginn megi selja tunnu og tunnu, nema hann hafi leyfi til þess. Auk þess gæti þetta fyrirkomulag ekki þrifizt, nema ríkið hefði umboðsmenn í hverju héraði, en slíkt myndi hafa talsverðan kostnað í för með sér. Fáar vörur eru hættulegri til geymslu en kartöflur, og ef ríkið væri skyldað til þess að taka á sig allan kostnað og áhættu af slíkri verzlun, gæti leitt af því stórtjón fyrir ríkið. Með því fyrirkomulagi, sem lagt er til í frv., er farið bil beggja milli þess ástands, sem nú er, og algerðrar einkasölu. Ríkið er hér aðeins milliliður milli framleiðenda og neytenda, sem hjálpar til að selja vöruna, ef þeir óska, til hagsmuna fyrir báða, án þess að leggja hömlur á bein viðskipti þessara aðilja. Þess vegna legg ég til, að málið verði samþykkt óbreytt, og mun fylgja því við atkvgr.

Pétur Ottesen: Ég þarf ekki að fara mörgum orðum um ræðu hv. þm. Mýr.[1]) Það fékkst viðurkennt af honum, að orðalag 10. gr. væri óviðunandi og greinin þyrfti að orðast upp, þótt hann teldi, að málinu lægi svo mikið á, að ekki væri hægt að koma leiðréttingu að á þessu þingi.

Annars finnst mér það ekki bera vott um mikla þrautseigju hjá hv. þm. Mýr., þótt nokkrir erfiðleikar steðji að, að fara nú með þetta mál inn á einkasölubraut, og það því síður, sem við höfðum í fyrra fengið framgengt tveim mjög svo mikilvægum, ef ekki hinum mikilvægustu atriðum í þessu máli, þanni á innflutningi á kartöflum og greiðslu flutningskostnaðar til þeirra bænda, sem erfitt eiga með að koma framleiðslu sinni á markað sökum fjarlægðar. Á þeim grundvelli hefði okkur átt að vera hægt að leiða málið til sigurs. En hv. þm. Mýr. hefir nú sogast inn í einkasöluhringiðuna, og skal ég ekki ámæla honum fyrir það, en álít þó, að hann hefði getað látið ógert að taka upp nýja og lakari stefnu í þessu máli.

Hannes Jónsson [óyfirl.]: Þótt ég sé enginn einkasölupostuli og myndi fremur hafa óskað, að grænmetisverzlunin væri í höndum framleiðenda sjálfra en ríkisins, sé ég þó ekki ástæðu til þess að leggjast á móti frv. af þeim orsökum, enda er í 12. gr. heimild til að fela S. Í. S. þessa verzlun. Sú stofnun hefir nú áburðarverzlun ríkisins með höndum, og hefir enginn fundið að þeirri ráðstöfun. Ég býst því eins við því, að flestir gætu sætt sig við það, að Sambandið reki grænmetisverzlunina.

Hinsvegar er ég að ýmsu leyti mótfallinn á-

1) Hér vantar í ræðuna hjá þingskrifaranum. *P. O.*

kvæðum 9. og 10. gr. Í 9. gr. álít ég, að sé óþörf uppstilling á verðlagsnefnd, og skipun hennar með þeim hætti, sem ég get ekki fellt mig við í afurðasölumálunum. Ég hefði talið nægilegt, að Búnaðarfélagið hefði ákveðið verð á vörum grænmetisverzlunarinnar, en að öðru leyti hefði verðið látið vera óbundið. Því að auðvitað yrði enginn svo óklókur, að hann fari að selja kartöflur sínar undir verði einkasölunnar, því þar sem öllum á að vera heimilt að afsetja vörur sínar í einkasöluna, á að vera auðvelt fyrir þá að sæta því verði, sem ákveðið er í einkasölunni. Með þessu er eitt stórt atriði fengið og það er það, að nokkuð mikil trygging á að vera fyrir því, að framleiðendur verði sæmilega ánægðir með það verð, er þeir fá fyrir sínar vörur, ef Búnaðarfélag Íslands ákveður verðið eftir till. búnaðarsambandanna, því í búnaðarsamböndunum eru flestir eða allir bændur landsins. Ég legg því mikla áherzlu á, að gr. breytist í það horf, og sé ég ekki, að hv. frsm. þurfi að setja sig á móti slíku. — Þá verð ég að taka undir með hv. þm. Borgf. um það, sem hann sagði um verðlagninguna. Mér finnst mjög óheppilega að orði komizt í 10. gr. frv., þar sem sagt er, að miða skuli söluverðið við verð á erlendum markaði, að viðbættum flutningskostnaði, og þó eigi að tryggja það, að framleiðendur fái hæfilegt framleiðsluverð fyrir vöruna. Það er ómögulegt að komast hjá því, að þessi ákvæði rekist á. Framleiðslukostnaðinum er ómögulegt að koma svo langt niður, að hann verði ekki hærri en erlent verð, að viðbættum flutningskostnaði. Það hlýtur því að verða nokkur vafi á því, hvoru verðinu á að fylgja, og þegar sagt er, að aðallega eigi að miða við erlenda verðið, þá er líklegt, að verðið verði ekki sett hærra en mitt á milli, og er þá gefið, að framleiðendur fá ekki kostnaðarverð, og er þá ekki náð því takmarki, sem ég hygg að liggi á bak við frv., og flm. hefir hugsað sér er hann samdi frv., þó svo hafi mistekizt með þessa gr. Ég hefi um skeið verið fylgjandi einkasölu á kartöflum og hefi ég gert ráð fyrir því, að hagnaði af þeirri verzlun yrði varið til hagsbóta fyrir kartöfluræktina í landinu. Þetta má gera á ýmsan hátt, og skal ég ekki blanda mér inn í deilu hv. þm. A.-Húnv. og hv. frsm., hvað snertir uppbótina, en þó verð ég að segja það, að mér sýnist sú stefna, sem hv. þm. Borgf. og hv. þm. Mýr. fylgdu áður í þessu máli og hv. þm. A.-Húnv. sveigir nú inn á í sínum brtt., vera betri. — Ég geri ráð fyrir að flytja brtt. við þær gr., sem ég hefi aðallega gert að umræðuefni. Þykir mér leitt, ef ekki verður hægt að leiðrétta þær gr., því ég er viss um, að eins og þær eru nú, draga þær úr því gagni, sem vinnast á með l.

Jón Pálmason: Það eru nokkur atriði í ræðu hv. frsm. meiri hl. og í síðari ræðu hv. þm. V.-Húnv., sem ég vil fara um nokkrum orðum.

Það kom í ljós hjá hv. frsm. meiri hl., að hann skildi vel, hve það er óviðfeldið að nema úr gildi lög á sama þingi og þau eru sett, en út í það skal ég ekki fara, en ég hygg, að það hefði mátt með tiltölulega litlum breytingum bjarga þessu við. Ég vil víkja að hinu, að hv. frsm. meiri hl. virðist alls ekki ánægður með ýms ákvæði frv., en virðist hallast að sumum atriðunum í minum brtt., jafnvel þó hann ekki vildi ganga inn á þær af ótta við það, að nýjar breytingar á frv. kynnu að verða því að falli, er svo mjög er áliðið þings. En hitt atriðið, hvort styrkveitingin frá ríkisvaldinu á að notast sem ræktunarverðlaun eða sem flutningastyrkur, tel ég stórt atriði í málinu. Ég er ekki í neinum efa um það, að flutningastyrkur er miklu affarasælli heldur en ræktunarverðlaun, eins og frv. ætlast til. Þá viku þeir báðir, hv. frsm. meiri hl. og þó sérstaklega hv. þm. V.-Húnv., nokkuð að því, er hlýtur að verða stórt deiluatriði, sem sé einkasalan. Frsm. lýsti því yfir, að því er verzlunina snertir, að hann væri mótfallinn því, að ríkið hefði hana alla, eins og hv. þm. Hafnf. vill, og virðist honum vera það ljóst, sem öllum ætti að vera, að slíkri verzlun hlýtur að fylgja geysimikil áhætta vegna sjúkdóma og skemmdahættu, sem fylgir þessari vöru. Auk þess, sem gera má ráð fyrir eyðileggingu mikilla verðmæta af þeim sökum, mundi það kosta geysimikla vinnu að sortera vöruna, þegar líður á sölutímann, svo að hagnaðurinn af sölunni mundi allur fara í þann kostnað. En hv. frsm. meiri hl. virðist ekki vera það ljóst, að allir hinir sömu annmarkar fylgja því, að einkasala hefði með höndum verzlun á útlendum kartöflum, ef nokkuð til drátta verður innflutt af þeim. Það mun eftirleiðis verða fylgt sömu reglu og hingað til, að verzlanir úti um land panta ekki nema lítið af þessari vöru í hvert sinn. Þó einkasalan flytti ekki inn í einu nema litla slatta, miðað við verzlunina á landinu öllu, þá yrði það samt svo mikið, að það verður allt önnur aðstaða heldur en nú er. Þar að auki hefir ekkert komið fram, sem sýnir það, að nauðsyn sé, að einkasala verði tekin á útlendum kartöflum. Hv. síðasti ræðumaður mælti kröftuglega með einkasölu á útlendum kartöflum og tók til samanburðar áburðareinkasöluna, en hér er svo ólíku saman að jafna, að það er ekkert líkt. Áburðarverzlunin er í höndum stórra verzlunarhringa, og áburðarvörurnar eru ekki notaðar nema á vissum tíma ársins og eru mjög lítilli skemmdarhættu undirorpnar. Þarna er því um enga áhættu að ræða, alveg gagnstætt því, sem er með kartöflurnar; auk þess þarf að nota þær á öllum tímum árs. Annars ætti það að vera öllum ljóst, að kaup á útlendum kartöflum ættu ekki að eiga sér stað nema til bráðabirgða, og þau ætti stj. að geta haft með höndum, án þess nokkur einkasala kæmi til. Styður því allt að því, að samþ. beri brtt. mína um að fella niður einkasöluheimildina.

Ég ætla svo ekki að lengja umr. fremur en orðið er. Þetta er ekki svo flókið mál, að þess þurfi, enda virðist tilgangslítið að þreyta hér langar ræður, þegar komin er hánótt og hv. þm. flestir horfnir af fundi og farnir að halla sér á vangann og njóta hvíldar.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 103. fundi í Nd., 19. des., var fram haldið 2. umr. um frv.

ATKVGR.

Rökst. dagskráin á þskj. 861, frá minni hl. landbn., tekin aftur.

Brtt. 801 tekin aftur.

— 840,1 felld með 16:9 atkv.

— 800,1 samþ. með 20 shlj. atkv.

1. gr., svo breytt, samþ. með 16:4 atkv.

Brtt. 840,2—3 teknar aftur.

— 800,2 samþ. með 17 shlj. atkv.

2. gr., svo breytt, samþ. með 18 shlj. atkv.

3. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.

4. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.

Brtt. 800,3 samþ. með 17:2 atkv.

5. gr., svo breytt, samþ. með 18 shlj. atkv.

6. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.

7.—11. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.

Brtt. 840,4 felld með 16:8 atkv.

12. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.

13.—15. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.

Brtt. 840,5 felld með 16:11 atkv.

— 800,4 samþ. með 17 shlj. atkv.

Bráðabirgðaákvæði, svo breytt, samþ. með 18 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 16:4 atkv.

Á 104. fundi í Nd., 20. des., var frv. tekið til 3. umr. (A. 908, 801, 861, 917).

Of skammt var liðið frá 2. umr. og frá útbýtingu brtt. 917. — Afbrigði leyfð og samþ. með 18 shlj. atkv.

Frsm. minni hl. (Guðbrandur Ísberg): Það var borin fram við 2. umr. þessa máls rökst. dagskrá í sambandi við það, að n., sem um málið fjallaði, klofnaði, og var ég einn algerlega á móti málinu og vildi ekki láta afgr. það. Mín rök voru fyrst og fremst þau, að um þetta mál voru afgr. lög á fyrri hluta þessa þings, og mér virtist þá sæmilegt samkomulag um þá afgr., sem þá fór fram og gekk í þá átt að létta undir með og tryggja sölu á kartöflum innanlands, greiða á þann hátt fyrir sölu þeirra, að kaupendurnir gætu verið öruggir um, að þeir fengju góða vöru, og einnig voru gerðar ráðstafanir til þess að auðvelda flutning á innlendum kartöflum, og kom það ekki aðeins fram í frv. sjálfu, heldur var líka í sambandi við afgreiðslu frv. talað við Skipaútgerð ríkisins um flutning á kartöflum hafna á milli fyrir tiltekið mjög lágt flutningsgjald, sem Skipaútgerðin gekk inn á að ákveða.

Nú er hér farið fram á að einoka þessa vörutegund og selja hana eingöngu í ríkisverzlun. Þetta fyrirkomulag er mér mjög mótfallið. — Ég tel mjög óheppilegt að fara að einoka sérstaklega þá vörutegund, sem æskilegt er, að sem allra flestir noti og sé sem ódýrust. Nú er það vitað, að eins og kartöfluframleiðslu hefir verið háttað hér á landi, þá hefir þessi vara orðið að vera fremur dýr, vegna þess hve kaupgjaldið í landinu hefir verið hátt. Jafnframt er það vitað, að útlendar kartöflur hafa verið seldar hér með mjög skaplegu verði miðað við þá áhættu, sem sú verzlun hefir í för með sér. Þeir, sem með þessa vöru verzla, vita vel, að á henni er mjög hætt við skemmdum, bæði við flutning og geymslu, og að þeir verða að leggja á hana með tilliti til þess, og ég hygg, að álagningin hafi ekki verið um of, þegar þessa er gætt. Nú hefir reynslan orðið sú, að flest eða allt, sem tekið hefir verið í ríkiseinkasölu, hefir hækkað mjög í verði. Ríkiseinkasölur verða að leggja á fyrir sama kostnaði eins og kaupmenn almennt og auk þess mun meira fyrir mannahaldi, sem hefir reynzt meira og dýrara hjá ríkisverzlunum heldur en hjá öðrum verzlunum. Auk þess er því oftast þannig farið, að þeir menn, sem með þessa vöru verzla, verzla líka með fleiri vörutegundir, og miða því ekki álagningu á þessa vöru nema að litlu leyti við það mannahald, sem þeir hafa. Það er sannfæring mín, og það ræður mestu um afstöðu mína til málsins, að þetta fyrirkomulag leiði til þess, að kartöflur stórhækki í verði. Fyrst og fremst er það, að ríkiseinkasalan hækkar verðið, en auk þess er í frv. gert ráð fyrir, að ekki sé eingöngu lagt á til þess að standa straum af rekstrarkostnaðinum, heldur einnig til þess að ýta undir framleiðsluna innanlands. Allt þetta hlýtur að verða til þess að hækka verðið. Eins getur þá svo farið, að innlendir framleiðendur fari að koma og tilgreina framleiðsluverð, sem á mörgum stöðum er hægt að sýna nokkuð hátt, og þetta verð vilja þeir fá.

Og það mun verða erfitt fyrir ríkið að standa gegn þeim kröfum. — Það væri sannarlega ástæða til að taka frv. þannig lið fyrir lið, en ég held, að ég hafi gert það við 2. umr. og vil því ekki lengja umr. nú. Ég vil aðeins benda á sérstöðu mína í þessu máli og undirstrika það álit mitt, að lögfesting frumvarps þessa mundi verða til þess að hækka vörurnar í verði, sem ég tel alveg óforsvaranlegt, jafnvel þótt löggjöfin kunni með því að ýta eitthvað undir innlenda framleiðslu. En hina innlendu framleiðslu væri hægt og er rétt að styðja á annan hátt, svo sem með því að sjá svo um, að þeir, sem búa við beztu skilyrðin, séu örvaðir til framleiðslu vörunnar, t. d. með styrk í einhverri mynd, og þá sérstaklega í því formi, að létt yrði undir með flutning uppskerunnar til markaðsstaðar, en hinir, er við lakari framleiðsluskilyrði búa, létu sitja við að framleiða handa sjálfum sér. Ég vil vísa til dagskrár minnar frá 2. umr. um það, að málið verði látið bíða.

Pétur Ottesen: Ég sýndi fram á það við 2. umr., að hægt væri að ná tilgangi þeim, er frv. stefnir að, með heppilegri hætti, og að síðasta þing hefði stigið spor í þessa átt. Það táknar því enga viðurkenningu á þessu frv. né þeirri stefnu, sem mörkuð er með því, frá minni hálfu, þótt ég flytji nú brtt. við það.

1. brtt. mín er við 9. gr. Við 2. umr. gerði ég grein fyrir því, að ég teldi óheppilegt að skipa verðlagsnefndina, eins og þar er ákveðið. Mín brtt. er í samræmi við þá skoðun. Ég álít, að framleiðendur eigi að ákveða verðið, og þá er stjórn Búnaðarfélags Íslands, sem er allsherj-

ar félagsskapur bændanna, auðvitað sjálfkjörin til þess að skipa n. að fengnum tillögum búnaðarsambandanna úti um land, því að þar er náin samvinna á milli, eins og líka á að vera. Búnaðarsamböndin hafa einmitt gert mikið að því að ýta undir kartöfluræktina úti um landið, og því er rétt að þau geri till. — Þá geri ég till. um það, að þeir menn, sem að þessu starfa, fái þóknun fyrir, því að fremur ber í þessum efnum að líta á hæfileika og skilning, — heldur en það eitt, að menn séu svo vel staðir, að þeir geti unnið kauplaust. En hinsvegar eru þær skorður reistar við þóknun til þessara manna, að þeir skuli ekki fá meira en 10 kr. fyrir hvern fund. Þær greiðslur geta því aldrei orðið þungur baggi á grænmetisverzlun ríkisins. — Þá flyt ég brtt. um orðalagsbreytingu í 1. málslið 10. gr. Ég vil láta orða þann lið upp án þess að hugsunin breytist þó nokkuð. Einnig legg ég til, að breytt verði orðalagi á 3. mgr., svo að það komi skýrt fram, hver á að vera aðalgrundvöllurinn undir verðskráningunni á garðávöxtum, sem sé það, að framleiðendum sé tryggt hæfilegt framleiðsluverð. Þetta er tilgangur frv. samkv. yfirlýsingu hv. þm. Mýr. Þótt það sé óljóst orðað, en með mínu orðalagi verður þetta ótvírætt. — Þá er síðasta brtt. Í frv. er ekki gert ráð fyrir, að verðlaun séu borguð fyrir minna en 5 tunnur. En af því að ég álít, að sú uppörvun, sem í verðlaununum felst, þurfi að ná til sem flestra, legg ég til að færa þetta niður í 3 tunnur. Auk þess legg ég til, að felld sé niður 3. málsgr., sem mér finnst vera í ósamræmi við bráðabirgðaákvæðin að öðru leyti. Mér finnst ekki ástæða til að gera upp á milli einstaklinga og bæjar-, sveitar- og samvinnufélaga hvað hámark snertir. Síðari málsliðurinn verður óþarfur, ef brtt. mín er samþ., og legg ég því til, að hann falli niður. — Eins og ég gat um við 2. umr., er ég því mótfallinn, að með mál þetta skuli hafa verið farið inn á þessa einokunarbraut, en hér eru svo sterk öfl að verki, að þess mun enginn kostur að víkja málinu af þeirri braut, og því hefi ég ekki borið fram breytingar í þá átt, en í þess stað reynt að bæta augsýnilega galla á einstökum atriðum frv.

Emil Jónsson: Ég á hér eina brtt., sem ég vil gera grein fyrir. Í 3. gr. frv. er fyrirmæli um það, að grænmetisverzlun ríkisins sé skylt að kaupa fyrir innkaupsverð allar kartöflur, sem eru framleiddar hér á landi. Mér finnst, að hér verði að koma sú skylda á móti, að framleiðendum verði gert að skyldu að selja grænmetisverzluninni allar kartöflur, sem ekki fara beint til neytenda. Með þessu einu er hægt að hafa yfirsýn um vöruna, en kapphlaup við verzlanir myndi valda glundroða, og strax og hægt er að fullnægja eftirspurn, gæti það orðið til þess, að verzlanirnar undirbyðu einkasöluna og gætu þannig losnað við birgðir sínar á undan henni. Það gætu legið ýmsar ástæður til þess, að menn seldu verzlunum kartöflur sínar fremur en einkasölunni, einkum þó skuldir manna við verzlanirnar, jafnvel undir raunverulegu innkaupsverði. Ég tel þessa brtt. því nauðsynlega, bæði fyrir einkasöluna og einstaklinga.

Frsm. minni hl. (Guðbrandur Ísberg): Mér er næst skapi að mæla með till. hv. þm. Hafnf. út frá því sjónarmiði, að því vitlausara sem frv. verður gert, því betra. Hann vill skylda framleiðendur til þess að selja einkasölunni og engum öðrum, vegna þess að hætta sé á því, að verzlanir undirbjóði einkasöluna. Ég er nú dálítið hissa á því, að þessi brtt. skuli koma frá sósialista, því að ég hélt, að það væri ekki á þeirra stefnuskrá að stofna til verðhækkunar á nauðsynjavörum. Annars er alveg auðsætt, hvert stefnt er með þessu frv. Fyrst eru verðlaunin miðuð við 10 tn., síðan 5, og nú kemur hv. þm. Borgf. með brtt. um að miða þau við 3 tn. Sjálfsagt verða þau að lokum veitt fyrir ½ tn. Þetta sýnir hvert stefnir um kröfur framleiðenda.

Hvernig á nú einkasalan að fara að ákveða verðið, þegar sumstaðar er hægt að framleiða kartöflur fyrir 9 kr. á tunnu, en annarsstaðar kostar það 18 kr. og þaðan af meira. Allt virðist stefna að því, að kartöflur stórhækki í verði, án þess að trygging sé fyrir því, að heilbrigð framleiðsla aukist nokkuð.

Frsm. meiri hl. (Bjarni Ásgeirsson): Ég vil aðeins víkja dálítið að brtt. þeim, sem fram hafa komið, og dagskrá hv. þm. Ak.

Það, sem espar hv. þm. Ak. fyrst og fremst gegn frv., er einkasölugrýlan. En nú stendur einmitt svo á hér, að hér er að mjög litlu leyti um einkasölu að ræða. Einkasalan er aðeins bundin við erlenda garðávexti, en takmarkið er það, að þjóðin þurfi með tímanum engar kartöflur að flytja inn og sem minnst af erlendum ávöxtum. Því er ólíklegt, að þessi stofnun standi nema nokkur ár. Þegar útlendu kartöflurnar eru úr sögunni, verður öll sala frjáls. Einkasölugrýlan er því einskisvirði, því að verzlun með innlenda garðávexti á að vera algerlega frjáls, nema brtt. hv. þm. Hafnf. verði samþ., en þeirri till. er ég andvígur, og n. leggur á móti henni. — Hv. þm. Ak. álítur, að þessi löggjöf verði til þess að hækka verðið á kartöflum. En nú er einmitt svo um hnútana búið í gildandi lögum frá síðasta þingi, að framleiðendur ráða verðlaginu ekki einir, svo að þessi hætta er ekki til, jafnvel þótt einkasalan væri jafnskaðleg og hann vill vera láta. — Þá vík ég að brtt. hv. þm. Hafnf. Ég held, að það verði engum til hagsbóta, að sú brtt. verði samþ. Það myndi án efa spilla fyrir sölu á kartöflum, ef enginn mætti kaupa þær nema ríkið, og auk þess yrðu slík allsherjarinnkaup ríkinu afardýr. Það þyrfti að hafa umboðsmenn um allt land og fjölmargar góðar og dýrar geymslur. Engri vöru fylgir jafnmikil áhætta um geymslu og verzlun og einmitt kartöflum. Því fylgir því alltaf mikil áhætta og fyrirhöfn að selja allt á eina hönd. Ég legg því á móti þessari till., og mun ekki geta fylgt frv., ef hún verður samþ.

Þá kem ég að brtt. hv. þm. Borgf. Hann vill að framleiðendur einir ráði verðinu. Ég fyrir mitt leyti er ekki hræddur um, að stjórn Bún-

aðarfélags Íslands myndi misbeita slíku valdi, þó að því væri fengið það í hendur.

En ég veit það fyrir víst, að þeir, sem telja sig sérstaklega fulltrúa neytendanna hér á þingi, eru hræddir við að gefa framleiðendum aðstöðu til þess að ráða einir vöruverðinu. Þeir vilja, að fulltrúar neytendanna hafi sitt um þetta að segja og kynni sér meðferð þessara mála. Ég er þess vegna mjög hræddur um, að ef þessi brtt. er samþ., þá muni þeir þm., sem sérstaklega telja sig fulltrúa neytendanna, leggjast á móti frv. í heild, þó þeir annars gætu verið með því. Ég vil því ekki mæla með samþykki þessarar till. — Þá er önnur brtt. á sama þskj. frá hv. þm. Borgf. um það, hvernig skuli orða fyrri málslið 1. málsgr. 10. gr. Eftir því, sem ég lít á, þá er þetta einungis orðalagsbreyting, og ég get verið sammála hv. þm. um það, að eins vel fari á því að orða málsl. eins og hann leggur til, og mun ég samþ. þessa brtt. — Í brtt. við 3. málsgr. 10., um verðskráningu, er tekið upp að nokkru leyti það sama og stendur í frv., sem sé að þess skuli gætt, að framleiðendum sé tryggt hæfilegt framleiðsluverð. En í frv. stendur, að verðskráning garðávaxta skuli aðallega miða við markaðsverð garðávaxta í nálægum löndum, að viðbættum flutningskostnaði til landsins, og ég get ekki séð, að það skemmi neitt þetta ákvæði, þó aðalreglan sé þessi, þar sem sá varnagli er sleginn í enda gr., að þess skuli þó jafnframt gætt, að framleiðendur fái hæfilegt framleiðsluverð. Svo þó að ég gæti ósköp vel samþ. þessa brtt., þá sé ég ekki, að hún sé þörf, og mun því greiða atkv. á móti henni, en legg til, að þetta standi, eins og það er í frv. — Þá er síðasta brtt. hv. þm., um það að færa lágmarkið til verðlaunaveitinga úr 5 tunnum niður í 3 tunnur. Ég sé ekkert á móti þessu og mun fylgja brtt., því eins og ég sagði áðan, þá legg ég ekkert sérstakt upp úr þessu verðlaunaákvæði. Það, sem mestu veldur um að auka framleiðsluna, er það, að framleiðendum sé tryggt hæfilegt verð og nokkurn veginn örugg sala. Og þetta er verið að tryggja einmitt í þessu frv. En ég vil samt ekki neita því, að þetta verðlaunaákvæði kunni að hafa einhver áhrif fyrst í stað, og ég sé ekki, að það breyti neinu, þó lágmarkið sé fært niður.

Við hv. þm. Hafnf. vil ég segja það, að ákvæðið um einkasöluna er sett inn til þess að fá ágóða af þessari verzlun, meðan hún starfar, og sem kannske ekki verður nema 2—3 ár, til þess að byggja geymslu- og markaðsskála. Ég hefi ekki í fljótu bragði getað komið auga á líklegri möguleika til þess að afla þess fjár heldur en á þann hátt, og ég held, að ef hv. þm. skoðar þetta atriði ofan í kjölinn, þá geti hann fallizt á, að það sé tilvinnandi að hafa þessa einkasölu í 2—3 ár, ef hægt er að koma þessu upp fyrir hana.

Jóhann Jósefsson [óyfirl.]: Ég ætla ekki að hafa um þetta mál langt erindi. Ég skal játa það, að ég hefi ekki mikla trú á því, að það verði til hagsbóta fyrir alþýðu manna, að ríkisvaldið setji á fót einokun á kartöflum. Það hafa á undanförnum árum verið flutt frv., sem hafa átt að ýta undir kartöfluræktun í landinu, en flest hafa þessi frv. verið með allskonar þvingunarráðstöfunum, sem sýnilega hafa stefnt að því að torvelda kartöflukaup fyrir fólki, sem þarf að kaupa kartöflur um suma þá tíma ársins, sem þessi vara hefir fengizt í sæmilegu úrvali. Um verðið skal ég ekki tala, en að undanförnu hafa mér þótt þessi frv. stefna í þá átt að þvinga menn til þess að kaupa innlendar kartöflur, þótt þær væru lakari en útlendar kartöflur, sem fáanlegar væru á sama tíma. Nú hefir það samt tekizt, að þessi meira og minna dulbúna einokun komist til framkvæmda, og hingað til hefir það verið þannig, að hv. þm. jafnaðarmanna hafa verið á móti þessum tilraunum, sem hv. þm. Mýr. hefir venjulega haft forustu fyrir, til að torvelda það, að fólk hefði aðgang að þessari vörutegund. Ég vil aðeins í því sambandi minna á, að á þinginu 1932 var flutt frv. um innflutning á kartöflum. Það frv. mun hafa verið flutt af landbn., og um það fórust einum hv. þm. jafnaðarmanna hér í hv. d. þannig orð, að hann vildi ekki aðhyllast þetta frv., sem þar var á ferðinni, og sagði svo meðal annars, það er hér smákafli úr ræðu, sem ég vil lesa með leyfi hæstv. forseta:

„Ef ætti að koma skipulagi á þessa framleiðslu, þá yrði ég og jafnaðarmenn fyrstir manna til að verða með þessu, en þá yrði að taka málið öðrum tökum. Þá þyrfti fyrst og fremst að rannsaka, hvar á landinu væru bezt skilyrði fyrir kartöfluræktog kálmeti og hvernig henni yrði haganlegast og ódýrast fyrir komið til þess að fullnægja þörfum landsfólksins. En síðan væri að koma á fullnægjandi rækt á þessum stöðum og á þennan hátt, og má þá vænta, að fyrst og fremst yrðu teknir þeir staðir, þar sem gnægð er af jarðhita, svo sem á Reykjum í Ölfusi, og komið þar upp stórum kálmetisbúum, en ekki hlynnt að dreifðri og óskipulegri ræktun til sölu. Þá mundi og söluskipulag komast á fyrir allt landið, en því er ekki að heilsa hér í Gósenfrumvarpi einstaklingshyggjunnar. Þá yrði fylgt kenningum sósíalismans í þessari atvinnugrein sem öðrum".

Sem sé, hv. 2. þm. Reykv. var óánægður með það frv., sem þá var lagt fram, vegna þess að það var ekki byggt í anda sósíalismans. — Ég hefi átt samleið með jafnaðarmönnum í því að leggja á móti því að torvelda innflutning á kartöflum, þar sem það er kunnugt, að í landinu hefir ekki verið framleitt nóg af þessari fæðutegund. Síðan þetta gerðist hefir kartöfluræktun aukizt í landinu, og ennfremur eigum við nú verra með, vegna peningaleysis, að kaupa útlendar kartöflur heldur en við áttum þegar þetta frv. var á ferðinni. Það er rétt að kannast við það, að nú mælir margt með því að styðja og efla innlenda framleiðslu á þessari vöru, en þess verður samt að gæta, að kartöflurnar eru sú fæðutegund, sem ætti að vera á hvers manns borði á hverjum degi, og hvervetna er talin hin mesta nauðsyn fyrir velferð alþýðu, að hægt sé að hafa aðgang að góðum jarðeplum. — Það hefir brunnið við hér, að kartöflusýki hefir eyðilagt uppskeruna, og brennur en við. Ég held, að það komi oft glöggt fram, að kartöfl-

ur eru misjafnlega góð vara og getur verið ill frambærilegur jarðarávöxtur á móts við reglulega góðar kartöflur. Það þarf að vera svo með þessa tegund, að fólk eigi alltaf aðgang að góðri vöru, og því fer fjarri, að það sé sama, hverjar kartöflurnar eru.

Hv. þm. Mýr. hefir, eins og kunnugt er, lengi staðið í stimpingum um þetta mál og haft jafnaðarmenn á móti sér, af því að ekki hefir verið fylgt kenningum sósíalista, eins og hv. 2. þm. komst að orði, en nú er svo að sjá sem hv. þm. Mýr. og jafnaðarmenn hafi orðið á eitt sáttir með að koma af stað ríkiseinokun á kartöflum. Jafnaðarmenn hafa á undanförnum árum, eins og ég tók fram, verið á móti öllum sölu- og innflutningshöftum á kartöflum, vegna þess að þeir álitu, eins og ég og fleiri, að ekkert mætti gera til að torvelda, að fólk gæti fengið góðar kartöflur til daglegrar neyzlu, sérstaklega í sjávarþorpunum, — því að í sveit kaupa menn vitanlega ekki útlendar kartöflur. En nú yfirgefa þeir líka þennan málstað til þess að geta klúðrazt með sinn ríkisrekstur. En vitaskuld, frá sjónarmiði þeirra er það bót í máli, að þeirra eigið fyrirkomulag á þarna að komast að, en samkomulag getur ekki verið svo í augum annara manna. Mér virðist þetta frv. hafa alla þá galla, sem áður var að finna á hinum ýmsu frv., sem borin hafa verið fram um innflutningshömlur á kartöflum í því skyni að auka innlenda ræktun, allar þær gallahliðar, sem snúa að fólkinu, og þann höfuðgalla hefir þetta frv. í viðbót, að nú á að gera kartöfluverzlun að ríkiseinokun.

Ég held það hafi verið hv. þm. Mýr., sem svo sorglega oft hefir það hlutskipti að mæla fram með þeim málum, sem ætla má, að honum séu mjög ógeðfelld, sem sagði óþarft að gera þessa vöru dýrari, þó að til ríkisrekstrar væri stofnað. Við höfum nú reynsluna fyrir okkur, hvað allar þær vörur, sem komizt hafa undir ríkiseinokun, hafa hækkað í verði, og það svo að segja strax eftir að einokunarhelsinu var smellt á þær. T. d. var mjög nýlega sýnt opinberlega fram á, að vörutegundir nokkrar, sem nýlega voru settar undir einokun ríkisins, hækkuðu að mun. Ég á við raftækin. Alveg eins fer vitaskuld um kartöflurnar. Með frv. þessu dregur að því, að fólki verði ekki einasta torveldað að kaupa kartöflur á borð sitt, og að það eigi kost á að hafna og velja; hitt er ég jafnsannfærður um, að kartöflur og grænmeti verður miklu dýrara þegar ríkið fer að verzla með þær vörur heldur en nú. Ég er sannfærður um þetta af því, að þetta er reynslan um allar þær vörutegundir, sem ríkið verzlar með. Skipulagið sjálft hefir þetta í sér fólgið, eins og sjálfsagt hefir þótt að framkvæma það, það er mikið mannahald, skeytingarleysi í innkaupum og þviumlíkt. Allt er eins og ábyrgðarlaust af þeim, sem við stofnunina starfa. Þessar orsakir hljóta að gera vöruna dýrari, og hafa jafnan gert það. — En við þetta bætist svo það, að nú virðist sá vera uppi hjá hæstv. stj., að það verði bara að pressa peninga inn í ríkissjóðinn á einhvern hátt. Saga þessa þings sýnir ljóslega, að þær leiðir eru farnar í þessu skyni, sem undir öllum venjulegum kringumstæðum mundu taldar algerlega ófærar og svo að segja óframkvæmanlegar. Skattar og tollar eru nú skrúfaðir svo upp og á þeim hert, að þess munu óvíða og jafnvel hvergi dæmi. — Þegar nú þetta hugarfar er komið inn í valdhafana, þá er því alveg samstætt, að ríkisstofnanir eru látnar hækka útsöluverð hinna ýmsu vörutegunda, til þess að ríkið geti grætt meira á verzluninni en ella. Og ég tel víst, að t. d. raftækjaeinokunin og þær aðrar stofnanir, sem hafa hækkað svo gífurlega verð hjá sér, hafi gert það með fullu samþykki og jafnvel skipun sinna yfirboðara. Þegar ríkið er búið að taka þannig verzlun á vöru í sínar hendur, þá er óhætt að hækka verðið alveg rólegur, ekki þarf samkeppnina að óttast. — Hv. þm. Mýr. verður að ganga undir jarðarmen í þessu máli. Stundum hefir hann gert það áður, en þó aldrei eins greinilega og nú, er hann gerist nú frsm. að frv. um hreina og beina ríkiseinokun á annari eins vöru og gerist verkamaður í víngarði sósíalista. Hann gerist nú formælandi þess skipulags, sem hv. 2. þm. Reykv. taldi árið 1932, að væri hið eina skipulag á þessari verzlun, sem sósíalistar gætu unað við.

Ég hirði ekki að ræða einstakar gr. þessa frv. Ég hefi alltaf verið mótfallinn höfuðatriðunum sjálfum í slíku máli, að reynt væri að auka kartöfluræktunina með því svo að segja að loka fyrir allan innflutning annars staðar frá. Í fyrsta lagi er langt frá því, að enn sé framleitt svo mikið af góðum kartöflum hér á landi, sem landslýður þarfnast. Í öðru lagi er það, að þegar ekki er að keppa við neina betri vörutegund, er minni hvöt hjá framleiðendum að vanda þessa vöru. Og það er hættulegt atriði. En að kartöflueframleiðendur séu studdir jafnvel með opinberum ríkisstyrk, álít ég rétta leið til að auka kartöfluframleiðsluna í landinu. Það er nú vitanlegt, að sósíalistar hafa nú gleymt allri þeirri gagnrýni, sem þeir áður beittu gegn því að torvelda innflutning á kartöflum, gleymt þeirri umhyggju, sem þeir hafa látið í ljós, að þeir bæru fyrir neytendum, til þess að komast í sitt Gósenland ríkiseinokunarinnar. Það er þeim nóg. Hvernig sem fer um þá hlið, sem að neytendum snýr, þegar til kasta kemur, liggur þeim í léttu rúmi, svo blint stara þeir á sína ríkiseinokun jafnan. Ég skal að lokum segja það, að ég hefði unnað hv. þm. Mýr. annars og betra hlutskiptis heldur en þess að verða hér að ganga fram fyrir fylkingu til þess að koma á einokun á grænmeti og kartöflum í landinu. Hann hefir sjálfur allmikla framleiðslu á þessum vörum, að ég hygg. Hefði ég talið sæmra fyrir slíkan mann að halda sinni fyrri aðstöðu í þessu máli en ekki gerast formælandi ríkiseinokunar með öllum hennar göllum fyrir framleiðendur og neytendur. Nú er það að vísu svo, að það er vandi að draga smátt og smátt sem mest úr aðflutningi á kartöflum í samræmi við aukna innlenda ræktun. Ég geri ráð fyrir, að það sé svo víðar en hjá okkur Vestmannaeyingum, að framfarir í kartöflurækt hafi orðið miklar á síðustu árum. Við höfum undanfarið gert svo að segja allt, sem við höfum getað til þess að ýta undir kartöflurækt heima fyrir, þó að við höfum átt

við hinn vonda vágest að stríða, sem er kartöflusýkin. Ég get gjarnan getið þess, að bæjarstjórn Vestmannaeyja hefir útvegað og samið um úthlutun á landi til 80 heimila í haust, landi sem er hæfilegt handa hverju heimili fyrir kartöflugarð. En þrátt fyrir allar ráðstafanir, má maður alltaf í sjóplássum vera við því búinn að kaupa mikið af kartöflum að. Bæði vegna þess, að það koma eðlilega fram skemmdir í kartöflum, þegar líður á veturinn, og þó ekki sé beinlínis um skemmdir að ræða, missir þessi fæðutegund jafnan nokkuð af gæðum sínum við geymsluna. Og eins og ég gat um áðan, getur kartöflusýkin komið og kollvarpað öllu, stundum jafnvel fleiri ár í röð. Af þessum ástæðum verður um ófyrirsjáanlegan tíma alls ekki tryggt, að menn þurfi ekki að flytja inn kartöflur, ef ekki á að vanta, sem ekki má koma fyrir, svo nauðsynlegur liður sem þær eru í fæðu manna. Það getur nú verið, að ríkiseinkasala geti séð um það, að kartöflur ekki vanti. En ég hefi fært hinar sterkustu líkur fyrir, að fyrirkomulag það, sem hér er stungið upp á, leiði til þess, að varan verði ekki betri, og það má ganga að hinu vísu, að almenningur verður að kaupa hana dýrara en ella.

Ég mun í þessu máli hallast að brtt. hv. þm. Borgf., þó að sumt af hans till. hafi verið fellt við 2. umr., þá skilur hann og hv. þm. Mýr., sem oft hafa verið samherjar í þessu efni og báðir áhugamenn um kartöflurækt, að hv. þm. Borgf. hefir ekki viljað ganga undir það jarðarmen, sem hv. þm. Mýr. hefir nú lotið, sem sé ríkiseinkasölu sósialista.

Pétur Ottesen: Það er aðallega tvennt, sem hv. frsm. meiri hl. hefir að athuga við mína till. um stjórn á þessu. Hann virtist bera kvíðboga fyrir, að ótti gæti komið upp um það, að ekki yrði fullrar sanngirni gætt í ákvörðun verðs, ef n. yrði skipuð með þessum hætti. Ég vil benda hv. þm. Mýr. á þá reynslu, sem við höfum í þessu efni. Við höfum ekki reynslu af öðru en því, að framleiðendur hafa verðlagt þessa vöru á hverjum tíma, og að það hefir aldrei orðið árekstur, svo að ég viti til. Og ég ætla, að ég hafi nokkuð góða aðstöðu til að vita um þetta, þar sem ég er í nánu sambandi við þá staði á þessu landi, þar sem mest er ræktað af kartöflum. Ég vil ennfremur benda á það, að á síðasta hausti og oftar hefir hér eingöngu verið að ræða um íslenzkar kartöflur á markaðinum, en samt sem áður hefir ekkert örlað á neinni óánægju milli kaupenda og seljenda né nokkurri óeðlilegri tilhneigingu til að verðleggja þessa vöru hærra en sanngjarnt var. Ég held þess vegna, að það sé algerlega ástæðulaus ótti hjá hv. þm. Mýr. í þessu efni. — Þá virtist mér hann ekki ánægður með það ákvæði, sem ég setti inn í 10. gr. sem aðalgrundvöll undir því, að framleiðendum sé tryggt hæfilegt framleiðsluverð. Ég vil benda hv. frsm. meiri hl. á það, að frumskilyrði þess, að nokkuð verði ágengt í því að hrinda áfram kartöflurækt í landinu, er það, að framleiðendum sé tryggt hæfilegt framleiðsluverð. Á þessum grundvelli verður því að byggja allar framfarir á þessu sviði. Allar aðrar ráðstafanir, sem ganga framhjá þessari staðreynd, hvort sem er í verðlaunaformi eða öðru formi, verða að engu og koma ekki að nokkru minnsta liði. Ég vona þess vegna, að við nánari athugun sannfærist hv. þm. Mýr. og aðrir, sem að þessu frv. standa, um það, að ef þetta er ekki tryggt, verður unnið fyrir gýg með öllum tilraunum og fyrirmælum um þessa hluti.

Pétur Halldórsson [óyfirl.]: Herra forseti. Hér er rétt eitt einkasölufrv. á ferðinni, og á nú að snúa sér að því að koma á ríkisrekstri á jarðarávöxtum, kartöflum og grænmeti, taka í hendur ríkisins allan innflutning á þessum vörum og sölu á öllu því vörumagni, sem framleitt er innanlands af þessu tægi, sem ekki tekst að selja til neytenda strax, þegar uppskeru er lokið. — Þetta frv. er nú í aðaldráttunum ósköp svipað öðrum einkasölufrv. að því leyti, að það stefnir að því fyrst og fremst að taka umráðarétt af þeim, sem með þessa vöru fara og hingað til hafa haft til sölu og lagt fram fé til þess að geyma innlenda uppskeru frá því, að uppskeru er lokið og þangað til þessi vara kemst til neytenda. Þetta liggur náttúrlega í eðli málsins. En það eru mörg og merkileg atriði í þessu frv., sem vissulega er ástæða til að gera glögga grein fyrir. Ég þykist hafa séð mörg atriði í frv., sem bera vott um ónóga athugun á því, hvað verið er að gera með slíkum lögum sem þessum. Til frv. hefir verið kastað höndum svo gersamlega, að ekki er hirt um, að nein meining sé í ákvæðum um svo stórkostlega ákvörðun ríkisvaldsins um að grípa fram í þau viðskipti, sem byggjast á framleiðslu þessarar nauðsynjavöru og þeim innflutningi, sem verið hefir.

Höfuðatriði frv. er nú það, að grænmetisverzlun ríkisins á nú að hafa allan einkarétt til innflutnings á kartöflum og grænmeti til landsins. Hún á og að hafa skyldu til að kaupa allt, sem fram er boðið af innlendri framleiðslu þessara jarðarávaxta. Í þessu skyni er ætlazt til, að þessi stofnun setji upp geymslur og hafi útibú víðsvegar á landinu, þar, sem forstöðunefnd stofnunarinnar ákveður. Og mér þykir líklegt, að það verði að vera á segjum tíu stöðum á landinu. Því að vitanlega koma fram kröfur um það að fjölga slíkum stöðum, og það innan skamms, þegar það kemur í ljós, að mikilsvert er fyrir framleiðendurna að hafa þessa ríkisstofnun nærri, til þess að geta fært henni þá uppskeru, sem þeir nota ekki sjálfir. Þá er eðlilegt, að undan þeirri kröfu verði látið, að hafa upplagspláss og forstöðunefndir og forstöðumenn fyrir þessar birgðir, sem ríkið verður að taka að sér að kaupa og geyma. Nú segir ennfremur, að geymslurúm skuli vera á hverjum stað þar, sem hentugt þykir að hafa það, og er skylt að kaupa þær innlendar kartöflur, sem berast að, eftir því, sem geymslurúm og markaðsþörf leyfa. Ég á erfitt með að gera mér grein fyrir, hvernig á að samræma þetta tvennt, að grænmetisverzlunin kaupi allar kartöflur fyrir gildandi innkaupsverð, og svo þetta: „eftir því, sem geymslurúm og markaðsþörf leyfir“. Ég veit ekki, hvort þetta á að skilja svo, að hér sé um tvær sambærilegar stærðir að ræða, sem ákveða

eigi verðið eftir. Geymslurúmið fer auðvitað alveg eftir því, hvað forstöðumennirnir leigja eða byggja það stórt. En að fara eftir markaðsþörfinni — hvað þýðir það? Er það söluþörf framleiðendanna? Ef svo er, þá takmarkast innkaupin af allt öðru en geymslurúmi. Ég fæ ekki séð, hvernig þessar tvær línur skerast. (SK: Ætli það sé ekki átt við magarúm?). Ekki eftir orðanna hljóðan. — En sé hér átt við söluþörf framleiðendanna, er eðlilegra að staðið hefði: „markaðsþörf krefst". Mér er annars hulin ráðgáta, hvaða vit er í þessu. Ef til vill er það tilætlunin, að stjórn fyrirtækisins gangi út frá markaðsþörfinni og reikni út með hana fyrir augum, hve mikið geymslurúm þurfi, en í frv. er þetta allt í þoku. Ég gæti bezt trúað, að stjórn þessarar verzlunar botnaði ekkert í því, hvað þessi fyrirmæli þýða. Ég hefi viljað sýna, hvaða hugrenningar þau vektu hjá mér sem leikmanni, og þætti gott ef aths. mínar gætu orðið n. að liði. — Þá er það ákvæði, að hver landshluti sé látinn fullnægja sinni neyzluþörf, eftir því, sem því verður komið við. Það er skynsemi í þessu, að spara þannig flutninga á kartöflum og tryggja það, að þeir, sem næstir búa markaðinum, njóti hans fremur en þeir, sem fjarst búa. En ég held þó, að erfitt verði að koma mati á þetta, hvenær landshluti fullnægir sinni neyzluþörf. Það þarf glöggan mann til þess að vita fyrirfram um neyzluþörf og framleiðslu í hverju héraði og landshluta. — Ég sé á 12. gr., að tilætlunin er að fela S. Í. S. einokun á allri grænmetisverzluninni, og má þá gera ráð fyrir, að það verði kaupfélagsstjórarnir, sem ákveði „markaðsþörfina", neyzluþörf og geymsluþörf, eins og vikið er að í 3. gr. Ég skal ekki draga speki kaupfélagsstjóranna í vafa, en ég held, að það geti þó verið varhugavert, að þeir megi vaða í ríkissjóðinn eftir geðþótta eftir því, hve mikið þeir vilja kaupa, geyma og selja af kartöflum. Ég tel alveg óforsvaranlegt að fela hvaða kaupfélagsstjóra sem er í holu úti á landi annað eins vald yfir ríkissjóðnum. — Þá er enn ein setning í 3. gr., sem vert er að athuga betur. Hún er svona: „Eftir því, sem fært þykir, skulu þeir framleiðendur látnir sitja fyrir um kaup að haustlagi, sem erfiðast eiga um flutninga að vetrarlagi". — Hvert þá að vetrarlagi? Líklega á aðalmarkaðinn í Rvík, því sennilega færi „yfirproduktionin" á þann markað. — Ég vil skjóta því hér inn í, að hér er sjálfsagt átt við sölu, en ekki „kaup", þó að svo standi í frv., og er þetta enn eitt dæmi þess, hve þetta frv. er ljóst hugsað, eða hitt þó heldur. — Ef hér er átt við flutninga til markaðsskálanna innanhéraðs, sem ætla má, að verði nægilega margir, sé ég ekki neina þörf á þessu ákvæði né neina sérstaka sanngirni í því. Mér finnst, að báðir þeir framleiðendur, sem búa fjarri og nærri útibúi (og um geysimikinn aðstöðumun ætti aldrei að vera þar að ræða), eigi jafnan rétt á að selja það, sem umfram er þörf heimilisins. Því eru öll líkindi til þess, að hér sé miðað við aðalmarkaðsstaðinn, sem er Rvík. Nú er t. d. framleitt mjög mikið af kartöflum á Akranesi, sem hingað til hafa að miklu leyti verið einar á innlenda kartöflumarkaðinum í Rvík. Ef aðrir eiga nú að fara að öðlast forgangsrétt um sölu á kartöflum hingað, af því að þeir búa lengra frá, þá er komið á sama fyrirkomulag og í mjólkurmálunum, sem sé það, að láta þá, sem bezta aðstöðu hafa gagnvart markaðinum, bíða þangað til hinir eru búnir að selja. Hér er auðsjáanlega alveg um hið sama að ræða, og ég á bágt með að trúa því, að nokkur hv. þm. greiði slíkri fásinnu atkv., að menn séu látnir gjalda hinnar góðu markaðsaðstöðu sinnar með því að vera látnir bíða, þangað til þeir, sem verri aðstöðu eiga, eru búnir að selja upp. En ef þetta felst ekki í till., þætti mér gaman að vita, hvað það er. Afleiðingin af samþykkt slíks ákvæðis hlýtur að verða sú, að Akurnesingar og aðrir framleiðendur í nágrenni Reykjavíkur verða að bíða þangað til t. d. Eyfirðingar og Þingeyingar hafa selt sínar kartöflur!

Auðvitað er innflutningsbann í sambandi við hina nýju einkasölu. 4. gr. hljóðar svo:

„Heimilt er landbrh. í samráði við Búnaðarfélag Íslands og grænmetisverzlun ríkisins að banna innflutning á þeim tegundum garðávaxta, sem framleiða má í landinu sjálfu og grænmetisverzlun ríkisins annast ekki innflutning á, eftir því, sem nauðsynlegt kann að vera til þess að tryggja markað fyrir innlenda framleiðslu". Ég býst við því, að flestum muni þykja þetta nokkuð torskilið, svo að ég ætla, með leyfi hæstv. forseta, að lesa það aftur (Endurtekur greinina.) Hér er svo mörgum atriðum hrúgað saman, að þörf er á að greina allt í sundur. Fyrst er þá það, að landbrh. sé heimilt að banna innflutning á þeim tegundum garðávaxta, sem framleiða má í landinu sjálfu og grænmetisverzlun ríkisins annast ekki innflutning á. Ég vil biðja hv. frsm. landbn. að upplýsa mig og aðra jafnfáfróða um það, hvaða tegundir koma hér til mála. Því að í 2. gr. stendur: „Stofnun, sem nefnist grænmetisverzlun ríkisins, annast innflutning og verzlun kartaflna og annara garðávaxta samkv. lögum þessum". Mér þykir svo gaman að vita, hvaða tegundum garðávaxta grænmetisverzlunin annast ekki innflutning á, eftir að búið er að ákveða í lögunum, að hún skuli annast innflutning á kartöflum og öðrum garðávöxtum. — Þá kemur merkileg grein, sem mun vera 5. gr. Þar segir svo, í 1. mgr.:

„Grænmetisverzlun ríkisins er heimilt að leigja eða láta reisa í Reykjavík geymslu og markaðsskála fyrir kartöflur og aðra garðávexti, sem framleiddir eru í landinu og ætlaðir eru til sölu innanlands".

Þarna hefir það alveg gleymzt, að verzlunin á, samkv. 2. gr., að annast ein innflutning á kartöflum og öðrum garðávöxtum. Hér er hinsvegar aðeins talað um geymslu og markaðsskála fyrir þær kartöflur og garðávexti, sem framleiddir eru í landinu, og þar með óbeinlínis bannað að leigja eða láta reisa hús í Reykjavík undir þær vörur, sem verzlunin flytur inn í landið. Annars væri alveg óþarft að taka það fram, að vörurnar skuli vera framleiddar í landinu sjálfu, ef leyfilegt væri að reisa eða leigja skála fyrir hinn erlenda varning líka. Ég veit ekki, hvernig stjórn grænmetisverzlunarinnar fer í kringum þetta ákvæði,

Auðvitað hlýtur hún að hafa það að engu í framkvæmd, en eftir orðalagi gr. er grænmetisverzluninni alveg óheimilt að geyma erlenda garðávexti í skálum sínum. Hinsvegar má grænmetisverzlunin reisa slíka geymslu- og markaðsskála úti um land eftir þörfum, án þess að tekið sé fram, að þeir séu eingöngu fyrir innlenda framleiðslu, svo að þar er geymslan á erlendum garðávöxtum heimiluð óbeinlínis.

Þá eru ákvæði um það, að skipaðir skuli kartöflumatsmenn allsstaðar þar, sem til greina getur komið, að kartöflutunna verði seld. Þeir eiga að fá erindisbréf, og skal verzlunin greiða allan kostnað við matið. Að svo miklu leyti sem framleiðendur og neytendur hafa verið ánægðir með viðskiptin sín á milli hingað til, án þess að til matsmanna kæmi, er þetta alveg óþarft. Ég vil ekki fullyrða, að það sé óþarft, ef svona milliliður kemur inn á milli framleiðanda og kaupanda, eins og hér er talað um, sem er grænmetisverzlun ríkisins. En það er fyrst vegna þessarar tilhögunar, að það verður verulegur kostnaður að þessu atriði — sem sé mati á grænmeti.

Þar að auki á náttúrlega að skipa n., sem situr hér í Reykjavík og á að ákveða verðlag á grænmeti viðsvegar um land. Það verður náttúrlega 5 manna n. og ríkisstj. skipar form. en ýmsir aðiljar skipa hina nm. En þeir eiga að vísu að starfa kauplaust í þetta sinn, og er það merkileg nýjung í þessari löggjöf, að það er talað um, að það sé borgaraleg skylda að vera í þessari n. Líklega þýðir þetta sama sem að þessir nm. verði valdir úr hópi starfsmanna ríkisins, sem ekki eiga annars úrkosta en að samþ. að taka að sér þetta verk fyrir ríkisvaldið. Og þá fyrst og fremst vegna þess, að þeir geta átt á hættu, ef þeir neita að taka þetta að sér, að sæta afarkostum af ríkisvaldinu. En mér þykir líklegt, að það verði torvelt að neyða aðra til þess að taka þetta að sér heldur en þá, sem ríkisvaldið hefir einhver slík tök á. Ég segi heldur ekki, að ekki megi finna menn til þess úr hópi starfsmanna ríkisins, og er það merkileg nýjung, að þeim er ætlað að leggja fram krafta og tíma kauplaust.

Svo kemur í 10. gr. ákvæðið um verðið. Það eru ákaflega merkileg ákvæði, sem þar er að finna. Þar segir í tveimur stöðum, að tryggt skuli framleiðsluverð svo kallað. Það er mikið tönnlast á framleiðsluverði nú á dögum, sem að vísu er eins margskonar og framleiðendurnir eru margir. Það er það merkilega við framleiðsluverðið, að það þýðir eftir eðli málsins það verð, sem framleiðslan endanlega kostar, og þess vegna er það eins margvíslegt og framleiðendurnir eru margir. En náttúrlega má finna út meðalverð á framleiðslu allra framleiðenda, en það verður aldrei nákvæmt. Þess vegna er það dálítið út í hött að tala um framleiðsluverð, það verður aldrei annað en innihaldslaust orð, sem hefir enga meiningu. En hitt er annað mál, að í daglegu tali þýðir framleiðsluverð almennt það verð, sem framleiðendur koma sér saman um að segja, að þeir þurfi að fá fyrir vörur sínar til þess, að borgi sig að framleiða þær. En í gr. segir meira. Þar segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Verðskráning garðávaxta skal aðallega miða við markaðsverð garðávaxta í nálægum löndum, að viðbættum flutningskostnaði. Þó skal þess gætt jafnframt, að framleiðendum sé tryggt hæfilegt framleiðsluverð".

Þarna er um tvær ósambærilegar stærðir að ræða, þar sem sagt er, að verðskráningu skuli miða við markaðsverð erlendis, að viðbættum flutningskostnaði, en í framhaldi gr. segir, að þess skuli jafnan gætt, að framleiðendum sé tryggt hæfilegt framleiðsluverð. Hvers vegna á að miða við markaðsverð erlendis og framleiðsluverð hér? Það er stórmerkilegt, að ekki skuli vera miðað við framleiðsluverð erlendis, því að það er ekkert víst, að markaðsverð þar komi neitt nærri því að vera framleiðsluverð. Mér þykir ákaflega furðulegt, að sá, sem samið hefir frv., virðist ekki hafa tekið eftir þessu. Það hefði þó verið samræmanlegra að segja, að innkaupsverð hjá grænmetisverzluninni skyldi miðað við framleiðsluverð erlendis, að viðbættum flutningskostnaði, og framleiðsluverð innanlands. Nei, það er ekki. Það er markaðsverð erlendis og framleiðsluverð hér. Þetta tvennt vísar sitt í hvora áttina, svo að það er engan botn hægt að finna í þessum fyrirmælum. Hugsa mætti, að nú ætti að taka meðalverð af þessum tveimur ólíku verðum. En ekki dugir það, því að þá er engin vissa fyrir því, að tryggt sé hæfilegt framleiðsluverð hér. Ég þori að fullyrða, að hverjir sem skipa stjórn þessa verzlunarfyrirtækis, er alveg ómögulegt fyrir þá að fullnægja ákvæðum gr. og taka fullt tillit til hvorutveggja. Með öðrum orðum, þetta er eintóm grautargerð og vitleysa, nema ef gera ætti ráð fyrir, að til grundvallar fyrir þessu lægi, að það ætti að segja við neytandann: Þessi löggjöf er ágæt fyrir þig, því að verðlagið á að miða við markaðsverð erlendis að viðbættum flutningskostnaði. En svo á að segja við framleiðandann: Ekki þarft þú að kvarta, því að þér er tryggt framleiðsluverð fyrir þínar afurðir. Svona mætti nota þessi ákvæði. En til framkvæmda eru þau ekki annað en hugsanagrautur og bull. Hér er líka ákaflega þægileg gjöf til neytendanna, ef maður athugar kringumstæðurnar hér á landi. Hér segir: „Innflutta garðávexti má aldrei selja hærra verði enn innlenda, miðað við sömu gæði". En það vita allir, að innlendir garðávextir eru svo dýrir, að dæmi eru til, að þeir hafa verið allt að því fimmfalt dýrari en erlendir garðávextir, sem hingað hafa verið fluttir á sama tíma.

Í 11. gr. frv. eru ákvæði um það, að ágóðanum, sem kynni að verða af þessari verzlun, skuli varið til þess að byggja markaðsskála og stofna varasjóði. Heldur þykir mér það óvarlegt, ef mikill ágóði verður af þessari starfsemi, að byggja stóra markaðsskála víðsvegar úti um land, vegna þess að hv. frsm. landbn. sagði áðan í umr., að það væri engin hætta á, að þessi stofnun stæði lengi. Hann sagði, að eftir 2 eða 3 ár mundi stofnunin lögð niður, því að þá yrði framleitt nóg af garðávöxtum í landinu sjálfu og tilgangi laganna væri þá fullnægt. Ef hv.

frsm. hefir meint þetta, þá þykir mér hann ekki hafa gert sér nægilega grein fyrir þessu máli. Ég er sannfærður um það, að þá fyrst þykir ástæða til þess að halda þessari stofnun áfram, þegar framleiðslan er orðin meiri en svo, að markaður sé fyrir hana innanlands. Hvernig er með kjötið? Var það ekki þess vegna, að kjötlögin voru sett, að ekki var nógur markaður í landinu? Hvernig færi þá með kartöflurnar? Nú eru gerðar sérstakar ráðstafanir til þess að auka kartöfluframleiðsluna, og eftir því, sem lýst er, hvernig þessi framleiðsla hefir aukizt á síðustu árum, þykir mér ekki ótrúlegt, að það mundi takast áður en mörg ár líða að auka svo framleiðsluna, að hún verði um of. En ég held, að framleiðendur megi vara sig, þegar að því er komið, að framleiðslan er orðin of mikil, til þess að markaðurinn innanlands nægi, því að sannleikurinn er sá, að ástandið getur ekki verið betra en það er fyrir þessa framleiðendur, því að þeir losna við alla framleiðsluna strax. Þess vegna er svo langt frá, að þetta sé hagsmunamál fyrir kartöfluframleiðendur, að kartöfluframleiðslan sé aukin og að því komi, að markaðurinn verði of þröngur, því að það þýðir óhjákvæmilega, að verðið færi niður úr öllu valdi, nema með því móti að halda grænmetisverzlun ríkisins áfram og aðstoða framleiðendur til þess að halda uppi óeðlilega háu verði á framleiðslunni. Þess vegna er það svo mikil fjarstæða, að þessi stofnun muni aðeins standa um fá ár, því að þá fyrst er ástæða að styðja framleiðendur, þegar markaðurinn er orðinn of þröngur. Og ríkisvaldið er að vinna að því, að markaðurinn verði of þröngur, nema að eigi að snúa því við, sem upp er komið nú, að hvetja menn með verðlaunum til þess að auka framleiðsluna, að í staðinn verði farið að eins og Roosvelt gerir í Ameríku, að kaupa menn til þess að hætta við framleiðsluna. Ég held, að það sé alveg óþarft að hvetja menn með verðlaunum til þess að auka kartöfluframleiðsluna, því að eftirspurnin og bættar aðferðir sjá fyrir því, að framleiðslan eykst af sjálfu sér.

Þetta mál er eitt af þeim málum, sem ber ljósan vott þess, hvað meiri hl. hér á Alþingi hefir litla tilfinningu fyrir því að vernda okkar íslenzku krónu. Það er eitt af því, sem séð verður af þessu frv. Það er sama hugsunin og kemur fram víða, að það geri í sjálfu sér ekkert til, hvað kosti að framleiða þarfir landsmanna, bera að spara gjaldeyrinn. Þeir segja, að það borgi sig betur að framleiða poka af kartöflum, þó að það kosti 10 kr., heldur en að kaupa hann frá útlöndum fyrir 1 krónu. Þetta ber vott um fyrirlitningu fyrir þeim mikilsverða hlut í okkar þjóðarbúskap, sem heitir íslenzk króna. Þessi fyrirlitning, sem hér kemur fram á íslenzkri krónu, að íslenzk mynt eigi alltaf að vera undirlægja allra erlendra mynta, er dauðadómur yfir fjárhag þessa þjóðfélags. — Ég þykist hafa sýnt fram á með þessum fáu orðum, að þetta frv. er að mörgu leyti vanhugsað, og ég hefi spáð því, að það muni hafa allt aðrar afleiðingar heldur en menn hafa gert sér grein fyrir. Framsóknarmenn hafa neytt sósíalista til þess að hjálpa sér til að koma þessu máli fram, svo að þeir geti komið að við þessa ríkisstofnun ýmsum af þeim mönnum — bitlingaliði —, sem þeir hafa á vegum sínum, og til þess að geta tekið þetta af þeim mönnum, sem nú hafa verzlun þessa með höndum, bæði til þess að spilla fyrir þeim og líka til þess að gleðjast yfir því að fara með slík völd í þjóðfélaginu. En ég held, að það verði stutt þangað til það kemur í ljós, að að þessu verði engin gleði, hvorki fyrir framleiðendur eða neytendur þessara vörutegunda.

Jón Pálmason: Ég geri ráð fyrir, að hv. frsm. landbn. tali eitthvað áður en þessari umr. lýkur. En ég vildi segja nokkur orð áður.

Eins og menn sennilega muna, þá bar ég fram við 2. umr. þessa máls viðtækar brtt. við þetta frv., en það fór svo um þessar till., að stjórnarliðið hér í hv. d. var samtaka um að fella þær. Þar af leiðandi er þetta frv. náttúrlega í því formi, sem ég tel alveg óviðunandi, verði það að lögum. — Síðasti ræðumaður sýndi fram á ýmsa annmarka á frv., en vék ekki að því, af hverju mótsagnir þessar stöfuðu, en það er einmitt af því, að grautað er þar saman einkasöluheimild og verzlun með innlenda framleiðslu. Það eru tveir ólíkir hlutir, sem ekki eru nægilega skilgreindir út af fyrir sig, og þessvegna eru mótsagnirnar í frv. Með því að nema burt heimildina um einkasölu á aðfluttum kartöflum, en láta þessa heimild ná til viðskipta með innlenda framleiðslu, þá myndu þessar mótsagnir hafa horfið að mestu leyti. Ég tel ekki náð tilganginum, sem til var ætlazt, með þeim ákvæðum, sem hér eru sett. Því tel ég bezt, að frv. verði geymt og samþykkt dagskrá hv. þm. Ak., eða frv. látið daga uppi. Ég tel nauðsynlegt að láta athuga til næsta þings, hvaða aðferð bændur vilja hafa til að láta koma málinu í æskilegt horf. En það er þá fyrst, þegar framleitt er í landinu nægilegt af garðjurtum til að fullnægja markaðinum innanlands og þegar aðgangur er svo greiður fyrir framleiðendur vegna góðra samgangna, að ekki sé of kostnaðarsamt að nota markaðinn.

Nú er tækifæri til að bera þetta mál undir Búnaðarfélag Íslands milli þinga. Búnaðarfélagið hefir skrifað öllum búaðarsamböndum landsins um þetta mál. Væri því heppilegra að geyma frv. til næsta þings, því að það er enginn skaði fyrir málið. Nú hefir verið ákveðið að setja á fjárlög ákveðna upphæð til að greiða fyrir framleiðslu á kartöflum. Það raskaði ekki neinu að láta liðinn standa, og mætti eins geyma að samþykkja þessa löggjöf til þingsins síðar í vetur. Þá verður hægt að vera búið að fá till. víða af landinu um það, hvaða aðferðir bezt nái þeim tilgangi, sem til er ætlazt. Með öðrum orðum, með þessum hætti er hægt að ná því, sem ég tel bezt í allri löggjöf, að hlutaðeigandi menn, sem eiga að njóta hagsmuna af löggjöfinni, geri till. um öll atriði hennar. En þetta hefir oft vantað í löggjöf okkar. Henni hefir verið slengt á af Alþingi og ríkisstjórninni, án þess að knýjandi alda frá almenningi í landinu hafi borið hana fram. — Ég skal ekki fara um þetta fleiri orðum, því að

þess er ekki þörf, en ég vildi láta þetta koma fram; úr því ekki gat orðið samkomulag um að samþykkja þá brtt., sem ég bar fram við 2. umr., þá er bezt, að þetta mál sé látið bíða til næsta þings og rannsakað, hver sé vilji þeirra, sem mest eiga undir samþykkt þess úti um sveitir landsins.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 105. fundi í Nd., 21. des., var enn fram haldið 3. umr. um frv.

ATKVGR.
Rökst. dagskráin í nál. 861, frá minni hl. landbn., felld með 16:9 atkv.
Brtt. 801 felld með 16:7 atkv.
— 917,1 felld með 16:9 atkv.
— 917,2.a samþ. með 18:3 atkv.
— 917,2.b felld með 15:8 atkv.
— 917,3 samþ. með 16:9 atkv.
Frv., svo breytt, samþ. með 18:11 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: PZ, PÞ, SigfJ, SE, StJSt, ÞorbÞ, BJ, BÁ, BB, EmJ, EystJ, FJ, GG, HV, JÓl, JG, MT, JörB.
nei: ÓTh, PHalld, PO, SK, TT, EE, GÞ, GSv, GÍ, JakM, JJós.
HannJ[1]) greiddi ekki atkv.
Þrír þm. (JónP, JS, ÁÁ) fjarstaddir.
Frv. endursent Ed.

Á 101. fundi í Ed., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 939).

Á 102. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til einnar umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 9 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 9:2 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 949).

86. Kreppulánasjóður (frv. allshn. Ed.).

Á 93. fundi í Ed., 12. des., var útbýtt:
Frv. til l. um viðauka við l. nr. 78 19. júní 1933, um Kreppulánasjóð (þmfrv., A. 777).

Á 94. fundi í Nd., 13. des., var frv. tekið til 1. umr.

Frv. of seint fram komið og of skammt liðið frá útbýtingu þess. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

Atvmrh. (Haraldur Guðmundsson) óyfirl.]: Þetta frv. hefir orðið nokkuð síðbúið, en ég tel miklu máli skipta, að það nái að ganga fram nú áður en lokið er þessu þingi. Ástæðan er sú, að ef framfærslulögin ganga fram nú, er æskilegt, að þessi komi samtímis, svo hægt sé að koma á fullnaðar uppgerð innbyrðis milli sveitarfélaganna jafnhliða, og koma þannig fjárhag sveitar- og bæjarfélaga á sæmilegan grundvöll. En á síðari árum hafa safnazt hjá þeim miklar upphæðir í skuldum. Ennfremur leiðir af samþykkt alþýðutrygginganna mjög verulega breyt. á framlögum sveitar- og bæjarfélaga til félagsmála og annara gjalda í almenningsþarfir. Eins og segir í grg. frv., eru nú þegar 10 sveitarfélög, sem hafa gefizt upp, og 20—30 eru líkur til. að bætist við á næstunni, svo raunverulega má segja, að 30—40 sveitarfélög hafi nú þegar leitað hjálpar ríkisstj. og vitað, að ekki fá munu bætast fljótlega við.

Þá er vitanlegt, að sum bæjarfélögin eru mjög illa stödd, jafnvel þó reikningarnir sýni ekki skuldir umfram eignir. En mörg þeirra eru að dragast með mikið af lánum, sem tekin hafa verið til skamms tíma og því mjög erfitt að standa straum af. Tveir kaupstaðirnir, Vestmannaeyjar og Hafnarfjörður, sem þegar hafa fengið ríkisábyrgð, hafa minnstar lausar skuldir nú, vegna þess að þeir eru búnir að breyta þeim í föst lán. Á flestum hinum kaupstöðunum hvíla 200—300 þús. kr. af lausum skuldum.

Ég vildi mælast til, að málinu yrði, að lokinni þessari umr., vísað aftur til allshn., sem hefir flutt frv., svo að hún geti athugað það, að það er ein gr., sem þarf að breyta. (MG: Hvaða gr?). Það er 8. gr. Ég býst við, að þar þurfi að koma inn ábyrgð ríkisins fyrir tryggum greiðslum, svo að sama gildi um þennan nýja flokk og önnur bréf Kreppulánasjóðs, að næst á eftir skuldabréfum fl. komi til tryggingar ábyrgð ríkissjóðs.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 11. shlj. atkv.

Á 95. fundi í Ed., 14. des., var frv. tekið til 2. umr.

Of skammt var liðið frá 1. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 12 shlj. atkv.

Páll Hermannsson: Allshn. hefir á fundi í morgun athugað frv. þetta á ný, og ég get lýst því yfir fyrir hennar hönd, að hún er meðmælt því í öllum höfuðatriðum. Þó hefir n. í hyggju að bera fram brtt. við það fyrir 3. umr., sem aðallega eru formbreyt., og hagga því ekki við höfuðtilgangi frv., sem er sá, að gera upp lausar skuldir kaupstaða og sveitarfélaga, eins og gert hefir verið með skuldir bænda í Kreppulánasjóði.

Sakir þess, hve skammt hefir verið á milli umræðna, hefir n. ekki unnizt tími til að koma fram með brtt. nú við þessa umr., og væntir hún þess, að það þurfi ekki að tefja framgang málsins.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
2.—7. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.

---

1) **HannJ:** Ég er samþykkur efni frv. í aðalatriðum, en hinsvegar óánægður með skipun stjórnar verzlunarinnar. Ég óttast, að með þeim hætti sé verzlun með þessar vörur stofnað í háska eins og raun hefir orðið á um aðrar framleiðsluvörur. Mun ég því sitja hjá við atkvgr.

8.—16. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Fyrirsagnir frv. og kafla þess samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 12 shlj. atkv.

Á 96. fundi í Ed., 16. des., var frv. tekið til 3. umr. (A. 777, 842).

Of skammt var liðið frá útbýtingu brtt. 842. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

Páll Hermannsson: Við 2. umr. þessa máls var þess getið, að allshn. myndi koma fram með brtt. við 3. umr. Það hefir nú verið gert. Það er sameiginlegt með öllum þessum brtt., að þær eru ekki efnisbreyt., heldur tilfærslur milli greina, viðaukar, eða nánari fyrirmæli.

1. brtt. er millifærsla. Þótti réttara að taka ákvæði úr 3. gr. og setja inn í 1. gr., af því að þau áttu þar betur heima.

Um 2. brtt., við 3. gr., er það að segja, að hún er afleiðing af hinni brtt. að nokkru leyti, en líka smáformsbreyting. Þar er ætlazt til, að stjórn Kreppulánasjóðs veki athygli hreppsnefnda og bæjarstjórna á fyrirmælum frv., og þau sveitar- og bæjarfélög, sem ætla að nota fyrirmæli frv., gefi sig fram, en ekki verði kallað eftir skýrslum frá þeim sveitar- og bæjarfélögum, sem ekki nota sér ákvæði þess.

3. brtt. er við 8. gr. Efni hennar er að taka fram, hvaða tryggingar verði fyrir væntanlegum skuldabréfum. Verða þær tryggingar alveg hinar sömu og í kreppulögunum: Þau skuldabréf, sem sjóðurinn fær frá lántaka, og ábyrgð ríkissjóðs. Ennfremur eru þar ákvæði um það, að hin nýja stjórn Kreppulánasjóðs gefi þau út.

4. brtt. er við 11. gr. og er aðeins leiðrétting. Í lögunum stóð, að ekki þyrfti að senda skýrslur um fyrirtæki, sem bæjar- og sveitarfélög reka. En réttara þótti að fá skýrslur um þetta, þar eð slíkur rekstur getur haft áhrif á hag sveitar- og bæjarfélaga.

Í 5. brtt. er gert ráð fyrir, að síðustu gr. myndi sérstakan kafla: Almenn ákvæði. Þar eru ákvæði um kostnað o. s. frv. Eftir frv. á ríkissjóður að greiða stjórnarkostnað. Annan kostnað á Kreppulánasjóður að greiða eftir brtt. Þá er og tekið þar fram, að þar sem ekki sé um ný ákvæði að ræða, skuli farið eftir lögum um Kreppulánasjóð. Ætlazt er til, að svo verði gengið frá þessari útlánastarfsemi til bæjar- og sveitarfélaga, að kröfur þær, sem ekki komu fram, falli úr gildi og séu þar með úr sögunni.

Atvmrh. (Haraldur Guðmundsson): Ég er samþykkur till. n., en hefi við athugun komizt að þeirri niðurstöðu, að réttara sé að bæta inn í 9. gr., þar sem taldar eru upp skuldir þær, sem ekki er hægt að krefjast að fá að greiða með skuldabréfum, en það eru skuldir, sem tryggðar eru með fasteigna- og handveði. Sumir kaupstaðir hafa skuldir sínar tryggðar með ríkisábyrgð, og ætti hið sama að gilda um þær. Hin brtt. er við brtt. á þskj. 842, um skuldir sveita, þar sem talað er um sama efni.

Páll Hermannsson: Ég fellst alveg á brtt. hæstv. atvmrh. Í b-lið 1. brtt. á þskj. 842 er gengið út frá því, að þessi skuldabréf verði ekki gjaldeyrir til greiðslu á erlendum lánum, enda gert ráð fyrir því, að þau séu tryggð með ríkisábyrgð.

ATKVGR.
Afbrigði um tvær skrifl. brtt. (sjá þskj. 850 og 851) leyfð og samþ. með 15 shlj. atkv.
Brtt. 850 samþ. með 13 shlj. atkv.
— 842,1, svo breytt, samþ. með 15 shlj. atkv.
— 842,2 samþ. með 13 shlj. atkv.
— 842,3 samþ. með 14 shlj. atkv.
— 851 samþ. með 13 shlj. atkv.
— 842,4.a—b samþ. með 14 shlj. atkv.
— 842,5.a—c samþ. með 12 shlj. atkv.
— 842,5.d samþ. með 14 shlj. atkv.
Frv., svo breytt, samþ. með 14 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 101. fundi í Nd., 17. des., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 852).

Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 102. fundi í Nd., 18. des., var frv. aftur tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 17 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 17 shlj. atkv. og til allshn. með 17 shlj. atkv.

Á 104. fundi í Nd., 20. des., var frv. tekið til 2. umr. (A. 852, 878, n. 913, 914).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 19 shlj. atkv.

Frsm. (Bergur Jónsson): Eins og sést á nál. á þskj. 913, varð samkomulag um þetta mál í allshn. og milli þeirra þriggja höfuðflokka þingsins, sem sæti eiga í n. Leggur n. til, að þetta frv. verði samþ. eins og hv. Ed. hefir gengið frá því, en þó með nokkrum brtt., sem fluttar eru á þskj. 914.

Það er óþarft að fara mikið út í þetta mál hér, þar sem það er búið að ganga gegnum þrjár umr. í hv. Ed. og þar hafa verið gerðar talsverðar breyt. á því. Aðalatriðið í þessu máli er, eins og kunnugt er, að veita á bæði bæjar- og sveitarfélögum hjálp til þess að koma fjárhag sínum í betra horf með því að verja til þess handhafaskuldabréfum Kreppulánasjóðs, sem áætluð eru í kringum 1 millj. kr. til sveitarfélaganna, en hinsvegar er gert ráð fyrir sérstökum flokki handhafaskuldabréfa, að upphæð 1½ millj. kr. handa bæjarfélögunum. Hefir þetta verið gert með viðauka við kreppulánalögin, og hefir verið farið eftir þeim reglum, sem þar gilda, en þó hefir verið vikið frá þeim, eftir því sem þörf hefir krafið, vegna þess að hér er um hjálp til sveitar- og bæjarfélaga að ræða, en í hinum lögunum hjálp til einstaklinga.

N. er sammála um að leggja til, að brtt.

hv. þm. Hafnf. á þskj. 878 verði samþ. Brtt. þær, sem n. flytur á þskj. 914, eru aðallega um þrjú atriði, og eru þær fluttar að nokkru leyti eftir ósk bankastjóra Landsbankans, sem n. átti tal við. Til þess að gera hættuna fyrir bankann minni af því að þurfa að taka þessi bréf, er í fyrsta lagi lagt til, að vextir af bréfunum verði hækkaðir úr 5% upp í 5½%, í öðru lagi, að lánstíminn verði ekki eins langur og áður var gert ráð fyrir, hámarkstíminn settur 30 ár í stað 42 ár, og loks í þriðja lagi gerir 5. brtt. á þskj. ráð fyrir því, að lánardrottnum sé ekki skylt að taka þessi skuldabréf með nafnverði til greiðslu á þeim lánum, sem talað er um í 4 liðum í 5. brtt.

Vil ég svo vænta þess, að þetta mál verði afgr. eins og n. leggur til.

Emil Jónsson: Hv. allshn. hefir lagt til, að brtt. mín á þskj. 878 verði samþ., og er ég henni þakklátur fyrir. Efni þessarar brtt. er, að skuldabréf, sem bæjar- eða sveitarfélög kunna að fá sem greiðslu frá öðrum sveitar- og bæjarfélögum, verði þeim jafngildur gjaldeyrir og bréf þau, sem bæjar- og sveitarfélög hefðu fengið, ef þau hefðu tekið þau að láni.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
Brtt. 914,1 (ný 2. gr.) samþ. með 18 shlj. atkv.
3.—4. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
Brtt. 914,2 samþ. með 18 shlj. atkv.
5. gr., svo breytt, samþ. með 18 shlj. atkv.
6. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
Brtt. 914,3 samþ. með 19 shlj. atkv.
7. gr., svo breytt, samþ. með 19 shlj. atkv.
— 914,4 samþ. með 19 shlj. atkv.
8. gr., svo breytt, samþ. með 18 shlj. atkv.
Brtt. 914,5.a—b samþ. með 19 shlj. atkv.
9. gr., svo breytt, samþ. með 19 shlj. atkv.
10.—12. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
Brtt. 914,6.a—b samþ. með 18 shlj. atkv.
13. gr., svo breytt, samþ. með 17 shlj. atkv.
Brtt. 878 (ný gr., verður 14. gr.) samþ. með 18 shlj. atkv.
14.—17. gr. (verða 15.—18. gr.) samþ. með 18 shlj. atkv.

Fyrirsagnir frv. og kafla þess samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 20 shlj. atkv.

Á 105. fundi í Nd., 21. des., var frv. tekið til 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 17 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 18 shlj. atkv. og endursent Ed.

Á 101. fundi í Ed., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 931).

Á 102. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til einnar umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 11 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 950).

---

87. Fólksflutningar með bifreiðum.

Á 69. fundi í Nd., 9. nóv., var útbýtt:

Frv. til l. um breyt. á l. nr. 62 28. jan. 1935, um skipulag á fólksflutningum með bifreiðum (þmfrv., A. 511).

Á 71. og 72. fundi í Nd., 12. og 13. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 73. fundi í Nd., 14. nóv., var frv. enn tekið til 1. umr.

Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 17 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

Frsm. (Gísli Guðmundsson): Frv. þetta á þskj. 511 er flutt af samgmn. eftir tilmælum hæstv. atvmrh. Annars er frv. samið af póst- og símamálastjóra, sem samkv. l. um skipulag á fólksflutningum með bifreiðum hefir umsjón þessara mála. Póst- og símamálastjóri kom til viðtals við n. um þetta mál og gerði grein fyrir því, af hvaða ástæðum hann teldi nauðsynlegt að gera breyt. á þeim l., sem hér er um að ræða. Það eru aðallega 3 atriði og þó sérstaklega 2, sem þetta frv. gerir ráð fyrir að breyta frá því í fyrra.

Það er í fyrsta lagi gert ráð fyrir því í frv., að sérleyfi þurfi til þess að hafa með höndum fólksflutninga með bifreiðum, er rúma 6 farþega eða færri, ef þær halda uppi áætlunarferðum. Samkv. núgildandi l. þarf þetta sérleyfi aðeins fyrir stærri bifreiðir. En póst- og símamálastjóri telur, að reynslan hafi sýnt, að óhjákvæmilegt sé að taka smærri bifreiðar með, ef þær halda uppi föstum ferðum, því annars komi fram af þeirra hálfu óeðlileg samkeppni við sérleyfishafa. — Annað atriðið er það, að eins og hv. þm. kannske muna, þá er í l. ákvæði um það, að bifreiðar sem aðallega flytja framleiðsluvörur bænda, enda þótt þær hafi einnig sæti fyrir farþega, séu undanþegnar skyldu til sérleyfis. Það er talið hafa borið á því þennan tíma, sem l. hafa verið í gildi, að þetta ákvæði hafi verið misnotað, þannig að menn hafa haft bifreiðar í förum á áætlunarleiðum, sem aðallega hafa verið fólksflutningsbifreiðar með aðeins lítið rúm fyrir vöruflutninga. Það var náttúrlega ekki ætlunin með þessu ákvæði í l. frá í fyrra, að hægt væri að misnota þetta þannig, heldur var aðeins átt við þær bifreiðar, sem fyrst og fremst flyttu framleiðsluvörur bænda. Þess vegna er hér lagt til í þessu frv., að slíkar bifreiðar geti því aðeins fengið undanþágu frá sérleyfisskyldu, að þær rúmi ekki fleiri en 8 farþega. — Þriðja atriðið er það, að frv. leggur til, að heimilt verði að undanskilja sérleyfi fólksflutningsferðir endr-

um og sinnum á héraðsmót, fjölsóttar skemmtanir, hópsferðir o. þ. l. Það hefir aldrei verið til þess ætlazt, að l. næðu til slíkra ferða, enda hafa þau ekki verið framkvæmd þannig, því atvmrn. hefir gefið út sérstaka auglýsingu, þar sem slíkar ferðir eru undanþegnar sérleyfisskyldu. En þar sem það er talið vafasamt, að þetta hafi beinlínis staðið í l., þá er lagt til í frv. að það verði tekið upp í l. svo greinilega, að ótvírætt sé.

Ég vil svo leyfa mér að vænta þess, að d. sjái sér fært að samþ. þetta frv., sem er, eins og ég hefi tekið fram, samið af póst- og símamálastjóra og byggist á þeirri reynslu, sem þegar er fengin á l.

Að svo mæltu legg ég til, að frv. verði vísað til 2. umr. Ég tel ekki þörf á að vísa því til n., þar sem það er komið frá n.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 18 shlj. atkv.

Á 75. fundi í Nd., 16. nóv., var frv. tekið til 2. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.
2.—4. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 18 shlj. atkv.

Á 77. fundi í Nd., 19. nóv., var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 17 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 73. fundi í Ed., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 511).
Á 75. fundi í Ed., 21. nóv., var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til samgmn. með 10 shlj. atkv.

Á 99. fundi í Ed., 19 des., var frv. tekið til 2. umr. (A. 511, 899).

Frsm. meiri hl. (Sigurjón Á. Ólafsson) [óyfirl.]: Ég skal reyna að spara fundartímann svo sem ég get. Ég kann ekki við annað en láta nokkur orð fylgja brtt. meiri hluta allshn. á þskj. 899. Minnihluti n. var ekki á fundi n., er mál þetta var afgr., enda gat hann heldur ekki orðið sammála um allar brtt. — Tilefni þess, að brtt. þessar koma fram, byggist á því, að samkv. 1. gr. frv. er svo frá gengið, að allir þeir bílar, sem ekki komast undir skipulagið, eru útilokaðir frá því að vera á þeim leiðum, þar sem einkaleyfi eru veitt. Var erfitt að finna verkefni fyrir þá mörgu bíla, sem hindrunarlaust hafa ekið á þessum leiðum, nema að þeim væri a. m. k. gefið leyfi til að aka á þeim leiðum, þar sem einkaleyfi eru ekki á. Þetta er það, sem fyrsta brtt. fer fram á. Ef það væri ekki gert, mundu allmargir eigendur hinna smærri bíla missa mikla atvinnu. Brtt. þessi er þess vegna nauðsýnleg til þess að koma í veg fyrir allt of mikið misrétti. — Önnur brtt. er um skipun 5 manna nefndar, sem á að gera till. til póstmálastjórnarinnar um fyrirkomulag og rekstur allan á flutningum samkv. lögum þessum. Í 3. gr. l. frá í fyrra er ákveðið, að n. þessi skuli skipuð 3 mönnum eingöngu frá sérleyfishöfum. Nú er þessum mönnum fjölgað um tvo, og skulu nú vera 5 í nefndinni. 4 af þeim eru fulltrúar þeirra aðilja, sem hlut eiga að máli, og virðist með því fundið nokkurn veginn réttlátt fyrirkomulag, þannig að allir þeir, sem hlut eiga að máli, ættu að geta við unað. Í stað 3 manna nefndar frá sérleyfishöfum, á nú að koma 5 manna nefnd frá öllum aðiljum, og er ætlazt til, að póstmálastjórnin fari að till. n. — Ég skal geta þess, að till. þessar eru í fullkomnu samræmi við vilja póstmálastjórnarinnar, sem á að hafa yfirstjórn þessara mála, og einnig hæstv. atvmrh., svo ég býst við, að orðið geti nokkurnveginn friður um fyrirkomulagið. Um frv. sjálft er enginn ágreiningur heldur aðeins um þessa viðbót. Ég hefi átt tal við hv. minni hl. n. (**MG**: Hver er minnihlutinn?) Það er hv. þm. N-Ísf., og hefir hann, svo ég viti, ekkert að athuga við brtt. annað en sunnudagsferðirnar til Þingvalla.

Jón Auðunn Jónsson [óyfirl.]: Hv. frsm. meiri hl. segir, að allir aðrir bílar séu útilokaðir á þeim leiðum, þar sem sérleyfi eru veitt. Þetta er ekki rétt. (**SÁÓ**: Ég átti við bíla, sem taka yfir 6 menn) Já það er rétt, en það er gefið, að smærri bílarnir eru á þessum undanskildu vegum fullfærir til þess að fullnægja þörfinni, en hitt vita allir, að smærri bílarnir hafa heimild til þess að aka á sérleyfisvegunum. Ég er sammála hv. frsm. um það, að ekki sé rétt að veita sérleyfi á vegunum frá Reykjavík að Gullfoss, að Geysi og út á Reykjanes. Fólkstraumurinn að þessum stöðum er svo ójafn, að ekkert félag mundi geta lagt til þann bílakost, sem þyrfti, þegar fólkstraumurinn er mestur þangað. Hinsvegar sé ég ekki ástæðu til, að öðrum en áætlunarbílunum sé veitt leyfi til þess að aka að Þingvöllum á sunnudögum. Ég hefi oft farið til Þingvalla á sunnudögum, þegar mikill mannfjöldi hefir farið þangað, og hefi ég ekki orðið var við annað en að nógur bílakostur væri hjá sérleyfishöfunum, og veit ég, að þeim muni þykja það dálítið hart að gefa umferðina öllum frjálsa á sunnudögum og rýra með því atvinnu sína. — Viðvíkjandi hinni brtt. veit ég það, með vissu, að sérleyfishafar eru henni mótfallnir. Það vita allir, að þessi nefnd hefir ekki nema tillögurétt, því póstmálastjórnin hefir öll yfirráð þessara mála. Ég sé ekki, að það nái nokkurri átt að taka fulltrúa frá Alþýðusambandi Íslands inn í þessa n. Ég veit, að sérleyfishafar bæði norðanlands og sunnan eru á móti því, enda er það bara

hjákátlegt. Ég býst við, að leyfishafar hafi ekkert á móti því, þó að bílstjórafélagið Hreyfill eigi fulltrúa í n., en sérleyfishafar eiga þá að hafa 3 fulltrúa og atvmrh. á að skipa einn. — Ég veit ekki, hvort þessar brtt. koma undir atkv. nú þegar. Ég bjóst við, að þær yrðu kannske geymdar til 3. umr., en eigi þær að koma nú, þá býst ég við að ræða þær nánar, en ég geri það ekki fyrr en ég hefi fengið svör frá fylgismönnum þeirra, og mun þá líklega flytja brtt. við frv. við 3. umr.

Atvmrh. (Haraldur Guðmundsson) [óyfirl.]: Ég kysi helzt, að brtt. kæmu til atkv. þegar við þessa umr., en mundi þó að sjálfsögðu taka þær til athugunar fyrir 3. umr., ef hv. n. vill fallast á að geyma þær. Ég hygg, að ummæli hv. þm. N.-Ísf. um smábílana séu byggð á misskilningi. Eins og nú er, er þeim heimilt að fara áætlunarferðir jafnvel á hinum stærri leiðum, en af þeim sökum hefir orðið tiltölulega lítið gagn að skipulaginu. Smærri bílarnir hafa dregið frá áætlunarbílunum, svo áætlunarbílarnir bera sig þess vegna varla. Tilkostnaðurinn í heild verður óþarflega mikill. Þess vegna virðast allir sammála um það, að á sérleyfisleiðunum megi ekki vera stærri aukabílar en 6 manna. Það virðist eina leiðin til að nota þann bílakost, sem fyrir er. Þessi ráðstöfun gengur út yfir smærri bílana, en ætlunin er að bæta þeim það upp með því að leyfa óhindraða keyrslu á vissum leiðum. Á þessum leiðum má búast við misjafnlega örum mannflutningum, og því er óheppilegt að veita einkaleyfi á fólksflutningum á þeim leiðum. Hv. þm. N.-Ísf. vildi ekki fallast á það að hafa leiðina til Þingvalla frá Reykjavík á sunnudögum þarna með. Ég get ekki verið honum sammála um þetta. Það er vitanlegt, að engin ein stöð hefir bílakost til þess að fullnægja þeim mannflutningi, sem oft er á þessari leið á sunnudögum. — Að því, er snertir 2. till. meiri hl., um skipun n., þá er það atriði, sem sjálfsagt má um deila. Ég fæ ekki betur séð en að hún sé í alla staði sanngjörn. Það eiga allir að hafa fulltrúa í n., sem hagsmuna eiga að gæta. Sérleyfishafar hafa tvo, bílstjórafélagið Hreyfill einn. Bílstjórarnir eru líka aðiljar, og þetta mun vera eina bílstjórafélagið á landinu. Ég veit að vísu ekki um á Akureyri, en ég hygg þó, að þar sé aðeins félag bílaeigenda. Bifreiðastjórarnir þurfa að hafa tillögurétt um ferðirnar og aksturinn, hvernig dagleiðum er skipt, hvort t. d. sami bílstjóri keyrir alla leið frá Borgarnesi til Akureyrar, sem er 12—14 klst. keyrsla, eða þá að tveir bílstjórar taki þar við hvor af öðrum. Þá tel ég einnig vel við eigandi og eðlilegt, að fjölmennasta félag verkamanna í landinu hafi þarna tillögurétt, og þá að síðustu að ríkisstjórnin hafi þar sinn fulltrúa sem oddamann.

Mótmæli hv. þm. N.-Ísf. gegn 3. brtt. held ég séu byggð á misskilningi. (**JAJ**: Ég hefi ekki mótmælt henni). Þá bið ég afsökunar. Ég vil geta þess til skýringar, að reglugerð sú, er um getur í 3. gr. frv., verður upphaflega að sjálfsögðu samin af póstmálastjórninni, og þá auðvitað einnig af hinni ráðgefandi n.

Ég vildi mælast til þess, að brtt. hv. samgmn. verði afgr. á þessum fundi. Hinsvegar skal ég athuga fyrir 2. umr., hvort eitthvert samkomulag gæti komið til mála með fleiri breytingar.

Magnús Jónsson [óyfirl.]: Það er náttúrlega sitt af hverju, sem ástæða hefði verið til að athuga í sambandi við þessar brtt., en þar sem orðið er áliðið dags, mun ég láta nægja með örfá orð.

Þetta er nú breyting á lögum frá þessu sama ári. Hún gat ekki fyrr komið fram en þetta. Það, sem um er rætt, er, hvort skipulagið eigi að ná til smærri bíla en 6 manna. Ég lít svo á, að það sé ekki heppilegt. Ég er enn sömu skoðunar og í fyrra, að ekki sé a. m. k. fyrst um sinn rétt að taka þá undir skipulagið, og ástæða sú, sem færð er fyrir till., er að mínu viti mjög vafasöm. Ég tel því, að smærri bílarnir séu utan við skipulagið, einu trygginguna fyrir því, að fargjöldin verði sanngjörn. Ég skil ekki almennilega, hvaða kvaðir það geta verið, sem eiga að hvíla á stærri bílunum, en hinir smærri komast hjá, nema þá póstflutningarnir og það, að þeir verða að fara fastar ferðir. Ef reynslan er sú, að stærri bílarnir geta ekki staðizt samkeppni við hina smærri, þá virðist það benda til, að ekki sé svo næsta heppilegt að hafa þessa stærri bíla. Ég fullyrði ekkert um þetta, en það er aðalástæðan fyrir því, að ég get ekki verið með þessum brtt. — Um það að láta Alþýðusambandið eiga einn fulltrúa í þessari n. er ég sammála hv. þm. N.-Ísf., að það sé fjarstæða. Sú ástæða fyrir till., að Alþýðusambandið sé fulltrúi landslýðsins er beinlínis hlægileg. Það er fullkunnugt, að Alþýðusambandið er stórpólitiskt félag, og er mjög fjarri því, að bílanotendur geti viðurkennt það sem sinn fulltrúa. Það mætti alveg eins koma með till. um það, að láta sjálfstæðisfélögin í landinu nefna fulltrúa í n. fyrir landslýðinn. Nei, í n. eiga ekki að vera aðrir en fulltrúar þeirra aðilja, sem þarna eiga hlut að máli, en það eru náttúrlega sérleyfishafarnir og ráðh. og svo bifreiðastjórarnir. Að fara að bendla fleiri menn eða stofnanir við þessa nefnd, sem hefir þó ekki heldur meira en ráðgefandi vald, er hreinasta fásinna.

Frsm. meiri hl. (Sigurjón Á. Ólafsson) [óyfirl.]: Hæstv. atvmrh. hefir nú gert fyllri grein fyrir tilefni 1. brtt. á þskj. 899 en ég gerði, og get ég því sparað mér að fara frekar út í að ræða hana, en út af ummælum, sem hér hafa fallið viðvíkjandi skipun n., vil ég minna á, að það er nauðsynlegt, að n. hafi heimili í Reykjavík. Það getur þurft vikulega að bera undir hana ýms mál, er hana varða, og er það erfitt, ef nm. eiga sæti víðsvegar úti um land. Ég hefi fallizt á, að fjölmennasta bílstjórafélagið í landinu setti mann í n., en það er vandi að finna fulltrúa fyrir annan aðilja, þá mörgu menn víðsvegar um allt land, sem nota bílana, en mér finnst Alþýðusambandið ná því bezt að geta verið fulltrúi þeirra. Að Alþýðusambandið sé pólitískt félag má náttúrlega segja, en um það má mjög deila. Það eru náttúrlega öll félög, sem hafa menn með pólitískar skoðanir innan sinna vébanda, og Alþýðusambandið samanstendur af félögum, sem hafa

menn úr öllum pólitískum flokkum innan sinna vébanda, svo pólitíkin ætti ekki að þurfa að vera þrándur í götu fyrir því, að Alþýðusambandið hefði fulltrúa í n. Hitt var nauðsynlegt, að fjölga í n., til þess að hægt væri að koma öllum aðiljum fyrir í n. Það er að vísu nýmæli, að atvmrh. skipar einn mann í n.

Mér skildist hv. 1. þm. Reykv. vera á móti því að taka 6 manna bifreiðar undir skipulagið. Var það rétt skilið? (**MJ:** Já). En það eru einmitt þessir bílar, sem draga um of frá „rútu"-bílunum (**MJ:** Af hverju?). Af því þeir selja ódýrara en „rútu"-bílarnir, en mér finnst þessir bílar alveg eins geta komið undir skipulagið og „rútu"-bílarnir.

Jón Auðunn Jónsson: Út af skipun n. vil ég segja það, að brtt. gerir þar ráð fyrir gerbreytingu frá því, sem áður var, þar sem sérleyfishafar skipuðu n. í fyrra alveg með 3 mönnum, en nú eiga þeir að eiga þar 2 fulltrúa, sem verða í algerðum minni hluta. Mér finnst þetta dálitið kyndugt, því gera má ráð fyrir, að sérleyfishafar hafi allra aðilja mesta hvöt til þess að reyna að láta ferðirnar verða sem hagstæðastar. Ég veit að allir þeir menn, sem nú hafa sérleyfin, eru ákaflega mikið á móti því, að n. verði þannig skipuð.

Bernharð Stefánsson: Mér skildist á hæstv. atvmrh., að hann óska eftir, að brtt. á þskj. 899 yrði samþ. við þessa umr., en hann tjáði sig fúsan til samninga um breyt. á þessum sömu atriðum fyrir 3. umr. Mér finnst það væri réttara, að þessar till. kæmu ekki til atkv. nú og yrðu teknar aftur til 3. umr. Mér virtist heppilegra, að samningar um þessar breytingar færu fram fyrirfram heldur en eftir á. Ég vildi því gjarnan fara fram á það við meiri hl. samgmn., að hann tæki þessar till. aftur til 3. umr. Ef meiri hl. n. vill ekki fallast á það, mun ég að vísu ekki hindra, að till. fái samþykki við þessa umr., en lýsi jafnframt yfir því, hvað mitt atkv. snertir, að fylgi mitt við málið áfram geti verið bundið því skilyrði, hvort þessir samningar takast eða ekki og hvernig þeir takast. En ég held, að hitt væri miklu réttara, að athuga þetta betur til 3. umr — En úr því að ég stóð upp á annað borð, þá vil ég nota tækifærið, út af síðari málsgr. 1. gr. frv., þar sem svo er ákveðið, að ráðh. geti undanþegið frá sérleyfisskyldu vissa bíla, sem flytja að staðaldri framleiðsluvörur bænda, en rúma auk þess allt að 8 farþega. Nú vildi ég spyrja hæstv. atvmrh. að því, hvort það væri ekki ætlun hans yfirleitt að undanþiggja þessa bíla og hvort nokkur fyrirstaða myndi á því t. d., að þeir bílar, sem flytja daglega mjólk til mjólkursamlaganna og rúma þessa tölu farþega, fái undanþágu.

Atvmrh. (Haraldur Guðmundsson): Ég get ekki svarað þessu alveg tæmandi. Það verður nokkuð eftir ástæðum á hverjum stað, en yfirleitt er gert ráð fyrir, að þessi heimild verði notuð. Ég skal, af því að ég er svo samningalipur, verða við þeim tilmælum fyrir mitt leyti, ef n. getur fallizt á það, að brtt. verði geymdar til 3. umr., og vona ég, að andstæðingar frv. meti það að verðleikum og tefji ekki fyrir frv. til 3. umr.

Frsm. meiri hl. (Sigurjón Á. Ólafsson): Ég skal að vísu beygja mig undir vilja ráðh. í þessu efni, ef hann hyggur, að það greiði eitthvað fyrir framgangi málsins að fresta að greiða atkv. um það nú. Ég sé satt að segja ekki, hvaða breytingar í þessum till. það eru, sem geta leitt til samkomulags um þetta mál. Það er búið að þæfa svo mikið um það.

ATKVGR.
Brtt. 899 teknar aftur til 3. umr.
1. gr. samþ. með 9:1 atkv.
2.—4. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 9 shlj. atkv.

Á 100. fundi í Ed., 20. des., var frv. tekið til 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð af stjórninni, en deildin synjaði þeirra með 4:9 atkv.

Á 101. fundi í Ed., 21. des., var frv. aftur tekið til 3. umr. (A. 511, 899, 918, 920).

Jón Auðunn Jónsson [óyfirl.]: Ég á hér brtt. við brtt. hv. meiri hl. samgmn., á þskj. nr. 920. Í brtt. er misprentun, eða líklega öllu heldur misritun, þar stendur: „Þó mega fólksflutningsbifreiðar, sem rúma 6 farþega eða fleiri" o. s. frv., en á að vera: „Þó mega fólksflutningsbifreiðar, sem rúma fleiri en 6 farþega". — Meiningin með þessari brtt. er sú, að þeir, sem eiga stórar fólksflutningabifreiðar, geti ekki fengið leyfi til að flytja fólk í föstum áætlunarferðum á sunnudögum á milli Þingvalla og Reykjavíkur, nema þeir hafi sérleyfi á þeirri leið aðra daga vikunnar. Hinsvegar á það, þrátt fyrir þessa brtt., að vera óbundið um bifreiðar, sem taka 6 menn eða færri, hvernig þær haga ferðum á þessari leið. Það er hart, að þeir, sem fengið hafa sérleyfi til 3 ára og tekið hafa á sig skyldur til að halda uppi ferðum á virkum dögum á þessari leið, jafnvel þó að þeir hafi þá oft haft enga farþega að flytja, að þeir séu nú látnir verða fyrir þeim búsifjum að mega ekki hafa sérleyfið áfram einnig á sunnudögum til þessara flutninga, þ. e. a. s. af stærri bílum. Hins vegar er fólksflutningaþörfin svo mikil á sunnudögum á þessari leið, að sjálfsagt er að veita smærri bifreiðum, sem rúma allt að 6 farþega, fullt leyfi til flutninga á þessari leið þá daga. — Þá er í öðru lagi á þessu þskj. brtt. við brtt. hv. meiri hl. samgmn. um það, að orðin „Alþýðusamband Íslands einn" *falli niður* úr 2. lið brtt. n. Það verður ekki séð, að minnsta ástæða sé til þess, að Alþýðusamband Íslands tilnefni mann í n., sem á að annast bifreiðaflutninga eða um veitingu sérleyfa um þá flutninga á hinum ýmsu leiðum. Það er vitanlega af pólitiskum ástæðum, að till. er gerð um að Alþýðusamband Íslands tilnefni þennan mann. Ég hygg, að það muni verða misþakkað, ef á að

þröngva þannig manni upp á sérleyfishafa í þá n., sem á að gera till. um þessi efni póstmálastjórnarinnar. En hinsvegar er ekki nema eðlilegt, að sérleyfishafar, til þess að gæta sinna hagsmuna og til þess að tryggja, að sem bezt samkomulag fáist á milli hinna ýmsu bifreiðastöðva um fólksflutningana, fái að tilnefna samkvæmt minni brtt. þrjá menn í n., í stað tveggja, sem hv. meiri hl. samgmn. leggur til, að þeir tilnefni í n., í brtt. á þskj. nr. 899. — Ég sé, að fram er komin brtt. frá hv. 1. þm. Eyf. um það, að bifreiðastjórafélagið „Hreyfill" skuli ekki tilnefna neinn mann í n. Ég legg til, að þetta ákvæði verði fellt úr frv. Því að jafnvel þótt þetta félag hafi engar áætlunarferðir, þá hygg ég, að með því að láta það hafa heimild til að tilnefna einn mann í n., muni takast betri samvinna á milli þeirra, sem hafa áætlunarferðir á ýmsum leiðum, og þeirra, sem hafa smærri bifreiðar.

Annars er það næsta undarlegt, að þessar brtt. skuli vera komnar fram, því að póstmálastjóri hafði samið frv., eins og það var í upphafi, og frv. var auk þess samþ. í hv. Nd. óbreytt. Þegar frv. kom til samgmn. þessarar d. tjáði hann mér, að hann hefði engar óskir fram að bera um breyt. á því. En svo er farið að koma með ýmsar brtt. við það af þeim, sem engin sérleyfi hafa og engra hagsmuna hafa að gæta um sérleyfisveitingar um áætlunarferðir. Póstmálastjóri kvaðst geta gengið inn á þá brtt., að sérleyfi yrðu ekki veitt til fastra áætlunarferða á heildarleiðunum: Reykjavík—Gullfoss, Reykjavík—Geysir og Reykjavík—Reykjanesviti. En hann sagði, að til þess þyrfti ekki neina lagabreytingu, því að þessi sérleyfi yrðu alls ekki veitt. Póstmálastjóri gat verið því sammála, að þessi þriggja manna n., sem sérleyfishafar nú hafa rétt til að kjósa sbr. 3. gr. gildandi l. nr. 62 28. jan. 1935, gerði sínar till. til póstmálastjóra samkvæmt heimild l. og að bætt yrði við kannske einum manni í n. En þegar ég talaði við póstmálastjóra, þá sagði hann, að hann vildi ekki fækka fulltrúum sérleyfishafa í þessari tillögun. Það væri mjög æskilegt, að sérleyfishafar hefðu 3 fulltrúa í þessari n., því að með því móti gæti einn verið tilnefndur af þeim, sem hafa áætlunarferðir um Austurland, einn af þeim, sem hafa áætlunarferðir um Norðurland og til Borgarness, og einn af þeim, sem hafa áætlunarferðir um Suðurland. Með þessu móti mundu verða meiri líkur til betri samkomulags og nánari samvinnu á milli sérleyfishafa, ef einn fulltrúi í þessari n. væri kosinn af sérleyfishöfum til áætlunarferða á Austurlandi. — Þess vegna legg ég til, að sérleyfishafar megi tilnefna 3 menn í þessa n., en Alþýðusamband Íslands engan.

Frsm. meiri hl. (Sigurjón Á. Ólafsson) [óyfirl.]: Við 2. umr. þessa máls var frestað að greiða atkv. um brtt. meiri hl. samgmn., og skildist mér, að það væri meðfram af þeirri ástæðu, að hugsanlegt væri, að einhverjar breyt. yrðu á þeim gerðar. En mér er ekki kunnugt um, að til standi að gera neinar slíkar till., enda tel ég slíks ekki þörf.

Fyrri brtt. hv. þm. N.-Ísf. miðar að því að ryra gildi okkar brtt. viðvíkjandi fólksflutningum til Þingvalla. Hv. þm. ætlast sem sé til, að stórar bifreiðar megi ekki hafa fastar áætlunarferðir heildarleiðina til Þingvalla, nema þær, sem hafa sérleyfi. Nú er það vitanlegt, að það er sérleyfi á þessari leið, að því, er snertir stórar bifreiðar. Og eftir till. hv. þm. N.-Ísf. væri algerlega útilokað, að aðrar stærri bifreiðar, hversu ríkt sem þörfin væri á, mættu flytja fólk á þessari leið. Á sunnudögum þarf mikinn bílakost, til þess að fullnægja eftirspurn eftir flutningi á fólki þessa leið. Er því hart að meina bifreiðarstjórum yfirleitt að koma þessu fólki á ákvörðunarstað, þegar svo ber undir. En meginástæðan til þess, að brtt. samgmn. kom fram, er, að í frv., sem fyrir liggur, er ætlazt til, að bifreiðar, sem geta flutt 6 farþega, eigi að komast undir skipulagið. Hér í bænum og sennilega í Hafnarfirði líka (og má einnig vel vera, að hið sama megi segja um Akureyri) er stór hópur bifreiða, einmitt af þessari stærð, sem hingað til hafa getað verið nokkurnveginn frjálsar ferða sinna á þessum leiðum og hafa getað skapað sér nokkra atvinnu með flutningum þar, þegar eftirspurn hefir verið eftir slíkum flutningum. Nú er ætlazt til, að þessum bifreiðum verði bannað að halda uppi áætlunarferðum. En þá er sá ljóður á, að sérleyfin eru komin í hendur ákveðinna manna og nokkur hluti þessara bifreiða útilokast þar með frá því að mega aka á þessum leiðum, nema undir alveg sérstökum kringumstæðum. Þeir menn, sem að slíkum bifreiðum standa, halda því fram, að þeir séu með ákvæðum frv. sviptir atvinnumöguleikum og fái ekkert í staðinn. Því að það er ekki hægt að skella þeim mönnum, sem utan við sérleyfin standa, inn í sérleyfi, því að þau hafa verið ákveðin til 3 ára. Til þess að láta til þessara bílstjóra koma friðindi á móti þeim atvinnumissi, sem þeir verða fyrir eftir ákvæðum frv., var fundin sú leið að gefa frjálsa fólksflutninga með bifreiðum, sem okkar till. ræðir um, og þar með, að þær mættu halda uppi ferðum til Þingvalla, þegar fólksstraumurinn þangað er mestur. Vitanlega er á móti þessu unnið af þeim mönnum, sem þarna hafa hagsmuna að gæta. Vitanlega vill sá sérleyfishafi, sem hefir Þingvallabrautina, halda sem fastast í þann rétt, sem hann þar hefir. Þessi leið er líklega albezta leiðin í þessu sambandi af öllum leiðum á landinu, a. m. k. á vissum tíma árs. Mér skilst hv. þm. N.-Ísf. vera hér talsmaður þess manns, sem hér á þessara hagsmuna að gæta. — Þá breiddi hv. þm. N.-Ísf. sig mjög út yfir 2. brtt. okkar, um að stækka tillögun., og taldi þá brtt. óþarfa og að nóg væri að hafa þrjá menn í þessari n. Í gildandi l. er gert ráð fyrir því og það hefir verið framkvæmt svo, að sérleyfishafar einir eigi að gera till. til póst- og símamálastjóra um flutninga samkvæmt þeim l. En það hefir komið í ljós, að smærri bifreiðaeigendur og allmargir bifreiðarstjórar álíta, að þetta fyrirkomulag komi þeim illa að ýmsu leyti. Og það er ekki hægt að ganga fram hjá rétti þeirra með nokkurri sanngirni, sem hér hafa hagsmuna að gæta, en eru þó ekki sérleyfishafar. Og vegna hagsmuna þeirra er þessi brtt. komin

fram. — Það virðist vera hv. þm. N.-Ísf. mestur þyrnir í augum, að Alþýðusamband Íslands eigi að hafa fulltrúa í tillögun. En ég vil á engan hátt hvika frá þeirri till. meiri hl. samgmn., að það tilnefni einn mann í n. með tilliti til hagsmuna hinna mörgu bifreiðastjóra og eigenda vörubifreiða og alls þess fjölda manna, sem skipulagið snertir beint og óbeint, sem er verkalýðurinn í landinu.

Bernharð Stefánsson: Ég á hér litla brtt. við frv., á þskj. 918, en efni hennar er svo einfalt, að ég held hún þurfi engra skýringa við. Hún er við brtt. á þskj. 899, og er þess efnis, að ef myndað verður landssamband bifreiðastjóra, þá skuli það hafa rétt til þess að nefna mann í þá n., sem gert er ráð fyrir í frv., í stað þess manns, sem þar er ætlazt til, að bifreiðarstjórafél.„Hreyfill" skipi í n. Mér finnst það miklu réttara, ef það á að skoða þennan nm. sem fulltrúa bifreiðastjórastéttarinnar, og ef það þykir á annað borð rétt, að blanda slíkum stéttarfélagsskap inn í þessa n., að allir bifreiðarstjórar í landinu hafi aðstöðu til þess að tilnefna manninn.

Magnús Jónsson [óyfirl.]: Það eru aðeins örfá orð um aðra brtt. á þskj. 899, er fer fram á, að 3. gr.l. verði breytt, og töluvert hefir verið rætt um hvort eðlilegra væri að skipa n. eins og þar er tiltekið eða hvort Alþýðusamband Íslands á að fá einhverja sérstöðu eða sérréttindi til þess, að því annars ólöstuðu, að skipa mann í n. Ég hefi ekki heyrt aðra ástæðu færða því til stuðnings en þá, að þessi nm. frá Alþýðusambandi Íslands eigi að vera fulltrúi alls landslýðsins, sem notar bílana. En það er vitanlega alveg óviðeigandi, að sá maður, sem þannig er skipaður, verði fulltrúi þeirra, sem bílana nota. Fulltrúi almennings á vitanlega að vera sá maðurinn, sem mestu ræður í n., og fer með yfirstjórn þessara mála, en það er póst- og símamálastjórinn. — Efni 3. gr. l. er á þá leið, að n. beri að gera tillögur til póst- og símamálastjóra um það, sem betur mætti fara um skipulag og rekstur fólksflutninga með bifreiðum. Þetta finnst mér alveg eðlilegt hlutverk. Það er enginn annar tilgangur með skipun þessarar n. en sá, að þar komi fram sú sérþekking á framkvæmd þessa máls, sem til er í landinu. N. á að vera nokkurskonar málgagn fyrir þá, sem hafa með höndum fólksflutningana á rútuferðunum. Þar eiga þeir að hafa vettvang til að bera fram tillögur sínar og óskir við póst- og símamálastjóra, um breytingar eftir því, sem reynslan bendir til. Og þar eiga þeir einnig að hafa tækifæri til að flytja sín hagsmunamál í þessu efni, án þess að hafa nokkur ráð eða úrskurðarvald í n. En það er aftur á móti að sjálfsögðu hlutverk póst- og símamálastjóra, að sikta úr tillögum þeirra það, sem bezt er og horfir til bóta. Áður áttu sérleyfishafar að skipa meiri hl. n. eða svo að segja alla mennina, en nú á að breyta þessu svo freklega, að þeir eiga aðeins að hafa minni hl. Mér finnst réttara, ef nauðsynlegt þykir að bæta tveimur mönnum í n., að annar sé skipaður af bílstjórafélögunum, en hinn samkv. tilnefningu atvmrh. Sumum kann ef til vill að þykja það undarlegt, að atvmrh., sem er yfirmaður þessara mála og getur komið fram sínum vilja og áhrifum í gegnum póst- og símamálastjóra, skuli eiga að skipa mann í n. aðeins til þess að gera tillögur til sjálfs sín. — Þeir einu aðiljar, sem hlut eiga að máli og ég get hugsað mér, að mundu tortryggja n. og gagnrýna gerðir hennar, eru sérleyfishafar sjálfir. Og þess vegna finnst mér eðlilegast, að sérleyfishafar skipi n. aðallega sjálfir og að þeir beri fram í n. tillögur sínar og óskir. Ég vil því mæla með því, að brtt. á þskj. 899. verði felld, og álít óþarft að gera nokkrar breyt. á skipun n. Ég hygg, að 3. gr. geti staðið óröskuð, þó að einhverjar aðrar breyt. verði máske gerðar á l.

ATKVGR.

Afbrigði um brtt. 945, sem of seint var útbýtt, leyfð og samþ. með 9 shlj. atkv.

Brtt. 920,1 samþ. með 9 shlj. atkv.

— 899,1 svo breytt, samþ. með 9 shlj. atkv.

— 945 samþ. með 9 shlj. atkv.

— 918 og 899,2 komu ekki til atkv.

— 899,3 samþ. með 9 shlj. atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 9:1 atkv. og endursent Nd.

Á 106. fundi í Nd., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 947).

Á sama fundi var frv. tekið til einnar umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 19 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 14:3 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 952).

Önnur mál.

I. Kæra um kjörgengi.

Á 13. fundi í Sþ., 10. okt., fyrsta fundinum eftir þinghlé, mælti

forseti (JBald): Mér hefir borizt frá miðstjórn Bændafl. kæra eða krafa út af kjörgengi þingmanns. Plagg þetta vil ég afhenda kjörbréfanefnd til athugunar og afgreiðslu ásamt kjörbréfi því, sem nefndin fær til athugunar. Mun ég gefa hálfrar stundar fundarhlé, svo nefndin geti komið saman nú þegar.

Síðar á sama fundi, að lokinni dagskrá, mælti

forseti (JBald): Kæra sú, sem afhent var kjörbrn., hafði ég hugsað mér, að tekin yrði fyrir á morgun miðdegis, og sé ég því ekki ástæðu til að láta fara fram umr. um hana nú.

Gísli Sveinsson: Herra forseti! Kjörbrn. tók við kæru frá miðstj. Bændafl. um hv. 2. landsk., Magnús Torfason. N. varð ekki sammála um afgreiðslu málsins. Minni hl. — ég og hv. 2. þm. Rang. — lögðum til og gerðum þá kröfu, að málið yrði þegar í stað tekið fyrir í n. og afgr. til þessa fundar. Till. kom fram frá meiri hl. um að fresta málinu, og með atkvgr. var hún samþ. Við erum tilbúnir, minni hl., að ræða málið nú þegar og taka ákvarðanir um það og höfum gert um það kröfu.

Bergur Jónsson: Af hálfu okkar, sem erum í meiri hl. í kjörbréfan., er ástæðan sú fyrir því að bíða með athugun og úrskurð á kæru þeirri, sem lögð hefir verið fram í þinginu, að málið er flestum hv. þm. með öllu ókunnugt, og því erfitt fyrir menn að taka afstöðu til þess. Vitanlega eru menn ekki skyldugir til að hafa lesið hin og þessi blöð um hvað eina og myndað sér skoðun á því. Yfirleitt er hér um sex ástæður að ræða fyrir kröfu Bændafl. og því full ástæða til þess, að n. athugaði þær betur en hægt var á þessum 5—6 mín., sem eftir voru af nefndartímanum, þegar hún fór að ræða málið. Hinsvegar lýsti ég yfir því, að ég myndi í dag, þegar minni hl. óskaði eftir því, halda nefndarfund og taka málið fyrir. Ég sé enga ástæðu til, og tel það óviðkunnanlegt, að ræða málið nú, fyrr en hv. þm. hafa haft tækifæri til að athuga það betur.

Gísli Sveinsson: Við teljum, minni hl. n., að þetta mál sé allt kunnugt, ekki aðeins þeim hluta landsfólksins, sem hér á sæti, heldur miklu fleirum, og situr sízt á þm. að fylgjast ekki með í slíku máli. Þetta er engin ástæða til þess að fresta málinu, og krafa okkar er, að það verði tekið fyrir nú þegar.

Forseti (JBald): Ég hafði ekki hugsað mér, að umr. yrðu um mál, sem ekki er á dagskrá, en úr því að hv. 2. landsk., hefir beðið um orðið til að tala um þingsköp, þá mun ég ekki meina honum það.

Magnús Torfason: Mér er sagt, að kæran sé gegn mér. Ég hefi ekki haft þá æru eða ánægju að sjá hana. Ég hélt, að það væri þó hið minnsta, sem hægt væri að búast við, að hinn kærði fengi að sjá kæruna áður en farið er að ræða hana, og vænti ég þess, að hæstv. forseti fresti málinu. (**ÓTh:** Bara að leita í samvizkunni; þar stendur kæran. En hún er náttúrlega ekki til, — ég veit það).

Forseti (JBald): Ég mun boða fund með dagskrá í Sþ. jafnskjótt og kunnugt er, að n. sé tilbúin að láta uppi álit sitt, sem ég vænti, að verði mjög bráðlega.

Á 14. fundi í Sþ., 12. okt., var tekin til meðferðar

kæra um kjörgengi 2. landsk. þm.

Frsm. meiri hl. (Bergur Jónsson): Eins og kunnugt er, hefir Alþingi borizt kæra frá miðstjórn Bændafl., þar sem þess er krafizt, að hv. 2. landsk. þm. verði sviptur þingmennskuumboði sínu, en Stefán Stefánsson, sem er 1. varauppbótarþm. flokksins, hljóti þingsætið.

Kjörbréfanefnd tók málið til athugunar í fyrradag, en varð ekki öll á eitt sátt um það. Meiri hl. n., hv. 6. landsk., hv. 2. þm. Eyf. og ég, við teljum, að ekki sé hægt að finna neinn lagalegan grundvöll undir þessari kröfu, sem í kærunni felst, og leggjum við því til, að hún verði ekki tekin til greina. Hinsvegar býst ég við, að minni hl. n. vilji taka kröfuna til greina, að einhverju leyti eða öllu.

Mál þetta virðist mér liggja mjög ljóst fyrir. Samkv. 45. gr. stjórnarskrárinnar er því aðeins hægt að svipta þingmann þeim réttindum, sem þingkosningin hefir veitt honum, að hann hafi

misst eitthvað af kjörgengisskilyrðum. Í 28. gr. stjskr. eru talin upp öll þau skilyrði, sem menn verði að fullnægja til þess að hafa kosningarrétt, og samkv. 29. gr. stjskr. er hver sá ríkisborgari kjörgengur, sem kosningarrétt á. Þessi upptalning í 28. gr. stjskr. á kosningarréttarskilyrðum og skilyrðum fyrir kjörgengi er áreiðanlega algerlega tæmandi. Og þessi ákvæði hljóta að gilda jafnt fyrir alla þingmenn, eins um landskjörna sem kjördæmakjörna. Væri ekki svo, heldur að einn flokkur þingmanna væri háður öðrum reglum en annar í þessu efni, þá hlyti það að vera tekið sérstaklega fram í stjórnarskránni.

Nú er ekki í kærunni bent á, að hv. 2. landsk. þm. hafi misst neitt af þeim kjörgengisskilyrðum, sem í 28. gr. stjskr. getur, og þar sem hv. 2. landsk. þm. hefir ekkert af þeim misst, er ekki hægt að svipta hann umboði sínu samkv. 45. gr. stjskr. Þess vegna berum við í meiri hl. kjörbréfanefndar fram svofellda rökst. dagskrá:

„Með því að stjórnarskráin heimilar eigi Alþingi að taka umboð af þingmanni, sem gilt kjörbréf hefir fengið, nema hann hafi glatað kjörgengi sínu, og þar sem fram komin kæra Bændaflokksins út af kjörgengi 2. landskjörins þingm. snertir á engan hátt kjörgengisskilyrði stjórnarskrárinnar, sem að fullu eru greind í 28. gr. hennar, ályktar sameinað Alþingi að taka kæruna eigi til greina og tekur fyrir næsta mál á dagskrá.“

Vil ég leyfa mér að afhenda hæstv. forseta þessa rökst. dagskrá.

Þetta er aðalatriði málsins, að það er alls ekki hægt, hvorki á stjórnskipulegan né lagalegan hátt, að svipta þennan hv. þm. nauðugan þeim réttindum, sem þingkosningin hefir veitt honum, úr því að hann hefir ekki misst nein kjörgengisskilyrði samkv. 28. gr. stjskr.

Í kæru miðstjórnar Bændafl. er rætt um nýtt kjörgengisskilyrði, sem 28. gr. stjskr. getur ekki um. Þetta skilyrði skilst mér vera það, að frambjóðandi eða þingmaður þurfi að vera viðurkenndur flokksmaður einhvers stjórnmálaflokks. Og það, sem einkennilegast er við þetta, er það, að eftir kæru Bændafl. á þetta skilyrði aðeins að gilda fyrir landskjörna þingmenn. Eftir því ætti að skipta þingmönnum í tvo flokka eða hópa, mismunandi réttháa og vera mismunandi auðvelt að svipta þingmenn kjörgengi. Allir hljóta að sjá, hvílíka firru hér er um að ræða. Ef slíkt er ekki tekið fram í stjskr. — sem vissulega er ekki heldur gert —, þá er ómögulegt að mismuna svo þingmönnum um réttindi þeirra.

Í 43. gr. stjskr. er tekið fram, að þingmenn séu einungis bundnir við sannfæringu sína. Ef taka ætti afleiðingum af þeirri kenningu, sem í kærunni felst, þá þyrftum við að breyta þessari gr. stjskr. þannig, að hún yrði eitthvað á þá leið, að kjördæmakjörnir þingmenn séu eingöngu bundnir við sannfæringu sína, en landskjörnir við flokkssannfæringu. Hér yrði þá að búa til nýja stjórnarskrárgrein um það, að landskjörnir þingmenn skuli bundnir flokksböndum við þingstörf sín, en að við kjördæmakjörnu þingmennirnir, megum dansa eftir okkar eigin sannfæringu og fara flokk úr flokki eftir vild. Þetta yrði rökrétt afleiðing af kenningu miðstj. Bændafl. og þeirra, er halda hinu sama fram.

Að mínu áliti er sú ein ástæða fyrir því hugsanleg, að svipta þm. umboði sínu, fyrir að hafa breytt um flokksafstöðu, að það orsaki röskun á réttum hlutföllum á milli kjósendafjölda og þingmannatöluflokka, eða svo að ég hafi orðalag stjskr., að hver þingflokkur hafi ekki þingsæti í eins fullu „samræmi við atkvæðatölu sína við almennar kosningar“ eins og hefði verið án áðurnefndrar breytingar á flokksafstöðu þingm. En til þess að hægt væri að svipta þm. kjörgengi vegna þessarar nefndu ástæðu, yrði ákvæði að vera til um það í stjskr., sem þá auðvitað gilti um alla þingmenn.

Ég ætla að benda á örfá dæmi af mörgum, sem hægt væri að nefna um afleiðingar, sem gætu komið fram af þeim kenningum, sem komið hafa fram í kæru þessari frá miðstj. Bændafl. og frá þeim mönnum, sem haldið hafa fram því sama.

Hér á Alþingi eru tveir þm., hv. 1. þm. Skagf. og hv. 7. landsk., sem báðir buðu sig fram við alþingiskosningarnar 1934 í Skagafjarðarsýslu. Báðir gáfu þeir upplýsingar um það, að þeir byðu sig fram fyrir Sjálfstfl. Sennilega hafa þeir haft sömu meðmælendur, og að sjálfsögðu að mestu leyti sömu kjósendur á bak við sig. Annar hlýtur kosningu sem kjördæmakjörinn þm., en hinn fellur sem slíkur, en verður svo 7. landsk. þm. Hinn síðarnefndi er því ekki skoðaður sem þm. Skagf. Eftir kenningum kærunnar ætti afstaða þessara tveggja hv. þm. að vera gagnólík. Ef hv. 7. landsk. þm. gengi í annan flokk en þann, sem hann bauð sig fram fyrir, mætti eftir þessari kenningu svipta hann þingmennskuumboði. Hinsvegar, eftir þessari sömu kenningu, mætti hv. 1. þm. Skagf. láta eins og hann vildi í þessu sambandi að ósekju. Hann mætti fara svo á milli flokka sem hann vildi, án þess að það haggaði þingmennskuumboði hans. Allir sjá, hvílík firra það væri að mismuna þm. svo um réttindi.

Eða svo við tökum annað dæmi og gerum ráð fyrir, að einhver þingflokkur, t. d. Sjálfstfl., klofni í tvennt, og báðir flokkshlutar teldu sig hafa hina réttu flokksstefnu. Þá ætti Alþingi að geta rekið þá þm. úr minni hlutanum, sem eru landskjörnir, en ekki hina.

Það mætti telja ótal dæmi þessu lík, sem öll sýna það og sanna, að það er hvorki lögfræðilegt vit, skynsemi eða réttlæti í þeirri kenningu, að Alþingi geti rekið landskjörinn þm. af þeirri ástæðu einni, að hann breytti um flokksafstöðu á kjörtímabilinu.

Frsm. minni hl. (Gísli Sveinsson): Herra forseti! Kjörbréfan. klofnaði um þetta mál, þessa kæru Bændafl. Till. minni hl. n. (hv. 2. þm. Rang. og mín) er sú, að Alþ. úrskurði, að hv. 2. landsk. þm. víki af þingi, en Stefán Stefánsson í Fagraskógi, fyrsti varaþm. Bændafl., komi í hans stað. Þessi till. er flutt í Sþ., og liggur hér fyrir til umr.

Magnús Torfason, sem kallast hv. 2. landsk. þm. og er enn ekki úrskurðaður frá þeim titli, komst á þing á því, að hann yfirgaf Framsfl.

Það er kunnugt, að það skarst í odda með honum og höfuðmanni Framsfl. Þessi hv. 2. landsk. bauð sig fram til þingmennsku fyrir Bændafl., vegna þess að hann, þrátt fyrir aldur sinn, gat ekki sætt sig við að komast ekki á þing. Hann náði ekki að verða kjördæmakjörinn þm., en vegna atkvæðafjölda í því héraði, sem hann bauð sig fram fyrir, komst hann að sem uppbótarþm. Bændafl. Síðan hefir hann setið á Alþ. 1—2 ár — þetta hljómar eins og grafskrift —, en niðurstaðan um þingmennsku hans varð sú, að hann yfirgaf sinn flokk þegar í stað, er á þing kom. Og nú á þessu ári hefir hann tilkynnt formlega og opinberlega, að hann sé við sinn flokk skilinn. Það liggur því ákaflega ljóst fyrir, að þessi hv. þm. er úr Bændafl. kominn af sjálfs sín dáðum. Spurningin er nú sú, hvernig fara eigi með þennan hv. þm., sem er landsk. þm.

Eins og hv. þm. og að sjálfsögðu einnig alþjóð er kunnugt, var það mjög umþráttað efni á sínum tíma, hvernig haga skyldi kosningalöggjöf þeirri, sem nú er í gildi. Það var lengi vel vafasamt, hvort hún næði fram að ganga á þann hátt, sem raun varð þó á að lokum. Þessi löggjöf ber þess ótvíræð merki, sem deilt var um, og eins um hitt, hvernig það varð að lokum að miðlun, að löggjöfin yrði eins og hún varð. Þessi löggjöf er miðlunarlöggjöf. Það var, eins og lýðum er ljóst, krafa þeirra, sem mest og bezt börðust fyrir réttlátri kosningalöggjöf, að þjóðin ætti fulltrúa á hv. þingi í samræmi við þá atkvæðatölu, sem kæmi ekki aðeins á hvern mann, heldur einnig á hvern stjórnmálaflokk. Áður fyrr, meðan kjördæmin voru sama sem einráð í þessu efni, að Reykjavík upp á síðkastið undantekinni, gat það komið fyrir, að sá stjórnmálaflokkurinn, sem mest hafði atkvæðamagnið í landinu alls, yrði minnsti þingflokkurinn. Sá flokkur, sem raunverulega hafði meiri hluta þjóðarinnar að baki sér að atkvæðamagni, gat orðið undir í svo mörgum kjördæmum, að hann ætti sér ekki uppreistarvon. Tilgangurinn með breytingum kosningalaganna var að ráða bót á þessu misrétti, og það miklu rækilegri bót en raun varð á, og var sá tilgangur sérstaklega opinberlega yfirlýstur fyrr og síðar af öðrum þeim flokki, sem nú fer með völd í landinu, sem sé Alþfl. Þessar kröfur flokksins voru svo háværar, að fulltrúar hans hér á hv. Alþingi hljóta að muna eftir þeim, enda þótt þeir séu reyndar mjög lagnir á að gleyma því, sem þeir ekki vilja muna. Krafa flokksins var, að þingmenn væru kosnir eftir flokkum og jafnvel allsherjarhlutfallskosningar yrðu ráðandi um land allt. Það var mjög áberandi við undirbúning kosningalaganna, hvað þessi flokkur hélt fast við það, að það væri tilgangur sinn að fá réttlæti, þótt það yrði af mjög skornum skammti, og þá kem ég að þessari tviskiptingu, sem lögin eru mótuð af. Niðurstaðan varð nefnilega þannig, að þetta nýja — réttlætið — skyldi ekki ráða, heldur það gamla. En nú er svo komið, að samkv. 26. gr. stjskr. skulu eiga sæti á þingi 49 þjóðkjörnir þingmenn, sem skulu í fyrsta lagi kosnir í einmenningsog tvímenningskjördæmum, í öðru lagi skulu 6 þeirra vera kosnir í Reykjavík, hlutfallsbundnum kosningum, og loks í þriðja lagi allt að 11 uppbótarþingmenn til jöfnunar milli þingflokka o. s. frv. Kjördæmin halda sér, svo sem kunnugt er, með ummerkjum, eins og þau voru, og mest veltur á úrslitum við kjördæmakosningar eftir sem áður. Fullkomið réttlæti er því ekki tryggt með lögunum. Þetta kom greinilega í ljós við síðustu kosningar, þar sem Framsfl. átti ekki eftir réttu hlutfalli alla þá þingmenn, sem hann fékk kosna, en gat samt náð meiri hl. með Alþfl. til þess að stjórna landinu. En sá meiri hl. er að vísu ekki tryggari en það, að þessir flokkar virðast staðráðnir í því að ná sér í þá uppbót, sem þeir með réttu ekki eiga. Til hvers? Til þess eins að geta haldið völdum og haldið áfram þeim verkum, sem andstæðingar þeirra telja óþurftarverk frá byrjun. Samkv. c-lið 26. gr. geta komið til 11 uppbótarþingmenn til jöfnunar milli þingflokka. Það átti að vera réttlætið. Við þetta höfuðatriði eru svo miðuð öll ákvæði kosningalaganna, sem um þetta fjalla. Nú verð ég að vitna til og lesa upp ýms ákvæði úr þessari löggjöf, allt með leyfi hæstv. forseta. Ég hafði þann vafasama heiður að vera í nefnd þeirri á hv. þingi 1933, sem fjallaði um undirbúning þessa máls. Var erfitt verk að undirbúa þessa löggjöf, og tíminn, sem ætlaður var til undirbúningsins í þinginu, of stuttur til þess að unnt væri að koma lögunum að öllu leyti í fullkomið og æskilegt horf. En þó löggjöfinni sé ábótavant, standa samt þessi tvö merki eins og klettar úr hafinu, sem sé gamla kjördæmaskipunin og svo þessi jöfnuður, sem átti að verða réttlætið. Það er þess vegna hinn mesti misskilningur og lögvilla, ef menn prédika hér, að sama gildi um kjördæmakosna þingmenn og landskjörna, eins og hv. þm. Barð., frsm. meiri hl. kjörbrn., virtist gera. Getur verið, að sá hv. þm. hafi haft öðrum hnöppum að hneppa upp á síðkastið en að rifja upp lögfræði sína. Samt var hann í nefnd þeirri, sem ég gat um áðan. Nú er svo komið, að kosningalöggjöfin hefir reynt að setja ákvæði um þetta grundvallaratriði eftir því sem kleift var. Það má í þessu sambandi benda á 27. gr. þessara laga, 3. málsgr., þar sem talað er um, hvernig þingmenn skuli yfirleitt haga sér sem frambjóðendur, því að framboði einstaks frambjóðanda, svo og framboðslista í Reykjavík, skal fylgja skrifleg yfirlýsing frambjóðandans og meðmælenda hans, eða þegar um lista er að ræða, þeirra, sem lýsa því yfir, að þeir styðja kosningu listans, *fyrir hvern stjórnmálaflokk* frambjóðandinn eða listinn sé boðinn fram. Vanti yfirlýsinguna, telst frambjóðandinn eða listinn utan flokka. Þetta hafðist í gegn fyrir harðfylgi Alþfl. og Framsfl. þá. Það var fyrir harðfylgi þessara flokka, að það náði fram að ganga, að menn skyldu sýna mark á sér áður en þeir gengju til kosninga. Allir þingmenn eru þannig fyrirfram markaðir, en þó þannig, má segja, að kjördæmakosnir þingmenn voru aldrei annað en litmarkaðir, en uppbótarþingmenn verða að teljast eyrnamarkaðir; annars verða þeir seldir sem óskilafé. M. ö. o., þeir eru dregnir út úr réttinni og afhentir einhverjum öðrum. Þessa skýringu nota ég aðeins til þess að gera mönnum skiljanlegt, að hér skiptust leiðir strax. — Í 28. gr. kosningalaganna

stendur, að landslista skuli fylgja til landskjörstjórnar skrifleg skýrsla um það, *hver stjórnmálaflokkur* ber hann fram, undirrituð af flokksstjórninni. Þetta er eðlilegt, því að samkv. lögunum er ekki um landskjör til uppbótar að ræða, nema það sé ljóst, til hvaða stjórnmálaflokks uppbótarþingmennirnir heyra. Þetta er enn betur ítrekað í 124. gr. kosningalaganna, sem er í samræmi við 26. gr. stjskr. Þar stendur:

„Þegar landskjörstjórn hafa borizt skýrslur allar um kosningaúrslit í kjördæmum eftir almennar alþingskosningar, skal hún koma saman til að *úthluta allt að 11 uppbótarþingsætum milli flokkanna, þannig*, að hver þeirra fái þingsæti í sem fyllstu samræmi við atkvæðatölu sína við kosningarnar ...“. — Öðruvísi verður ekki farið með þá menn. Í 125. gr. laganna stendur:

„Landskjörstjórn tekur til meðferðar og úrskurðar, að öllum skilríkjum athuguðum, *hverjum stjórnmálaflokkum skuli telja frambjóðendur þá* og framboðslista, er í kjöri hafa verið við kosningarnar, og hverja utan flokka, ...“ o. s. frv. Í 126. gr. segir, að landskjörstjórn telji saman atkvæðatölur *hvers þingflokks* og fjölda þingmanna þeirra hvers um sig, kosinna í kjördæmum. Það er gert, til þess að *samanlögð atkvæði flokks* komi til greina, þegar fara á að úthluta þessum 11 þingsætum til jöfnunar þeim mismun, sem fram kann að koma í kjördæmum eftir réttu hlutfalli atkvæðamagns. Í 127. gr. stendur: „Til þess að finna, hvernig *uppbótarþingsætum ber að skipta á milli þingflokka*, ...“ o. s. frv.

Í 128. gr. stendur: „Til þess að finna, hverjir *frambjóðendur þingflokks* hafa náð *uppbótarþingsætum skal*“ ... o. s. frv. — Í 129. gr. segir, að *þingflokkur*, sem *hlotið hefir uppbótarþingsæti*, hafi rétt til *jafnmargra varaþingmanna* og hann hefir hlotið uppbótarþingsæti. Varaþingmenn eru aðeins ætlaðir uppbótarþingmönnum og þm. Rvíkur, en ekki fyrir kjördæmakosna þingmenn. Og þessir varaþingmenn eru til þess, að þeir geti — eins og nú er krafa Bændafl.. — tekið sæti á þingi, þegar aðalþingmaðurinn forfallast eða hefir fyrirgert þingmennsku. Allt ber að sama brunni. Í 133. gr. segir svo: „Nú hefir Alþingi úrskurðað ógilda kosningu þingmanns, sem kjörbréf hefir fengið í kjördæmi eftir almennar alþingiskosningar, og uppkosning hefir farið fram, og skal þá landkjörstjórn, ef samanlagðar atkvæðatölur þingflokka og þingmannatala þeirra gefa nú ástæðu til sliks, *leiðrétta fyrri niðurstöður* um úthlutun uppbótarþingsæta, *jafnvel þótt landskjörinn þingmaður missi* við það umboð sitt. Þannig *getur komið fyrir*, að þingmaður, sem uppfyllir stranglega öll ákvæði um kjörgengisskilyrði, sem talin eru upp í 28. gr. stjskr., verði að víkja af þingi. Þetta sýnir, að til sliks getur komið, og það er t. d. mjög einkennilegt, að það skyldi koma fyrir nú á næstfyrsta þinginu, sem háð er samkv. þessari löggjöf, og sýnir þetta, að hér er um merkilegt atriði að ræða, sem getur komið til greina, þótt kosningalaganefndin hefði ekki beint gert ráð fyrir því; þingmaður uppbótarþingsætis getur skilið við sinn flokk, losnað frá sinni upphaflegu tengitaug. Það getur komið fyrir samkv. þessu, að þingmaðurinn verði að fara, hvað sem ákvæði 28. gr. stjskr. segja. Hann getur haldið hinum *almennu* kjörgengisskilyrðum en orðið að lúta í lægra haldi fyrir öðrum *sérstökum* skilyrðum. Nú tók hv. frsm. meiri hl. það fram, sem hann hefði getað látið liggja milli hluta og segja það ekki beint, enda þótt hann hafi hugsað það, af því að það var rangt. Hann sagði, að ákvæði 28. gr. væru alveg tæmandi. Ég hefi þegar sýnt fram á að þau eru það ekki. Ótvírætt sönnun þess, að 28. gr. er ekki allskostar tæmandi, er það, ef þingmaður verður dómari í hæstarétti. Það getur komið fyrir. Í síðari málsgr. 29. gr. stjskr. stendur: „Þeir dómendur, er ekki hafa umboðsstörf á hendi, eru þó ekki kjörgengir.“ Það eru hæstaréttardómendur.

Þetta er því lögvilla, sem hv. frsm. meiri hl. ber fram. Fyrir utan hin almennu kjörgengisskilyrði, sem gilda fyrir alla undir öllum kringumstæðum, eru svo, eins og ég gat um, til önnur sérstök skilyrði, sem geta, hvað sem öðru líður, valdið því, að þingm. láti af þingmennsku. Þetta hefir nú, tel ég víst, hv. fyrrv. 2. landsk. alltaf vitað. Samt sem áður er hann ekki farinn af þingi, en fer væntanlega af sjálfsdáðum, ef ekki öðruvísi, þegar þessari sennu er lokið.

Af þessu er það sýnilegt, að ákvæði 28. gr. stjskr. eru ekkert tæmandi úrslitaatriði, þar sem sérstakt skilyrði kemur til greina, sem sé það, að *uppbótarþingmaður verður að fylgja einhverjum* flokki til þess að geta komizt í uppbótarþingsæti og *getur ekki haldið áfram að vera* landskjörinn þingm. flokks, nema því aðeins, að hann haldi áfram að vera í þeim sama flokki. Ef þetta væri ekki þannig, þá væri allt starfið unnið fyrir gig. Þetta var tilgangurinn og það eina, sem eftir var af því „réttlæti“, sem barizt var fyrir. Það var meiningin, að tala þeirra þingmanna, sem flokkur hefir fengið inn á þennan hátt, með réttlætisjöfnuðinum, héldist kjörtímabilið á enda, svo framarlega sem flokkurinn yrði við lýði. Nú er það ekki greinilega ákveðið í stjskr. eða vel skýrgreint í kosningalögunum, hvernig flokkur eigi að vera, eða skipulag hans, til þess að fá þau fríðindi, sem honum eru ásköpuð í löggjöfinni, en það kemur óbeinlínis fram, að flokkur skuli uppfylla viss skilyrði til þess að geta orðið þinghæfur, er kalla mætti. Þeir flokkar, sem voru til, þegar kosningalögin komu til framkvæmda og höfðu fulltrúa á þingi, áttu að verða þingflokkar, en það voru Alþfl., Bændafl., Sjálfstfl. og Framsfl. Svo gat nýr flokkur unnið sig upp og orðið þingflokkur, eftir vissum reglum. En það varð nú ekki að þessu sinni. Þannig er landkjörsætunum ekki úthlutað af landkjörstjórn til vissra frambjóðenda persónulega, heldur *til flokkanna*, til þess að jafna þingsætatölu þeirra í hlutfalli við atkvæðatölur flokkanna, eftir því sem verða má. Þar við situr. Nú stendur þannig á, að hv. 2. landsk. er orðinn laus við sinn flokk, eins og vitað er og tekið hefir verið fram. Það hefir ekki orðið honum óviljandi, og það hefir ekki orðið fyrir sakir ofbeldis eða kúgunar frá þeim flokki, er hann taldist til. Og rök þau, sem hann

færir fram sér til varnar, eru ekki heldur þess kyns. Það er ekki þannig, að flokkurinn hafi rekið hann. Sýnist ekki heldur hafa legið nærri. Flokkurinn hefir ekki það mörg sæti í þingi, að það hafi verið líklegt. Það liggur ekki heldur sérlega nærri, að t. d. Sjálfstfl. beiti sína þingmenn slíkum tökum. Öðru máli er að gegna með stjórnarflokkana. Þar hefir verið beitt kúgun og ofbeldi, reglulegum hnefarétti gegn einstökum þingmönnum í þeim flokkum. Það er því næsta skrítið að heyra hv. þm. Barð. vitna í 43. gr. stjskr. um þá hættu, sem þingmenn geti verið staddir í gagnvart flokki sínum. Upphaf þessarar gr. hljóðar þannig: „Alþingismenn eru eingöngu bundnir við sannfæringu sína, og eigi við neinar reglur frá kjósendum sínum". — Það er alkunnugt, enda viðurkennt, að hér í hv. Alþ. hafa stjórnarflokkarnir virt þetta ákvæði að vettugi, bæði við kjördæmakosna fulltrúa sína og uppbótarþm. eða landskjörna. Þeirra framferði hefir því ekki verið í samræmi við lýðræðishugsun þá, sem liggur bak við ákvæði 43. gr. stjskr., heldur er það skylt þeim einræðisstefnum, sem nú geysa yfir löndin og stjórnarflokkarnir hafa þannig kappsamlega reynt að fylgja og framkvæma innan sinna vébanda. Það situr því ekki á hv. þm. Barð. að vitna í 43. gr., *manni úr þeim flokki, sem hefir reynt að fótumtroða sannfæringu flokksmannanna*, eða hefir látið fótumtroða sig af samstarfsflokki sínum, og ég veit vart, hvorum hópnum þessi hv. þm. tilheyrir. Hjá hvorugum á sannfæringin upp á háborðið. Þessum mönnum tjáir því lítið að vitna í það frelsi. — Þótt aðeins sé tekið tillit til þess, að hv. 2. landsk. hefir sagt skilið við sinn flokk, og þótt hann ekki hafi verið rekinn þaðan, þá er það nægilegt til að sanna, að hann hefir fyrirgert rétti sínum til þingsetu. Honum er þess vegna einnig vissulega leyfilegt að vitna í 43. gr. stjskr., en það stoðar hann aðeins ekki neitt, og ég veit, að hann er svo viti borinn, að hann skilur þetta, og að hann veit, að hann á að hverfa héðan á heiðarlegan hátt. Því að það er enginn hér innan þings, sem dirfist í alvöru að neita því, að það er siðferðileg skylda hans að fara og víkja sæti fyrir varamanni sínum, sem nú er ranglega haldið frá þingsetu. Hér er ekki verið að framkvæma neina kúgun. Hann hefir verið frjáls, þessi hv. þm. Þetta hefir allt verið ákjósanlega frjálslegt, hv. 2. landsk. hefir farið eftir sinni sannfæringu, en hann verður bara að taka afleiðingunum. Þetta hefði e. t. v. ekki verið eins frjálslegt, ef hann hefði verið rekinn, en það atriði liggur ekki fyrir. Aðalatriðið í þessu máli er, að *skilyrðið til þess að geta verið uppbótarþingmaður fyrir flokk gildir ekki aðeins meðan þm.* er að ná því sæti, heldur meðan hann á að sitja í því. Hann verður á meðan að tilheyra þeim flokki, sem hann er uppbótarmaður fyrir, ekki aðeins í byrjun, heldur alltaf. Ef hann gengur úr flokknum, gerist „utan flokka" eða „gengur í" annan flokk, hefir hann misst skilyrði til þess að vera uppbótarmaður þess flokks, sem hann er vikinn úr. M. ö. o., hv. 2. landsk., Magnús Torfason, hefir misst skilyrði til þess að vera landsk. þm. Bændafl., hann hefir misst þingsætið. Fyrir það leggur minni hl. n. til, að Alþingi úrskurði, að Magnús Torfason eigi að víkja sæti á Alþingi, en í stað hans komi Stefán Stefánsson 1. varamaður Bændaflokksins.

Forseti (JBald): Till. hv. minni hl. kjörbréfanefndar hefir nú verið lesin yfir hv. þm. af frsm., og liggur hún þá einnig fyrir til umr. Mun hún síðar verða lesin úr forsetastóli.

Þorsteinn Briem: Meiri og minni hlutar hv. kjörbréfanefndar hafa nú gert grein fyrir till. sínum. Ég ætla ekki nú þegar að ræða um álit minni hl., þar sem það hefir ekki enn verið lesið frá forsetastóli, en ég skal víkja aðeins nokkrum orðum að máli hv. frsm. **meiri hl.** Hann viðurkenndi það sjálfur í ræðu sinni, að það væri sanngjörn ástæða fyrir brottvikningu landkjörins þm., ef hann með því að ganga úr flokki raskaði því hlutfalli milli þingflokkanna sem verið hefði við síðustu kosningar. En hann sagði, að sá galli væri á till. minni hl. um að láta hv. fyrrv. 2. landsk. víkja af Alþingi og varamann koma í hans stað, að þá næði slík ráðstöfun ekki til nema hluta af þm., eða þeirra landsk. Þetta er rétt. En vitanlega er það engin ástæða gegn sanngjarnri till., þó hún nái ekki að uppræta allt ranglæti að dómi hv. frsm. Hv. þm. tók dæmi um tvo hv. þm., 7. landsk. og 1. þm. Skagf., þar sem annar er kjördæmiskjörinn en hinn landsk., og vildi gera mjög mikla grýlu úr því misræmi, sem yrði milli þessara manna, ef þeir skiptu um flokka, þar sem annar héldi sínu þingsæti þrátt fyrir það, en hinn missti sætið. En hér er ekkert misræmi á ferðinni. Milli þessara tveggja þm. er sá reginmunur, að kjördæmið er umbjóðandi annars þm., þess kjördæmiskosna, en það var flokkurinn, sem veitti hinum landskjörna þm. umboð, með því að hann gat ekki orðið þm. nema hann fengi atkvæðamagnið frá flokknum. Flokkur hans hefir fengið jöfnunarþingsætið, til þess að þingmannatala hans yrði sem næst réttu hlutfalli við atkvæðamagn hans í öllu landinu.

Hv. frsm. meiri hl. vitnaði í 28. gr. stjskr. og taldi, að í þessari gr. væru tæmandi ákvæði um það, hvenær þm. missti kjörgengi, en það er langt frá að vera rétt, eins og hv. frsm. minni hl. hefir bent á. Samkv. stjskr. missir t. d. þm. kjörgengi, ef hann verður dómari í hæstarétti, og eru þau ákvæði þó ekki í 28. gr. stjskr. Eða hvað segir hv. meiri hl. um það t. d., ef þm. verður vitskertur? Litur hann svo á, að þingmaðurinn eigi samt að sitja áfram á þingi, af því að ekki er á þetta atriði minnzt í 28. gr. stjskr.? Þetta sýnir, hversu það er fráleitt hjá hv. meiri hl. að halda því fram, að öll kjörgengisskilyrði séu „tæmandi" upptalin í 28. gr. stjskr., eins og segir í dagskrártillögu hans.

Ég undrast það, að hv. frsm. meiri hl. n., sem er í Framsfl. skuli vitna í 43. gr. og segja, að þm. eigi eingöngu að vera bundnir sinni sannfæringu. Það undrar mig fyrst og fremst, að þm. úr þessum flokki skuli vitna í þá gr. Ég er það kunnugur í þessum flokki, að ég veit, að hvergi er þessi gr. stjskr. þverbrotin eins og þar. Man hann ekki eftir 24. gr. flokkslaganna í sínum

eigin flokki, þar sem aðeins einfaldur meiri hl. getur kúgað þingmenn flokksins til þess að greiða atkvæði *þvert á móti* sinni eigin sannfæringu og samvizku? Það vekur og undrun mína, að þessi hv. þm. skuli ekki geta hugsað sér það, að menn geti þurft neinu að fórna fyrir sína sannfæringu. Hv. frsm. meiri hl. talaði ekki langt mál, og ætla ég því ekki að eyða meiri tíma í að svara honum.

Það er öllum kunnugt að uppbótarþingsætin voru lögleidd til þess, eins og segir í 26. gr. stjskr. og í 124. gr. kosningalaganna, að ná sem fyllstu samræmi milli þingsætatölu og atkvæðatölu flokkanna. Þetta var sú meginbreyt., sem varð á stjskr. við síðustu endurskoðun, og þá stóð harðvítug barátta um það, hvort jafna ætti það misræmi, sem áður þótti á vera, eða ekki, og að hve miklu leyti. Það er kunnugt, að þá voru þeir samherjar í þessu efni Alþfl. og Sjálfstfl. og heimtuðu fyllsta samræmi. Og þá var allt sett á odd. Þessir flokkar töldu réttlætinu ekki fullnægt nema einhver af þremur leiðum væri farin: 1) að landið yrði allt eitt kjördæmi; 2) að því yrði skipt í fá stór kjördæmi, og 3) leiðin, sú sem farin var, að láta kjördæmin halda sér, en jafna hlutfallið milli flokkanna með uppbótarsætum.

Eins og þessi stjskr.ákvæði eru til komin, getur því enginn vafi á því leikið, að landskjörsætin eru ætluð til uppbótar eða jöfnunar á því ósamræmi, sem kann að koma fram milli atkvæðatölu og þingsætatölu flokka við kosningar. Þessi sæti má eingöngu nota til að jafna þetta ósamræmi, enda nefnd jöfnunarsæti. Landskjörið er því kosning um flokka, en ekki um einstaka menn. Það er því rétt, sem hæstv. forseti sagði hér á eftirminnilegri stund, að kosningarnar snerust nú aðallega um flokka, en ekki menn. Réttur flokkanna til uppbótarþingsætis er því ríkari en réttur einstaklingsins, sem hefir fengið að láni umboð fyrir flokkinn.

Hv. frsm. minni hl. n. vitnaði í margar gr. stjskr. og kosningalaganna, er sanna, að þetta á að vera svo, að ég vil til viðbótar benda á það, að 133. gr. kosningal. gerir ráð fyrir því, að ef endurkosning fer fram í kjördæmi, sem breytir atkvæðatölum þingflokka, þá skuli landskjörstjórn þar á eftir leiðrétta skiptingu uppbótarsæta milli flokkanna, jafnvel þó að landsk. þm. missi við það eitt þingsæti. Þetta sýnir svo ljóst sem verða má, að jöfnunarsætin eru eign flokkanna, en ekki einstaklinga. Það er gert ráð fyrir því, að landsk. þm. víki af þingi, ef hlutfall atkvæðatölu flokkanna breytist. Stjskr. vísar til nákvæmrar skilgreiningar í kosningal. um úthlutun uppbótarsæta, og þar stendur svo hvað eftir annað, að úthluta eigi milli flokkanna, að skipta eigi milli þeirra þessum sætum. Og enginn getur orðið uppbótarþm. nema hann sé í þingflokki, og til þess að geta orðið það, þarf ekki aðeins yfirlýsingu þm. sjálfs og meðmælenda hans um, að hann sé í ákveðnum flokki, heldur einnig yfirlýsingu viðkomandi flokksstjórnar. Í 28., 30. og 128. gr. kosningal. eru einnig ákvæði, sem að þessu lúta. Þar stendur, að enginn geti orðið landsk. nema hann sé á lista einhvers flokks, og skal fylgja til landskjörstjórnar yfirlýsing frá miðstjórn viðkomandi flokks um það, hvaða flokkur ber listann fram. Augljóst er, að þessi ákvæði eiga að tryggja það, að engir aðrir en þeir, sem eru í ákveðnum flokki, geti orðið landsk. þm. Það er hægt að hugsa sér, að einhver frambjóðandi telji sig til ákveðins flokks, sbr. 27. gr., en að stjórn þess flokks vilji ekki mæla með honum, en hann vill samt sem áður ekki víkja, þá getur flokksstjórnin útilokað þennan mann af landslista, með því að bjóða fram annan mann af hálfu flokksins, og í 132. gr. segir, að ef fleiri en einn sé í kjöri fyrir vissan flokk í sama kjördæmi, þá skeri flokksstjórnin úr því, hvor frambjóðandi skuli teljast fyrir flokkinn. Þannig er það glöggt fram tekið bæði í stjskr. og kosningal., að yfirlýsingu flokksstjórnar þurfi til þess að frambjóðandi geti orðið landsk. þm. fyrir viðkomandi flokk, nema þegar svo stendur á sem segir í 128. gr., ef þingflokkur hefir ekki haft landslista í kjöri, en á þó rétt til uppbótarsæta, að þá skal landskjörstjórn gera þeim flokki uppbótarlista, er skipaður sé öllum frambjóðendum í kjördæmum. Í þessu eina tilfelli er þess ekki krafizt, að flokksstjórn viðurkenni frambjóðendur á uppbótarlista. Viðurkenningar er ekki beinlínis krafizt, en hinsvegar liggur það ljóst fyrir, að ef flokksstjórnin kærir sig um, þá muni hún leggja fram lista. Það þýðir því sama og óbein viðurkenning flokksstjórnar á frambjóðendum flokksins, ef hún lætur framboð þeirra hlutlaus. Hér ber því að sama brunni, hvort sem vitnað er í 28., 30. eða 128. gr., að enginn getur verið frambjóðandi á landslista og hlotið uppbótarsæti, nema hann ekki aðeins sjálfur hafi yfirlýst sig flokksmann einhvers flokks, heldur einnig, að hann sé beint, eða óbeint viðurkenndur af flokksstjórninni — ella er hann ekki kjörgengur fremur en hann væri dómari í hæstarétti. Þó er þetta ekki tekið fram í 28. gr. Þetta skilyrði, samþykki flokksstjórnar, er meira að segja svo mikið kjörgengisskilyrði, að án þess getur enginn komið til greina á lista eða við landskjör. Enginn utanflokkamaður getur orðið landskjörinn, eins og stjskr. ber með sér. Hv. þm. V.-Ísf. getur ekki orðið það, hann vantar til þess skilyrði, hann er ekki viðurkenndur í neinum flokki. Eins og segir í 45. gr. er það óhjákvæmilegt kjörgengisskilyrði, og sá, sem missir það skilyrði, hlýtur líka að missa umboðið.

Nú hefir Magnús Torfason — ég get ekki nefnt hann öðru nafni — sagt sig úr þeim flokki, sem kom honum á þing, og þar með hefir hann misst kjörgengisskilyrði sem jöfnunarþingmaður fyrir flokkinn, og á því fyrsti varamaður þess flokks að taka sætið samkv. 144. gr. kosningal., með því sá hefir misst umboðið, er áður hafði það. Allt annað en þetta er brot gegn tilgangi, orðum og anda stjskr. og gagnstætt þeirri stefnu, sem farið var eftir við síðustu endurskoðun stjskr., að jafna uppbótarþingsætum milli flokka í hlutfalli við atkvæðatölu þeirra. Miðað við atkvæðatölu sína hefir Bændafl. rétt til þess að hafa tvo landsk. þm. Hann á því rétt á því, að í þessu tilfelli verði Stefán Stefánsson uppbótarþingmaður flokksins. Annars væri þverbrot-

ið ákvæð i stjskr. Sá landsk. þm., sem hefir lýst sig í andstöðu við þann flokk, sem hann hefir atkvæðastuðning frá, getur ekki verið fulltrúi þess flokks. Uppbótarþingmaður getur ekki heldur verið utanflokka, því utanflokkamaður getur ekki verið jöfnunarþingmaður. Hann getur ekki heldur verið þm. annars flokks, því að allir flokkar hafa þegar fengið þá þingmannatölu fulla, sem lög og kosningaúrslit gefa þeim rétt til. — Utanflokkaþingmaður getur ekki verið jöfnunarþingmaður, annars væri jöfnunarþingsætið bersýnilega orðið til ójöfnunar. Magnús Torfason er hvorki kjördæmakjörinn þm. né jöfnunarþm., hann getur hér eftir aðeins verið ójöfnunarþm.; þess vegna á hann að víkja, en Stefán Stefánsson að taka sæti sem jöfnunarþm. Bændafl. Það eitt er í samræmi við lög og rétt og heilbrigða réttlætismeðvitund alþjóðar —, en hitt er aðeins ólög, ójöfnuður og ofbeldi.

Forseti (BÁ): Ég ætla að lesa hér upp till., sem mér hefir borizt í hendur frá minni hl. kjörbréfanefndar. Hún er svo hljóðandi:

„Að framkomin krafa miðstjórnar Bændaflokksins verði af Alþingi tekin til greina, þannig að úrskurðað verði, að Magnús Torfason, 2. landsk. þm., eigi að víkja af þingi, en í staðinn komi Stefán Stefánsson, fyrsti varaþingmaður Bændaflokksins, og verði kjörbréf hans samþykkt."

Þessi till. liggur einnig fyrir til umr.

Magnús Torfason: Ég vil hefja mál mitt með því að leiðrétta það hjá hv. frsm. meiri hl., sem mér virtist óbeinlínis koma fram í ræðu hans, að ég hefði sagt mig úr Bændafl. Það hefi ég aldrei gert. Samkv. því bréfi, sem hefir verið lesið upp, segi ég, að ég hafi slitið samvinnu við Bændafl. Þar fyrir hefi ég ekki sagt mig úr flokknum. En miðstjórn Bændafl. sendi mér falskvittun fyrir þessu bréfi, þar sem hún segir, að ég hafi sagt mig úr Bændafl., í staðinn fyrir það, sem eðlilegt hefði verið hjá samvizkusömum mönnum, að spyrja mig að því, hvort ég með þessu orðalagi hefði meint það, að ég ætlaði að segja mig úr Bændafl. Þá hefði ég strax sagt þeim, að svo væri ekki. Á fyrsta fundinum, sem ég fann þá bændaflokksmennina, lýsti ég yfir því, að ég hefði ekki sagt mig úr Bændafl. —, teldi mig bændaflokksmann, bezta bændaflokksmanninn á þingi, og *eina bændaflokksmanninn*. — Ég mun koma betur að þessu síðar og rökstyðja það nokkru nánar. En út af þessu, sem ég hefi sagt, er það ljóst, að menn eru hér að deila um keisarans skegg.

Ég ætla ekki að fara út í fræðilega hlið þessa máls; hv. frsm. meiri hl. hefir yfirleitt tekið það fram, sem hægt er að segja um þá hlið málsins frá réttu sjónarmiði. En það er þó eitt atriði, sem ég vildi aðeins drepa á, og það er sannfæringarskömmin —, það ákvæði, að þm. séu aðeins skyldir að fylgja sannfæringu sinni. Það er ákvæði, sem gengur í gegnum stjórnarskrár allra lýðræðislanda frá því þær fyrst urðu til. Það var í stjskr. 1874 eins og það er enn. Og þetta ákvæði er gert til þess að verja mannréttindi þm. gagnvart kjósendunum, alveg að sínu leyti eins og sagt er í stjskr., að Alþingi skuli vera friðheilagt. Það er gert til þess að friða þm. gagnvart umboðsvaldinu, en hitt gagnvart kjósendunum. Þess vegna er þetta ákvæði óhaggað enn þann dag í dag. Það hefði því ekki mátt minna vera, ef átt hefði að breyta þessu fornfræga ákvæði, heldur en að það sæist einhver stafur fyrir því í þeim breyt., sem gerðar voru á þingunum 1933 og 1934. En nú vill svo til, að langt er frá því, að þingið hafi ætlað að draga úr þessu ákvæði. Þvert á móti bera þingtíðindin frá 1933 það greinilega með sér, að það hefir átt að herða á þessu ákvæði, ef nokkuð var. Þessar raddir komu einmitt úr Bændafl. Fyrrv. þm., Halldór Stefánsson og Lárus Helgason, báru fram svo hljóðandi brtt. við þessa gr. stjskr., sem nú er 43. gr. — með leyfi hæstv. forseta: „Þm. eru eingöngu bundnir við sannfæringu sína, en hvorki við nokkrar reglur frá kjósendum sínum né við samþykktir stjórnmálaflokka eða flokksstjórna þeirra." (GSv: Hvernig stóð á, að þessi till. var borin fram?). Ég var ekki á því þingi, svo að mér er ekki kunnugt um það, en hv. framítakandi var á því þingi, svo að hann ætti að fara nær um það heldur en ég. Atkvgr. var um þessa till., og það var fellt að taka hana inn með 11:9 atkv. En sumir af þm. þurftu þó að gera grein fyrir sínu atkv. Þar á meðal formaður Sjálfstfl. Hann segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Ég álít leiðinlegt, að þetta ákvæði þurfi að standa í stjskr., en til þess að koma í veg fyrir flokkskúgun, þá vil ég leggja lið þeim mönnum, sem ekki vilja beygja sig undir slíkt, og segi já.". — Sveinbjörn Högnason, sem var á móti því að taka þetta ákvæði inn, segir svo:

„Það er vitanlega ekki hægt að binda neinn við það, sem er á móti sannfæringu hans. Þetta er þess vegna óþarft ákvæði í stjskr. Ég segi því nei." — Hann áleit það svo sjálfsagt, að menn fylgdu sannfæringu sinni, að óþarfi væri að ákveða um það í stjskr. — Ásgeir Ásgeirsson segir: „Þar sem stendur í stjskr., að þm. hafi rétt til að greiða atkv. eftir sinni sannfæringu, og auk þess ekki hægt að binda menn með flokkssamþykktum, því að þm. geta alltaf sagt sig úr flokki, þá tel ég þetta ákvæði óþarft og segi nei". — Þá segir núv. hv. þm. V.-Húnv.: Þetta er svo sjálfsagt, að ef það stæði ekki í stjskr., þá teldi ég ekki þurfa að setja það í hana og greiði þess vegna ekki atkvæði." M. ö. o., hann lýsir því yfir, að hann álíti sjálfsagt, að menn séu ekki bundir við samþ. stjórnmálaflokkanna eða stjórna þeirra. — Loks segir einn þm. eitthvað á sömu leið.

Þetta, sem ég hefi hér lesið upp, sýnir, að það hefir alls ekki átt að draga úr þessu ákvæði um að þm. aðeins fari eftir sannfæringu sinni. Ég býst við því, að ef það kæmi inn í stjskr., að menn mættu ekki fara eftir sannfæringu sinni, mundi enginn sæmilegur maður fást til að sitja á þingi upp á það. Því að um leið og þeir byðu sig fram yrðu þeira að „forláta" sannfæringuna.

Hv. þm. V.-Sk. og hv. 10. landsk. lásu ýmislegt upp úr kosningalögunum, en það er vitan-

legt, að þau lög geta ekki breytt því, sem í stjskr. stendur, á neinn hátt. Kosningalögin eru öll innan þeirra takmarka, sem stjskr. setur. Lengra geta þau ekki farið. Ég skal svo ekki fara meira út í þessa langloku þeirra og upplestur; ég býst við, að hv. frsm. meiri hl. geri það, enda trúi ég honum vel til þess að rífa það í sundur lið fyrir lið.

En það er eitt, sem ég vildi benda á, og það er, að grundvöllurinn undir þessari kenningu þeirra er rangur. En — „það varðar mestu allra orða, að undirstaðan rétt sé fundin.“ Það er sem sé þetta, sem þeim sést yfir, að ákvæðin um þetta allt saman, hvernig eigi að haga þessu, eiga aðeins við skipun þingsins í upphafi. — Það á við það, hvernig menn geti orðið þm., en alls ekki við það, hvað þurfi til þess að halda áfram að vera þm. Öll ákvæðin, sem að þessu lúta, eiga aðeins við það, hvernig þingið skuli skipa í upphafi. Öll ákvæðin eru vitanlega til leiðbeiningar fyrir landskjörsstj., þegar hún á að skera úr um það, hverjir eigi að fá sæti. Ef við lítum á þetta frá almennu sjónarmiði og á það, sem reynslan hefir kennt okkur að þessu sinni, þá ber allt að sama brunni, að það er endileysa að hugsa sér, að þessi ákvæði eigi við það, hvernig menn missa sæti. Og ein aðalástæðan til þess, að ekki er unnt að ákveða neitt um það, er sú — ef trúa má ritningunum —, að það er ekki nema einn, sem ekki finnst umbreyting hjá eða umbreytingarskuggi. Það koma alltaf ný og ný mál fyrir á hverju þingi og ný viðhorf, sem þm. verða að taka afstöðu til. Þó að menn við kosningar og í upphafi hafi verið sammála um einhverja stefnuskrá, þá getur komið svo mýmargt fyrir, sem breytir því, að menn geti fylgt henni. Enda eru dæmi þess frá hverju þingi, að flokkar riðlast. Stundum segir einstaka þm. sig úr flokki, og stundum skiptast flokkar nokkurnveginn jafnt. Höfum við það líka í okkar þingsögu. Og að því er reynslu í þessu efni og ákvæði snertir, get ég vitnað til föðurlands „Ylfinganna“. Þar er alveg eins ástatt eins og hér, að þar eru kjördæmakjörnir þm. og uppbótarþm., og engum hefir dottið það í hug að halda fram, að uppbótarþm. væru ekki jafnréttháir hinum — að þeir megi ekki hafa jafnmikla og góða sannfæringu eins og hinir. Nú á síðustu tímum hefir það komið fyrir, að Bændafl. í Danmörku hefir riðlazt, en þeim hefir ekki dottið í hug, að menn misstu þingsæti fyrir það. Við höfum því nokkurt fordæmi fyrir okkur.

Ég sagði áðan, að það væri enginn svo fullkominn, að honum fylgdi ekki einhver umbreyting eða umbreytingarskuggi. En að því er kemur til þessa máls, held ég, að mér sé óhætt að segja það, að meiri hl. Bændafl. hafi sýnt það, að hann er breyskur rétt eins og hver annar í þeim efnum. Og þá get ég vitnað til þess, að mér var nokkuð seint á þingi í fyrra skýrt frá því, að það hefði verið samþ. á landsfundi bænda að vera á móti stjórnarflokkunum. Ég var ekki við á þeim fundi, sem þetta var samþ., og þegar form. Bændafl. skýrði mér frá þessu, lét ég þess getið þá þegar, að hér kæmi fram atriði, sem mundi geta breytt minni afstöðu til flokksins. Ég fór ekki lengra að því sinni, en ég hugsaði mitt ráð og ákvað, að a. m. k. fyrst um sinn mundi ég ekki eiga neitt samneyti við flokkinn, og það blátt áfram af því, að þetta braut í bág við það, sem lýst var yfir í minu kjördæmi um stefnu Bændafl. Í þessu sambandi skal ég skýra frá því, hvernig þetta æxlaðist allt saman, og þá meðfram út af því, að hv. frsm. minni hl. var að mata mig á því, að mig hefði langað svo mikið á þing. Þykir mér því rétt að gefa lítilsháttar skýrslu um það, hvernig það fór úr hendi.

Það mun satt vera, að ég átti víst að hafa fengið eldskírnina á Hveragerðisfundinum, og eftir það báru þeir bændaflokksmennirnir viurnar í mig bæði með sendiboðum austur yfir fjall og eins vildu þeir gjarnan tala við mig þegar ég kom til bæjarins. Ég skildi þetta vel og mér var sögð ástæðan til þess hreinskilnislega; hún var sú, að mönnum hafði fundizt sem talsverður íhaldskeimur væri af flokknum eins og hann var skipaður. Flokkurinn hafði a. m. k. tvo eða fleiri íhaldsdela að draga. Þetta þótti ekki sigurvænlegt, því að hugsunin var fyrst og fremst ekki sú að draga atkvæði frá Sjálfstfl. Fullt eins mikill hugur var á því að draga atkv. frá Framsfl. Að öllu niðurlögðu litu þeir svo á, að ég mundi vera líklegastur til þess að draga eitthvað úr Framsfl. í Árnessýslu, nú og ekki heldur ólíklegur til þess að draga fleiri menn út um land til fylgis við flokkinn. Þetta voru tildrögin að því, að ég var í kjöri. Ég var nú ekki alveg reiðubúinn til þess. Þeir urðu að ganga á eftir mér á biðilsbuxunum — ekki í hálfan mánuð eins og forsætisráðherraefnið hér um árið, ekki þrjár og ekki fjórar vikur, heldur sex vikur. Þá setti ég mín skilyrði. Ég lýsti því þá þegar yfir við form. flokksins, að ég byði mig fram sem gamall framsóknarmaður, ég byði mig fram upp á það að standa í sömu sporum og þegar ég fór af þinginu 1933. Ég sagði honum, að ég byði mig ekki fram upp á annað en að fyrst og fremst yrði leitað samkomulags og samvinnu við Framsfl., þegar á þing væri komið. Af ýmsum ástæðum, sem hér þarf ekki að greina, þótti mér tryggilegast að fá þetta staðfest í minu kjördæmi. Því gerði ég það að skilyrði, að form. Bændafl. kæmi austur í Árnessýslu og héldi fundi. Við héldum fundina, og þar lýsti ég yfir þessari stefnu, og síðar á þeim 13 þingmálafundum, sem þar voru haldnir, og formaðurinn samþykkti það allt. Þess vegna var það, að þegar flokkurinn samþ. að vera í andstöðu við stj., var það brot á því, sem ég hafði undirgengizt við flokkinn. Ég held samt, að ég hafi eirt undan flokksstj. eins og unnt var og setið meðan sætt var. Ég skal ekki fara út í það hér að svo stöddu, nema til þess gefist tækifæri. En það verð ég að segja, að meðferðin á mér í flokknum og aðfarirnar gegn mér voru þannig, að ég var steinhissa á því, að annað eins skyldi geta átt sér stað.

Þá er eitt atriði, sem ég verð að drepa á, er kemur þessu máli nokkuð við, því að það hefir verið haft að ástæðu gegn mér og fært fram sem röksemd fyrir því, að ég hafi ekki fylgt flokksreglum. Þetta atriði er afskipti mín af mjólkurmálinu á síðasta þingi. Blaðið Framsókn segir

í sambandi við það, að ég hafi brotið stefnu flokksins. Hvað það mál snertir hélt ég, að flokkurinn hefði mátt vera mér þakklátur fyrir afskipti mín af því. Málið byrjaði á því, að Sjálfstfl. kom fram með frv. um það, hvernig skipa skyldi stj. mjólkursölunnar og hvernig skyldi haga ýmsu öðru í því sambandi, þar á meðal sölu kaldhreinsaðrar mjólkur. Mér gazt ekki að þessu frv., en mér var sagt, að Bændafl. hefði samþ. að vera með því. Hinsvegar vissi ég líka, að þessu frv. yrði ekki líft, að það yrði drepið í Ed., hver svo sem forlög þess yrðu í Nd. Með frv. hefði engin bót orðið ráðin á mjólkurl. Þá kom fram till. frá landbn., sem mér var miklu þekkilegri, og gat ég sætt mig við ýmislegt í þeirri brtt. Þó komst ég að þeirri niðurstöðu, að ekki væri rétt af mér sem þm. Árn. að fylgja þeirri till., þar sem hún flutti í raun og veru þungamiðju mjólkursölunnar úr Árnessýslu og vestur á Mýrar. Nú vita menn, að margt var gert til þess að færa málið til betra vegar, og er ég ekki viss um, að öðrum hv. þm. í Nd. hafi verið það meira áhugaefni en mér, því að ég leit svo á, að þessa deilu yrði að setja niður með einhverju móti. Því fór ég þá leið, að tala við þá, sem völdin höfðu, og lagði ég að þeim að hjálpa við málunum. Fékkst þá yfirlýsing um það hér á þingi, að það yrði gert, enda varð sú raunin á. Hygg ég, að ég hafi tæplega gert betra verk en styðja að þeim endalyktum þessa máls. En þetta er það, sem Bændafl. finnur mér að dauðasök. Aðrar sakir hefir hann ekki á mig borið. Hinsvegar lýsti ég yfir því áðan, að ég teldi mig eiginlega bændaflokksmann. Ástæðan er blátt áfram sú, að hinir þm. flokksins hafa gengið Sjálfstfl. á hönd og brotið stefnuskrá flokksins, sem var í því fólgin, að hann væri sjálfstæður flokkur, gerði allt til að miðla málum milli flokkanna og styddu bændur um alla hluti, svo sem frekast væri unnt. En hitt var frá mínu sjónarmiði hreinasta glapræði og rangindi í garð bænda að ganga erindi annars flokks. Bændur þurfa þess, að eitthvað verulegt sé fyrir þá gert. Og þá er ekki um aðrar leiðir að velja en þá, að reyna samkomulag við þá flokka, er völdin hafa á hverju þingi. Þetta hefi ég gert, og hefi ég því skirrzt við að ráðast á stjórnarflokkana, nema nauðsyn hafi til borið. Hinsvegar hefi ég ekki heldur ráðizt á Sjálfstfl. Held ég, að á undanförnum þingum hafi ekki heyrzt frá mér eitt orð, sem ég hafi lagt gegn þeim flokki, enda þótt sumir hv. þm. hans hafi stundum verið að ýfast við mig. En ég hefi jafnan látið það sem vind um eyrun þjóta og í mesta lagi svarað þeim með föðurlegri nærgætni og umvöndunarsemi, Þannig leit ég á, að mér bæri að vinna fyrir Bændafl., og þess vegna segi ég, að ég sé í raun og veru eini bændaflokksmaðurinn hér á þingi, sem eftir sé. Ég held, að sérstaklega í þessu máli geti engum blandazt hugur um, að ég hefi haft á réttu að standa, því að ég býst við, að mönnum muni finnast eðlilegt, að ég sem Árnesingur muni líta fullt eins mikið á hag manna þar austur frá sem hann Þorsteinn af Skaganum eða hann Hannes af Tanganum eða hann Svavar í síldinni. Og þessari stefnu vil ég fylgja. Ég hefi ætlað mér það á þessu síðasta kjörtímabili mínu að skipta mér sem minnst af illdeilum flokkanna, en vinna sem bezt að nauðsynjamálum þeim, sem fyrir liggja. Þetta lít ég á sem þungamiðjuna í stefnuskrá Bændafl., og einungis með því að framfylgja þessari stefnu álít ég hann eiga sér tilverurétt.

Jónas Guðmundsson: Ég skal ekki lengja umr. mjög úr því, sem komið er. En við mál hv. síðasta ræðumanns virðist mér fram komið nýtt viðhorf í málinu. Hv. 2. landsk. er sem sé ekki farinn úr Bændafl., að því er virðist. Flokkurinn virðist hafa misskilið málið, eins og líka kjörbréfan. Hann er í Bændafl. enn að eigin sögn, því að hann hefir ekki verið rekinn þaðan. A. m. k. liggja engin skjöl eða skilríki fyrir um það, að hann hafi verið rekinn. Þess verður að krefjast, að það komi skýrt fram, hvort hv. þm. er farinn úr flokknum eða ekki. Hér virðist vera um heimiliserjur að ræða innan Bændafl., og annað ekki. — Hitt er annað, að þegar út í þetta mál er komið, þá er eðlilegt, að rætt sé um það frá því sjónarmiði, hvaða afleiðingar slíkur ágreiningur sem þessi getur haft í framtíðinni. Hv. 2. landsk. er ekki einí aðili málsins, því að hér á þingi sitja nú 11 landsk. þm., og ef til vill fjölgar þeim enn seinna meir. Þetta tekur því til þeirra allra.

Í þessu sambandi hefir margt verið fært fram, en ég vil þó aðeins minna á þrjú af þeim atriðum, sem komu frá hv. 10. landsk. og hv. frsm. minni hl.

Í fyrsta lagi: Hv. 10. landsk. virðist líta á uppbótarþingsætin sem persónulega eign flokkanna. Hann heldur því fram, að landsk. þm. verði að haga sér eftir því, sem flokksstj. eða flokkurinn ákveður. Ef þetta er rétt, þá er um tvær tegundir þm. að ræða, aðra, sem bundin er vilja fámennrar flokksklíku, hvaða flokki sem hún kann nú að tilheyra. Þessi tegund þm. er algerlega réttlaus, því að samkv. skilningi hv. 10. landsk. eru þessir þm. sviptir rétti þeim, sem öllum þm. er veittur samkv. 43. gr. stjskr., þar sem tekið er fram, að þm. séu eingöngu bundnir við persónulega skoðun sína. En með hvaða valdi er þá þessi réttur tekinn af sumum þm.?

Hv. 10. landsk. sagði ennfremur, að uppbótarþm. bæru enga ábyrgð gagnvart ákveðnum kjördæmum. Hann ætti sízt að segja þetta, með tilliti til þess, hvernig hann er sjálfur kominn inn á þingið. Landsk. þm. koma inn eftir því, hversu háa atkvæðatölu þeir fá í kjördæmunum, og ráða flokkarnir því engu um það hverjir komast að sem uppbótarþm. Einu þingm., sem flokkarnir bera algerða ábyrgð á, eru þeir, sem raðað er á flokkslista. Á hinum bera kjördæmin meiri og minni ábyrgð. Við hv. 10. landsk., sem báðir erum komnir á þing með sama hætti, vitum þetta vel. Það er því rangt hjá honum, að uppbótarþm. séu ekki líka þm. ákveðinna kjördæma.

Eins og hv. 2. landsk. tók greinilega fram, gera kosningal. og stjskr. ráð fyrir því, að landskjörstj. úthluti uppbótarsætum milli flokkanna í hlutfalli við það, hvernig atkv. hafa fallið. Við annað er auðvitað ekki hægt að miða. Hvað vitum við t. d. um það, hvaða breyt. kunna

að hafa orðið á hugsunarhætti þjóðarinnar frá því um síðustu kosningar? Það gæti t. d. vel hafa farið svo, að Bændafl. hefði tapað fylgi, en öðrum flokkum aukizt fylgi. En hvaða vit væri í því að leggja þá ímyndun til grundvallar fyrir breytingum, sem gerðar væru á skipun þingsins? Landkjörstj. á að skipta milli flokka uppbótarsætum eftir því, sem réttast verður metið að kosningum afstöðnum, en hún getur auðvitað ekki fylgzt með þeim breyt., sem kunna að verða á fylgi flokkanna allt kjörtímabilið.

Ég vil, að þessu sé slegið föstu, því að ég er sjálfur einn af þeim, sem hér eiga hlut að máli. Alþfl. gæti t. d. dottið í hug að reka mig, af *því að ég vildi halda fast við mína persónulegu* skoðun í einhverju máli. Ég beini því hér með til landsk. fulltrúa Sjálfstfl., hvort þeir vilji eiga það yfir höfði sér, að *fámenn klika í Sjálf*stfl. geti svipt þá þingdæmi hvenær sem hún vill losna við þá.

Ég þekki enga kosna samkundu, ekkert fulltrúaráð eða félagsstjórn, þar sem annað eins og þetta geti átt sér stað, þar sem allir meðlimirnir hafi ekki sama rétt. En hér á Alþingi er ætlazt til, að 11 þingmenn séu einskonar þrælar, en hinir frjálsir menn. Þessum 11 mönnum á svo að vera hægt að útskúfa eftir boði fámennrar kliku og fá nýja og auðsveipa þræla í staðinn. Hv. frsm. meiri hl. sýndi fram á það áðan, að engin ákvæði væru til í stjskr., sem réttlættu þetta, enda skil ég ekki, að nokkur þm. Sjálfstfl., nema þá hv. þm. V.-Sk., vilji verja slíkt athæfi sem þetta. (**JAJ**: Hvað er í brezka þinginu?). Við erum að tala um íslenzka þingið núna. Af því, sem haldið hefir verið fram, er aðeins eitt, sem ég get viðurkennt, að hafi við nokkur rök að styðjast. Það er tilvitnunin í 133. gr. kosningal. Hún hljóðar svo:

„Nú hefir Alþingi úrskurðað ógilda kosningu þingmanns, sem kjörbréf hefir fengið í kjördæmi eftir almennar alþingiskosningar, og uppkosning hefir farið fram (sbr. 142. og 143. gr), og skal þá landskjörstjórn, ef samanlagðar atkvæðatölur þingflokka og þingmannatala þeirra gefa nú ástæðu til slíks, leiðrétta fyrri niðurstöður um úthlutun uppbótarþingsæta, jafnvel þótt landskjörinn þingmaður missi við það umboð sitt."

Þetta er eini staðurinn, þar sem ráð er fyrir því *gert*, að landsk. þm. missi umboð sitt, en þetta á aðeins við um *uppkosningu í kjördæmi þegar eftir almennar* kosningar, og þá er það ekki *þingsins*, heldur *landkjörstjórnar* að framkvæma slíkar leiðréttingar.

Ég vil endurtaka það, að frá minu sjónarmiði nær það ekki nokkurri átt, að þm. séu því misrétti beittir, að þeim sé skipt í tvo hópa, þar sem annar hópurinn hefir fullt frelsi, en hinn er undir strangasta aga og kúgun. Kosningal. ætlast til, að reynt sé að jafna misrétti í atkvæðamagni að kosningum nýafstöðnum, en svo verður það að fara eftir atvikum, hvernig flokkafylgið kann að breytast á kjörtímabilinu og hvernig fer um afstöðu einstakra þm. Ef flokkarnir geta ekki skapað það disciplin, sem gerir þeim fært að halda í hemilinn á þm. sínum allt kjörtímabilið, þá verða þeir sjálfir að bera afleiðingarnar af því, að jafnvægið raskast.

Hv. þm. V.-Sk. sagði, að það gegndi nú öðru máli um sjálfstæðismenn en hina, að því er agann snerti. Í Sjálfstfl. væri svo sem ekki mikill agi; þar gæti hver vaðið uppi eins og honum sýndist og haft sínar skoðanir. En í stjórnarherbúðunum væri aginn meiri og kúgunin frekari. En ég hlakka til að sjá, hvernig þeir greiða atkv., hinir landsk. þm. Sjálfstfl., hvort þeir vilja samþ. að verða settir skör lægra en aðrir þm. eða nota sér þetta mikla flokksfrelsi til að koma í veg fyrir slíkt. Hvort þeir með atkvæði sínu vilja stuðla að því að gera sjálfa sig að einskonar þingþrælum, sem í öllu séu lægra settir en aðrir þingmenn. Hafi nokkur löggjöf verið sett hér á landi, sem talizt getur vísir til að koma á þrælahaldi, þá er það sú löggjöf, sem hér er um að ræða, ef skilja ber hana eins og Sjálfstfl. vill vera láta, og er það vel við eigandi, að hann skuli beita sér fyrir slíkum málstað.

Hannes Jónsson (óyfirl.): Hér er ekki um það að ræða, hvað maður vildi helzt, að stæði í *l. eða yrði numið úr l. Hér er um það deilt*, hvort styðja skuli ákvæði stjskr. og kosningal. gagnvart því atriði, sem hér liggur fyrir. Það er gefið, að samkv. þeim ákvæðum eru landskjörnir og kjördæmakjörnir þm. settir á misjafnt réttarstig, eins og bent hefir verið á áður í þessum umr. og ekki hefir verið hrakið.

Út af því, sem hv. síðasti ræðumaður sagði, get ég ekki stillt mig um að koma með nokkrar aths. Því hefir sem sé verið haldið fram hér, að Magnús Torfason væri ekki kominn úr Bændafl. Ég skil ekki, að þessi hv. þm. skuli halda fram öðru eins og þessu, þó að ég geti vel skilið, að Magnús Torfason haldi því fram. Hann heldur því fram, að hann hafi ekki sagt sig úr Bændafl., þó að hann hafi slitið allri samvinnu við flokkinn. Hinsvegar sagðist hann einn vera Bændaflokksmaður. Hann hefir því slitið samvinnu við sjálfan sig, en heldur svo uppi annari samvinnu við Framsókn og sósíalista. Þetta er slíkur hundavaðsháttur í röksemdafærslu, að ekki er hægt fyrir hv. 6. landsk. að taka undir það, þó að það slysaðist úr munni hv. fyrrv. 2. landsk.

Þá eru það sakir þær, sem hv. fyrrv. 2. landsk. ber á Bændafl. Hann sagði í því sambandi, að flokkurinn gæti ekki framfylgt stefnuskrá sinni með öðru móti en samvinnu við þá flokka, sem á hverjum tíma hefðu meiri hl. á þingi. Við, sem fórum úr Framsfl. og stofnuðum Bændafl. áttum kost á að vera með meiri hlutanum, en við vildum það ekki, og er af því sýnilegt, að Bændafl. hefir ekki sett sér þá stefnu að fylgja alltaf meiri hl. Hann ætlar sér þvert á móti að berjast einarðlega fyrir málefnum sínum, þangað til hann fær sjálfur meiri hl., og það fær hann.

Um ýmsar erjur, sem orðið hafa milli okkar í flokknum, ætla ég ekki að fjölyrða, en ég skal gera hv. 2. landsk. fyrrv. það til geðs að bjóðast til að ferðast um landið á komanda vori og halda bændafundi í hverju kjördæmi. Má þá vita, hvers hlutur kemur upp. Getur hann þá ef til

vill sagt, að hann standi einn, en hann stendur þá a. m. k. ekki einn í Bændafl.

Hv. síðasti ræðumaður hélt því líka fram, að öll ákvæði stjskr. og kosningal., sem nefnd hafa verið hér, fjölluðu einungis um það, hvernig menn gætu orðið þm. Það hefir verið tekið fram, að ákvæði 133. gr. geta hrundið úrskurði landskjörstjórnar. — Það er fjarstæða, að ræða um það, hvað Bændafl. í Danmörku kom til hugar, þegar þeirra flokksmenn áttu í hlut. Um það gilda önnur lög en hjá okkur.

Það er ekki verið að ræða um það hér, hvað ætti að vera, heldur hvað stendur í kosningal. og stjskr. Þeir, sem kosnir eru á þing, lifa og starfa skv. þeirri aðstöðu, sem l. skapa þeim, og það er ekki hægt að ætlast til þess, að um okkar mál verði úrskurðað eftir dönskum l. Ég get líka bent á það, þessu til viðbótar, að það eru litlar líkur til þess, eftir því, sem fyrir liggur, að Bændafl. hafi ætlað að styðja sósialistastj. í landinu. Ég get bætt því við, að á flokksfundi Bændafl. sá hv. þm. till. og gerði engan ágreining um hana. Ég man ekki, hvort hann greiddi henni atkv., en hann greiddi áreiðanlega ekki atkv. á móti henni, því hún var samþ. með shlj. atkv. — Það er dálítið broslegt, að heyra frásögn hv. þm. (MT) um það, hvernig hann varð frambjóðandi í Árnessýslu. Ég skal ræða lítillega um það, hvernig það bar að, að hann varð frambjóðandi flokksins í Árnessýslu. Það er rétt, að það leið nokkur tími frá því, að ákveðið var að styðja að kosningu hans og þangað til ákveðið var, að hann yrði í kjöri fyrir Bændafl. Og sá dráttur stafaði af því, að það var erfitt að fá Bændaflokksmenn í Árnessýslu til þess að fylgja honum. En Tryggvi Þórhallsson vildi gefa þessum gamla flokksmanni sínum kost á að vera í kjöri, en honum gekk svona illa, þrátt fyrir sína miklu hæfileika til þess að sameina hugi manna, að fá Bændaflokksmenn í Árnessýslu til þess að fylgja honum. Um nánari afskipti okkar af þessu innan floksins, ræði ég ekki, en ég mun standa við það boð mitt, að ræða þetta ásamt honum við flokksmenn úti um land, og getum við þá séð, hvor hefir fleiri með sér.

En það, sem hér kemur til greina, er, að hv. þm. á ekki lengur rétt til þingsetu. Hv. þm. veit, að það hefir verið mikill ágreiningur um það, hvaða fyrirkomulag ætti að vera á þessu í stjsk. og kosningal. Um það hafa a. m. k. verið uppi 2 stefnur. Ég get sagt fyrir mig, að ég hefði kosið, að það hefðu engir uppbótarþm. verið. Og þannig gæti ég haldið áfram að telja upp einstök atriði, sem meiri og minni ágreiningur hefir orðið um. En við förum ekki eftir því, sem við hefðum kosið að væri, heldur verðum við að fara eftir því, sem er. Og þó það sé á móti því, sem við höfum haldið fram, þá viljum við samt beygja okkur fyrir því, sem orðið er.

Magnús Guðmundsson: Ég hefi með mestu athygli fylgt umr. þeim, sem hér hafa farið fram, og finnst mér þar kenna misskilnings hjá mörgum. Sérstaklega var það hv. 6. landsk., sem talaði einkennilega. Hann segir, að sér þyki það undarlegt, að sumir séu að tala um 2 tegundir þm. En ég vil nú leiða athygli hv. þm. að því, að hér á þingi eru einmitt 2 tegundir þm., kjördæmakosnir þm. og landsk., sem eru til uppbótar milli flokkanna. Um þessa þm., kjördæmakosna og landsk., gilda mjög mismunandi reglur. Menn þurfa ekki annað en líta í kosningal. til þess að sjá, á hversu ólíkan hátt þeir ná þingmennsku. Það er því ekkert undarlegt, þó það kynni að vera á annan hátt, sem hinir landsk. missa þingmennsku, enda er það svo.

Það hefir verið bent á það, að landsk. þm. verður undir vissum kringumstæðum að fara af þingi án þess að hafa misst kjörgengi. Þetta sýnir, að það er ekki rétt, sem segir í till. meiri hl. kjörbréfan., að stjskr. heimili ekki að taka umboð af þm., nema þegar hann hefir glatað kjörgengi sínu. Meiri hl. verður að játa þetta, því ég veit, að hann álítur ekki, að kosningal. brjóti stjskr. Stjskr. inniheldur ekki neitt beint ákvæði um þetta, en vísar til reglna kosningalaga. Ég vil benda meiri hl. á þetta, því það er leiðinlegt, ef till. verður samþ., sem felur það í sér, að kosningal. brjóti í bág við stjskr., enda er það ekki svo. Hv. meiri hl. hefir þarna sést yfir 133. gr., því að þar eru ákvæði, sem heimila það, sem þeir telja óheimilt.

Fyrst svo er, að til er þetta ákvæði, sem brýtur í bág við reglurnar um kjördæmakosna þm., ætli það geti þá ekki verið fleiri ákvæði, sem gera það? Jú, vissulega, og skal ég nú athuga það nánar.

Stjskr. segir, að hinir landsk. þm. eigi að vera til jöfnunar milli þingflokkanna, svo að þingflokkarnir fái þingsæti sem næst atkv.magni hvers flokks á öllu landinu. Það er beint fyrirskipað í stjskr., að þessir þm. eigi að vera til jöfnunar, og er það gert til þess, að flokkarnir á þingi séu sem mest í hlutfalli við atkv.magn flokkanna í landinu. En hvernig á að fullnægja þessu, ef á þingi situr maður, sem ekki er kosinn í kjördæmi og er ekki heldur til jöfnunar fyrir neinn flokk? Með því að viðurkenna slíkan þm., kemur fram 3. tegund þm., sem sé þm., sem ekki eru kosnir í kjördæmi og ekki heldur til jöfnunar milli flokka. Ég fullyrði, að hvorki í stjskr. né kosningal. sé gert ráð fyrir 3 tegundum þm. Þess vegna verður hver sá landsk. þm., sem ekki er til jöfnunar fyrir flokk, að fara af þingi, og annar, sem er til jöfnunar, að koma í hans stað. Allt annað er brot á stjskr., svo að ég nú ekki tali um brot á anda stjskr.

Tilgangurinn með þessu skipulagi var auðvitað sá, að uppbótarþm. væru til þess að jafna misræmið milli flokkanna. Og ef þeirri reglu er ekki fylgt, þá er að engu gerð eða rýrð sú réttarbót, sem fengin var með þessum ákvæðum og á sínum tíma var gert mikið úr. Það var sagt af einum hv. ræðumanni áður, að það væri nóg, að tala þm. væri í samræmi við atkv.magn flokkanna í byrjun kjörtímabilsins, en það ætti ekki að hugsa um breytingar, sem yrðu á kjörtímabilinu. En þetta er meginvilla, því í upphafi kjörtímabilsins er skorið úr því, hversu marga uppbótarþingmenn hver flokkur skuli fá það kjörtímabil, sem í hönd fer. Kjördæmakosnir þm. mega fara úr flokki án þess að þeir verði að leggja niður þingmennsku. Uppbótarþingmenn geta líka sagt sig úr flokki, en þá verða

þeir að fara af þingi og rýma sæti fyrir vara-uppbótarmanni. Þetta er af því að seta þeirra á þingi byggist eingöngu á því, að þeir séu til jöfnunar milli þingflokka. Ef þeir hafa misst þau skilyrði, sem þarf til þess að vera uppbótar þm., þá verða þeir að fara. Þetta kemur greinilega fram í 127. gr. kosningal., þar sem sagt er hvernig uppbótarsætin skiptist milli þingflokkanna og að þessi flokkur fái 1. uppbótarþingsæti, en hinn 2. o. s. frv. allt eftir atkv.magni flokkanna. Og þetta á ekki að vera þannig aðeins í byrjun, heldur allt kjörtímabilið. Og til þess að vega á móti forföllum eru hafðir varaþm. Og ég vil nú spyrja: Eru nokkur meiri forföll til en þau, að landsk. þm. fer úr flokki? Ég svara þeirri spurningu hiklaust neitandi. Ef uppbótarþm. er forfallaður í hálfan mánuð, þá kemur varaþm. í hans stað. En ef hann er forfallaður í 3 ár, — á þá enginn að koma í hans stað? Ef svo væri, þá væri þar með tekinn réttur af flokkunum, eftir að landskjörstj. hefir ákveðið, hve marga uppbótarþm. hver flokkur á að fá. En ef svo alvarleg forföll koma fyrir uppbótarþm., að hann fer úr flokki, þá er ekki annað fyrir hann að gera en fara af þingi, því þá er hann orðinn óhæfur til þess að inna af hendi það hlutverk, sem hann átti að inna af hendi.

Í þessu sambandi kemur sannfæringarkrafan ekkert við málinu. Það er enginn að halda því fram, að landsk. þm. sé skyldugur til þess að vera áfram í flokki. Nei, hann má fara, en hann verður þá að taka afleiðingunum af því og láta annan taka við í sinn stað. Ég álít, að það sé til sæmdar landsk. þm., að segja til, ef hann skiptir um skoðun, en þá verður hann að taka afleiðingunum af því. (JG: En hvernig er það með kjördæmakosna þm.?). Það er leiðinlegt, að það skuli ekki vera komið inn í höfuðið á þessum hv. þm. neitt af muninum, sem er milli þessara 2 tegunda þm. Það er hvergi sagt, að kjördæmakosnir þm. eigi að tilheyra sérstökum flokki. En um landsk. þm. er það ekki sagt á einum stað heldur 10—20 stöðum, að þeir eigi að vera af ákveðnum flokki. Og þar í liggur munurinn. Það er leiðinlegt, að jafnglöggur maður og hv. 6. landsk. skuli ekki hafa skilið, hvaða breyt. varð á kosningal. 1934. Þá var að sönnu ekki verið að búa til neinn lægri flokk þm. með hinum landsk. þm., en þessir þm. verða að uppfylla sérstök skilyrði, og þegar þeir geta það ekki lengur, þá verða þeir að fara. Þeir eru þá dauðir fyrir sinn flokk og verða að taka afleiðingunum af því. Flokkarnir eiga heimtingu á því samkv. stjórnarskránni.

Það má vera, að það sé vorkunnarmál, þó að stj.flokkarnir vilji halda í þennan fyrrv. hv. þm. Það er mannlegt, þó að það sé ekki mikilmannlegt. En þó að hann fari af þingi, þá held ég, að stj. fái að sitja fyrir því. Það er alls ekki víst, að hennar lífdagar séu taldir, þó hún missi þetta hald, sem hún ætlar að fljóta á framvegis.

Hv. frsm. meiri hl. orðaði lítillega kosninguna í Skagafirði. Hv. 10. landsk. sýndi fram á, að það var á misskilningi byggt, sem hann sagði um hana. Hann blandaði þar saman mismunandi reglum, sem gilda um kjördæmakosna þm. annarsvegar og landsk. hinsvegar. Hann gleymdi því, að um flokksafstöðu landsk. þm. eru föst ákvæði í stjskr. og kosningal. Það fannst líka á ræðu hv. 2. landsk., að hann finnur, að hann er á hálum ís. Hann byrjaði ræðu sína á því að segja, að hann hefði ekki sagt sig úr Bændafl. og taldi sig vera í honum enn. Þetta sagði hann vegna þess, að hann sér, að ef hann er farinn úr flokknum, þá verður hann að fara af þingi. En áframhald ræðunnar gekk út á að sanna það, að hann væri farinn úr flokknum.

Ég heyrði, að hv. ræðumaður hélt því fram, að í Bændafl. væri enginn annar en hann. Ég veit nú ekki, hvort hann átti við þingflokkinn eða Bændafl. úti um allt land. Líklega hefir hann þó átt við þingflokkinn.

En það, sem ég vildi aðallega leiða athygli að, er, að menn athugi breyt. þá, sem varð á kosningal. við stjskrárbreyt. 1934. En mér finnst, að þar skorti mikið á.

Ef þessi hv. fyrrv. þm. er látinn sitja áfram, þá kemur fram 3. tegund þm., sem sé þm., sem ekki eru kosnir í kjördæmi, og eru ekki heldur til uppbótar fyrir stjórnmálaflokkana. Þar af leiðir, að seta manns á þingi, sem ekki uppfyllir þessi skilyrði, er brot á stjskránni, sem segir, að allt að 11 þm. eigi að vera til jöfnunar milli flokkanna. Þessi eini þm. er þá orðinn til ójöfnunar, og er þá vissum þingflokki skapaður meiri réttur heldur en honum ber eftir kosningalögunum.

Jónas Guðmundsson: Það voru aðeins örfá orð. Ég vil leiðrétta það, sem hv. þm. V.-Húnv. sagði. Hann sagði, að ég viðurkenndi, að ákvæði 133. gr. kosningal. gætu haft áhrif á þingsetu, en honum láðist að geta þess, að ég sagði, að það væri aðeins eftir almennar kosningar. Í 133. gr. kosningal. segir svo: „Nú hefir Alþingi úrskurðað ógilda kosningu þingmanns, sem kjörbréf hefir fengið í kjördæmi eftir almennar alþingiskosningar, og uppkosning hefir farið fram, og skal þá landskjörstjórn, ef samanlagðar atkvæðatölur þingflokka og þingmannatala þeirra gefa nú ástæðu til slíks, leiðrétta fyrri niðurstöður um úthlutun uppbótarþingsæta, jafnvel þótt landskjörinn þingmaður missi við það umboð sitt.“ — En þegar komið er út á kjörtímabilið, þá er ekkert, sem heimilar að svipta landsk. þm. þingsetu.

Hv. 1. þm. Skagf. heldur því fram, að til séu 2 tegundir þm., sem hlíti mismunandi skilyrðum, þar sem annar flokkurinn er frjáls, en hinn flokksbundinn. Ég kallaði þetta áðan þrælahald, og ég verð að halda mig við það. Það hefir aldrei áður verið gerð svona glögg tilraun til þess að skipa mönnum frá skoðunum og sannfæringu, eins og verið er að gera hér. Og mér þykir það furða, ef landsk. þm. Sjálfstfl. una þessum úrskurði. (**HannJ**: Sósialistar unnu mest að þessu). Það kann vel að vera, en þeir hafa þá gert þá kröfu, að flokksböndin næðu líka til kjördæmakosinna þm. — En hvernig á að fara með þm. Reykv.? Þeir eru kosnir á flokkslistum, og hvernig á þá að fara með þá, ef þeir fara úr flokki? Það er megnasti skrípaleikur að halda því fram, að það séu 2 tegundir þm., og að annar flokkurinn sé settur skör lægra en hinn.

Þetta er byrjun á þrælahaldi, og það situr vel á Sjálfstfl. að berjast fyrir því að innleiða það.

Frsm. meiri hl. (Bergur Jónsson) [óyfirl.]: Hv. 1. þm. Skagf. hefir óskað eftir því að heyra eitthvað frá okkur í meiri hl. n. áður en hann tæki aftur til máls. Það hafa verið — af honum og öðrum andstæðingum — haldnar alllangar ræður um þetta mál, kæru Bændafl., sem hér liggur fyrir.

Ég verð nú að segja, að þau rök, sem borin hafa verið fram af hv. andstæðingum í þessu máli, virðast sannarlega næsta ómerkileg, og eru ekki annað en grautur og rökleysa, því að þau vantar algerlega allan lögfræðilegan grundvöll. Þess vegna er eiginlega engu hægt að svara, og ég segi þessi orð í fullri alvöru. Ég er steinhissa á lögfræðingum hv. andstæðinga, að berja höfðinu við steininn eins átakanlega og þeir hafa gert, og hafa ekkert nýtilegt fram að færa.

Eins og kom fram í fyrri ræðu minni, er kjarni málsins sá, að til þess að hægt sé að svipta þm. kjörgengi, þarf hann að hafa misst kjörgengisskilyrði, og slíkt liggur ekki hér fyrir um hv. 2. landsk. Um kjörgengisskilyrði er tæmandi tekið fram í 28. og 29. gr. stjskr., sbr. c-lið 27. gr. Í 24. gr. kosningalaganna er ákvæði um, að uppbótarþm. séu til jöfnunar milli þingflokka. Þetta hefir lagzt á heilann í sumum hv. þm. Þeim finnst, að þessir þm. hafi sérstöðu innan þingsins, og að þeir séu, eins og hv. 6. landsk. benti á, flokksþrælar. Ég vil benda á, að allir þm. — ekki aðeins landskjörnir, heldur líka kjördæmakjörnir, — verða að gefa yfirlýsingu um, hvaða flokki þeir fylgja, er þeir skila framboði. Ég vil því spyrja: Eru það meiri svik af landsk. þm. að brjóta loforð sín en af kjördæmakosnum þm.? Ég sé ekki, að svo sé.

Hv. 1. þm. Skagf. talaði um stórkostlegan mismun á reglum, er giltu um tvennskonar þm. Ég *trúi ekki*, að hv. *þm. hafi meint* þetta, að hér væri tvær tegundir þm. Eins og allir vita, eru ákveðin uppbótarsæti til jöfnunar milli flokka, miðað við það ástand, sem er, þegar kosningar fara fram, eins og hv. 2. landsk. hefir bent á. Ef þessir jöfnunarþingm. hafa ekki sama rétt og kjördæmakosnir þm., ef um þá gilda aðrar reglur, hvernig stendur þá á því, að þeir eru kjörnir í nefndir, eins og við, sem erum kjördæmakosnir? Hvernig stendur á því, að þeir hafa málfrelsi eins og við, og yfirleitt sama rétt á þingi? Hver eru rökin fyrir því, að þeir skuli vera þrælbundnir flokkum allt kjörtímabilið, en við hinir megum leika okkur milli flokka eins og okkur lystir? Ég held þetta sé bara hugsmíð út í loftið, að *hér geti verið um tvennskonar misréttháa* þm. að ræða.

Hv. 1. þm. Skagf. hneykslaðist á því, að hv. 2. landsk. talaði um tvær tegundir þm., en þetta er að því leyti rétt, að þeir eru kosnir eftir tveimur mismunandi reglum til þings, en þegar á þing er komið, þá er ekki lengur um tvær tegundir að ræða af þm. Það er ekki annað en reginvitleysa að halda því fram.

Í fyrri ræðu minni vitnaði ég til stjskr. og tók fram meginatriði þessa máls, sem er ofboð einfalt og þarf því ekki langar umr. um, ef menn héldu sér við kjarna málsins. Það þýðir ekkert að vitna í kosningalögin, hvorki fyrir hv. 1. þm. Skagf. né aðra; ef þau brjóta í bága við stjskr. *eða eru henni ósamhljóða*, þá verða þau ákvæði kosningalaganna að víkja.

Hv. frsm. minni hl. kjörbrn. taldi ekki rétt, að 28. gr. stjskr. væri tæmandi um kjörgengi, en ég las einnig upp úr 29. gr. þau atriði, er snerta þetta. Ég býst við, að hv. frsm. hafi átt við þau ákvæði, er snerta hæstaréttardómara, en það eru nú ekki nema 3 menn, svo þau skilyrði geta ekki talizt almenn.

Hv. 10. landsk. var að tala um, að þingsæti landsk. alþm. væru eign flokka, eða m. ö. o. Bændafl. á þetta sæti og á þennan hv. þm. allt kjörtímabilið út og getur vikið honum, ef sýnist, og gefið hverja skipun til þm., er sýnist. Ég er satt að segja undrandi yfir hv. landsk. þm., að þeir skuli á þennan hátt *lítilsvirða sjálfa* sig og fara lítilsvirðandi orðum um eigin rétt,

Það er aðalatriðið í þessu máli, sem á að ræða hér um, hvort hægt er að benda á ákvæði í stj. skr., er veiti heimild til að víkja landsk. þm. af þingi. Þetta atriði hafa hv. andstæðingar farið í kringum eins og köttur kringum heitan graut, og get ég því ekki verið að eltast meira við þá.

Magnús Guðmundsson: Hv. frsm. meiri hl. kjörbrn. fór ekki inn á það, sem ég sagði viðvíkjandi 133. gr. kosningalaganna. Veit ég ekki, hvernig ber að skilja það, en mér er nær að halda, að hann hafi með þögninni gengið inn á mín rök, en þar er skýrt nákvæmlega, að aðrar reglur gilda um landskjörna en kjördæmakjörna þm. Í þessari gr. er sagt, að ef kosið sé strax upp í einu kjördæmi og nýju tölurnar sýna breytta afstöðu milli flokka, þá á landsk. þm., þ. e. uppbótarþm., að víkja af þingi, jafnvel þó búið sé að samþ. kjörbréf hans. Ég fullyrði, að engin hliðstæð eða lík ákvæði eru til um kjördæmakosna þm. Þetta sýnir glöggt, að ekki gilda sömu reglur um kjördæmakosna og landskjörna þm. Þó það sé rétt hjá hv. frsm. meiri hl., að allir þm. hafi sömu réttindi meðan þeir sitja á Alþingi sjálfu, þá eru mismunandi reglur um komu þeirra inn í Alþingi og för þeirra burtu þaðan, eftir því hvort þeir eru landsk. þm. eða kjördæmakosnir. Ég held því fram, að þegar búið er að úthluta einhverjum flokki uppbótarsætum, þá á sá flokkur að halda sætum kjörtímabilið út. Ef einhver uppbótarþm. er forfallaður, er annar nýr tekinn í staðinn. Ef þetta er ekki viðurkennt, þá á að fara að setja inn nýja tegund af þm., sem enginn stafur er fyrir um, hvorki í stjskr. né kosningalögum. *Við höfum* það skýrt fram tekið í 133. gr. kosningalaganna, að til þess að eiga að víkja af þingi þarf landsk. þm. ekki að hafa misst neitt kjörgengisskilyrði. Annars þarf ekki að fara lengra en að benda á orð stjskr. um, að allt að 11 þingsæti eiga að vera til jöfnunar milli flokka. Verði nú hv. 2. landsk. látinn sitja áfram á þingi, verða 10 þm. þar til jöfnunar milli þingflokka, en sá 11. til ójöfnunar. En hvar er heimildin fyrir þingsetu hans? Ég staðhæfi, að hún sé ekki til.

Hv. frsm. meiri hl. sagði, að það ætti að vera

sama, hvort landsk. eða kjördæmakosinn þm. skipti um flokk — eða sviki flokk, eins og hann orðaði það. Ég vil ekki taka svo djúpt í árinni; menn geta sannarlega yfirgefið flokk sinn eða skipt um flokka án þess að um svik sé að ræða. Það eru alls ekki svik, ef þm. getur ekki fylgt flokknum lengur. Ég verð að endurtaka það, að um komu í þingið og brottför þaðan gilda allt aðrar reglur um landsk. en um kjördæmakosna þm. Stjskr. segir það sjálf, og kosningalögin segja það líka. Þar er skýrt fram tekið, að landsk. þm. verða að fylgja ákveðnum flokkum, vera með ákveðnum pólitískum lit, en slík ákvæði eru ekki til um kjördæmakosna þm. Af því að stjskrárbreytingin og kosningalögin eru tiltölulega ný, hafa menn ekki athugað þetta nóg, og þess vegna ekki gætt þess, að í rauninni er hér um nýja tegund af þm. að ræða, þm., sem ekki hlíta sömu reglum og kjördæmakosnir þm. Það er kannske ekki von, að menn hafi strax áttað sig á þessu, en það er undarlegt, ef menn geta ekki áttað sig á þessu nú, þegar á það er bent. Þá sagði hv. frsm. meiri hl., að stjskr. ætti að ráða, og ef kosningalögin brytu í bága við hana, ættu þau að víkja. Þetta er alveg rétt. En hvað segir svo stjskr. um þessa hluti? Hún segir, að öll nánari ákvæði um kosningar skuli sett í kosningalögum, en segir skýlaust, að uppbótarþingsætin eigi að vera til jöfnunar milli flokka. Kosningalögin eru í fullu samræmi við þetta. Fyrir hvern getur þá hv. 2. landsk. verið uppbótarþm., þegar hann er farinn úr Bændafl.? Hann getur ekki verið uppbótarþm. fyrir aðra flokka, jafnvel ekki fyrir núv. stjórnarflokka. (**MT:** Ég hefi ekki sagt mig úr flokknum). Hvað segir hv. þm.- Í hvaða flokki er hann? **MT:** Ég er í Bændafl.). Þarna heyrist, að hv. þm. finnur þó, að einu rökin fyrir framhaldandi þingsetu hans eru þau, að hann sé í flokknum, að þingseturéttindi hans eru í skjóli Bændafl. En nú hefir hann ekki aðeins sagt sig úr flokknum, heldur slitið allri samvinnu við hann; það er svona langt frá því, að þessi hv. fyrrv. þm. telji sig til flokksins, að hann getur ekki hugsað sér að vinna með honum. Eftir því er hann lengra frá Bændafl. heldur en jafnaðarmenn eru frá framsókn. Þeir telja sig enn tvo fjarskylda flokka, sem þó geta starfað saman.

Hv. 6. landsk. talaði mikið um þrælahald. Hann hélt því fram, að eftir minni fyrri ræðu að dæma væru landsk. þm. þrælar, og ekkert annað. Ég vil benda honum á, að því aðeins er um þrældóm að ræða fyrir landsk. þm., að hann meti þingmennskuna meira en sannfæringu sína. Það er ekki nýtt, að pólitísk sannfæring ráði úrslitum um þingsæti, og dettur engum skynsömum manni í hug að tala um þrældóm í því sambandi.

Þá spurði hv. þm., hvað ætti að gera við Rvíkurþm., ef hann gengi úr flokki. Það á ekki að gera neitt við hann, af þeirri einföldu ástæðu, að stjskr. og kosningalög taka hvergi fram, að Rvíkurþm. skuli hafa ákveðinn vissan pólitískan lit. Ég hefi þá svarað því, sem fram hefir komið síðan ég flutti fyrri ræðu mína, og læt staðar numið.

Sigurður Einarsson: Sem landsk. þm. vil ég ekki leiða þetta mál hjá mér með öllu, þar sem mér finnst það skipta allmiklu máli um afstöðu til landsk. þm. í framtíðinni. — Mér finnst, að hér sé um 3 atriði að ræða. Í fyrsta lagi, hvort líta beri á hv. 2. landsk. sem verandi í Bændafl. eða ekki. Hér liggur fyrir bréf frá honum til flokksins; ég hefi séð það og lesið, og þar stendur aðeins, að hann segi slitið samvinnu við flokkinn. Slíkt er tæplega hægt að skilja sem úrsögn, og ég efast ekki um, að ef til dómstóla væri farið, mundu þeir líta svo á, að úrsögn og samvinnuslit séu sitt hvað, því að samvinnuslit um óákveðinn tíma er alls ekki sama sem úrsögn. Ég vil leyfa mér að taka hér dæmi og benda á, sem er algerlega hliðstætt og varpar nokkru ljósi yfir þetta mál. Það hefir ekki komið til orða, eða réttara sagt ekki til framkvæmda, að Ítalía segði sig úr þjóðabandalaginu, og ekki hefir hún heldur verið rekin. En um samvinnu milli þessara aðilja er alls ekki að ræða; þannig hafa aðstæður breytzt milli þessara aðilja, og nákvæmlega sama getur komið fyrir annarsstaðar, enda stendur hér líkt á. Aðstæður hafa breytzt svo, að hv. 2. landsk. telur sig ekki geta unnið með samflokksmönnum sínum á þingi, enda þótt hann sé enn í flokknum.

Kæra eða krafa Bændafl. er því ekki byggð á réttum grundvelli, þó að það skuli játað, að hún kunni að vera eðlileg í augum hv. samflokksmanna þessa landsk. þm. hér á Alþingi, þar sem samvinna þeirra er ekki eins æskileg og ákjósanlegt væri vegna hv. þm. V.-Húnv. og hv. 10. landsk. En þó þessi samvinna flokksbræðranna sé ekki eins náin og eðlilegt má telja, að þeir vilji vera láta, þá leiðir engan veginn af því, að hv. 2. landsk. eigi að víkja af þingi.

Annað atriði er það, að jafnvel þó hv. 2. landsk. tilheyrði ekki lengur sínum flokki, — eru þá nokkur lög til, sem meina honum þingsetu? Ég verð að segja það, eftir að hafa hlustað á ræður hv. andstæðinga í þessu máli, að ég hefi ekki heyrt þá í neinu hagga rökum þeim, sem fram hafa komið í ræðum hv. frsm. meiri hl. kjörbrn. og hv. 6. landsk. Við skulum hugsa um þetta í fullri alvöru, hvort við eigum að halda því til þrautar, að hér í hv. þingi eigi að vera tvær eða fleiri tegundir þingmanna með mismunandi réttindum. Þegar kosningar fara fram, verður hver frambjóðandi að segja, hvort hann er flokksmaður eða ekki. Auk þess verða nokkrir menn að taka ábyrgð á því með honum, að hann segi satt og ætli að vinna í samræmi við yfirlýsingu sína. En það er ómögulegt fyrir nokkurn flokk, eins og nú er frá þessu atriði gengið, að tryggja sér það til hlítar, að hann gjaldi engin afhroð á kjörtímabilinu. Kjördæmakosinn þingm. getur gengið úr flokki sínum án þess að hlutaðeigandi þingflokkur fái rönd við reist, geti komið fram hefndum og rétt hluta sinn á þinginu, svo að þingmannatalan verði í hlutfalli við atkvæðamagnið. M. ö. o., sú áhætta, að flokkur missi trúnað síns þingmanns, er jafnmikil, hvort sem um kjördæmakosinn eða landsk. þm. er að ræða. Um þetta verður ekki deilt. Segjum, að kjördæmakosinn þm. gangi úr einum flokki í annan, sem ætti samkv. at-

kvæðamagni sínu rétt á fleiri uppbótarþingsætum en hann hlaut, en fékk ekki, vegna þess að *búið var að skipta uppbótarsætunum og ekki* voru fleiri til. Ef flokkur hans hefir lága atkvæðatölu bak við sinn þm., þá er þessi tilfærsla orðin til þess að laga hlutfallið milli þingmannatölunnar og atkvæðatölu flokkanna. En þetta getur líka orðið til þess að rugla það. Stjskr. gerir engar ráðstafanir til þess að þetta geti ekki komið fyrir. Mörg atriði hafa dregizt inn í þessar umr., eins og t. d. þegar hv. þm. V.-Sk. gerir það að einni meginuppistöðu ræðu sinnar, hvílíkri flokkskúgun sé beitt í Framsfl. og Alþfl., en sjálfur telst hann, að sjálfs sín dómi, vera í þeim flokki, þar sem sannfæring og skoðanafrelsi eigi mjög upp á pallborðið. Ef þingið er skipað mönnum, sem hafa einhvern „húmoristiskan sans", eða heilbrigða gamansemi, til að bera, þá sjá allir, hvað þetta er skoplegt og afkáralegt, að þeir menn skuli segja slíkt, sem koma hér fram í nafni þeirra manna, sem ekki geta þolað, að landsk. þm. hafi sannfæringarrétt. Það virðist vera ríkjandi skoðun í Sjálfstfl., að landsk.þm. séu nokkurskonar þrælar flokkstj. Það hefir ekki fyrr komið jafngreinilega í ljós, að þetta er ekki eingöngu takmarkað við landsk. þm., eins og þessi hv. þm. vill vera láta, heldur á það ekki síður við um marga kjördæmakosna þm. Sjálfstfl. Það vita allir, hversu mikið samvizkufrelsi er í þessum *afturhaldssamasta flokki landsins, þegar burgeisarnir*, sem eiga flokkinn, segja fyrir verkum. En þó við skattyrðumst um hið skoðanalega þrælahald í Sjálfstfl., þá er það engin lausn á máli því, sem hér liggur fyrir. Við, sem teljum, að ómögulegt sé að líta öðruvísi á en að hv. 2. landsk. sé enn í Bændafl., teljum einnig, að kæra þess flokks sé ekki á neinum rökum reist. Fyrir þá, sem aftur á móti eru í vafa um þetta, verður uppi á teningnum spurningin um framkvæmanleik þeirra ráðstafana, að hv. 2. landsk. verði látinn víkja af þingi. Eftir því, sem ákvæði stjskr. taka fram, er ekki hægt að koma þessu við. Ef svo væri, þá væri gengið inn á háskalega braut, því að það er vitanlega ekki meining löggjafarinnar, að viss hópur þm. sé skör lægra settur en annar hvað réttindi snertir, heldur er meiningin vitanlega sú, að á þingi sitji jafnréttháir menn, hvort sem þeir kallast landskjörnir eða kjördæmakosnir. Svo er í rauninni enginn maður á þingi, sem ekki er kjördæmakosinn, þótt svo vilji til, að hann sé kallaður landskjörinn þingmaður. Þeir, sem hafa kosið okkur, sem nefndir erum landsk. þm., koma til okkar á sama hátt og kjósendur leita til kjördæmakosinna þingmanna sinna. Sá flokkur manna, sem að baki okkar stendur, lítur á okkur sem sína þingmenn og krefst þess af okkur, að við *höfum gát á málefnum* þeirra. Þetta er líka sjálfsagt. Eðlismunur er því enginn á landskjörnum og kjördæmakjörnum þingmanni. Ég er sannfærður um, að ef ekki stæði svo á, að tveir flokkar í þinginu teldu sig þurfa að ná sér niðri á tilteknum þingm., þá hefði þessi krafa aldrei komið fram. Enda þótt vitnað sé í 133. gr. kosningalaganna um, að svo kunni að fara, að maður, sem hlotið hefir kjörbréf, missi það aftur, þá verður það aldrei nógu greinilega tekið fram, að þá stendur svo á, að kosning fer fram aftur, áður en þingið, sem almennar kosningar áttu að skapa, kemur saman. Þessi leiðrétting fer fram áður en búið er að taka kjörbréf þessara landskjörnu og kjördæmakjörnu þingmanna gild. Annars er ég viss um, að enginn landsk. þm. unir við það, að slegið sé föstum eðlismun eða tegundar á landskjörnum og kjördæmakosnum þingmönnum, a. m. k. ekki aðrir en þeir, sem eru raunverulega atkvæðafénaður og þý í sínum flokki, þó það hafi ekki komið beinlínis fram áður en þeir fá nú tækifæri til þess að undirstrika það með atkv. sínu hér á þingi, hvort þeir líta svo á sig eða ekki.

Ólafur Thors: Lögfræðingar hér í hv. d. hafa deilt um, hvað standi í kosningalögum og stjskr. og þetta deilumál snertir. Ég ætla ekki að tefja umr. mikið með því að fara að blanda mér í þá deilu eða endurtaka rök og gagnrök, sem fram hafa verið færð af þeirra hendi. Ég verð þó að minnast lítilsháttar á tvennt, sem fram hefir komið, aðallega frá hv. 1. þm. Skagf. Fyrst það, að í 133. gr. kosningalaganna er skýrt tekið fram, að heimilt sé að taka kjörbréf af þm., þótt hann hafi hlotið það; jafnframt gerir stjskr. ekki ráð fyrir nema tvennskonar tegund þingmanna, nefnilega kjördæmakosnum þingmönnum og svo uppbótarþingmönnum, sem verða að vera í einhverjum flokki. Þar sem nú þessi hv. fyrrv. þm., Magnús Torfason, hefir sagt sig úr flokki þeim, sem hann var í og hlaut uppbótarsæti frá, getur hann ekki verið uppbótarþm. þess flokks. Hann vitnaði í bibliuna, en mér var kennt, að það væri of seint að iðrast eftir dauðann. Hann er dauður hér á þingi og fær ekki inngöngu aftur, frá sjónarmiði réttlætisins Hvað sem líður hinni lagalegu hlið þessa máls, þá vil ég aðeins taka það fram, þeim til leiðbeiningar, sem telja, að í stjskr. og kosningalögin skorti ákvæði, til þess að heimila brottvikningu þm., að ef það vantar, þá er það af sömu ástæðu sem greint er frá í Rosciusarræðu Ciceros. Þar segir frá manni, sem ákærður er fyrir föðurmorð. En í lögum Rómverja voru engin hegningarákvæði til um þann glæp. Það var ekki gert ráð fyrir, að slíkur glæpur gæti átt sér stað. Þar sem þessi hv. fyrrv. uppbótarþm., sem hér um ræðir, hefir sagt sig úr flokki, er sjálfsagt, að hann segi af sér þingmennsku sem uppbótarþm. Sé ekki greinilegt lagaákvæði til um þetta atriði, þá stafar það af því, að það hefir ekki verið gert ráð fyrir, að þess þyrfti. Það hefir verið álitið sjálfsagt, að uppbótarþm., sem segir sig úr flokki, léti sér af sjálfsdáðum skiljast, að hann hefir glatað rétti til þingsetu nema hann síðar nái nýrri kosningu. Þetta er *augljóst mál. Ég sé af* rökst. dagskrá hv. meiri hl., að hann muni ætla að leggja því lið sitt, að hv. fyrrv. 2. landsk. sitji áfram á þingi, og harma ég það mjög að því er Alþfl. snertir. Hann og Sjálfstfl. unnu lengi saman í góðri einingu að kjördæmamálinu. Þeim var báðum ljóst, að ekki var lengi hægt að una við hina gömlu og ranglátu kjördæmaskipun. Þeim var báðum ljóst, að það væri nauðsynlegt að kippa

fótunum undan ranglætinu í þessu máli, til þess að lýðræðinu í landinu yrði ekki hætta búin. Fyrir þessari skoðun börðust þessir flokkar saman, — fyrir þeim breytingum og réttarbótum í þessu efni, sem náðu lögfestu með stjórnarskrárbreytingunni. Sú skoðun var uppi í þeim umr., að nauðsynlegt væri að afnema hið úrelta kjördæmakosningafyrirkomulag, og margir sögðu, að aldrei næðist fullkomið réttlæti öðruvísi í þessu efni. Þetta var ekki gert, en í staðinn, og til þess að fullnægja kröfum réttlætisins, var komið á því skipulagi, að flokkarnir fengju uppbótarþingmenn í því skyni að tryggja sem bezt, að fulltrúafjöldi hvers flokks á Alþingi væri í sem beztu samræmi við atkvæðatölu flokkanna við kosningar. Það var allt frá öndverðu hugsunin í þessu efni, að þessir þm. skyldu vera eign flokkanna. Af því leiðir náttúrlega, að þegar það kemur fyrir, að uppbótarþm. fer úr flokki sínum og það jafnvægi raskast, sem verið hefir eftir kjördag milli þingmannatölu og kjósendafylgis, þá verður hann að fara af þingi. Mér dettur ekki í hug að halda, að maður eins og hæstv. forseti liti í rauninni þannig á, að lögin heimili ekki brottvikningu þessa óskabarns úr sölum Alþingis, og ég tel víst, að Alþfl. hljóti, svo framarlega sem hann vill muna eitthvað af því, sem hann hefir sagt bæði á þingi og á opinberum fundum um þetta lýðræðismál, að líta svo á, að þessi hv. fyrrv. þm. eigi að víkja af þingi. Til þess að gefa Alþfl. sérstaklega tækifæri til þess að halda trúnað við lýðræðishugsjónirnar, alveg án tillits til ákvæða laganna, mun ég bera fram brtt. við dagskrártill. hv. meiri hl. n. Á eftir orðunum: „að taka kæruna til greina“ vil ég að komi: „enda þótt það telji, að þingmaðurinn ætti að sjá sóma sinn í að leggja niður þingmennsku af sjálfsdáðum“. Ég tel, að sú skylda hvíli á þessum hv. fyrrv. þm. að fara af þingi og bæta þar með fyrir það, sem löggjöfinni kann að hafa láðzt að taka fram í þessu efni. Ég held, að hann hefði af því heiður, en ekki skömm. Þingsaga hans er orðin löng og sjálfsagt fleira í henni, sem gleymist, en það, sem geymist. Hann var að kvarta undan því, að Bændafl. hefði verið honum eitthvað meinlegur. Það hafa þá líklega fleiri orðið honum ónotalegir. Hann var og að víkja því að Sjálfstfl., að hann hefði eitthvað verið að hnýta í sig. Það hefir ekki verið án þess að hann hafi átt það skilið. En það eru enn aðrir, sem hafa hent í hann hnútum, t. d. sjálfur form. Framsfl. Í Tímanum frá 18. júní segir hann t. d. um þennan mann: „að gamalmenni eða menn, sem ætla sér að standa í hagsmunasambandi við 2—3 fyrirtæki til almennra nota, séu lokkuð sem flugumenn út í ósvinnu“. — Þarna er honum óbeinlínis núið því um nasir, að hann standi í eiginhagsmunatogstreitu út af fyrirtækjum, sem hann kann að hafa hagsmuna að gæta í. Mörg fleiri dæmi mætti tína til úr þessari grein, sem ég nenni ekki að rekja, en þó vil ég minnast á það, sem stendur í niðurlagi greinarinnar. Þar segir, að „ef þessi gamli maður skilji ekki, hvað til sins sóma heyrir, þá verði heilbrigð skynsemi almennings að grípa í taumana. Annars eigi að láta gamla menn fá krossa og titla“. Tek ég þetta fram aðeins til þess að sýna fram á, að það eru sannarlega ekki sjálfstæðismenn, sem eru með ónot í garð þessa hv. fyrrv. þm., og ekki heldur Bændafl., en aftur á móti Framsfl. Þetta er vissulega nokkuð hörð ádeila og vafalaust ekki að öllu leyti að maklegleikum, en ef til vill heldur ekki með öllu að ósekju. Gamla manninum er boðið upp á krossa og eiginhagsmuni. Ég veit ekki, hvað skeð hefir bak við tjöldin. En það veit ég, að gamli maðurinn fekk kross, að frv. það, sem stjórnin ætlaði að flytja um einkasölu á lyfjum, en sú verzlun er sérstakt hagsmunamál gamla mannsins, — hefir ekki komið fram, og loks að gamli maðurinn er nú búinn að svíkja sinn flokk og genginn í lið með þeim, sem gáfu honum krossinn og veifuðu lyfjaeinkasölunni yfir höfði hans. Mér finnst sannarlega ástæða til fyrir þennan hv. fyrrv. þm. að meta mest sóma sinn og enda ekki þingmennsku sína með „flugumennsku“, en taka í þess stað afleiðingunum af því, að hann er ekki lengur í aðstöðu til að halda áfram samvinnu við þá menn, sem hann barðist með, þegar hann fekk þingsætið. Ég geri nú ekki ráð fyrir, að þessi maður grípi til þess ráðs að fara af þingi, nema þá ef svo skyldi vilja til, að einstakir þingm. í stjórnarflokkunum, og þá fyrst og fremst fulltrúar Alþfl. hér á þingi, veittu honum hjálp til þess með því að samþ. brtt. mína. Það er ótrúlegt, að Alþfl. láti undir höfuð leggjast að sýna trúnað sinn við þá hugsjón, sem að sjálfs hans sögn var þungamiðja baráttunnar um lýðræðisréttarbót þá, sem þjóðin fékk með stjskr.breytingunni, og ætti hann því að gefa þessum hv. fyrrv. þm. nauðsynlega hjálp til þess að fullnægja hugsjón stjskr. og bjarga því, sem bjargað verður af hans eigin sóma.

Jón Baldvinsson [óyfirl.]: Í stuttri ræðu í dag gerði hv. frsm. meiri hl. kjörbréfan. svo skýra grein fyrir aðstöðu meiri hl. n. og fyrir till. til rökst. dagskrár, að þar við er engu bætandi í rauninni. Mér hefir ekki fundizt neitt koma fram í þessum umr., sem geti hnekkt því. Hann skýrði alveg rólega frá því, hvaða ráðstafanir stjskr. gerði, þegar um slík tilfelli er að ræða og kæru Bændafl. Það er sem sé augljóst, að samkv. stjskr. og kosningalögunum hefir þingið ekki heimild til þess að víkja þm. burt eftir að það hefir tekið kosningu hans gilda, að almennum kosningum afstöðnum, nema á þann hátt, sem hv. þm. Barð. tók fram í ræðu sinni. Þingið getur því ekki tekið umboð af hv. 2. landsk. Stjórnlagafræðingur, sem kennt hefir við háskólann hér, en er nú dáinn, hefir sagt, að umboð, sem búið sé að veita þm. af þinginu sjálfu, sé óafturtakanlegt.

Þegar þingið er byrjað, er ekki hægt að taka aftur umboð af þm., nema því aðeins að hann hafi misst eitthvert kjörgengisskilyrði, eins og tiltekið er í stjskr. Þau ákvæði 133. gr. kosningalaganna, sem andstæðingarnir reyna að nota til að sanna sína skoðun, staðfesta þetta einmitt beinlínis. Þessi ákvæði stjskr. og kosningal. eru svo skýr, að ekki getur verið um að villast, hvernig skilja beri, hvernig sem persónulegar óskir manna kynnu að vera í þessu efni.

Það hefir verið vikið lítilsháttar að Alþfl. í þessum umr. Hv. þm. V.-Sk. var með svigurmæli í hans garð og sagði, að hann hefði gengið á gefin loforð o. s. frv. Ég álít, að þessu þurfi varla að svara. Þessu var einungis slegið fram, órökstuddu, sem við var að búast. Alþfl. hefir aldrei brugðizt um fylgi sitt við það að gera kosningalögin og stjskr. svo úr garði sem til var ætlazt, þegar hann stóð í samvinnu við Sjálfstfl. um það mál. Aftur á móti verð ég að segja, að mér fannst nokkrir sjálfstæðismenn bregðast, þegar verið var að ganga frá stjskr. og kosningalögunum, aðrir en Jón heitinn Þorlaksson. Hann stóð fast með því, sem um var samið. En svo kemur annað til athugunar, sem hv. form. Sjálfstfl. vakti upp, en það eru þær persónulegu tilfinningar, sem menn kynnu að hafa í sambandi við þetta mál. En þegar farið er að tala um þær, þá er búið að sleppa grundvelli stjskr. Þá er það persónulegur geðþótti, sem menn fara eftir. Menn geta litið á það eftir eigin tilfinningu, hvort þm. fer úr flokki af því, að honum er þar ekki vært, eða af því,, að hann hafi svikið hann. En þá eru menn komnir út fyrir hinn sanna grundvöll þessa máls. — Viðvíkjandi því, sem hv. þm. G.-K. var að vikja að Alþfl., vil ég aðeins segja það, að hann telur sig standa við ákvæði stjskr., þar sem hann álítur ekki hægt samkv. henni og kosningalögunum að hrinda hv. 2. landsk. burt af þingi. Alþfl. ætlar að vernda stjskr. með því að standa með ákvæðum hennar. Hv. þm. G.-K. var í rauninni kominn inn á annan grundvöll heldur en lögfræðingar Sjálfstfl., hv. 1. þm. Skagf. og hv. þm. V.-Sk., því að hann talaði um þetta sem æskilegan hlut, að menn segðu sig úr flokki undir þeim kringumstæðum, sem hér um ræðir. Til þess að einhver heimild væri í lögunum til að svipta landsk. þm. rétti til að vera á þingi, hefði þurft að vera sérstakt ákvæði í stjskr., sem ekki er þar. Ég hefi skrifað upp stutt uppkast að slíku ákvæði, sem þyrfti að gera í stjskr., svo að unnt væri að víkja hv. 2. landsk. af þingi. Það hljóðar svo: „Nú telur meiri hluti stjórnmálaflokks, að landskjörinn þingm. gangi móti málum flokksins; þá getur flokkurinn vikið honum burt, og skal þá varamaður hans taka sæti hans, og eins ef þingm. segir sig úr flokki.“ En þetta ákvæði er bara ekki til í stjskr. Mér er sem ég sjái framan í Bændafl., ef komið yrði með slíka till. í stjskr.! Það yrði ekki lengi verið að drepa hana.

Forsrh. (Hermann Jónasson) [óyfirl.]: Í þessum umr. er eitt atriði, sem mér finnst ekki hafa verið tekið nógu skýrt fram. Ég ætla aðeins að minna á þetta eina atriði, en að öðru leyti tel ég óþarft að fylla upp í þessar umr., vegna þess að þau rök, sem fyrir liggja, hafa verið skýrt fram tekin af hv. þm. Barð. Það er bersýnilegt, að þeir hv. þm., sem halda því fram, að hv. 2. landsk. eigi að fara af þingi, leggja aðaláherzluna á það, eins og greinilega kom fram í ræðu hv. þm. G.-K., að það væri sjálfsagt, að uppbótarþm. færu af þingi, ef þeir breyttu um flokk, og að það væri ekki ástæða til þess að taka þetta fram í stjskr. eða kosningalögum. Eins og hv. þm. hafa séð, hafa umr. í dag meira og meira sveigzt inn á þann grundvöll að viðurkenna, að í kosningalögum og stjskr. eru engin ákvæði til þess að víkja hv. 2. landsk. af þingi. Sama sjónarmið kom fram í ræðu hv. 1. þm. Skagf. Í umr. þeim, sem farið hafa fram seinna í dag, hefir aðaláherzlan verið lögð á það, að vegna þess að í kosningalögunum væri gengið út frá því, að uppbótarþm. væri til jöfnunar milli þingflokka, þá leiddi það af hlutarins eðli, að þeir ættu að víkja burt af þingi, ef þeir skiptu um flokk. Í þessu sambandi vil ég benda hv. þm. á nokkur dæmi. Ég ætla að draga fram tvö eða þrjú dæmi til þess að sýna fram á, hvort ekki muni vera ástæða til þess að taka til greina og athugunar fleiri þingmenn en þá landskjörnu. Fyrst ætla ég að taka það dæmi, að það kæmi fyrir, að þeim uppbótarþingmanni, sem nú er eftir hjá Bændafl., Jóni í Stóradal, líkaði ekki við Stefán Stefánsson frá Fagraskógi, og hann segði sig úr flokknum; þá ætti Jón að verða þm. *En setjum svo*, að *þeim Þorsteini* Briem, hv. 10. landsk., og Jóni í Stóradal líkaði ekki við Bændafl. og notuðu það einfalda ráð að segja sig úr flokknum. Hvernig færi þá? Þá væri einn maður eftir í Bændafl. og enginn maður til uppbótar. Þá sæti Bændafl. uppi með einn einasta þm. og öll hlutföll mundu raskast. Ég ætla að taka annað dæmi. Segjum, að hv. 1. þm. Skagf. eða hv. 2. þm. Rang. eða báðir segðu sig úr Sjálfstfl. og gengju í annan flokk. Hver yrði útkoman? Vitanlega sú, að Sjálfstfl. hefði þrem mönnum of fátt á þinginu, miðað við atkvæðatölu flokksins við kosningar. Það mætti gera ráð fyrir, að átta menn færu úr Sjálfstfl. og að þeir væru allir kjördæmakosnir. Þá stæði Sjálfstfl. uppi með aðeins 12 þm. og sömu atkvæðatölu í sveitum landsins og áður. M. ö. o., öll þessi hlutföll myndu raskast. Þess vegna er það, að ef sérstaklega á að taka þá menn, sem ekki eru kjördæmakosnir, vegna þess að andi stjskr. krefðist þess, til þess að halda jöfnuðinum, þá yrði ómögulegt að komast hjá því að taka líka þá kjördæmakosnu, því að flokkshlaup *þeirra geta líka raskað jafnvæginu og* hlutfalli því, sem gilt hefir við síðustu kosningar. Þannig mætti lengi halda áfram að taka dæmi. Segjum t. d., að tveir til þrír þm. féllu frá og kjósa yrði upp í þeim kjördæmum, sem þeir voru þm. fyrir, og segjum, að andstæðingar þeirra, sem síðast unnu kosninguna, ynnu sætin. Þá gerbreyttust hlutföllin, og sá flokkurinn, sem þingsætunum tapaði, hefði þrem þm. of fátt miðað við atkvæðatöluna, en sá flokkurinn, sem vann sætin, er þá búinn að fá þrjá menn fram yfir þá þm.tölu, sem honum bar, miðað við atkv.fjölda sinn við almennu kosningarnar. Það má líka bæta því við, að ef reikna á út frá því, hvort hlutföllin í þinginu séu rétt, þá er enginn vafi á því, að Bændafl. ber alls ekki með réttu þrír fulltrúar fyrir þá kjósendur, sem hann á í landinu, því að það er vitað, að Bændafl. hefir tapað atkvæðamagni frá síðustu kosningum. Þess vegna væri líklega miklu réttara, að hann hefði einn fulltrúa á þingi heldur en þrjá. Þetta er þriðja dæmið því til sönnunar, að ómögulegt er, að tala þingmanna geti haldizt milli kosninga í fullu

samræmi við atkvæðamagnið við síðustu kosningar, því að það er vitað, að kjósendatalan breytist stöðugt milli kosninga. Með þessari stuttu aths. vildi ég benda á það, að þau rök, sem eru næstum eingöngu færð því til sönnunar, að hv. 2. landsk. eigi að víkja af þingi, m. ö. o. þau rök, að brottvikningin sé nauðsynleg vegna jafnaðar milli þingflokka, fá alls ekki staðizt, vegna þess að ef við göngum inn á þau gagnvart landsk. þingmönnum, þá verðum við einnig að ganga inn á þau viðvíkjandi kjördæmakosnum þm., því að þeir, ekki síður, heldur miklu fremur, raska þeim hlutföllum, sem gilt hafa frá síðustu kosningum, með því að ganga í annan flokk eða með því að mynda nýjan flokk.

Frsm. minni hl. (Gísli Sveinsson): Herra forseti. Ég mun nú ekki fjölyrða um þau atriði, sem ef til vill væri þörf á, því að ég vil gefa öðrum kost á að tala, og þeir munu margir vera, svo að ekki er líklegt, að umr. verði á enda fyrir kl. 7, ef allir tala langt mál. Ég skal þá strax byrja á því, sem hæstv. forsrh. talaði um, sem sé, að hann vildi mótmæla því, að hér gæti verið um jöfnuð að ræða til hlítar á þingmannatölu flokkanna, með því að þó haldið væri í uppbótarsætin og jöfnuð þeirra, þá kæmi annað til greina, sem ruglaði þingsetu manna. svo sem kjördæmakosnir þm. undir vissum kringumstæðum. Hann taldi, að ýmislegt gerði það að verkum, að það væri ekki hægt að tryggja þennan jöfnuð. Þetta er það sama, sem komið hefir fram hjá öðrum hv. ræðumönnum. Það er ekkert nýtt. Og það er einkennilegt, að það skuli koma fram hjá mörgum mönnum úr stjórnarflokkunum; það sýnir, í hvílíkar ógöngur menn eru komnir. Meðan á þessum umr. hefir staðið, hefir það einmitt verið þetta atriði, sem komið hefir fram bæði utan þings og innan sem rök í vöntun annara raka fyrir þá, sem nú vilja halda uppi þessu ástandi með hinn hv. fyrrv. þm., Magnús Torfason, enda þótt enginn geti mótmælt því, að hann er búinn að missa tilverurétt sinn sem þm., ef hann er farinn úr flokknum. Það er í þessum rökþrotum, sem hæstv. forsrh. fer að tala um þann rugling, sem líka geti átt sér stað um þingmannatöluna, þegar um kjördæmakosna þm. er að ræða. En gallinn á þessari röksemdaleiðslu hæstv. ráðh. er bara sá, að þetta atriði er skapað vísvitandi í lögunum á þennan hátt, verða allir að játa það, nema í algerðum skorti annara raka, og þetta átti hæstv. forsrh. að vita sem lögfræðingur. Annars þarf ekki um það að deila, að kjördæmakosningin skapar ekki jöfnuð þingmannatölunnar, því að hún er eins og hún var, og er í raun réttri eftirlegukind frá eldri tímum. Henni var haldið, og það eru nú tvær stefnur uppi í þessu máli: sú gamla og hin nýja. Það er ekki langt síðan um þetta mál var mikið rætt og ritað, en samt sem áður virðast menn vera búnir að gleyma því, um hvað deilan snerist. Endirinn varð sá, eins og ég hefi þegar minnzt á hér á hv. þingi, að löggjöf sú, sem samin var um þetta kjördæmamál, varð miðlunarlöggjöf, þar sem því gamla var haldið lítið breyttu, en því nýja að mestu bætt inn í, en það mátti sín miklu minna. Það er öllum ljóst núna. Það eru léttvæg rök að segja, að ójöfnuður geti komið fram við það, að t. d. kjördæmakosnir flokksmenn eins flokks fari í annan flokk. Vitanlega geta þeir það; við því er enginn varnagli sleginn í stjskr.; þar er aðeins talað um hitt. En fyrst svo getur nú farið, eins og allir vita, er þá minni ástæða til þess að halda í þetta eina atriði, í þann jöfnuð og það réttlæti, sem á að vera til í þessu efni? Er rétt að loka því eina opi, sem réttlætið getur smogið inn um? Nei. Það á að halda því opnu. Það nær að vísu skammt, þetta atriði, þegar einn flokkur hefir fengið of háa þingmannatölu hér á þingi. Við síðustu kosningar fékk Framsfl. t. d. í rauninni of mörg þingsæti, einmitt kjördæmakosin, samanborið við atkvæðamagn hans við kosningarnar. Útkoman er eins, ef flokksmenn einhvers flokks á þingi ganga í annan flokk. Hlutföllin raskast í rauninni jafnmikið á þinginu í báðum tilfellunum. Svona eru lögin gölluð. Það vita sósialistar líka, því að þeir bentu m. a. á þetta á sínum tíma, en nú vilja þeir ekki kannast við það. Enn hefir enginn mótmælt því með neinum rökum, að samkv. skynsamlegu viti ætti uppbótarþm. að fara af þingi, þegar hann væri búinn að missa réttinn til að sitja á þingi, sem grundvallast á því, að hann sé í einhverjum þingflokki. Sumir hafa efast um, að þetta atriði sé svo skýrlega ákveðið, að lög stæðu til að halda þessu fram. Ég og fleiri menn með mér fullyrðum, að lög standa að öllu leyti til þess að fylgja þessu fram. Jafnvel þótt bein ákvæði vantaði um þetta atriði í stjskr., þá má beita anda hennar og tilgangi og óbeinum ákvæðum hennar í þessu efni og fara sömu leiðina og ná sama takmarkinu og byggt væri á beinum ákvæðum. Þegar full ástæða er til, þá ber mönnum að fara þannig að, nema því aðeins, að þeim sé hugleikið að traðka réttu máli.

Ég hefði viljað víkja nokkrum orðum að hv. 9. landsk. (SE), sem talaði hér síðast fyrir hönd sósialista. En ég sé, að hann er fjarverandi, svo að ég mun um sinn geyma þær aths., sem ég hafði ætlað mér að gera við ræðu hans.

Hv. frsm. meiri hl. var fáorður, en þó lítt hógvær í seinni ræðu sinni og hefir sennilega fundizt, að hann hafi mælt ærið nóg í hinni fyrri. Enda höfðu verið hraktir fyrir honum lagastafir, er hann hélt þar fram, svo að hann hafði næga ástæðu til að draga inn seglin.

Hann hélt því fram, að eigi væri hægt að víkja nokkrum þm. af þingi, nema hann hefði misst kjörgengisskilyrði 28. gr. stjskr., hvernig sem hann hefði verið kosinn. Það hefir nú verið sýnt fram á, að undantekningar eru til frá þessari reglu. Þetta er að vísu rétt um hin almennu skilyrði, en auk þeirra eru til sérstök skilyrði sem gilda t. d. um dómara í hæstarétti. Hv. frsm. meiri hl. játaði líka, að sér hefði yfirsézt það atriði. Þessi sérstöku skilyrði koma líka til greina í 133. gr., þar sem svo er ákveðið, að landsk. þm. skuli víkja af þingi og annar taka sæti í hans stað, ef atkvæðamagn á bak við landsk. þm. riðlast við uppkosningu kjördæmakosins þm. Almennu skilyrðin gilda jafnt fyrir alla, en sérstöku skilyrðin geta valdið jafnmiklu um rétt til þingsetu, þar sem þau eiga við.

Hæstv. forseti var að reyna að bera blak af Alþfl. vegna þeirrar afstöðu, sem hann hefir tekið í þessu máli, þvert ofan í fyrri yfirlýsingar og loforð, og fórst það óhöndulega að vonum. Alþfl. stendur enn verr að vigi í þessu máli en Framsfl. Framsóknarmenn hafa aldrei tekið munninn eins fullan um rétt flokksvaldsins eins og Alþfl. hefir jafnan gert. Alþfl. hefir haldið fram rétti og valdi flokkanna bæði í kenningu og framkvæmd, en Framsfl. hefir hinsvegar lítt haldið slíkum kenningum á lofti, þótt flokkskúguninni hafi, eins og allir vita, verið framfylgt til hins ýtrasta í verki innan þess flokks. Hæstv. forseti var að tala um, að hann vildi ef til vill koma fram með till. til að bæta úr þeirri glompu, er hér væri á lögunum. Hann hefir ef til vill sagt þetta í gamni, en þessi ummæli sýna þó, að hann finnur með sjálfum sér, að hér er ekki allt með felldu.

Það hefir verið sýnt fram á með óhrekjandi rökum, að ekki eitt einasta ákvæði í stjskr. eða kosningal. mælir á móti því, að málið sé afgr. á þann hátt, sem minni hl. kjörbréfanefndar leggur til, en margt með. Og jafnvel þótt einhver vafi þætti leika á hinni lagalegu skyldu, er siðferðisskyldan svo augljós, að enginn hv. andstæðinga okkar hefir þorað að vefengja hana og sumir jafnvel viðurkennt hana með berum orðum. Ég vona í lengstu lög, að siðferðisskyldan verði ofan á í þessu máli, og hv. sýslumaður Árnesinga segi af sér þingmennsku sem heiðarlegur maður, jafnvel þótt hann vilji af einhverjum ástæðum ekki kannast við lagaskyldu na. Það er væntanlega ekki af persónulegum ástæðum, heldur eingöngu flokkslegum, að stjórnarflokkarnir leggja nú svo mikla áherzlu á að halda sýslumanni Árnesinga á þingi. Þeir þurfa á atkv. hans en ekki persónu hans að halda, til þess að geta lifað og lafað við völd. Þess vegna er komið annað hljóð í strokkinn nú en er hv. þm. S.-Þ. skrifaði hina frægu grein sína í Tímann um sýslumanninn fyrir kosningarnar í fyrra. Þá var ekki brúk fyrir gamla manninn í þeim herbúðum, þótt hann sé nú vegna kaldhæðni örlaganna orðinn lifakkeri stjórnarflokkanna. Því er það, að þessir flokkar reyna nú að halda honum á þingi þvert ofan í anda og tilgang og jafnvel bókstaf stjskr. og kosningalaga. Enda var því lýst yfir af hálfu forystumanna stjórnarflokkanna þegar í vor, er úrsögn Magnúsar Torfasonar úr Bændafl. varð kunn, að hann skyldi aldrei fara af þingi, hvað sem lögin segðu.

Magnús Jónsson [óyfirl.]: Ég vil byrja á því að leiðrétta umsögn eða misskilning, sem kom fram í ræðu hv. 9. landsk. Hann sagði, að ákvæðin í 133. gr. sönnuðu ekkert, af því að samkv. þeim væru þm. sviptir umboði áður en þing kæmi saman. Þetta er auðvitað auðsæ firra, því að Alþingi ógildir umboðin, þegar það kemur saman. Þetta getur líka gilt sem svar við þeim ummælum, sem hæstv. forseti hafði eftir merkum stjórnlagafræðingi, að umboð þm. væri óafturkallanlegt. Þetta var rétt á sínum tíma, en síðan hafa verið gerðar þær breyt. á stjskr., sem gera það að verkum, að hægt er að afturkalla kjörbréf. Og það byggist á því, að skv. stjskr. hafa landsk. þm. aðra afstöðu en kjördæmakosnir.

Ég vil þá víkja nokkrum orðum að hv. 6. landsk. út af því, að hann sagði, að ef landsk. þm. ættu að víkja af þingi, ef þeir gengju úr flokki sínum, þá ætti hið sama að gilda um þm. Reykv. Ef hv. þm. ruglar þessu saman í alvöru, þá sýnir það, hversu gersneyddur hann er öllum skilningi á því, sem verið er að tala um. Hafi hv. 6. landsk. minnsta snefil af skilningi á málinu, hlýtur hann að sjá, að þm. Rvíkur hljóta að hafa sömu aðstöðu og sama rétt og aðrir kjördæmakosnir þm. Þeir eru að vísu kosnir hlutfallskosningum, en það er einungis til að tryggja rétt flokkanna, vegna þess hve hér eru margir þm. kosnir í einu kjördæmi. Hann færði það helzt máli sínu til sönnunar, að listarnir í Rvík yrðu að vera með flokkslit, eins og landskjörslistarnir. En samkv. kosningalögunum verður hver einn einasti frambjóðandi að sýna flokkslit, og ekki aðeins hann, heldur einnig meðmælendur hans. Aðstaða þm. Rvíkur er því nákvæmlega hin sama og annara kjördæmakosinna þm.

Hv. 6. landsk. hélt því fram, að eftir skilningi okkar væru landsk. þm. einhverskonar þm. nr. 2 eða þingþrælar, eins og hann orðaði það. En lögin eru nú einu sinni eins og þau eru, svo að yfir þessu þýðir ekki að fárast. Hér er um staðreynd að ræða, hversu þungbær sem hún kann að vera hv. 6. landsk. Annars get ég ekki séð, að hér sé um neitt þrælahald að ræða. Málið liggur ósköp ljóst fyrir: Áður voru frambjóðendur úr sögunni, ef þeir féllu í kjördæmi. Nú geta þeir komizt inn á þing með dálitið annari aðstöðu. Þó eru hinir landsk. þm. verndaðir af 43. gr. stjskr. alveg eins og kjördæmakosnir þm. Þeir mega greiða atkv. alveg eins og þeir vilja í hverju máli, sem sagt fylgja sannfæringu sinni alveg eins og hinir, en þeir mega bara ekki gera eitt, og þetta eina er einmitt það, sem sýslumaður Árnesinga hefir gert: að losna úr flokki sínum. Ef M. T. hefir sagt sig úr Bændafl., sem virðist augljóst á því, að hann hefir látið ómótmælt þeim skilningi flokksstj., sem hún tilkynnti honum, að hún legði í þau ummæli hans, að hann sliti samvinnu við flokkinn, þá hefir hann hér gert alveg hið sama og þm. gerir, sem leggur af sjálfsdáðum niður þingmennsku. Sá þm., sem það gerir, sviptir kjördæmi sitt þm. og það verður að fá annan í staðinn. M. T. hefir svipt flokk sinn þingmanni, og flokkurinn á rétt á öðrum í staðinn, alveg eins og kjördæmið.

Ef vit er í því á annað borð að skipta landinu í kjördæmi, þá byggist sú skipting á því, að hentugt sé, að á Alþingi eigi sæti menn með staðþekkingu og kunnugleika sem víðast um land, menn, sem kjósendur hinna einstöku héraða geta snúið sér til með sín sérstöku áhugamál. Þessi skilyrði geta verið uppfyllt alveg án tillits til þess, hvaða flokki þm. kjördæmisins telst. Því getur úrsögn kjördæmakosins þm. úr flokki sínum ekki haggað þessum skilyrðum. Uppbótarþm. er hinsvegar fyrst og fremst þm. fyrir flokk sinn til að tryggja rétt hans. Af því

leiðir, að ef hann segir sig úr flokki, segir hann af sér þingmennsku um leið. Þetta er grundvallarmismunurinn á þessum tveimur tegundum þingmanna.

Hér er því ekki um neitt þrælahald að ræða, heldur aðeins eðlilegan afstöðumun, sem leiðir af mismunandi kosningu þessara tveggja þm. En til þess að geta átt sæti á þingi má kjördæmakosni þingmaðurinn ekki segja af sér þingmennsku fyrir hérað sitt, né heldur má landskjörni þingmaðurinn fremja þá pólitísku kviðristu, að segja sig úr flokki sínum, því að flokkurinn er hans kjördæmi.

Í stjskr. er ákveðin tala þm. í hverju kjördæmi kosningu eftir kosningu. Þannig skulu vera 6 þm. í Rvík 1 í Gullbr. og Kjósarsýslu, 2 í Skagafirði o. s. frv. Þessu er slegið föstu, og falli umboð niður af einhverjum ástæðum, verður þegar að fylla í skörðin.

Tala landsk. þm., eða lágmark hennar, er hinsvegar ekki ákveðin fyrirfram, heldur eftir kjördæmakosningar, eftir vissum reglum. Það er því alveg eins víst nú, að eins og G.-K. á að hafa 1 þm. á þingi, svo á Bændafl. að hafa 3. Verði sæti laust í Rvík, tekur það varamaður. Alveg á sama hátt á 1. varamaður Bændafl. að taka sæti Magnúsar Torfasonar, sem sagt hefir skilið við flokk sinn, sem er hið eina kjördæmi landsk. þm. Það var mjög sláandi, er hv. frsm. meiri hl. fór að bera þá saman, hv. 1. þm. Skagf. og hv. 7. landsk. sem báðir höfðu boðið sig fram fyrir sama flokk í sama kjördæmi. Hann sagði, að það væri undarlegt, ef þessir tveir menn ættu ekki báðir að hafa sama rétt. En lögin eru nú einu sinni svona. Annar nær kosningu í kjördæmi sínu, en hinn fyllir upp þá tölu, sem flokkur hans á að hafa á þingi. Í því liggur munurinn.

Hæstv. forseti sagði í ræðu sinni, að menn hefðu svo misjöfn viðhorf og tilfinningar að ekki mætti fara eftir þeim í máli sem þessu. Ég er honum sammála um það, að rétt sé að hafa hér fastan bókstaf. En er það þó ekki svo, þegar lögfræðingar deila um lagaatriði, að báðir þykjast hafa á réttu að standa, alveg eins og þegar almennir menn deila um almenn efni?

Og auk þess má á það líta, að tilfinningunum hefir einmitt verið gefið meira ráðrúm í málum svipuðum því, sem hér liggur fyrir, en annars tíðkast í löggjöfinni, eins og sést á því, að Alþingi úrskurðar sjálft um kosningu þm., í stað þess að láta dómstóla gera það, eins og beinast lægi við, ef eingöngu væri blínt á lagabókstafinn. En þingmenn hafa viljað hafa þetta svona, að láta leikmenn dæma í þessum oft mjög svo viðkvæmu málum. Það hefir oft verið að þessari tilhögun fundið og úrskurðir Alþingis taldir pólitískir, og hafa sjálfsagt stundum verið það. En þó hafa þm. viljað halda þessu fyrirkomulagi.

Þegar ég var kosinn á þing í fyrsta sinn, var kosning mín tekin gild af Alþingi, þrátt fyrir svo mikla ágalla, að enginn dómari hefði lögum samkv. getað tekið hana gilda. Það höfðu nefnilega kosið nokkur hundruð manna, sem ekki voru í kjörskrá. En vegna þess að alveg augljóst var, að þessi mistök við kosninguna gátu ekki hafa ráðið úrslitum, úrskurðaði Alþingi kosninguna gilda. Þessi úrskurður var því fyllilega samkvæmur heilbrigðri skynsemi, þótt hann gengi auðsjáanlega í bága við bókstaf laganna. Þannig er það í samræmi við heilbrigða skynsemi og sómatilfinningu þingmanna, að Magnús Torfason eigi að víkja af þingi eftir að hann hefir sagt sig úr flokki sínum, þótt lagabókstafurinn kunni að vera ekki alveg ótvíræður.

Umr. frestað.

Á 15. fundi í Sþ., 14. okt., var umr. fram haldið.

Jónas Jónsson[1]): Margir þm. hafa nú rætt um þetta mál. Íhaldsmenn og varalið þeirra stynur þungan út af því að geta ekki að lögum svipt einn af þm. umboði sínu. Mér þykir við eiga að skýra stuttlega harmsögu þessara manna.

Það er vitanlegt, að hlutafélagið Kveldúlfur stofnaði til klofnings þess í Framsfl., sem Jón Jónsson hefir staðið að. Tilgangurinn var sá með þessum liðhlaupum, að vega að baki Framsfl. og ná meiri hl. í þinginu fyrir hagsmuni glæframanna og spekúlanta. Í þessu skyni var reynt að fá í hverri sýslu menn til framboðs fyrir varaliðið, sem höfðu persónulegt fylgi og mætti búast við, að gætu dregið framsóknarmenn frá flokki sínum. Upp úr þessum smábrotum ætlaði íhaldið sér að fá nokkra uppbótarþingmenn, er það réði fullkomlega yfir. Og til að ná þessu takmarki lánaði Ólafur Thors meginið af fylgi Hannesar Jónssonar til að koma honum að. Síðan ætlaði Kveldúlfur svo sem að sjálfsögðu að hafa allar tekjur, sem inn kæmu á „móðurskipið". Og gremjan gegn Magnúsi Torfasyni kemur öll af því, að hinir lævísu útreikningar íhaldsins hafa strandað á skapfestu hans.

Jón Jónsson og Þorsteinn Briem lögðu megináherzlu á að fá sýslumann Árnesinga til framboðs þar í sýslu. En þeir ætluðu að hafa hann að leiksoppi. Þeir ætluðu honum að veikja Framsfl. svo mikið, að hann tapaði báðum þingsætunum í sýslunni, en íhaldsmenn kæmu í staðinn. Og að sjálfsögðu ætluðu þeir sýslumanni að falla. Hann átti að vera fórnarlamb þeirra félaga, Jóns Jónssonar og Þ. Briems. Hann átti að falla sjálfur, fella Framsóknarmenn í kjördæmi, en gefa yfirboðurum sínum, Kveldúlfi og piltum hans, dávænan forða af atkvæðum handa einhverjum íhaldsfylgifiskum.

Sýslumanni Árnesinga mun ekki hafa verið ókunnugt um innræti þessara manna. Hann þekkti þá úr Framsóknarfl. Hann vissi að allir þeir þingmenn, sem klofið höfðu sig út úr flokknum, höfðu verið mestu meinsmenn hans í þingflokknum. Honum var fullljóst, að Jón Jónsson hafði átt aðalþátt í að svikja hann í tryggðum við forsetavalið 1930, og að öll framkoma Jóns Jónssonar og félaga hans hafði gagnvart sýslumanni verið samfelld keðja af undirferli og móðgunum.

1) Handrit innanþingsskrifara að ræðu þessari hefir glatazt, og er ræðan eins og hún birtist hér samin af ræðumanni eftir minni.

Þegar Jón Jónsson byrjaði að biðla til hans sem frambjóðanda í því skyni að leika með hann, virðist sýslumaður hafa hugsað, að óvíst væri, hvor þeirra yrði ráðkænni eða slyngari. Sýslumaður sá, að alveg eins gat farið svo, að hann yrði giftudrýgri. Árnessýsla var sterkt kjördæmi og hann átti þar marga vini. Sýslumaður reiknaði með því, sem varð, að hann hlyti að verða með þeim hæstu, ef ekki hæstur af öllum þeim, sem féllu, en hafði skilyrði til að vinna uppbótarsæti. Sýslumaður var allfús til þingsetu, og hafði alveg sérstaklega ánægju að því að verða á þennan hátt við ósk þeirra manna, sem árum saman höfðu setið um að geta honum alla þá skapraun, sem þeir gátu. Í þessu tafli gat hann vænzt þess, að Jón Jónsson félli á gamalli og nýrri lævísi og sviksemi í garð hans.

Óheilindi Jóns Jónssonar og íhaldsins kom glöggt fram þegar talningu var lokið í Árnessýslu og séð var um hina háu atkvæðatölu sýslumanns. Varð þá hið eina hálmstrá svokallaðra flokksmanna sýslumanns, en raunverulega verstu fjandmanna hans, að Stefán í Fagraskógi fengi hærri atkvæðatölu og kæmist að. Hann var íhaldsmaður, og honum treystu bæði íhaldsmenn og varaliðið. Meðan verið var að telja í Eyjafirði var öll þjóðin milli vonar og ótta. Svafar Guðmundsson sýndi óheilindi sín gagnvart sýslumanni með því að verða nær yfirbugaður af hryggð og reiði, þegar hann sá, að sýslumaður var hærri en Stefán Stefánsson. Það var þess vegna ekki farið í grafgötur með það, að meining íhaldsins var að svíkja sýslumann og hafa hann að forhleypismanni.

Með kosningasigri sínum, eins og hann bar að, var sýslumaður búinn að jafna metin við Jón Jónsson og íhaldið, sem hafði ætlað að bæta einni misgerð við margar eldri, með því að nota hann til að draga atkvæði til framdráttar Mbl.-stefnunni. En þegar kom til stjórnarmyndunar, gafst honum tækifæri til að minna Ásgeir Ásgeirsson á fallvaltleika veraldarlánsins. Ásgeir Ásgeirsson hafði af hégómleika og vöntun á góðum siðum gerzt til að vega að sýslumanni Árnesinga innan Framsfl. 1930 og fengið að launum þá tylft af krossum, sem nú eru hans mesta skraut. Ásgeir Ásgeirsson hafði boðið sig fram utan flokka 1934 í þeirri trú, að svo kynni að muna á flokkunum, að hans atkvæði eitt gæti ráðið úrslitum um stefnu og stjórnarmyndun. Mun hann þá hafa talið líklegt, að hann gæti gert sig ærið dýrkeyptan um stuðninginn. En þegar Magnús Torfason komst að, á þann hátt, sem orðið var, og með þá forsögu, sem hann hafði um æfilanga baráttu við íhaldið, þá var auðséð, að hann myndi í helztu stefnumálum veita umbótaflokkunum stuðning, og það af heilum hug. En þá var sýslumaður Árnesinga síðasta atkvæðið, en ekki þm. Vestur-Ísfirðinga. Um leið var hann orðinn gildislítill á markaðinum, svo gildislítill, að hann fór í skemmtiferðir til fjarlægra landa um þingtímann, af því hans var ekki þörf, og engin aðstaða til verzlunar. Leikar höfðu þá farið svo, að í sjálfum kosningunum höfðu íhaldsmenn og varalið þeirra fallið á sínu eigin bragði gagnvart sýslumanni Árnesinga, en við stjórnarmyndunina hafði hann, með því einu að vera trúr sinni fornu lífsskoðun gert mögulegt fyrir umbótastjórn að starfa, án þess að vera háð verzlun um hvert mikilsvert málefni við þann mann, sem hafði gert sig að forsætisráðherra fyrir Framsfl. 1932, til að leysa kjördæmamálið 1933 og 1934 eftir óskum íhaldsins og þvert ofan í óskir Framsfl. eins og þær komu fram í kosningum 1931. Ásgeir Ásgeirsson hafði tekið við stjórnarflokki, sem taldi 23 menn. Eftir 1 ár var hann búinn að tapa 6 þingsætum, og eftir eitt ár þar frá laumaðist hann úr þeim flokki, sem hann átti að þakka öll sín metorð og veraldargengi, laumaðist burtu síðasta dag áður en framboðsfrestur var úti, til þess að hinir gömlu samherjar gætu ekki boðið fram á móti honum. Eftir kosningarnar ætlaði Ásgeir Ásgeirsson að vera með þeim, sem mestan vildi gera veg hans, eins og málum var komið.

En sigur sýslumanns Árnesinga skar sundur þennan veika en litljóta valdabaráttuþráð Ásgeirs Ásgeirssonar. Það var eins og hulin hönd væri að kenna hinum vel krossaða og heppna veiðimanni frá 1930, að hann hefði þá brotið of mikið af sér til þess að sleppa skaðlaus frá því í kreppusjóði mannlegs lífs.

Þegar ég lít á gang þessa máls, þykir mér sigurför sýslumanns Árnesinga helzt minna á giftuspor kafarans í hinu fræga kvæði Schillers. Þegar hringnum var hent ofan í hið æðandi sund, þá mæltu öll rök með því, að hverjum, sem reyndi að synda eftir hringnum myndi bani búinn. En kafarinn fór. Straumurinn bar hann að kóralgrein, þar sem hringurinn hékk, mitt í djúpinu. Og síðan kom annar straumur og bar hann upp til ljóss og lífs. Sýslumaður Árnesinga fór eins. Hann kafaði í hið hættulega djúp kosninganna. Hann var frá hálfu sinna svokölluðu samherja, varaliðsmanna, umsetinn af jafngeigvænlegum rándýrum og kafarinn í hafdjúpinu. En giftan var með sýslumanni Árnesinga. Straumurinn bar hann til lífs og áhrifa. Og í hendinni hafði hann dýrgripinn, kjörbréfið, sem átt hefir svo mikinn þátt í gæfu og gengi Íslendinga hin síðustu missiri.

Íhaldsmenn og varalið þeirra hefir fyrr og síðar gert Magnúsi Torfasyni allt til vansæmdar og skaða, sem þeir hafa getað. Og ástæðan er sú, að hann er fæddur umbótamaður og getur aldrei orðið annað. Þeir ætluðu að hafa hann að leiksoppi, til framdráttar afturhaldinu. En þeir áttu að vita, að það var tilgangslaust. Með einhuga baráttu langrar starfsæfi hafði Magnús Torfason sýnt og sannað öllum landslýð, hver var stefna hans. Þess vegna kemur íhaldinu og varaliði þess í koll, ef það hefir einhver óþægindi af því að ráðgera, að hann endi starfsdaga sína með því að vera þjónustumaður afturhalds og spillingar í landinu. Í skiptum við sýslumann Árnesinga hafa gamlir og nýir andstæðingar hans fallið óhelgir á eigin tilverknaði.

Ólafur Thors: Ég skildi ekki samlíkinguna hjá hv. síðasta ræðumanni og veit því ekki almennilega, hvað hann átti við, en mér finnst liggja beinast við að skilja hana svo, að hinn

„djarfi kafari“, sem kom upp með dýrgripinn, þ. e. a. s. Magnús Torfason, hafi kafað til grunns hjá framsóknarmönnum og séð þar hinar ýmsu skepnur. Og hver var dýrgripurinn, sem hann kom upp með? Það var sigur Bændafl. En skepnurnar, sem hann lét kjósa sig á þing, eru þá kjósendur Framsóknar. Hv. þm. S.-Þ. hefir þó sennilega ekki ætlað að fara að bera óhróður á sína eigin flokksmenn, en það er varla hægt að skilja þessa samlíkingu öðruvísi.

Það er gaman, eftir 1½ klst. langloku, að sjá hv. þm. komast að þeirri niðurstöðu, að MT sé uppbótarþm. guðs almáttugs, og er þá væntanlega til jafnvægis við menn eins og hann sjálfan. Að öðru leyti verð ég að leiða að mestu hjá mér hjal hv. þm. S.-Þ., því að það kom fæst málinu við. Þó get ég ekki látið undir höfuð leggjast að mótmæla því, sem eitthvað snerti málefnið í ræðu hans. Hann talaði um drengskaparleysi Sjálfstfl. að ganga ekki inn á, að hv. 2. landsk. fengi sérstakan ræðutíma við útvarpsumr. Það er ekki þannig að skilja, ef útvarpsumr. hefðu farið fram um málið, þá hefði okkur líkað bezt, að hv. 2. landsk. hefði talað sem lengst og mest, því að við getum ekki gert ráð fyrir, að það gæti verið hættulegt þeim málstað, sem hann talar gegn. En við gátum ekki gengið inn á þetta vegna þess, að hér átti sá að fá sérréttindi, sem vafasamt var, að ætti að eiga þingsetu, og þar sem vitað var, að tveir flokkar myndu verja og tveir sækja og þannig verða jafn tími til sóknar og varnar, þá var ekki ástæða til þess að leyfa honum að tala og ganga þannig út fyrir þingsköp. Þetta skilja allir nema hv. þm. S.-Þ.

Hv. þm. S.-Þ. sagði, að það væri ranglega skilið í umræddri niðgrein hans um M. T., að þar fælust dylgjur um lyfjasölu. Það stendur beinum orðum í greininni. En í tilefni af því, að hv. þm. var með sitt venjulega karlagrobb og sagði, að þessi grein væri svo vel skrifuð, að ég gæti ekki hafa skrifað hana, þá vil ég segja það, að ég er ekki kominn á grobbsaldurinn, og víst er um það, að slíka grein gæti ég ekki hafa skrifað, hvorki hugsað hana né samið. Og því síður gæti ég farið að dingla hér framan í Magnús Torfason skottinu, eftir að hafa skrifað um hann þessa svívirðilegu níðgrein fyrir kosningarnar, þegar hann, þessi „djarfi kafari“, reyndi að fljóta inn á þing. Nei, slíka grein hefði ég ekki getað skrifað, og ég þekki engan annan en hv. þm. S.-Þ., sem ég trúi til slíks ósóma.

Hv. þm. S.-Þ. neitar því, að hann hefði haft í hótunum við hv. 2. landsk. um að koma á einkasölu á lyfjum, því hann væri of hygginn til að halda, að slíkt hefði haft áhrif á MT. En greinin gefur þó í skyn, að þennan gamla mann hafi mátt kaupa sem hross á markaði. Hv. þm. segir í greininni, að M. T. sé „gamalmenni“, „flugumaður“, „sem lokkaður hafi verið út í ósvinnu“, „aldur og hnignun einkenni hann“, og í kosningunum 1933 hafi komið fram þessi ellimerki. Hann segir, að undir eins og Jón í Stóradal vissi þetta, hafi hann farið að „ginna hann með blekkingum“ og M. T. látið undan honum. Þetta allt stendur í greininni. Og hvað er þá líklegra en þetta „gamla flugumenni“, sem lætur „ginnast af blekkingum“, sé eðlilega veikt fyrir, þegar ræða er um kaup og sölu. Ef M. T. ætli á þing, segir hv. þm. S.-Þ. ennfremur, þá verði „heilbrigð skynsemi almennings að grípa í taumana. En ef hann vill láta kaupa sig, þá á hann að fá kross og titla“. Ég segi ekki, að hv. 2. landsk. hafi látið kaupa sig, en hv. þm. S.-Þ. vildi láta kaupa mann með krossum. En hinn „frækni kafari“ komst á þing, og nú er hann orðinn dæmalaus maður, og hann er líka búinn að fá krossinn, hann fékk hann í október 1934, strax og þingið kom saman, hann fékk krossinn og varð góða barnið. Og frv. um einkasölu á lyfjum, sem altalað var, að ætti að koma fram á þinginu, kom ekki fram. En með krossinn á brjóstinu og einkasölufrv. í vasanum kyssti hann á hönd hv. þm. S.-Þ., og svo er hann drengskaparmaður á eftir!

Ef hv. 2. landsk. hefði verið dauður (því að þá er oft litið á ljósari hliðar hjá mönnum), þá gæti ég skilið þessa breyttu dóma um „flugumanninn“ og „gamalmennið“. En ég skil ekki, að hv. þm. S.-Þ. skuli geta haft geð í sér til þess nú, eftir að hafa skrifað um M. T. jafnsvívirðilega níðgrein, að dingla hér skottinu framan í hann. Ég á ekki orð yfir slíkt. Nei, satt er það, slíka grein gæti ég ekki skrifað.

Hv. þm. sagði, að það væri hægt að líta svo á mína brtt. við dagskrártill. meiri hl., að ég hafi slegið því föstu, að ekki standi í lögum kröfur um brottvikningu hv. 2. landsk. Þetta er ekki rétt. Með till. minni vakir það fyrir mér, að um leið og ég játa, að ég vefengi ekki, að þeir menn, sem halda því fram, að í stjskr. og kosningal. skorti ákvæði þessu til fullgildingar, geri það samkv. beztu vitund, vildi ég gefa Alþfl. kost á að sýna, hvort þyngra er á metunum hjá Alþfl., tilhneigingin til að hanga við völd á þingsetu M. T. eða trúnaðurinn við þá lýðræðishugsjón, sem við báðir börðumst saman fyrir. Ef trúnaðurinn við lýðræðishugsjónina er meiri, þá eiga Alþfl.þm. að greiða atkv. með minni till. Því að það er misskilningur hjá form. Alþfl., hæstv. forseta, að hann og flokkur hans með því að greiða atkv. með till. minni kveði upp dóm um persónulegar tilfinningar. Mín till. á ekkert skylt við það, hvort M. T. hefir átt við þröngan kost að búa hjá Bændafl. og hafi því ekki af persónulegum ástæðum getað unað þar. Þetta kemur málinu ekkert við. Kjarni málsins er sá, að allur tilgangur kosningal. og stjórnarskrárbreytingarinnar fólst í því að gerðar yrðu ráðstafanir til, að Alþ. yrði skipað sem réttustum hlutföllum milli flokka eftir því, sem vilji kjósendanna sýndi við kosningarnar. Með þessari skipun var sköpuð ný tegund þm., uppbótarþm., sem átti að úthluta milli flokka eftir atkvæðum í hlutfalli við kjördæmakosningar þm. Nú er hv. 2. landsk. kominn á þing sem uppbótarþm. Bændafl. Af því leiðir, að hann er eingöngu réttmætur þm. meðan hann stendur í þeim flokki, en ekki öðrum. Hv. 2. landsk. er farinn úr þeim flokki; með því er jafnvæginu raskað. Þetta er augljóst mál. Og hæstv. forseti Sþ. hlýtur að samsinna það með mér, að úrskurðurinn um það, hvort hv. þm. vilja greiða atkv.

með minni till. eða ekki, snertir ekkert það, hvort M. T. hefir haft ástæður til að fara úr Bændafl. eða ekki. Hann er farinn úr flokknum; það er staðreynd, og það eitt skiptir máli.

Til andsvara hæstv. forseta, er hann minntist á það, að hinn látni fyrrv. form. Sjálfstfl. hafi ekki verið ánægður með stjórnarskrárbreyt. og þótt þar skemmra gengið en hann hefði óskað, þá vil ég benda hæstv. forseta á, að það, sem á milli bar, var það, að honum þótti ekki nægilega tryggt vald flokkanna. Þetta er því óheppileg tilvitnun hjá hæstv. forseta til þessa mikilsmetna látna þm., því að hún styður einmitt minn málstað, en ekki hans.

Hæstv. forseti endaði ræðu sína á því, að hann og Alþfl. ætluðu sér að vernda stjskr., og hann sagði, að þeir hefðu barizt fyrir anda hennar með því að beita sér gegn því, að M. T. yrði vikið af þingi. Ég hygg það vera rétt, er ég segi, að ef hæstv. forseti heldur fast við. að hér skorti föst ákvæði í kosningal. og stjskr., er styðji brottvikninguna, þá gefist honum og flokki hans aðstaða til að sýna trúnað við stjskr. með því að styðja dagskrártill. mína, þar sem lagalegur réttur er látinn liggja milli hluta. En vilji þeir vernda anda laganna, sem er sá, að uppbótarþm. sé til uppbótar ákveðnum flokki, og jafnframt vernda lagabókstafinn, þá samþykki þeir fyrst brtt. mína og dagskrártill. á eftir.

Ég hefi ákveðið að orða hugsun mína ofurlitið öðru vísi en gert er í till. þeirri, er ég hefi lagt fram. Er það gert í því skyni að greiða götu hæstv. forseta og flokks hans til fylgis við hana. Tek ég till. því aftur, en legg í þess stað til að aftan við orðin „að taka kæruna eigi til greina“ í dagskrártill. meiri hl. komi: „enda þótt þingið verði að telja það samkv. tilgangi uppbótarþingsætanna í hinni nýju kosningalöggjöf, að landskjörinn þm., sem skilur við flokk sinn, láti samhliða af þingmennsku.“

Þorsteinn Briem [óyfirl.]: Hv. þm. S.-Þ. hefir sýnt mér þá kurteisi að heilsa upp á mig með nokkrum orðum, enda er hann nýkominn til landsins. Ég vil því líka nota þetta tækifæri til þess að bjóða hann velkominn úr þessari frægu utanferð sinni, sem ýms orð hafa verið notuð um, jafnvel orð eins og „luksusflakk“.

Ég vil samfagna þessum hv. þm. með það ágæta starf, sem hann hefir unnið í þessari ferð sinni, og ég tel það ánægju og æru fyrir mig að hafa verið einn þeirra, er lögðu undirstöðu að því að gera þetta ferðalag ódýrara fyrir ríkissjóð. En um leið og ég samfagna þessum hv. þm. get ég ekki komizt hjá því að samhryggjast honum líka. — Allir vita, hve mikil skapraun það var þessum hv. þm. að komast ekki í ríkisstj. síðast er stjórn var mynduð; með þetta verð ég að samhryggjast honum. Ég verð líka að samhryggjast honum, að hann skyldi vera settur hjá við úthlutun annars embættis; ég verð líka að samhryggjast honum, að hann skuli hafa verið settur undir ritskoðun hjá blöðum flokks síns. Ennfremur verð ég að samhryggjast honum af því, að hann hefir verið settur út í horn í fjárveitinganefnd og annar maður tekið forystuna þar. — Það er von, þegar slíkar raunir ber að höndum, að hv. þm. S.-Þ. verði í vandræðum með það, hvað hann eigi að gera.

Honum var á síðastl. vori bent á það af einum samherja sínum, að hann skyldi hafa það sér til dundurs í ellinni að rifja upp fyrir sér og lesa í gömlum blaðagreinum um hugsjónir þær, sem hann hefði barizt fyrir, en væri nú búinn að svíkja. Hann hefir því miður ekki fylgt þessu ágæta ráði samherja síns, en er nú flúinn inn í vígi rangfærslanna, rógburðar og ósanninda og eys þaðan eðju sinni, og hann má vera óáreittur af mér í þessu vígi sínu. Það er og almennt viðurkennt, að með árásum sínum gerir þessi hv. þm. andstæðingum sínum beinlínis gagn; og þetta gagn er svo mikið, að það má ekki vanþakka. Ég vil sérstaklega þakka þetta, því að ég veit, að hann hefir veitt þeim flokki, sem ég tilheyri, mjög mikinn styrk og stuðning með árásum sínum á hann.

Ég hefi heyrt málsháttinn, að ekki megi nefna snöru í hengds manns húsi, og tel líklegt, að hann sé á rökum byggður. Ég varð því meira en lítið undrandi, þegar hv. þm. fór að nefna orð, sem í hans munni hljómuðu eins og snara í hengds manns húsi. Það var þegar hann fór að tala um drengskap, og því meira hlaut manni að bjóða við, þegar þessi hv. þm. nefndi nafn manns, sem að ágætum var hafður fyrir drengskap, en nú er nýlega dáinn.

Hv. þm. S.-Þ. brá sér líka brátt úr þessum ham, og kom með persónuleg brigzlyrði um utanþingsmann, og mátti þá segja, að hann væri kominn þangað, sem menn áttu hans von, og í þann ham, sem hann var auðþekktur í. En leiðinlegt var að hlusta á þá raunasögu, sem hann hafði af sér að segja. Alltaf var hann að telja upp dæmi um það, hvernig hann hefði verið bugaður og ofurliði borinn og það jafnvel af smávöxnum mönnum eins og t. d. Jóni í Stóradal. Um þetta kom hann með hvert dæmið á fætur öðru. Hann hefir stundum talað um okkur Jón í Stóradal sem smámenni, en þessum smámennum hefir þó tekizt að buga mikilmennið Jónas Jónsson. Mér finnst þetta svo átakanleg raunasaga og hefi svo mikla samkennd með hv. þm. S.-Þ., að ég vil ekki þylja þessa raunatölu oftar.

Það, sem hv. þm. S.-Þ. jós úr sér um utanþingmenn, var m. a. það, að viss maður hefði viss laun. Ég hygg, að laun Jóns í Stóradal séu svipuð og laun þau, sem einn ákveðinn flokksbróðir hv. þm. S.-Þ. hefir fyrir aukastarf, sem mun taka hann ½ klst. á dag; en svo var að heyra, sem hv. þm. þættu þetta há laun, þegar hans flokksmaður átti ekki í hlut, en núv. ríkisstj. hefir ekki séð ástæðu til að breyta launum Jóns í Stóradal, og er þó liðið rúmt ár síðan hún tók við völdum.

Þá var hv. þm. S.-Þ. að drótta því að mér, að ég hefði fengið vissan þm. til þess að óhlýðnast sér. En sá þm. þurfti ekki leiðbeiningar við frá mér. Hann þekkti hv. þm. S.-Þ. vel, jafnvel betur en ég, af löngu samstarfi.

Þá var hann einnig að tala um, að engir tveir menn mundu okkur Jóni í Stóradal líkir. En ég vil segja, að enginn einn maður sé sá, sem komi

til jafns við hv. þm. S.-Þ. eða sem honum sé fráleitari til að nefna drengskap.

Í öllum vaðli hv. þm. S.-Þ., sem stóð yfir hátt á aðra klst., rataðist honum þó einu sinni satt á munn. Hann sagði það réttilega, að Alþfl. og Sjálfstfl. hefðu viljað hafa raðaða landslista, svo miðstjórnir flokkanna fengju því betur ráðið, hverjir skipuðu uppbótarsætin, og hann játaði, að Tímaflokkurinn hefði verið með því að auka þetta vald flokkanna.

Þá vék þessi hv. þm. lítilsháttar að framkomu sinni gagnvart hv. sýslumanni Árnesinga fyrir kosningarnar 1934, og var að reyna að þvo sig af árásum þeim, sem hann þá hóf á þennan hv. sýslumann, — en fyrr mátti nú vera kisuþvottur. Það mætti segja langa sögu af þeirri rógsstarfsemi, sem hv. þm. S.-Þ. hóf á móti hv. sýslum. Árn. á undan prófkosningunni, en um það skal ég ekki tala langt mál að þessu sinni. Það hefir verið vel rakið hér í blaði, og hv. þm. hefir ekki séð sér fært að gera aths. við þá frásögn né hnekkja henni að nokkru.

Þá ætlaði hv. þm. S.-Þ. að telja þingheimi trú um, að okkur Bændaflokksmönnum hefði ekki dottið í hug, að hv. sýslum. Árn. kæmist að í þessu fjölmenna kjördæmi. Heldur hann þá, að hann geti talið nokkrum trú um það, að við höfum ekki lesið svo mikið í kosningalögunum, að við vitum, að fyrsta uppbótarsæti er skipað þeim manni, sem hefir hæsta atkvæðatölu, og því mestar líkur til þess, að sá, sem er í kjöri í fjölmennasta kjördæminu, verði fyrsti uppbótarþm.? Þó hann sé æfður í að rangfæra rétt mál og hagræða sannleikanum, þá fatast honum hér, og mætti því gefa honum það ráð, sem mælt er, að bóndi einn hafi gefið konu sinni: „Ef þú ferð að ljúga, þá ljúgðu laglega“.

Þá fór hv. þm. S.-Þ. að búa til róman út af því tali, sem verið hefði í Árnessýslu og Eyjafjarðarsýslu um það, hvort sá maður kæmist að sem Jónas Jónsson hefði lýst eins og hann lýsti hv. sýslum. Árn. Þeir, sem lesið hafa lýsinguna og muna eftir henni, geta því nærri, hvort þessir menn hafi staðið á öndinni af eftirvæntingu um, að sá maður kæmist að.

Hv. þm. S.-Þ. bar það fram, að á fundi, sem flokksfélag Árn. hélt á Selfossi, hafi hv. sýslum. Árn. ekki verið boðaður. Það er nú upplýst, að fyrrv. flokksstjóri, Tryggvi Þórhallsson, hafi beðið hann að koma á þennan fund. Hvort fyrstu boðin hafa misfarizt, veit ég ekki. En formaður flokksins fékk grun um, að svo hefði verið, og símaði þá til hv. sýslum. Árn. og bað hann að koma á fundinn.

Hv. þm. S.-Þ. var enn á ný að reyna að koma því að, sem hann áður hefir verið að jóðla á í blaði sínu, að hv. þm. V.-Húnv. hafi verið kosinn af íhaldsmönnum og komizt að á íhaldsatkv. En þetta er alrangt. Hv. þm. V.-Húnv. dró fjölda marga úr Sjálfstfl. og yfir í Bændafl., og má þessu til sönnunar nefna marga menn með nöfnum.

Þá er ég kominn að því atriði í ræðu hv. þm. S.-Þ., sem mig undraði mest, en það var þegar hann leyfði sér að segja það, að Bændafl. hefði ætlað að reka sinn fyrrv. form., og vitnaði í því sambandi í samtal, sem þeir hafi átt nokkru áður en fyrrv. form. flokksins, Tr. Þórh., lézt. Þetta gerir hv. þm. S.-Þ. sýnilega í því trausti, að orð hans verði ekki afsönnuð, vegna þess að þau séu höfð eftir manni, sem nú er dáinn. En ég get frætt þennan hv. þm. á því, að Tryggvi heitinn Þórhallsson sagði bæði mér og fleirum frá þessu samtali sínu við hann, og mér er því vel kunnugt um, hvað þeim fór á milli. Og það er mjög lýsandi fyrir hv. þm. S.-Þ. að síðasta erindi hans heim til Tryggva Þórhallssonar var það, að hella sér yfir hann með hótunum og brigzlyrðum.

Hv. þm. S.-Þ. sagði, að hv. sýslum. Árn. hefði verið ofsóttur af sínum flokksmönnum bæði sem þm. og embættismaður, en þetta er mjög fjarri sannleikanum, — en hann hefir verið ofsóttur af hv. þm. S.-Þ. og af hans blaði. Blað Bændafl. hefir haft mörg viðurkenningarorð um hv. sýslum. Árn., og það eftir að hann fór úr flokknum. Þessi viðurkenningarorð hefir jafnvel Nýja dagbl. og Tímanum fundizt svo mikið til um nú á seinni tímum, að þau hafa verið prentuð þar upp og vitnað í þau.

Hv. þm. S.-Þ. sagði ennfremur, að hv. sýslum. Árn. hefði lýst því yfir fyrir kosningarnar, að hann myndi fylgja þeirri sömu stefnu sem Framsfl. hefði fylgt. Það má vel vera satt, að hann hafi sagt það þá, því nú er það Bændafl., sem fylgir þeirri stefnu. Framsfl. fylgir ekki lengur þeirri stefnu, sem hann hafði áður. Hann er nú orðinn allur annar en þá var. Hann er nú genginn yfir til sambýlisflokks síns, sósíalistanna.

Ég mun nú ekki eyða fleiri orðum að því að svara hv. þm. S.-Þ., en ég kemst ekki hjá því að athuga nokkuð þau orð, sem hv. sýslum. Árn sagði. M. a. sagði hann það, að hann hefði aldrei sagt sig úr Bændafl. Hér fyrir framan mig liggur staðfest afrit af plaggi því, sem hv. sýslum. sendi miðstjórn Bændafl., þar sem hann segist slíta allri samvinnu við flokkinn. Það er nú öllum ljóst, að betta er meira en að segja sig úr flokknum, því það er hægt að segja sig úr flokki án þess að segja þar með slitið allri samvinnu við hann. Þetta hlýtur því að skoðast algerlega ótvíræð úrsögn. Þessi úrsögn er dags. 5. maí síðastl. og miðstjórn Bændafl. kvittaði fyrir þetta plagg og nefndi það úrsögn, og gerði hv. sýslum. Árn. enga aths. við það, en nú kemur hann fram með það, að þetta hafi ekki verið samvizkusamlega kvittað og nefnir þetta falskvittun. Þessi kvittun er, að ég hygg, undirrituð af fyrrv. form. Bændafl., Tryggva heitnum Þórhallssyni, og það er mjög ómaklegt og kemur úr hörðustu átt, að hv. sýslum. Árn. bregði þessum fyrrv. samherja sínum, að honum látnum, um samvizkuleysi. Annars má í þessu sambandi vitna í fleiri orð en þau, sem standa í þessu plaggi; m. a. í orð hv. sýslum. Árn., þau sem hann sagði á fundi, er haldinn var að Selfossi seint í sama mánuði. Þar sagði hann í byrjun fundarins, að hann væri í Bændafl., en áður en fundi lauk sagðist hann verða að játa það, að hann væri genginn úr Bændafl. Viku síðar, eða þann 2. júní síðastl., sagði hann á fundi, sem haldinn var að Minni-Borg í Grímsnesi, að hann væri genginn úr Bændafl., og munu

sumir þeir þm., sem nú eru hér inni, hafa heyrt það.

Þá má ennfremur vitna í Alþýðublaðið, og býst ég við, að hér inni sé allmikill hópur manna, sem trúir því, sem það segir. Þann 7. maí síðastl. segir það frá símtali, sem það hafi átt við hv. sýslum. Árn. Segist blaðið þá hafa spurt, hvort hann hefði í hyggju að ganga í annanhvorn stjórnarflokkinn, en hann sagzt mundu verða utan flokka. Hygg ég nú, að eigi þurfi fleiri vitni að leiða að því, að hv. sýslum. Árn. hafi sagt sig úr Bændafl. og sjálfur talið, að svo væri. *Hitt getur hann ekki ætlazt til, að nokkur taki alvarlega,* þó hann hér í ræðustóli segi þrisvar sinnum í einni ræðu: „Ég er ekki farinn úr Bændafl.", þegar hann fjórum sinnum í sömu ræðu segir: „Ég er farinn úr Bændafl.".

Hv. sýslum. Árn. talaði um, að það væri réttur þingmanna að fylgja sannfæringu sinni. Þetta er vissulega rétt, og sá réttur er verndaður í stjórnarskránni, eins og vera ber. En það er merkilegt, að enginn þessara manna, sem nú tala um rétt þingmanna til að fylgja sannfæringu sinni, getur hugsað sér, að nokkur maður verði að offra nokkru fyrir sannfæringu sína. Bændafl. hefir aldrei dottið í hug að þröngva sannfæringu hv. sýslum. Árn. né annara, en þegar hv. sýslum. Árn. segir sig úr flokknum — vegna sannfæringar sinnar eða af öðrum ástæðum —, þá missir hann sín flokkslegu réttindi og þar á meðal réttinn til þingsetu.

Hitt kemur einkennilega fyrir, að menn úr Framsfl. skuli tala um rétt manna til að fylgja sannfæringu sinni. Með samþykkt um skipulagning Framsfl. hefir þessi réttur verið gerður útlægur úr þeim flokki. Flokkslög þessi hafa verið prentuð, og liggur eitt eintak þeirra hér fyrir framan mig. Er það merkilegt plagg. Þar segir svo í 24. gr., með leyfi hæstv. forseta:

„Ef meiri hluti miðstjórnar og meirihluti þingmanna flokksins gerir þá samþykkt um afgreiðslu máls á Alþingi, að það skuli vera flokksmál, er sú samþykkt bindandi fyrir alla þingmenn flokksins í því máli. Þegar svo stendur á, skulu varamenn taka sæti í miðstjórn í stað þingmanna, sem þar eiga sæti. Stefnuskrá flokksins er bindandi fyrir atkvæðagreiðslu allra flokksmanna í opinberum málum". — Þetta er sannfæringarfrelsi framsóknarmanna, og er ekki að furða, þótt þeir séu hátíðlegir, þegar þeir tala um þetta frelsi, og finnist það dýrgripur, því svo langt er síðan þeir sjálfir hafa glatað þessum dýrgrip.

Hv. sýslum. Árn. talaði um ákvæði kosningalaganna og stjskr. og taldi, að þau væru öll miðuð við það eitt, hvernig þingið skyldi skipað í upphafi. En ætli honum finnist það líka gilda um kjörgengisskilyrðin, að þau séu aðeins miðuð við skipun þings í upphafi? Hann fór í þessu sambandi að tala um bændafl. í Danmörku og vitna í dönsk lög, en það er nú af sú tíð og löngu liðin, er sýslumenn hér á landi dæmdu eftir dönskum lögum, og þótt hv. sýslum. Árn. sé hniginn á efri ár, ætti honum að vera það ljóst. Það er líka hægt að leita dæma til fleiri landa en Danmerkur, og ég hygg, að ef leitað væri um þau efni til Englands, þá kæmi upp önnur regla, en hv. sýslumaður Árnesinga vill vera láta.

Hann fór að tala um stefnuskrá sína og Bændafl. og hélt því fram, að stefna Bændafl. hefði átt að vera sú, að fylgja Framsfl. En af hverju klofnaði Bændafl. frá Framsfl.? Af því að hann gat ekki fylgt Framsfl. eftir að sá flokkur hafði horfið frá sinni fyrri stefnu. Hitt er annað mál, að Bændafl. vildi og vill enn fylgja Framsfl. eins og öðrum flokkum að hverju góðu máli. Þannig er afstaða Bændafl. gagnvart öðrum flokkum. Um þetta viðhorf flokksins skrifaði Tryggvi Þórhallsson í „Framsókn" á öndverðu ári 1934. Hann segir þar, að við munum eiga tal við alla sem líkur séu til, að vilji koma fram áhugamálum landbúnaðarins. Sú var afstaða Bændafl. í upphafi, og er enn. En hún er öðruvísi stefna sýslumannsins í Árnessýslu, eins og hann lýsti henni á laugardaginn. Hún var mjög stutt. Aðeins að vera alltaf með valdhöfunum. En það hefir ekki alltaf þótt virðuleg stefnuskrá að hanga gegnum þykkt og þunnt aftan í þeim, sem völdin hafa. — Magnús Torfason lét mikið af því, að hann hafi verið líklegur sem frambjóðandi að draga að mikið fylgi til Bændafl. bæði í Árnessýslu og úti um land. En við, sem höfum aðalundirbúning kosninganna með höndum, eru þeim málum áreiðanlega kunnugri en sýslumaðurinn, sem þarna situr. Og við vissum, að Bændafl. fór á mis við nokkur atkvæði vegna þess að Magnús Torfason var frambjóðandi flokksins.

Hv. 6. landsk. var mjög hneykslaður yfir því, að ég hefði sagt, að jöfnunarsætin væru eign flokkanna. Ég minnti aðeins á, að í 124. gr. kosningalaganna er gert ráð fyrir „að úthluta allt að 11 uppbótarþingsætum til jöfnunar milli þingflokka." Bendir þetta á, að uppbótarsætin tilheyri flokkunum, og þeir hafi því fullan rétt til að eigna sér þau. Hinsvegar dettur mér ekki í hug að ætlast til, að menn vilji fórna sannfæringu sinni fyrir flokkinn. En flokkslög Framsfl. eru í þessu efni merkileg og sannnefnd þrælalög. Áður en framboð er ákveðið verða frambjóðendur flokksins að gefa yfirlýsingu um, að þeir beygi sig í einu og öllu undir vilja flokksins. Þetta eru virkileg handjárn, — reglulegur þrældómur. Það er því einkennilegt, að þeir, sem undir þessum þrældómslögum búa, skuli vera að bregða öðrum um, að þeir vilji hefta sannfæringarfrelsi manna.

Þá var einhver hv. þm., sem ég ekki man nr. á, eitthvað að tala um, að í raun og veru væri enginn þm. til nema kjördæmakosinn. En hvað þarf fyrstí maður á röðuðum flokkslista að fá mörg atkv. til þess að geta komizt á þing? Vill ekki þessi sami hv. þm. svara þessu? Þetta sannar einnig, að uppbótarsætin séu eign flokkanna.

Hv. þm. Barð. hefir nú fallið frá því, að ákvæði 28. gr. séu tæmandi, þegar um kjörgengisskilyrði væri að ræða. Hefir hann talað lítið um málið, og var það viturlega og hyggilega gert, enda er hann greindur maður.

Hæstv. forsrh. var að hælast um yfir því, að Bændafl. hefði tapað fylgi frá því um kosningar. Hann ætti því að sýna það hugrekki, að láta fara fram kosningar næsta vor, og „metumst heldur

of val felldan". Hæstv. forsrh. veit, að það er ekki Framsfl., heldur Bændafl., sem hefir unnið mest á. En það er ekki eingöngu Bændafl. sjálfum að þakka, heldur einnig Tímafl., og þá einkum hæstv. forsrh., sem á skilið sérstakt þakklæti fyrir hjálpina, — sem hann skal fá hér með. Enda eru það einu þakkirnar, sem bændurnir geta honum fært.

Sigurður Einarsson: Ég ætla ekki að blanda mér í umr. eða ræða þær till., sem fyrir liggja, en aðeins taka fram, að það hefir ekkert nýtt komið fram, sem breyti skoðun minni um, að engin lög heimili að víkja hv. 2. landsk. af þingi. Hv. þm. S.-Þ. kom í ræðu sinni áðan með snjalla líkingu, en til þess að hún ætti fullkomlega við Bændafl. vantaði það, sem helzt þurfti að lýsa, — hvernig umhorfs væri þar í djúpinu:

Þar moraði svarthrúguð sækinda fjöld
í samfelldri skríðandi kös:
Klappfiskur, gaddskata, grálega köld,
og gríðarstór hræfiskur svam þar í ös,
með gnístandi sagtennur, gneypur og argur
hinn gráðugi hár, sem er bárudjúps vargur.

Vona ég, að hv. þm. S.-Þ. þekki hvern, sem þessi lýsing á við, og gefi upplýsingar þar um, ef með þarf. En vitanlega á lýsingin við Bændafl. og það ástand, sem þar ríkir.

Magnús Torfason: Umr. um þetta mál hafa farið talsvert á víð og dreif. Ég vil fyrst víkja með fáum orðum að einu aðalatriði málsins: hvort ég hafi sagt mig úr Bændafl. eða ekki. Það hefi ég ekki gert. Ég hagaði svo orðalagi á bréfi mínu til miðstj. flokksins af ásettu ráði. Ég vil biðja menn að athuga, að það er hægt að slíta samvinnu á tvennan hátt: Annaðhvort þegjandi eða með því að gefa það til kynna. Ég hafði bæði slitið samvinnu við Framsfl. þegjandi, með því að sækja ekki flokksfundi, en þó ekki gengið úr flokknum, en einnig sagt mig ákveðið úr flokknum. Ég kunni því ósköp vel bæði orðatiltækin. Og fyrst ég segi, að ég hafi lagt þennan skilning í það orðalag, sem ég notaði, tel ég mig eiga rétt á, að farið sé eftir minni túlkun.

Hv. form. Bændafl., sem er afkvæmi mitt, bar mér á brýn, að ég væri tvöfaldur í þessu máli, því ég hefði áður lýst yfir að hafa sagt mig úr flokknum. En þetta er ekki rétt. Þegar svo var komið, að ég gat ekki haft samvinnu við miðstj. Bændafl., kom út blað af Framsókn, þar sem bornar voru á mig æruleysissakir, vitanlega beint til þess að ég segði mig úr flokknum. (**ÓTh:** Er þá þm. kominn úr flokknum?). Ég hefi verið hrakinn úr Bændafl., en ekki sagt mig úr honum. Eða er það meining hv. þm., að einn þingfl. megi búa svo að einstökum flokksmönnum, að gera þeim óvært æru sinnar vegna að vera í flokknum, og geta þannig bolað þeim af þingi? Ég býst ekki við því. — Þrátt fyrir allt, sem búið er að segja um þetta mál, verð ég að halda því fram, að ég sé eini þm. Bændafl. á þessu þingi, sem þannig sé hægt að nefna. Og það er af því, að ég er eini fulltrúinn, sem held stefnu flokksins, en báðir hinir hafa svikið sína stefnu. Ég er því eini þm., sem bændurnir virkilega eiga óskiptan nú á þingi. Þetta er það, sem ég vildi segja og snertir mig persónulega. Hinsvegar kemur allt það, sem sagt er í kosningalögum um aðferð kosninga og úthlutun uppbótarsæta ekkert þessu við eftir að Alþ. hefir úrskurðað kosningu. Þá ber aðeins að hlíta ákvæðum stjskr. Þá var í þessu sambandi verið að brýna mig á, að ég vildi dæma eftir dönskum lögum. Er slíkt rangfærsla léleg og sízt sæmandi presti, þó hv. þm. hafi oft notað lítil rök. Hitt sagði ég, að samkv. dönskum lögum mundu uppbótarþm. ekki hafa verri rétt en þeir kjördæmakosnu. En í Englandi veit ég ekki til, að um uppbótarþm. sé að ræða. Og ekki missa menn þar þingsæti, þó þeir skipti um flokk.

Þá hefir því verið haldið fram, að ég hafi ekki unnið fyrir bændur landsins. En sannleikurinn er sá, að það hefi ég einmitt einn bændaflokksmanna mátt gera, þó hart sé að þurfa að segja, að hinir þm. Bændafl. hafi ekkert gert. Það, sem gert hefir verið fyrir bændurna, hefir verið gert fyrir mína aðstöðu og aðgerðir og þrátt fyrir framkomu hinna bændaflokksmannanna. Þeir hafa haldið því mjög fram, að ekki mætti koma nærri jafnaðarmönnum. En þó ég sé gamall, minnist ég þess, að Bændafl. hampaði mikið bændafl. norska, sem nú hefir gert samband við jafnaðarmenn. En síðan hefir líka Bændafl. litið á norska bændafl. minnzt. En hvers vegna hafa norskir bændur gert bandalag við jafnaðarmenn? Af því þeir vita, að til þess að geta komið sínum málum fram verða þeir að fá stuðning þeirra, sem líklegastir eru til samvinnu, og er það vissulega engin goðgá.

Þá hefir því verið haldið fram, að ég hafi sagt, að það ætti að vera stefna Bændafl. að fylgja og styðja valdhafana. Þetta hefi ég ekki sagt. En ég hefi gert alveg eins og barnið mitt góða, hv. 10. landsk., þegar borið var fram vantraust á stjórnina, — við sátum báðir hjá. Ég tel sjálfsagt að hafa samvinnu um einstök mál við þá, sem eitthvað vilja fyrir þau gera. Það hefi ég gert og mun gera meðan það stríðir ekki móti minni sannfæringu. Og eins og nú er ástatt fyrir bændum landsins er ekki verjandi að hafa aðra stefnu. Það má ef til vill segja, að það sé nokkuð annað þegar allt leikur í lyndi, þá sé hægt að leyfa sér aðgerðir til framdráttar ákveðnum flokki. En eins og nú er ástatt er slíkt ekki verjandi.

Þá vil ég leiðrétta þá missögn, að mér hafi verið boðið á fund Bændafl. við Ölfusá. Þetta er ekki rétt. Því hefir verið haldið fram, að mér hafi verið sent símskeyti, en það hefi ég aldrei fengið. Hitt er einnig rangt, að formaður flokksins hafi talað við mig. (**ÞBr:** Ég átti við form. félagsins fyrir austan). Það talaði enginn við mig fyrr en kl. undir 7 um kvöldið, og það kalla ég ekki boð, því fundurinn hófst kl. 3.

Ég vona, að barnið mitt góða, hv. 10. landsk., skilji, að ég er svo mikill gikkur, að ég læt ekki bjóða mér að samflokksmenn bjóði til stjórnmálafunda í mínu kjördæmi án þess að hafa mig í ráðum með.

Þá hefir mikið verið talað um framboð mitt. Átti ég oft tal um það við form. Bændafl., Tryggva Þórhallsson, og lagði hann fast að mér

um að vera í kjöri. Hinu trúi ég, að ýmsir aðrir menn í Bændafl. hafi talað nógu illa um mig.

Þessu næst skal ég þá halda mig við það, sem sagt hefir verið í umr. Því hefir verið kastað fram, að ég væri ómagi á Bændafl. En ég kannast ekki við það. Ég tel mig hafa verið fullkomlega matvinnung, og mun hv. 10. landsk. ekki geta dregið úr því. Ég fékk langhæsta atkvæðatölu af frambjóðendum flokksins, þó önnur kjördæmi væru stærri. T. d. hefði bændaflokksmaðurinn í Eyjafirði átt að fá undir 700 atkv. til þess að fá sama hlutfall. Ég hefi því fært flokknum drjúgan skerf og unnið vel fyrir mat minum. Auk þess sýndi það, að ég hafði 175 persónuleg atkv., að eitthvert traust hefir verið í mér. Ég efast ekki um, að einstaka íhaldssálir í Bændafl. hafi verið á móti mér og því ekki kosið mig. En það hefir verið sagt við mig af skilagóðum mönnum, að ég mundi aldrei á þing komast, því að Eyfirðingurinn mundi hafa miklu fleiri atkv. en ég.

Hitt veit ég, að utan Árnessýslu mun ég hafa dregið atkv. að Bændafl., þar á meðal um 20 atkv. í Reykjavík. Ég hefi því verið drjúgur liðsmaður, og sannast að segja er ég lifgjafi hv. 10. landsk. Hann hefði ekki komizt á þing, hefði ég ekki verið í kjöri. Mér finnst hann illa hafa þakkað lífgjöfina.

Bæði hv. 10. landsk. og hv. 1. þm. Skagf. hafa talað um, að flokkarnir ættu landskjörnu þingmennina. (MG: Ég notaði ekki það orð). Ættu sætið. En við þurfum allir eitthvað undir okkur til að sitja á. Ég fyrir mitt leyti vil nú algerlega neita þessu, og sérstaklega því, að Bændafl. eigi nokkuð í mér, því að ég á mig sjálfur. Ég vann fyrir mér. En hvað liggur nú í því, að flokkarnir eigi sætin og eigi uppbótarþingmennina? Það hlýtur að liggja í því, að þeir eigi þá alveg eins og menn eiga kýrnar sínar og nautin og hrossin og það var einmitt það, sem var gert til forna. Þrælarnir voru eign herra sinna, og þeir höfðu leyfi til að slá þá af. Þetta er það, sem þessir herrar vilja hafa; það er argasta þrælahald, eða verra en það, argasta skepnuhald.

Þá var það annar þessara hv. þm., sem ég nefndi áðan, sem sagði það, að menn væru rækir úr flokki, ef þeir skiptu um skoðun eða flokk. Mér þótti þetta dálitið skrítið. Ég hélt, satt að segja, að það mundi vera það almenna, að þingmenn skiptu um flokk af því að þeir skiptu um skoðun, og að það væri eiginlega skoðunin, sem gilti. En það kemur ekki heim við það, sem hv. þm. sagði í þessu sambandi, að eina ástæðan til þess, að þm. gætu misst kjörgengi, væri, að þeir færu úr flokki. Nú er svo langt komið, að ýmsir hv. þm. vilja svo vera láta, að landsk. þingmenn eigi að missa kjörgengi fyrir að skipta um skoðun. En sé slíkt réttmætt um landsk. þm., þá nær þetta líka til hinna kjördæmakjörnu.

Þá verð ég lítillega að minnast á hann „afa" minn. Ég hefi nú í þingbyrjun minnt hann á það, að mér virðist hann ekki vel frændræknin. Mér fannst, þegar hann byrjaði ræðu sína, að hann ætlaði að fara að taka sig á, því að hann talaði svo fagurlega í minn garð, að ég varð næstum klökkur, sem von er um gamlan mann. En þegar fram í sótti ræðuna, fannst mér heldur fara að breytast hljóðið. Mér kom það dálítið á óvart, að hann byrjaði svona fagurlega, því að sama daginn var ég kallaður flokkssvikari í Morgunblaðinu. En ég trúi, að fátt fari þar inn, sem þessi hv. þm. hefir ekki samþ. Hann lapti hér greinina, sem skrifuð var um mig í Tímanum í kosningahita. Skal ég ekki fara neitt sem heitir út í að ræða um þessa grein. En mér fannst hún ekki rétt rakin, því að ýmislegt var þar sagt vel um mig líka. Annars hefi ég ekki yfirleitt erft það við menn, þó að þeir hafi sagt ýmislegt um mig í pólitiskum hita. En ég hefi farið méira eftir því, hvernig þeir hafa að öðru leyti hagað sér í sambúð við mig. Og þessi maður, sem skrifaði þessa grein, hefir sagt margt vel um mig í Tímanum og hefir gert margt vel til mín. En mér þykir rétt að geta þess, að ég hefi aldrei orðið var við, að heimastjórnarfl. né aðrir flokkar út af honum, með Sjálfstfl. síðast, hafi nokkurn tíma gert mér nokkurn skapaðan hlut til þarfa. Svo að þarna er þó nokkur munur á.

Í þessari áminnztu ræðu var hv. þm. að minnast á einkafyrirtæki, á lyfjabúð dóttur minnar. Ég a. m. k. skildi ekki grein þessa svo, að þar væri sveigt neitt að henni. Um þetta er yfirleitt það að segja, að það hefir enginn maður nefnt við mig neitt um lyfjabúð, fyrr en hv. þm. G.-K. gengur einu sinni til mín hér í salnum og spyr mig um það, hvernig mér litist á að koma með frv. um lyfjasölu. Ég mun hafa vísað honum til form. flokksins um það. Önnur orð fóru ekki milli mín og hans um þetta, og enginn jafnaðarmaður hefir nefnt þetta við mig né framsóknarmaður. Ég hafði yfir höfuð ekki hugmynd um, að hér lægi neitt undir steini, fyrr en í Framsóknar-blaði — eftir að mér var vikið úr flokknum — var verið að dylgja um það, að ég væri að færast nær stjórnarflokkunum af persónulegum hagsmunaástæðum, og sagt, að á mér væri snöggur blettur. En ekki voru Bændaflokksmenn svo hreinskilnir að segja þetta við mig, en það var hreinskilinn sjálfstæðismaður, sem sagði mér þetta. Þá fyrst vissi ég, að þetta hafði gengið um eins og rógur í Bændafl. Ég er mjög hissa á því, að þetta skuli vera borið upp. Það er enginn fótur fyrir þessu og þetta er blátt áfram heimska.

Það er kunnugt, að Framsfl. og jafnaðarmannafl. gerðu til mín sendimenn austur á Eyrarbakka. Þeir leituðu til mín um samninga, en ég ekki til þeirra. Ég hefi aldrei vitað það, þegar menn koma til manns til að leita samninga við hann, sem þeir eru upp á komnir, að þeir byrji á hótunum. Að halda slíku fram væri heimskulegt. Ég þurfti heldur ekki að taka á móti neinum hótunum. Ég hefi það fyrir satt, að hv. þm. V.-Ísf. sé enginn einokunarhestur, og bjóst ég við, að hann mundi vera á móti einokun í þessu efni, svo að málið gat ekki komizt fram í Nd., og allar hótanir um þetta hefðu orðið fyrir gig.

Að síðustu endaði hv. þm. með því að halda hjartnæma ræðu yfir mér og minna mig á síðferðisskyldu mína. Þetta minnir mig á smásögu eftir Mark Twain, þar sem hann lætur blaðastrák leggja lífsreglur einum af höfuðprestun-

um í Boston, sem þykir sérlega guðhræddur bær, og gera það vitanlega á þann hátt, að úr því verða mikil öfugmæli. Menn rifast nú um það, hvernig sögur Mark Twains séu til komnar sumar. Menn segja, að hann hafi skipt um persónur við hlutverk. Ég vil nú halda, að þessi saga um blaðastrákinn og höfuðprestinn sé ekki þannig til komin. Því nú hefir það komið fram hér á þingi, að hv. þm. G.-K. hefir tekið að sér hlutverk stráksins í sögu Mark Twain's, því að hann ætlar nú að fara að kenna mér, hvernig ég eigi að lifa.

Ég viðurkenni þörf á íhaldsflokki í landinu. Ég lít svo á, að hið pólitiska líf gangi í öldum og þess vegna þurfi, a. m. k. stundum, að komast íhald að völdum. En ég er sannfærður um það, að á meðan hv. þm. G.-K. er form. þess flokks komist sá flokkur aldrei til valda í landinu, því að þessi hv. þm. er enginn foringi. Hann komst sem stjórnmálamaður út fyrir pollinn fyrir skömmu og átti þar hlut í samningagerð. Sá hlutur var ekki betur gerður en það, að allir, sem þar hafa á vit, hafa raun af haft.

Þá vil ég ekki með öllu ganga framhjá því, að þessi hv. þm. var að minnast á krossa. Mér þótti merkilegt, að hann minntist á þetta, því að ég veit ekki betur en að hann sé „af medalíumanna tægi málsfiskur í stærra lagi“. En hann fékk engan kross fyrir norsku samningana. En til þess að kross væri settur á einhvern, var settur kross á bróður hans, svo að familían hefði þó eitthvað upp úr því. En ég finn, að maðurinn er ekki búinn að ná sér eftir þessa krossapínu sína. Og vildi ég ráða honum til að nefna ekki krossa oftar.

Viðvíkjandi siðferðiskröfunum, sem minnzt hefir verið á, er það að segja, að ég lít svo á, að bændur megi alls ekki missa mig af þingi, og því sé það siðferðisleg skylda mín að vera á þingi nú. Þess vegna get ég ómögulega látið undan þessari siðferðisrollu hv. þm. G.-K., sem hann var með hér á síðasta fundi.

Jón Auðunn Jónsson: Það var aðeins af því, að ég greip fram í fyrir hv. þm. S.-Þ., þegar hann var að halda sína löngu ræðu, að mér ofbauð sú raunasaga af óförum hans innan flokksins og vildi koma í veg fyrir, að hann segði að lokum: „Nú er svo komið, að ég fæ engu ráðið í flokknum nema ferðalögum; á þeim hefi ég ráð ennþá“.

Um Hnífsdalsmálið er það að segja, að ég er honum þakklátur fyrir það alveg sérstaklega, að hann sem ráðh. lét rannsóknardómarann sitja í sex vikur eftir að hann taldi sig hafa fengið fullvissu um málið, til að vita, hvort ekki fyndist samband á milli mín og þeirra, sem þar voru sakfelldir. Með því var mér gerður sá stóri greiði að sanna það óvefengjanlega, að ég hafði á engan hátt komið nærri málinu.

En í sambandi við þetta mál, sem hér liggur fyrir, þá hefir verið minnzt á „fair play“, og hefir þar sérstaklega verið vitnað til Englendinga. Þar í landi er það föst regla, nema þingflokkur klofni í tvo líka hluta, að þingmaður segi af sér, ef hann gengur úr sínum flokki. Árið 1927, í næstsíðasta skipti, sem ég var staddur í Englandi, þá var ég við slíka uppkosningu í Hull. Þingm. í Middle-Hull, sem var „liberal“ hafði sagt sig úr flokki sínum og gekk yfir í „labour“. Hann sleppti því þingsætinu og því varð að kjósa upp. Þetta var þó ekki uppbótarþingm. eins og í þessu tilfelli. Það verður ekki annað álitið en að flokkurinn eigi það sæti, sem hér um ræðir, og þá ekki sízt af því hér er um uppbótarsæti þingfl. að ræða. Kjósi þm. að yfirgefa sinn flokk, og skipti um skoðun, þá á hann að taka afleiðingunum með drengskap eins og hinir brezku „fair play“ þingm. gera.

Jónas Jónsson [óyfirl.]: Ég get verið stuttorður að þessu sinni, því að ræðumenn þeir, sem hafa ætlað að andmæla mér, hafa nú gefizt upp, svo það má kalla létt verk að fást við þá.

Það er aðeins eitt atriði í ræðu hv. þm. G.-K., sem ég vildi lítillega taka til athugunar. Þessi hv. þm. talaði um það með dylgjutón í garð hv. 2. landsk., að hann hefði fengið íslenzka heiðursmerkið. Var auðheyrt, að hann vildi leggja honum það út til lasts. Mér hefði nú fundizt eðlilegast, að þessi þm. væri ekki að gera gys að heiðursmerkjum sér merkari manna. Annars held ég, að það hafi verið lítils háttar villa í ræðu hv. 2. landsk. Hann gleymdi nfl. að geta þess, að hv. þm. G.-K. fékk einu sinni heiðursmerki, en það var fyrir afskipti hans af norsku samningunum. Hafi hv. 2. landsk. átt að vera keyptur með heiðursmerki því, er hann hlaut, þá er ekki síður ástæða til að ætla, að hv. þm. G.-K. hafi verið keyptur, þó ekki væri nema frá sjónarmiði þeirra, sem halda því fram, að hann hafi beinlínis framið landráð með afskiptum sínum af norsku samningunum. Annars skal ég taka það fram, að ég fyrir mitt leyti tel hann ekki hafa framið landráð í því efni. Ennfremur vil ég geta þess, að ég átti engan þátt í því, að hv. 2. landsk. fékk þennan umrædda kross. Þvert á móti voru það flokksbræður hv. þm. G.-K. sjálfs, sem úthlutuðu honum þessu djásni, þeir Sig. Briem, Jóh. Jóhannesson og Ásgeir Sigurðsson. Hafi þessi hv. þm. því óverðugur hlotið krossinn, bitnar sökin á þeim, en ekki mér eða stj., sem engan hlut átti að því. Hvað mig snertir, þá finnst mér ekkert undarlegt, eftir þeirri venju, sem verið hefir um úthlutun þessara heiðursmerkja, þó að maður, sem verið hefir sýslumaður í 40 ár og jafnan getið sér hinn bezta orðstír, hljóti viðurkenningu sem þessa. En sem sagt, það voru hinir áður töldu flokksbræður hv. þm. G.-K., en ekki ég, sem fundu það út, að sýslumaður Árnesinga ætti þetta lof skilið.

Umr. um mál þetta eru sýnilega að fjara út. Undir þeim hefir hv. þm. G.-K. viðurkennt, að að lögum sé ekki hægt að reka hv. 2. landsk. út úr þinginu. Aðalmaður Sjálfstfl. í kjörbréfanefndinni þorði ekki heldur að leggja það til. Eins og Sjálfstfl. hefir þannig gefizt upp, hafa fleiri og færri flokksmenn þeirra utan þings viðurkennt, að ekki sé nokkur brú í árás þessari á hv. 2. landsk. Það, sem þá er eftir, er það, hvort Bændafl. hafi þá mórölsku aðstöðu sakir fortíðar sinnar, að hann geti heimtað manninn rekinn út úr þinginu vegna hinnar siðferðislegu hliðar málsins. Í ræðu minni áðan sannaði ég

það berlega, að sá flokkur eigi allra flokka sízt að tala um *móral* og siðferði frá stjórnmálalegu sjónarmiði séð, þar sem t. d. aðalmaður hans, Jón frá Stóradal, kaus sjálfan sig í stjórn kreppulánasjóðs. Það er meira en nokkur framsóknarmaður hefði gert. Hann ásamt Hannesi *Jónssyni* neitaði að styðja frjálslynda vinstri manna stjórn undir forsæti Ásgeirs Ásgeirssonar o. fl. o. fl. Allt þetta hefir hv. 10. landsk., sem nú er formaður yfir einum manni, viðurkennt rétt. Þá er að athuga, hvernig flokksbrot þetta hefir komið fram gagnvart hv. 2. landsk. Það er yfirlýst af honum sjálfum, að þessir flokksbræður hans hafi jafnan setið á svikráðum gagnvart honum, og að síðustu hrakið hann úr flokknum. Þegar allt er þannig í pottinn búið, er það bersýnilegt, að hv. 10. landsk. og þeir, sem honum kunna að fylgja að málum, hafa svo siðferðislega veikan málstað, að þeir geta engar kröfur gert, sem byggjast eiga á pólitísku siðferði.

Sé ég svo ekki ástæðu til að tala öllu meira um þetta mál. Uppgjöfin hjá andstæðingunum er jöfn á báðar hliðar, jafnt hina formlegu sem siðferðislegu. Þessi skollaleikur á því að fara í sömu gröfina og tilraun þessara fugla í fyrra um að rugla skipun þingdeildanna með hrekkjabrögðum.

Jakob Möller [óyfirl.]: Það er misskilningur hjá hv. þm. S.-Þ., að þeir, sem halda því fram, að það sé lagalega rangt að láta Magnús Torfason eiga sæti áfram á Alþingi, hafi gefizt upp. Andmælendur okkar, hv. þm. S.-Þ. og félagar hans, hafa ekki getað fært neitt það fram máli *sínu til stuðnings, er sanni* það, að *hann eigi* þingseturétt. Þeir telja það t. d. fjarstæðu eina, að um tvær tegundir þingmanna geti verið að ræða. Ef þessir hv. þm. vildu athuga forfeðrina, hlytu þeir að sannfærast um, að þessi skoðun þeirra er röng, því að þingið hefir jafnan verið skipað tveimur tegundum þm. allt frá því að það var endurreist, og er enn, þar sem nú eiga sæti á því bæði kjördæmakjörnir og landsk. þm. Þetta fyrirkomulag er ekki aðeins hér á landi, heldur er það svo um nær allan heim, að þingin séu skipuð mönnum með mismunandi kjörgengisskilyrðum. Að hér sé um fjarstæðu að ræða, eru því firrur einar. Það vill nú líka svo vel til, að hjá okkur taka lögin af öll tvímæli um það, að það gegnir allt öðru um landskjörna þm. en kjördæmakjörna, þar sem 133. gr. kosningalaganna gerir beinlínis ráð fyrir því, að hægt sé að svipta þingmenn kjörbréfi, án þess þó. að hann hafi misst kjörgengisskilyrði samkv. 28. gr. stjskr. Þetta sýnir alveg ótvírætt, að löggjöfin gerir ráð fyrir tveimur tegundum þingmanna, sem hafi mismunandi réttaraðstöðu í þinginu. Sé það ennfremur athugað, hvernig þingmennirnir eru kosnir, verður hið sama upp á teningnum. Uppbótarþingmenn ná kosningu fyrir það eitt, að svo og svo mörg atkv. hafa verið greidd flokknum. Þeir eru því kosnir með flokksatkv. að meira eða minna leyti, því að enginn þeirra fær persónulega nógu mörg atkv. til þess að ná kosningu. Kjósandinn, sem greiðir flokknum atkv., veit því ekkert, hvaða mann hann er að kjósa. Uppbótarþingmaður, sem þannig kemst inn í þingið, á því engan siðferðislegan rétt til þingsetu eftir að hann hefir orðið viðskila við flokk sinn. Það skiptir vitanlega engu máli, hvaða flokkur hér á hlut að máli, hvort það er frekar „góður" eða „slæmur" flokkur. *Hinar almennu reglur* verða að gilda hér. Segi ég þetta hér sakir þess, að mér virtust það vera helztu rökin gegn þessu hjá hv. þm. S.-Þ., að Bændafl. væri svo slæmur flokkur, að hann ætti ekki skilið að njóta hins sjálfsagða réttar síns.

Um það hefir nokkuð verið deilt, hvað séu lög og hvað sé sanngjarnt í slíku tilfelli sem þessu. Þó hefir enginn treyst sér til þess að mótmæla því, að það sé réttlátt, að sá þm., sem á þing er kosinn fyrir flokksatkv., eigi að víkja af þingi, þegar hann hefir svikið flokk sinn. Hv. þm. S.-Þ. hefir komizt lengst í andmælum gegn því, þar sem hann hefir reynt að mótmæla þessu á þeim grundvelli, að í Bændafl. séu svo vondir menn, sem svo illa hafi breytt gagnvart Framsfl., að þeir geti ekki átt neina siðferðislega kröfu til réttlætis í þessu máli eða öðru.

Hvort sem mál þetta verður rætt lengur eða skemur og hvaða skýringar sem hv. þm. S.-Þ. kann að bera fram máli sínu og samherja sinna til stuðnings, þá er enginn vafi á því, að réttarmeðvitund almennings krefst þess að uppbótarþingmaður fylgi flokki sínum að málum, eða víki af þingi ella, því að hann er ekki kosinn persónulegri kosningu, heldur gegnum flokkinn. Í þessu sambandi vil ég minna á skylt tilfelli, sem kom fyrir nú ekki alls fyrir löngu í bæjarstjórn Reykjavíkur. Eins og marga mun reka *minni til*, þá sagði *einn bæjarfulltrúi* Alþfl., Sigurður Jónasson, sig úr Alþfl. Strax daginn eftir kemur fram sú krafa í blaði flokksins, að hann leggi niður bæjarfulltrúaumboð sitt og láti jafnframt af störfum í niðurjöfnunarnefnd, en í þá nefnd hafði hann einnig verið kosinn af flokknum. Auk þessa fékk hann fleiri áskoranir um að leggja niður umboð sitt. Nú var það ekki svo, að maður þessi væri kosinn í bæjarstjórnina á svipaðan hátt og uppbótarþingmaður er kosinn til Alþingis. Það vissu vitanlega allir, sem greiddu Alþfl. atkv. við bæjarstjórnarkosningar þær, sem Sigurður var kosinn í bæjarstjórnina, að þeir voru að kjósa Sigurð Jónasson. Það er því óneitanlega töluvert merkilegt, að Alþfl., eftir að hafa tekið þessa afstöðu til þessa atriðis, skuli nú geta gengið þvert á móti sjálfum sér og greitt atkv. með því, að Magnús Torfason skuli eiga að sitja áfram á þingi. Og þetta er þeim mun óskiljanlegra, þegar þess er ennfremur gætt, að stjórnmálaflokkur þessi hefir hvað eftir annað lýst yfir því, að hann vilji vinna að þeirri breyt. á dómstólunum, að dæmt verði sem mest eftir réttarmeðvitund almennings. Og flokkurinn þóttist einmitt vinna að þessu með breyt. þeirri, sem gerð var á hæstaréttarlögunum síðastl. vetur. Nú er það ekki svo, að hér sé á nokkurn hátt verið að fara fram á það, að Alþingi dæmi í þessu máli gegn lögum eða réttarmeðvitund almennings, því að það er ekkert það, hvorki í kosningalögunum eða í stjórnarskránni, sem mælir gegn

því, að uppbótarþingmaður víki af þingi um leið og hann hefir orðið viðskila við flokk sinn. Þvert á móti hnígur allt að því, að þess sé beinlínis krafizt. Og eigi Alþingi að dæma eftir réttarmeðvitund almennings, þá er enginn vafi á því, að því ber að úrskurða Magnús Torfason út úr þinginu. Enda hefir enginn treyst sér til að andmæla því.

Hvað snertir ákvæði stjskr., þá kveða þau skýrt á um það, að uppbótarþingsætunum eigi að úthluta til jöfnunar á milli þingflokka. Það er því augljóst, að uppbótarþingmaður, sem farinn er úr flokki sínum og orðinn andvígur honum, getur ekki uppfyllt það skilyrði stjórnarskrárinnar að vera til jöfnunar fyrir þann þingflokk gagnvart öðrum þingflokkum. Slíkur maður á því samkv. stjskr., kosningalögunum og réttarmeðvitund almennings umsvifalaust að víkja af þingi.

Jón Baldvinsson [óyfirl.]: Hv. þm. G.-K. vék því enn til Alþfl. og jafnframt að nokkru leyti til mín, hvort við mætum það meira að hanga við völd enn um nokkurt skeið heldur en trúnað okkar við lýðræðið. Þetta sýnir, að nú er þessi hv. þm. að gefast upp við að halda því fram, að hv. 2. landsk. eigi að víkja af þingi vegna ákvæða stjskr. En hv. þm. gengur framhjá stóru atriði, úr því að búið er að slá því föstu, að ekki sé hægt eftir ákvæðum stjskr. að víkja hv. 2. landsk. af þingi, en það er að meta ástæðurnar fyrir því, að þessi umræddi þingmaður gekk úr flokki sínum, — hvort það hafi verið hans sök eða flokksmanna hans. Mín tilfinning segir mér, að aðbúð Bændafl. gagnvart þessum manni hafi frá upphafi verið á þá lund, að erfitt hafi verið fyrir hann að sætta sig við hana. Ég minnist þess jafnframt, að frá því fyrsta, er ég man eftir, hefir þessi hv. þm. fylgt líkri skoðun í stjórnmálum og nú og yfirleitt fylgt málum á svipaðan hátt og nú. Aftur á móti hefir Bændafl. tekið á annan veg á málunum nú en á meðan þeir, sem hann skipa, voru í Framsfl. Þetta finnst mér að taka þurfi allt til greina, ef fara ætti þá leið og skora á manninn að víkja af þingi.

Hvað snertir trúnaðinn við lýðræðið, þá tel ég, að hann eigi m. a. að vera fólginn í því, að halda fast við stjórnarskrána, en það hefi ég þótzt sýna undir þessum umr., að við Alþfl.menn viljum gera.

Menn hafa óspart vitnað í kosningalögin þeirri skoðun sinni til stuðnings, að þm., sem líkt stendur á um og hv. 2. landsk., eigi að víkja af þingi. Aftur á móti hefir ekki af þessum mönnum verið vitnað eins til ákvæða stjskr. um þetta atriði. Mér fyrir mitt leyti finnst mjög lítill munur á ákvæðum fyrrv. stjórnarskrár og þeirrar, sem nú gildir, hvað atriði það snertir, sem hér er um deilt. Það er engin breyt. á stjskr. frá því, sem áður var, um það, að því er slegið föstu, að þegar eftir almennar kosningar úrskurðar landskjörstjórn, hvernig þingið skuli skipað, eftir úrslitum kosninganna, og eftir það verður ekki við þingmönnunum hróflað, nema þá því aðeins, að þeir hafi tapað hinum almennu kjörgengisskilyrðum. Í þessu sambandi er alltaf vitnað í 133. gr., en það ber að sama brunni með þá gr.; hún á við það, er þing er sett á laggir þegar að afstaðinni kosningu, sbr. það, sem segir í 26. gr. stjskr., að þingmenn skuli kosnir til 4 ára. Ákvæði beggja þessara greina miðast við það, þegar þing er sett á laggirnar að afstaðinni kosningu, eins og greinilega er tekið fram í stjórnlagafræði eins af lagaprófessorum háskólans. Skilningur hans á ákvæðum stjskr. finnst mér eigi að standa óbreyttur þrátt fyrir þá breytingu á skipun Alþingis, sem varð við síðustu endurskoðun stjskr.

Hv. 3. þm. Reykv. dró inn í umr. dæmi úr bæjarstjórn Reykjavíkur, þar sem fulltrúi Alþfl. í bæjarstj. sagði sig úr flokknum og flokkurinn gerði kröfu til þess, að hann viki úr bæjarstjórninni; en hv. þm. þagði yfir því, hvort meiri hl. bæjarstj., sjálfstæðismennirnir, hefði átt nokkurn hlut í þeirri kröfu. Meiri hl. gerði enga slíka kröfu, heldur vék maðurinn úr bæjarstjórninni eftir kröfu Alþfl.

Bændafl. hefir nú farið fram á það við hv. 2. landsk., að hann viki af þingi, en mér skilst, að aðbúð flokksins við þennan hv. þm. sé öll önnur og ósambærileg við aðstöðuna milli Alþfl. og Sigurðar Jónassonar. Þegar á að meta þessar tvær aðstöður persónulega, finnst mér ég ekki geta skorað á hv. 2. landsk. að verða við kröfu Bændafl. um að leggja niður þingmennsku. (**Jak M**: Má ég skjóta fram í?). Hv. þm. getur sjálfsagt fengið að tala á eftir mér.

Þá var hv. þm. að tala um tvær tegundir þingmanna, og sýnir ræða hans, hvernig má teygja það spursmál endalaust. Það er rétt, að þm. öðlast þingsæti á tvennan hátt, en eftir að þing er sett á laggir, hafa þm. sama rétt, — enginn settur lægra en annar. Ég álít því, að sömu ákvæði gildi enn fyrir alla þm. og gilt hafa áður um það, hvernig þeir missa þingsæti sín.

Hv. þm. G.-K. vitnaði í Jón heitinn Þorláksson og þær tillögur, sem hann hefði gert viðkomandi kosningalögunum sérstaklega. Það er að vísu rétt, að Jóni Þorlákssyni þótti um of sveigt að ákvæðum stjskr. í kosningalögunum um að rýra áhrif flokka á skipun landskjörslista, og það er líka rétt, að ég leit eins á, að ákvæði stjskr. væru brengluð með kosningalögunum. En það er eins, þó stjskr. hefði ekki verið þannig brengluð, að í henni felast engin ákvæði, sem réttlæti það, að hv. 2. landsk. væri vikið af þingi, og því verður hver og einn að gera það upp við sínar tilfinningar, hvort gildar ástæður eru fyrir kröfu Bændafl. eða ekki.

Frsm. minni hl. (Gísli Sveinsson): Ég tel rétt, að nú sé sagt hið síðasta orð af hálfu minni hl., sem þarf að segja í sambandi við það, sem komið hefir fram í þessum umr., því að gera má ráð fyrir, að ekkert nýtt komi fram hér eftir til andmæla okkar áliti, heldur verði það meira endurtekning og áréttíng á því, sem þegar er fram komið og aðallega var tekið fram í byrjun þessarar umr. Það, sem einkanlega er um deilt, er í fyrsta lagi, hvort lög eru fyrir hendi til þess að uppfylla kröfu Bændafl. um að hv. 2. landsk. víki af þingi, þar sem hann sem uppbótarþm. flokksins hefir sagt skilið við hann. Í annan

stað, að þótt einhverjir teldu svo vera, þá ætti þetta mál samt af einhverjum ástæðum, mér meira eða minna ókunnum, að sofa nú um stund. Í þriðja lagi, hvort hér er um tvær tegundir þm. að ræða eftir þeim ákvæðum, sem gilda í stjskr. og kosningalögum. Um hið síðasta atriði hefir enginn úr minni hl. n., sem er hér í samræmi við Sjálfstfl. og Bændafl., né nokkur af andmælendum okkar sannað, að ákvæði vantaði í l. þessum til þess að hægt væri að skera úr þessu máli, en andmælendur okkar hafa aðeins sagt, að ákvæði 28. gr. stjskr. hindruðu, að hægt væri að taka kæru Bændafl. til greina, og að engin önnur kjörgengisskilyrði en þau, er þar væru sett, væru fyrir hendi. Þó hefir enginn þeirra treyst sér til að mótmæla því, að kjörgengisskilyrðin í 28. gr., sbr. fyrri málsgr. 29. gr., væru aðeins almenn skilyrði. Ég hefi sýnt fram á, að fyrir utan þessi almennu skilyrði hljóti að vera önnur — og það meira að segja í sjálfri stjskr. — kjörgengisskilyrði, sem tvímælalaust ber að uppfylla af þeim, er á þingi sitja. Hin almennu skilyrði þarf ekki um að ræða; þau hafa gilt gegnum alla stjskr. þessa lands frá upphafi. aðeins hefir þeim verið fækkað eftir því, sem álitið hefir verið að mætti gera með tilliti til almennrar og þinglegrar þróunar á hverjum tíma, en þeim er ekki hægt að komast framhjá fyrir það. Ég hefi bent á eitt kjörgengisskilyrði, sem stendur í síðari málsgr. 29. gr., þar sem sérstaklega er tekið fram, að þeir þm., sem taka að sér viss störf, verði ólöglegir á Alþingi og verða að úrskurðast burtu þaðan, ef þeir ætla sér að sitja þar eftir sem áður. Hv. frsm. meiri hl. n. játaði, að hann hefði ekki haft þetta *ákvæði hugfast við samningu síns nál.* Í öðru lagi er þetta nýja skilyrði, sem með kosningal. er sett og vitanlega er ekki annað en það, sem stjskr. ætlast til og tekur fram í 26. gr. c., en það er það kjörgengisskilyrði, sem menn verða að líta svo á, að þeir þm. verði nauðugir viljugir að uppfylla, sem flotið hafa inn á atkv. sérstaks flokks sem uppbótarþingmenn, og eru honum svo háðir frá byrjun, að þeir verða alls ekki skildir frá flokknum meðan þeir eiga að halda þingsæti. Það er því næsta ótrúleg saga, þó sönn sé, að þeir hinir sömu menn, er voru með í því að setja þetta skilyrði í l. og gjarnan vildu að flokkarnir hefðu enn fastari tök á þm. en raun varð á, vilji nú ganga framhjá þessu alveg ákveðna skilyrði. Það er hörmulegt til þess að vita, að Alþfl. skuli nú dag eftir dag ekki aðeins traðka á áður gefnum yfirlýsingum í þessu efni, heldur blátt áfram afneita í viðtækari skilningi þeirri stefnu, er hann hefir áður fylgt. Sumir telja þetta sorgarleik, aðrir skrípaleik, sem ekki geti framið nema alræmdir loddarar. En hvað sem þessi leikur er kallaður, þá er réttast að slá því föstu nú að síðustu, sem orðin er staðreynd í þeirra framkomu, að þeir hafa afneitað sinni eigin stefnu. Og þegar þeir utan þings í blöðum og umræðum fara að gera grein fyrir sinni afstöðu, þá eru til vitni, sem tala á móti þeim, — það eru þeirra eigin orð, sem þeir ekki komast fram hjá. Því að hér er um að ræða tvær tegundir þm. og það átti að vera svo og á vitorði allra.

Eins og hv. 3. þm. Reykv. hefir réttilega tekið fram, gilda um þessar tegundir þingmanna mjög hörð og ákveðin kjörgengisskilyrði, sem ekki verður framhjá komizt. Þessar tegundir eru tvær, — mætti raunar segja þrjár, en þó í aðalatriðum ekki nema tvær, fyrst þeir kjördæmakjörnu, sem búa við sömu skilyrði og áður, þau, að ef þeir ná þingsetu, halda þeir sínu sæti kjörtímabilið á enda, nema þeir taki sæti í hæstarétti, sem raunar mátti búast við, að einn núv. þm. mundi gera, en hæstv. dómsmrh. sá þó um, að það varð ekki. Að öðru leyti sitja þeir við sömu skilyrði og að undanförnu og eru ekki bundnir við sinn flokk eftir að þeir hafa náð þingsetu, fremur en verkast vill. Hin tegundin eru uppbótarþingmennirnir, sem fram yfir kosningar eru alveg ónafngreindir og fá sín sæti ekki fyrir persónuatkvæði, heldur vegna atkvæða, er þingflokkunum eru greidd, — þeir geta ekki komizt á þing nema á fylgi þess flokks, er þeir teljast til, og ekki setið á þingi nema sem fulltrúar þess flokks. Þetta sýna og sanna öll ákvæði stjskr. og kosningalaga, sem hér að lúta. Þetta sýnir m. a. 133. gr., sem vitnað hefir verið til, þar sem gert er ráð fyrir, að skipt verði um uppbótarþingmenn eftir að landskjörstjórn hefir úthlutað uppbótarsætum að aflokinni aðalkosningu, og komið geti fyrir, að uppbótarþingmaður missi við það umboð sitt þrátt fyrir það, þótt hann hafi ekki á nokkurn hátt sjálfur spillt sínum rétti. Þetta sýnir, að hér er um nýja tegund þm. að ræða, sem ekki eiga tilverurétt nema í sambandi við flokk, líka með tilliti til þess, að utanflokkamenn geta aldrei náð uppbótarsæti, sem er óbein en sterk sönnun fyrir því, að uppbótarþingmenn eru óskiljanlegir frá þeim flokkum, sem þeir fljóta á inn í þingið, — ella geta þeir ekki haldið sínum sætum. Það er eftirtektarvert, að enginn meðal andmælenda okkar hefir borið það við að reyna að sýna fram á, að svo væri ekki, heldur hafa þeir farið í kringum málið, og sumir jafnvel reynt að bjarga sér á því hálmstrái að halda því fram, að hv. 2. landsk., sem hér velkist dag eftir dag fyrir vindum og sjóum, sé enn í þeim flokki, sem hann hefir sagt skilið við. Nú er það sannanlegt, hvað sem hinn kærði sjálfur segir, og verður sannað, því það er nú einusinni ekki regla að taka framburð kærða sem óskeikulan grundvöll dóma, að hinn ákærði er genginn úr sínum flokki og hefir þannig misst allan rétt bæði eftir beinum ákvæðum og anda stjskr. og kosningalaga til þess að sitja á þingi. Hitt hefir blandazt inn í umr., að jafnvel þótt þessi ákvæði hefðu engin verið fyrir hendi, og meira að segja verið viðurkennd af þeim mönnum, sem reynt hafa að bera blak af kærðum, að siðferðisleg skylda hans væri að segja af sér þingmennsku, hvað sem öllu öðru liði.

Hv. þm. G.-K. hefir eins og aðrir gengið út frá því, að ákvæðin í stjskr. og kosningalögum væru gildandi, en þó lagt til, að önnur leið væri farin, af því að hann vissi, að meðhaldssemi hv. 2. landsk. myndi aldrei úrskurða hann af þingi samkv. ákvæðum l. Hann áleit, að nauðsynlegt væri að fá það *fram, hvað flokkarnir ætla sér* með atkvæðum sínum. Hv. þm. vildi fá það glöggt fram, ef stjórnarliðið greiddi atkv. móti

brtt. hans, að Alþfl. og meira að segja Framsfl. gengi skýlaust á móti sínum yfirlýstu skoðunum. Með atkvgr. um brtt. hv. þm. G.-K., eins og hann hefir nú orðað hana með nýrri brtt., fæst gleggri prófsteinn á afstöðu þessara flokka heldur en með rökst. dagskránni einni saman, sem þó brýtur allgreinilega í bága við anda stjskr. og kosningal. og sýnir ljóslega, hve flaumósa hv. meiri hl. n. hefir lokið sínu áliti.

Hv. þm. S.-Þ. talaði margt hér í dag, en fátt eitt merkilegt. Ræða hans er gott dæmi um það, hvernig þessi foringi tekur á málum. Hann gerði sér far um að flytja fréttir af fundi kjörbréfan., sem hann hefir sjálfsagt eftir einhverjum meirihlutamanninum í kjörbréfan. Það má telja meira en litla óvarkárni að trúa slíkum manni fyrir svona hlutum, sem almennt þingsiðferði segir til um, að þegja skuli yfir, því að trúa honum fyrir nokkru er sama sem að hella vatni í hrip, sem öllu lekur. Hv. þm. S.-Þ. flutti þær fréttir af fundi kjörbréfan., að hv. 2. þm. Rang. hefði haldið því fram, að lagafyrirmæli væru ekki fyrir hendi til þess að fullnægja kröfu Bændafl. og því ætti að reyna samkomulag í n. um að afgr. málið á siðferðisgrundvelli. Ég lýsi því yfir, að þetta er rangt. Ég tel mig ekki lengur bundinn þagnarheiti um það, sem á þessum fundi gerðist, þegar slíkur fréttaflutningur er hafinn. Rétt frá skýrt gekk það þannig til í n., að tveir nm. úr meiri hl. létu í ljós þá skoðun, að hvað sem liði lagaákvæðum, þá væru þeir þeirrar skoðunar, að það væri siðferðisskylda, að hinn kærði viki af þingi. Er þetta kom fram, spurði hv. 2. þm. Rang.: „Eigum við þá að reyna að sameina okkur um dagskrá á þeim grundvelli?“ Þannig er sagan rétt sögð, og það er vitanlegt, að ekki aðeins tveir menn í meiri hl. n. voru þessarar skoðunar, heldur eru margir fleiri það einnig. Það er meira að segja spursmál um hæstv. forseta. Við mig hefir hann ekki látið það í ljós, en þegar farið er að bera út slíkar sögur sem hv. þm. S.-Þ., má geta upp á ýmsu. Því verður ekki neitað, að tilgangur og andi stjskr. og kosningal. er sá, að hv. 2. landsk. láti af þingmennsku; það er siðferðiskrafa, hvað sem ákvæðum líður, að hann fari út úr þinginu. Nú er það vitað, hvernig stjórnarflokkarnir ætla að greiða atkv. Þeir gefa allt fyrir það, að mega hanga. Stj. þarf á atkvæði þessa manns að halda; það kom fram í raunarollu þeirri, sem form. Framsfl., hv. þm. S.-Þ., flutti hér í dag. Þegar hv. þm. V.-Ísf. hefði brugðizt í tveimur málum á síðasta þingi, þá hefði þessi hv. þm. komið í skarðið. Og „skarðið“ má ekki standa ófyllt. Hv. þm. S.-Þ. hefir gefið það upp, að hv. 2. landsk. eigi að vera áfram á þingi, af því að stj. þurfi á honum að halda, hvort sem þessum collega mínum í héraði þykir upphefð í slíkum úrskurði eða ekki, að vera einungis þinghæfur vegna þess, að hv. þm. S.-Þ. þarf á honum að halda. — Hitt þarf ekki að ræða, enda kemur það úr hörðustu átt frá stjórnarflokkunum, að vera að tala um skoðanakúgun og skoðanafrelsi. Það er kunnugt, að tvö síðastl. ár hefir ekkert skoðanafrelsi verið leyft í þeim flokkum, enda bannað í lögum flokkanna, sem er þráfaldlega beitt. Það getur komið fyrir strax á morgun, og kemur sjálfsagt oft fyrir áður en þessu þingi líkur. Það er því ekkert um það að segja, þótt hv. 9. landsk. sé að tala um þrælahald; það er náttúrlega misskilningur, að það komi neitt stjskr. við, því að hún ætlast til, að þm. hafi sannfæringu, en ef hann og hv. 6. landsk. endilega vilja kalla sig þræla, þá mega þeir það fyrir mér, enda ættu þeir sjálfir bezt um það að vita, hverra „brælar og þý“ þeir eru.

Forseti (JBald): Þó að það hafi ekki beinlínis verið dregið í efa, að hv. þm. V.-Ísf. (ÁÁ) veiti núv. stjórnarflokkum stuðning sinn samkv. þar um gerðu samkomulagi, sem birt hefir verið opinberlega, þá vil ég út af ummælum, sem fallið hafa í þingræðum, geta þess, að áður en hv. þm. V.-Ísf. lagði af stað í vesturheimsför sína átti hann tal um þetta við mig og bað mig um að geta þess opinberlega, ef með þyrfti, að afstaða hans um þetta sé óbreytt, og kvaðst hann mundu staðfesta þetta í bréfi til forseta Sþ. Hefi ég og móttekið bréf frá honum og segir þar:

„Ef talið er, að ég hafi „stungið af“ frá samstarfinu, þá nægir að skila því frá mér opinberlega, ef með þarf, að slíkt sé tilhæfulaust og allt standi óbreytt“. — Þessi skilaboð flyt ég hér með.

Ólafur Thors: Ég hefi ekki rétt til annars en að gera hér örstutta aths., enda hygg ég, að það muni nægja mér.

Ég sé ekki ástæðu til þess að skipta mér frekar af þeim ummælum, sem hv. þm. S.-Þ. hafði í sambandi við þetta mál, fyrst og fremst af því, að hans langa ræða í dag liggur að mestu leyti fyrir utan það, sem um er deilt; það var meir til gamans heldur en að hægt væri að taka það alvarlega. Ég get ekki heldur verið að skipta orðum við sakborninginn í þessu máli. Mér skilst, að hann hafi staðfest það, sem hv. þm. S.-Þ. sagði um hann fyrir kosningarnar, að hann gerðist nú mjög gamlaður. Það er ekki hægt að halda virðingu á þingi með því að segja aðra sekúnduna: „Ég er í Bændaflokknum“, en svo aftur hina: „Það er búið að reka mig úr flokknum“ eða „ég sagði mig úr honum.“ Slíkur rökstuðningur er ekki til þess laginn að festa menn í trúnni á því, að landinu sé vel borgið með því að slíkur maður hafi úrskurðarvaldið á þingi Íslendinga.

En að ég kvaddi mér hljóðs, var út af orðum hæstv. forseta, þeim er áðan féllu. Hann vildi leggja þann skilning í flutning brtt. minnar, að ég með flutningi hennar viðurkenndi, að skilningur hans á þessu máli væri réttur, og þar af leiðandi, að skilningur sá, sem hv. þm. V.-Sk. — studdur af hv. 1. þm. Skagf. — hefir mest barizt fyrir, væri rangur. Þetta er hinn mesti misskilningur. Hæstv. forseti er svo vel viti borinn maður, að honum ætti að vera það ljóst, að með till. minni meinti ég það eitt, að gefa þeim mönnum, sem eru á sömu skoðun í þessu efni og hann lýsti yfir að væri sín skoðun — og ég geri ráð fyrir, að hann meini yfirleitt það, sem hann segir, og ætlast ég til, að hann geri mér sama rétt og ég honum og geri mér ekki upp aðra

skoðun en ég gef tilefni til — að gefa þeim tilefni og tækifæri til að sýna trúnað sinn við anda stjskr. Mér er það ráðgáta, að jafnvitiborinn maður og hæstv. forseti er skuli halda því fram, að með því að greiða minni till. atkv. sé hann að meta persónulegar ástæður, sem komi til tilfinninganna, eins og hann tvisvar sinnum hefir sagt. Frá mínu sjónarmiði er þetta úr lausu lofti gripið. Ég tók það skýrt fram, að það snerti ekki kjarna málsins, af hvaða ástæðu M. T. hefir gengið úr Bændafl. Með minni till. er á engan hátt farið fram á, að þeir, sem henni greiða atkv., dómfelli M. T. fyrir að hafa farið úr Bændafl. Ég vil aðeins hitt, að hann taki rökrétta afleiðingu af þeirri staðreynd, að hann hefir farið úr Bændafl., af hvaða ástæðu sem það er.

Hæstv. forseti sagðist vilja sýna trúnað sinn við stjskr. með því að fylgja henni, og eins og ég sagði í dag, getur hann sýnt trúnað við þann bókstaf, sem stjskr. innibindur, með því að greiða hinni rökst. dagskrá meiri hl. n. — að minni till. viðbættri — atkvæði. Þetta er óhrekjanlegt og alveg tvímælalaust, að honum ber að greiða atkv. með því, að þessi umtalaði hv. þm. víki af þingi. Eða ætlar hæstv. forseti að halda því fram, að það hafi vakað fyrir honum og Jóni heitnum Þorlákssyni í öllum þeim umr., sem þeir áttu um þetta mál, að það mætti ske skömmu eftir að flokkur hefði fengið úthlutaðan uppbótarþm., að þá gæti þessi sami þm. svikið sinn flokk og samt setið á þingi? Hvert einasta orð, sem um þetta var talað, hné í þá átt að skapa sem varanlegast jafnvægi með uppbótarþm. Aldrei var borinn kviðbogi fyrir öðru en því, hvort tala uppbótarþm. nægði til þess að skapa fullnægjandi jafnvægi. Ég fullyrði það alveg hiklaust, að bæði hæstv. forseti og hinn látni formaður Sjálfstfl. hafi alla stund gengið út frá því, að þetta jafnvægi skyldi haldast, og alla stund lagt áherzlu á, að það héldist. *Ég fer ekki fram á annað við hæstv. forseta en* að það, sem var skoðun hans undir þessum umr., sé ennþá skoðun hans og að hann lýsi nú yfir því, að jöfnuðurinn eigi að haldast — að þm., sem gengur úr flokki sínum, eigi jafnframt að víkja af þingi, úr því að hann náði þingsæti sem uppbótarþm. ákveðins flokks. Vilji þess vegna hæstv. forseti sýna trúnað sinn við stjskr. — og það sagðist hann vilja, enda hefi ég enga ástæðu til þess að vefengja það —, þá hefir hann tvöfalt tækifæri til þess, annarsvegar að sýna trúnað sinn við bókstafinn, sem hann sjálfur trúir, og hinsvegar þann anda, sem hann barðist fyrir.

Ég viðurkenni, að það er kannske fram á mikið farið við hæstv. forseta og flokk hans undir þeim kringumstæðum, sem nú eru fyrir hendi, að sýna þennan trúnað, því að öllum er það ljóst, að völdin velta á því, hvort meiri hl. Alþingis úrskurðar M. T. þingrækan eða úrskurðar honum þingsetu. Ég viðurkenni, að það þarf karlmennsku hjá hæstv. forseta og flokki hans til þess að halda trúnaði við hugsjónir *sínar, en mig skyldi ekki undra hinsvegar,* þótt svo gæti borið undir áður en langt liði, að flokkur hæstv. forseta geti átt einhverjum þeim atvikum að mæta, að hann óskaði að hafa ekki þurft að fella þennan dóm, sem flokkur hans fellir í þessu máli með því að bregðast stuðningi við mína till. — En hvað sem öllu líður, hefi ég talið það rétt, að það kæmi skýrt fram, hvað má sín meira í þessu efni, trúnaður okkar gömlu samherja við hugsjónir sínar í þessu máli eða *tilhneigingin til þess að hanga* við völd. Af þeim ástæðum hefi ég borið fram till. mína.

Ég vil mælast til þess af hæstv. forseta að taka til rólegrar athugunar — og róleg athugun er honum lagin —, hvort ekki sé rétt og tvímælalaust hjá mér, að í minni till. felist enginn dómur um það, hvort M. T. hafi haft lögformlega ástæðu til þess að fara úr flokknum eða ekki. En frá þeirri staðreynd verður ekki vikið, að hann er farinn úr flokknum, og öllum hlutaðeigandi er skylt að taka þeim afleiðingum, sem af því verða og fullnægja öllu réttlæti.

Jakob Möller [óyfirl.]: Það er aðeins af því að hæstv. forseti meinaði mér að taka fram í ræðu hans áðan, að ég kveð mér hljóðs. — Hann *bar fram þá spurningu til mín beinlínis,* hvernig Sjálfstfl. hefði brugðizt við kröfu Alþfl. um að Sigurður Jónasson viki sæti úr bæjarstj. þegar hann fór úr Alþfl. Það kom aldrei til kasta Sjálfstfl. af þeirri ástæðu, að Sigurður Jónasson varð við kröfu Alþfl. og lagði niður umboð á þann hátt, að hann mun ekki hafa mætt á bæjarstjórnarfundum eftir að hann sagði sig úr flokknum, a. m. k. ekki nema ef vera kynni að hann hafi mætt á næsta fundi á eftir.

Þannig bætir þetta í raun og veru við það, sem ég vildi hafa sagt áðan með því að minnast á þetta dæmi, að það var ekki aðeins það, að Alþfl. gerði þá kröfu, að þessi fulltrúi hans legði niður umboð vegna þess að hann sagði sig úr flokknum, heldur fékk flokkurinn kröfunni að þessu leyti framgengt.

Jónas Guðmundsson: Það er að bera í bakkafullan lækinn að vera að halda þessum umr. áfram. — Þetta er mín síðasta ræða, svo að ég verð að láta mér nægja að drepa á örfá atriði, sem ég hefi punktað niður hjá mér undir þessum umr.

Ég vil þá fyrst víkja að þeim ræðumanni, sem síðast talaði, hv. 3. þm. Reykv., og einmitt að taka það dæmi, sem hann flutti inn í þingið, sem nokkuð hliðstætt. Það var um það þegar Sigurður Jónasson fór úr Alþfl. á sínum tíma. Þá gerði Alþfl. ekki þá kröfu til bæjarstj., að hún ræki þennan mann. (**JakM**: Af hverju?). Af því, að í Alþfl. gildir sú regla um starfsmenn hans og fulltrúa, að ef þeir fara úr flokknum annaðhvort af sjálfsdáðum eða eru reknir, þá leggja þeir jafnframt niður trúnaðarstörf í þágu flokksins. Þetta er það flokks-„disciplín", sem Alþfl. hefir byggt upp. Flokkurinn á ekki að koma til annara að leita hjálpar til þess að reka þennan og þennan af því að hann vill losna við hann. Ég þekki það ekki, að í lögum neinnar þjóðar *gildi þau ákvæði, að ef maður skiptir um flokk,* skuli hann leggja niður þetta og þetta starf. Hann veit, að þegar hann tekur við starfi í þágu

einhvers flokks, er hann bundinn við reglur síns flokks, og aðrar ekki.

Í þessu sambandi er rétt að minnast á það, sem hv. þm. V.-Sk. kom að í sinni ræðu, að það hefði verið rétt í kjörbréfan. að gefa þessum hv. þm. (MT) siðferðislega áminningu. Og án þess að ég vilji fara mikið inn á það, þá er það rétt, að þetta kom til tals, eins og svo margt annað. Bæði ég og annar hv. nm. töldum, að svo mætti líta á, að maður, sem segði sig úr flokki, hefði siðferðislega skyldu til þess að leggja niður trúnaðarstörf, er hann hefði á hendi í þágu flokksins. En ég tók það fram þá, og vil gera það einnig hér, að ég tel, að hvorki mér né öðrum þm. beri að gefa neinum öðrum þingmönnum siðferðislega áminningu. Ef menn ekki taka það upp hjá sjálfum sér eða flokkurinn er ekki það vel skólaður, að hann geti komið þessu fram af sjálfsdáðum, þá ber þinginu ekki að skipta sér af þessu. Þetta er heimilisófriður, sem ekki átti að komast inn í þingið, sem þeir áttu að leysa, bændaflokksmennirnir, eins og þeir voru menn til, og eins og sjálfstæðismenn sjálfsagt hefðu gert einir, ef slíkur ófriður hefði komið upp hjá þeim. En hitt er ekki rétt, sem komið hefir fram í ræðum hv. 1. og 3. þm. Reykv., hv. 1. þm. Skagf. og hv. þm. G.-K., að uppbótarsætin séu eign flokkanna og að uppbótarþm. hafi annan rétt á þingi heldur en kjördæmakosnir þm., þannig, að þeir missi kjörgengi við að losna úr tengslum við flokk sinn. Þetta er rangt og hefir enga stoð í stjskr., og ef það hefði þar einhverja stoð, værum við landskjörnir þm. ekki undir 43. gr. stjórnarskrárinnar, þar sem segir, að alþingismenn séu eingöngu bundnir við sannfæringu sína, en eigi við neinar reglur frá kjósendum. En það eru reglur frá kjósendum, þegar flokksstjórnir leyfa sér að þrengja kosti einstakra þm. svo, að þeim sé ekki vært í flokknum. Ef við ekki af flokkslegum aga eða af öðrum ástæðum segjum okkur úr flokknum, getur þingið ekki svipt okkur þeim rétti. En okkar flokkur verður að líða við það, að við höfum svikið hann. Sá flokkur, sem er svo óheppinn að fá mann á þing, sem bregzt trausti hans, verður að bera afleiðingarnar af því.

Ég skal bæta því við, að í þessu sambandi skiptir það ekki máli um hæstaréttardómarana, sem hv. þm. V.-Sk. var að tala um, því að það er blátt áfram tekið fram í stjskr., að þeir séu ekki kjörgengir. Það stendur þar í ákveðinni grein, að þeir dómendur, er ekki hafa umboðsstörf á hendi, séu ekki kjörgengir. Þeir geta því ekki boðið sig fram til þings nema að hafa afsalað sér dómaraembættinu. (JAJ: Þeir geta hafa verið kosnir áður). Þá fellur þeirra umboð niður og nýjar kosningar fara fram, eða varamaður tekur við, ef þeir hafa verið landskjörnir.

Hv. þm. G.-K. var að deila á Alþfl. fyrir að hafa brugðið trúnaði við sína hugsjón. En dettur nokkrum manni í hug, að það hafi verið hugsjón Alþfl. að mismuna þm. þannig, að sumir væru réttlausir gagnvart stjskr., en aðrir hefðu þann fyllsta rétt, sem hún getur veitt mönnum? Slík og þvílík hefir hugsjón Alþfl. aldrei verið Alþfl. hefir alltaf haldið fast við flokksvaldið, og það hefir Sjálfstfl. raunar gert líka, en að ætla að halda fast í flokksvaldið gagnvart einhverjum manni, en ekki öllum flokknum, það er ekki hugsjón. Það er kúgunartilraun — þrælahald, sem verið er að byrja á nú og aldrei hefir tíðkazt áður. Og ég vil benda á það að lokum, að ef farið er inn á þessa braut, er þingið komið á hina mestu ringulreið sem hugsazt getur, og stórhættulega braut. Nú er M. T. rekinn í dag. Hver verður svo rekinn á morgun? Þetta getur endað með því, að þingið geri lítið annað en bollaleggja um brottrekstur þingmannanna, fyrst hinna 11 landkjörnu og svo þingm. Reykjavíkur, og að störf þess verði að lokum lítið annað en að reka þingmennina. Og sjá þá allir, í hvert óefni komið væri.

Garðar Þorsteinsson [óyfirl.]: Ég hefi ekki blandað mér inn í þessar deilur, þó að talsvert tilefni hafi gefizt til þess, þar sem bæði hv. 6. landsk. og hv. 9. landsk. hafa látið þau orð falla, að við uppbótarþm. Sjálfstfl. hlytum sóma okkar vegna að greiða atkv. með dagskrártill. meiri hl. kjörbréfan. Og þeir hafa jafnvel látið þau orð falla, að það bæri vott um þrælslund, ef við ekki gerðum það. Áður en ég vík að þessum ummælum, vil ég minnast á það fyrst, sem hv. frsm. meiri hl. sagði, að 28. gr. stjskr. væri að því er snertir kosningar og kjörgengi alveg tæmandi. Nú vil ég strax benda á það, að það hefir komið fram hjá hæstv forseta Sþ. og fleirum, að þeir teldu, að 133. gr. kosningalaganna bryti ekki í bág við stjskr., en í þeirri grein er því slegið föstu, að það sé hægt að svipta mann kjörbréfi, þó að hann hafi á löglegan hátt fengið það. Það, sem hæstv. forseti Sþ. mundi segja þessu til andsvara, væri helzt, að 133. gr. kosningalaganna ætti aðeins við á meðan þing væri að skipa sig. En þetta er ekki rétt, því að þótt gert sé ráð fyrir því, að 133. gr. sé beitt í slíkum tilfellum, þá er ekki því að neita, að þessi sami uppbótarþm., sem síðar kynni að verða sviptur kjörbréfi sínu, hefir alveg á sama hátt og þessir 11 uppbótarþm., sem hafa fengið kjörbréf, verið samþ. löglega inn á þingið, þótt hann síðar yrði sviptur kjörbréfi. Það skiptir engu máli, þó að í þessu tilfelli sé vísað til þess, að landskjörsstjórn eigi úrskurðarvaldið. Ég vil líka benda á eitt, sem sýnir, að þessa grein stjskr. á ekki að skoða sem tæmandi. Það er það, að til þess að verða uppbótarþm. þarf þingmannsefnið að hafa staðið á landslista, en getur hinsvegar með yfirlýsingu sinni fallið frá þeim rétti, eins og t. d. Vilmundur Jónsson landlæknir. M. ö. o., jafnvel þótt Vilmundur Jónsson uppfyllti skilyrði 28. gr. stjskr., var þó eitt kjörgengisskilyrði, sem vantaði til þess að hann gæti orðið uppbótarþm. Ef því væri slegið föstu, að þessi kjörgengisskilyrði 28. gr. stjskr. væru undir öllum kringumstæðum tæmandi, hvers vegna væri þá ekki Vilmundur Jónsson uppbótarþm.? Vegna þess að það er eitt kjörgengisskilyrði í viðbót, sem þarf að uppfylla, þó að um það megi deila, á hvern hátt eigi að orða það, hver sé réttur landkjörinna þm. og kjördæmakjörinna þm. Hvort sem það er rétt, að flokkurinn eigi uppbótarsætin eða ekki, þá verður því ekki neit-

að, að 26. gr. stjskr. gerir á þessum tveim tegundum þm. nokkurn mun. Ég vil benda á, að 26. gr. segir um uppbótarsætin, með leyfi hæstv. forseta: „Að öðru leyti fer um skipun jöfnunarþingsæta eftir kosningalögum.“ M. ö. o. að því er þessa menn snertir er lagaheimildin miklu rýmri. — 28. gr. heimilar ekki kosningal. að gera neina breyt. á þessu kjörgengisskilyrði, en það gerir 26. gr. að því er snertir uppbótarþm. Það má líka benda á, að þótt 133. gr. sé miðuð við skipun þingsins í upphafi, fellur samt niður umboð þm., sem löglega hefir verið samþ. af landskjörstjórn og síðan af þingi. En af hverju fellur það niður? Af því að almennar kosningar hafa sýnt, að hlutfallið, sem á að vera milli þingmannatölu flokks og kjósendanna, sem standa á bak við hann, hefir raskazt. Þessi röskun er sönnuð með kosningu, sem hefir farið fram. Ef hinsvegar hægt er að sanna, að slík röskun fari fram á þann veg — ekki vegna þess, að kjósendatala aukist eða minnki, heldur vegna þess að tala þm. flokksins minnkar með því, að þm. segir sig úr flokknum eða með því að uppkosning hafi farið fram, þá skal samkv. anda og orðalagi 133. gr. kosningal. bæta flokknum upp þann missi, er hann hefir orðið fyrir. Ég verð því að telja, að með þessu sé sýnt fram á, að það hefir ekki verið tilætlun stjórnarskrárgjafans, að upptalning 28. og 29. gr. stjskr. væri tæmandi. Það sýnir bæði 29. gr. stjskr. og 133. gr. kosningal. — Hvað sem þessu líður og hvort sem hægt er að deila um þetta eins og svo margt annað, verður ekki um það deilt, að það hefir verið tilgangur stjskrárgjafans, að þetta skyldi vera þannig. — Er því skylt að verða við kröfu Bændafl. um brottvikningu Magnúsar Torfasonar, að ég ekki minnist á þá siðferðislegu skyldu, sem hvílir á þessum hv. þm. að segja af sér þingmennsku. Á það hefir verið bent og hv. 6. landsk. orðið að játa, vegna upplýsinga, sem hv. þm. V.-Sk. gaf um það, hvað gerðist innan kjörbr.n., að það væri sitt álit, að Magnús ætti að víkja af þingi af siðferðislegum ástæðum. Hann segir hinsvegar, að það eigi að vera svo mikil „disciplin“ innan flokksins, að flokkurinn geti sjálfur látið menn leggja niður umboð sín. Þetta kveður við nokkuð annan tón en í gær, þar sem hann þá sagði, að það væri skylda allra landsk. þm. að greiða atkv. með dagskrártill. meiri hl. kjörbrn., því að annars væru þeir raunverulega að gera sjálfa sig að þrælum. Mér finnst það koma úr hörðustu átt, að jafnaðarmenn skuli tala þannig um þessa hluti, þar sem þeir hafa gert kröfu um það, að flokksmaður þeirra — Sigurður Jónasson — legði niður starf sitt í niðurjöfnunarnefnd Reykjavíkur, þegar hann sagði sig úr Alþfl. Sjálfur var þessi hv. þm. áðan að segja, að hann teldi fyrir sitt leyti siðferðislega skyldu þm., sem þannig stæði á um, að leggja niður umboð sitt. En hvernig er með þá menn, sem vitað er um, að hafa verið þessi tvö þing algerðir þrælar jafnaðarmanna — framsóknarmennina —, þá menn, sem aldrei hafa gert annað en að uppfylla kröfur jafnaðarmanna? Hvar sem þingmálafundir voru, stóð hver jafnaðarmaðurinn upp á fætur öðrum og skýrði frá því, hvaða atriði hefðu verið í 4 ára áætluninni og að þau hefðu öll komizt í framkvæmd. Og þeir drógu engar dulur á, að framsóknarmenn gerðu eins og jafnaðarmenn kröfðust. Í Framsfl. ræður meiri hluti skilyrðislaust. Þeir þm. verða að víkja úr flokknum — og þá vitanlega af Alþ. —, sem ekki fylgja samþykktum meiri hlutans. Ég verð að telja, að þó að ég greiði atkv. bæði með till. hv. þm. G.-K., en á móti dagskrártill. meiri hl. kjörbrn., þá sé það í samræmi við þær skoðanir, sem flestir frjálslyndir menn hafa. Og hv. 6. landsk. verður hér á Alþ. að rísa upp og koma með fleiri rök, ef hann ætlar að sanna, að við sjálfstæðismenn sýnum nokkra þrælslund með því að styðja þá kröfu, sem hv. 6. landsk. meðgekk sjálfur að væri rétt, að Magnús Torfason víki af þingi.

Fjmrh. (Eysteinn Jónsson): Ég skal ekki lengja mikið umr., en það eru aðeins tvö atriði, sem ég vildi koma að. Fyrra atriðið er það, að því er haldið fram, að eftir reglum Framsfl. eigi miðstjórn flokksins að ráða afstöðu þingmanna, og þeir þingmenn, sem brjóti í bága við flokkssamþykkt, eigi að víkja af þingi. Út af þessu vil ég taka það fram, að þetta er algerlega rangt, eins og sést bezt á því, að á haustþinginu 1933, þegar við rákum þá Jón í Stóradal og Hannes Jónsson úr flokknum af því að þeir vildu ekki hlíta flokkssamþykkt, fórum við aldrei fram á það, að þeir vikju af þingi. Þeir gátu farið eftir sannfæringu sinni, en við vildum ekki láta þá koma fram lengur á ábyrgð Framsfl. — Það er því reginmunur á því, að hafa flokksskipulag, sem gerir ráð fyrir því, að þingmenn hagi sér eftir því, sem flokkurinn ákveður, og hinu, að menn geti ekki fylgt sannfæringu sinni. Fyrir þá menn, sem hafa sannfæringu í andstöðu við flokksviljann, er opin sú leið, að segja sig úr flokknum.

Um hitt atriðið, sem líka er mjög rætt, hvort það sé siðferðisleg skylda hv. 2. landsk. (Magnúsar Torfasonar) að segja af sér þingmennsku, vil ég segja þetta:

Það má vitanlega færa margt fram til stuðnings því, að uppbótarþingmenn, sem ekki fylgja lengur flokki sínum, þ. e. a. s. flokki, sem byggður er upp á venjulegum grundvelli, eigi ekki að sitja á þingi áfram. En hafa menn athugað það, að hér stendur alveg sérstaklega á, nefnilega þannig, að sá flokkur, sem hefir kosið Magnús Torfason á þing, gekk til kosninganna með þeirri stefnu, að innan flokksins skyldi ekkert ráða annað en sannfæring hvers eins. Engar flokkssamþykktir áttu að binda menn. Hafa menn athugað, að eftir eigin sögn stofnenda Bændafl. fóru þeir úr Framsfl. til þess að þurfa ekki að beygja sig fyrir flokkssamþykkt? Magnús Torfason var kosinn á þing fyrir Bændafl. með það fyrir augum, að hann væri ekki bundinn við neitt, sem héti flokkssamþykkt. Þess vegna held ég því fram, að málið liggi nú þannig fyrir, að ef hv. 2. landsk. beygði sig fyrir ofríki hv. þm. V.-Húnv. og hv. 10. landsk. og færi af þingi að þeirra vilja, brygðist hann trausti kjósenda sinna, því að hann var ekki kosinn á þing til að láta beygjast af flokksvaldi, heldur til að taka afstöðu eftir sannfæringu sinni eingöngu. Því

getur það ekki verið siðferðisskylda hans að fara af þingi nú, heldur þvert á móti skylda hans við kjósendur að sitja sem fastast, hvort sem Bændafl. eða þeim ⅔ hlutum hans, hv. 10. landsk. og hv. þm. V.-Húnv., þykir ljúft eða leitt.

Annars vil ég benda á það, að mér finnst næstum grátbroslegt, að Bændafl. skuli vera að halda því fram hér á Alþingi, að rétt sé, að einn af flokksmönnunum sé rekinn út úr þinginu fyrir það að halda fast við reglu, sem flokkurinn hafði fyrir kosningarnar lofað kjósendunum að lifa eftir. Með því hefir flokkurinn fullkomnað og opinberað svik á öllum þeim loforðum, sem hann gaf kjósendunum fyrir kosningar.

Hannes Jónsson [óyfirl.]: Eins og ég hefi áður tekið fram, þá er ekki um það að ræða, hvernig ákvæði stjskr. og kosningal. fullnægi flokkunum, heldur um það, hvernig ákvæði stjskr. og kosningal. eru um þetta efni, sem hér ræðir um. Ég skal aðeins byrja á því að taka til meðferðar það, sem hæstv. fjmrh. sagði seinast, að samkv. stefnu Bændafl. væri skylda Magnúsar við kjósendur að sitja áfram á þingi. Nú er upplýst og viðurkennt af honum sjálfum, þótt hann hafi verið að neita því í öðru orðinu, að hann hafi verið búinn að slíta samvinnu við Bændafl. Ætli nokkur kjósandi Bændafl. ætlist til, að fulltrúar þeirra hætti að vinna saman? Ef Magnús hefði viljað halda áfram að vinna í samræmi við stefnu Bændafl. með öðrum flokksmönnum, þá átti hann að hafa rétt til að sitja áfram á þingi, en þar sem hann er hættur því, þá á hann að hverfa þaðan. Annars var hér í dag mikið haldið af löngum ræðum um ýms efni, sem lítið koma því máli við, sem hér um ræðir. En það verður nú samt ekki alveg framhjá því gengið, af því að fram kom þessi dæmalausa harmsaga hv. þm. S.-Þ. af starfi hans innan flokks síns. En þar sem hv. þm. segir sjálfur frá, þá er þessi harmsaga styttri en mátt hefði vera. Síðan ég tók sæti á Alþ. hefir flokkur hv. þm. haldið honum niðri, þegar mestu vitleysuköstin hafa komið í hann og hann hefir ætlað að fremja einhver glapræði. Það, sem hann fann okkur nokkrum framsóknarmönnum mest til foráttu, var m. a. róður, sem við hefðum átt að hefja við forsetakosninguna 1930. Það verður ekki hjá því komizt að minnast á þetta, úr því að hv. þm. S.-Þ. hefir óskað eftir umr. um það. Og þá vil ég benda á það, að strax á þinginu eftir kosningarnar 1927 var shlj. álit meiri hl. flokksins, að Ásgeir Ásgeirsson ætti að vera forseti Alþ. Nokkrir héldu því fram, að það væri e. t. v. réttara gagnvart Magnúsi Torfasyni, að láta Ásgeir Ásgeirsson ekki taka við forsetastörfum þá strax á því þingi, og því varð það, að meiri hluti flokksins eða stór hluti hans féllst á að kjósa Þorleif Jónsson forseta Sþ. með það fyrir augum, að Ásgeir Ásgeirsson yrði forseti Sþ. strax næsta ár, svo að það væri trygging fyrir því, að hann gegndi forsetastörfum 1930, og þá um leið tryggt, að það starf gæti farið forsvaranlega úr hendi. En það held ég, að allir hafi efazt um, nema hann sjálfur, sem veitti sér 3000 kr. til þess að fara utan til að læra mannasiði. Hann gæti þá munað það líka, að þeir, sem voru í stjórn fyrir Framsfl., voru ekkert á því að veita honum þetta fé, og hann mun alls ekki hafa fengið það hjá stj., heldur notað sitt eigið vald sem forseti Alþ. til þess að úrskurða sér þessa fjárhæð til utanfarar, hvort sem það hefir verið af því, að hann hafi verið búinn að fá vitneskju um, að Ásgeir Ásgeirsson ætti að verða forseti Sþ. 1930. Ég skal geta þess, að við prófkosningu, sem fram fór í Framsfl. um þetta, fékk Þorleifur 8 atkv. og Magnús 8 atkv., en tveir seðlar voru auðir, vegna þess að Þorleifur fékkst ekki til að greiða sjálfum sér atkv. en vildi ekki kjósa Magnús. Einn framsóknarþm., sem hvorugan þennan mann vildi, en vildi að Ásgeir Ásgeirsson yrði forseti þá þegar á því þingi, ætlaði að hliðra sér hjá að greiða atkv. með því að mæta ekki á fundi, en eftir ákveðinni skipun kemur hann og þannig flýtur Magnús Torfason inn í forsetastól 1928 með 9 atkv. framsóknarmanna gegn 8. (**Forseti**: Þingsköp mæla svo fyrir, að nefna skuli þm. eftir kjördæmum sínum). Já, að vísu, en uppbótarþm. eru ekki kenndir við nein sérstök kjördæmi. (**Forseti**: Hv. þm. hefir margoft nefnt þm. persónulegum nöfnum). Þetta skiptir nú ekki miklu máli, en það, sem máli skiptir hér, er, að Framsóknarfl. var ákveðinn í því, að Magnús Torfason skyldi ekki verða forseti Sþ. 1930. En það er dálítið einkennilegt, ef þetta á m. a. að vera fyrir undirróðursstarfsemi frá Jóni í Stóradal, sem ekki átti einu sinni sæti á Alþ. þetta ár. En ef endilega þarf að ráðast á Bændafl., þá er sjálfsagt að skamma okkur fyrir alla mögulega hluti, þótt við jafnvel eigum engan þátt í því, sem um er verið að ræða.

Þá get ég rétt vikið að öðru máli, sem hér hefir verið gert að umtalsefni í sambandi við það, hvað við, sem erum í Bændafl., hefðum verið óþjálir í samvinnu við flokkinn á sínum tíma í Íslandsbankamálinu. Ég er einn af þeim mönnum, sem harðastir voru í því máli innan Framsfl., svo að ég get ekki skilið, að þm. S.-Þ. geti borið mér á brýn, að ég hafi á nokkurn hátt vikið frá því, sem flokkurinn vildi vera láta a. m. k. í þingbyrjun. En sú breyt., sem varð á afstöðunni, var a. m. k., að einn framsóknarþm., sem nú á sæti á Alþ. — hv. þm. Mýr. —, hafði ásamt tveim öðrum þm., þar á meðal Ásgeiri Ásgeirssyni, borið fram frv. um endurreisn Íslandsbanka. Það frv. hefði getað orðið að l., ef Framsóknarfl. hefði ekki vikið frá því, sem hann vildi í upphafi þings, og þá þegar var búið samstarfið í n., sem Framsfl. kaus í þessu máli. Það voru þeir núv. hv. þm. S.-Þ. og hv. 2. þm. Eyf., sem báru fram brtt. við frv. okkar Sveins Ólafssonar, svo að árás hv. þm. S.-Þ. á okkur Bændaflokksmenn í þessu máli ætti þá ekki síður að snúast gegn hv. 2. þm. Eyf., sem a. m. k. að forminu til var sá maður, sem gekk fram í broddi fylkingar um lausn á þessu máli. Vitanlega voru menn í Framsóknarfl. mismunandi ánægðir með þá lausn, sem fékkst, en töldu það þá skárstu lausnina, sem unnt var að fá. Núv. forseti Sþ. hefir lýst yfir því, að þetta væri bezta lausnin á málinu, og þó að sósíalistar hafi greitt atkv. á móti henni, þá hafi þetta

verið tiltækilegast til þess að bjarga því, sem bjargað varð.

Þá talaði hv. þm. S.-Þ. mikið um það, að Magnús Torfason hefði verið hrakinn frá því að vera í stjskrn. og taldi, að við núv. Bændafl. menn hefðum unnið mikið að því, að svo varð. En sannleikurinn í þessu máli er samt sá, að allur Framsfl. var ákveðinn í því að setja þáv. þm. Str., Tryggva heitinn Þórhallsson, í n., og þá var aðeins um það að ræða, hvaða annar maður ætti að koma í n. með honum. Ég skal játa, að allmikið kapp var milli þeirra manna í flokknum, sem vildu að Jón í Stóradal yrði heldur í n. en Jónas Jónsson, núv. þm. S.-Þ., eins og ég ætti kannske að nefna hann. Hann var nú ekki alveg á því, að það væri heppilega valið í n., og því var það, að hann bauð nokkrum mönnum í kaffikvöld upp í Sambandshús til þess að ræða möguleikana til þess að losna við Jón úr þessari n. En hvort sem það hefir nú verið af því, að kaffið hafi verið svo dauft eða af öðrum ástæðum, þá varð ekki komizt að annari niðurstöðu en þeirri, að sá maður, sem fengi flest atkv., annar en Jón í Stóradal, skyldi vera kosinn í n. með Tryggva. Maður skyldi ætla, að Jónas hefði beitt öllu sínu þreki til að fá Magnús kosinn í n., en annaðhvort er, að Magnús er í svo litlu áliti, að hann hefir ekki fengið nema helminginn af þessum Jónasarhluta flokksins — en hann þurfti helming allra flokksatkv. til að komast í n. — eða þá að hv. þm. S.-Þ. hefir farið með rangt mál við Magnús Torfason og aðeins talið honum trú um, að hann væri að vinna að því að koma honum í n. Svo er sargað í þessum 2 eða 3 prófkosningum, þangað til búið er að reyta allt af Magnúsi Torfasyni, svo að hann stendur berstrípaður, en Bergur Jónsson hefir 10 eða 11 atkv. í flokknum og er kosinn sem fulltrúi í nefndina. Ef Jón í Stóradal hefði fengizt til að kjósa sjálfan sig, hefði hann haft jafnmörg atkv. Áhugi hans á því að komast í n. var nú ekki meiri en þetta. En einlægni hv. þm. S.-Þ. til Magnúsar Torfasonar var hinsvegar ekki meiri en það, að hann sveik hann í tryggðum. Og á þessum fundi tekur svo Magnús Torfason pjönkur sínar, segir skilið við flokkinn og fer. Eftir það man ég ekki til, að hann kæmi á fundi hjá Framsfl. það kjörtímabil út. Síðan er hann alltaf að hrekjast úr einum stað í annan, af því að honum finnst hvergi vera tekið nægilegt tillit til sín, enda hefir oft gengið erfiðlega að fá menn til að viðurkenna hæfileika þá, sem hann þykist hafa yfir að ráða.

Ég þarf ekki að fjölyrða frekar um ýms atriði í þessu sambandi, sem ég vildi þó, að væru nokkurn veginn ljós, því að ég tel, að það ætti a. m. k. að vera öllum mönnum greinilegt, hvort Magnús Torfason er áfram í Bændafl. eða ekki. Sjálfur hefir hann lýst yfir því, að hann hafi verið hrakinn úr flokknum og að hann gæti ekki verið í honum lengur, sóma sins vegna. Með þessum yfirlýsingum, sem hann hefir gefið á fundum í Árnessýslu, þó að hann komist þar í mótsögn við sjálfan sig, er því slegið föstu, að hann er ekki lengur í flokknum. Og það er engan veginn þýðingarlaust fyrir Bændafl. að losna við Magnús Torfason á þennan hátt, jafnvel þó að hann fengi engan þm. í það sæti, sem Magnús hefir skipað.

Það er margt fleira, sem ástæða væri að minnast á, en mikið af því, sem hér hefir verið gert að umræðuefni, kemur málinu ekki vitund við, og af því að hv. þm. S.-Þ. hefir aðallega fjölyrt um þau atriði, er ekki ástæða til að ræða þau frekar. Hann er þekktur að því, að þegar hann er orðinn veikur á svellinu, fer hann í allskonar krákustigum út í hin og þessi aukaatriði, sem ekki koma því við, sem um er rætt. Þess vegna ber ekki að taka það alvarlega, þó að margt af því verði látið „passera“ án þess að það sé hrakið, enda þótt í ræðu hans úi og grúi af ósannindum, eins og hans er von og vísa. Ég get því fellt úr ræðu minni ýms atriði, sem ég hefði ef til vill annars minnzt á, sérstaklega þar sem hæstv. forseti hefir óskað þess, að umr. yrðu ekki lengdar úr hófi fram.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 16. fundi í Sþ., 15. okt., var umr. enn fram haldið.

ATKVGR.

Brtt. þm. G.-K. við dagskrártill. meiri hl. kjörbrn. felld með 25:17 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: GÞ, GSv, GÍ, GL, HannJ, JakM, JAJ, JónP, MG, MJ, ÓTh, PHalld, PM, PO, SK, ÞBr, ÞÞ.

nei: BÁ, BB, EÁrna, EMJ, EystJ[1]), FJ, GG, HG, HermJ[2]), HV, IngP, JG, JJ[3]), JörB, MT, PHerm, PZ[4]), PÞ, SigfJ, SE, SÁÓ, ÞorbÞ, BJ, BSt, JBald.

Sjö þm. (EE, JJós, JÓl, JS, StJSt, TT, ÁÁ) fjarstaddir.

Rökst. dagskráin frá meiri hl. kjörbrn. samþ. með 25:17 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: MT, PHerm, PZ, PÞ, SigfJ, SE, SÁÓ, ÞorbÞ, BJ, BSt, BÁ, BB, EÁrna, EmJ, EystJ, FJ, GG, HG, HermJ, HV, IngP, JG, JJ, JörB, JBald.

nei: ÓTh, PHalld, PM, PO, SK, ÞBr, ÞÞ, GÞ, GSv, GÍ, GL, HannJ, JakM, JAJ, JónP, MG, MJ.

Sjö þm. (StJSt, TT, ÁÁ EE, JJós, JÓl, JS) fjarstaddir.

Till. minni hl. kjörbrn. kom ekki til atkv.

---

1) **Fjmrh.**: Þar sem því var lýst yfir af Bændafl. fyrir síðustu kosningar, að þm. hans væru engum flokksböndum háðir, þá tel ég rangt að samþ. till. og segi því nei.

2) **Forsrh.**: Til viðbótar því, sem fjmrh. sagði, vil ég taka það fram, að ég álít rangt að gera mun á rétti kjördæmakosinna þm. og þeirra, sem landsk. eru.

3) **JJ**: Með skirskotun til skýringa þeirra, sem tveir ráðh. hafa gefið, segi ég nei.

4) **PZ**: Ég tel, að hv. 2. landsk. sé í fullu samræmi við stefnuskrá þess flokks, sem hann bauð sig fram fyrir við síðustu kosningar, og því sé viðaukatill. hv. þm. G.-K. nokkurskonar Þrutobba-ófugmæli, sem ekki beri að taka alvarlega, og því segi ég nei.

II. Afgreiðsla þingmála.

Á 37. fundi í Nd., 25. marz, utan dagskrár, mælti

Magnús Torfason: Það hafa nú verið til meðferðar hér í hv. d. ýms mál, þar sem bæjum er veittur margskonar skattaálagningarréttur til viðbótar við þann verzlunarskatt, sem þeir taka af sveitunum.

Ég hafði borið hér fram frv. um það, að rétta sveitunum einhverja hjálparhönd í þessu efni, sem ekki hefir verið talin vanþörf á, en það bólar ekki enn á, að því frv. hafi verið sinnt að nokkru, og þó var þetta mál fyrir síðasta þingi. Vil ég nú leyfa mér að beina þeirri ósk til hæstv. forseta að pikka nú í fjhn. og biðja hana að sýna þessu máli þó þá virðingu, að láta sjást, hvernig hún lítur á það.

Forseti (JörB): Ég skal gjarnan verða við tilmælum hv. 2. landsk. þm. um það, að vita, hvað afgreiðslu þessa máls líður hjá fjhn.

Sigfús Jónsson: Þetta mál er í allshn., en ekki í fjhn. (**MT:** Það er rétt. Ég bið fyrirgefningar).

Forseti (JörB): Hv. 2. þm. Skagf. mun hafa rétt að mæla, og gilda þá ummæli mín um, að ég muni vita, hvað afgreiðslu málsins líður hjá allshn.

Á 60. fundi í Nd., 30. okt., utan dagskrár, mælti

Hannes Jónsson: Á þinginu í fyrra flutti ég ásamt hv. 2. landsk. frv. til l. um breyt. á fasteignaskatti og frv. til l. um nýbýli. Þessi frv. fengu ekki afgreiðslu á því þingi, og þess vegna voru þau endurflutt af okkur sömu flm. snemma á þessu þingi. Frv. um fasteignaskatt var vísað til nefndar 25. febr. síðastl. Lá það því hjá þeirri nefnd í 1½ mán. fyrri hluta þingsins. Nú eru liðnar 3 vikur af þessum síðari hluta þingsins, og ekki hefir heyrzt, að n. hafi tekið frv. til athugunar. Þykir mér sú meðferð allsendis óviðurkvæmileg, þar sem vitað er, að málið hefir fengið mikinn stuðning um allt land. Skal ég t. d. nefna, að þetta frv. var tekið til umr. á sýslufundi Skagafjarðarsýslu, og raunar miklu víðar, en ég vil ekki tefja fundinn á að lesa það allt upp, en aðeins leyfa mér að lesa ályktun þá, sem gerð var á sýslunefndarfundi Skagfirðinga:

„Sýslunefnd Skagafjarðarsýslu lýsir ánægju sinni yfir frv. til laga um breyting á og viðauka við lög nr. 66 27. júní 1921, um fasteignaskatt, sem flutt er á þskj. 18 á Alþingi því, er nú situr. Álítur sýslunefndin, að í frv. þessu felist mikil og aðkallandi réttarbót fyrir sýslufélögin í landinu.

Einn og skýrt er fram tekið í grg. fyrir frv. á þskj. nr. 322 1934, er sjálfstjórn héraðanna stefnt í voða, þar sem skattstofnar þeirra hafa stórrýrnað á síðustu árum og verið á þá gengið af ríkisvaldinu. Sé ekki að gert í tæka tíð og sýslusjóðunum veittir nýir tekjustofnar, lenda héraðsstjórnirnar í fjárþroti og geta ekki stutt athafna- og menningarlíf héraðanna eins og þeim ber og brýn nauðsyn er á að þær geri. Stöðugt vaxandi fjárhagsörðugleikar sveitarstjórnanna, sem stafa af óbærilegum sveitarþyngslum, ónógum gjaldstofnum og litlu gjaldþoli almennings, orsakar meiri og meiri kröfur um stuðning héraðsstjórnanna til handa sveitunum, — og vaxandi vanskil hreppanna á sýslugjöldum. Má löggjöfin ekki loka augunum fyrir þeirri nauðsyn, sem á því er, að sýslusjóðunum séu tryggðar tekjur, svo þeir verði færir um að bera þær byrðar, er þeir óhjákvæmilega verða að standa undir. Um nauðsyn þessa máls vísast að öðru leyti í áðurnefnda grg. fyrir frv., sem sýslunefndin vill taka undir.

Sýslunefnd Skagafjarðarsýslu leyfir sér því að óska þess eindregið, að hið háa Alþingi samþ. frv. þetta sem lög".

Þessi ályktun var samþ. með 14 shlj. atkv. að viðhöfðu nafnakalli. Mjög í sömu átt eru ályktanir annara sýslufunda um þetta efni; m. a. má nefna ályktun sýsluf. Mýra- og Borgarfjarðarsýslu, Dalasýslu, Barðastrandarsýslu og Vestur- og Norður-Ísafjarðarsýslna. Svipað má segja um ályktanir, er gerðar voru á sýslufundum Suður-Múlasýslu og Skaftafellssýslu, auk þess sem á fjöldamörgum þingmálafundum um allt land hafa verið samþ. áskoranir á Alþ. um að gera frv. það að lögum, sem hér um ræðir. Hér er því mál, sem að dómi almennings á rétt á sér, og er nauðsynjamál í þeim örðugleikum, er nú steðja að einstökum sýslufélögum. Vil ég því mælast eindregið til við hæstv. forseta, að hann mæli með því við n., að hún skili áliti sem fyrst.

Sömu meðferð hefir frv. um nýbýli sætt hjá hv. landbn., er fékk það 22. marz síðastl. Komu fram 2 frv. í þessu efni, og var annað þeirra, að ég hygg, undirbúið af svokallaðri skipulagsnefnd. Í því var gert lítið úr okkar frv., en ég vildi þó ekki amast við því og bjóst við, að það gæti batnað. En síðan hefir það sofið í landbn. og ekki verið við því hreyft. Ég hefi heyrt, að maður hafi komið til nefndarinnar, sem hafi verið falið að gera enn aths. við frv. og að hann hafi lýst því yfir, að frv. væri svo óhöndulega samið, að það væri likara ræðu en frv. og væri ekki hægt að breyta því, heldur yrði að semja nýtt frv. Svo veit ég ekki, hvað getur lengi gengið, að vísað sé til einstakra nefnda, en síðan til eins manns, er ekki telur viðlit að breyta því, eða unnt að ganga frá því eins og það liggur fyrir, heldur verði að semja upp að nýju. Get ég ekki annað séð en svona geti liðið þing af þingi án þess nokkuð gangi kjörtímabilið út. Vildi ég því mælast til þess, að n. haldi þessu ekki lengur hjá sér, eða láti frv. veltast hjá einum manni utan þingsins og svokallaðri skipulagsnefnd, er telja hvor annan vitlausan, en láti frv. koma undir úrskurð þm. sjálfra.

Þá vil ég benda á, að ég flutti frv. til breyt. á l. um gjaldeyrisskráningu og gengisbreytingu. Var því vísað til n. 12. marz síðastl., og er á því legið svo ekkert hefir um það heyrzt. Þrátt fyrir það þó vitað sé, að skilningur alþjóðar er vaxandi fyrir því, að hjá því verður ekki komizt að gera róttækar breytingar á núv. gengi. Í fyrradag barst hingað ritlingur eftir góðan og

gegnan mann, sem reynt hefir að brjóta til mergjar þessi mál, hvað sem um skoðun hans má segja. Hér er um það mál að ræða, sem kannske mest veltur á um fjárhagslega afkomu þjóðarinnar.

Loks vil ég benda á smáfrv., er ég flutti í lok fyrra hluta þessa þings, og má því e. t. v. segja, að ekki væri von til, að fengi afgreiðslu þá. Þetta er að vísu ekki eins stórt mál og hin önnur; það var breyt. á samvinnulögunum, er í fólst að draga úr samábyrgðinni. Eins og séð verður á þingmálafundargerð úr einu traustasta samvinnuhéraði landsins, þá er álit manna á þá leið, að þetta sé mesta nauðsynjamál. Ég vildi því mælast til, að frv. þetta fái skjóta og góða afgreiðslu hjá nefnd þeirri, er um það á að fjalla.

Ég hafði búizt við því, að hæstv. ríkisstj. hefði notað það tækifæri, sem bauðst við þingfrestunina, til að moða í gegnum þau málefni, sem lágu fyrir þinginu, og velja úr a. m. k. einhver þau helztu, sem hún teldi eiga rétt á að fá þinglega lausn. Nú vona ég, að hæstv. stj. hafi ekki dæmt þessi mál, sem ég hefi nefnt, óalandi og óferjandi. En mér kemur það kynlega fyrir sjónir, að hún skuli ekki hafa gert ráðstafanir til þess að fá afgreiðslu þessara mála flýtt hér í þinginu. Það ætti að vera skylda ríkisstj. að nota þingfrestun til þess að vinna þeim málum gagn, sem fyrir þinginu liggja og miklu varða. Ég vil því skora á hæstv. stj. að láta það koma fram hér á þingi, hvaða afstöðu hún vill taka til þessara mála og hvort hún telur þau ekki þess verð, að þau geti fengið afgreiðslu hér á þingi. Vil ég svo endurtaka ósk mína til hæstv. forseta um það, að hann geri það, sem í hans valdi stendur, til þess að þingið fái tækifæri til að taka þessi mál til athugunar og meðferðar og að nefndum leyfist ekki að gera málin óvirk með því að sitja á þeim í óhæfilega langan tíma. En það verður að teljast nógu langur tími, að mál hafi verið borið fram fyrir ári síðan og séu búin að liggja í nefnd á þriðja mánuð. Það er óforsvaranlegur dráttur á áliti n. á málunum.

Forseti (JörB): Út af ummælum hv. þm. V.-Húnv. skal ég taka það fram, að ég mun spyrjast fyrir um það hjá hlutaðeigandi nefndum, hvað meðferð þeirra á þeim málum, sem hér um ræðir, líður.

Á 74. fundi í Nd., 15. nóv., utan dagskrár, mælti

Páll Zóphóníasson: Herra forseti! Á öndverðu þessu þingi lagði ég fram frv. til l. um innlánsvexti og vaxtaskatt. Gekk það gegnum 1. umr. og var vísað til fjhn. Síðan hefir ekkert til þessa frv. spurzt. Við umr. um önnur mál hér í d. hefir komið fram, sérstaklega frá hv. þm. G.-K. og hv. 6. þm. Reykv., að atvinnuvegirnir væru að sligast undir drápsklyfjum, sem þeir gætu ekki risið undir. Ég ætla, að þyngsta lóðið í þessum drápsklyfjum sé vaxtabyrðin. Því þykir mér undarlegt, að þessir hv. þm., sérstaklega hv. þm. G.-K., sem sæti á í n., skuli ekki hafa athugað þetta frv. allan þann tíma, sem það hefir legið hjá n. Nál. hefir enn ekki komið um það. Það lítur því út fyrir, að vilji þessa hv. þm. til þess að létta af drápsklyfjunum sé meiri í orði en á borði.

Ég vil nú skora á hæstv. forseta, sem sjálfur er nú kominn í þessa n., að gera gangskör að því, að þetta frv. geti komið sem allra fyrst fyrir hv. d.

Forseti (JörB): Ummæli hv. 2. þm. N.-M. munu verða tekin til rækilegrar íhugunar. Vona ég, að skriður geti nú komizt á það mál, sem hann talaði hér um.

Sigfús Jónsson: Ég vil geta þess, að fjhn. tók mál þetta strax til athugunar og sendi hún bönkunum það til umsagnar, en það hafa ekki enn þá komið umsagnir frá þeim.

Hannes Jónsson: Ég vil í þessu sambandi endurtaka þá ósk mína til hæstv. forseta, að hann geri gangskör að því að reka eftir þeim málum, sem ég hefi tvívegis gert sérstaklega að umtalsefni, að lægju hjá n. í þinginu. Vænti ég, þar sem hann hefir tekið þeirri málaleitun vel, sem nú kom fram um að ýta á eftir, að frv., sem liggur hjá n. fái að sjá dagsins ljós, að hann taki einnig vel undir þessa kröfu mína.

Forseti (JörB): Mér er ekkert annað ljúfara en að málefni þau, sem hv. þm. V.-Húnv. vék að, fái að koma fyrir deildina, og ég mun vekja athygli hlutaðeigandi n. á því, að þau þoli ekki að afgreiða.

Gísli Sveinsson: Herra forseti! Það mun vera að bera í bakkafullan lækinn að óska, að hæstv. forseti hlutist til um, að n. skili málum, því það er mjög algengt, að n. setjast á mál og halda þeim mjög lengi hjá sér, og hitt líka, að þdm. vilja ekki una því. Á öndverðu þingi bar ég ásamt fleirum m. a. fram frv. um lækkun berklavarnagjalds sýslusjóða til ríkissjóðs. Mun það hafa farið til hv. fjhn. þessarar d. Það minnir mig m. a. á þetta, að nú er útbýtt hér till. um tekjustofna bæjar- og sveitarfélaga, þar sem tilgangurinn er, að ríkisstj. undirbúi þetta mál. Raunar þolir það enga bið, að einhver lagfæring eigi sér stað á þessu sviði. Vil ég því bæta því við áskoranir annara hv. þm., bæði til hæstv. forseta og hv. fjhn., að þetta mál verði ekki dregið lengur á langinn, heldur fái að koma inn í d.

Forseti (JörB): Ég hefi nokkrum sinnum látið það í ljós við lík tækifæri og þetta, að n. ber að afgreiða á einhvern hátt þau mál, sem til þeirra er vísað, að því leyti sem þær frekast komast yfir, enda þótt þær kunni að vera þeim mótfallnar. Það er á allan hátt þinglegra, og flm. einstakra mála eiga rétt á því, að frv. þeirra fái formlega afgreiðslu í þinginu, en sé ekki stungið undir stól í n. Ég mun beina því til n. deildarinnar, að þær afgreiði nú til d. þau mál, sem mjög lengi hafa verið hjá þeim. Skal ég í því sambandi íhuga ósk hv. þm. V.-Sk.

Á 83. fundi í Nd., 26. nóv., utan dagskrár, mælti

Sigurður Kristjánsson: Herra forseti! Þann 5. þ. m. bar ég fram frv. um breyt. á l. um ráðstafanir til þess að greiða fyrir viðskiptum með sláturfjárafurðir. Frv. var vísað til hv. landbn. 16. þ. m., eftir 1. umr. Enn þá hefir ekkert heyrzt um þetta mál frá hv. n. Þetta er mjög mikilsvert mál, og get ég því ekki skoðað þennan drátt, sem orðið hefir á afgreiðslu málsins hjá hv. n., öðruvísi en sem vísvitandi viðleitni til þess að tefja fyrir framgangi málsins. Vil ég þess vegna mælast til þess, að hæstv. forseti gefi hv. form. landbn. áminningu fyrir þennan drátt, sem orðið hefir á afgreiðslu málsins hjá hv. n., og sjái um það, að þetta mál nái afgreiðslu á næstu dögum, og helzt þegar í stað.

Sigurður Einarsson: Ég vil leyfa mér að vekja athygli hæstv. forseta á því, að ég, ásamt þrem öðrum hv. dm., hefir borið fram frv. um stofnun garðyrkjuskóla. Þessu frv. var vísað til hv. landbn. 28. f. m. Við flm. höfum þegar sýnt svo mikið langlundargeð í þessu efni, að ég neyðist til að beina því til hæstv. forseta, að hann reyni að hlutast til um, að hv. n. sjái sér fært að afgr. þetta mál sem fyrst, því að það er, eins og greinilega hefir komið fram í umr. um það, nauðsynlegt mál, og það er almennur áhugi fyrir því, að stofnun sú, sem hér um ræðir, komist sem fyrst á laggirnar á þeim grundvelli, sem gert er ráð fyrir í frv. á þskj. 419.

Bjarni Ásgeirsson: Út af þessum umr. skal ég geta þess, að fyrir landbn. liggja mörg önnur mál en þessi tvö, sem hér hafa verið nefnd í þessum umr., er verða að teljast stærri og þýðingarmeiri heldur en þessi tvö. M. a. má þar til nefna lagabálk einn mikinn, sem legið hefir fyrir n. síðan á fyrri hluta yfirstandandi þings, og hefir n. varið fund eftir fund, viku eftir viku öllum sínum tíma til þess að geta afgr. þetta mál. Ég get látið þessa hv. þm., sem hér hafa talað, vita það, að n. mun láta það mál ganga fyrir öllum öðrum. Þetta mál er frv. um nýbýli. Þegar það mál hefir fengið afgreiðslu í nefndinni, þá getur hún strax tekið til við hin önnur mál, sem fyrir henni liggja, eftir því sem tími er til og nauðsyn er á, að þau nái afgreiðslu.

Sigurður Einarsson: Ég ætla aðeins að gera stutta aths. út af því, sem hv. form. landbn. sagði. Það má vera, að hv. form. líti svo á, að fyrir n. liggi mörg önnur mál, sem séu meira aðkallandi en það mál, sem ég er meðflm. að, en víst er það, að það mál er mjög aðakallandi. Öllum hv. þdm. er kunnugt, að fyrir þinginu liggur frv., þar sem beinlínis eru gerðar ráðstafanir til þess að auka sem mest má verða kartöfluræktt landsmanna og efla eftir fremsta megni garðyrkjustarfsemi í landinu. Einn liðurinn í þeirri starfsemi er stofnun garðyrkjuskóla. Það er því út í hött hjá hv. form. landbn. að segja, að þetta mál sé ekki jafnaðkallandi og mörg önnur mál, sem fyrir hv. n. liggja.

Sigurður Kristjánsson: Út af því, sem hv. form. landbn. sagði, vil ég taka það fram, að það hefir verið sjálfsögð regla hjá n. hér í þinginu að afgreiða mál eftir þeirri röð, sem þau koma í til n., að því einu undanskildu, að þegar þarf að afla upplýsinga um mál, sem ekki eru alveg við hendina, þá geti það orðið til þess að raska röð málanna. En út af því, sem hv. þm. sagði um það, að n. mundi afgr. málin eftir því sem henni þætti nauðsyn á, þá vil ég bara minna hv. þm. á það, að það er misskilningur hjá honum, ef hann heldur, að hv. landbn. hafi einhvert vald til þess að ráða því, hvort mál fái afgreiðslu á þingi eða ekki. Ég held, að það væri bezt fyrir hann að athuga svolítið betur sinn verkahring, áður en hann kemur með slíka speki. Það er engum vafa undirorpið, að réttur þeirra manna, sem bera fram mál, er sá, að málin fái afgreiðslu í n., sem þingið ræður að sjálfsögðu, hvort þessi mál verða svo seinna samþ., felld eða hvort þeim verður frestað. Það er því sjálfsögð réttlætiskrafa mín og annara hv. þm., að hæstv. *forseti sjái um, að n. misbeiti ekki* aðstöðu sinni til þess að níðast á málum einstakra manna.

Forseti (JörB): Ég veit til þess, að hv. landbn. þessarar deildar hefir haft mörgum störfum að sinna á þessum hluta þingsins og að þannig er ástatt, að hún vinnur að málum, sem fram hafa verið borin fyrr en þessi tvö mál, sem hér um ræðir. Hinsvegar hefi ég áður látið í ljós þá skoðun, að hvað sem líður afstöðu n. til einstakra mála, þá er það á allan hátt sjálfsagt, að málin verði afgr. til deilda, svo að þær geti skorið úr um tilverurétt málanna. Vil ég nú vænta þess, að þessir tveir hv. þm., sem hér hafa kallað eftir málum, láti sér að þessu sinni lynda ummæli hv. þm. Mýr. í þessu efni, þar sem hann hefir lýst yfir því, að n. muni, svo fljótt sem auðið er, afgreiða þessi tvö mál. Eins og nú er ástatt í þessu efni, finnst mér hv. n. enn átölulaus að því er snertir afgreiðslu þessara mála.

Bjarni Ásgeirsson: Í viðbót við það, sem hæstv. forseti sagði og í raun og veru er fullnægjandi, vil ég láta þessa tvo hv. þm. vita það, að enn liggja mörg mál fyrir n. óafgr., sem eru eldri en þessi tvö, svo að ef fara ætti eftir þeirri röð, sem málin koma í til n., þá mættu þessi tvö mál bíða enn góða stund. En þrátt fyrir þetta vinnur landbn. þessarar deildar sennilega meira en nokkur önnur n. þingsins, að einni undantekinni. Fyrir utan þann tíma, sem hún vinnur daglega, hefir hún haldið marga aukafundi, bæði á sunnudögum og oft endranær. Annars veit hv. 6. þm. Reykv., að það er venja hjá n., að þær leggja mismunandi mikla áherzlu á afgreiðslu mála, sem til þeirra koma. Þetta er föst regla, þótt hún geti vitanlega gengið of langt. Það kom t. d. eitt mál til n. nýlega, breyt. á kreppulánasjóðslöggjöfinni, sem afgr. var strax, sökum þess að allir voru sammála um málið og enga vinnu þurfti í það að leggja. Aftur á móti útheimtir þetta frv. hv. 6. þm. Reykv. mikla vinnu, og það verður því að taka það til meðferðar eftir því sem okkur vinnst tími til.

Sigurður Kristjánsson: Ég ætla nú ekki að lengja umr. um þetta mál, en ég verð að segja það, að mér finnst það alls ekki forsvaranlegt, að en skuli ekki bóla á máli frá hv. landbn. sem lagt var fyrir hana fyrir löngu síðan. Það var gott að heyra hv. þm. lýsa yfir því, að í gær hefði n. afgr. mál, sem kom miklu seinna til hennar heldur en mitt mál. — Ég vil svo að lokum undirstrika það, sem ég hefi sagt, að n. eiga alls ekki á neinn hátt að gera málum misjafnlega hátt undir höfði; þær eiga, eins og hæstv. forseti sagði, að afgreiða málin og láta þingið svo skera úr því, hvort þau skuli standa eða falla. Ég vil svo vænta þess, að ég þurfi ekki að bíða lengi eftir afgreiðslu þessa máls frá hv. n.

Á 84. fundi í Nd., 27. nóv., utan dagskrár, mælti

Pétur Ottesen: Á öndverðu þessu þingi, þ. e. a. s. snemma í marz síðastl., bárum við þrír þm. þessarar d., þeir hv. þm. N.-Þ., hv. þm. A.-Sk. og ég, fram frv. um breyt. á lögum um sauðfjárbaðanir. Þessu máli var vísað til landbn., 16. marz, ætla ég. En þar sem ekkert hefir enn bólað á afgreiðslu þessa mikilsverða máls fyrir landbúnaðinn, þá vil ég biðja hæstv. forseta um að skerast í leikinn og ýta við hv. landbn. hið skjótasta, svo að þetta mál geti komizt inn í þessa hv. d., og ef það á fylgi hér í d., sem fyllilega má gera ráð fyrir, að það þá geti fengið afgreiðslu á þessu þingi. Ég vil biðja hæstv. forseta að grennslast eftir því, helzt strax í dag, hvort n. er ekki þess albúin að afgr. málið nú þegar, en ef n. hefir það ekki í hyggju, að taka þá málið sem fyrst á dagskrá. Mér virðist það fullkomlega réttlátt, þar sem þessi dráttur hjá n. um afgreiðslu þessa máls verður ekki skilinn á annan veg en þann, að n. ætli að nota aðstöðu sína til þess að hefta framgang málsins. Ég legg ríka áherzlu á þau tilmæli mín til hæstv. forseta, að hann noti það vald, sem hann hefir í þessu efni, og taki til greina óskir okkar flm. frv.

Forseti (JörB): Ég get heitið hv. þm. Borgf. því, að kynna mér, hvað líður afgreiðslu máls þessa hjá landbn. En sú n. mun hafa haft ærnum störfum að sinna. Má ætla, að þess vegna hafi dregizt úr hömlu fyrir n. að afgr. þetta mál.

Pétur Ottesen: Ég tek svar hæstv. forseta þannig, að hann ætli að skerast í leik, svo að við flm. frv. getum fengið að vita eitthvað um þetta hið allra bráðasta. Það stendur nú þannig á, að samþ. þessa frv. gæti orðið til þess að spara ríkissjóði 25 þús. kr. útgjöld á næsta ári. Þetta er atriði, sem vert er að athuga.

Hannes Jónsson: Ég hefi oft á þessu þingi óskað eftir, að þau mál, sem ég hefi verið flm. að, fengju að koma frá nefndum til meðferðar í d. Um þetta hefir ekkert svar komið enn frá n. né heldur forseta, hvað þessum málum líður eða hvaða líkur eru til þess, að þau fái þinglega meðferð.

Það er dálítið hart, ef á að knýja einstaka þm. til að fara krókaleiðir til þess að fá umr. um þessi málefni. En vitanlega er til sú leið að flytja þáltill. í einhverju sambandi um þessi mál og krefjast svo útvarpsumr. um þau, eftir því sem réttur manna stendur til um þessa hluti. Þannig lagað mundi maður geta með hörkubrögðum knúð fram umr. um þessi mál, hvað sem n. segja. Það er dálítið hart að þurfa að fara þessa leið, en það getur verið, að maður neyðist til þess, ef ekkert verður gert í þessu efni.

Ég vil eindregið skora á hæstv. forseta að gera það, sem í hans valdi stendur, til þess að láta þessi mál fá þinglega afgreiðslu á hvern hátt svo sem n. vilja afgr. málin.

Forseti (JörB): Ég veit ekki, hvað líður þeim málum, sem hv. þm. V.-Húnv. vék að, nema því máli, sem liggur fyrir fjhn., sem ég nú starfa í, í fjarveru Ásgeirs Ásgeirssonar. Það var leitað álits um það mál út fyrir þingið, laust eftir að málið kom fram í vetur. Svar hafði nýskeð ekki komið til n. Þá var álitsbeiðnin ítrekuð á ný. Og mér er ekki kunnugt um, að svar sé neitt komið enn. Annars mun fjhn. taka þetta mál til athugunar.

Á 86. fundi í Nd., 4. des., utan dagskrár, mælti

Thor Thors: Það mun hafa verið í öndverðum marzmánuði síðastl., að ég bar fram frv. til laga um breyting á vegalögunum. Það var shlj. frv., sem borið var fram í Ed. á síðasta þingi, en frá því að þetta frv. var til 1. umr. og vísað til samgmn. hefir ekkert til þess spurzt.

Nú vildi ég leyfa mér að mælast til þess við hæstv. forseta, að hann stuðlaði að því, að þetta mál yrði tekið til meðferðar, og þá jafnframt að spyrjast fyrir um það hjá form. samgmn., hvort ekki mætti vænta þess, að n. léti uppi eitthvert álit um málið, og það helzt hið bráðasta.

Gísli Guðmundsson: Út af orðum hv. þm. Snæf. um frv. það um breytingar á vegalögunum, er hann flutti á fyrri hl. þessa þings, vil ég taka það fram, að það er rétt, sem hann sagði, að þessu frv. var vísað til samgmn. á sínum tíma. Síðan frv. var flutt hefir komið fram í deildinni fjöldi af brtt. við þetta frv., sem allar fara fram á það, eins og frv. sjálft, að bæta við nýjum vegum og vegahlutum inn í vegalögin. Samgmn. gerði það í þessu máli, sem hún taldi fyrst liggja fyrir, sem var að senda frv. ásamt brtt., sem fyrir lágu, til vegamálastj. og æskja umsagnar hans. Umsögn vegamálastjóra kom til n. aftur að mig minnir snemma í síðastl. mán. Um umsögn hans er það að segja, að hann telur vandkvæði á því að samþ. að svo stöddu verulegar breytingar á vegalögunum, þar sem ekki er langt síðan lögunum var breytt, og vegna þess að brtt. þær, sem hér liggja fyrir, fara fram á mjög mikla aukningu á vegakerfinu. N. hefir ekki tekið fullnaðarákvarðanir viðvíkjandi frv. og brtt., og ég verð að segja fyrir mitt leyti, að ég get ekki séð, að það skipti miklu máli, hvort ákvörðun er tekin á þessu þingi eða

þinginu í vetur. Annars er sjálfsagt, að þetta mál verði athugað í n. eins og önnur mál, sem til hennar er vísað.

Sigurður Einarsson: Úr því að menn minnast á frv. sem vantar fyrirgreiðslu og nál., þá vil ég minna á, að ég hefi fyrir löngu borið fram frv. um breyt. á brúalögunum, sem ég vildi mælast til við hæstv. forseta, að hann ýtti undir hv. samgmn. með að skila a. m. k. áliti um málið. Mér er ekki kunnugt um, að það liggi svo mikið af frv. fyrir n., að hún ætti ekki að geta hraðað afgreiðslu þessa máls.

Thor Thors: Ég vil þakka hv. form. samgmn. fyrir þær upplýsingar, sem hann gaf um þetta mál, og það loforð, að málið skyldi verða gaumgæfilega athugað. Ég hygg, að það hafi þegar verið tími til þess að athuga málið gaumgæfilega og n. geti nú þegar verið þess albúin að gefa út álit um það.

Hv. þm. sagðist ekki sjá, hver nauðsyn væri á því, að málið næði fram að ganga á þessu þingi; það mætti eins bíða til næsta þings. Það má vel vera, að ekkert verði hafizt handa um vegagerð nú í ár, þó að þetta frv. næði fram að ganga. En fólkinu, sem á við algert vegaleysi að búa, er þetta hið mesta áhugamál, að komast í samband við umheiminn. Og því fyrr sem það fæst viðurkennt, að þessi hluti landsins eigi að tengjast við aðra hluta landsins eins og flest önnur héruð, þeim mun líklegra má telja, að eitthvað verði hafizt handa um vegalagningu.

Vil ég því skora á hæstv. form. samgmn., að hann láti hið fyrsta álit sitt í ljós um þetta mál, og hvað sem líður till. vegamálastjóra, þá vænti ég, að hv. nm. í samgmn. sjái, að fólkið, sem þarna býr, á heimtingu á því að komast í samband við önnur héruð landsins, og því er ekki kleift að búa við þær samgöngur lengur, sem þar eru.

Gísli Guðmundsson: Út af orðum hv. 9. landsk. skal ég taka það fram, að samgmn. hefir athugað frv. hans um breyt. á brúalögunum og sent það til vegamálastjóra. En umsögn vegamálastjóra um frv. er ekki komin og n. hefir ekki talið sér fært að taka um það neinar ákvarðanir fyrr en sú umsögn er komin.

Út af því, sem hv. þm. Snæf. sagði, að það væri nauðsynlegt fyrir fólkið í héruðunum, sem frv. hans og brtt. við það snerta, að um þetta séu teknar ákvarðanir, er því til að svara, að því miður er ekki svo, að ákveðið sé að leggja þessa vegi, þó að þeir komizt inn í vegalögin, og þannig verði þegar bætt úr vegaþörfinni. Það, sem um er að ræða, er að heimila að leggja þessa vegi, þegar fé er til þess veitt.

En út af því, að n. hafi nægan tíma til að athuga þetta mál, þá er því til að svara, að það er að vísu rétt. En þó vil ég segja það, að það er talsvert athugunarmál fyrir n., hvað gera skuli, þegar svo er ástatt, að vegamálastjóri leggur á móti því, að þessar breytingar séu samþ. Ef n. gerir till. til breytinga þvert ofan í það, sem vegamálastjóri leggur til, þá þarf hún að kynna sér málið ýtarlega. Annars mun n. sinna þessum málum eins og frekast er unnt.

Forseti (JörB): Ég efast ekki um, að hv. samgmn. hafi athugað þetta mál vandlega. En það væri mjög æskilegt, að nefndir afgreiddu mál eins fljótt og unnt er til deildarinnar.

Á 97. fundi í Nd., 12. des., utan dagskrár, mælti

Sigurður Kristjánsson: Það er út af frv. til l. um að afnema útflutningsgjald af sjávarafurðum, að ég vildi segja nokkur orð. Þetta frv. er borið fram hér 30. okt. síðastl. og að lokinni 1. umr. var því vísað til n., en hún gat ekki orðið sammála um það. Minni hl. hefir gefið út álit 26. f. m., en álit frá meiri hl. er enn ókomið. Nú vil ég spyrjast fyrir um það hjá hæstv. forseta, hvort hann teldi ekki rétt, að þetta mál yrði tekið til meðferðar á næsta fundi í þessari hv. d. Þetta er svo merkilegt mál, að ég tel ekki sæmilegt, að það fái slíka meðferð og vil eindregið mælast til, að það verði tekið á dagskrá til þess að það geti annaðhvort náð samþykki hv. d. eða verði fellt.

Forseti (JörB): Ég skal verða við tilmælum hv. 6. þm. Reykv. um að taka málið á dagskrá; ég þarf aðeins að athuga betur, hvernig ástatt er með mál á næsta fundi. En ég get lofað hv. þm. því, að ég skal taka málið mjög fljótlega fyrir.

Á 101. fundi í Nd., 17. des., utan dagskrár, mælti

Ólafur Thors: Ég vil utan dagskrár beina því til hæstv. forseta, hvort hann sér sér ekki fært að flýta fyrir síðasta máli á dagskránni (frv. um afnám útflutningsgjalds af sjávarafurðum) meira heldur en enn hefir getað orðið.

Ég get um þetta mál vísað til rökstuðnings, sem kom fram hér í d. frá hv. 6. þm. Reykv., þar sem hann skýrði, hvenær málið var flutt á Alþ., og hver gangur þess hefði verið, og rökstuddi þá beiðni sína til forseta um að taka málið á dagskrá. Hæstv. forseti hefir nú tryggt, að málið hefir verið á dagskrá undanfarna daga, en það hefir verið þar svo neðarlega og er ennþá, að ekki eru líkur til, að það komi fyrir í dag. Ég leyfi mér því að beina þeirri ósk til hæstv. forseta, að málið verði ofar á dagskrá á morgun. Ég þarf ekki að leiða athygli forseta að því, að ofar á dagskrá eru önnur mál, sem síðar eru fram komin og ekki eins áríðandi og þetta.

Sigurður Kristjánsson: Ég vil leyfa mér að lýsa eftir öðru máli til hæstv. forseta, frv. til l. um breyt. á l. til að greiða fyrir viðskiptum með sláturfjárafurðir. Ég lýsti eftir því fyrir alllöngu síðan, og þá gat ég þess, að málinu hefði verið útbýtt 5. nóv. og vísað til n. 16. nóv. Þetta hafði þann árangur, að hæstv. forseti flýtti fyrir afgreiðslu málsins, og var það afgr.

frá n. 6. þ. m. N. er ekki sammála um það. en mér þykir réttmætt, að það komi til atkv. að minnsta kosti. Ég vil því mælast til þess við hæstv. forseta, að hann taki málið á dagskrá, helzt einhvern næstu daga, svo að það geti farið til 2. umr.

Forseti (JörB): Viðvíkjandi síðasta dagskrármálinu, þá hefi ég lofað hv. 6. þm. Reykv., að áður en þingi lýkur skyldi ég reyna að sjá svo um, að það fái þinglega afgreiðslu. Ég mun gera það sem ég get til þess, að það geti orðið.

Viðvíkjandi því máli, sem hv. 6. þm. Reykv. lýsti nú eftir, þá vil ég gjarnan verða við tilmælum hans, ef kostur er fyrir þeim málum, sem eðlilega er ákveðið, að eigi að ganga fyrir á þessu þingi. En ég vona þá, að hv. þm. greiði fyrir afgreiðslu mála og geri ekkert til að tefja þau, svo að sem flest þeirra geti fengið þinglega meðferð. Það er svo með flest málin, sem stjórnin stendur að, að það er eðlilegt, að þau gangi fyrir. Það hefir alltaf verið svo.

Pétur Halldórsson: Ég vil spyrja, hvort það er ríkisstj., sem ákveður, að nokkur þeirra mála, sem eru á dagskrá í dag, nái fram að ganga, en önnur ekki.

Forseti (JörB): Það er ekki svo, en það er eðlilegt, að mál, sem stjórnin álítur nauðsynlegt, að fái afgreiðslu, nái fram að ganga, svo sem þýðingarmikil skattalöggjöf og annað.

Gísli Guðmundsson: Fyrst farið er að lýsa eftir málum, sem ekki eru komin á dagskrá, þá vil ég minna á, að ég hefi ásamt tveim öðrum þm. flutt frv. til laga um útgerðarsamvinnufélög. Frv. var vísað til sjútvn. og hefir verið afgr. frá þeirri n., svo að það ætti að vera hægt að taka það fyrir nú. Ég vildi minna á þetta, því að ég heyri, að þm. eru að lýsa eftir málum, sem skemmra eru komin. Ég vil beina því til hæstv. forseta að taka þetta mál á dagskrá á undan yngri málum.

Hannes Jónsson: Fyrst menn úr stjórnarflokkunum eru farnir að lýsa eftir málum, sem hafa þó góða aðstöðu, eftir því sem hæstv. forseti hefir lýst, til að sjá málum sínum borgið í þinginu, þá endurtek ég þá kröfu, sem ég hefi mörgum sinnum gert, að frv. um gjaldeyrisskráningu verði tekið fyrir áður en þingi er lokið. Ég vil heyra hjá hæstv. forseta, hvort ekki eru líkur til, að málið fái að koma til umr., þó ég geri ekki ráð fyrir, að það fái endanlega afgreiðslu, ef þingi verður lokið á laugardag. En þetta mál er svo brennandi spursmál, að það er vansi fyrir þingið, ef það fær ekki afgreiðslu, einkum þegar mál, sem borin eru fram síðar, eiga að sitja fyrir afgreiðslu. Því ég vil minna á, að málið var borið fram á fyrri hluta þingsins og strax í byrjun þessa þings; og er því frekar ástæða til að taka það fyrir en mörg önnur mál, því að það er meira brennandi spursmál fyrir atvinnuvegi og afkomu þjóðarinnar.

Pétur Ottesen: Ég vil taka undir það, sem fram hefir komið hjá hv. þm. N.-Þ. og hv. þm. V.-Húnv., að það er rétt, að mál, sem snemma hafa komið fram, sérstaklega á fyrri hluta þingsins, séu ekki sett til hliðar nú, þegar kreppir að um afgreiðslu mála. Mér finnst, að hæstv. forseti ætti að fylgja þeirri reglu að taka tillit til þess, hvað snemma málin koma fram.

Ég kvartaði fyrir löngu síðan um, að n. hefði ekki afgr. mál, sem ég hefi haft huga á. Ég hafði það upp úr, að n. hefir afgr. málið. En það er ekki enn komið á dagskrá. Þetta mál er frv. um sauðfjárbaðanir. Ég vil benda á, að það er stór þáttur til að herða á afgreiðslu þessa máls, að það myndi spara 25 þús. kr. útgjöld í fjárl., eða gera óþarfar till. um svona mikil útgjöld í þessu skyni. Þetta er atriði, sem taka verður til greina, sérstaklega með hliðsjón af því, hvað mikil þörf er að spara öll útgjöld úr ríkissjóði, sem hægt er að komast hjá eða setja til hliðar nú. En þessir möguleikar eru til, ef þetta frv. nær fram að ganga.

Héðinn Valdimarsson: Ég ætla eins og aðrir þm. að minnast á nokkur mál, sem ég hefi haft hug á, að kæmust á dagskrá bráðlega. Ég nefni fyrst frv. um ríkisframfærslu sjúkra og örkumla manna, sem hæstv. forseti hefir enn ekki látið koma til umr. Þá vil ég minna á annað mál. frv. um útgerð ríkis og bæjarfélaga, sem ég legg mikla áherzlu á. Þessi tvö stórmál eru flutt af okkur Alþfl.mönnum hér í þessari deild, og vil ég leggja sterka áherzlu á, að þau nái fram að ganga.

Þá vil ég minna á mál, sem nú var útbýtt nál. um. Það er frv. til l. um ríkisútgáfu námsbóka, og svo mætti halda áfram að telja ýms mál, sem þörf væri á, að gengju áfram. Í þessu sambandi vil ég benda á, að vel gæti verið heppilegast, að þingið héldi áfram störfum fram yfir jól.

Forseti (JörB): Ég hefi ekki á móti því, þó þm. kalli eftir málum. En þeir hafa ekki kvartað yfir því, að ekki væri nóg á dagskrá, og heldur hefir mér þótt sem þm. væru ókyrrir í sætum sínum. Það er guðvelkomið að taka fleiri mál á dagskrá, en hvort þau fá afgreiðslu, er á valdi þm. sjálfra, en ekki nema að litlu leyti á valdi forseta. Ýms af þessum málum eru stórmál og nauðsynjamál, sem varða þjóðina miklu, og svo er um þau, sem verið er að afgreiða og taka upp fundartímann. Sum hafa fallið út af dagskrá nú um stund, eins og t. d. mál það, sem hv. þm. N.-Þ. var að kalla eftir. Önnur hafa alls ekki verið tekin á dagskrá, sökum þess að meira kapp hefir verið lagt á afgreiðslu annara mála. En sé hv. þm. hugarhaldið og vilji þeir þreyta næturfundi, skal ekki standa á mér; en ég geri þá kröfu til þeirra, að þeir séu stöðugri í deildinni og komi ekki hér rétt eins og þegar kría sezt á stein.

III. Fyrirspurn um stjórnarráðstafanir.

Á 20. fundi í Nd., 5. marz, utan dagskrár, mælti

Ólafur Thors: *Mig langar til, utan dagskrár,* að beina fyrirspurn til hæstv. stj., en þar sem enginn hæstv. ráðh. er viðstaddur, vil ég mælast til þess við hæstv. forseta, að hann hlutist til um, að mér gefist kostur á að leggja þessa fyrirspurn fyrir hæstv. stj., og þá sérstaklega hæstv. atvmrh.

Ég hefi sérstaklega óskað eftir tækifæri til að *beina máli mínu til hæstv. atvmrh., en hann* hefir ekki sézt hér í þingsalnum, enda mun hann hafa mörgum störfum að gegna. En ég vil nota tækifærið nú, úr því að hæstv. forsrh. og fjmrh. eru komnir á fund, til að vekja eftirtekt á því, að þegar síðasta Alþingi afgreiddi eitt af aðalmálum þess þings, frv. um skuldaskilasjóð útgerðarmanna, bar meiri hl. sjútvn. fram svofellda rökst. dagskrá:

„Þar eð fyrir liggja umsagnir frá bankastjórum Landsbanka Íslands og Útvegsbanka Íslands h/f um, að eigi þurfi að óttast stöðvun á útgerð landsmanna eða eigendaskipti umfram venju, vegna skulda, fyrir næstu vertíð, og ennfremur að skuldaskil kæmu eigi heldur til framkvæmda fyrir vertíðina, þó frv. næði fram að ganga, og í trausti þess, að ríkisstjórnin leggi fyrir næsta þing framhaldandi tillögur um viðreisn sjávarútvegsins, þar á meðal tillögur um aðstoð ríkisins til skuldaskila vélbátaútvegsins, er fram fari á næsta ári, tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá."

Það er vitanlegt, að þó að þessi dagskrártill. hljóði fyrst og fremst um skuldaskilasjóð, þá er hér líka átt við frv. mþn. í sjútv.málum um fiskiveiðasjóð, sem lagt var fram þá á þingi.

Nú eru liðnar þrjár vikur af þingi, en enn hefir ekkert frétzt um, að hæstv. stj. hafi nokkuð gert til að efna heit þau, er hún gaf á síðasta þingi. Hún lofaði að undirbúa og leggja fyrir Alþingi frv. um úrlausn þessa vandamáls sjávarútvegsins. Ég skora hér með á þá hæstv. ráðh., sem hér eru viðstaddir, að gefa upplýsingar um, hvar komið sé þessum málum. Ég vona, að þeir geti sagt, að innan skamms verði lögð hér fram frv. í líkingu við það, sem vakti fyrir mþn. í sjútv.málum. Ef ekki er hægt að fá skýr svör, sem gefa tryggingu fyrir, að slík frv. verði lögð fram og að þau verði fullnægjandi, neyðumst við sjálfstæðismenn til að taka upp okkar fyrri frv. og knýja þau fram hér á Alþingi.

Atvmrh. (Haraldur Guðmundsson): Ég heyrði ekki allt, sem hv. þm. G.-K. sagði, en ég held, að mér hafi verið sagt efnið. Það var um frv. um skuldaskilasjóð og e. t. v. fleiri frv. í svipaða átt.

Ég geri ráð fyrir, að í kringum næstu helgi verði hægt að leggja fram frv. um skuldaskilasjóð, og hygg ég, að þá verði fullráðið, hver fleiri frv. verði látin fylgja.

Ólafur Thors: Hv. þdm. hafa nú heyrt hæstv. atvmrh. lýsa yfir því, að um næstu helgi sé von á frv. um skuldaskilasjóð og e. t. v. fleiri frv. viðvíkjandi útveginum. Nú er þriðjudagur, og þótt ég telji miður farið, að þetta mál skuli ekki vera komið lengra áleiðis, munum við sjálfstæðismenn a. m. k. ekki taka upp okkar frv. þangað til. En ég vil skora á hæstv. ráðh. að draga það ekki lengur en til næstu helgar að koma þessu í verk. Málum, sem seint koma fram, er oft hætta búin, og ég vil ekki, að teflt sé á tvær hættur um framgang þessara mála.

IV. Þingfréttaflutningur í útvarpi.

Á 66. fundi í Nd., 6. nóv., utan dagskrár, mælti

Ólafur Thors [óyfirl.]: Ég hefði óskað, að hæstv. atvinnumálaráðherra hefði verið viðstaddur *og heyrt mál mitt.*

Ég vil leyfa mér að beina athygli hæstv. forseta að því, að í sambandi við flutning útvarpsins á þingfréttum hefir nú nýlega komið fyrir mjög leiðinlegt atvik, — atvik sem ég tel í sjálfu sér algerlega óviðunandi, og mælist því til þess, að hæstv. forseti girði fyrir, að slíkt endurtaki sig.

Eins og hv. þdm. mun reka minni til, þegar verið var að ræða um frv. okkar sjálfstæðismanna um afnám útflutningsgjalds af sjávarafurðum, þá greip hæstv. atvmrh. tækifærið til þess, í sambandi við það, að gefa yfirlýsingu um allt annað mál, þ. e. a. s. um 6% gjaldið, sem lagt er á útfluttar sjávarafurðir og rennur til markaðs- og verðjöfnunarsjóðs. Það var mjög óviðfelldið af hæstv. ráðh., að hann undir þessum umr. skyldi koma með slíka yfirlýsingu, þar sem hún var um óskylt mál, og gat það auðveldlega varpað þeim blæ á yfirlýsinguna, að hæstv. ráðh. ætlaði að hafa þetta mál sér og sínum flokkum til pólitísks framdráttar. Yfirlýsingin, sem hann gaf, var sú, að stjórnin og stjórnarflokkarnir hefðu afráðið að leggja fyrir Alþingi frumv. um afnám á 6% gjaldinu. Yfirlýsing þessi gefur það til kynna, að stjórnarflokkarnir hafa verið hér einir að verki, en hæstv. ráðh. vissi vel, að ég og hann sjálfur höfum verið saman að starfi með það fyrir augum að fá þessu gjaldi aflétt. Það var því mjög óviðfelldið, að hæstv. ráðh. skyldi koma með slíka yfirlýsingu. Að vísu má bera fram þær málsbætur, að þegar yfirlýsing þessi var gerð hér í opnu þingi, þá vorum vér sjálfstæðismenn viðstaddir og áttum kost á að taka til máls og skýra frá afstöðu okkar, og gerði ég það líka þá samstundis með skýlausri yfirlýsingu þess, að Sjálfstfl. fagnaði þessum tíðindum, og lýsti því yfir um leið, að ég hefði fyrir flokksins hönd átt samvinnu við hæstv. ráðh. um þetta mál og lausn þess.

En að ég nú minnist á þetta hér og beini orðum mínum um þetta til hæstv. forseta, stafar af því, að nú nýlega barst mér það til eyrna, að þegar fregnin um frv. okkar sjálfstæðismanna um afnám útflutningsgjaldsins var flutt í út-

varpinu, þá hafi í viðbót við þá fregn, eins og bar að flytja hana ef hlutlaust átti að vera, verið bætt svo hljóðandi frásögn:

„Samkvæmt tilmælum atvinnumálaráðherra verða eftirfarandi ummæli hans, er féllu við umr. þessa frumv. í dag, lesin hér á eftir:

Í sambandi við umr. í neðri deild í dag um frumv. til laga um afnám útflutningsgjalds af sjávarafurðum, sem nú er samtals 1%, lýsti atvinnumálaráðherra því yfir, að ríkisstj. hefði ákveðið, í samráði við stjórnarflokkana, að leggja fyrir Alþingi frumv. til laga um afnám gjalds til markaðs- og verðjöfnunarsjóðs, að mestu eða öllu leyti. Gjald þetta er nú 6% — sex af hundraði — samkvæmt lögum nr. 75 29. des. 1934".

Þetta tiltæki hæstv. ráðh. sannar alveg ótvírætt, að hann hefir haft ákveðinn tilgang með því að láta þessa yfirlýsingu falla undir þessum umr., nefnilega þann, sem ég áðan gat um, að suma hefði þá strax grunað, að eigna sér og sínum flokki á óheiðarlegan hátt séraf stöðu um þetta mál. Það er beinlínis vítavert, að sá ráðh., sem hefir yfirstjórn útvarpsins, skuli þannig nota aðstöðu sína til þess að læðast aftan að okkur sjálfstæðismönnum með því að telja hlustendum úti um land trú um, að stjórnin og stjórnarflokkarnir hafi aðra afstöðu til þessa máls heldur en við sjálfstæðismenn. Þetta er því vítaverðara um útvarpið heldur en yfirlýsingu hans í þessari hv. d., vegna þess að á þeim vettvangi höfum við enga aðstöðu til að verja okkur, og ég geri ráð fyrir, að þó Sjálfstfl. tæki til athugunar og ákvæði, hvað hann vildi fá birt, þá væri óvíst, hvort hann fengi vilja sinn í því efni. En hitt getur verið, að það, að ég tala hér um þetta, verði til þess að þetta komi síður fyrir aftur.

Ég vil leyfa mér að beina því til hæstv. forseta Alþ., þó ég viti, að þeir hafa neitað að taka ábyrgð á flutningi þingfrétta í útvarpinu, að við gerum kröfu um það, að útvarpinu verði ekki beitt á þennan hátt, og allra síst af þeim manni, sem telst yfirmaður þessarar hlutlausu stofnunar.

Ég óskaði eftir því í upphafi ræðu minnar, að hæstv. atvmrh. væri hér viðstaddur, af því ég vildi gefa honum tækifæri til að taka þátt í þessum umr., og nú vil ég segja það, að úr því hæstv. ráðh. gat haft geð í sér til þess að smeygja þessari yfirlýsingu sinni inn í útvarpsfréttirnar, þá bar honum einnig skylda til að beina athygli útvarpsins að því, að sjálfsagt væri að birta mín ummæli um leið. Mín ummæli voru jafnskýr og ummæli hæstv. ráðh. Þau hljóðuðu þannig, með leyfi hæstv. forseta:

Frá þingbyrjun hafa staðið yfir samningar milli Sjálfstfl. og stjórnarflokkanna um að létta af sjávarútveginum hinu þungbæra 6% gjaldi, sem allt þingið lagði á útveginn í fyrra. Allir hafa verið á einu máli um, að þetta væri eigi aðeins æskilegt, heldur og brýn nauðsyn. Hæstv. ráðh. hefir nú lýst yfir því f. h. stjórnarfl., að þeir fyrir sitt leyti samþykki að létta af gjaldinu. Sjálfstfl. er eins og ríkisstjórninni er kunnugt, þessu samþykkur, og má þá eftir yfirlýsingu atvinnumálaráðherra telja tryggt, að þessum skatti verði aflétt. — Sjálfstæðismenn fagna þessum tíðindum.

Um leið og ég ámæli hæstv. ráðh. fyrir framkomu hans í þessu máli, þá ámæli ég líka útvarpinu fyrir að hafa látið fá sig til slíks fréttaflutnings, þó sjálfsagt megi því til málsbóta færa það, hvaðan skipunin kom.

Að lokum vil ég beina þeirri fyrirspurn til hæstv. ráðh., hvort hann sé mér ekki sammála um það, að ef hlutlausri stofnun ber skylda til að birta hans ummæli, þá hafi henni líka borið skylda til að birta mín um leið.

Atvmrh. (Haraldur Guðmundsson) [óyfirl.]: Ég verð nú að segja það, að þótt ég hafi hlustað á ræðu hv. þm. G.-K., þá er ég því nær jafnnær um það, hver tilgangurinn hefir verið með flutningi þessarar ræðu. Mér skildist helzt, að það hefði verið yfirlýsing, sem birt hefði verið í útvarpinu eftir mér sem atvmrh. í sambandi við umr. um frv. sjálfstæðismanna um afnám útflutningsgjalds af sjávarafurðum, sem olli þessum ræðuflutningi.

Hv. þm. G.-K. var með ýmsar þær fullyrðingar í ræðu sinni, sem mér komu ókunnuglega fyrir. Hann sagði, að ég hefði verið að læðast aftan að Sjálfstfl. á óheiðarlegan hátt; og þessi aftanaðlæðingur var þá í því fólginn, að ég á opnum fundi hér í Alþingi gaf opinbera yfirlýsingu um ákvörðun stjórnarflokkanna í ákveðnu máli, og áframhald aftanaðlæðingsins var svo það, að útvarpið birti þessa yfirlýsingu mína orðrétta. Það er rétt, að útvarpið flutti yfirlýsingu þessa að beiðni minni, því ég taldi það sjálfsagt, að hana ætti að birta, og að ég eigi að sæta ámæli fyrir það, er mér óskiljanlegt. Ég skil ekki hugarástand þess manns, sem ámælir mér fyrir það eða telur mig vera að læðast aftan að nokkrum með því að gefa slíka yfirlýsingu hér í hv. deild og láta síðan birta hana í útvarpinu.

Það, sem hv. þm. sagði, að ég vissi, að við hefðum staðið saman um að afnema gjaldið til markaðs- og verðjöfnunarsjóðs, var ofmælt. Það er rétt, að hv. þm. G.-K. hafði sagt mér frá frumv., sem sjálfstæðismenn hefðu í smíðum, en því fer fjarri, að ég eigi nokkurn þátt í því frv. eða hafi hagað mér eftir því. Ég beinlínis sagði honum, að ekki kæmi til mála, að við stjórnarflokkamenn gætum fallizt á frv. á þskj. 458. Ég vil nota tækifærið til að benda hv. flutningsm. á, hve þægilegt myndi vera að fallast á og samþykkja þá greinargerð, sem því frv. fylgir. Þar stendur á bls. 2, að þingflokkur sjálfstæðismanna væri samþ. aðalefni frv. og að formaður flokksins hefði rætt það við atvinnumálaráðh. og hann tekið líklega í málið. Sé hér ekki um vísvitandi ósannindi að ræða, þá er það svo herfilegur misskilningur, að hann er lítt skiljanlegur. Ég hefi alltaf frá byrjun þessa máls talið ókleift fyrir ríkissjóð að standast þau útgjöld, sem fyrir hann leiddu af frv. þessu, ef það gengi í gildi, og ummæli greinargerðarinnar um þetta efni eru því hreinn og beinn tilbúningur. Sama er að segja um það, sem þar er sagt um hið mikla fylgi þess hjá stjórn sambands ísl. fiskframleiðenda. Það er rétt, að þetta var borið undir stjórn sambandsins. En mér er sagt, að þetta

mikla fylgi, sem það fékk þar, hafi verið á þann hátt, að því hafi verið vísað frá. Það er ekkert á móti því að segja, þó menn hafi skáldskapargáfu í ríkum mæli, en hún ætti ekki að koma fram í prentuðum þingskjölum, sem síðan eru lesin upp í útvarpi sem heilagur og ómengaður sannleikur. Þessu vildi ég gera grein fyrir í sambandi við þetta mál, úr því form. Sjálfstfl. gaf tilefni til þess.

Þá beindi hv. þm. G.-K. að lokum þeirri fyrirspurn til mín, hvort ég væri ekki sammála um það, að fyrst mín ummæli hefðu verið birt í útvarpinu, þá hefði verið skylda að birta hans ummæli um leið. Á það skal ég engan dóm leggja. Auðvitað hefði ég ekkert haft á móti því, þó ummæli hans hefðu verið birt, en þá kemur það til athugunar, hve mikið á að „referera" úr ræðum þingmanna almennt. Hinsvegar má hann ekki gleyma þeim aðstöðumun, sem er á ráðherra og óvöldum þingmanni.

Ólafur Thors [óyfirl.]: Kannske forseti vilji nú líka meina mér málfrelsis, af því ég er aðeins óvalinn þingmaður, en ekki ráðherra!

Mér þótti það sannast að segja undarlegur skrípaleikur, sem leikinn var hér af hæstv. ráðh., og þarf ekki mörgum orðum að því að eyða, sem hann sagði. Hann veit það sjálfur mjög vel, að 6% gjaldið var mjög óvinsælt, — svo óvinsælt, að hvorki hann sjálfur, hans flokkur né nokkur annar flokkur þorði að leggja það á, nema um það fengist samábyrgð allra flokka, og sú samábyrgð fékkst af því að þetta var álitið nauðsynjamál. En gjaldið hefir mælzt illa fyrir og er afaróvinsælt, og af því leiðir það, að hver sá flokkur sem gæti varpað yfir sig heiðrinum af því að hafa afnumið þetta gjald, mundi ná fyrir það miklum vinsældum. En þar sem gjaldið var sett á með samábyrgð allra flokka, bar einnig að létta því af á sama hátt. Hæstv. ráðh. veit og vissi það mjög vel, að Sjálfstfl. var það áhugamál að fá gjaldinu af létt, og að Sjálfstfl. á engu síður en aðrir flokkar frumkvæði að því, að það verði gert. En það var í alla staði eðlilegt og sjálfsagt, að flokkarnir hefðu samvinnu um þetta mál. Eins og flokkarnir stóðu saman um að taka á sig örðugleika og óvinsældir af að leggja þetta gjald á, var eðlilegt, að þeir stæðu einnig saman um hitt, að bera fram frv. um að létta af þessu gjaldi. Yfirlýsing hæstv. atvmrh. um ákvörðun hans og stjórnarflokkanna í þessu efni er ekki annað en tilraun til þess að ná sjálfum sér til handa pólitískri hylli út af þessu máli. Að þetta sé tilgangur hans, hefi ég fyrir mitt leyti ekki séð fyrr en hann lét útvarpa þessari yfirlýsingu sinni. Og ég vil segja hæstv. atvmrh. það, að honum er um megn að skammta okkur sjálfstæðismönnum minni rétt en öðrum flokkum um flutning tilkynninga í útvarpinu. Hæstv. ráðh. hefir engan annan eða meiri rétt til þess að nota útvarpið til þess að tilkynna þjóðinni sínar yfirlýsingar heldur en ég sem form. Sjálfstfl. hefi til þess á þann hátt að tilkynna þjóðinni mínar yfirlýsingar. Þó að hæstv. atvmrh. finni til tignar sinnar, þegar hann talar um annan rétt hinna „óvöldu þingmanna", sem hann svo kallar, þá vil ég segja honum, að við sjálfstæðismenn lítum ekki með svo mikilli lotningu til ráðherratignar hans, að við viðurkennum, að hann hafi annan og meiri rétt til að tilkynna þjóðinni sínar ákvarðanir heldur en við sjálfstæðismenn okkar ákvarðanir gegnum útvarpið. Það er broslegt, að jafngreindur maður og hæstv. atvmrh. er skuli flaska á því að láta svo bera á yfirlæti sínu út af ráðherratigninni, að hann telji, að hann í þessu efni eigi meiri rétt heldur en Sjálfstfl.

Ég veit, að hæstv. ráðh. skilur vel, af hverju óánægja okkar sjálfstæðismanna stafar í þessu efni, og líka vissulega, að hann játar í hjarta sínu, að sú óánægja sé eðlileg. Og hæstv. ráðh. veit vel, að þessar afsakanir, sem hann færði fram um það, að hann hafi birt þessa yfirlýsingu á Alþ. og síðar í útvarpinu, hreinsa hann ekki af vansæmd í þessu atriði. Nei! Þvert á móti. Þessi yfirlýsing, sem hann birti á Alþ. og í útvarpinu, var birt í þeim tilgangi, sem ég þegar hefi skýrt frá, og er slíkt ekki réttlætanlegt, svo að ég orði það ekki sterkara.

Ég vil svo aðeins út af ummælum, sem hæstv. atvmrh. lét falla í sambandi við flutning annars frv., sem hv. 6. þm. Reykv. og hv. þm. Vestm. flytja, segja það, að það er rétt, sem hv. flm. vitna til í grg. frv. og hafa eftir mér. Ég var ekki búinn að tala um það við hæstv. ráðh., að svo eða svo miklum hluta af tekjum áfengisverzlunarinnar yrði varið til þess, sem þessu 6% gjaldi er nú varið til, heldur hitt, að 6% gjaldinu yrði létt af sjávarafurðum, og hæstv. ráðh. tók vel undir það. Ég talaði um þetta við hann löngu áður en hv. 6. þm. Reykv. og hv. þm. Vestm. komu fram með frv. sitt. Það veit hæstv. ráðh. vel.

Ég vil svo að lokum biðja hæstv. ráðh. að vera minnugan þess í framtíðinni, að við sjálfstæðismenn munum ekki líta á okkur sem neina undirstétt, sem ekki hafi eins mikinn rétt á að birta þjóðinni sínar yfirlýsingar í útvarpinu eins og hæstv. ráðh. Í minum augum hefir hæstv. atvmrh. ekkert vaxið af sínum ráðherradómi, nema síður sé.

Atvmrh. (Haraldur Guðmundsson) [óyfirl.]: Ég bið hv. þm. G.-K. afsökunar á því, að ég talaði um hann sem óvaldan þm. Ég ætlaði ekki að móðga hann né sjálfstæðismenn með því. Það, sem ég átti við, er það, að það er í sjálfu sér mikill munur á því, hvort ráðh. gefur yfirlýsingar um, að stjórnin flytji ákveðin mál á þingi, sem þá má telja tryggður framgangur, eða einhver þm. flytur frv. eða spjallar um velvilja í garð einhverrar stéttar, og það með meira eða minna hnútukasti. Hver heilvita maður sér, að á þessu er mikill munur. Annarsvegar er tilkynnt, að fram sé komið stjfrv., sem verður að l., en hinsvegar almennar bollaleggingar einstakra þm. Svo ekki fleiri orð um það.

Það er alveg þýðingarlaust fyrir hv. þm. að reyna að dylja meginatriði málsins, að á milli Sjálfstfl. og stjórnarflokkanna var ágreiningur allverulegur um þetta mál. Stjórnarflokkarnir hafa ákveðið að létta þessu gjaldi af að mestu eða öllu leyti, eins og það var orðað í yfirlýs-

ingu minni. Hinsvegar hafa tveir hv. þm. úr Sjálfstfl. flutt frv. um að flytja gjaldið aðeins yfir á ríkissjóð, þannig að ríkissjóður leggi til, sumpart af tekjum af ákveðinni stofnun og sumpart af tekjum ríkisins í heild, fé, eins mikið og lagt hefir verið fram, í þessu sama augnamiði og 6% gjaldið af sjávarafurðum var lagt á. Þetta er sá meiningarmunur, sem hér er um að ræða, og það er ekki til neins að reyna að breiða neitt yfir það.

Hinsvegar vil ég segja, að ef hv. þm. G.-K. vill halda við það, sem hann sagði í sinni síðustu ræðu, að hann hafi rætt um það við mig að hækka verðjöfnunargjaldið og ég ekki tekið óvingjarnlega í það mál, þá fer hann illa með hv. 1. flm. frv. á þskj. 458, 6. þm. Reykv., því að hann heldur því beinlínis fram í grg. frv., að form. Sjálfstfl. hafi rætt um frv. við atvmrh., og hafi atvmrh. tekið líklega í málið. En hvaða mál? Það, sem flutt er nú sem frv. á þskj. 458, sem ætlast til, að af ríkisfé verði lagt fram upp undir 1 millj. króna árlega til markaðssjóðs saltfisks, sem lagt er til með frv. að stofnaður verði. Þetta er staðleysa og mér virðist eftir því sem fram hefir komið, að hv. þm. G.-K. hafi staðfest, að hér sé í grg. frv. um rangherma að ræða hjá hv. 6. þm. Reykv.

Ég vil benda á atriði, sem skýrir það, hvernig á því stendur, að þessi tilkynning var flutt hér á Alþ. án þess að talað væri um það innbyrðis á milli flokkanna áður. Hv. þm. G.-K. er þetta manna ljósast. Nokkru áður lýstu nokkrir flokksmenn hans og hann sjálfur á fundi í utanríkismálan., því yfir, að þeir slitu samvinnu við n. og gengu svo af fundi. Kvöldið áður en þetta gerðist var haldinn fundur hér í Sþ. til þess að ræða mikilsvert mál, en þeir mættu ekki. Það er þess vegna ljóst, að þessi yfirlýsing gat ekki komið fram sem yfirlýsing frá öllum flokkum, þar sem sjálfstæðismenn mættu ekki á þessum tiltekna fundi.

Sigurður Kristjánsson [óyfirl.]: Af reynslu hefi ég oft vitað menn gera sig seka um smámuni og líka um stóra hluti, eins og hæstv. atvmrh. hefir nú gert. En það er fremur sjaldgæft um menn á hans aldri, að þeir séu eins hreyknir og næstum að segja megi uppblásnir af því að hafa framið ódrengilegt bragð, og það þegar það er orðið uppvíst. Ég hefði samt sem áður ekki skipt mér af þessum umr., ef hæstv. ráðh. hefði ekki beint til mín nokkuð mörgum orðum, miður vingjarnlegum, miður kurteisum og miður sönnum. Það er líklega rétt, fyrst svo er komið, að deilt er um þetta mál, að ég svari hæstv. ráðh. orði til orðs um þessi atriði og byrji þá á byrjuninni.

Það er öllum þingheimi kunnugt, og líklega öllu landsfólki líka, að um þetta mál, sem hér er deilt um, var samkomulag á milli flokkanna, og það var ákaflega eðlilegt, að ef einhver flokkur teldi þörf á því að gera einhverjar breyt. á fyrirkomulaginu, um þann tilgang, sem markaðs- og verðjöfnunarsjóður hefir, að tryggja markað fyrir aðalútflutningsvöru landsmanna — það var mjög eðlilegt, ef einhver flokkur teldi þörf á breyt. á því fyrirkomulagi, að hann hefði þá leitað um það samkomulags við hina flokkana, en þyti ekki af stað með gagngerðar breyt. á þessu fyrirkomulagi án þess að leita fyrir sér um það, hvort málið gæti ekki áfram verið samkomulagsmál. Því að þetta getur ekki talizt neitt smámál, hvort hægt er að selja aðalútflutningsvöru landsmanna. Það vita allir, að það er mál alþjóðar fyrst og fremst, en ekki sérmál neinnar stéttar í landinu; það snertir hvern einasta borgara í þjóðfélaginu. Hver einasti borgari þess á það undir þessu komið, hvort afkoma hans verður hörmuleg eða hún verður sæmileg.

Því er ekki að leyna, að við sjálfstæðismenn vorum óánægðir með það frá öndverðu, að það væri ætlað fiskeigendum einum að bera kostnað af þessu, einmitt af þessari sömu ástæðu, sem ég tók fram, að það er ekki sérmál neinnar atvinnustéttar í landinu, hvort Íslendingar geta selt aðalútflutningsvöru sína. Og við vorum líka, a. m. k. ég, óánægðir með það, hvað þetta gjald var hátt. Þetta gjald til sjóðsins var að mínu áliti sett allt of hátt. Nú var þessu máli þess vegna haldið opnu frá upphafi, og það voru umr. um það innan Sjálfstfl., hvort ekki mundi vera hægt að fá stjórnarflokkana til þess að ganga inn á a. m. k. lækkun á þessu gjaldi, sem var knúð fram, að yrði 6%, á móti okkar vilja. Ég get í þessu sambandi látið þess getið, að tveir sjálfstæðismenn fluttu á síðasta þingi till. til breyt. á þessu máli. Það voru þeir hv. þm. Vestm. og hv. þm. Snæf., að mig minnir, sem fluttu brtt. um, að gjaldið yrði ekki nema 5%, en það gekk ekki. Ég vænti, að öllum þyki eðlilegt, fyrst svona var, að við vorum óánægðir með gjaldið, — okkur þótti það bæði of hátt og við vorum líka óánægðir með, að það væri tekið eingöngu af fiskeigendum, — að við vildum leita samkomulags um að gera breyt. á þessu gjaldi.

Nú er rétt að taka það líka fram, að gjaldið var ákaflega óvinsælt meðal fiskeigenda, og í raun og veru meðal allra, sem atvinnu sína höfðu af sjávarútvegi. Þess vegna var opin leið fyrir menn, sem vildu krefjast þess, að gjald þetta yrði afnumið, að skapa sér miklar vinsældir meðal þessara manna. Og það var í raun og veru ekki óeðlilegt, þótt sjálfstæðismenn hefðu talið sig eiga rétt til þess að öðlast þessar vinsældir, af því að þeir hafa frá öndverðu staðið þeim megin í þessari baráttu, sem var fiskeigendum í vil. En eins og gangur málsins hefir verið, sem nú er búið að sýna, þá kom okkur ekki til hugar að gera þetta, einmitt vegna þess, hvernig mál þetta hefir legið fyrir. Og einnig þess vegna var það, að leitað var samkomulags um þetta við hæstv. ráðh.

Ég kem nú að því, sem hæstv. ráðh. sagði um það, hvernig byr þetta mál hafði í fisksölunefndinni. Mig furðar mjög á því, að hann skyldi draga fisksölun. inn í þetta mál. Það, sem þar fer fram, er ekki ætlazt til, að verði út í æsar rætt utan n. Ég þykist vita, að hæstv. ráðh. hafi ekki sérlega góðar heimildir fyrir sínu máli. Ég þykist vita, hver muni hafa tuggið í hann, ég þykist merkja það á því, sem hann lét út úr sér fara, að það hafi verið tuggið í hann á þann hátt, sem vanalega gerist í þeirri verksmiðju.

En ég skal lýsa því yfir, af því að fisksölun. er samsett af mönnum úr þremur aðalflokkunum og af því að hún, samkv. sinni stöðu, er skyldug til að standa á verði fyrir hagsmuni fiskeigenda, þá þótti mér eðlilegt, að mál þetta hefði þar sinn útgangspunkt. Þess vegna bar ég það upp í n., að hún skyldi senda hæstv. Alþ. rökstudda kröfu um, að gjaldi þessu yrði létt af fiskeigendum sérstaklega og að það fé, sem afla þyrfti til þess að tryggja fiskmarkaðinn, eins og fram er tekið í l. um markaðs- og verðjöfnunarsjóð, yrði veitt í fjárlögum hvers árs. Nú segir hæstv. ráðh., að það séu ósannindi, að þetta hafi haft byr í n. og segir, að því hafi verið vísað frá. Ég þykist vita, að hæstv. atvmrh. hafi þarna goldið þess að trúa of vel illum heimildum. En gerðabók n. getur sýnt, hvernig þetta mál var tekið í n. Mér er víst óhætt að fullyrða, að þeir voru ekki fleiri en einn eða tveir í n., sem ekki voru þessu strax ákveðið fylgjandi. En til marks um það, hvort málið hafi haft byr í n., skal ég lýsa því yfir, því að það er ekkert launungarmál, að það var fisksölustjórnin, ég held ágreiningslaust, sem samþ. að fela ákveðnum mönnum að semja rökstuðning til Alþ. fyrir þessari kröfu. Og hæstv. atvmrh. getur nú, sennilega alveg án þess að hafa nokkra hjálp eða heimildarmann, rannsakað þetta. Hann fær efalaust að sjá þetta í gerðabók stjórnarinnar. Af þeirri rannsókn hygg ég, að jafngreindur maður og hann er geti dregið þá ályktun, að þetta mundi ekki hafa verið samþ. í fisksölun., að senda hæstv. Alþ. rökstudda kröfu um afnám þessa gjalds, ef fisksölustjórnin hefði verið því mótfallin. Af því að hæstv. ráðh. áminnti mig um að vera vandur að heimildum, þá vona ég, að þessi slysni, sem hefir hér hent hann, verði til þess að kenna honum sjálfum að vera vandari að heimildum en hann var í þessu atriði.

Þá kem ég að því atriði í þessu máli, sem að mér snýr sérstaklega, sem snertir flutning þessa frv. sjálfs. Það er alveg rétt, sem form. Sjálfstfl. sagði, að okkar samtal fór fram áður en frv. var samið og þess vegna áður en það var lagt fram í sjútvn. Okkur var báðum alveg ljóst, að kjarni þessa máls er sá, að létt sé þessu 6% gjaldi af fiskeigendum sérstaklega. En um það má deila, hvort þar fyrir á einskis fjár að afla til þess að tryggja saltfiskmarkaðinn. Um þennan kjarna málsins talaði form. Sjálfstfl. við hæstv. atvmrh. Það er alveg rétt, sem tekið er fram í grg. frv., að hæstv. atvmrh. tók líklega í þetta, og er þar ekki mjög sterkt til orða tekið. Hvernig sem hann vill reyna að snúa út úr þessu máli, þá fær hann aldrei dulið það, að það er kjarni þessa máls, hvort það eigi að létta þessu gjaldi af sjávarafurðum eða ekki. Hitt er náttúrlega mikilsvert, en þó í þessu sambandi aukaatriði, hvað í staðinn kemur, hvort fjárins til tryggingar fiskmarkaðinum verður aflað með framlagi beint úr ríkissjóði eða á annan hátt. Ég þykist vita, að um þá hlið málsins verði ágreiningur, þó ég ætli ekki að fara út í að ræða það mál nú, því að það er ekki beinlínis til umr.

Þá er rétt, að ég minnist á framkomu stjórnarflokkanna og hæstv. atvmrh. í þessu máli og beri hana saman við framkomu okkar sjálfstæðismanna. Sjálfstæðismenn ætluðu sér engan pólitískan ávinning að hafa af lausn þessa máls. Þeir gátu stofnað til þess, ef þeir vildu. En þeir vildu það ekki, af því að málið hafði verið samkomulagsmál, og þeir vildu ekki draga það út af þeim vettvangi, ef annað væri hægt. En hvað gerir svo hæstv. ráðh. og hans flokksmenn? Þegar við sjálfstæðismenn erum búnir að reyna að semja um þetta mál og reyna að koma því á framfæri, eftir þeim heppilegustu leiðum, sem við gátum fundið því, en þó þannig, að lausn þess gæti ekki haft á sér neinn flokksblæ, bæði með því að reyna að semja við stjórnarflokkana og atvmrh. sérstaklega og með því að fá stuðning fisksölun., sem er ópólitísk og skipuð mönnum úr þremur stærstu flokkum þingsins, og ennfremur með því, að frá minni hálfu var till. um, að hæstv. atvmrh. væri boðaður á fund í sjútvn. til þess að ráðgast við hann um það, hvernig þetta mál yrði borið fram og hvernig hægt væri að ná um það samkomulagi á milli flokkanna (og ég ætla, að mönnum sé af öllum þessum ástæðum það fullljóst, að sjálfstæðismenn hafa farið á allan hátt heiðarlega og drengilega að í þessu máli) — þá hefst þáttur stj. og hennar flokka í málinu. Sá þáttur hefst með því, að flokksmenn stj. leggja fram frv. í sjútvn. Og þegar ég spyr formann n., hvernig á þessu frv. standi, hvort það sé fram komið fyrir hans atbeina eins eða stjórnarflokkanna, eða stj. sjálfrar, þá svarar hann mér því, að það sé svar stjórnarflokkanna við frv. mínu. Mér fannst þetta svar undarlegt og ógreinilegt, en lét þó kyrrt liggja, af því að ég bjóst við, að hæstv. ráðh. mundi koma á okkar fund til að ræða málið. En af því varð aldrei.

Það næsta, sem spyrst til málsins, er það, að haldinn er allfjölmennur fundur, þar sem útgerðarmenn í Reykjavík fjölmenntu sem áheyrendur. Þá hleypur hæstv. ráðh. til hér í þingsölum, undir umr. um allt annað mál, og gefur yfirlýsingu um það, að hann, í samráði við sinn flokk, ætli að létta að mestu eða öllu leyti af þessu gjaldi, sem vitað var, að útgerðarmönnum er ákaflega mikið áhugamál, að af verði létt. Honum datt ekki í hug að segja, að þetta mál hefði byr í Sjálfstfl. og því síður að segja eins og satt var, að það hefði verið töluvert fast sótt af Sjálfstfl. Nei. Það datt hæstv. atvmrh. ekki í hug. En af því að þetta var á opinberum fundi, kom strax skýring frá form. Sjálfstfl. um afstöðu flokksins í málinu. Þá sér hæstv. ráðh., að nú eru góð ráð dýr, og hleypur í útvarpið, eða réttara sagt laumast hann í útvarpið með þessa yfirlýsingu sína, sem á að sýna þá sérstöðu hans í málinu, að hann sé frelsari þeirra manna, sem stunið hafa undir þessum skatti. Það þýðir ekkert að breiða yfir sig hræsnisflíkur, þegar menn standa naktir. Hæstv. ráðh. hefir þarna farið á bak við menn, sem barizt hafa fyrir þessu máli, og beinlínis prettað þá. Það er fullkomlega ódrengilegt í máli, sem hafið var jafndrengilega og þetta mál var hafið af okkur sjálfstæðismönnum.

Ég vil enda þessi orð mín með því að endurtaka þá ráðleggingu mína til hæstv. atvmrh.,

að hann verði vandari að heimildum framvegis en hann hefir verið í þessu máli, þegar hann hermdi, hvað gerðist í fisksölun., og ennfremur að fara ekki að dansa í svona máli fyrr en hann veit sig hafa þann lepp yfir sér, sem ekki sér alveg í gegnum.

Forseti (JörB): Ég vil beina því til hv. þdm. að ræða þetta mál ekki að þessu sinni á svo breiðum grundvelli. Þetta mál, sem nú er farið að ræða, er á dagskránni, og þegar það í dag verður tekið til umr., gefst hv. þdm. tækifæri til að upplýsa það betur.

Atvmrh. (Haraldur Guðmundsson) [óyfirl.]: Það er alrangt hjá hv. 6. þm. Reykv., þegar hann vill láta líta svo út, að það hafi staðið stöðug barátta um það á milli þingflokkanna, hvort þetta gjald skyldi vera lagt á sjávarútveginn eða ekki. Hv. þm. orðaði þetta svo, að stjórnarflokkarnir hefðu knúð fram gjaldið gegn vilja sjálfstæðismanna, þeir hafi viljað hafa gjaldið miklu lægra. Hv. þm. veit sjálfur, að þetta er tilhæfulaus uppspuni. Stjfrv. gerði ráð fyrir, að gjaldið væri 7%. Þá kom brtt. frá einum eða tveimur sjálfstæðismönnum um, að það yrði haft 5%. Síðan náðist fullt samkomulag um, að það yrði 6%. Var það samþ. með öllum greiddum atkv., nema einu, gegnum þingið. Svo stendur þessi hv. þm. upp og talar um siðferði — og drengskap(!), sem honum er tamt um að **tala**, og heldur því fram, sem hver maður í hv. deild veit, að er rakalaus uppspuni frá upphafi til enda.

Hitt sagði hv. þm. rétt, að það, sem menn greinir á um, er þetta: Á að létta þessu gjaldi af með öllu, eða á að létta því af sjávarútveginum þannig, að leggja á ríkissjóð tilsvarandi gjald til markaðs- og verðjöfnunarsjóðs. Um þetta er ágreiningur á milli flokkanna. Hv. þm. vill láta halda áfram að greiða þetta fé til markaðs- og verðjöfnunarsjóðs, en vill láta ríkissjóðinn borga það. Hann heldur, hv. 6. þm. Reykv., að hann geti ginnt menn til fylgis við sig, sem stunda útgerð og verzlun, með því að segja: Ég létti gjaldi þessu af ykkur, en ríkissjóður borgar það. Hv. þm. vill láta líta svo út, sem það sé aðallega honum að þakka, að gjaldinu verður af létt. Stjórnarflokkarnir líta svo á, að rétt sé að létta af þessu gjaldi, og það án þess að frá ríkissjóði komi tilsvarandi greiðslur í staðinn til markaðs- og verðjöfnunarsjóðs.

Þá sagði hv. þm., að ég hafi dregið inn í umr. stjórn Sambands ísl. fiskframleiðenda. En í grg. fyrir frv. því, sem ég gat um áður, segir: „Mál þetta kvaðst hann einnig hafa borið undir stjórn Sambands ísl. fiskframleiðenda nokkru áður en þing kom saman, og hefði það haft þar mikið fylgi.“ En mér er kunnugt um, að fylgið var ekki meira en það, að málinu var vísað frá. Hann segir, að það hafi verið skipuð nefnd til þess að athuga þetta mál. En ég hefi ekki séð neina grg. frá henni, nema ef vera skyldi þessi ágæta grg., sem fylgir frv. En ég er annars hissa á því, að nokkur þm. skuli láta sér sæma að láta slíkt plagg sem þessi grg. er koma inn á Alþ.

Það hefir verið ágreiningur um það, hvort eigi að afnema þetta gjald með öllu, þannig að ríkissjóður fái ekkert í staðinn, eða afnema gjaldið og sjá ríkissjóði fyrir tilsvarandi upphæð. En hv. þm. talar gegn sinni fyrri breytni, þegar hann segir, að ágreiningur hafi verið um að leggja þetta gjald á. — Ég get svo fyrir mitt leyti látið þessa umr. falla niður.

Ólafur Thors [óyfirl.]: Ég þarf ekki að vera fjölorður um þetta mál, því það er nú miklu betur upplýst eftir að hv. 6. þm. Reykv. gaf skýrslu um það. — Út af síðustu ummælum hæstv. ráðh. vil ég segja það, að málið liggur nú þannig fyrir, að sjálfstæðismenn óskuðu eftir, að 6% gjaldinu til markaðs- og verðjöfnunarsjóðs væri aflétt. Og ég varð ekki var við annað en hæstv. ráðh. tæki undir þá ósk. Hinu vilja sjálfstæðismenn halda utan við þessa deilu, hvort niður skuli falla greiðslur þær, sem lágu til grundvallar fyrir því, að gjald þetta var lagt á. Okkar aðstaða er sú, að hvort sem stj. óskar eftir áframhaldi á þessum greiðslum eða að þær verða látnar falla niður, þá geti útvegsmenn ekki einir staðið undir þeirri þörf, sem liggur til grundvallar fyrir þeim. Um hitt mætti ræða síðar, að hve miklu leyti sjálfstæðismenn taka undir ráðstafanir til þess að ná þessu gjaldi. Till. er komin fram um það, að taka eitthvað af ágóða áfengisverzlunarinnar í þessu skyni, allt að helming, og þar að auki framlag ríkissjóðs eins og það væri ákveðið í fjárl. hvers árs. En Sjálfstfl. vill ekki innleiða deilur um það, hvort gjaldið verður látið niður falla án þess að nokkuð komi í staðinn eða ekki, en hitt er aðalatriðið, að það verði látið niður falla í þeirri mynd, sem það nú er.

Ég get að nokkru unað við þá játningu, sem hæstv. ráðh. gaf í næstsíðustu ræðu sinni. Það var auðséð, að mér hafði tekizt að opna augu hans fyrir því, að hann hefði í þessu tilfelli misnotað aðstöðu sína. En ég er sannfærður um, að þó að hæstv. ráðh. hafi gert þetta, sem verður að teljast fullkomlega ósæmilegt, hvort sem hann nú hefir gert það af ásettu ráði eða í ógáti, að hann hefir áttað sig á því, að hann var ámælisverður fyrir þetta athæfi sitt. Hann kemst ekki hjá því að játa, að úr því hann hlutaðist til um, að yfirlýsing kæmi frá honum í útvarpinu svona miklu hitamáli, þá bar honum skylda til þess að gera mér aðvart, svo að yfirlýsing gæti komið frá minni hálfu um leið. Ég veit, að hann skilur, að hann hefir gengið hér lengra en honum bar.

Hann var í seinni ræðu sinni kominn í þær kröggur, að hann var þá hættur að tala um hina óvöldu þm. og búinn að biðja velvirðingar á þeim orðum sínum. Ég tek á móti þeirri fyrirgefningarbeiðni og fyrirgef honum með því skilyrði, að hann brjóti ekki aftur þá grein almennra mannasiða. En þegar hæstv. ráðh. var horfinn frá umtali sínu um hina óvöldu þm., þá vildi hann skjóta sér undir það, að menn yrðu að gera greinarmun á því, sem ráðh. segði úr ráðh.stóli, og yfirlýsingum, sem einstakir þm. gæfu um velvilja sinn til almennra mála. En það liggur nú ekki í verkahring hæstv. ráðh. að gera upp á milli þeirra orða, sem hann

mælir úr ráðherrastóli, og þeirra, sem ég mæli t. d. sem óbreyttur þm. En svo að ég haldi mér við orðalag hans um velvilja einstakra þm. til almennra mála, eða hnútukast til einstakra þm., þá eiga þau ummæli hans ekkert skylt við yfirlýsingu mína. Ég hefi áður lesið hana upp, og ég vil nú lesa hana aftur upp, með leyfi hæstv. forseti: „Frá þingbyrjun hafa staðið yfir samningar milli Sjálfstfl. og stjórnarflokkanna um að létta af sjávarútveginum hinu þungbæra 6% gjaldi, sem allt þingið lagði á útveginn í fyrra. Allir hafa verið á einu máli um, að þetta væri ekki aðeins æskilegt, heldur og brýn nauðsyn. Hæstv. ráðh. hefir nú lýst því yfir fyrir hönd stjórnarflokkanna, að þeir fyrir sitt leyti samþykki að létta af gjaldinu.

Sjálfstfl. er, eins og ríkisstj. er kunnugt, þessu samþykkur, og má þá, eftir yfirlýsingu atvmrh., telja tryggt, að þessum skatti verði nú aflétt. Sjálfstæðismenn fagna þessum tíðindum.“

Sjálfstfl. á sama kröfurétt og hæstv. ráðh. á því að tilkynna þjóðinni afstöðu sína til þessa máls, eins og hæstv. ráðh. á til að tilkynna afstöðu stj. og stj.flokkanna. Og í þessari yfirlýsingu minni var ekkert orð, sem hneykslí mætti valda. Það verður ekki komizt hjá því, að ef hæstv. ráðh. gerir þá kröfu til útvarpsins, að það flytji yfirlýsingar hans í því skyni að afla pólitísks fylgis, þá var það ekki einungis drengskaparskylda, heldur fullnæging á lægstu kröfu á hendur manni í hans stöðu, að hann hefði gert mér aðvart, svo að ég hefði getað látið birta mína yfirlýsingu um leið. Ég veit, að hæstv. ráðh. viðurkennir þetta í hjarta sínu. Það verður að teljast skakkt af útvarpinu að taka á móti svona yfirlýsingu, því þó að það heyri undir þennan ráðh., sem gaf yfirlýsinguna, þá er það samt ekki skyldugt til þess að brjóta hlutleysisregluna. En hitt verður auðvitað að afsaka, þó að það sé veilt fyrir að taka til greina óskir síns yfirmanns. Hæstv. ráðh. verður líka að viðurkenna, að það er þessu máli óskylt, að Sjálfstfl. hefir séð sig tilknúinn að slíta samvinnu við stj.flokkana í utanríkismálanefnd, þangað til ríkisstj. hefir gefið yfirlýsingu um það, hvernig hún líti á misbrest þann, sem orðið hefir á framkomu eins nefndarmanns. Ef hæstv. ráðh. á við það, að hann hafi ekki haft aðstöðu til þess að halda áfram umr. um þetta mál við mig, þá er það misskilningur hjá honum, því eins og hv. 6. þm. Reykv. sagði, þá lá málið fyrir í sjútvn. og var þar hægt að halda áfram á eðlilegum vettvangi samningum um málið.

Ég hirði svo ekki að ræða frekar um málið. Ég vænti, að það tvennt hafi unnizt við þessar umr., að hæstv. ráðh. hafi ekki í frammi samskonar atferli aftur, og ennfremur það, að forsetar taki til athugunar, hvort ekki sé nauðsynlegt að gera frekari ráðstafanir til tryggingar misnotkun útvarpsins í sambandi við fréttaflutning frá Alþ. Og þó að það sé þessu máli óviðkomandi, þá tel ég rétt að geta þess, að þetta er í annað skipti, sem hæstv. ráðh. misnotar aðstöðu sína gagnvart útvarpinu. Hitt skiptið var í sumar, þegar hann flutti fyrirlestur um fisksöluna, þegar hann vissi, að forsvarsmenn andstöðuflokksins voru fjarstaddir. Þessa ræðu heyrði ég ekki, en þó honum kunni að þykja það ótrúlegt, þá hefir þessi ræða legið í fórum mínum þangað til í gær. Og þegar ég las hana, rak mig í rogastans á því hlutleysisbroti, sem þar var framið. En ég vona bara, að þetta komi ekki fyrir í þriðja skiptið.

Atvmrh. (Haraldur Guðmundsson) [óyfirl.]: Ég verð að hryggja hv. þm. G.-K. með því, að þó að hann læsi upp í 3. skiptið ræðu þá, sem hann flutti hér um daginn, þá myndi það ekki breyta minni skoðun. Það verður ekki framhjá því komizt, að það er mikill munur á því, sem stj. tilkynnir um það, hvað hún hefir í hyggju að gera, og almennum hugleiðingum einstakra þm. Það er misskilningur hjá hv. þm., að ég hafi verið að tala um hnútukast í yfirlýsingu hans, en hitt sagði ég, að ef tekið væri upp á því, að taka upp ummæli úr ræðum einstakra þm. þá gæti verið um hnútukast að ræða þar til annara þm.

Ég hirði ekki um að svara því, sem hv. þm. sagði um það, að ég hefði brotið hlutleysisreglur útvarpsins í ræðu, sem ég flutti í útvarpið í sumar. En það var eitt atriði í ræðu hv. þm., sem ég get ekki látið ósvarað. Hv. þm. sagði, að það væri óskylt þessu máli, að Sjálfstfl. hefði neyðzt til að slíta samvinnu við stj.flokkana í utanríkismálanefnd. En hann veit, að þetta er alrangt. Hann veit, að það hefir verið haldinn fundur í utanríkismálanefnd eftir að samvinnuslitin urðu, þar sem rætt var um þetta mál. Og hann veit ennfremur, að af þessum samvinnuslitum hlýtur það að leiða, að um þau mál, sem falla undir utanríkismálanefnd, er ekki hægt að hafa samvinnu við Sjálfstfl. Það hlýtur að verða óhjákvæmileg afleiðing af þessu tiltæki sjálfstæðismanna. En ég verð enn að harma það, að til þessa ráðs hefir verið gripið.

Sigurður Kristjánsson [óyfirl.]: Þar sem hæstv. ráðh. er að hamra á því, að þessi sæla yfirlýsing hafi verið gefin, vegna þess, að sjálfstæðismenn hafi slitið samvinnu við stj.flokkana í utanríkismálanefnd, þá verð ég að segja, að mér finnst það broslegt, þegar það er borið saman við það, sem stj.blöðin segja um þetta. Hæstv. ráðh. segir, að yfirlýsingin hafi verið gefin vegna þess, að sjálfstæðismenn hafi slitið samvinnu við stj.flokkana í utanríkismálanefnd, en annað stj.blaðið segir, að sjálfstæðismenn hafi slitið samvinnu vegna þess, að ráðh. hafi gefið yfirlýsinguna. Hvorttveggja er auðvitað jafnmikil vitleysa.

En tilefnið til þess að ég stóð upp er það, að mér finnst, að það hafi ekki nægilega verið bent á, í hvaða vandræði hæstv. ráðh. er kominn, þar sem hann nú er farinn að rífa niður á næsta augnabliki það, sem hann byggir upp á hinu. Hann segir og meira að segja margendurtekur það, að það séu tilhæfulaus ósannindi, að það hafi verið ágreiningur milli stj.flokkanna og sjálfstæðismanna um 6% gjaldið í markaðs- og verðjöfnunarsjóð, en á næsta augnabliki segir hann, að stj. hafi farið fram á, að það væri 7%, en sjálfstæðismenn hafi komið með till. um, að

það væri 5%. Hann segir þarna sjálfur, að það hafi verið ágreiningur um þetta mál, en segir svo aftur rétt á eftir, að það séu tilhæfulaus ósannindi, að það hafi verið ágreiningur um það. Það sjá nú allir, hvað mikið ósamræmi er í þessu hjá hæstv. ráðh. — En ágreiningurinn í þessu máli var miklu meiri en kom hér fram í þingsölunum. Og það var ekkert óeðlilegt, þó sjálfstæðismenn yrðu að falla frá kröfum sínum að einhverju leyti, því það er svo um flest vandamál, að menn reyna að mætast á miðri leið, þegar skoðanir eru skiptar. Sjálfstæðismenn voru óánægðir með gjaldið, bæði vegna þess, að það kom niður á einni atvinnustétt, og svo þótti þeim það of hátt.

En annars vil ég segja það um hin margendurteknu orð hæstv. ráðh. um, að mér færist ekki að tala um drengskap, að hann má sækja þau svo langt niður fyrir þind sem hann vill, en hann fær engan til þess að trúa því, að ég hafi sýnt ódrengskap í málaflutningi hér á Alþ. Það vita flestir, að ég hefi hvorki sýnt ódrengskap né undirhyggju í málflutningi mínum. Það er satt, að ég hefi sótt sum nál. nokkuð fast, en engin undirhyggja hefir þar fylgt af minni hálfu. En hitt hefi ég sýnt fram á, að hæstv. ráðh. hefir gert sig sekan um þetta.

En viðvíkjandi því, sem hæstv. ráðh. var að segja um samband ísl. fiskframleiðenda, þá vil ég spyrja að því, hvort það sé sómasamlegt fyrir mann, sem getur komið með gögn, að hirða ekki um að koma með þau, en slá heldur fram órökstuddum staðhæfingum. Það er svo um gerðir Sambands ísl. fiskframleiðenda, að það er flest bókað, sem fer þar fram á fundum, og hefði ég komið með bókun fundarins, hefði ég vitað, að þetta yrði dregið inn í umr. En hæstv. ráðh. gat gert það, og vil ég skora á hann að gera það. Ég geri ekki ráð fyrir, að menn vilji yfirleitt halda því fram, að því máli hafi verið vísað frá, sem ákveðið hefir verið um að fá ákveðnum mönnum til afgreiðslu. Ég get ekki búizt við því, að nokkrum heilvita manni detti slíkt í hug.

Ég skal svo ekki tala meira um þetta, en það er misskilningur hjá hæstv. ráðh að halda því fram, að þessir óvöldu þm., sem hann er að tala um, hafi svo lítið að segja. Ég vil beina athygli hæstv. ráðh. að því, að þar sem þessir óvöldu þm. eru svo margir, að þeir eru nærri helmingur þingsins, þá er ólíklegt, að hægt sé til lengdar að taka ekkert tillit til þeirra, þar sem líka á bak við þá er sterkur vilji þjóðarinnar.

Ólafur Thors [óyfirl.]: Það er aðeins örstutt aths. Ég vil beina athygli hæstv. forseta að því, að atvmrh. hefir það helzt sér til varnar í þessu máli, að það sé örðugt að stöðva útvarpstilkynningar, ef farið er út yfir hina allra tignustu menn, eða m. ö. o. ef röðin kemur að hinum óvöldu þm. Ég er sammála honum í því, að það getur verið örðugt að vita, hvar eigi að setja takmörkin, ef farið er út í það, að birta kafla úr ræðum þm. En einmitt í þessum rétta skilningi hæstv. ráðh. á þessu máli átti að felast hemill á það, að hann birti sjálfur í útvarpinu kafla úr ræðu eftir sig. En þetta tilefni verður væntanlega til þess, að settar verða nánari reglur fyrir því, hvað má flytja í útvarpinu, sem heyrir undir tilkynningar eða parta úr þingræðum, hvort sem það er frá ráðh. eða öðrum. Ég veit, að hæstv. ráðh. skilur, að það nær engri átt, að hann hafi sérstöðu til þess að brjóta í þessu efni á hinn herfilegasta hátt hlutleysisreglur útvarpsins. Með því móti gæti stj. misnotað útvarpið sér til pólitísks framdráttar. Ég er viss um, að engum dettur í hug að semja slíkar reglur um þingfréttaflutning í útvarpið, að óbreyttir þm. séu þar ekki jafnréttháir og ráðh.

Um hitt atriðið, að hæstv. ráðh. hafi verið tilneyddur að birta yfirlýsingu sína í útvarpinu, vegna samvinnuslita sjálfstæðismanna í utanríkismálanefnd er það að segja, að um þetta þurfti enga samvinnu þar. Hann þurfti ekki annað en tilkynna sínum mönnum í utanríkismálanefnd, að stj. vildi ganga inn á þetta, og svo gátu þeir tilkynnt það flokksmönnum mínum eða mér. En svo gat hitt verið rifrildismál, hvort menn álitu, að þörfin fyrir þetta gjald væri enn fyrir hendi, eða hún væri niður fallin.

Forseti (JörB): Út af ummælum hv. þm. G.-K. er hann beindi því til forseta að hafa gætur á flutningi þingfrétta í útvarpið, þá vil ég taka þetta fram: Útvarpið hefir farið fram á það, að forsetar sæju um þingfréttaflutning í útvarpið og tilnefndu mann til þess að hafa það starf með höndum, og að þeir bæru ábyrgð á þingfréttum þeim, sem fluttar væru í útvarpið. En forsetar hafa ekki álitið sig hafa aðstöðu til þess að hafa eftirlit með slíkum fréttum, og svarað útvarpinu á þá leið, að það tilnefndi mann til þess að hafa þetta starf með höndum, sem þeir svo samþykktu, og sæi útvarpið algerlega um fréttaflutninginn frá þinginu. Það leiðir því af sjálfu sér, að þar sem hér er um mikið starf að ræða, en forsetar að jafnaði bundnir við sín störf, þá yrði erfitt fyrir þá að fylgjast með þingfréttunum, því að ef þeir ættu að vera forsvarsmenn af hálfu þingsins hvað fréttirnar snertir, þá yrðu þeir jafnan að fara yfir handrit fréttamanns. Og þó að svo væri, að forsetar gerðu þetta, þá væri það alls ekki á þeirra valdi að stöðva t. d. tilkynningar, sem atvmrh. vildi koma að og fá birtar í útvarpinu. Slíkt væri fyrir utan þeirra verkahring.

Ólafur Thors [óyfirl.]: Það eru sjálfsagt allir á einu máli um það, að ekki sé rétt að stöðva flutning útvarpsfrétta af þinginu. Menn vilja eðlilega fylgjast með í því, sem þar gerist. Og hitt munu líka allir vera sammála um, að sá fréttaflutningur eigi að vera hlutdrægnislaus. Þetta hvorttveggja, að fregnir fáist af störfum þingsins og að þær séu hlutdrægnislausar, tel ég, að Alþingi beri skylda til að tryggja.

Annars get ég vel gengið inn á það, að með tilliti til þess, hvernig forsetar þingsins eru valdir, þá séu afskipti þeirra af fréttaflutningum engin trygging fyrir því, að hann sé hlutdrægnislaus. Mér hefir því dottið í hug, hvort ekki myndi tækilegt að skipa þingnefnd, sem t. d. einn maður frá hverjum flokki ætti sæti í,

til þess að fara yfir handrit fréttamanns. Að ég kem með þessa uppástungu hér, er sakir þess, að ýmsir útvarpshlustendur telja sig verða vara við hlutdrægni í fréttaflutningi útvarpsins. — Ég vil þá að endingu nota tækifærið til þess að beina því til hæstv. forseta, hvort þeir gætu ekki átt hlut í því, að þessi þrautleiðinlegi þulur, sem nú flytur þingfréttir í útvarpið, fái sér aðra atvinnu.

Atvmrh. (Haraldur Guðmundsson) [óyfirl.]: Aðeins örfá orð. Hv. 6. þm. Reykv. veit það ofur vel, að 6% gjaldið var samþ. af öllum hlutaðeigendum. Það, sem bar á milli, var, hvort það ætti að vera 5% eða 7%. Varð svo samkomulag um að hafa gjaldið þarna mitt á milli, eða 6%. Annars furðaði mig stórlega, hvernig hv. þm. gat belgt sig upp af þessu smáræði og hrópað um ósamkomulag o. fl., sem enginn fótur var fyrir.

Út af ummælum hv. þm. G.-K. um útvarpið og fréttaflutning þess vil ég benda honum á, að honum og flokksmönnum hans var ekki svo lítið ívilnað, þegar getið var í útvarpinu um frv. hv. 6. landsk., þar sem grg. þess var öll lesin upp. Það, sem ég hefi yfir að kvarta hvað þetta snertir, er það, að grg. þessi var flutt sem hlutlaus frásögn, en ekki sem fullyrðing flutningsmanns. Þetta sama henti einnig er getið var frv. jafnaðarmanna um sölu sláturafurða. Það eru tilmæli mín til hæstv. forseta, að þeir taki þetta til athugunar.

Forseti (JörB): Ég býst við, að fréttamenn útvarpsins hafi jafnan reynt að vera hlutlausir í frásögnum sínum af störfum Alþingis, og tel ég þetta, er hæstv. atvmrh. sagði síðast, því til stuðnings, að fréttamaður hafi ekki viljað halla réttu máli. Það er að sjálfsögðu hárrétt, að fréttamönnum ber að segja hlutlaust frá, og það veit ég, að þeir, sem fréttir hafa sagt, hafa reynt að gera. Hafi þeim því orðið eitthvað annað á, hefir það áreiðanlega verið óviljaverk.

V. Trúlofun krónprinsins.

Á 29. fundi í Nd., 15. marz, utan dagskrár, mælti

forseti (JörB): Forsetum hefir borizt skeyti frá konungi þess efnis, að krónprinsinn og Ingrid Svíaprinsessa hafi opinberað trúlofun sína. Forsetar hafa sent konungshjónunum heillaóskaskeyti.

Á 26. fundi í Ed., s. d., lét forseti hinu sama yfir lýst.

VI. 500 ára afmæli sænska ríkisþingsins.

Á 4. fundi í Sþ., 11. marz, utan dagskrár, mælti

forseti (JBald): Mér hefir fyrir nokkru borizt skeyti frá sænska ríkisþinginu, sem nú er staðfest með bréfi, þar sem Alþingi er boðið að senda 4 fulltrúa á 500 ára afmæli ríkisþingsins. Vil ég því beina þeirri ósk til þingfl., að þeir taki afstöðu til málsins fyrir næsta fund, sem haldinn verður í Sþ.

Á lokuðum fundi í Sþ., 14. marz, var samþykkt í einu hljóði svolátandi ályktun:

„Út af boði sænska ríkisþingsins til Alþingis um að senda 4 fulltrúa á 500 ára afmæli ríkisþingsins 28. maí næstkomandi, samþykkir Alþingi að þaka þessu boði og felur forseta sameinaðs þings og deildaforsetum að tilkynna það.

Jafnframt ályktar þingið að fela forsetum, í samráði við væntanlega fulltrúa, að láta gera skrautritað ávarp til ríkisþingsins sænska frá Alþingi og ennfremur að velja vandaða gjöf til þess að senda Svíum.

Þingflokkar tilkynni forseta sameinaðs þings sem fyrst val á mönnum til fararinnar."

Fulltrúarnir voru þessir, einn tilnefndur af hverjum þingflokki:

Gísli Sveinsson,
Hannes Jónsson,
Jónas Jónsson,
Stefán Jóh. Stefánsson.

Gefið var málverk af Þingvöllum eftir Ásgrím Jónsson í útskorinni eikarumgerð eftir Ríkarð Jónsson.

Ávarp Alþingis var skrautritað af Tryggva Magnússyni, með litmyndum, en kápuna gerði Ársæll Árnason. Ávarpið er á þessa leið:

Allt frá dögum Yngvifreys og hinna goðbornu Ynglinga, í árdaga norrænna sagna, hafa afrek Svía varpað ljóma á sögu allra Norðurlanda.

Frá ómuna tíð hafa bændur og búalið með Svíum og Gautum varið réttindi almúgans á þingum sínum, byggt land sitt með lögum og mælt málum sátta og friðar.

Mikil hafa orðið örlög Svíþjóðar á þeim fimm öldum, sem liðnar eru síðan öll lönd og allar stéttir ríkisins tóku höndum saman á hinu fyrsta Ríkisþingi. Þjóðin hefir sótt fram til frelsis og frægðar. Svíþjóð var um heillar aldar skeið eitt af stórveldum Norðurálfu. En aldrei hefir Svíum úr minni fallið, að sátt og friður eru sæmst í lögum. Og Svíum hefir hlotnazt sú gæfa, sem öllu veldi er meiri, að verða ein af sannmenntuðustu þjóðum veraldar.

Vér Íslendingar gleymum því eigi, að sænskur maður, Garðar Svavarsson, steig fyrstur Norðurlandabúa fótum á íslenzka jörð. Skipti vor við Svía hafa að vísu verið færri en vér mundum hafa kosið. Þar hefir verið fjörður milli frænda og vík á milli vina. En á þau skipti hefir aldrei neinn skugga borið. Íslenzkir höfð-

ingjar og skáld, frá Gunnlaugi ormstungu til Snorra Sturlusonar, sóttu heim konunga Svía og stórmenni, þágu af þeim miklar sæmdir og námu þar fornar sagnir. Fyrir fjögur hundruð árum kom sænskur klerkur með fyrsta prentverk til Íslands. Svíar urðu fyrstir allra þjóða til þess að prenta íslenzkar sögur, og margir af ágætismönnum þeirra hafa lagt alúð við íslenzk fræði. Sænskar bókmenntir og sænskir söngvar hafa lengi verið yndi Íslendinga. Vér höfum dáðst að sænskri lýðmenntun, listum og vísindum og margt og mikið af þeim lært. Fastar og fastar hafa bræðraböndin milli fjölmennustu og fámennustu þjóðar Norðurlanda tengzt á síðustu áratugum. Á þessari minningarhátíð berast ekki einungis kveðjur frá þingi til þings, heldur frá alþjóð Íslendinga til alþjóðar Svía, þakkir fyrir liðnar aldir og óskir um vaxandi vináttu og kynni.

Ríkisþing Svía hófst á ófriðaröld, hófst til varnar lögum og landsrétti. Enn á vorum dögum er sorti í lofti, enn er víðar en skyldi gripið til óyndisúrræða um landsstjórn og deilumál landi á milli. Ríkisþing Svía, með fornfræga sögu að baki, en vaxið vandamálum hins nýja tíma, stendur nú sem einn öruggasti vörður þjóðræðis og lýðfrelsis meðal löggjafarþinga heimsins.

Íslendingar telja það auðnu sína og sóma að vera í bræðralagi við hinar norrænu þjóðir, sem engum þjóðum standa að baki í menningu anda og handa, en standa fremstar meðal þjóða um skipun deilumála sín á milli með friði og lögum.

Heill og hamingja fylgi Svíþjóð og Ríkisþingi Svía á ókomnum öldum. Vér óskum þess, að skeggöld og skálmöld sneiði hjá hinni göfugu sænsku þjóð og hinum fögru byggðum hennar og borgum. Vér óskum, að sem flestar þjóðir mættu bera gifta til þess að taka sér hið glæsilega og vegláta dæmi Svía til fyrirmyndar um menningu og stjórnmálaþroska.

Alþingi Íslendinga
Jón Baldvinsson
forseti sameinaðs Alþingis

Einar Árnason
forseti efri deildar

Jörundur Brynjólfsson
forseti neðri deildar

VII. Þingfrestun og setning þings af nýju.

Á 12. fundi í Sþ., 4. apríl, að lokinni dagskrá, mælti

forsrh. (Hermann Jónasson): Alþingi hefir nú á þessum fundi gefið samþykki sitt til þess, að fundum þess verði frestað þar til síðar á árinu, þó ekki lengur en til 10. okt.

Mér hefir borizt skeyti frá konungsritara um að konungur hafi gefið út svo hljóðandi bréf, er leyfi þingfrestun:

„Vér Christian hinn Tiundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gerum kunnugt: Að Vér viljum hér með, að tilskildu samþykki Alþingis, veita yður sem forsætisráðherra Vorum umboð til þess í Voru nafni að fresta fundum yfirstandandi Alþingis, frá því er venjulegum störfum þess verður það langt komið, að ekki þyki ástæða til lengra þinghalds að sinni, þar til síðar á árinu, þó ekki lengur en til 10. október næstkomandi.“

Samkv. þessu umboði, sem mér hefir verið gefið, lýsi ég hér með yfir því, að fundum Alþingis verður frestað þar til síðar á árinu, en þó ekki lengur en til 10. okt. næstk.

Á 13. fundi í Sþ., 10. okt., las forsætisráðherra upp konungsbréf, dags. 25. sept., um að Alþingi skuli koma saman til framhaldsfunda fimmtudaginn 10. okt. 1935. (Sjá Stjtíð. 1935, A. bls. 246).

Forseti skýrði frá, að sér hefði borizt bréf frá þm. Snæf. (TT) um, að hann gæti ekki vegna starfa sinna erlendis komið til þings að svo stöddu, og frá 11. landsk. þm. (GTh) um, að hann mundi ekki sitja þetta þing, en æskti þess, að varamaður tæki sæti á þinginu. Þá gat forseti þess og, að þm. V.-Ísf. (ÁÁ) væri á fyrirlestraferð í Ameríku og kæmi ekki til þings, og 1. landsk. þm. (StJSt) væri erlendis, en hans mundi von næstu daga. — Auk þessara þm. voru ennfremur ókomnir til þings þm. Vestm. (JJós) og 1. þm. N.-M. (PHerm).

VIII. Rannsókn kjörbréfs.

Á sama fundi var tekin til meðferðar rannsókn kjörbréfs 11. landsk. varaþm., Eiríks Einarssonar. Var gert hlé á fundinum meðan kjörbréfanefnd lyki athugun þess, en eftir það var fundinum fram haldið.

Frsm. (Pétur Magnússon): Nefndin hefir haft til athugunar kjörbréf Eiríks Einarssonar, 1. varaþm. Sjálfstfl. Upplýsingar liggja fyrir um það, að hv. 11. landsk. verður fjarverandi þetta þing, en hann hefir skipað uppbótarþingsæti fyrir Sjálfstfl. Kjörbréfanefnd hefir því orðið sammála um að leggja til, að kjörbréf Eiríks Einarssonar verði tekið gilt og honum veittur réttur til þingsetu.

ATKVGR.
Till. kjörbrn. samþ. með 34 shlj. atkv.

IX. Minning látinna manna.

Á 17. fundi í Ed., 5. marz, utan dagskrár, mælti

forseti (EÁrna): Áður en tekið verður til fundastarfa þykir mér hlýða að minnast nýlátins fyrrv. þingmanns, sem átti síðast sæti í þess-

ari deild. Þessi maður er séra **Björn Þorláksson**, fyrrum prestur að Dvergasteini.

Séra Björn var fæddur 15. apríl 1851 á Gautlöndum, sonur séra Þorláks prests að Mývatnsþingum Jónssonar og síðustu konu hans, Rebekku Björnsdóttur, bónda á Bakka á Tjörnesi, Pálssonar. Hann útskrifaðist úr lærða skólanum í Reykjavík 1870 og úr prestaskólanum 1873. Árið eftir var honum veitt Hjaltastaðaprestakall á Úthéraði frá fardögum 1875, og þar var hann prestur næstu níu árin, til 1884. Þá var honum veittur Dvergasteinn í Seyðisfirði, og því prestakalli þjónaði hann síðan í 42 ár, til 1926, er honum var veitt lausn frá embætti. Alls var hann því þjónandi prestur í 51 ár. Hann átti sæti á Alþingi á þingunum 1909 og 1911—1915, var þm. Seyðfirðinga 1909—1911 og konungkjörinn þingmaður frá 1912 til 1915. Auk þess gegndi hann ýmsum trúnaðarstörfum í héraði sínu, var m. a. hreppsnefndaroddviti og sýslunefndarmaður Seyðisfjarðarhrepps í 32 ár samfleytt. Hann andaðist hér í bænum síðastl. sunnudag, 3. þ. m.

Séra Björn Þorláksson var þrekmenni, fastur í skoðunum kappsfullur og fylginn sér, þótti búhöldur góður og fjárgæzlumaður og ráðhollur í héraðsmálum. Á Alþingi var bindindis- og bannmálið hið mesta áhugamál hans, og fyrir því máli beitti hann sér jafnan fast, bæði utan þings og innan.

Ég vil biðja háttv. deildarmenn að votta minningu þessa látna manns virðingu sína með því að rísa úr sætum sínum.

[Allir þdm. stóðu upp.]

Á 5. fundi í Sþ. 20. marz, mælti

forseti (JBald): Kl. 1 í nótt andaðist að heimili sínu hér í bænum **Jón Þorláksson**, borgarstjóri Reykjavíkur.

Jón Þorláksson var fæddur í Vesturhópshólum 3. marz 1877, sonur Þorláks Þorlákssonar, bónda þar, og konu hans, Margrétar Jónsdóttur, prests Eiríkssonar. Hann útskrifaðist úr lærða skólanum í Reykjavík 1897 með hærri einkunn en nokkur maður hefir hlotið þar fyrr og síðar, enda var hann afburðanámsmaður. Sex árum síðar, 1903, lauk hann prófi í mannvirkjafræði við Polyteknisk Læreanstalt í Kaupmannahöfn. Á árunum 1905—1917 var hann landsverkfræðingur, en einkaverkfræðingur allmörg ár þar á eftir, bæði áður en hann varð ráðherra og síðar, og rak jafnframt verzlun með byggingarefni. Hann varð fjármálaráðherra í 3. ráðuneyti Jóns Magnússonar, 1924, og jafnframt forsætisráðherra eftir dauða hans á miðju ári 1926. Frá ráðherrastörfum fékk hann lausn árið eftir, 1927. Í árslok 1932 var hann kosinn borgarstjóri í Rvík, og því starfi gegndi hann til dauðadags.

Á Alþingi átti hann sæti á þingunum 1921—1933, var þingmaður Reykvíkinga 1921—1926 og landskjörinn þingmaður 1927—1933. Þá féll niður umboð landskjörinna þingmanna, og hann bauð sig ekki aftur fram til þings. Hann gegndi og ýmsum öðrum vandasömum störfum í almenningsþarfir, var bæjarfulltrúi í Reykjavík 1906—1908 og 1910—1922, átti sæti í milliþinganefnd í kjördæmamálinu 1931—1932 og í stjórn Eimskipafélags Íslands frá 1917. Hann var formaður Íhaldsfl. og síðar Sjálfstfl. frá 1924—1934, er hann sagði af sér því starfi.

Flestum mun bera saman um, hverjum stjórnmálaflokki, sem þeir fylgja, að með Jóni Þorlákssyni sé í valinn hniginn afburða maður að mörgu leyti. Menn eru sammála um, að hann hafi verið miklum gáfum gæddur, jafnvel flestum framar af samtíðarmönnum sínum, en hitt skiptir ekki minna máli, að á bak við skarpa hugsun og ágæta þekkingu stóð óvenjulegt þrek og skapfesta, sem stundum var svo ósveigjanleg, að menn styggðust við, enda var honum tamara að halda máli sínu til streitu og segja hverjum sem var skoðun sína afdráttarlaust heldur en að leita að millivegum og laða menn að sér með fortölum. Þess mun lengi verða minnzt, hve prýðilega hann var máli farinn á þingi og mannfundum, skýr í hugsun og rökfastur og hélt þar vel á málum sínum. Hann lét einkum fjármálin til sín taka, og samherjum hans þótti þar ekki ráð ráðið nema hans væri leitað. Sá flokkur, sem nú ræður bæjarmálum Reykjavíkur, telur sig hafa mikið afhroð goldið við fráfall þessa manns og að skarð hans muni verða vandfyllt. Og um hitt munu flestir á einu máli, að Jón Þorláksson hafi verið einn af merkustu stjórnmálamönnum landsins á síðari árum.

Ég vil biðja háttvirta þingmenn að votta minningu þessa látna merkismanns virðingu sína með því að rísa úr sætum sínum.

[Allir þm. risu úr sætum.]

Jónas Jónsson: Ég vil skjóta því til hæstv. forseta, hvort ekki sé ástæða til að fresta fundum Alþingis í tilefni af láti þessa merkismanns.

Forseti (JBald): Það hefir verið talað við forseta deildanna um það, og munu þeir gera sínar ráðstafanir.

Á 30. fundi í Ed., s. d., mælti

forseti (EÁrna): Í tilefni af andláti Jóns Þorlákssonar borgarstjóra og fyrrv. ráðherra fara ekki fram nein deildarstörf í dag. Ég tek því öll málin af dagskrá.

Á 33. fundi í Nd., s. d., mælti

forseti (JörB): Sakir fráfalls borgarstjóra Jóns Þorlákssonar, fellur niður frekari fundur hér í deildinni í dag og verða dagskrármálin öll tekin út af dagskrá.

Á 13. fundi í Sþ., 10. okt., mælti

forseti (JBald): Áður en tekið verður til þingstarfa af nýju vil ég minnast fjögurra látinna manna, sem allir hafa átt sæti á Alþingi.

Skal ég þá fyrst minnast **Hannesar Þorsteinssonar** þjóðskjalavarðar, sem andaðist 10. apríl þ. á. Hann var fæddur 30. apríl 1860 á Brú í Biskupstungum, sonur Þorsteins Narfasonar,

bónda þar, og konu hans, Sigríðar Þorsteinsdóttur, bónda á Drumboddsstöðum Tómassonar. Hann útskrifaðist úr latínuskólanum í Reykjavík 1886 og úr prestaskólanum 2 árum síðar. Næstu árin fékkst hann við kennslu í Reykjavík og ýmisleg störf og rannsóknir í ættvísi, en á árinu 1891 keypti hann blaðið Þjóðólf, og tók við ritstjórn hans á næstu áramótum. Árið 1909 seldi hann blaðið, og hafði þá verið ritstjóri þess í 18 ár. Árið 1911 varð hann aðstoðarmaður við landsskjalasafnið, en þjóðskjalavörður frá 1924 til dauðadags. Á Alþingi átti hann sæti á árunum 1901—1911 sem fulltrúi Árnesinga, og var forseti neðri deildar á þingunum 1909 og 1911.

Hannes Þorsteinsson hafði mikil og merkileg afskipti af landsmálum, bæði sem ritstjóri og þingmaður, og lét þar ýms mikilvæg mál til sín taka, einkum stjórnarskrármálið, innlenda háskólastofnun o. fl., og var áhrifamaður á þingi og fylginn sér. En það, sem lengst mun þó halda minningu hans á lofti, eru störf hans í sögulegum efnum, einkum mannfræði og ættvísi. Þar liggja eftir hann ýms stórvirki, svo sem útgáfa Sýslumannaæfa, Íslenzkra annála frá síðari öldum, og Æfisögur lærðra manna íslenzkra, sem hann hafði unnið að í fjöldamörg ár, en handrit að því verki, sem enn er óprentað, er nú eign ríkisins, að honum látnum. Fyrir þessi og önnur störf hans í þarfir íslenzkra fræða kjöri heimspekideild háskólans hann heiðursdoktor á árinu 1925, og lét þess getið í formála þeim, er fylgdi, að í ættvísi og mannfræði hafi enginn Íslendinga, hvorki fyrr né síðar, lagt meira fram í rannsóknum en hann. Hann var annar aðalstofnandi Sögufélagsins, í stjórn þess frá upphafi og forseti þess síðasta áratuginn, og í stjórn Bókmenntafélagsins og í fulltrúaráði Fornleifafélagsins hafði hann verið í mörg ár.

Það mun óhætt að segja, að enginn Íslendingur hafi verið eins fróður um ættir manna hér á öllum öldum og Hannes Þorsteinsson, og svo var minni hans frábært á þau efni, að með ólíkindum þótti. — Hannes Þorsteinsson var skapfestumaður mikill, vinur vina sinna og tryggur í lund, en fastur fyrir og allharðskeytinn, er hann átti í deilum eða þá er á hann var leitað.

Með Hannesi Þorsteinssyni er til moldar genginn einn merkasti fræðimaður landsins, og mun lengi verða ausið af þeim brunnum, sem hann hefir upp grafið með störfum sínum og rannsóknum.

Þá andaðist 14. júní síðastl. **Jóhannes Ólafsson** hreppstjóri á Þingeyri í Dýrafirði. Hann var fæddur 22. júlí 1859 í Haukadal í Dýrafirði, sonur Ólafs Jónssonar, bónda þar, og konu hans, Ingibjargar Jónsdóttur, bónda í Stapadal Bjarnasonar. Hann nam trésmíði á árunum 1880—1882 og stundaði þá iðn ásamt ýmsum öðrum störfum upp frá því, fyrst á Ísafirði, 1882—1883, í Haukadal í Dýrafirði 1883—1887, og á Þingeyri frá 1887.

Má af því marka, hve mikils trausts Jóhannes Ólafsson naut í sveit sinni og héraði, að á hann hlóðust flest þau trúnaðarstörf í almenningsþarfir, sem komið geta til greina í sveitum landsins, og gegndi hann þeim öllum um langt skeið. Hann var hreppstjóri, hreppsnefndaroddviti, stjórnarmaður og gjaldkeri sparisjóðs, póstafgreiðslumaður, sáttasemjari og formaður skólanefndar, og fulltrúi Vestur-Ísfirðinga á Alþingi var hann á árunum 1903—1907. Segja svo kunnugir menn, að yfirleitt hafi hann átt mestan þátt í framfara- og menningarmálum Dýrfirðinga um langa hríð. Hann var hinn vandaðasti maður, drengur hinn bezti, glaðvær og vinsæll, og leituðu sveitungar hjá honum trausts og halds í flestum vandamálum.

Þá andaðist 31. júlí **Tryggvi Þórhallsson** bankastjóri og fyrrv. forsætisráðherra. Hann var fæddur 9. febrúar 1889 í Reykjavík, sonur Þórhalls Bjarnasonar biskups og konu hans Valgerðar Jónsdóttur, bónda Halldórssonar á Bjarnastöðum í Bárðardal. Hann útskrifaðist úr lærða skólanum í Reykjavík árið 1908 og úr guðfræðideild Háskóla Íslands 1912. Ári síðar voru honum veitt Hestþing í Borgarfirði, og gegndi hann því embætti til 1917. Þá gerðist hann ritstjóri Tímans, og hafði það starf með höndum til 1927, er hann var skipaður forsætis- og atvinnumálaráðherra. Þeim störfum gegndi hann í nálega 5 ár, eða til vorsins 1932, en þá gerðist hann aðalbankastjóri í Búnaðarbanka Íslands, og því starfi gegndi hann til dauðadags. Við stofnun kreppulánasjóðs tók hann jafnframt bankastjórastörfunum við stjórnarstörfum þar. Síðasta áratuginn hafði hann jafnframt öðrum störfum á hendi formennsku í stjórn Búnaðarfélags Íslands. Auk þessara starfa voru honum falin ýms önnur trúnaðarstörf í þarfir þjóðfélagsins. Átti hann meðal annars sæti í kæliskipsnefnd 1924, í gengisnefnd og Grænlandsnefnd. Þá var hann og í milliþinganefnd í stjórnarskrár- og kjördæmamálinu 1931—1932. Á Alþingi átti hann sæti sem fulltrúi Strandamanna á árunum 1924—1933.

Tryggvi Þórhallsson stendur svo nærri atburðum síðustu tíma, að ég þarf ekki að rifja upp í löngu máli, hvað hann hefir verið landi og þjóð. Öllum þingheimi er kunnugt, að hann var allan þann tíma, er hann átti sæti á þingi, og raunar fyrr, einn af mestu áhrifamönnum um stjórnmál landsins. Mönnum er og í fersku minni, hve málsnjall hann var og skörulegur, bæði á Alþingi og ekki sízt á fjölmennum mannfundum, hve aðsópsmikill hann var og skæður í málasennum, en þó lipur og ljúfmannlegur í samvinnu og allri framkomu, enda var drengskap hans og mannkostum við brugðið jafnt utanflokks sem innan.

Það leiðir af sjálfu sér, að Tryggvi Þórhallsson hafði forustu í fjöldamörgum stórmálum, en hjartfólgnust allra mála voru honum þó málefni landbúnaðarins. Hann hafði bjargfasta trú á frjómagni íslenzkrar moldar og lagði sig allan fram til þess að tryggja framtíð íslenzkrar bændastéttar. Mun engum einum manni hafa orðið eins ágengt og honum í þeim efnum, og mun lengi gæta áhrifa hans á löggjöf vora í þeim málum.

Þó að Tryggva Þórhallssonar muni lengst af minnzt sem stjórnmálamanns, þá er hitt samt kunnugt, að hann hafði fleiri áhugamál. Hann

var mjög vel að sér í fornbókmenntum vorum og vann í tómstundum að sögulegum rannsóknum, einkum í kirkjusögu landsins, og skrifaði nokkrar ritgerðir um þau hugðarmál sín. En í þeim íhlaupaverkum gat hann að vonum ekki notið sín að fullu sakir annríkis á öðrum sviðum.

Með Tryggva Þórhallssyni er í valinn hniginn á bezta aldri einn þeirra manna, er hæst bar í stjórnmálum landsins á þessari öld.

Loks er að minnast **Jóns Sigurðssonar** hreppstjóra á Haukagili í Hvítársíðu, sem andaðist 20. f. m. Hann var fæddur 13. desember 1871 í Hvammi í Hvítársíðu, sonur Sigurðar Jónssonar, síðar bónda á Haukagili, og Þorgerðar Jónsdóttur, bónda á Svarfhóli í Stafholtstungum Halldórssonar. Hann tók við búi á Haukagili af föður sínum árið 1904 og bjó þar til dauðadags.

Jón Sigurðsson gerðist snemma höfðingi sveitar sinnar og var falin forusta í flestum þeim málum, er hana varðaði. Hreppstjóri hafði hann verið í nærfellt 30 ár, sýslunefndarmaður lengi, hreppsnefndarmaður og sóknarnefndarformaður, sáttasemjari o. fl. Hann átti sæti á Alþingi sem fulltrúi Mýramanna á þingunum 1909 og 1911.

Það hafa mér sagt kunnugir menn, að Jón á Haukagili hafi verið gáfaður maður, óvenjuvel máli farinn, drengur góður og vinsæll í héraði, gleðimaður og gestrisinn.

Vil ég biðja háttv. þingmenn að votta minningu þessara látnu manna virðingu sína með því að rísa úr sætum sínum.

[Allir þm. stóðu upp.]

X. Kveðja til Alþingis.

Á 14. fundi í Sþ., 12. okt., utan dagskár, mælti

forseti (JörB): Alþingi hefir borizt í símskeyti kveðja og heillaósk frá hv. þm. Snæf. (TT), sem nú er staddur í Suður-Ameríku.

Um leið og ég fyrir hönd Alþingis þakka hv. þm. heillaskeyti þetta, óska ég honum velfarnaðar á ferð hans og að hann megi heill aftur koma.

XI. Mannaskipti í nefndum.

Á 13. fundi í Sþ., 10. okt., skýrði forseti frá, að fram hefði komið ósk um það frá Alþfl., að höfð yrðu um stundarsakir mannaskipti í kjörbréfanefnd og 6. landsk. (JG) tæki þar sæti í fjarveru 1. landsk. þm. (StJSt).

Voru þau mannaskipti samþ. án atkvgr.

Á 60. fundi í Nd., 30. okt., áður en gengið væri til dagskrár, mælti

forseti (JörB): Mér hefir borizt svo hljóðandi bréf, undirritað af hv. 8. landsk. þm. f. h. form. *Sjálfstfl.*:

„Ég leyfi mér hér með að æskja þess, að þér, herra forseti, fáið samþykki deildarinnar fyrir því, að hr. alþm. Jakob Möller megi taka sæti í allshn. í stað hr. alþm. Thor Thors, sem nú er fjarverandi.“

Fyrst enginn hreyfir andmælum, lít ég svo á, að deildin fallist á þau mannaskipti í allshn., sem fram á er farið í bréfinu, og tekur þá hv. 3. þm. Reykv. sæti í nefndinni þar til hv. þm. Snæf. *kemur til þings.*

Á 61. fundi í Nd., 31 okt., mælti

forseti (JörB): Ég hefi verið beðinn að tilkynna, að það sé ósk Framsfl., að Jörundur Brynjólfsson taki sæti í fjhn. deildarinnar í stað Ásgeirs Ásgeirssonar, sem dvelur erlendis og kemur ekki til þings að þessu sinni. Skoða ég þau mannaskipti samþ. án atkvgr., ef enginn mælir því í gegn.

Á 62. fundi í Nd., 1. nóv., skýrði forseti frá, að komið hefði fram ósk um það frá þingmönnum Alþfl., að 6. landsk. þm. (JG) mætti taka sæti í menntmn. deildarinnar í stað þm. V.-Ísf. (ÁÁ). — Mannaskiptin samþ. án atkvgr.

XII. Aldarafmæli Tryggva Gunnarssonar.

Á 51. fundi í Nd., 18. okt., utan dagskrár, mælti

forseti (JörB): Á þessum degi fyrir hundrað árum fæddist Tryggvi Gunnarsson bankastjóri og alþingismaður, og þykir mér hlýða, að Alþingi minnist þessa þjóðnýta merkismanns við þetta tækifæri, þó að slíkt sé raunar eigi venja hér á þinginu, að minnast manna á aldarafmæli þeirra, en þessi maður er að því leyti nákomnari þinginu en allir aðrir, að hann hvílir einn manna í heimagarði Alþingis, þeim reit, sem hann gróðursetti og hlúði að með eigin höndum.

Það er ekki ætlun mín að telja hér upp hin mörgu og mikilsverðu þjóðnytjastörf Tryggva Gunnarssonar. Ég vil hér aðeins taka mér í munn þau orð, sem þáv. aldursforseti þingsins mælti til minningar um hann á Alþingi 1918, ári síðar en hann lézt:

„Aðaleinkenni hans voru óbilandi starfsþrek og einlægur áhugi á að vinna öðrum gagn, frábær ósérplægni og innileg samúð með öllu því, sem lifsanda dregur, jafnt mönnum sem dýrum og jurtum. Fyrir þessara mannkosta sakir mun minning hans lengi í heiðri hjá íslenzkri þjóð.“

Ég vil biðja hv. þdm. að rísa úr sætum sínum minningu Tryggva Gunnarssonar til virðingar.

[Allir þdm. stóðu upp.]

XIII. Aldarafmæli Matthíasar Jochumssonar.

Á 66. fundi í Ed., 11. nóv., utan dagskrár, mælti

forseti (EÁrna): Í dag eru liðin 100 ár frá fæðingu síra Matthíasar Jochumssonar. Ég vil biðja hv. þdm. að votta hinu ástsæla öndvegisskáldi þjóðarinnar virðingu sína með því að rísa úr sætum sínum.

[Allir þdm. stóðu upp.]

Á 70. fundi í Nd., s. d., utan dagskrár, mælti

forseti (StJSt): Áður en fundi er slitið, leyfi ég mér að vekja athygli á því, að í dag eru liðin 100 ár frá því að þjóðskáldið fræga, Matthías Jochumsson, fæddist. Minning hans er nú í heiðri höfð um land allt. Ég vildi mega biðja hv. þdm. að heiðra minningu þessa ágæta þjóðskálds með því að standa upp úr sætum sínum.

[Allir þdm. stóðu upp.]

XIV. Sextugsafmæli Einars Árnasonar.

Á 80. fundi í Ed., 27. nóv., utan dagskrár, mælti

Jón Baldvinsson: Þegar alþm. taka til máls utan dagskrár, er það venjulega til þess að bera upp við hæstv. forseta óskir, er snerta afgreiðslu mála. En ég kvaddi mér ekki hljóðs til þess að bera fram neina slíka ósk við hæstv. forseta, heldur til þess að flytja honum árnaðaróskir í tilefni af 60 ára afmæli hans í dag. Veit ég, að ég tala í nafni allra hv. þdm., er ég óska forseta gæfu og gengis í framtíðinni.

Forseti (EÁrna): Ég þakka.

XV. Kosningar.

1. Þingfararkaupsnefnd.

Á 6. fundi í Sþ., 25. marz, var tekin til meðferðar

kosning þingfararkaupsnefndar.

Forseta barst einn listi, með nöfnum 5 manna, eða jafnmargra og kjósa skyldi í nefndina. Lýsti forseti þá menn rétt kjörna án atkvgr., en þeir voru þessir:

Bergur Jónsson,
Jónas Guðmundsson,
Páll Zóphóníasson,
Pétur Ottesen,
Jakob Möller.

2. Yfirskoðunarmenn landsreikninga.

Á 10. fundi í Sþ., 4. apríl, var tekin á dagskrá **kosning þriggja yfirskoðunarmanna landsreikninganna 1934, að viðhafðri hlutfallskosningu samkv. 38. gr. stjórnarskrárinnar.**

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 12. fundi í Sþ., s. d., var kosningin til meðferðar.

Forseta bárust 3 listar, A, B og C, með einu nafni á hverjum. Þar sem á listunum voru samtals nöfn jafnmargra manna og kjósa skyldi, lýsti forseti þá menn rétt kjörna án atkvgr., en þeir voru þessir:

Sigfús Sigurhjartarson kennari (af A-lista).
Magnús Jónsson alþm. (af B-lista).
Hannes Jónsson dýralæknir (af C-lista).

3. Endurskoðandi reikninga byggingarsjóðs.

Á sama fundi var tekin á dagskrá **kosning eins endurskoðanda reikninga byggingarsjóðs, samkv. 9. gr. laga nr. 3 9. jan. 1935, um verkamannabústaði, fyrir þann tíma, sem eftir er 4 ára kjörtímabilsins frá 1. jan. 1935 til 31. des. 1938.**

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 12. fundi í Sþ., s. d., var kosningin tekin til meðferðar.

Kosningu hlaut án atkvgr., þar sem ekki komu fram fleiri tillögur:

Bjarni Benediktsson prófessor.

4. Gæzlustjóri Söfnunarsjóðs.

Á 104. fundi í Nd., 20. des., var tekin á dagskrá **kosning gæzlustjóra Söfnunarsjóðs Íslands fyrir árabilið frá 1. jan. 1936 til 31. des. 1939.**

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 105. fundi í Nd., 21. des., var kosningin tekin til meðferðar.

Kosningu hlaut

Bjarni Ásgeirsson alþm.,

með 18 atkv. — Sigurður Kristjánsson alþm. fékk 1 atkv., en 11 seðlar voru auðir.

5. Endurskoðendur síldarverksmiðja ríkisins.

Á 34. fundi í Sþ., 21. des., var tekin á dagskrá **kosning tveggja endurskoðenda síldarverksmiðja ríkisins til eins árs, frá 1. jan. 1936 til 31. des. s. á., samkv. 4. gr. l. nr 14 9. jan. 1935.**

Forseti tók málið af dagskrá

Á 36. fundi í Sþ., s. d., var kosningin tekin til meðferðar.

Fram komu 2 listar, A og B, með einu nafni á hvorum. Lýsti forseti þá menn, sem á listunum voru tilnefndir, rétt kjörna, en þeir voru þessir:

Sophus A. Blöndal konsúll (af A-lista),
Hannes Jónsson alþm. (af B-lista).

6. Verðlaunanefnd Gjafar Jóns Sigurðssonar.

Á 34. fundi í Sþ., 21. des., var tekin á dagskrá **kosning verðlaunanefndar Gjafar Jóns Sigurðssonar.**

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 36. fundi í Sþ., s. d., var kosningin tekin til meðferðar.

Fram komu 2 listar, A og B. — Á A-lista voru Barði Guðmundsson og Þorkell Jóhannesson, og

á B-lista Matthías Þórðarson. Samkv. því lýsti forseti yfir, að kosnir væru án atkvgr.:
Barði Guðmundsson sagnfræðingur,
Matthías Þórðarson þjóðminjavörður,
Þorkell Jóhannesson magister.

XVI. Símanot þingmanna.

Á deildafundum 18. febr. skýrðu forsetar frá, að forsetar allir í sameiningu hefðu ákveðið, að símanot þingmanna á kostnað Alþingis skyldu vera þeim takmörkunum bundin, að hámarkseyðsla hvers þingmanns færi ekki fram úr 150 krónum alls um þingtímann. Jafnframt væri þó ákveðið að krefjast ekki endurgreiðslu af einstökum þingmönnum, þeim sem lengst ættu að eða væru þingmenn hinna fjarlægustu kjördæma og hæst yrðu því að greiða fyrir hvert viðtalsbil, þó að símanot þeirra færu nokkuð fram úr þessu hámarki.

Á fundi sínum 15. jan. 1936 samþykktu forsetar, vegna óvenjulegrar þinglengdar 1935, að hækka hámark símanota hvers þingmanns upp í 300 krónur.

XVII. Starfsmenn þingsins.

Á 1. fundi í Nd., 15. febr., utan dagskrár, mælti

Thor Thors: Ég hefi tekið eftir því, að þegar auglýst voru störf hér við Alþingi, var tekið fram, að palla- og dyravörzlustörf yrðu aðallega veitt mönnum á aldrinum 25 til 40 ára. Ég vil í því sambandi spyrja hæstv. forseta, hvort það sé meining forseta þingsins að taka hér upp nýja reglu að því er viðvíkur aldurshámarki manna, er starfa fyrir ríkið. Á seinasta Alþingi voru samþykkt lög, er beina mönnum frá embætti við 65 ára aldur. Ég vil því spyrjast fyrir um, hvort nú á að ganga lengra í þessu efni og binda takmarkið við 40 ára aldur. Mér er kunnugt um, að allir þeir, sem gegnt hafa dyravörzlu hér undanfarið og flestir hafa gegnt því starfi um langt skeið, eru komnir yfir 40 ára aldur. Ég þykist því geta séð, að það muni vera meining a. m. k. einhverra af forsetum þingsins, að bægja þessum mönnum frá starfinu, og hygg ég, að þetta 40 ára aldurstakmark sé notað sem yfirskyn. Ég hefi ekki orðið annars var en þessir menn hafi gegnt starfi sínu eins og vera ber, og hygg ég, að þeir hafi starfað í góðri samvinnu við allflesta þingmenn. Ég vil því leyfa mér að spyrja hæstv. forseta, hvað veldur þessu og hver er stefna forsetanna í þessu efni.

Forseti (JörB): Eins og hv. þm. Snæf. er kunnugt, ráða forsetarnir þrír allir í sameiningu starfsmannavali fyrir þingið. Allmargir þeirra, sem verið hafa hér dyraverðir að undanförnu, eru nokkuð við aldur, langt yfir það aldurshámark, sem nú var nefnt í sambandi við ráðningu dyravarða, og hefir dálítið brytt á því, að hv. þm. hefir þótt val manna til dyravörzlu ekki vera eins og það ætti að vera. Nú höfum við ekki átt tal um þetta efni forsetarnir, sem kosnir vorum í dag, og get ég því engu um það svarað, svo að fullvíst megi telja, hver úrslit verða af forseta hálfu. En það atriði, sem hv. þm. Snæf. vék að, verður tekið til ýtarlegrar athugunar áður en nokkur ráðstöfun verður gerð um aðra skipun þessa máls en verið hefir.

Thor Thors: Út af ræðu hæstv. forseta vil ég aðeins geta þess, að ég hefi yfirleitt ekki orðið var við neinar óánægjuraddir um það frá hv. þm., að þeir menn, sem gegnt hafa þessum störfum að undanförnu, væru ekki að öllu leyti vel til þess fallnir. Og verði ekki hreyft mótmælum gegn þessum orðum mínum, vænti ég, að þeir verði ekki flæmdir burtu að ástæðulausu.

Forseti (JörB): Ég vil beina því til hv. þdm., að þeir geri þetta ekki frekar að umræðuefni. Það er mjög hvimleitt, ef fara á að ræða starfsmannaval til Alþingis á þingfundi, og ég ætla, að ekki hafi gefizt sérstakt tilefni til þess þann tíma, sem ég hefi haft afskipti af því.

Héðinn Valdimarsson: Ég er einn af þeim, sem ekki hafa verið ánægðir með dyraverðina. En mér mundi ekki detta í hug að bera fram umkvartanir við hv. þm. Snæf., heldur við hæstv. forseta. Hygg ég, að svo muni vera um flesta hv. þm., að þeir snúi sér ekki til hv. þm. Snæf. í þessu efni.

Bergur Jónsson: Það getur vel verið, að hæstv. forseta, eða hæstv. forsetum yfirleitt, finnist hv. þm. ekkert koma þetta mál við, og þeir hafa fullkomlega rétt til þess að halda því fram, því þeirra er valdið. Hitt er annað mál, að ég vildi benda hæstv. forseta á, að það mundi ekki þykja rétt að farið út á við, ef núna, án þess að fullkomin yfirlýsing hafi verið gefin um það, að einungis yrðu teknir menn innan ákveðins aldurstakmarks, væri sparkað öllum gömlu vörðunum, hvort sem þeir hafa staðið sig vel í stöðu sinni eða ekki. Forsetarnir geta vitanlega gert það, sem þeim sýnist í þessu efni, en hitt mun mörgum liggja nærri að viðurkenna, að þm. hafi e. t. v. líka eitthvað hér um að segja og sé a. m. k. ekki alveg sama, hvernig að er farið. Ég segi fyrir mig persónulega, að ég vissi, að á seinasta þingi var þeim starfsmönnum, sem þá voru hér utandyra, gefin dálítil aðvörun um, að svo kynni að fara, að einungis yngri menn yrðu teknir næst. Út af fyrir sig væri ekkert við því að segja, þó slík regla væri tekin upp. Hinsvegar kom nú þingið saman miklu fyrr en búizt var við; mennirnir eru hér allir til reiðu og bjuggust við, af því þeir fengu enga frekari bendingu, að þeir myndu fá störfin. Það mundi því koma erfiðlegar við þá heldur en aðra umsækjendur, ef þeim yrði ekki veitt þau. Ég vil því fyrir mitt leyti, þó ég búist ekki við, að hæstv. forsetar taki mikið mark á mínum till. í þessu

máli, benda þeim á það, að ég tel þá aðferð mannúðlegri og býst við, að hún yrði minna kritiseruð út á við, ef þeir tækju nú í þetta sinn þá starfsmenn, sem áður hafa verið, en ganga síðan hreint til verks, ef alvara er að taka upp einhver ný princip í þessu máli, og lýsa yfir, að þeirra muni verða gætt framvegis. Þá búast hlutaðeigandi menn ekki við að fá starfið aftur. Ég veit af samtölum við hæstv. forseta og hv. þm., og af þeirri kynningu, sem ég hefi haft af dyravörðunum, að það er engin sérstök ástæða til þess að neita þeim um starfið, nema það sé meiningin að fara að búa til einskonar varalögreglu til þess að vernda okkur þm. En ég held, að nægilegt sé af lögreglu hér í Reykjavík til þess að hægt sé að smala liði í gangana til þess að vera til taks, ef einhver ótti vofði yfir Alþingi vegna einhverra óróaseggja. Ég vil því, án þess ég ætlist til, að hæstv. forsetar leggist svo lágt að taka tillit til minna orða út af fyrir sig, benda á, að það mun verða vinsælla að láta þá menn, sem starfað hafa við þingið og engir hafa kvartað undan að hafi svikizt um við störf sín, fá störfin að þessu sinni, en fara ekki að smala saman einhverjum öðrum mönnum, sem engin reynsla er komin á. Ég hefi fengið þær upplýsingar, að um 80 manns hafi sótt um þessi störf. Gæti orðið nokkuð erfitt fyrir hæstv. forseta að velja á milli þeirra allra, dálítið erfiðara heldur en að láta standa svo um þetta þing, hversu stutt eða langt sem það verður, að láta hina gömlu starfsmenn fá störfin áfram, ef ekki hafa verið sérstakir gallar á starfi þeirra, sem hæstv. forsetum er kunnugt um, en mér sem þingmanni ekki, og sem einhverjum öðrum þm. kann að vera kunnugt um.

Forseti (JörB): Það er fjarri því, að forsetar áliti, að hv. þm. komi ekki við, hvernig starfsmennirnir, er þeir ráða, rækja störf sín, og mér þykir vænt um, að hv. þm. virðast yfirleitt ánægðir með þá menn, sem að undanförnu hafa starfað við þingið. Hinsvegar hefir það komið fram við forsetana, eins og ég lét í ljós áðan, að æskilegra hefði verið að haga starfsmannaráðningunni nokkuð á annan hátt, sérstaklega ráðningu dyravarða; vitanlega þó ekki í því skyni að skapa lögreglulið eða lífvörð um þm., enda væri dyravarðahópurinn nokkuð smávaxinn, ef um nokkuð slíkt væri að ræða. Ég vil beina því mjög til hv. þm. að lengja ekki umr. um þetta atriði. Mér er mjög óljúft að gera hér að umtalsefni, hvernig þessir starfsmenn, fremur en aðrir við þingið, hafa rækt störf sín; ég vil vænta, að þau hafi verið yfirleitt vel rækt af þeirra hálfu.

Thor Thors: Ég býst ekki við, að hv. 2. þm. Reykv. fari að gera mér grein fyrir, hvað hann hefir út á störf þessara manna að setja; ég býst líka við, að honum komi betur að mega hvísla því að forsetum þingsins, sem hann e. t. v. þykist hafa eitthvað yfir að segja, heldur en að ræða það opinberlega. Ég sé aðeins, að á ferðinni er ný regla, sem virðist eiga að gilda hér um vinnumiðlun, samkv. ósk þessa yfirherra þingsins. Ég vil benda á, að þingskrifararnir, sem áður hafa verið og yfirleitt reynzt vel, fá að halda áfram starfi sínu, og ég sé ekki minnstu ástæðu til annars en láta sömu reglu gilda um þá, sem gegna öðrum störfum við þingið. Ég treysti svo á sannsýni og réttlætistilfinningu hæstv. forseta þessarar d., að hann láti ekki hafa sig til þess að taka upp aðra reglu í þessu efni. Mun ég svo ekki frekar ræða þetta mál.

Á deildarfundum 17. febr. skýrðu forsetar frá, að ráðnir væru af forsetum öllum í sameiningu þessir starfsmenn við þingið:

Skrifstofa og prófarkalestur:
Svanhildur Ólafsdóttir, Svanhildur Þorsteinsdóttir, Theodóra Thoroddsen, Ingólfur Jónsson.

Skjalavarzla og afgreiðsla:
Andrés Eyjólfsson.

Lestrarsalsgæzla:
Pétrína Jónsdóttir, Guðrún Magnúsdóttir, sinn hálfan daginn hvor.

Innanþingsskriftir:
Teknir strax: Helgi Tryggvason, Haraldur Matthíasson, Birgir Thorlacius, Kristinn Sigmundsson, Jóhann Hjörleifsson, Guðrún Sigurðardóttir, Björn Haraldsson, Þórólfur Sigurðsson, Ólafur Tryggvason, Ólafur H. Kristjánsson.
Teknir síðar eftir þörfum: Magnús Ásgeirsson, Björn Franzson, Jón J. Símonarson, Hermann Guðbrandsson, Guðjón B. Baldvinsson, Pétur Jónsson, Kristinn E. Andrésson, Kristmundur Þorleifsson.

Dyra- og pallavarzla:
Þorgrímur Jónsson, Hjálmtýr Sigurðsson, Guðmundur Einarsson, Sigurður Marteinsson, Jakob Jónsson, Ágúst Jóhannsson.

Símavarzla:
Ingibjörg Pétursdóttir, Katrín Pálsdóttir, sinn hálfan daginn hvor, og til aðstoðar Friðrik Jónsson.

Fatagæzla:
Ragna Þorvarðardóttir, Ragnheiður Ásgeirs, Sigríður Jónsdóttir.

Þingsveinar:
Ólafur Haukur Flygenring, Snorri Gunnarsson, Sigurður Sigurðsson, Gylfi Gunnarsson, Hreggviður Magnússon, Sveinbjörn Egilson.

Húsvarzla, umsjón o. fl.:
Árni S. Bjarnason.

Á forsetafundi 10. okt. var ákveðið, að starfsmannaráðning á fyrri hluta þings skyldi og gilda þann tíma, sem eftir væri þingsins, að öðru leyti en því,

a) **að** Ingólfur Jónsson var ekki endurráðinn til prófarkalestrar.
b) **að** í stað Birgis Thorlacius, sem kominn var að öðru starfi, var tekinn til innanþingsskrifta Kristján Thorlacius hraðritari.
c) **að** til fatagæzlu voru ráðnar Vigdís Torfa-

dóttir og Hulda Runólfsdóttir, í stað Ragnheiðar Ásgeirs og Sigríðar Jónsdóttur, sem hurfu frá því starfi.

d) **að** skrifstofustjóra var falið að ráða þingsveina í stað þeirra, sem frá kynnu að ganga af þeim, sem í því starfi voru á fyrri hluta þingsins. Samkv. því voru ráðnir þingsveinar Lárus Björnsson og Pálmi Möller, í staðinn fyrir Gylfa Gunnarsson og Sveinbjörn Egilson, og ennfremur var Sigurði Sigurðssyni leyft að láta Þorstein Sveinsson gegna starfi í sinn stað.

XVII. Starfslok deilda.

a. Í efri deild:

Á 102. fundi í Ed., 21. des., mælti

forseti (EÁrna): Þá er nú störfum þessarar hv. deildar lokið að þessu sinni. Ég vil þakka öllum hv. þdm. fyrir samvinnuna á þessu þingi. Mér er sönn ánægja að minnast þess, hve ágæt hún hefir verið í alla staði. Hafa hv. þdm. sýnt mér samhug og umburðarlyndi í mínum störfum. — Þeim hv. þdm., sem dvalið hafa hér fjarri heimilum sínum, óska ég góðrar heimferðar og heimkomu, og öllum hv. þdm. óska ég svo gleðilegra jóla.

Jón Baldvinsson: Það er víst óhætt í nafni allra hv. þdm. að þakka hæstv. forseta fyrir góða, réttláta og lipra forsetastjórn á þessu þingi. Hann mun nú bráðlega leggja í langa ferð heimleiðis, og óska ég honum góðrar heimferðar, einnig gleðilegra jóla og farsæls nýárs. Veit ég, að allir hv. þdm. taka undir þessar óskir mínar. (Allir þdm. stóðu upp.)

Forseti (EÁrna): Ég þakka.

b. Í neðri deild.

Á 10. fundi í Nd., 23. des., mælti

forseti (JörB): Þá er þetta síðasti fundur d. að þessu sinni. Hæstv. forseti Sþ. mun gera grein fyrir störfum þingsins, og mun ég sleppa því. Ég þakka hv. þm. góða samvinnu á liðnu þingi og árna þeim allra heilla, gleðilegra jóla og góðs nýárs. Utanbæjarþm. óska ég góðrar heimfarar og farsællegrar heimkomu.

Ólafur Thors: Ég leyfi mér að þakka hæstv. forseta góða, röggsamlega og ágæta fundarstjórn á liðnu þingi og árna honum allrar blessunar í framtíðinni.

Forseti (JörB): Ég endurtek þakklæti mitt til hv. deildarmanna, og þó sérstaklega til hv. þm. G.-K. fyrir hin hlýju orð hans í minn garð. Um leið og ég endurtek árnaðaróskir mínar til allra hv. þm. segi ég fundi slitið.

XIX. Þinglausnir.

Á 39. fundi í Sþ., 23. des., las forseti upp svofellt yfirlit um störf þingsins:

Þingið hefir staðið frá 15. febr. til 4. apríl og frá 10. okt. til 23. des., eða **samtals 124 daga.**

Þingfundir hafa verið haldnir:

í neðri deild	107
í efri deild	102
í sameinuðu þingi	39
Alls	248 þingfundir.

Þingmál og úrslit þeirra:

I. Lagafrumvörp:

1. Stjórnarfrumvörp:			
a. lögð fyrir neðri deild	5		
b. — — efri deild	6		
c. — — sameinað þing	3		
		—	14
2. Þingmannafrumvörp:			
a. borin fram í neðri deild	120		
b. — — - efri deild	42		
		——	162
		——	176
Þar af:			
a. Afgreidd sem lög:			
Stjórnarfrumvörp	11		
Þingmannafrumvörp	76		
		— alls	87 lög
b. Felld:			
Stjórnarfrumvörp		1	
Þingmannafrumvörp		4	
c. Afgr. með rökstuddri dagskrá:			
Þingmannafrumvörp		5	
d. Vísað til stjórnarinnar:			
Þingmannafrumvörpum		2	
e. Ekki útrædd:			
Stjórnarfrumvörp	2		
Þingmannafrumvörp	75		
		—	77
			176

II. Þingsályktunartillögur:

a. Borin fram í neðri deild	1		
b. Bornar fram í efri deild	5		
c. Bornar fram í samein. þingi	18		
		—	24
Þar af:			
a. Þingsályktanir afgr. til stjórnarinnar:			
1. Ályktanir Alþingis	7		
2. Ályktanir efri deildar	4		
		— alls	11 þál.
b. Afgr. með rökst. dagskrá		3	
c. Tekin aftur		1	
d. Ekki útræddar		9	
			24

III. Fyrirspurnir:

a. Borin fram í neðri deild	1		
b. Bornar fram í efri deild	2		
		—	3

Engin þeirra kom til umræðu.

Mál til meðferðar í þinginu alls 203

Síðan mælti

forseti (JBald): Í sambandi við fundalok Alþingis að þessu sinni vil ég minnast á það stórfellda manntjón, sem varð í ofsaveðrinu 14. og 15. desember síðastl. Hefir Slysavarnafélag Íslands skýrt mér frá því, að 20 manns hafi drukknað og 5 orðið úti, og hafa þannig farizt voveiflega 25 manns á einum sólarhring. Vil ég biðja hv. alþingismenn að rísa úr sætum sínum og votta minningu hinna látnu virðingu sína og votta aðstandendum þeirra samúð Alþingis.

[Allir þm. risu úr sætum.]

Alþingi það, er nú hefir lokið störfum sínum, hefir staðið í samtals 124 daga. Fundum þess var frestað 4. apríl síðastl. og hófust að nýju 10. okt. Þetta er því hið lengsta þing, sem háð hefir verið, enda hefir það afgr. mörg og merkileg mál. Má þar nefna l. um alþýðutryggingar, sem munu, einkum þegar frá líður, gera örruggari afkomu allrar alþýðu og jafnframt verða þjóðhagslegur gróði.

Þá má vænta þess, að l. um nýbýli og samvinnubyggðir skapi tímamót að því er snertir flutning fólks úr sveitum til sjávarhéraða. Er hér í fyrsta sinn gerð víðtæk löggjöf, sem beinlínis miðar að því að stöðva flutning fólks úr sveitum, sem orsakað hefir mikla truflun í atvinnulífi þjóðarinnar á undanförnum árum.

Þá hafa verið samþ. á þessu Alþingi l. um breyting á æðsta dómstól landsins, hæstarétti, er m. a. fela í sér þá breytingu að fjölga dómurum, þótt eigi sé það enn komið til framkvæmda.

Þótt skoðanir manna séu skiptar um þessi mál og önnur fleiri, þá er hver skyldur að trúa því, að hver fulltrúi þjóðarinnar á Alþingi ætli þjóð sinni hið bezta með till. sínum. Og allir óska þess, að ályktanir Alþingis megi verða þjóðinni í heild sinni til gagns og farsældar.

Öllum alþm. er það ljóst, að útlitið framundan er ekki glæsilegt, sérstaklega að því er tekur til viðskipta vorra við aðrar þjóðir. Sumar viðskiptaþjóðir vorar eiga við margvíslega örðugleika að etja, og kemur það harðar niður á oss Íslendingum en öðrum, vegna þess hve fábreytileg er framleiðsla vor, þótt viðleitni sé hafin til þess að bæta úr því.

En úr þessum örðugleikum, sem að höndum ber, verðum vér sjálfir að bæta, og Alþ. það, er nú lýkur störfum, hefir í afgreiðslu fjárl. sýnt mikla viðleitni til þess að mæta þeim.

Þá vil ég óska öllum alþm. gleðilegra hátíða og þeim alþm., sem heima eiga utan Reykjavíkur, góðrar heimferðar og farsællar heimkomu.

Stóð þá upp forsætisráðherra, **Hermann Jónasson**, og las upp umboð konungs sér til handa til þess að segja Alþingi slitið.

Síðan mælti

forsrh. (Hermann Jónasson): Nú eru liðin 1005 ár síðan Alþingi Íslendinga var stofnað, og er þetta 49. löggjafarþingið síðan Alþingi var endurreist. Ég leyfi mér í umboði konungs og í hans nafni að segja þessu Alþingi slitið.

Lengi lifi ættjörðin og konungurinn.

[Tók þingheimur undir með ferföldu húrrahrópi.]

Var síðan af þingi gengið.